ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 93

31. árgangur

19.12.2024

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2024/EES/93/01 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/894 frá 4. apríl 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar sniðmátin fyrir framlagningu upplýsinga frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum til eftirlitsyfirvalda sem nauðsynlegar eru fyrir eftirlit þeirra og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 1

2024/EES/93/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/895 frá 4. apríl 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir birtingu upplýsinga frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum um skýrslu þeirra um eigið gjaldþol og fjárhagsstöðu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 1597

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/894 **2024/EES/93/01**

frá 4. apríl 2023

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar sniðmátin fyrir framlagningu upplýsinga frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum til eftirlitsyfirvalda sem nauðsynlegar eru fyrir eftirlit þeirra og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 35. gr. (þriðja undirgrein 10. mgr.), 244. gr. (þriðja undirgrein 6. mgr.) og 245. gr. (önnur undirgrein 6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Upplýsingar sem berast með gagnaskilum eru mikilvægar fyrir eftirlit sem byggist á áhættumati og vernd vátryggingartaka. Í þessu skyni þurfa eftirlitsyfirvöld að fá raunhæf gögn innan hæfilegra tímamarka. Til að tryggja að kröfurnar um gagnaskil haldist uppfærðar og endurspegli aðsteðjandi áhættu og þróun í starfsvenjum er nauðsynlegt endurskoða að verulegu leyti sniðmátin fyrir gagnaskil sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450. Þetta kallar á breytingar á mörgum sniðmátum, viðbótarsniðmát og niðurfellingu á þeim úreltu. Miðað við umfang breytinga þykir rétt að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 úr gildi.

2) Viðskipti yfir landamæri eru ekki í sjálfu sér áhættusamari en þau auka á flækjustigið. Skilvirkt eftirlit ætti að tryggja að allir vátryggingatakar og vátryggðir séu meðhöndlaðir jafnt án tillits til þjóðernis eða búsetustaðar þeirra. Með það fyrir augum að auðvelda að þetta markmið náist er núverandi sniðmátum fyrir viðskipti yfir landamæri skipt út með nýjum gagnaskilasniðmátum sem steypa saman upplýsingunum sem krafist er og ná yfir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað bæði eftir staðsetningu tryggingar og hvar áhætta er til staðar.

3) Einnig er nauðsynlegt að koma á tiltekinni lagalegri lágmarkskröfu að því er varðar umfang upplýsinganna um áhættu sem tengist loftslagsbreytingum sem tilkynnt er til eftirlitsyfirvalda. Fyrirtæki ættu að veita eftirlitsyfirvöldum yfirlit um viðkomandi hluta fjárfestinga þeirra sem útsettur er fyrir umbreytingaráhættu og efnislegri áhættu tengdri loftslagsbreytingum.

4) Skortur er á nákvæmni varðandi upplýsingarnar um skaðatryggingaafurðir, sem hefur skaðleg áhrif á vernd vátryggingartaka. Eftirlitsyfirvöld ættu af þessum sökum að hafa skýrar upplýsingar um afurðaflokk. Í þessu skyni er tekið upp nýtt sniðmát fyrir greiningu á skaðatryggingaskuldbindingum eftir vátryggingagrein, með örfáum undantekningum, tilgreindum eftir afurðarflokkum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 5.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 56.

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

5) Þar sem vátrygginga- og endurtryggingafélög munu í auknum mæli tryggja fyrir netáhættu, ættu eftirlitsyfirvöld að bæta athugun á þessari aðsteðjandi áhættu við framkvæmd eftirlits síns. Til að auðvelda slíkt fylgir með nýtt gagnaskilasniðmát um nettryggingaáhættu.

6) Mikilvægt er, sem hluti af eftirlitsferlinu, að eftirlitsyfirvöld geti vaktað hversu fullnægjandi eigin líkön eru. Eigin hlutalíkön og alhliða eigin líkön gera kleift að ná betur utan um einstaka áhættu fyrirtækis og tilskipun 2009/138/EB heimilar vátrygginga- og endurtryggingafélögum að nota þau til að ákvarða gjaldþolskröfur án takmarkana sem stafa frá staðalreglunni. Möt sem byggja á óstöðluðum upplýsingum gera þó eftirlit erfiðara. Eftirlitsyfirvöld ættu því að njóta góðs af nýjum sniðmátum og skýrum leiðbeiningum, sem styðja við skynsamlega gagnavinnslu.

7) Kröfur um gagnaskil ættu ekki að vera óþarflega íþyngjandi fyrir félög. Í því skyni er nauðsynlegt að tilgreina hvernig nokkrum kröfum um gagnaskil skuli beitt á hóflegan hátt án þess að tefla í tvísýnu gæðum gagnanna sem félögin skulu leggja fram.

8) Bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög sem eingöngu verja gegn áhættu sem tengist iðnaðar- eða viðskiptasamstæðunni sem þau tilheyra, hafa sérstakt áhættusnið sem taka ætti tillit til þegar gagnaskilakröfurnar eru skilgreindar. Bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög ættu því að geta notið góðs af sértæku áhættumiðuðu gagnaskilafyrirkomulagi.

9) Ákvæði þessarar reglugerðar tengjast náið hvert öðru þar sem þau fjalla öll um framlagningu á upplýsingum frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum og samstæðum til eftirlitsyfirvalda. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem ættu að taka gildi á sama tíma, til að auðvelda heildarskilning á þessum ákvæðum og til að tryggja að aðilar sem falla undir gagnaskilaskyldur geti nálgast þau á auðveldan hátt, þ.m.t. fjárfestar sem hafa ekki staðfestu í Sambandinu, er æskilegt að fella alla tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem krafist er skv. 35. gr. (10. mgr.), 244. gr. (6. mgr.) og 245. gr. (6. mgr.) tilskipunar 2009/138/ESB, undir eina reglugerð.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]).

12) Félög ættu að fá nægan tíma til að hrinda uppfærðu kröfunum um gagnaskil í framkvæmd. Því ætti að fresta deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SNIÐMÁT FYRIR GAGNASKIL TIL EFTIRLITSSTJÓRNVALDA

1. gr.

Sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsstjórnvalda

Vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög sem eru vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu leggja fram upplýsingarnar sem um getur í þessari reglugerð, á því sniði fyrir gagnaskipti og framsetningu sem eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðili samstæðu ákveða, í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) gagnapunktar af gagnategundinni „peningafjárhæð“ skulu gefnir upp í einingum með engum tugastöfum, að undanskildum upplýsingunum sem um getur í sniðmátum S.06.02, S.08.01 og S.11.01 í I. og III. viðauka við þessa framkvæmdarreglugerð sem gefnar skulu upp í einingum með tveim tugastöfum,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

b) gagnapunktar af gagnategundinni „prósenta“ skulu gefnir upp á einingu með fjórum tugastöfum,

c) gagnapunktar af gagnategundinni „heil tala“ skulu gefnir upp í einingum án tugastafa,

d) allir gagnapunktar skulu gefnir upp sem jákvæð gildi nema í eftirfarandi tilvikum:

i. gagnapunktarnir eru af andstæðri gerð en eðlileg fjárhæð liðarins,

ii. gerð gagnapunktsins heimilar að tilgreind séu jákvæð og neikvæð gildi,

iii. í leiðbeiningunum sem settar eru fram í hlutaðeigandi viðauka er krafist öðruvísi skýrslusniðs.

2. gr.

Gagnaskilagjaldmiðill

1. Nema eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað að því er varðar þessa framkvæmdarreglugerð skal gagnaskilagjaldmiðillinn vera eftirfarandi gjaldmiðill:

a) fyrir gagnaskil einstakra félaga, gjaldmiðillinn sem notaður er við gerð reikningsskila vátrygginga- eða endurtryggingafélaga,

b) fyrir gagnaskil samstæðu, gjaldmiðillinn sem notaður er við gerð samstæðureikningsskila.

2. Gagnapunktar af gagnategundinni „peningafjárhæð“ skulu tilgreindir í gagnaskilagjaldmiðlinum, sem krefst þess að sérhver annar gjaldmiðill sé umreiknaður yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn, nema kveðið sé á um annað í II. og III. viðauka við þessa framkvæmdarreglugerð.

3. Við framsetningu á virði eigna eða skulda sem gefnar eru upp í öðrum gjaldmiðli en gagnaskilagjaldmiðlinum skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi umreikna virðið yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn eins og umreikningurinn hafi farið fram á lokagengi síðasta dags sem viðkomandi gengi var tiltækt á gagnaskilatímabilinu sem eignin eða skuldin tengist.

4. Við framsetningu á virðinu fyrir tekjur eða gjöld skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi umreikna það virði yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn með því að nota sama umreikningsgrunn og þann sem notaður er vegna reikningsskila.

5. Við framsetningu á virðunum fyrir söguleg gögn sem gefin eru upp í öðrum gjaldmiðli en gagnaskilagjaldmiðlinum skal umbreyta slíkum virðum sem tengjast fyrri gagnaskilatímabilum yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn, á grundvelli lokagengis síðasta dags tímabilsins sem tilkynnt er og sem umreikningsgengið er til fyrir.

6. Nema eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað skal umreikningur yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn gerður með því að beita genginu frá sömu heimild og þeirri sem notuð er fyrir gagnaskil vátrygginga- eða endurtryggingafélags ef um er að ræða gagnaskil einstakra félaga, eða frá sömu heimild og notuð er fyrir samstæðureikningsskilin ef um er að ræða gagnaskil samstæðu.

3. gr.

Endurframlagning upplýsinga

Vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög sem eru vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu vera ábyrg fyrir gæðum þeirra upplýsinga sem tilkynntar eru.

Þau skulu eins fljótt og auðið er leggja að nýju fram upplýsingarnar sem tilkynntar voru með því að nota sniðmátin sem um getur í þessari framkvæmdarreglugerð ef:

a) upplýsingarnar sem upphaflega voru tilkynntar hafa breyst verulega í tengslum við sama gagnaskilatímabil, eftir framlagningu þeirra upplýsinga til eftirlitsyfirvaldanna eða til samstæðueftirlitsaðilans, eða

b) eftirlitsyfirvöldin eða samstæðueftirlitsaðilinn fara fram á það vegna verulegra vankanta á gæðum gagna.

4. gr.

Áhættumiðuð viðmiðunarmörk gagnaskila

1. Eftirlitsyfirvöldin skulu ekki krefja vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög sem eru vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi um að leggja árlega fram upplýsingarnar sem um getur í 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB sem áhættumiðuð viðmiðunarmörk gagnaskila gilda um þegar ekki er farið yfir þau viðmiðunarmörk bæði á núverandi og næstliðnu gagnaskilaári.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög sem eru vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem ekki fara yfir gildandi áhættumiðuð viðmiðunarmörk gagnaskila eins og skilgreint er í fyrri málsgrein skulu undanþegin því að tilgreina upplýsingarnar sem um getur í 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem áhættumiðuð viðmiðunarmörk eru auðkennd fyrir í þessari framkvæmdarreglugerð fyrir núverandi og eftirfarandi gagnaskilaár.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög, bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, hluteignarfélög sem eru vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem fara yfir gildandi áhættumiðuð viðmiðunarmörk gagnaskila eins og skilgreint er 1. mgr., skulu tilgreina upplýsingarnar sem um getur í 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem áhættumiðuð viðmiðunarmörk eru auðkennd fyrir í þessari framkvæmdarreglugerð fyrir núverandi gagnaskilaár og endurmeta að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin á eftirfarandi gagnskilaári.

4. Bundin vátryggingafélög sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði skulu nota sniðmátin eins og sett eru fram í 7., 9., 11., 13., 14., 16., 18., 20., 22., 24. og 25. gr. þessarar reglugerðar:

a) í tengslum við tryggingaskuldbindingar, allir tryggðir og vátryggðir aðilar eru lögaðilar samstæðunnar sem bundna vátryggingafélagið tilheyrir eða einstaklingar sem hæfir eru til að falla undir vátryggingarsamninga samstæðunnar svo lengi sem tryggingarvernd fyrirtækisins fyrir einstaklinga helst undir 5% af vátryggingaskuld,

b) vátryggingaskuldbindingar og vátryggingarsamningar sem undirliggjandi eru endurtryggingaskuldbindingunum eiga ekki við um neina lögboðna ábyrgðartryggingu þriðja aðila.

5. Bundin endurtryggingafélög sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði skulu nota sniðmátin eins og sett eru fram í 7., 9., 12., 15., 17., 19., 21., 22. og 25. gr. þessarar reglugerðar:

a) skilyrðin í a- og b-liðum fyrri málsgreinar,

b) lán við móðurfélagið eða eitthvert félag samstæðu, þ.m.t. reiðufjársöfn samstæðna eru ekki yfir 20% af heildareignum bundna endurtryggingafélagsins,

c) hægt er með afgerandi hætti að meta hámarkstapið sem leiðir af vergu vátryggingaskuldinni án þess að nota líkindaaðferðir.

II. KAFLI

MEGINDLEG SNIÐMÁT FYRIR GAGNASKIL EINSTAKRA FÉLAGA

5. gr.

Ársfjórðungsleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, nema umfang og tíðni gagnaskila séu takmörkuð í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ársfjórðungslega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.01.01.02 í I. viðauka, þar sem innihald framlagningarinnar er tilgreint, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

b) sniðmát S.01.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar um félagið og innihald gagnaskila almennt, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.02 í II. viðauka,

c) sniðmát S.02.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar í efnahagsreikningi með því að nota virðismatsaðferðina sem um getur í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

d) sniðmát S.05.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

e) sniðmát S.06.02.01 í I. viðauka, þar sem er skrá yfir hverja eign fyrir sig, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.06.02 í II. viðauka og nota uppbótarauðkenniskóðann („CIC kóða“, e. *Complementary Identification Code*) eins og sett er fram í V. viðauka og tilgreint í VI. viðauka,

f) þegar hlutfall sameiginlegra fjárfestinga sem félagið á er hærra en 30% af heildarfjárfestingum, sniðmát S.06.03.01 í I. viðauka, þar sem veittar eru upplýsingar um gegnsæi allra fjárfestinga í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem félagið á, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.06.03 í II. viðauka,

g) sniðmát S.08.01.01 í I. viðauka, þar sem er skrá yfir hverja opna afleiðustöðu fyrir sig, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.08.01 í II. viðauka og nota uppbótarauðkenniskóðann eins og sett er fram í V. viðauka og tilgreint í VI. viðauka,

h) sniðmát S.12.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld sem varða líftryggingu og heilsutryggingu sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (e. *health SLT*) fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.12.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

i) sniðmát S.17.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld í skaðatryggingum fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.17.01 í II. viðauka,

j) sniðmát S.23.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um gjaldþol, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í II. viðauka,

k) þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög leggja eingöngu stund á líftryggingar eða eingöngu skaðatryggingar eða endurtryggingastarfsemi, sniðmát S.28.01.01 í I. viðauka, þar sem krafan um lágmarksfjármagn er tilgreind, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.01 í II. viðauka,

l) þegar vátryggingafélög leggja stund á bæði líf- og skaðatryggingastarfsemi, sniðmát S.28.02.01 í I. viðauka, þar sem krafan um lágmarksfjármagn er tilgreind, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.02 í II. viðauka.

2. Að því er varðar f-lið 1. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög ákvarða hlutfall sameiginlegra fjárfestinga sem félagið á af heildarfjárfestingum með því að taka samtölu liða C0010/R0180 í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem teknir eru með í lið C0010/R0220 og í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem teknir eru með í lið C0010/R0090 í sniðmáti S.02.01.02, og deila í þá fjárhæð með samtölu liðanna C0010/R0070 og C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01.02.

6. gr.

Ársfjórðungsleg megindleg sniðmát fyrir bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög

Bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög skulu, nema umfang og tíðni gagnaskila séu takmörkuð í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ársfjórðungslega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.01.01.02 í I. viðauka, þar sem innihald framlagningarinnar er tilgreint, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.01.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar um félagið og innihald gagnaskila almennt, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.02 í II. viðauka,

c) sniðmát S.02.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar í efnahagsreikningi með því að nota virðismatsaðferðina sem um getur í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

d) sniðmát S.05.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

e) sniðmát S.12.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld sem varða líftryggingu og heilsutryggingu sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (e. *health SLT*) fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.12.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

f) sniðmát S.17.01.02 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld í skaðatryggingum fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.17.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

g) sniðmát S.23.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um gjaldþol, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í II. viðauka,

h) þegar bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög leggja eingöngu stund á líftryggingar eða eingöngu skaðatryggingar eða endurtryggingastarfsemi, sniðmát S.28.01.01 í I. viðauka, þar sem krafan um lágmarksfjármagn er tilgreind, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.01 í II. viðauka,

i) þegar bundin vátryggingafélög leggja stund á bæði líf- og skaðatryggingastarfsemi, sniðmát S.28.02.01 í I. viðauka, þar sem krafan um lágmarksfjármagn er tilgreind, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.02 í II. viðauka.

7. gr.

Einfaldanir sem heimilaðar eru í ársfjórðungsgagnaskilum fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög

1. Að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 5. gr. og c-lið 6. gr. getur verðmat á gögnum reitt sig á möt og matsaðferðir í meira mæli en verðmat á árlegum fjármálagögnum. Verðmatið fyrir ársfjórðungsgagnaskil skal hannað til að tryggja að upplýsingarnar sem það skilar séu áreiðanlegar og hlíti stöðlunum sem mælt er fyrir um í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB og að allar mikilvægar upplýsingar sem skipta máli fyrir skilning á gögnunum séu tilkynntar í samræmi við 305. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

2. Þegar upplýsingarnar sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 5. gr. og e- og f-lið 6. gr. eru lagðar fram geta vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög beitt einfölduðum aðferðum við útreikninginn á vátryggingaskuld.

8. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög – grunnupplýsingar og innihald framlagningar

Vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög og bundin endurtryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.01.01.01 í I. viðauka, þar sem innihald framlagningarinnar er tilgreint, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.01.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar um félagið og innihald gagnaskila almennt, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.02 í II. viðauka,

c) sniðmát S.01.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar um sjóði sem haldið er aðgreindum og eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.01.03 í II. viðauka.

9. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög – efnahagsreikningur og aðrar almennar upplýsingar

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.02.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar í efnahagsreikningi með því að nota virðismatsaðferðina sem um getur í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB og virðismatið samkvæmt reikningsskilum félagsins, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka,

b) nema einn sameiginlegur gjaldmiðill standi fyrir meira en 80% heildarskuldbindinga, sniðmát S.02.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um skuldbindingar eftir gjaldmiðli, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.02 í II. viðauka,

c) sniðmát S.03.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru almennar upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.03.01 í II. viðauka, ef i. eða ii. liður á við:

   i. fjárhæðin á hverju eftirfarandi virði er hærri en 2% heildareigna:

      1) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – ábyrgðir sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgð (C0020/R0010) plús virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – heildarveð sem sett er sem trygging (C0020/R0300) plús hámarksvirði – skilyrtar skuldir samtals (C0010/R0400), eða

      2) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – ábyrgðir sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgð (C0020/R0030) plús virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – heildarveð sem haldið er sem tryggingu (C0020/R0200),

   ii. félagið hefur veitt eða móttekið einhverja ótakmarkaða ábyrgð,

d) sniðmát S.04.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um flokk 10 í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB, að undanskilinni ábyrgð flytjanda, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.02 í II. viðauka,

e) sniðmát S.04.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar – skrá yfir tryggingaaðila, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.03 í II. viðauka,

f) sniðmát S.04.04.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um starfsemi eftir löndum – staðsetning tryggingar, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.04 í II. viðauka,

g) sniðmát S.04.05.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um starfsemi eftir löndum – staðsetning áhættu, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.05 í II. viðauka,

h) sniðmát S.05.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins fyrir hverja vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka.

10. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir bundin vátryggingafélög – efnahagsreikningur og aðrar almennar upplýsingar

Bundin vátryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.02.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar í efnahagsreikningi með því að nota virðismatsaðferðina sem um getur í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB og virðismatið samkvæmt reikningsskilum félagsins, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.03.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru almennar upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.03.01 í II. viðauka, ef i. eða ii. liður á við:

   i. fjárhæðin á hverju eftirfarandi virði er hærri en 2% heildareigna:

      1) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – ábyrgðir sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgð (C0020/R0010) plús virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – heildarveð sem sett er sem trygging (C0020/R0300) plús hámarksvirði – skilyrtar skuldir samtals (C0010/R0400), eða

      2) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – ábyrgðir sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgð (C0020/R0030) plús virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – heildarveð sem haldið er sem tryggingu (C0020/R0200),

   ii. félagið hefur veitt eða móttekið einhverja ótakmarkaða ábyrgð,

c) sniðmát S.04.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um flokk 10 í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB, að undanskilinni ábyrgð flytjanda, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.02 í II. viðauka,

d) sniðmát S.04.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar – skrá yfir tryggingaaðila, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.03 í II. viðauka,

e) sniðmát S.04.04.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um starfsemi eftir löndum – staðsetning tryggingar, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.04 í II. viðauka,

f) sniðmát S.04.05.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um starfsemi eftir löndum – staðsetning áhættu, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.05 í II. viðauka,

g) sniðmát S.05.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins fyrir hverja vátryggingagrein eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka.

11. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir bundin endurtryggingafélög – efnahagsreikningur og aðrar almennar upplýsingar

Bundin endurtryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.02.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar í efnahagsreikningi með því að nota virðismatsaðferðina sem um getur í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB og virðismatið samkvæmt reikningsskilum félagsins, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.04.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um flokk 10 í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB, að undanskilinni ábyrgð flytjanda, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.02 í II. viðauka,

c) sniðmát S.04.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru grunnupplýsingar – skrá yfir tryggingaaðila, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.03 í II. viðauka,

d) sniðmát S.04.04.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um starfsemi eftir löndum – staðsetning tryggingar, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.04 í II. viðauka,

e) sniðmát S.04.05.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um starfsemi eftir löndum – staðsetning áhættu, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.05 í II. viðauka,

f) sniðmát S.05.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins fyrir hverja vátryggingagrein eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, og fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka.

12. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög – upplýsingar um fjárfestingar

Vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög skulu árlega, nema veitt hafi verið undanþága skv. 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB í tengslum við tiltekið sniðmát, leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) ef félagið er undanþegið gagnaskilum á sniðmáti S.06.02.01 í tengslum við síðasta ársfjórðung í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sniðmát S.06.02.01 í I. viðauka við þessa reglugerð, þar sem er skrá yfir hverja eign fyrir sig, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.06.02 í II. viðauka við þessa reglugerð og nota uppbótarauðkenniskóðann eins og sett er fram í V. viðauka og tilgreint í VI. viðauka,

b) ef félagið er undanþegið gagnaskilum á sniðmáti S.06.03.01 í tengslum við síðasta ársfjórðung í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða hefur ekki skilað gögnum ársfjórðungslega vegna þess að hlutfall fjárfestinga í sjóðum sem félagið á af heildarfjárfestingum, eins og um getur í f-lið 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, er ekki hærra en 30%, sniðmát S.06.03.01 í I. viðauka við þessa reglugerð, þar sem veittar eru upplýsingar um gegnsæi allra fjárfestinga í sjóðum sem félögin eiga, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.06.03 í II. viðauka,

c) sniðmát S.06.04.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um fjárfestingaáhættu tengda loftslagsbreytingum, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.06.04 í II. viðauka,

d) ef virði samsettra fjármálaafurða, ákvarðað sem samtala eigna flokkaðar í flokkum 5 og 6, eins og skilgreint er í V. viðauka, er meira en 5% af heildarfjárfestingunum eins og tilgreint er í liðum C0010/R0070 og C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01.01, sniðmát S.07.01.01 í I. viðauka, þar sem er skrá yfir hverja samsetta fjármálaafurð fyrir sig, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.07.01 í II. viðauka,

e) ef félögin eru undanþegin gagnaskilum á sniðmáti S.08.01.01 í tengslum við síðasta ársfjórðung í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sniðmát S.08.01.01 í I. viðauka við þessa reglugerð, þar sem er skrá yfir hverja opna afleiðustöðu fyrir sig, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.08.01 í II. viðauka við þessa reglugerð og nota uppbótarauðkenniskóðann eins og sett er fram í V. viðauka og skilgreint í VI. viðauka,

f) sniðmát S.09.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um tekjur, hagnað og töp á gagnaskilatímabilinu eftir eignaflokkum eins og skilgreint er í IV. viðauka, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.09.01 í II. viðauka,

g) ef virði undirliggjandi verðbréfa, innan og utan efnahagsreiknings, sem eru hluti af verðbréfalánveitingum eða endurhverfum verðbréfakaupum, að því er varðar samninga með gjalddaga eftir viðmiðunardagsetningu gagnaskila, er meira en 5% af heildarfjárfestingum eins og tilgreint er í liðum C0010/R0070 og C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01.01, sniðmát S.10.01.01 í I. viðauka, þar sem er skrá yfir hverja verðbréfalánveitingu og endurhverf verðbréfakaup fyrir sig, innan og utan efnahagsreiknings, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.10.01 í II. viðauka,

h) þegar hlutfall virðis eigna sem haldið er sem veði af heildarefnahagsreikningi eins og tilgreint er í liðum C0010/R0500 í sniðmáti S.02.01.01 fer yfir 10%, sniðmát S.11.01.01 í I. viðauka, þar sem er skrá yfir hverja eign fyrir sig sem haldið er sem veði og sem samanstendur af öllum tegundum eignaflokka utan efnahagsreiknings sem haldið er sem veði, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.11.01 í II. viðauka.

13. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög – upplýsingar um vátryggingaskuld og áhættu

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.12.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar eftir atvinnugrein, eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, um vátryggingaskuld líf- og heilsutrygginga, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.12.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.12.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld líf- og heilsutrygginga, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, eftir löndum þar sem vátryggingaskuld líf- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, sem varðar heimalandið stendur ekki fyrir 100% af heildartölunni á vátryggingaskuldinni, reiknaðri út sem heild og sem vergt besta mat, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í S.12.02 í II. viðauka,

c) nema félagið noti einfaldanir fyrir útreikninginn á vátryggingaskuld, sem mat á væntu framtíðarsjóðstreymi sem stafar frá samningunum er ekki reiknað út fyrir, sniðmát S.13.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um spána eftir besta mati um framtíðarsjóðstreymi líftryggingastarfseminnar, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.13.01 í II. viðauka,

d) sniðmát S.14.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um greiningu á líftryggingaskuldbindingum, þ.m.t. líftryggingarsamningum og lífeyri sem stafar frá skaðatryggingasamningum, sem félagið gefur út eftir afurð, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.14.01 í II. viðauka,

e) sniðmát S.14.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um greiningu á skaðatryggingaskuldbindingum, sem félagið gefur út eftir vátryggingagrein og sérstökum afurðaflokkum, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.14.02 í II. viðauka,

f) sniðmát S.14.03 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um nettryggingaáhættu, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.14.03 í II. viðauka, ef eitthvert eftirtalinna skilyrða eiga við:

   i. samtalan á iðgjöldum tímabilsins fyrir einstaka nettryggingasamninga og samninga með netið sem viðbótartryggingavernd, ef einungis á að taka tillit til áætlaðra iðgjalda tímabilsins fyrir netáhættu, er hærri en 5% af heildarskaðatryggingastarfseminni sem félagið leggur stund á, eða hærri en 5 milljón evrur,

   ii. fjöldi tryggingasamninga sem innihalda netáhættutryggingavernd standa fyrir meira en 3% af heildarfjölda samninga skaðatryggingastarfseminnar,

g) sniðmát S.16.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um lífeyri sem stafar frá skaðatrygginga-skuldbindingum sem félagið gefur út í tengslum við lífeyri með uppruna í frumtryggingastarfsemi, að því er varðar allar vátryggingagreinar eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,

h) sniðmát S.17.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld í skaðatryggingum eftir vátryggingagrein eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.17.01 í II. viðauka,

i) sniðmát S.17.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld skaðatrygginga að því er varðar frumtryggingastarfsemi eftir löndum, þar sem vátryggingaskuld skaðatrygginga í heimalandinu stendur ekki fyrir 100% af heildartölunni á vátryggingaskuldinni, reiknaðri út sem heild og sem vergt besta mat, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í S.17.03 í II. viðauka,

j) nema félagið noti einfaldanir fyrir útreikninginn á vátryggingaskuld, sem mat á væntu framtíðarsjóðstreymi sem stafar frá samningunum er ekki reiknað út fyrir, sniðmát S.18.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um spána um framtíðarsjóðstreymi byggt á besta mati fyrir skaðatryggingastarfsemina, fyrir vátryggingagreinarnar sem standa fyrir tryggingavernd á 90% af heildarvátryggingaskuldinni, reiknaðri út sem heild og sem vergt besta mat, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.18.01 í II. viðauka,

k) sniðmát S.19.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um skaðatryggingakröfur í formi þróunarþríhyrninga, samtals fyrir hverja skaðatryggingagrein, eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,

l) sniðmát S.20.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um þróun í skiptingu gjaldfærðra tjóna við lok fjárhagsársins fyrir mikilvæga vátryggingagrein, sem stendur fyrir tryggingavernd á 90% af vátryggingaskuld skaðatrygg-ingarinnar eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.20.01 í II. viðauka,

m) sniðmát S.21.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um áhættusnið tjónadreifingar innan skaðatrygg-ingastarfsemi fyrir mikilvæga vátryggingagrein, sem stendur fyrir tryggingavernd á 90% af vátryggingaskuld skaðatryggingarinnar eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.21.01 í II. viðauka,

n) sniðmát S.21.02.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um skaðatryggingaáhættu, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.21.02 í II. viðauka,

o) sniðmát S.21.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um skaðatryggingaáhættu eftir vátryggingafjárhæð fyrir mikilvæga vátryggingagrein, sem stendur fyrir tryggingavernd á 90% af vátryggingaskuld skaðatryggingarinnar eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum í S.21.03 í II. viðauka.

2. Að því er g-lið 1. mgr. varðar, fyrir önnur vátrygginga- og endurtryggingafélög en bundin vátryggingafélög eða bundin endurtryggingafélög, skulu upplýsingar að auki tilgreindar eftir gjaldmiðli, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.16.01 í II. viðauka. Upplýsingarnar eftir gjaldmiðli skulu eingöngu tilgreindar ef besta mat fyrir lífeyriskröfur á afvöxtuðum grunni frá einni skaðatryggingagrein stendur fyrir meira en 3% af besta mati samtals fyrir allar lífeyriskröfur, með eftirfarandi skiptingu:

i. fjárhæð fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn,

ii. fjárhæð fyrir hvern gjaldmiðil sem stendur fyrir meira en 25% af besta mati fyrir lífeyriskröfurnar á afvöxtuðum grunni í upprunalegum gjaldmiðli frá þeirri skaðatryggingagrein,

iii. fjárhæð fyrir hvern gjaldmiðil sem stendur fyrir minna en 25% af besta mati fyrir lífeyriskröfurnar (á afvöxtuðum grunni) í upprunalegum gjaldmiðli frá þeirri skaðatryggingagrein, en meira en 5% af besta mati samtals fyrir allar lífeyriskröfur.

3. Að því er k-lið 1. mgr. varðar, fyrir önnur vátrygginga- og endurtryggingafélög en bundin vátryggingafélög eða bundin endurtryggingafélög, skulu upplýsingar að auki tilgreindar eftir gjaldmiðli, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.19.01 í II. viðauka við þessa reglugerð. Upplýsingarnar eftir gjaldmiðli skulu eingöngu tilgreindar ef vergt besta mat alls fyrir eina skaðatryggingagrein stendur fyrir meira en 10% af vergu besta mati samtals af tjónaskuldinni, með eftirfarandi skiptingu:

i. fjárhæð fyrir hvern gjaldmiðil sem stendur fyrir meira en 25% af vergu besta mati af tjónaskuldinni í upphaflegum gjaldmiðli frá þeirri skaðatryggingagrein,

ii. fjárhæð fyrir hvern gjaldmiðil sem stendur fyrir minna en 25% af vergu besta mati af tjónaskuldinni í upphaflegum gjaldmiðli frá þeirri skaðatryggingagrein, en meira en 5% af vergu besta mati samtals af tjónaskuldinni í upprunalega gjaldmiðlinum.

14. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir bundin endurtryggingafélög – upplýsingar um vátryggingaskuld

Bundin endurtryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.12.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um vátryggingaskuld líf- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, eftir vátryggingagreinum eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.12.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.19.01.21 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um skaðatryggingakröfur í formi þróunarþríhyrninga, samtals fyrir hverja skaðatryggingagrein, eins og tiltekið er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.

15. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög – upplýsingar um langtímaábyrgðir

Vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.22.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um áhrif af langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.01 í II. viðauka,

b) sniðmát S.22.04.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um umbreytingarráðstöfun fyrir vexti, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.04 í II. viðauka,

c) sniðmát S.22.05.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um umbreytingarráðstöfun fyrir vátryggingaskuld, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.05 í II. viðauka,

d) sniðmát S.22.06.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um besta mat sem fellur undir aðlögun vegna óstöðugleika eftir landi og gjaldmiðli, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.06 í II. viðauka.

16. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir bundin endurtryggingafélög – upplýsingar um langtímaábyrgðir

Bundin endurtryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 með því að nota sniðmát S.22.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um áhrifin af langtímaábyrgðum og umbreytingaráðstöfunum, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.01 í II. viðauka.

17. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög – upplýsingar um gjaldþol og hlutdeildir

Vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.23.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um gjaldþol, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í II. viðauka,

b) sniðmáti S.23.02.01 í I. viðauka, þar sem veittar eru ítarlegar upplýsingar um gjaldþol eftir þáttum (e. *tiers*), með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.02 í II. viðauka,

c) ef fjárhæð gjaldþols í tilteknum þætti breytist um meira en 5% í samanburði við undangengið ár, sniðmát S.23.03.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um árlegar hreyfingar gjaldþols, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.03 í II. viðauka,

d) ef fjárhæð gjaldþols í tilteknum þætti breytist um meira en 5% í samanburði við undangengið ár, sniðmát S.23.04.01 í I. viðauka, þar sem er skrá yfir gjaldþolsliði, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.04 í II. viðauka,

e) sniðmát S.24.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um hlutdeildir sem félagið á og yfirlit yfir útreikning á frádrætti frá gjaldþoli sem tengist hlutdeildum í fjármála- og lánastofnunum, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.24.01 í II. viðauka.

18. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir bundin endurtryggingafélög – upplýsingar um gjaldþol og hlutdeildir

Bundin endurtryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 með því að nota sniðmát S.23.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um gjaldþol, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í II. viðauka.

19. gr.

Árleg megindleg sniðmát fyrir einstök félög og bundin vátryggingafélög – upplýsingar um gjaldþolskröfu

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög og bundin vátryggingafélög skulu árlega leggja fram upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að nota eftirfarandi sniðmát og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) ef félagið notar staðalregluna við útreikning á gjaldþolskröfunni, sniðmát S.25.01.01 í I. viðauka, þar sem gjaldþolskrafan er tilgreind, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.01 í II. viðauka,

b) ef félagið notar eigið hlutalíkan eða eigið alhliða líkan við útreikning á gjaldþolskröfunni, sniðmát S.25.05.01 í I. viðauka, þar sem gjaldþolskrafan er tilgreind, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.05 í II. viðauka,

c) sniðmát S.26.01.01 í I. viðauka, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um markaðsáhættu, með því að fara eftir leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.26.01 í II. viðauka,

C0050/R0170	Virði mikilvægra gjaldmiðla – sérhverjar aðrar skuldir	Tilgreina virði sérhverra annarra skulda fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0200	Heildarvirði allra gjaldmiðla – skuldir samtals	Tilgreina heildarvirði skulda samtals fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0200	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – skuldir samtals	Tilgreina virði skulda samtals fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0200	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – skuldir samtals	Tilgreina heildarvirði skulda samtals fyrir eftirstæðu gjaldmiðlana sem ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0200) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0200).
C0050/R0200	Virði mikilvægra gjaldmiðla – skuldir samtals	Tilgreina virði skulda samtals fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.

S.03.01 – Liðir utan efnahagsreiknings – almennt

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þessi þáttur inniheldur upplýsingarnar sem varða liði utan efnahagsreiknings og hámarksvirðið og virði skilyrtra skulda samkvæmt Gjaldþolsáætlun II í efnahagsreikningi Gjaldþolsáætlunar II.

Ekki ætti að tilgreina safn eigna sem er til tryggingar fjárfestingu (þ.e. safn eigna sem veðsett er fyrir sértryggð skuldabréf) í þessu sniðmáti.

Að því er varðar virðið samkvæmt Gjaldþolsáætlun II er í leiðbeiningunum skilgreining á liðunum út frá sjónarmiði færslna. Mælt er fyrir um matsreglur í tilskipun 2009/138/EB, framseldri reglugerð (ESB) 2015/35, tæknistaðla útgefna samkvæmt tilskipun 2009/138/EB og viðmiðunarreglur Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.

Vegna ábyrgða er þess krafist að útgefandinn inni tilteknar greiðslur af hendi til að endurgreiða handhafa vegna taps sem hann verður fyrir, ef tilteknum skuldara tekst ekki að greiða á gjalddaga samkvæmt upphaflegum eða breyttum skilmálum skuldagernings. Þessar ábyrgðir geta verið á mismunandi lagalegu formi, s.s. fjárhagslegar tryggingar, bankaábyrgðir, skuldatryggingarsamningar. Þessir liðir skulu ekki ná yfir ábyrgðir sem stafa frá vátryggingarsamningum, sem færðir eru í vátryggingaskuld.

Skilyrtar skuldir eru skilgreindar sem:

a) möguleg skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum og sem eingöngu verður staðfest með því að einn eða fleiri óvissir framtíðaratburðir, sem ekki eru að fullu á valdi einingarinnar, eigi sér stað eða eigi sér ekki stað, eða

b) núverandi skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum jafnvel þótt:

   i. ekki sé líklegt að krafist verði útstreymis efnahagslegs ávinnings til að gera upp skuldbindinguna, eða

   ii. fjárhæð skuldbindingarinnar verður ekki mæld með nægjanlegri vissu.

Veðtrygging er eign sem hefur peningalegt virði eða skuldbindingu sem tryggir lánveitandann fyrir vanskilum lántakans. Tilgreina ætti virði veðtryggingarinnar sem fjárhagslegt virði hennar á viðmiðunardagsetningu (virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II), ekki sem virði veðtryggingar að teknu tilliti til áhættu samkvæmt 197. gr. framseldu reglugerðarinnar.

Eingöngu á að tilgreina takmarkaðar ábyrgðir í þessu sniðmáti, án upplýsinga um sérhverja veitta eða móttekna ótakmarkaða ábyrgð.

Þetta sniðmát skal lagt fram þegar eitthvert af eftirfarandi skilyrðum á við:

a) fjárhæðin á hverri eftirfarandi samtölu er hærri en 2% heildareigna:

   i. (C0020/R0010) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – tryggingar sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir + (C0020/R0300) virði tryggingar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging samtals + (C0020/R0400) hámarksvirði – skilyrtar skuldir samtals,

   ii. (C0020/R0030) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – tryggingar sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir + (C0020/R0200) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging samtals, eða

b) félagið hefur veitt eða móttekið ótakmarkaða ábyrgð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010	Hámarksvirði – tryggingar sem félagið veitir, þ.m.t. banka-ábyrgðir	Samtala alls mögulegs útstreymis handbærs fjár sem tengist ábyrgðum, ef atburðir sem virkja ábyrgðir gerast allir í tengslum við tryggingar sem félagið hefur veitt öðrum aðila. Hún inniheldur sjóðstreymi sem tengist bankaábyrgð. Ef einhver ábyrgð er einnig tilgreind sem skilyrt skuld í R0310, skal hámarksfjárhæðin einnig tekin með í þessa línu.
C0010/R0020	Hámarksvirði – tryggingar sem félagið veitir, þ.m.t. banka-ábyrgðir, þar af tryggingar, að meðtöldum bankaábyrgðum, sem veittar eru öðrum félögum í sömu samstæðu	Hluti C0010/R0010 sem tengist tryggingum, það meðtöldum bankaábyrgðum, sem veittar eru öðrum félögum í sömu samstæðu.
C0020/R0010	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – tryggingar sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir	Virði trygginga samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir
C0020/R0020	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – tryggingar sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir, þar af tryggingar, að meðtöldum bankaábyrgðum, sem veittar eru öðrum félögum í sömu samstæðu	Hluti C0020/R0010 sem tengist tryggingum, að meðtöldum bankaábyrgðum, sem veittar eru öðrum félögum í sömu samstæðu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0030	Hámarksvirði – tryggingar sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir	Samtala alls mögulegs innstreymis handbærs fjár sem tengist ábyrgðum, ef atburðir sem virkja ábyrgðir gerast allir í tengslum við tryggingar sem félagið hefur móttekið frá öðrum aðila til tryggingar á greiðslu gjaldfallinna skulda félagsins (þ.m.t. bankaábyrgð, ónotaðar bindandi lántökuheimildir).
C0010/R0040	Hámarksvirði – tryggingar sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir, þar af tryggingar, að meðtöldum bankaábyrgðum, sem mótteknar eru frá öðrum félögum í sömu samstæðu	Hluti C0010/R0030 sem tengist tryggingum, að meðtöldu bankaábyrgðum, sem mótteknar eru frá öðrum félögum í sömu samstæðu.
C0020/R0030	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – tryggingar sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir	Virði tryggingarinnar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem félagið móttekur, að meðtöldum bankaábyrgðum.
C0020/R0040	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – tryggingar sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir, þar af tryggingar, að meðtöldum bankaábyrgðum, sem mótteknar eru frá öðrum félögum í sömu samstæðu	Hluti C0020/R0030 sem tengist tryggingum, að meðtöldum bankaábyrgðum, sem mótteknar eru frá öðrum félögum í sömu samstæðu.
C0020/R0100	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veð sem haldið er fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf.
C0020/R0110	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veð sem haldið er fyrir afleiður	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er fyrir afleiður.
C0020/R0120	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – eignir sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0130	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – annað veð sem haldið er	Virði annarra veða samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er.
C0020/R0200	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging samtals	Heildarvirði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er.
C0030/R0100	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – veð sem haldið er fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðinu fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf er haldið fyrir.
C0030/R0110	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – veð sem haldið er fyrir afleiður	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðinu fyrir afleiður er haldið fyrir.
C0030/R0120	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – eignir sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðinu fyrir eignir sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld er haldið fyrir.
C0030/R0130	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – annað veð sem haldið er	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem öðru veði er haldið fyrir.
C0030/R0200	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – veðsett trygging samtals	Heildarvirði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem öllu veðinu er haldið fyrir.
C0020/R0210	Virði tryggingar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem sett er sem trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf.
C0020/R0220	Virði tryggingar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging fyrir afleiður	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem sett er sem trygging fyrir afleiður.
C0020/R0230	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – eignir sem veðsettar eru vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging)	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðsettar eru vegna endurtrygg-ingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0240	Virði tryggingar/veðs/skilyrtra skulda – önnur veðsett trygging	Virði veðsettrar tryggingar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðsett er fyrir annarri tryggingu.
C0020/R0300	Virði tryggingar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging samtals	Heildarvirði veðsettu tryggingarinnar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II.
C0040/R0210	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – veðsett trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf er veðsett fyrir.
C0040/R0220	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – veðsett trygging fyrir afleiður	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem trygging fyrir afleiður er veðsett fyrir.
C0040/R0230	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – eignir sem veðsettar eru vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging)	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem eignirnar eru veðsettar fyrir vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging).
C0040/R0240	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – önnur veðsett trygging	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem önnur trygging er veðsett fyrir.
C0040/R0300	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – veðsett trygging samtals	Heildarvirði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem trygging er veðsett fyrir.
C0010/R0310	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir sem ekki eru færðar í efnahags-reikning Gjaldþolsáætlunar II	Mögulegt hámarksvirði, án tillits til líkinda þess (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli), á skilyrtum skuldum sem ekki eru færðar með þeim sem verðmetnar eru í efnahagsreikningi Gjald-þolsáætlunar II (liður C0010/R0740 í S.02.01). Þetta skal tengjast skilyrtum skuldum sem ekki teljast verulegar. Þessi fjárhæð skal innihalda ábyrgðir sem tilgreindar eru í R0010 ef þær teljast til skilyrtra skulda.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0320	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir sem ekki eru færðar í efnahags-reikning Gjaldþolsáætlunar II, þar af skilyrtar skuldir gagnvart einingum í sömu samstæðu	Hluti C0010/R0310 sem tengist skilyrtum skuldum gagnvart einingum í sömu samstæðu.
C0010/R0330	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir sem færðar eru í efnahags-reikning Gjaldþolsáætlunar II	Mögulegt hámarksvirði, án tillits til líkinda þess (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli), á skilyrtum skuldum sem verðmetnar eru í efnahagsreikningi Gjaldþolsáætlunar II, eins og skilgreint er í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0010/R0400	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir samtals	Mögulegt hámarksvirði alls, án tillits til líkinda þess (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli), á skilyrtum skuldum.
C0020/R0310	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – skilyrtar skuldir sem ekki eru færðar í efnahags-reikning Gjaldþolsáætlunar II	Virði skilyrtu skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem ekki eru færðar í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II.
C0020/R0330	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – skilyrtar skuldir sem færðar eru í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II	Virði skilyrtu skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem færðar eru í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II. Þetta virði skal eingöngu tilgreina í tengslum við skilyrtar skuldir sem virði var tilgreint fyrir í lið C0010/R0330 í S.03.01. Ef þetta virði er lægra en C0010/R0740 í S.02.01 skal gefa skýring á því í frásagnarhluta gagnaskilanna.
C0050/R0510	Ótakmarkaðar ábyrgðir – mótteknar	Vísbending um hvort félagið hafi móttekið einhverjar ótakmarkaðar ábyrgðir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Engar ótakmarkaðar ábyrgðir mótteknar, 1 – Ótakmarkaðar ábyrgðir eingöngu mótteknar frá einingum í sömu samstæðu, 2 – Ótakmarkaðar ábyrgðir eingöngu mótteknar frá einingum sem ekki tilheyra sömu samstæðu, 3 – Ótakmarkaðar ábyrgðir mótteknar frá einingum í sömu samstæðu og frá einingum sem ekki tilheyra sömu samstæðu.
C0050/R0520	Ótakmarkaðar ábyrgðir – veittar	Vísbending um hvort félagið hafi veitt einhverjar ótakmarkaðar ábyrgðir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Engar ótakmarkaðar tryggingar veittar, 1 – Ótakmarkaðar tryggingar eingöngu veittar einingum í sömu samstæðu,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – Ótakmarkaðar tryggingar eingöngu veittar einingum sem ekki tilheyra sömu samstæðu, 3 – Ótakmarkaðar tryggingar veittar einingum í sömu samstæðu og einingum sem ekki tilheyra sömu samstæðu.

S.04.02 – Upplýsingar um flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar um Gjaldþolsáætlun II, að undanskilinni ábyrgð flytjanda

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á að tilgreina skv. 159. gr. tilskipunar 2009/138/EB og snertir einungis frumtryggingastarfsemi.

Upplýsingar skal tilgreina í tengslum við starfsemi sem félagið leggur stund á fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu og eftir EES-landi, þar sem starfsemin sem útibú leggur stund á og fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu er tilgreind sérstaklega.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0010 …	EES-land	ISO 3166–1 alpha–2 kóði fyrir EES-landið þar sem útibúið er með staðsett
C0010/R0020	Félag – frelsi til að veita þjónustu – tjónatíðni vegna ábyrgðar-trygginga ökutækja (að undanskilinni ábyrgð flytjanda)	Fjöldi gjaldfærðra tjóna, í tengslum við starfsemina sem félagið leggur stund á fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu, að því er varðar flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (að undanskilinni ábyrgð flytjanda), vegna fjölda tryggðra farartækja að meðaltali á gagnaskilatímabilinu. Fjöldi tryggðra farartækja að meðaltali samsvarar meðaltalinu á milli fjölda tryggðra farartækja við lok gagnaskilaársins og fjölda tryggðra farartækja við lok ársins á undan gagnaskilaárinu. Ekki skal taka tillit til tjóna sem eru án gjaldfærðra fjárhæða.
C0010/R0030	Félag – frelsi til að veita þjónustu – meðalkostnaður af tjónum vegna ábyrgðartrygginga ökutækja (að undanskilinni ábyrgð flytjanda)	Meðaltal gjaldfærðra tjóna, í tengslum við starfsemina sem félagið leggur stund á fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu, að því er varðar flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (að undanskilinni ábyrgð flytjanda), mælt sem fjárhæð gjaldfærðra tjóna deilt með fjölda gjaldfærðra tjóna. Ekki skal taka tillit til tjóna sem eru án gjaldfærðra fjárhæða.
C0020/R0020	Útibú – tjónatíðni vegna ábyrgðartrygginga ökutækja (að undanskilinni ábyrgð flytjanda)	Fjöldi gjaldfærðra tjóna, í tengslum við starfsemina sem félagið leggur stund á í landinu þar sem útibúið er með staðfestu, að því er varðar flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (að undanskilinni ábyrgð flytjanda), vegna fjölda tryggðra farartækja að meðaltali á gagnaskilatímabilinu. Fjöldi tryggðra farartækja að meðaltali samsvarar meðaltalinu á milli fjölda tryggðra farartækja við lok gagnaskilaársins og fjölda tryggðra farartækja við lok ársins á undan gagnaskilaárinu. Ekki skal taka tillit til tjóna sem eru án gjaldfærðra fjárhæða.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0020	Frelsi til að veita þjónustu – tjónatíðni vegna ábyrgðartrygginga ökutækja (að undanskilinni ábyrgð flytjanda)	Fjöldi gjaldfærðra tjóna, í tengslum við starfsemina sem félagið leggur stund á fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu, að því er varðar flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (að undanskilinni ábyrgð flytjanda), vegna fjölda tryggðra farartækja að meðaltali á gagnaskilatímabilinu. Fjöldi tryggðra farartækja að meðaltali samsvarar meðaltalinu á milli fjölda tryggðra farartækja við lok gagnaskilaársins og fjölda tryggðra farartækja við lok ársins á undan gagnaskilaárinu. Ekki skal taka tillit til tjóna sem eru án gjaldfærðra fjárhæða.
C0020/R0030 …	Útibú – meðalkostnaður af tjónum vegna ábyrgðartrygginga ökutækja (að undanskilinni ábyrgð flytjanda)	Meðaltal gjaldfærðra tjóna, fyrir hvert útibú í tengslum við starfsemina sem stunduð er í landinu þar sem útibúið er með staðfestu, að því er varðar flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (að undanskilinni ábyrgð flytjanda), mælt sem fjárhæð gjaldfærðra tjóna deilt með fjölda gjaldfærðra tjóna. Ekki skal taka tillit til tjóna sem eru án gjaldfærðra fjárhæða.
C0030/R0030 …	Frelsi til að veita þjónustu – meðalkostnaður af tjónum vegna ábyrgðartrygginga ökutækja (að undanskilinni ábyrgð flytjanda)	Meðaltal gjaldfærðra tjóna, fyrir hvert útibú í tengslum við starfsemina sem stunduð er fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu, að því er varðar flokk 10 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB (að undanskilinni ábyrgð flytjanda), mælt sem fjárhæð gjaldfærðra tjóna deilt með fjölda gjaldfærðra tjóna. Ekki skal taka tillit til tjóna sem eru án gjaldfærðra fjárhæða.

S.04.03 – Grunnupplýsingar – skrá yfir tryggingaaðila

Almennar athugasemdir

Þessi þáttur tengist eingöngu árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög.

Leiðbeiningarnar um gagnaskil fyrir sniðmát S.04.03 ætti að lesa með hliðsjón af leiðbeiningunum um gagnaskil fyrir S.04.04 og S.04.05. Í þessum þremur sniðmátum skulu aðilar gera grein fyrir allri starfsemi út frá tveimur aðgreindum sjónarhornum: staðsetningu tryggingar og staðsetningu áhættu.

Upplýsingarnar í þessum sniðmátum skulu innihalda:

— allan vátryggingarekstur án tillits til mögulegrar ólíkrar flokkunar á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga í reikningsskilunum, og

— frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.

Þetta sniðmát skal lagt fram út frá sjónarhóli reikningsskila (þ.e. landbundinna góðra reikningsskilavenja (GAAP) eða alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS), ef samþykkt sem landsbundnar góðar reikningsskilavenjur), en þó með því að nota vátryggingagreinar eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Félög skulu nota greininga- og matsgrundvöllinn sem notaður er fyrir birtu reikningsskilin (þ.e. engra nýrra færslna eða endurmats er krafist), nema að því er varðar flokkunina á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga þegar það á við í reikningsskilunum.

Upplýsingarnar í þessum sniðmátum skulu settar fram vergt, án frádráttar á afsalaðri endurtryggingu.

Að því er varðar þetta sniðmát merkir „Staðfestuland“:

a) Landið þar sem vátryggingafélagið er með starfsleyfi (heimaland), ef samningurinn var ekki seldur í gegnum útibú, og

b) Landið þar sem útibúið er staðset (gistiland), ef samningurinn var seldur í gegnum útibú.

Að því er varðar þetta sniðmát er miðlari ekki talinn vera aðskilinn tryggingaraðili. Ef miðlari er notaður, eða í einhverjum öðrum aðstæðum, er staðfestulandið annað hvort a) eða b) með hliðsjón af hver seldi samninginn.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Skrá yfir tryggingaaðila		
C0010	Kóði tryggingaraðila	Auðkenniskóði tryggingaraðila skal vera LEI-auðkenni aðalskrifstofunnar. Þegar útibú frá landi utan EES er með LEI-auðkenni sem er ólíkt aðalskrifstofunni, skal nota það LEI-auðkenni sem númer tryggingaraðilans. Fyrir útibú á evrópska efnahagssvæðinu og útibú frá landi utan EES sem ekki eru með aðgreind LEI-auðkenni, skal félagið úthluta sértækum kóða. Slíkur kóði skal vera einkvæmur fyrir sérstakan tryggingaraðila og ekki skarast við neinn annan kóða sem félagið úthlutar eða auðkenni lögaðila (LEI-kóða).
C0011	Tegund kóða tryggingaraðila	Auðkenning kóðans sem notaður er í liðnum „Kóði tryggingaraðila“: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0020	Tegund aðila	Auðkenni fyrir tegund einingar. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Aðalskrifstofa 2 – Útibú
C0030	Staðsetning tegundar útibús	Auðkenni fyrir tegund útibús. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Útibú á Evrópska efnahagssvæðinu 2 – Útibú frá landi utan EES Þegar „tegund einingar“ hefur verið auðkennd sem aðalskrifstofa í C0020, skal skilja þennan reit eftir auðan.
C0040	Staðfestuland	Tilgreina kóðann ISO 3166–1 alpha–2 fyrir staðfestuland hvers útibús. Þessi reitur á ekki við (í þessu sniðmáti) þegar „aðalskrifstofa“ er valin í C0020, eins og þegar landskóðinn er skilgreindur sem „Landið sem veitir starfsleyfi“ og tilgreint í sniðmáti S.01.02

S.04.04 – Starfsemi eftir löndum – staðsetning tryggingar

Almennar athugasemdir

Þessi þáttur tengist eingöngu árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög.

Leiðbeiningarnar um gagnaskil fyrir sniðmát S.04.04 ætti að lesa með hliðsjón af leiðbeiningunum um gagnaskil fyrir S.04.03 og S.04.05. Í þessum þremur sniðmátum skulu aðilar gera grein fyrir allri starfsemi út frá tveimur aðgreindum sjónarhornum: staðsetningu tryggingar og staðsetningu áhættu. Í sniðmáti S.04.04 er lögð áhersla á staðsetningu tryggingar.

Í upplýsingunum sem tilgreina á skal er gerður greinarmunur á milli tryggingarstarfsemi í landinu þar sem hver tryggingaraðili (eins og skráður í sniðmáti S.04.03) er með staðfestu og tryggingarstarfsemi í hverju öðru landi sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðinu fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu (FPS) eftir hverjum tryggingaraðila.

Sérhver tryggingarstarfsemi tryggingaraðila sem ekki er stunduð fyrir tilstuðlan frelsis til að veita þjónustu skal flokkuð sem tryggingarstarfsemi í landinu þar sem tryggingaraðilinn er með staðfestu.

Sérhver samanlögð lína í C0030 fyrir öll hlutaðeigandi lönd skal vera samtals jöfn virðinu í C0020 fyrir þá sömu línu.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tilgreina bókfærð iðgjöld tímabilsins eins og skilgreint er í 11. og 12. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 án tillits til þess hvort landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru notuð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Eftir tryggingaraðila		
Z0010	Vátryggingagrein	Auðkenning vátryggingagreinarinnar eins og skilgreind er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging 29 – Heilsutrygging 30 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 31 – Söfnunarlíftrygging 32 – Aðrar líftryggingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar 35 – Heilsuendurtrygging 36 – Lífendurtrygging
Z0020	Kóði tryggingaraðila	Auðkenniskóði hverrar einingar tryggingaraðila eins og tilgreindur í sniðmáti S.04.03.
C0010/R0020	Tryggingarstarfsemi í staðfestulandi – bókfærð iðgjöld (verg)	Bókfærð iðgjöld einingar tryggingaraðila í staðfestulandinu. Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010/R0030	Tryggingarstarfsemi í staðfestulandi – gjaldfærð tjón	Gjaldfærð tjón einingar tryggingaraðila í staðfestulandinu. Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins sem tengjast vátryggingasamningum. Í tölunum fyrir gjaldfærð tjón skal undanskilja kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0040	Tryggingarstarfsemi í staðfestulandi – öflunarkostnaður	Öflunarkostnaður einingar tryggingaraðila í staðfestulandinu. Öflunarkostnaður tekur til útgjalda sem hægt er að tilgreina á stigi einstaks vátryggingasamnings og sem stofnað hefur verið til vegna þess að einingin hefur gefið út þann tiltekna samning. Þessi liður skal tilgreindur með endurnýjunarkostnaði. Þetta eru umboðslaun og kostnaður við að selja, stofna til og virkja vátryggingasamning sem hefur verið gefinn út. Hann tekur til hreyfinga í frestuðum yfirtökukostnaði, eftir atvikum.
C0010/R0050	Tryggingarstarfsemi í staðfestulandi – öflunarkostnaður, þar af umboðslaun	Umboðslaun einingar tryggingaraðila í staðfestulandinu. Hluti heildaröflunarkostnaðar (eins og tilgreindur í R0040) sem tengist kostnaði vegna umboðslauna.
C0020/R0020	Tryggingarstarfsemi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í öðru landi en staðfestulandi – bókfærð iðgjöld (verg)	Bókfærð iðgjöld, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í sérhverju öðru landi en staðfestulandi einingar tryggingaraðilans. Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0020/R0030	Tryggingarstarfsemi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í öðru landi en staðfestulandi – gjaldfærð tjón	Gjaldfærð tjón, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í sérhverju öðru landi en staðfestulandi einingar tryggingaraðilans. Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins sem tengjast vátryggingasamningum. Í tölunum fyrir gjaldfærð tjón skal undanskilja kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0020/R0040	Tryggingarstarfsemi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í öðru landi en staðfestulandi – öflunarkostnaður	Öflunarkostnaður, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í sérhverju öðru landi en staðfestulandi einingar tryggingaraðilans. Öflunarkostnaður tekur til útgjalda sem hægt er að tilgreina á stigi einstaks vátryggingasamnings og sem stofnað hefur verið til vegna þess að einingin hefur gefið út þann tiltekna samning. Þessi liður skal tilgreindur með endurnýjunarkostnaði. Þetta eru umboðslaun og kostnaður við að selja, stofna til og virkja vátryggingasamning sem hefur verið gefinn út. Hann tekur til hreyfinga í frestuðum yfirtökukostnaði, eftir atvikum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0050	Tryggingarstarfsemi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í öðru landi en staðfestulandi – öflunarkostnaður, þar af umboðslaun	Umboðslaun, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í sérhverju öðru landi en staðfestulandi einingar tryggingaraðilans. Hluti heildaröflunarkostnaðar (eins og tilgreindur í R0040) sem tengist kostnaði vegna umboðslauna.

Eftir tryggingaraðila og eftir EES-landi (staðsetning starfsemi [byggð á tryggingarstað])

R0010	EES-land	ISO 3166–1 alpha–2 kóði fyrir EES-landið þar sem tryggingarstarfsemin á sér stað fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu.
C0030/R0020	Tryggingarstarfsemi í hlutaðeigandi landi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu – bókfærð iðgjöld (verg)	Bókfærð iðgjöld einingar tryggingaraðila, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í EES-landinu sem tilgreint er í R0010. Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0030	Tryggingarstarfsemi í hlutaðeigandi landi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu – gjaldfærð tjón	Gjaldfærð tjón einingar tryggingaraðila, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í EES-landinu sem tilgreint er í R0010. Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins sem tengjast vátryggingasamningum. Í tölunum fyrir gjaldfærð tjón skal undanskilja kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0030/R0040	Tryggingarstarfsemi í hlutaðeigandi landi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu – öflunarkostnaður	Öflunarkostnaður einingar tryggingaraðila, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í EES-landinu sem tilgreint er í R0010. Öflunarkostnaður tekur til útgjalda sem hægt er að tilgreina á stigi einstaks vátryggingasamnings og sem stofnað hefur verið til vegna þess að einingin hefur gefið út þann tiltekna samning. Þessi liður skal tilgreindur með endurnýjunarkostnaði. Þetta eru umboðslaun og kostnaður við að selja, stofna til og virkja vátryggingasamning sem hefur verið gefinn út. Hann tekur til hreyfinga í frestuðum yfirtökukostnaði, eftir atvikum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0050	Tryggingarstarfsemi í hlutaðeigandi landi fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu – öflunarkostnaður, þar af umboðslaun	Umboðslaun einingar tryggingaraðila, fyrir tilstilli frelsis til að veita þjónustu í EES-landinu sem tilgreint er í R0010. Hluti heildaröflunarkostnaðar (eins og tilgreindur í R0040) sem tengist kostnaði vegna umboðslauna.

S.04.05 – Starfsemi eftir löndum – staðsetning áhættu

Almennar athugasemdir

Þessi þáttur tengist eingöngu árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög.

Leiðbeiningarnar um gagnaskil fyrir sniðmát S.04.05 ætti að lesa með hliðsjón af leiðbeiningunum um gagnaskil fyrir S.04.03 og S.04.04. Í þessum þremur sniðmátum skulu aðilar gera grein fyrir allri starfsemi út frá tveimur aðgreindum sjónarhornum: staðsetningu tryggingar og staðsetningu áhættu. Í sniðmáti S.04.05 er lögð áhersla á staðsetningu áhættu.

Að því er varðar þetta sniðmát og ef um er að ræða frumtryggingastarfsemi merkir „landið þar sem áhættan er staðsett“:

a) landið þar sem eignin er staðsett, ef vátryggingin tengist annað hvort byggingum eða byggingum og innbúi þeirra, svo fremi að innbúið falli undir sama vátryggingarsamning,

b) skráningarlandið, ef vátryggingin tengist farartækjum af hvaða gerð sem er,

c) landið þar sem vátryggingartakinn gerði samninginn ef um er að ræða samninga með líftíma til fjögurra mánaða eða skemur sem ná yfir ferða- eða orlofstengda áhættu, án tillits til hlutaðeigandi tryggingaflokks,

d) landið þar sem lánið/krafan er staðsett, ef vátryggingin tengist láni/viðskiptakröfu,

e) fyrir öll tilvik sem ekki falla ótvírætt undir a-, b-, c- eða d-lið, landið þar sem annað hvort eftirfarandi er staðsett:

   i. föst búseta vátryggingartakans, eða

   ii. ef vátryggingartakinn er lögaðili, sú starfsstöð vátryggingartakans sem samningurinn tengist.

Að því er varðar þetta sniðmát og ef um er að ræða hlutfallslega eða óhlutfallslega endurtryggingu, merkir „landið þar sem áhættan er staðsett“ landið þar sem félagið sem endurtryggir er staðsett.

Félög skulu tilgreina eftir löndum a.m.k. 95% af vergum bókfærðum iðgjöldum. Öll starfsemi skal tilgreind, en þó má flokka sérhverja eftistæða starfsemi yfir 95% viðmiðunarmarkinu sem „önnur lönd“.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tilgreina bókfærð iðgjöld tímabilsins eins og skilgreint er í 11. og 12. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 án tillits til þess hvort landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru notuð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Heildarstarfsemi tryggingaraðila		
Z0010	Vátryggingagrein	Auðkenning vátryggingagreinarinnar eins og skilgreind er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging 29 – Heilsutrygging 30 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 31 – Söfnunarlíftrygging 32 – Aðrar líftryggingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar 35 – Heilsuendurtrygging 36 – Lífendurtrygging
Z0020	Kóði tryggingaraðila	Auðkenniskóði hverrar einingar tryggingaraðila eins og tilgreindur í sniðmáti S.04.03.
C0010/R0020	Bókfærð heildarviðskipti félagsins – bókfærð iðgjöld (verg)	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0030	Bókfærð heildarviðskipti félagsins – iðgjöld tímabilsins (verg)	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir.
C0010/R0040	Bókfærð heildarviðskipti félagsins – gjaldfærð tjón (verg)	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins sem tengjast vátryggingasamningum. Í tölunum fyrir gjaldfærð tjón skal undanskilja kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010/R0050	Bókfærð heildarviðskipti félagsins – útgjöld sem stofnað var til (verg)	Öll vátryggingatengd útgjöld sem félagið stofnar til innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni.

Starfsemi eftir löndum – staðsetning áhættu

R0010	Land	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem áhættan er staðsett
C0020/R0020	Samtals eftir landi – bókfærð iðgjöld (verg)	Verg bókfærð iðgjöld fyrir starfsemina þar sem áhættan er til staðar, í landinu sem tilgreint er í R0010. Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0020/R0030	Samtals eftir landi – iðgjöld tímabilsins (verg)	Verg iðgjöld tímabilsins fyrir starfsemina þar sem áhættan er til staðar, í landinu sem tilgreint er í R0010. Það er samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir.
C0020/R0040	Samtals eftir landi – gjaldfærð tjón (verg)	Verg gjaldfærð tjón fyrir starfsemina þar sem áhættan er til staðar, í landinu sem tilgreint er í R0010. Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins sem tengjast vátryggingasamningum. Í tölunum fyrir gjaldfærð tjón skal undanskilja kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0020/R0050	Samtals eftir landi – útgjöld sem stofnað var til (verg)	Verg útgjöld sem stofnað var til fyrir starfsemina þar sem áhættan er til staðar, í landinu sem tilgreint er í R0010. Öll vátryggingatengd útgjöld sem félagið stofnar til innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni.

S.05.01 — Iðgjöld, tjón og rekstrarkostnaður eftir vátryggingagrein

Almennar athugasemdir

Þessi þáttur tengist ársfjórðungslegri og árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát skal lagt fram út frá sjónarhóli reikningsskila, þ.e.: Landsbundinna góðra reikningsskilavenja (GAAP) eða alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) ef samþykkt sem landsbundnar góðar reikningsskilavenjur, en með því að nota vátryggingagreinar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Félög skulu nota greininga- og matsgrundvöllinn sem notaður er fyrir birtu reikningsskilin, engrar nýrrar greiningar eða endurmats er krafist, nema annað sé tekið fram í þeim leiðbeiningum. Sniðmátið byggir á því sem af er (fjárhags)árinu, nema að því er varðar flokkunina á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga eða mismunandi gagnaskilakröfur þegar það á við í reikningsskilunum. Þetta sniðmát skal ná yfir allan vátryggingarekstur án tillits til mögulegrar ólíkrar flokkunar á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga í reikningsskilunum.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tilgreina bókfærð iðgjöld tímabilsins eins og skilgreint er í 11. og 12. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 án tillits til þess hvort landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru notuð.

Að því er varðar ársfjórðungsleg gagnaskil skal stjórnunarkostnaður, kostnaður við fjárfestingarstýringu, yfirtökukostnaður, kostnaður við tjónauppgjör, óbeinn kostnaður settur fram á samanteknu formi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Skaðatrygginga- og skaðaendurtryggingaskuldbindingar		
C0010 til C0120/ R0110	Bókfærð iðgjöld – verg – frumtryggingastarfsemi	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá frumtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0120/ R0120	Bókfærð iðgjöld – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá hlutfallslegri endurtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0130 til C0160/ R0130	Bókfærð iðgjöld – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá óhlutfallslegri endurtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0160/ R0140	Bókfærð iðgjöld – hlutdeild endurtryggjenda	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum fjárhæðum sem afsalað er til endurtryggjenda innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátrygginga-samninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0160/ R0200	Bókfærð iðgjöld – hrein	Hrein bókfærð iðgjöld endurspegla samtölunni á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtrygg-ingafélaga.
C0010 til C0120/ R0210	Iðgjöld tímabilsins – verg – frumtryggingastarfsemi	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá iðgjöldunum tímabilsins.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010 til C0120/R0220	Iðgjöld tímabilsins – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast seldri hlutfallslegri endurtryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá iðgjöldunum tímabilsins.
C0130 til C0160/R0230	Iðgjöld tímabilsins – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast seldri óhlutfallslegri endurtryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá iðgjöldunum tímabilsins.
C0010 til C0160/R0240	Iðgjöld tímabilsins – hlutdeild endurtryggjenda	Samtalan á hlutdeild endurtryggjanda í vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í hlutdeild endurtryggjandans í vátryggingarsjóði fyrir iðgjaldaskuldir. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá iðgjöldunum tímabilsins.
C0010 til C0160/R0300	Iðgjöld tímabilsins – hrein	Samtalan á vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingasjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast samtölunni á frumtryggingastafsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0010 til C0120/R0310	Gjaldfærð tjón – verg – frumtryggingastarfsemi	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan gagnaskilatímabilsins (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá frumtryggingastarfsemi. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0120/R0320	Gjaldfærð tjón – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan gagnaskilatímabilsins (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá vergri seldri hlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0130 til C0160/R0330	Gjaldfærð tjón – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan gagnaskilatímabilsins (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá vergri seldri óhlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0340	Gjaldfærð tjón – hlutdeild endurtryggjenda	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Hlutdeild endurtryggjanda í samtölunni á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan gagnaskilatímabilsins (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru). Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010 til C0160/R0400	Gjaldfærð tjón – hrein	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan gagnaskilatímabilsins (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reiknings-skilastöðlum sem notuð eru) sem tengjast samtölu frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtrygg-ingafélaga. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0550	Útgjöld sem stofnað er til	Öll vátryggingatengd útgjöld sem félagið stofnar til innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni.
C0010 til C0120/R0610	Stjórnunarkostnaður – vergt – frumtryggingastarfsemi	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af félaginu innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beint vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist vergu frumtryggingastarfseminni.
C0010 til C0120/R0620	Stjórnunarkostnaður – vergt – seld hlutfallsleg endurtrygging	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af félaginu innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beint vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist vergu seldu hlutfallslegu endurtryggingunni.
C0130 til C0160/R0630	Stjórnunarkostnaður – vergt – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af félaginu innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beint vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist vergu seldu óhlutfallslegu endurtryggingunni.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0210	Kóði útgefanda	Tilgreining á kóða útgefandans með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er kóði útgefandans kóðinn fyrir rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar). Tilgreina á löggilta rekstrarfélagið sem getur borið ábyrgð og er ábyrgt fyrir rekstri sjóðsins án tillit til þess hvort einhverri starfsemi hafi verið útvistað, þ.m.t. beinni stjórnun á eignasafninu, þ.e. ákvörðunum um kaup/sölu, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er kóði útgefandans kóðinn fyrir vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88.
C0220	Tegund kóða útgefanda	Tilgreining á tegund kóðans sem er notaður fyrir liðinn „Kóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88. Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0230	Geiri útgefanda	Tilgreina atvinnuveg útgefandans, byggt á kóða nýjustu útgáfu atvinnugreina-flokkunar Evrópusambandsins (NACE) (eins og birt er í EB-reglugerð). Fyrir þætti A til N í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) er krafist að allir fjórir tölustafir NACE-kóðans séu tilgreindir, þ.e. nota skal bókstafinn sem auðkennir þáttinn og þar á eftir 4 tölustafa kóðann fyrir flokkinn (t.d. „K6411“). Fyrir þættina sem eftir eru skal að lágmarki nota bókstafatilvísun NACE-kóðans, sem auðkennir þáttinn, til að auðkenna þættina (t.d. væri „P“ eða „P8501“ ásættanlegt). Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er atvinnuvegur útgefandans atvinnuvegurinn sem rekstraraðili sjóðsins tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er atvinnuvegur útgefandans sá atvinnuvegur sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88.
C0240	Samstæða útgefanda	Heiti á endanlegu móðurfélagi útgefanda. Fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina endanlegt móðurfélag rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar). Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina endanlegt móðurfélag rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar), — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um skuldabréf útgefin af: — ríkisstjórn, — sveitarfélagi, — ríkisstofnun, — seðlabanka, — samstæðunni/einingunni sjálfri, — yfirþjóðlegri stofnun (svo fremi ekki sé til staðar samstæða útgefanda).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0250	Kóði samstæðu útgefanda	Auðkenniskóði samstæðu útgefanda með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina endanlegt móðurfélag rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar), — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um skuldabréf útgefin af: — ríkisstjórn — sveitarfélagi, — ríkisstofnun, — seðlabanka, — samstæðunni/einingunni sjálfri, — yfirþjóðlegri stofnun (svo fremi ekki sé til staðar samstæða útgefanda).
C0260	Tegund kóða samstæðu útgefanda	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Samstæðukóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn
C0270	Land útgefanda	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem útgefandinn er staðsettur. Staðfang útgefandans ákvarðast af heimilisfangi einingarinnar sem gefur út eignina. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er land útgefandans landið sem rekstraraðili sjóðsins (einingarinnar) tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er land útgefandans landið sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: — ISO 3166-1-alpha-2 kóði, — XA: Yfirþjóðlegir útgefendur (opinberar stofnanir sem komið er á fót með skuldbindingu milli þjóðríkja, t.d. verðbréfa sem gefin eru út af fjölþjóðlegum þróunarbanka eins og um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða verðbréfa gefnum út af alþjóðastofnun sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum stofnunum Evrópusambandsins), — EU: Stofnanir Evrópusambandsins (eins og skilgreindar í 13. gr. sáttmálans um Evrópusambandið).
C0280	Gjaldmiðill	Tilgreina ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðils útgáfunnar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, CIC 75, CIC 09 og um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), af sömu ástæðu, — Varðandi CIC-flokk 9 – Fasteign, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), samsvarar gjaldmiðillinn gjaldmiðli fjárfestingarinnar.
C0290	Uppbótarauðkenniskóði (CIC)	Uppbótarauðkenniskóði sem notaður er til að flokka eignir, eins og sett er fram í VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þegar eign er flokkuð með því að nota CIC-töfluna skulu félög taka tillit til dæmigerðustu áhættunnar sem eignin er óvarinn fyrir.
C0292	Aðferð fyrir útreikning á gjaldþolskröfu fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem heildstæðri gegnsæisaðferð var beitt á að því er varðar útreikning á gjaldþolskröfu í samræmi við 1. mgr. 84. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, 2 – Sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem „einfaldaðri“ gegnsæisaðferð var beitt á, á grundvelli markmiðs um skiptingu undirliggjandi eigna eða síðustu tilkynntu eignaskiptingar og sem flokkuð gögn eru notuð fyrir í samræmi við 3. mgr. 84. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, 3 – Sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem „einfaldaðri“ gegnsæisaðferð varð beitt á, á grundvelli markmiðs um skiptingu undirliggjandi eigna eða síðustu tilkynntu eignaskiptingar og sem flokkuð gögn eru ekki notuð fyrir í samræmi við 3. mgr. 84. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, 4 – Sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem „hlutabréfaáhættu vegna hlutafjár af gerð 2“ var beitt á í samræmi við 3. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, 9 – Á ekki við. Valkostirnir í þessum lið hvað varðar gegnsæi skulu endurspegla aðferðina sem notuð er við útreikninginn á gjaldþolskröfu. Að því er varðar að tilgreina upplýsingarnar um gagnsæi sem krafist er í sniðmáti S.06.03 skal í upplýsingunum um gagnsæi taka tilliti til viðmiðunarmarkanna sem skilgreind eru í almennu athugasemdunum við það sniðmát. Þessi liður á eingöngu við um CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0293	Reglur um eftirgjöf	Tilgreina hvort eignin falli undir reglur um eftirgjöf, í samræmi við 43. og 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (tilskipun um endurreisn og skilameðferð fjármála-fyrirtækja – BRRD-tilskipunin). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já, 2 – Nei, 9 – Á ekki við.
C0294	Héraðsstjórnir og staðaryfirvöld	Tilgreina eignir sem útgefnar eru eða tryggðar af héraðsstjórnum og staða-ryfirvöldum (RGLA) sem skráð eru og ekki skráð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011, að því er varðar eignir sem flokkanlegar eru með CIC 13 og 14. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Skráð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011, 2 – Ekki skráð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011, 9 – Á ekki við.
C0295	Sýndareignir	Tilgreina eignir sem tengjast sýndareignum. Sýndareignir merkja stafræna framsetningu á virði eða réttindum sem hægt er að yfirfæra og vista rafrænt, með því að nota dreifða færsluskrártækni eða sambærilega tækni. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Rafeyristóki – tegund sýndareignar sem hefur að megintilgangi að vera notuð sem greiðslumiðill og sem viðheldur stöðugu virði með tilvísun til virðisins á gjaldmiðli sem er löglegur gjaldmiðill, 2 – Eignatengdur tóki – tegund sýndareignar sem viðheldur stöðugu virði með tilvísun til virðisins á nokkrum gjaldmiðlum sem eru löglegur gjaldmiðill, einnar eða fleiri hrávara eða einnar eða fleiri sýndareigna, eða samsetningar slíkra eigna, 3 – Nytjatóki – tegund sýndareignar sem ætlað er að veita rafrænan aðgang að vöru eða þjónustu, sem tiltæk er með dreifðri færsluskrártækni, og er eingöngu samþykkt af útgefanda þess tóka, 4 – Aðrar sýndareignir 5 – Nei.
C0296	Tegund fasteignar	Tilgreina tegund fasteignar, samkvæmt tilmælum Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) frá 21. mars 2019, um breytingu á tilmælum ESRB/2016/14 um að fylla í gagnaeyður varðandi fasteignir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Íbúðarhúsnæði, t.d. fjölbýlishús, 2 – Verslunarhúsnæði, t.d. hótel, veitingahús, verslunarmiðstöðvar, 3 – Skrifstofuhúsnæði, t.d. fasteign sem aðallega er notuð undir skrifstofur í atvinnu- eða rekstrarskyni, 4 – Atvinnuhúsnæði, t.d. fasteign sem notuð er í tengslum við framleiðslu, dreifingu og vörustjórnun,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		5 – Aðrar tegundir viðskiptahúsnæðis, 9 – Á ekki við. Ef blönduð notkun er á fasteign skal hún talin til ólíkra eigna (t.d. byggt á flatarmálinu fyrir hverja notkun) hvenær sem slík sundurliðun er möguleg, að öðru kosti er hægt að flokka fasteignina samkvæmt þeirri notkun sem er ráðandi. Þessi liður á einungis við um CIC-flokk 9 – Fasteign
C0297	Staðsetning fasteignar	Tilgreina staðsetningu fasteignar, samkvæmt tilmælum Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) frá 21. mars 2019, um breytingu á tilmælum ESRB/2016/14 um að fylla í gagnaeyður varðandi fasteignir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Aðalstaðsetning, 2 – Ekki aðalstaðsetning, 9 – Á ekki við. Þessi liður á einungis við um CIC-flokk 9 – Fasteign
C0300	Innviðafjárfesting	Tilgreina hvort eignin er innviðafjárfesting eins og skilgreint er í málsgreinum 55a og 55b í 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ekki innviðafjárfesting, 2 – Ófullgildir innviðir: Opinber ábyrgð (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald), 3 – Ófullgildir innviðir: Frumkvæði með opinberum stuðningi, þ.m.t. opinber fjárveiting (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald), 4 – Ófullgildir innviðir: Yfirþjóðleg ábyrgð/stuðningur (seðlabanki Evrópu, fjölþjóðlegur þróunarbanki, alþjóðastofnun), 9 – Ófullgildir innviðir: Önnur ófullgild innviðalán eða fjárfestingar, ekki flokkaðar samkvæmt flokkunum að ofan, 12 – Fullgildir innviðir: Opinber ábyrgð (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald), 13 – Fullgildir innviðir: Frumkvæði með opinberum stuðningi, þ.m.t. opinber fjárveiting (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald), 14 – Fullgildir innviðir: Yfirþjóðleg ábyrgð/stuðningur (seðlabanki Evrópu, fjölþjóðlegur þróunarbanki, alþjóðastofnun), 19 – Fullgildir innviðir: Aðrar fullgildar innviðafjárfestingar, ekki flokkaðar í flokkana að ofan, 20 – Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður (e. ELTIF, sem fjárfestir í innviðaeignum og sem fjárfestir í öðrum eignum en innviðum).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0310	Eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir	Á eingöngu við um CIC-flokka 3 – Hlutafé og 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Tilgreina hvort hlutafé og annar hlutur sé hlutdeild. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ekki hlutdeild, 2 – Er hlutdeild þar sem gegnsæisaðferðin í samræmi við 84. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 er beitt, 3 – Er hlutdeild þar sem gegnsæisaðferðin í samræmi við 84. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 er ekki beitt.
C0320	Ytra mat	Gildir a.m.k. um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf, CIC 87 og CIC 88, ef tiltækir. Þetta er lánshæfismat eignarinnar við útgáfu, á viðmiðunardagsetningu gagnaskila, sem veitt er af tilnefndri lánshæfismatsstofnun (utanaðkomandi lánshæfismats-fyrirtæki). Ef lánshæfismat við útgáfu er ekki tiltækt skal liðurinn látinn óútfylltur.
C0330	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæf-ismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0320, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á að tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki). Gildir a.m.k. um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf og 8 – Veðlán og lán, (aðra en CIC 87 og CIC 88), ef tiltækir. Þessi liður skal tilgreindur ef „Ytra mat“ (C0320) er gefið upp. Í því tilviki þegar „Engin utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafa verið tilnefnd og einföldun er notuð til að reikna út gjaldþolskröfuna“, skal reiturinn „Ytra mat“ (C0320) vera auður og í reitinn „Lánshæfisþrep“ (C0340) skal nota einn af eftirfarandi valkostum: 2a, 3a eða 3b.
C0340	Lánshæfisþrep	Gildir um sérhverja eign sem úthluta þarf útlánagæðaþrepi á fyrir útreikning á gjaldþolskröfu. Tilgreina lánshæfisþrepið sem eigninni er úthlutað, eins og skilgreint er í 1. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, með því að beita vörpunartöflunni sem mælt fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800. Lánshæfisþrepið skal einkum endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem félögin sem nota staðalregluna gera innanhúss. Þessi liður á ekki við um eignir sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0, 1 – Lánshæfisþrep 1,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – Lánshæfisþrep 2, 2a – Lánshæfisþrep 2 vegna beitingar á 176. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 fyrir ómetin skuldabréf og lán, 3 – Lánshæfisþrep 3, 3a – Lánshæfisþrep 3 vegna beitingar á einfaldaða útreikningnum skv. 105. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, 3b – Lánshæfisþrep 3 vegna beitingar á 176. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 fyrir ómetin skuldabréf og lán, 4 – Lánshæfisþrep 4, 5 – Lánshæfisþrep 5, 6 – Lánshæfisþrep 6, 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt.
C0350	Innra mat	Gildir a.m.k. um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf og 8 – Veðlán og lán, (aðra en CIC 87 og CIC 88), ef tiltækir. Innra mat á eignum fyrir félög sem nota innri möt. Fyrir félög sem beita aðlögun vegna samræmingar skal liðurinn tilgreindur að því marki sem innri möt eru notuð til að reikna út grundvallaráhættuálagið sem um getur í 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB.
C0360	Líftími	Á eingöngu við um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu (þegar við á, t.d. fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu, með fjárfestingar aðallega í skuldabréfum), 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar og 6 – Veðtryggð verðbréf. Líftími eignar, skilgreint sem „eftirstæður leiðréttur líftími“ (leiðréttur líftími byggir á útreikningi á tímanum sem eftir er af binditíma verðbréfsins, talið frá viðmiðunardagsetningu gagnaskila). Fyrir eignir án fasts binditíma skal nota fyrsta innlausnardag, en taka tillit til líkindanna á að kauprétturinn verði nýttur. Reikna skal út líftímann á grundvelli fjárhagslegs virðis.
C0370	Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II	Fjárhæð í gagnaskilagjaldmiðli fyrir eignina, ef við á. Þessi liður skal tilgreindur ef „magn“ (C0130) hefur verið gefið upp í fyrsta hluta sniðmátsins („Upplýsingar um stöður sem haldið er“). Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ (C0380) er gefinn upp.
C0380	Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II	Fjárhæð í prósentum af bókfærðu verði, hreint verð án áfallinna vaxta, fyrir eignina, ef við á. Þessi liður skal tilgreindur ef upplýsingar hafa verið veittar um „nafnverð“ (C0140) í fyrsta hluta sniðmátsins („Upplýsingar um stöður sem haldið er“) nema fyrir CIC 71 og CIC-flokk 9 – Fasteign. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Einingarverð Gjaldþolsáætlun II - einingarverð“ (C0370) er gefinn upp.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0390	Lokagjalddagi	Gildir einungis um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf og 8 – Veðlán og lán, CIC 74 og CIC 79. Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir gjalddagann. Hann samsvarar alltaf gjalddaganum, jafnvel fyrir innkallanleg verðbréf. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Fyrir skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma skal tilgreina „31-12-9999“, — Fyrir CIC 87 og CIC 88, á að tilgreina vegna (á grundvelli fjárhæðar láns) líftímann sem eftir er.

S.06.03 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu – gegnsæisaðferð

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist ársfjórðungslegri og árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát inniheldur upplýsingar um gegnsæisaðferð sjóða um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir, þ.m.t. þegar þær eru hlutdeildir, eftir undirliggjandi eignaflokki, útgáfulandi og gjaldmiðli. Að teknu tilliti til meðalhófs og sérstakra leiðbeininga í sniðmátinu skal nota gegnsæisaðferðina þar til eignaflokkarnir, löndin og gjaldmiðlarnir eru auðkenndir. Ef um er að ræða sjóðasjóði skal gegnsæisaðferðin fylgja sömu nálgun.

Sniðmátið skal innihalda upplýsingar sem samsvara 100% af fjárfestingarvirðinu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Fyrir auðkenningu á löndum skal gegnsæisaðferðinni þó beitt til að greina áhættuskuldbindingar fyrir 90% af heildarvirði sjóðanna að frádregnum fjárhæðum sem tengjast CIC 8 og 9, og fyrir auðkenningu á gjaldmiðlum skal gegnsæisaðferðinni beitt til að greina áhættuskuldbindingar fyrir 90% af heildarvirði sjóðanna. Félög skulu sjá til þess að þau 10% sem ekki eru tilgreind eftir löndum séu dreifð yfir mörg landfræðileg svæði, t.d. að ekki séu meira en 5% í einu landi. Félög skulu beita gegnsæisaðferðinni þar sem byrjað er á stærsta sjóðnum, með tilliti til fjárfestingarfjárhæðarinnar, og endað á þeim minnsta og skal aðferðinni beitt með samræmdum hætti til lengri tíma.

Ársfjórðungslegar upplýsingar skulu eingöngu tilgreindar þegar hlutfall sjóða um sameiginlega fjárfestingu í eigu félagsins af heildarfjárfestingu, mælt sem hlutfallið á milli liðar C0010/R0180 í sniðmáti S.02.01, að viðbættum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem teknir eru með í lið C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01, að viðbættum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem teknir eru með í lið C0010/R0090 og samtölu liða C0010/R0070 og C0010/RC0220 í sniðmáti S.02.01, er hærra en 30%.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði sjóðs um sameiginlega fjárfestingu	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur. — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.
C0020	Tegund auðkenniskóða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu
C0030	Undirliggjandi eignaflokkur	Tilgreina eignaflokkana, viðskiptakröfur og afleiður innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ríkisskuldabréf 2 – Fyrirtækjaskuldabréf 3L – Skráð hlutafé 3X – Óskráð hlutafé 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar 6 – Veðtryggð verðbréf 7 – Reiðufé og innlán 8 – Veðlán og lán 9 – Fasteignir 0 – Aðrar fjárfestingar (þ.m.t. viðskiptakröfur) A – Framtíðarsamningar B – Kaupréttir C – Söluréttir D – Skiptasamningar E – Framvirkir samningar F – Lánaafleiður L – Skuldir Flokkur „4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu“ skal notaður eingöngu fyrir óveruleg hrakviði fyrir bæði „sjóðasjóði“ og sérhverja aðra sjóði.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040	Útgáfuland	Sundurliðun hvers eignaflokks sem tilgreindur er í C0030 eftir landi útgefanda. Tilgreina landið þar sem útgefandinn er staðsettur. Staðfang útgefandans ákvarðast af heimilisfangi einingarinnar sem gefur út eignina. Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: — ISO 3166-1-alpha-2 kóða — XA: Yfirþjóðlegir útgefendur — EU: Stofnanir Evrópusambandsins — AA: Samantekin lönd, vegna beitingar viðmiðunarmarka Þessi liður á ekki við um flokka 7, 8 og 9, eins og tilgreint er í C0030.
C0050	Gjaldmiðill	Tilgreina hvort gjaldmiðill eignaflokksins sé gagnaskilagjaldmiðillinn eða erlendur gjaldmiðill. Vísað er til allra annarra gjaldmiðla en gagnaskilagjaldmiðilsins sem erlends gjaldmiðils. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskilagjaldmiðill 2 – Erlendur gjaldmiðill 3 – Samtala gjaldmiðla vegna beitingar viðmiðunarmarks
C0060	Heildarfjárhæð	Heildarfjárhæðin sem fjárfest er eftir eignaflokki, landi og gjaldmiðli í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Fyrir skuldir skal tilkynna jákvæða fjárhæð, nema liðurinn sé afleiðuskuld. Fyrir afleiður getur heildarfjárhæðin verið jákvæði (ef um er að ræða eign) eða neikvæð (ef um er að ræða skuld).

S.06.04 – Fjárfestingaáhætta tengd loftslagsbreytingum

Almennar athugasemdir:

Þetta sniðmát skal lagt fram ef um reglubundin gagnaskil er að ræða, jafnvel þótt engir lykilárangursmælikvarðar (KPI) séu veittir. Ef engir lykilárangursmælikvarðar eru tilgreindir er nauðsynlegt að setja fram rökstuðning í R0040/C0010 og/eða R0050/C0010.

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát inniheldur upplýsingar um þann hluta fjárfestinga sem óvarinn er fyrir umbreytingaráhættu og efnislegri áhættu tengdri loftslagsbreytingum. Sem ílag til að reikna út þann hluta fjárfestinga sem óvarinn er fyrir umbreytingaráhættu, eiga félög að tilgreina fjögurra tölustafa NACE-kóða fyrir þætti A til N í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) í skránni yfir eignir S.06.02. Fyrir efnislega áhættu eiga félög að tilgreina með stöðluðum hætti staðsetningu fasteigna í Skránni yfir fasteignir S.06.02.

R0010/C0010	Umbreytingaráhætta tengd loftslagsbreytingum – lykilárangursmælikvarðar (KPI)	Hluti virðis fjárfestinga samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem óvarinn er fyrir umbreytingaráhættu, í tengslum við heildarfjárfestingar. Félög geta notað eigin aðferðafræði til að reikna út lykilárangursmælikvarðana. Auðkenningin á fjárfestingum sem óvarðar eru fyrir umbreytingaráhættu skal vera í samræmi við fyrirliggjandi flokkun og tilgreind með fjögurra tölustafa NACE-kóðum fyrir þætti A til N í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), eins og mælt er fyrir um í S.06.02.

R0020/C0010	Efnisleg áhætta tengd loftslagsbreytingum – lykilárangursmælikvarðar (KPI)	Hluti virðis fasteignar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem óvarinn er fyrir efnislegri áhættu, í tengslum við heildarfasteign. Félög geta notað eigin aðferðafræði til að reikna út lykilárangursmælikvarðana. Auðkenningin á fasteignum sem óvarðar eru fyrir efnislegri áhættu ætti að vera í samræmi við fyrirliggjandi auðkenningu, í lið C0190 í bálki í S.06.02.
R0030/C0010	Rökstuðningur fyrir að tilgreina ekki umbreytingaráhættu tengda loftslagsbreytingum – lykilárangursmælikvarðar (KPI)	Útskýring á hvers vegna lykilárangursmælikvarðar fyrir umbreytingaráhættu tengda loftslagsbreytingum voru ekki tilkynntir (t.d. ekki mikilvægir).
R0040/C0010	Rökstuðningur fyrir að tilgreina ekki efnislega áhættu tengda loftslagsbreytingum – lykilárangursmælikvarðar (KPI)	Útskýring á hvers vegna lykilárangursmælikvarðar fyrir efnislega áhættu tengda loftslagsbreytingum voru ekki tilkynntir (t.d. ekki mikilvægir).

S.07.01 – Samsettar fjármálaafurðir

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar.

Þetta sniðmát inniheldur skrá, lið fyrir lið, yfir samsettar fjármálaafurðir í beinni eigu félagsins sem eru í eignasafni þess (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar). Samsettar fjármálaafurðir eru skilgreindar sem eignir er falla í eignaflokkana 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf).

Eingöngu skal tilkynna þetta sniðmát þegar fjárhæð samsettra fjármálaafurða, mæld sem hlutfallið á milli eigna sem flokkaðar eru sem eignaflokkur 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf) eins og skilgreint er í VI. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og samtölunnar á lið C0010/R0070 og C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01, er hærra en 5%.

Í sumum tilvikum, fyrir tegundir af samsettum fjármálaafurðum (C007), á að tilgreinda afleiður sem felldar eru inn í samsettu fjármálaafurðina. Í því tilviki skal þessi flokkun notuð þegar samsetta fjármálaafurðin er með viðkomandi afleiðu fellda inn.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði samsettu fjármálaafurðarinnar, eins og tilgreindur í S.06.02. með því að nota eftirfarandi forgang: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir. Kóðinn sem notaður er skal vera samkvæmur til lengri tíma og skal ekki endurnýttur fyrir aðra afurð. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að gefa upp eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“
C0050	Tegund auðkenniskóða eignar	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.
C0060	Tegund veðtryggingar	Tilgreina tegund veðtryggingar, með því að nota eignaflokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ríkisskuldabréf 2 – Fyrirtækjaskuldabréf 3 – Hlutafé 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar 6 – Veðtryggð verðbréf 7 – Reiðufé og innlán 8 – Veðlán og lán 9 – Fasteignir 0 – Aðrar fjárfestingar 10 – Engin veðtrygging Þegar fleiri en einn veðtryggingaflokkur er til staðar fyrir eina og sömu samsettu fjármálaafurðina skal tilgreina þann dæmigerðasta.
C0070	Tegund samsettrar fjármála-afurðar	Tilgreina tegund samsettrar fjármálaafurðar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Lánshæfistengd skuldabréf Verðbréf eða innstæða sem lánaafleiða gengur inn í (t.d. skuldatrygging eða skuldatryggingarvalréttur) 2 – Skiptasamningar með fastan líftíma (verðbréf sem vaxtaskiptasamningur (IRS) gengur inn í, þar sem hlutinn með fljótandi vöxtum er endurstilltur reglulega samkvæmt markaðsvöxtum fyrir fastan binditíma.)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		3 – Eignavarin verðbréf (verðbréf með eign sem veðtryggingu.) 4 – Verðbréf tryggð með fasteignaveði (verðbréf með fasteign sem veðtryggingu.) 5 – Verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (verðbréf með fasteign sem veðtryggingu, t.d. verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði, atvinnuhúsnæði, fjölbýlishús og hótel.) 6 – Skuldavafningar (samsett verðbréf tryggð með eignasafni sem samanstendur af tryggðum eða ótryggðum skuldabréfum útgefnum af fyrirtæki eða opinberum skuldurum, eða tryggð eða ótryggð bankalán sem veitt eru til verslunar- og iðnaðarfyrirtækja sem eru lánaviðskiptavinir útlánabanka. 7 – Lánavafningar (verðbréf sem er með undirliggjandi fjárvörslusjóður með lánaeignasafni þar sem sjóðstreymið frá verðbréfinu leiðir af eignasafninu.) 8 – Fasteignaveðsvafningar (verðbréf í fjárfestingarflokki sem tryggður eru með safni skuldabréfa, lána og annarra eigna.) 9 – Vaxtatengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 10 – Hlutafjártengdar og hlutabréfavísitölutengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 11 – Gjaldeyris- og hrávörutengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 12 – Skuldaviðurkenningar og innstæður tengdar blönduðum gerningum (þær ná yfir fasteignir og hlutafjártengd verðbréf) 13 – Markaðstengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 14 – Vátryggingatengdar skuldaviðurkenningar og innstæður, þ.m.t. skuldaviðurkenningar sem ná yfir hamfara- og veðurfarsáhættu, sem og dánaráhættu 99 – Annað sem ofangreindir valkostir ná ekki yfir
C0080	Fjármagnsvernd	Tilgreina hvort afurðin sé með fjármagnsvernd. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Fjármagnsvernd að fullu 2 – Fjármagnsvernd að hluta 3 – Engin fjármagnsvernd
C0090	Undirliggjandi verðbréf/vísitala/eignasafn	Lýsa á tegund undirliggjandi breytu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Hlutafé og sjóðir (valinn flokkur eða hlutabréfakarfa) 2 – Gjaldmiðill (valinn flokkur eða gjaldmiðlakarfa) 3 – Vextir og ávöxtun (skuldabréfavísitölur, ávöxtunarferlar, mismunur á gildandi vöxtum af skemmri og lengri binditíma, skuldatryggingarálög, verðbólgustig og önnur viðmiðunargildi tengd vöxtum eða ávöxtun)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		4 – Hrávörur (valin grunnvara eða vöruflokkur) 5 – Vísitala (árangur af valinni vísitölu) 6 – Margar (heimild fyrir samsetningu þeirra mögulegu tegunda sem skráðar eru hér að ofan) 9 – Annað sem ofangreindir valkostir ná ekki yfir (t.d. aðrir hagvísar)
C0100	Innkallanleg eða seljanleg	Tilgreina hvort afurðin sé með kaup- og/eða sölurétti, eða bæði, ef við á. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Kaupréttur kaupanda 2 – Kaupréttur seljanda 3 – Söluréttur kaupanda 4 – Söluréttur seljanda 5 – Sérhver samsetning ofangreindra valkosta 6 – Á ekki við
C0110	Tilbúin samsett fjármálaafurð	Tilgreina hvort um sé að ræða samsettar fjármálaafurðir án nokkurrar yfirfærslu eigna (t.d. afurðir sem ekki munu gefa tilefni til afhendingar á eignum, að undanskildu reiðufé, ef andstæður/hagstæður atburður á sér stað). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 –Samsett fjármálaafurð án nokkurrar yfirfærslu eigna 2 –Samsett fjármálaafurð með yfirfærslu eigna
C0120	Samsett fjármálaafurð með fyrirframgreiðslu	Tilgreina hvort eru samsettar fjármálaafurðir með möguleika á fyrirframgreiðslu, sem telst snemmbær og ekki áætluð endurgreiðsla höfuðstóls. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Samsett fjármálaafurð með fyrirframgreiðslu 2 – Samsett fjármálaafurð ekki með fyrirframgreiðslu
C0130	Virði veðtryggingar	Heildarfjárhæð veðtryggingar sem tengd er samsett fjármálaafurðinni, óháð eðli veðtryggingarinnar. Ef um er að ræða veðtryggingu á eignasafnsgrunni, á eingöngu að tilgreina virðið sem varðar einstaka samninginn og ekki heildarvirðið.
C0140	Veðtryggingasafn	Í þessum lið eru veittar upplýsingar um hvort veðtryggingin vegna samsettu fjármálaafurðarinnar nái eingöngu yfir eina samsetta fjármálaafurð eða fleiri en eina samsetta fjármálaafurð sem er í eigu félagsins. Hreinar stöður vísa til staðanna sem haldið er í samsettum fjármálaafurðum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Veðtrygging reiknuð á grundvelli hreinna staðna sem leiða af safni samninga 2 – Veðtrygging reiknuð á grundvelli einstaks samnings 10 – Engin veðtrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150	Föst árleg arðsemi	Tilgreina arðmiðann (sem tugabrot), ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf).
C0160	Breytileg árleg arðsemi	Tilgreina breytilega arðsemi, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Hún er venjulega tilgreind sem viðmiðunargildi markaðsvaxta plús áhættuálag, eða er háð árangri eignasafns eða vísitölu (háð undirliggjandi breytu) eða flóknari arðsemi sem m.a. ákvarðast af verðþróun undirliggjandi eignar (háð verðþróun). Þegar þörf er á má tilkynna þennan lið sem streng til að endurspegla hvernig ávöxtunin er reiknuð út.
C0170	Tap að gefnum vanefndum	Prósentan (tilgreind sem tugabrot) af fjárhæðinni sem fjárfest hefur verið og ekki mun endurheimtast í framhaldi af vanskilum, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Ef upplýsingarnar eru ekki skilgreindar í samningnum skal ekki tilgreina þennan lið. Þessi liður á ekki við um samsettar afurðir sem ekki eru fjármálaafurðir.
C0180	Tengipunktur	Samningsbundna skilgreinda tapprósentan (tilgreind sem tugabrot) sem, ef farið er yfir, töpin hafa áhrif á samsettu fjármálaafurðina, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Þessi liður á ekki við um samsettar afurðir sem ekki eru fjármálaafurðir.
C0190	Aftengipunktur	Samningsbundna skilgreinda tapprósentan (tilgreind sem tugabrot) sem, ef farið er yfir, töpin hætta að hafa áhrif á samsettu fjármálaafurðina, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Þessi liður á ekki við um samsettar afurðir sem ekki eru fjármálaafurðir.

S.08.01 – Opnar afleiður

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist ársfjórðungslegri og árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Afleiðuflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þetta sniðmát inniheldur skrá, lið fyrir lið, yfir afleiður í beinni eigu félagsins (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar), sem flokkanlegar eru í eignaflokka A til F.

Þetta sniðmát nær yfir afleiður sem viðskipti eru með í kauphöll eða jafngildum miðlægum markaði, sem og afleiður sem viðskipti eru með utan markaðar.

Þegar viðskipti eru með afleiðu í kauphöll eða jafngildum miðlægum markaði, þá er mótaðilinn sú kauphöll eða jafngildi miðlægi markaðurinn og ekki endanlegi mótaðilinn, eins og á við um viðskipti með afleiður utan markaðar.

Afleiður eru taldar til eigna ef virði þeirra samkvæmt Gjaldþolsáætlun II er jákvætt eða núll. Þær eru taldar til skulda ef virði þeirra samkvæmt Gjaldþolsáætlun II er neikvætt. Bæði afleiður sem taldar eru til eigna eða skulda skulu teknar með.

Upplýsingar skulu ná yfir alla afleiðusamninga sem til staðar voru á gagnaskilatímabilinu og ekki voru gerðir upp fyrir viðmiðunardagsetningu gagnaskila.

Ef tíð viðskipti eru með sömu afleiðu, sem leiðir til margra opinna staðna, er hægt að tilgreina afleiðuna á samanteknum eða hreinum grunni, svo framarlega sem öll viðkomandi einkenni séu sameiginleg og með því að fylgja sértæku leiðbeiningunum fyrir hvern viðkomandi lið.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

Afleiða er fjármálagerningur eða annar samningur sem ber öll þrjú eftirfarandi einkenni:

a) Virði hans í ljósi breytinga á tilgreindum vöxtum, verði fjármálagernings, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum (stundum kallað „undirliggjandi breyta“).

b) Hann krefst engrar hreinnar upphafsfjárfestingar eða hreinnar upphafsfjárfestingar sem er lægri en krafa væri gerð um fyrir aðrar tegundir samninga sem gera mætti ráð fyrir að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum.

c) Uppgjörsdagsetning hans er í framtíðinni.

Þetta sniðmát samanstendur af tveim töflum: Upplýsingar um stöður sem haldið er og upplýsingar um afleiður.

Í töflunni „Upplýsingar um stöður sem haldið er“ skal hver afleiða tilgreind sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að færa á tilhlýðilegan hátt inn allar óþeningalegar breytur sem krafist er í þeirri töflu. Ef fyrir sömu afleiðu hægt er að gefa upp tvö virði á eina breytu þarf að tilgreina þessa afleiðu í fleiri en einni línu.

Einkum, fyrir afleiður sem eru með fleiri en eitt gjaldmiðlapar, skal skipta þeim á hvern þátt parsins og tilgreina í mismunandi línum.

Í töflunni „Upplýsingar um afleiður“ skal hver afleiða tilgreind sérstaklega, með einni línu fyrir hverja afleiðu og færa inn allar viðeigandi breytur sem krafist er í þeirri töflu.

Upplýsingarnar varðandi „Ytra mat“ (C0290) og „Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“ (C0300) geta verið takmarkaðar (ekki tilgreindar) í eftirfarandi aðstæðum:

a) eftir ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins skv. 6. og 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða

b) eftir ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins í þeim tilvikum þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög eru með útvistunarsamninga á sviði fjárfestinga, sem leiðir til þess að þessar tilteknu upplýsingar eru ekki með beinum hætti tiltækar félaginu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um stöður sem haldið er		
C0040	Auðkenniskóði afleiðu	Auðkenniskóði afleiðu með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur. — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.
C0041	Einkvæmt viðskiptaauðkenni	Tilgreina auðkennisnúmer (ID) viðskipta sem notuð eru í viðskiptaskýrslum í viðskiptaskrám samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og viðskiptaskrár. Tilgreina ætti eins mörg auðkennisnúmer viðskipta og þörf er á fyrir uppbyggingu á stöðunni sem tilkynnt er. Tilgreina skal aukennisnúmer viðskipta aðgreind með kommu. Þessi liður skal tilgreindur með „Ekkert auðkennisnúmer“ þegar afleiðan fellur ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
C0050	Tegund auðkenniskóða afleiðu	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði afleiðu“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu
C0060	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Undirliggjandi afleiðum vátryggingaskuldar líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og undirliggjandi afleiðum vátryggingaskuldar skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatryggingaeignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“.
C0070	Sjóðsnúmer	Gildir fyrir afleiður sem haldið er í vörðum sjóðum eða öðrum innri sjóðum sem skilgreindir eru á landsvísu, einkum varðandi sjóði (eignasöfn) sem styðja við líftryggingaafurðir. Númer eða kóði sem úthlutað er af félaginu, sem samsvarar einkvæma númerinu eða kóðanum sem hverjum sjóði er úthlutað. Þetta númer eða kóði verður að vera samkvæmt til lengri tíma og skal notað til að auðkenna sömu sjóði í öðrum sniðmátum (t.d. í S.06.02, S.14.01). Það skal ekki endurnotað fyrir annan sjóð.
C0080	Afleiður sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum	Tilgreina afleiðurnar sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Undirliggjandi gerningur afleiðunnar	Auðkenniskóði gerningsins (eign eða skuld) sem er undirliggjandi afleiðu-samningnum. Gefa á upp þennan lið eingöngu fyrir afleiður sem eru með einn eða fleiri undirliggjandi gerninga í eignasafni félagsins. Vísitala er talin einn gerningur og skal tilgreind. Auðkenniskóði gerningsins sem undirliggjandi er afleiðunni með því að nota eftirfarandi forgang: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur. — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar fyrir undirliggjandi gerning þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir og verður að vera einkvæmur og samkvæmur yfir tíma fyrir þann gerning, — „Margar eignir/skuldbindingar“, ef undirliggjandi eignir eða skuldbindingar eru fleiri en ein. Ef undirliggjandi gerningur er vísitala skal tilgreina kóða vísitölunnar.
C0100	Tegund kóða eignar eða skuldar sem er undirliggjandi afleiðunni	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Undirliggjandi gerningur fyrir afleiðuna“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem félagið úthlutar í því tilviki að enginn ofangreindra valkosta sé tiltækur. Þennan valkost skal einnig nota fyrir tilvikin „Margar eignir/ skuldbindingar“ og vísitölur.
C0110	Notkun afleiðu	Lýsa notkun afleiðnanna (eindar-/heildaráhættuvörn, skilvirkri stýringu eignasafns). Með eindaráhættuvörn er vísað til afleiða sem ná yfir einstakan fjármálagerning (eign eða skuld), áætluð viðskipti eða aðra fjárskuldbindingu. Með heildaráhættuvörn er vísað til afleiða sem ná yfir safn fjármálagerninga (eignir eða skuldir), áætluð viðskipti eða aðrar fjárskuldbindingar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Með skilvirkri stýringu eignasafns er venjulega vísað til starfsemi þar sem stjórnandinn reynir að auka tekjur af eignasafni með því að skipta út (lægra) sjóðstreymimynstri fyrir annað sem hefur hærra virði, með því að nota afleiðu eða safn afleiða, án þess að breyta samsetningu eignasafnsins, sem hafa lægri fjárfestingarfjárhæð og minni viðskiptakostnað. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Eindaráhættuvörn 2 – Heildaráhættuvörn 3 – Jöfnun sjóðstreymis fyrir eignir og skuldir sem notað er í tengslum við eignasafn, aðlagað vegna samræmingar 4 – Skilvirk stýring eignasafns, önnur en „Jöfnun sjóðstreymis fyrir eignir og skuldir sem notað er í tengslum við eignasafn, aðlagað vegna samræmingar“
C0131	Grundvallarfjárhæð afleiðunnar	Fjárhæðin sem er varin eða óvarin gagnvart afleiðunni, tilgreind í upphaflega gjaldmiðlinum. Fyrir framtíðarsamninga og valrétti samsvarar það stærð samnings margfaldaðri með virði kveikjuatburðarins og með fjölda samninganna sem tilgreindir eru í þeirri línu. Fyrir skiptasamninga og framvirka samninga samsvarar það samningsfjárhæð samninganna sem tilgreindir eru í þeirri línu. Þegar virði kveikjuatburðarins samsvarar verðbili skal nota meðalvirði verðbilsins. Grundvallarfjárhæðin vísar til fjárhæðarinnar sem er áhættuvarin/fjárfest (þegar engin áhætta er varin). Ef fleiri viðskipti eiga sér stað skal hún vera hreina fjárhæðin á gagnaskiladeginum.
C0140	Kaupandi/Seljandi	Eingöngu fyrir framtíðarsamninga og valrétti, skiptasamninga og lánaafleiðu-samninga. Tilgreina hvort afleiðusamningurinn var keyptur eða seldur. Fyrir skiptasamninga er staða kaupandans og seljandans skilgreind í tengslum við verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina og sjóðstreymi skiptasamningsins. Seljandi skiptasamnings á verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina við upphaf samningsins og samþykkir á meðan samningsskilmálarnir eru í gildi að afhenda verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina, að meðtöldu sérhverju öðru útstreymi sem tengist samningnum, þegar við á. Kaupandi skiptasamnings mun eignast verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina við lok afleiðusamningsins og mun fá verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina afhenda, að meðtöldu sérhverju öðru innstreymi sem tengist samningnum, þegar við á. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá, að undanteknum vaxtaskiptasamningum: 1 – Kaupandi 2 – Seljandi Fyrir vaxtaskiptasamninga skal nota einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá skal notaður: 3 – FX–FL: Afhent með föstum fyrir fljótandi vexti 4 – FX–FX: Afhent með föstum fyrir fasta vexti 5 – FL–FX: Afhent með fljótandi fyrir fasta vexti 6 – FL–FL: Afhent með fljótandi fyrir fljótandi vexti

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150	Greidd iðgjöld hingað til	Greiðslan (við kaup), fyrir valrétti og einnig fyrirframgreiddar og reglubundnar iðgjaldagreiðslur fyrir skiptasamninga, frá þeirri stundu sem félagið gerði afleiðusamninginn.
C0160	Móttekin iðgjöld hingað til	Móttekin greiðsla (við sölu), fyrir valrétti og einnig fyrirframgreiddar og reglubundnar iðgjaldagreiðslur sem mótteknar eru fyrir skiptasamninga, frá þeirri stundu sem félagið gerði afleiðusamninginn.
C0170	Fjöldi samninga	Fjöldinn á svipuðum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í línuna. Hann skal vera fjöldi samninganna sem gerðir hafa verið. Fyrir OTC-afleiður, t.d. einn skiptasamning, skal tilgreina „1“ og ef um er að ræða tíu skiptasamninga með sömu einkenni, skal tilgreina „10“. Fjöldinn á samningum getur verið brotatala, þegar þarf að skipta samningunum. Fjöldinn á samningum skal ná yfir þá sem eru útistandandi á gagnaskiladeginum.
C0180	Umfang samnings	Fjöldi undirliggjandi eigna í samningnum (t.d. fyrir hlutafjártengda framtíðarsamninga er það fjöldi hlutabréfa sem afhenda á fyrir hvern afleiðusamning á gjalddaga, fyrir framtíðarsamninga um skuldabréf er það viðmiðunarfjárhæðin sem undirliggjandi er hverjum samningi). Það hvernig stærð samningsins er ákvörðuð er breytilegt eftir tegund gerningsins. Fyrir hlutabréfatengda framtíðarsamninga er algengt að stærð samningsins sé ákvörðuð sem fall af fjölda hlutabréfa sem undirliggjandi eru samningnum. Fyrir framtíðarsamninga um skuldabréf er það nafnverð skuldabréfsins sem undirliggjandi er samningnum. Á eingöngu við um framtíðarsamninga og valrétti.
C0190	Hámarkstap við slitaatburð	Hámarksfjárhæð taps ef slitaatburður á sér stað. Á við um CIC-flokk F. Ef lánaafleiða er 100% veðtryggð, er hámarkstap við slitaatburð núll.
C0200	Útstreymisfjárhæð skiptasamnings	Fjárhæð sem afhent er samkvæmt skiptasamningi (önnur en iðgjöld), innan gagnaskilatímabilsins. Samsvarar greiddum vöxtum fyrir vaxtaskiptasamning og fjárhæðir sem afhentar eru fyrir gjaldeyrisskiptasamninga, skuldatryggingar, heildarskiptasamninga og aðra skiptasamninga. Í þeim tilvikum þegar uppgjörið á sér stað á hreinum grunni skal eingöngu tilgreina annan af liðunum C0200 og C0210.
C0210	Innstreymisfjárhæð skiptasamnings	Fjárhæð sem móttekin er samkvæmt skiptasamningi (önnur en iðgjöld), innan gagnaskilatímabilsins. Samsvarar mótteknum vöxtum fyrir vaxtaskiptasamning og fjárhæðir sem mótteknar eru fyrir gjaldeyrisskiptasamninga, skuldatryggingar, heildarskiptasamninga og aðra skiptasamninga. Í þeim tilvikum þegar uppgjörið á sér stað á hreinum grunni skal eingöngu tilgreina annan af liðunum C0200 og C0210.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0220	Upphafsdagsetning	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetninguna þegar skuldbindingar samkvæmt samningnum verða virkar. Þegar mismunandi dagsetningar eiga við um sömu afleiðu skal eingöngu tilgreina þá einu sem varðar fyrsta viðskiptadag með afleiðuna og eingöngu eina línu fyrir hverja afleiðu (ekki mismunandi línur fyrir hver viðskipti) sem endurspegla heildarfjárhæðina sem fjárfest er í þeirri afleiðu, að teknu tilliti til ólíkra dagsetninga viðskiptanna. Ef um er að ræða skuldskeytingu verður dagsetning skuldskeytingarinnar viðskiptadagurinn fyrir þá afleiðu.
C0230	Líftími	Líftími afleiðu, skilgreint sem eftirstæður leiðréttur líftími, fyrir afleiður sem mæling á líftíma á við um. Reiknaður út sem hreinn líftími á milli inn- og útstreymis frá afleiðunni, þegar við á.
C0240	Virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II	Virði afleiðunnar frá og með gagnaskiladeginum, reiknað út eins og skilgreint er í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Það getur verið jákvætt, neikvætt eða núll.
C0250	Virðismatsaðferð	Tilgreina virðismatsaðferðina sem notuð er þegar afleiður eru verðmetnar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir sömu eignir eða skuldir 2 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir svipaðar eignir eða skuldir 3 – fráviksaðferðir fyrir virðismat 6 – markaðsvirði skv. 4. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um afleiður		
C0040	Auðkenniskóði afleiðu	Auðkenniskóði afleiðu með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur. — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.
C0050	Tegund auðkenniskóða afleiðu	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði afleiðu“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu
C0260	Heiti mótaðila	Heiti mótaðilans að afleiðunni. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Heiti gjaldeyrismarkaðarins fyrir afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða — Heiti miðlægs mótaðila (CCP) fyrir OTC-afleiður, þar sem þær eru stöðustofnaðar í gegnum miðlægan mótaðila, eða — Heiti samningsbundna mótaðilans fyrir aðrar OTC-afleiður.
C0270	Kóði mótaðila	Auðkenniskóði mótaðilans, samkvæmt eftirfarandi forgangsröð: — LEI-auðkenni, þegar tiltækt — Kóða sem félagið úthlutar, þegar LEI-auðkenni er ekki tiltækt, sem skal vera samkvæmur til lengri tíma. Þessi liður á við um alla mótaðila, þ.m.t. fyrir afleiður sem stöðustofnaðar eru í gegnum miðlægan mótaðila, og vísar þá kóði mótaðila til þess miðlæga mótaðila.
C0280	Tegund kóða mótaðila	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0290	Ytra mat	Á eingöngu við um OTC-afleiður. Lánshæfismatið á mótaðila afleiðunnar á viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem veitt er af tilnefndri lánshæfismatsstofnun (utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki). Þessi liður á ekki við um afleiður sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Ef lánshæfismat á útgefanda er ekki tiltækt skal liðurinn látinn óútfylltur.
C0300	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0290, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á að tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki). — Þessi liður skal tilgreindur þegar „Ytra mat“ (C0290) er gefið upp.
C0310	Lánshæfisþrep	Tilgreina lánshæfisþrepið sem mótaðilanum að afleiðunni er úthlutað, eins og skilgreint er í 1. mgr. 109. gr. a tilskipun 2009/138/EB. Lánshæfisþrepið skal endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem félögin sem nota staðalregluna gera innanhúss.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Þessi liður á ekki við um afleiður sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1 2 – Lánshæfisþrep 2 3 – Lánshæfisþrep 3 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt
C0320	Innra mat	Innra mat á afleiðum fyrir félög sem nota innri möt. Fyrir félög sem beita aðlögun vegna samræmingar skal innra mat tilgreint að því marki sem innri möt eru notuð til að reikna út grundvallaráhættuálagið sem um getur í 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB.
C0330	Samstæða mótaðila	Á eingöngu við um OTC-afleiður, varðandi samningsbundna mótaðila, aðra en gjaldeyrismarkað og miðlægan mótaðila. Heiti á endanlegu móðurfélagi mótaðila. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu.
C0340	Kóði samstæðu mótaðila	Á eingöngu við um OTC-afleiður, varðandi samningsbundna mótaðila, aðra en gjaldeyrismarkað og miðlægan mótaðila. Auðkenniskóði mótaðilans, samkvæmt eftirfarandi forgangsröð: — LEI-auðkenni, þegar tiltækt — Kóða sem félagið úthlutar, þegar LEI-auðkenni er ekki tiltækt, sem skal vera samkvæmur til lengri tíma. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið.
C0350	Tegund kóða samstæðu mótaðila	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði samstæðu mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0360	Heiti samnings	Heiti afleiðusamningsins.
C0370	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðil afleiðunnar, þ.e. gjaldmiðil fyrir grundvallarfjárhæð afleiðunnar (t.d. valrétt sem er með undirliggjandi fjárhæð í bandaríkjadölum, gjaldmiðil þar sem grundvallarfjárhæðin er gefin upp sem samningsbundin vegna skiptasamnings í erlendum gjaldeyri, o.s.frv.).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0371	Gjaldmiðill verðs	ISO-staðall 4217 bókstafakóði fyrir verðgjaldmiðil afleiðunnar skal tilgreindur, þ.e. gjaldmiðill fjárhæðarinnar sem skipst er á fyrir grundvallarfjárhæð afleiðunnar. Til dæmis ef félagið greiðir (eða móttekur) gjaldmiðil A fyrir grundvallarfjárhæðina (gjaldmiðil B), er verðgjaldmiðillinn A. Gjaldmiðillinn fyrir grundvallarfjárhæðina er B, tilgreint í (C0370).
C0380	Uppbótarauðkenniskóði (CIC)	Uppbótarauðkenniskóði sem notaður er til að flokka eignir, eins og sett er fram í VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þegar afleiður eru flokkaðar með því að nota CIC-töfluna skulu félög taka tillit til dæmigerðustu áhættunnar sem afleiðan er óvarinn fyrir.
C0390	Virði kveikjuatburðar	Viðmiðunarverð fyrir framtíðarsamninga, lausnarverð fyrir valrétti (fyrir skuldabréf skal verðið vera prósenta af nafnverði), gengi gjaldmiðils eða vextir fyrir framvirka samninga, o.s.frv. Á ekki við um CIC D3 – Vextir og gjaldeyrisskiptasamningar. Skal ekki gefið upp fyrir CIC F1 – Skuldatryggingar, ef það er ekki mögulegt. Ef um er að ræða fleiri en einn kveikjuatburð til lengri tíma, skal tilgreina næsta kveikjuatburð sem á sér stað. Þegar afleiðan er með verðbil fyrir virði kveikjuatburðar skal tilgreina hvert þeirra aðgreint með kommu „ ,“ ef verðbilið er ekki samfellt og tilgreina verðbilið aðgreint með „–“ ef það er samfellt.
C0400	Kveikjuatburður sem leiðir til slita samnings	Atburðurinn sem veldur slitum samningsins, fyrir utan að renna út með venjulegum hætti eða vegna samningsskilyrða, skal tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gjaldþrot undirliggjandi aðila eða viðmiðunaraðila 2 – Óhagstætt verðfall á undirliggjandi viðmiðunareign 3 – Óhagstæð breyting í lánshæfismati undirliggjandi eignar eða aðila 4 – Skuldskeyting, þ.e. útskipti á afleiðuskuldbindingu fyrir nýja skuldbindingu, eða útskipti á aðila að afleiðunni fyrir nýjan aðila. 5 – Margir atburðir eða samsetning atburða 6 – Aðrir atburðir sem ofangreindir valkostir ná ekki yfir 9 – Enginn kveikjuatburður sem leiðir til slita
C0430	Lokagjalddagi	Tilgreina samningsbundna skilgreinda kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir lokadagsetningu afleiðusamningsins, hvort sem á gjalddaga eða degi sem valréttir (evrópskir eða amerískir) renna út, o.s.frv.
C0440	Afhentur skiptasamningur	Tilgreina hverju félagið skilar samkvæmt skiptasamningnum (t.d. Euribor-vöxtum + 0,5%, 2,3%, EUR).
C0450	Móttekinn skiptasamningur	Tilgreina hvað félagið fær samkvæmt skiptasamningnum (t.d. Euribor-vexti + 0,5%, 2,3%, EUR).

S.09.01 – Upplýsingar um ágóða/tekjur og tap á tímabilinu

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát inniheldur upplýsingar um ágóða/tekjur og tap eftir eignaflokki (þ.m.t. afleiðum), þ.e. ekki er krafist gagnaskila lið fyrir lið. Eignaflokkarnir sem fjallað er um í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040	Eignaflokkur	Tilgreina eignaflokkana sem eru í eignasafninu. Nota flokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar.
C0050	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, annarra innri sjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Hagnaði/tekjum að því er varðar eignir sem undirliggjandi eru vátryggingaskuld líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og hagnaði/tekjum og tapi að því er varðar eignir sem undirliggjandi eru vátryggingaskuld skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatryggingaeignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“.
C0060	Eignir sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum	Tilgreina eignirnar sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg
C0070	Arðgreiðslur	Fjárhæð arðgreiðslna yfir gagnaskilatímabilið, þ.e. mótteknar arðgreiðslur að frádregnum réttinum til að taka við arðgreiðslu sem þegar hefur verið færð við upphaf gagnaskilatímabilsins, að viðbættum réttinum til að fá arðgreiðslu sem færð er við lok gagnaskilatímabilsins. Á við um eignir með arðgreiðslum eins og hlutabréf, forgangsverðbréf og sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Nær einnig yfir arð af eignum sem hafa verið seldar eða fallið í gjalddaga.
C0080	Vextir	Fjárhæð áunninna vaxta, þ.e. móttekinna vaxta að frádregnum áföllnum vöxtum við upphafa tímabilsins, að viðbættum áföllnum vöxtum við lok gagnaskilatímabilsins. Nær yfir móttekna vexti þegar eignin er seld/fellur í gjalddaga eða þegar arðmiðinn er móttekin. Á við um eignir með arðmiða- og vaxtagreiðslum eins og skuldabréf, lán og innstæður.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Leiga	Fjárhæð leigutekna, þ.e. móttekinnar leigu að frádreginni áfallinni leigu við upphafa tímabilsins, að viðbættri áfallinni leigu við lok gagnaskilatímabilsins. Nær einnig yfir móttekna leigu þegar eignin er seld eða fellur í gjalddaga. Á eingöngu við um fasteignir, án tillit til hlutverks þeirra.
C0100	Hreinn ágóði og tap	Hreinn ágóði og tap af eignum sem seldar hafa verið eða fallið í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu. Ágóðinn og tapið eru reiknuð út sem mismunurinn á milli söluvirðis eða virðis á gjalddaga og virðisins samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB við lok undangengins gagnaskilaárs (eða, í tilviki eigna sem keyptar eru á gagnaskilatímabilinu, yfirtökuvirðið). Hreina virðið getur verið jákvætt, neikvætt eða núll. Þennan útreikning skal gera án áfallinna vaxta.
C0110	Óinnleystur ágóði og tap	Óinnleystur ágóði og tap af eignum sem seldar hafa verið eða fallið í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu. Óinnleysti ágóðinn og tapið eru reiknuð út sem mismunurinn á milli virðisins samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB við lok gagnaskilaársins og virðisins samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB við lok undangengins gagnaskilaárs (eða, í tilviki eigna sem keyptar eru á gagnaskilatímabilinu, yfirtökuvirðisins). Hreina virðið getur verið jákvætt, neikvætt eða núll. Þennan útreikning skal gera án áfallinna vaxta.

S.10.01 – Verðbréfalánveiting og endurhverf verðbréfakaup

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát inniheldur skrá lið fyrir lið, yfir samninga um verðbréfalánveitingar og endurhverf verðbréfakaup (kaupandi og seljandi), í beinni eigu félagsins (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar), og nær einnig yfir lausafjárskiptasamningana sem um getur í f-lið 2. mgr. 309. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

Það skal eingöngu tilgreint þegar virði undirliggjandi verðbréfa innan og utan efnahagsreiknings sem ganga inn í lánveitinguna eða endurhverfu verðbréfakaupin, með gjalddaga eftir viðmiðunardagsetningu gagnaskila, stendur fyrir meira en 5% af heildarfjárfestingunum eins og tilgreint er í C0010/R0070 og C0010/R0220 sniðmáts S.02.01.

Tilgreina skal alla samninga sem eru á efnahagsreikningnum eða utan efnahagsreikningsins. Upplýsingarnar skulu ná yfir alla samninga á gagnaskilatímabilinu, án tillit til þess hvort þeir voru opnir eða lokaðir á gagnaskiladeginum. Fyrir samninga sem eru hluti af framlengingaráætlun, þar sem þeir að verulegu leyti tilheyra sömu viðskiptum, skal eingöngu tilkynna um opnar stöður.

Endurhverf verðbréfakaup (e. *repo*) eru skilgreind sem sala á verðbréfum að meðfylgjandi samkomulagi um að seljandinn kaupi verðbréfin til baka síðar. Verðbréfalánveiting er skilgreind sem lán eins aðila á verðbréfum til annars aðila, sem kallar á að lántakinn leggi fram veðtryggingu til lánveitandans.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar.

Hver og einn samningur um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingu skal tilgreindur í eins mörgum línum og þörf er á til að veita upplýsingarnar sem krafist er. Ef fyrir einn lið, einn valkostur passar einum hluta gerningsins sem tilgreindur er og annar valkostur öðrum hluta, þá þarf að sundurgreina samninginn nema annað sé tekið fram í leiðbeiningunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Undirliggjandi eignum vátryggingaskuldar líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og undirliggjandi eignum vátryggingaskuldar skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatryggingaeignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“. Fyrir eignir sem haldið er utan efnahagsreiknings skal ekki tilgreina þennan lið.
C0050	Sjóðsnúmer	Gildir fyrir eignir sem haldið er í vörðum sjóðum eða öðrum innri sjóðum sem skilgreindir eru samkvæmt landsbundnum mörkuðum, einkum varðandi sjóði (eignasöfn) sem styðja við líftryggingaafurðir. Númer eða kóði sem úthlutað er af félaginu, sem samsvarar einkvæma númerinu eða kóðanum sem hverjum sjóði er úthlutað. Þetta númer eða kóði verður að vera samkvæmt til lengri tíma og skal notað til að auðkenna sömu sjóði í öðrum sniðmátum (t.d. í S.06.02, S.14.01). Það skal ekki endurnotað fyrir annan sjóð. Sjóðsnúmerið er ekki skyldubundið, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað.
C0060	Eignaflokkur	Tilgreina eignaflokka undirliggjandi eignar sem lánuð/veitt er sem hluti af verðbréfalánveitingum eða endurhverfum verðbréfakaupum. Nota flokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar.
C0070	Heiti mótaðila	Heiti mótaðilans að samningnum. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu.
C0080	Kóði mótaðila	Auðkenniskóði mótaðilans með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið.
C0090	Tegund kóða mótaðila	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0100	Eignaflokkur mótaðila	Tilgreina veigamesta eignaflokkinn sem fengin er að láni/móttekin sem hluti af verðbréfalánveitingum eða endurhverfum verðbréfakaupum. Nota eignaflokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar.
C0110	Eignir sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum	Tilgreina hvort undirliggjandi eign, sem gefin er upp í C0060, er haldið í söfnunarlíftryggingasamningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg
C0120	Staða innan samningsins	Tilgreina hvort félagið er kaupandi eða seljandi í endurhverfu verðbréfakaupunum eða lánveitandi eða lántaki í verðbréfalánveitingunni. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Kaupandi í endurhverfum verðbréfakaupum 2 – Seljandi í endurhverfum verðbréfakaupum 3 – Lánveitandi í verðbréfalánveitingu 4 – Lántaki í verðbréfalánveitingu
C0130	Fjárhæð upphafsleggs	Stendur fyrir eftirfarandi fjárhæð: — Kaupandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Móttekin fjárhæð við upphaf samningsins — Seljandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Afsöluð fjárhæð við upphaf samningsins — Lánveitandi í verðbréfalánveitingu: Móttekin fjárhæð sem trygging við upphaf samningsins — Lántaki í verðbréfalánveitingu: Fjárhæð eða markaðsvirði móttekinna verðbréfa við upphaf samningsins
C0140	Fjárhæð lokaleggs	Þessi liður á eingöngu við um endurhverf verðbréfakaup og stendur fyrir eftirfarandi fjárhæðir: — Kaupandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Afsöluð fjárhæð á gjalddaga samningsins — Seljandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Móttekin fjárhæð á gjalddaga samningsins
C0150	Upphafsdagur	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir upphafsdag samningsins. Upphafsdagur samningsins vísar til dagsetningarinnar þegar skuldbindingar samkvæmt samningnum verða virkar.
C0160	Lokagjalddagi	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir lokadagsetningu samningsins. Jafnvel þótt samningurinn sé án fasts líftíma, rennur hann venjulega út á tilteknum degi. Í þeim tilvikum verður að tilgreina þessa dagsetningu, ef engin innlausn á sér stað fyrir þann tíma. Samningi telst slitið þegar hann hefur fallið í gjalddaga, innlausn á sér stað eða samningnum er sagt upp. Fyrir samninga með engan skilgreindan gjalddaga skal tilgreina „31–12–9999“.
C0170	Virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II	Þessi liður á eingöngu við um samninga sem enn eru opnir á gagnaskiladeginum. Virði samninga um endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalánveitingu, samkvæmt reglum 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB um verðmat á samningum. Þetta virði getur verið jákvætt, neikvætt eða núll.

S.11.01 – Eignum haldið sem veði

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát skal eingöngu lagt fram árlega þegar hlutfallið á virði eignanna sem haldið er sem veði af heildarefnahagsreikningi fer yfir 10%.

Ekki skal tilgreina safn eigna sem er til tryggingar fjárfestingu (þ.e. safn eigna sem veðsett er fyrir sértryggð skuldabréf) í þessu sniðmáti. Veðtryggingin sem ver endurtryggingarkröfur skal tilgreind í sniðmáti S.11.01.

Þetta sniðmát inniheldur skrá lið fyrir lið, yfir eignir utan efnahagsreiknings sem haldið er sem veði til að verja eignir á efnahagsreikningi sem eru í beinni eigu félagsins (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) við lok gagnaskilatímabilsins. Veðtryggingum telst „haldið“ þegar félagið á „rétt á beinum aðgangi að veðtryggingunni“, þannig að veðtryggingin hefur verið skuldbundin einingunni og er auðgreinanleg sérstaklega.

Það samanstendur af ítarlegum upplýsingum að því er varðar eignirnar sem haldið er sem veði, en ekki hvað varðar veðsetningarfyrirkomulagið.

Ef um er að ræða veðtryggingasafn eða veðsetningarfyrirkomulag sem samanstendur að mörgum eignum, skal tilgreina eins margar línur og eignirnar eru í safninu eða fyrirkomulaginu.

Þetta sniðmát samanstendur af tveim töflum: Upplýsingar um stöður sem haldið er og upplýsingar um eignir.

Í töflunni „Upplýsingar um stöður sem haldið er“ skal tilgreina sérstaklega hverja eign sem haldið er sem veði í eins mörgum línum og þörf er á til að færa á tilhlýðilegan hátt inn allar breytur sem krafist er í þeirri töflu. Ef hægt er að færa tvö virði á eina breytu fyrir sömu eign þarf að tilgreina þessa eign í fleiri en einni línu. Fasteign sem haldið er sem tryggingu fyrir veðlánum til einstaklinga skal tilgreind í einni línu.

Í töflunni „Upplýsingar um eignir“ skal tilgreina sérstaklega hverja eign sem haldið er sem veði, með einni línu fyrir hverja eign og færa inn allar viðeigandi breytur sem krafist er í þeirri töflu.

Allir liðir nema liðirnir „Tegund eignar sem veðtryggingu er haldið fyrir“ (C0140), „Heiti mótaðilans sem setur veðtrygginguna“ (C0060) og „Heiti samstæðu mótaðilans sem setur veðtrygginguna“ (C0070), tengjast upplýsingum um eignirnar sem haldið er sem veði. Liður C0140 tengist eigninni á efnahagsreikningnum sem veðtryggingu er haldið fyrir, en liðir C0060 og C0070 tengjast mótaðilanum sem setur veðtrygginguna.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar.

Sniðmát S.11.01 inniheldur eignir utan efnahagsreiknings sem haldið er sem veði til að verja eignir á efnahagsreikningi sem eru í beinni eigu félagsins og skulu þessar fjárhæðir einnig tilgreindar í S.03.01 í C0020/R0100 til R0130.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um stöður sem haldið er		
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur. — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að gefa upp eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050	Tegund eignaauðkenniskóða	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauð-kenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.
C0060	Heiti mótaðila sem setur veðtrygginguna	Heitið á mótaðilanum sem setur veðtrygginguna. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Þegar eignirnar á efnahagsreikningnum sem veðtryggingunni er haldið fyrir eru lán gegn tryggingum, skal tilgreina „Vátryggingartaka“.
C0070	Heiti samstæðu mótaðilans sem setur veðtrygginguna	Tilgreina efnahagslega samstæðu mótaðilans sem setur veðtrygginguna. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Þessi liður á ekki við þegar eignirnar á efnahagsreikningnum sem veðtryggingu er haldið fyrir eru lán gegn tryggingum.
C0080	Vörsluland	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem eignir félags eru í vörslu. Til að tilgreina alþjóðlega vörsluaðila, eins og Euroclear, er vörslulandið það land þar sem fjárvörsluþjónustan var skilgreind samkvæmt samningi. Ef sama eignin er í vörslu í fleiri en einu landi skal tilgreina hverja eign sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að öll vörslulönd séu tilgreind á tilhlýðilegan hátt. Þessi liður á ekki við um veðtryggingar í CIC-flokki 8 – Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75 og um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir. Varðandi CIC-flokk 9, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), ákvarðast land útgefanda af heimilisfangi fasteignarinnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Magn	Fjöldi eigna, fyrir allar eignir, ef við á. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Nafnverð“ (C0100) er gefinn upp.
C0100	Nafnverð	Útistandandi fjárhæð á nafnverði (e. *par amount*), fyrir allar eignir þar sem þessi liður á við, og á nafnverð (e. *nominal amount*) fyrir CIC = 72, 73, 74, 75, 79 og 8. Þessi liður á ekki við um CIC-flokka 71 og 9. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Magn“ (C0090) er gefinn upp.
C0110	Virðismatsaðferð	Tilgreina virðismatsaðferðina sem notuð er þegar eignir eru verðmetnar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir sömu eignir 2 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir svipaðar eignir 3 – fráviksaðferðir fyrir virðismat 4 – leiðréttar hlutdeildaraðferðir (eiga við um verðmat á hlutdeildum) 5 – hlutdeildaraðferðir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (eiga við um verðmat á hlutdeildum) 6 – Markaðsvirði samkvæmt 4. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35
C0120	Heildarfjárhæð	Virði reiknað út eins og skilgreint er í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem samsvarar: — margfölduninni á „Nafnverð“ (útstandandi höfuðstóll mældur á nafnverði) með „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ plús „Áfallnir vextir“, fyrir eignir þar sem fyrstu tveir liðirnir eiga við, — margfölduninni á „Magn“ með „Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II“, fyrir eignir þar sem þessir tveir liðir eiga við, — virði eigna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II fyrir eignir sem hægt er að flokka undir eignaflokka 71 og 9.
C0130	Áfallnir vextir	Gefa upp fjárhæð uppsafnaðra vaxta eftir síðasta arðmiðadagsetningu fyrir vaxtaberandi verðbréf. Athuga að þetta virði er einnig hluti af liðnum „Heildarfjárhæð“.
C0140	Tegund eignar sem veðtryggingu er haldið fyrir	Tilgreina tegund eignar sem veðtryggingunni er haldið fyrir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ríkisskuldabréf 2 – Fyrirtækjaskuldabréf 3 – Hlutafé 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar 6 – Veðtryggð verðbréf 7 – Reiðufé og innlán 8 – Veðlán og lán 9 – Fasteignir

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		0 – Aðrar fjárfestingar (þ.m.t. viðskiptakröfur) X – Afleiður Til dæmis skal valkostur „0 – Aðrar fjárfestingar“ valinn fyrir veðtrygginguna sem ver endurtryggingarkröfur

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR

Upplýsingar um eignir

C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur. — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að gefa upp eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“
C0050	Tegund eignaauðkenniskóða	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150	Heiti liðs	Tilgreina tilkynnta liðinn með því að færa inn heiti eignarinnar (eða heimilisfangið ef um er að ræða fasteign) ásamt upplýsingunum sem félagið ákvarðar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga, skal þessi liður innihalda „Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar“ eða „Lán til annarra einstaklinga“, samkvæmt eðli þeirra, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir. Lán til annarra en einstaklinga skal tilgreina línu fyrir línu. — Þessi liður á ekki við um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, eða um CIC 71 og CIC 75. — Þegar veðtryggingin samanstendur af vátryggingarsamningum (varðandi lán sem veðtryggð eru með vátryggingarsamningum) þarf ekki að einstaklingssníða þessa samninga og þessi liður á ekki við. — Fyrir fasteign skal tilgreina landskóða ISO Alpha-2 + póstnúmer + borg + götuheiti + götunúmer fasteignarinnar sem haldið er, eða breiddar- og lengdargráðu, eða CRESTA/NUTS-flokkun landsvæðis fjárfestingareignarinnar: stjórnsýsluleg mörk (t.d. fylkis- eða sýslumörk, t.d. 3. stig NUTS) eða samsteypt póstnúmerasvæði (t.d. tvo fyrstu tölustafi póstnúmerasvæða, svipað og CRESTA 2019[2] svæði í lítilli upplausn).
C0160	Heiti útgefanda	Heiti útgefandans, skilgreint sem einingin sem gefur út eignir til fjárfesta, sem standa fyrir hluta af fjármagni hennar, hluta af skuld hennar, afleiður, o.s.frv. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er heiti útgefandans heitið á rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er heiti útgefandans heitið á vörsluaðilanum, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga, skal þessi liður innihalda „Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar“ eða „Lán til annarra einstaklinga“, samkvæmt eðli þeirra, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, — Varðandi CIC 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0170	Kóði útgefanda	Tilgreining á kóða útgefandans með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er kóði útgefandans kóðinn fyrir rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er kóði útgefandans kóðinn fyrir vörsluaðilann,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign, Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga.
C0180	Tegund kóða útgefanda	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga. Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0190	Geiri útgefanda	Tilgreina atvinnuveg útgefandans, byggt á kóða nýjustu útgáfu atvinnugreina-flokkunar Evrópusambandsins (NACE) (eins og birt er í EB-reglugerð). Fyrir þætti A til N í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) er krafist að allir fjórir tölustafir NACE-kóðans séu tilgreindir, þ.e. nota skal bókstafinn sem auðkennir þáttinn og þar á eftir 4 tölustafa kóðann fyrir flokkinn (t.d. „K6411“). Fyrir þættina sem eftir eru skal að lágmarki nota bókstafatilvísun NACE-kóðans, sem auðkennir þáttinn, til að auðkenna þættina (t.d. væri „P“ eða „P8501“ ásættanlegt). Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er atvinnuvegur útgefandans atvinnuvegurinn sem rekstraraðili sjóðsins tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er atvinnuvegur útgefandans sá atvinnuvegur sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga.
C0200	Heiti samstæðu útgefanda	Heiti á endanlegu móðurfélagi útgefanda. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, eiga tengsl samstæðunnar við um rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán (fyrir veðlán og lán til einstaklinga) — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0210	Kóði samstæðu útgefanda	Auðkenniskóði samstæðu útgefanda með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, eiga tengsl samstæðunnar við um rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán (fyrir veðlán og lán til einstaklinga) Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0220	Tegund kóða samstæðu útgefanda	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Samstæðukóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga. Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0230	Land útgefanda	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem útgefandinn er staðsettur. Staðfang útgefandans ákvarðast af heimilisfangi einingarinnar sem gefur út eignina. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er land útgefandans landið sem rekstraraðili sjóðsins tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er land útgefandans landið sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: — ISO 3166-1-alpha-2 kóða — XA: Yfirþjóðlegir útgefendur — EU: Stofnanir Evrópusambandsins
C0240	Gjaldmiðill	Tilgreina ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðils útgáfunnar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán (fyrir veðlán og lán til einstaklinga, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir), CIC 75 og um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), af sömu ástæðu. — Varðandi CIC-flokk 9, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), samsvarar gjaldmiðillinn gjaldmiðli fjárfestingarinnar.
C0250	Uppbótarauðkenniskóði (CIC)	Uppbótarauðkenniskóði sem notaður er til að flokka eignir, eins og sett er fram í VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þegar eign er flokkuð með því að nota CIC-töfluna skulu félög taka tillit til dæmigerðustu áhættunnar sem eignin er óvarinn fyrir.
C0260	Einingarverð	Einingarverð eignarinnar, ef við á. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ (C0270) er gefinn upp.
C0270	Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II	Fjárhæð í prósentum af bókfærðu verði, hreint verð án áfallinna vaxta, fyrir eignina, ef við á. Þessi liður skal tilgreindur ef upplýsingar hafa verið veittar um „nafnverð“ (C0100) í fyrsta hluta sniðmátsins („Upplýsingar um stöður sem haldið er“) nema fyrir CIC-flokka 71 og 9. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II“ (C0260) er gefinn upp.
C0280	Lokagjalddagi	Á eingöngu við um CIC-flokka 1, 2, 5, 6 og 8, CIC 74 og CIC 79. Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir gjalddagann. Hann samsvarar alltaf gjalddaganum, jafnvel fyrir innkallanleg verðbréf. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Fyrir skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma skal tilgreina „31–12–9999“ — Fyrir CIC-flokk 8, varðandi lán og veðlán til einstaklinga, skal tilgreina vegna (á grundvelli fjárhæðar láns) líftímann sem eftir er.

S.12.01 – Vátryggingaskuld líf- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist ársfjórðungslegri og árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Félög geta beitt viðeigandi nálgunum í útreikningnum á vátryggingaskuldinni eins og um getur í 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Auk þess má beita 59. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 til að reikna út áhættuálagið innan fjárhagsársins.

Vátryggingagrein fyrir líftryggingaskuldbindingar: Vátryggingagreinar, sem um getur í 80. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Lagskiptingin skal endurspegla eðli áhættunnar sem er undirliggjandi samningnum (innihald), fremur en félagsform samningsins (form). Þegar vátrygginga- eða endurtryggingasamningur nær yfir áhættu þvert á vátryggingagreinar skal að jafnaði sundurgreina, ef mögulegt er, skuldbindingarnar á viðeigandi vátryggingagrein (55. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35).

Vátryggingagreinar „Söfnunarlíftrygging“, „Önnur líftrygging“ og „Heilsutrygging“ er skipt á milli „Samningar án valrétta og tryggingа“ og „Samningar með valréttum eða tryggingum“. Fyrir þessa skiptingu skal taka tillit til eftirfarandi:

— „Samningar án valrétta og tryggingа“ skulu innihalda fjárhæðirnar sem tengjast samningum án nokkurra fjárhagslegra trygginga eða samningsbundinna valrétta, í merkingunni að útreikningurinn á vátryggingaskuldinni endurspegli ekki fjárhæðina á neinum fjárhagslegum tryggingum eða samningsbundnum valréttum. Samninga með óverulega samningsbundna valrétti eða fjárhagslegar tryggingar sem ekki eru endurspegluð í útreikningnum á vátryggingaskuldinni skal einnig tilgreina í þessum dálki.

— „Samningar með valréttum eða ábyrgðum“ skulu innihalda samninga sem annað hvort eru með fjárhagslegar tryggingar, samningsbundna valrétti, eða bæði, að svo miklu leyti sem útreikningurinn á vátryggingaskuldinni endurspegli þessar fjárhagslegu tryggingar eða samningsbundnu valrétti.

Upplýsingarnar sem tilgreindar eru skulu vera án frádráttar á endurtryggingu þar sem krafist er að upplýsingar um endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu séu tilgreindar í sérstakri línu.

Allar tilvísanir í endurkaupsvirði eiga ekki við um endurtryggingastarfsemina.

Upplýsingarnar sem tilgreina á milli R0010 og R0100 skulu vera á eftir aðlögun vegna óstöðugleika, aðlögun vegna samræmingar og umbreytingaraðlögun á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil, ef honum er beitt, en skulu ekki innihalda umbreytingarfrádráttinn á vátryggingaskuld. Krafist er að fjárhæð umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld sé tilgreind sérstaklega á milli lína R0110 og R0130.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Varinn sjóður/Eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild		
C0020, C0030, C0060, C0090, C0100, C0110, C0120, C0130, C0140, C0160, C0190, C0200/R0010	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Vátryggingaskuld reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0150/R0010	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – alls (líftrygging, önnur en heilsutrygging, þ.m.t. einingatengdar söfnunarlíftryggingar)	Heildarvátryggingaskuld reiknuð út sem heild fyrir líftryggingu, aðra en heilsutryggingu, þ.m.t. einingatengdar söfnunarlíftryggingar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0210/R0010	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – alls (heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging)	Heildarvátryggingaskuld reiknuð út sem heild fyrir heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.
C0020, C0030, C0060, C0090, C0100 til C0140, C0160, C0190, C0200/R0020	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu (e. *Finite Re*) eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila á vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0150/R0020	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – alls (líftrygging, önnur en heilsutrygging, þ.m.t. einingatengdar söfnunarlíftryggingar)	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila á vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild fyrir líftryggingu, aðra en heilsutryggingu, þ.m.t. einingatengdar söfnunarlíftryggingar.
C0210/R0020	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – alls (heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging)	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila á vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild fyrir heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags		
C0020, C0040, C0050, C0070, C0080, C0090, C0100 til C0140, C0170, C0180, C0190, C0200/R0030	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags, vergt besta mat	Fjárhæð vergs besta mats (án frádráttar frá endurtryggingu, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu samkvæmt 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB) fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0150/R0030	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags, vergt besta mat – alls (líftrygging, önnur en heilsutrygging, þ.m.t. einingatengdar söfnunarlíftryggingar)	Heildarfjárhæð vergs besta mats (án frádráttar frá endurtryggingu, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu samkvæmt 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB), fyrir líftryggingu, aðra en heilsutryggingu, þ.m.t. einingatengdar söfnunarlíftryggingar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0100	Heildarfjárhæð greiddra umboðslauna á árinu	Umboðslaun ættu að innihalda öll form peningalegs ávinnings sem sérhver annar aðili en viðskiptavinurinn eða þriðji aðili sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinarins greiðir til dreifingaraðila vátrygginga, í tengslum við dreifingu vátrygginga. Þar sem umboðslaun eru almennt reiknuð út sem prósenta af iðgjaldi sem viðskiptavinurinn greiðir fyrir vátryggingavernd, á þetta við um sérhverja tegund greiðslu til dreifingaraðila vátrygginga (t.d. greitt/móttekið upphaflega á grundvelli frágengins vátryggingarsamnings eða greitt/móttekið á endurteknum grunni).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0110	Heildarfjárhæð greiddra tjóna á árinu	Bókfært tjón á árinu sem tengjast samtölunni fyrir frumtryggingastarfsemi. Það skal ekki innihalda breytingar á varúðarniðurfærslum fyrir tjón sem hafa ekki ennþá verið greidd og undanskilja kostnað vegna tjónauppgjörs og hreyfingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0120	Land	ISO 3166–1 alpha–2 landskóði eða skrá yfir kóða samkvæmt eftirfarandi leiðbeiningum: — ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem samningurinn var gerður, fyrir lönd sem standa fyrir meira en 10% af vátryggingaskuld eða bókfærðum iðgjöldum fyrir tiltekna afurð. — fyrir lönd sem standa fyrir minna en 10% af vátryggingaskuld eða bókfærðum iðgjöldum fyrir tiltekna afurð, skal tilgreina skrá með ISO 3166–1 alpha–2 kóðum hlutaðeigandi landa.

Upplýsingar um fjölda tryggðra

C0130	Fjöldi tryggðra við lok ársins	Fyrir afurðir sem falla undir vátryggingagrein 1 og afurðaflokka 11.1 og 12.2 á að tilgreina heildarfjölda tryggðra fyrir samninga sem tilkynntir eru undir C0050.
C0140	Fjöldi tryggðra fasteigna við lok ársins	Fyrir afurðir sem falla undir vátryggingagrein 4 og 5 á að tilgreina heildarfjölda tryggðra fasteigna fyrir samninga sem tilkynntir eru undir C0050.

S.14.03 – Nettryggingaráhætta

Almennar athugasemdir

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á við um skaðatryggingafélög og endurtryggingafélög sem tryggja afurðir sem ná yfir netáhættu eins og skilgreint er í þessum leiðbeiningum.

Félög eiga að veita upplýsingar sem tengjast netáhættu, sem tryggð er eftir kóða afurðaflokks og eftir afurðarauðkenni. Þegar fleiri en ein söluafurð er veitt fyrir sömu afurðarauðkenningu, sömu vátryggingargrein og sömu áhættuþekju, skulu afurðir tilgreindar með því að nota sér línu, þar sem settur er fram „Kóði afurðaflokks“ sem félagið skilgreinir til að auðkenna flokk tilgreindra afurða. Ekki er hægt að taka saman afurðir innan sömu afurðarauðkenningar sem deila ekki einkennunum sem um ræðir og skulu því tilgreindar með því að nota einstakar línur.

Þegar þörf er á sérstökum rökstuðningi á útskýringin ekki að vera lögð fram innan gagnaskilasniðmátsins, heldur skal hún vera hluti skoðanaskipta milli félaganna og lögbæru landsyfirvaldanna (NCA).

Sniðmátið skal falla undir beitingu viðmiðunarmarka er byggja á eftirfarandi:

— Samtalan á iðgjöldum tímabilsins fyrir einstaka nettryggingasamninga og samninga með netið sem viðbótartryggingavernd (þegar einungis ætti að taka tillit til (áætlaðra) iðgjalda tímabilsins fyrir netáhættu) er hærri en 5% af heildarskaðatrygginastarfseminni sem félagið leggur stund á, eða hærri en 5 milljón evrur,

  EÐA

— Fjöldi tryggingasamninga sem innihalda nettryggingavernd (þ.e. einstakan net- og/eða viðbótarnettryggingarsamning) standa fyrir meira en 3% af heildarfjölda samninga skaðatrygginastarfseminnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Kóði afurðaflokks	Innri auðkenniskóði afurðaflokks sem félagið skilgreinir. Kóði afurðaflokks skal vera samkvæmur til lengri tíma.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Í þeim tilvikum þegar tilkynna þarf sama afurðakóða í fleiri en einni línu skal innihald C0010 fylgja þessu tilteknu mynstri: {}{Kóði afurðaflokks}}/ + /{}{höfuðtala}}. Til dæmis „AB222/ + /1“.
C0020	Markhópur	Auðkenning á markhópi Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – B2B (viðskipti milli fyrirtækja) 2 – Við einkaaðila 3 – Bæði Að gefnum sundurgreinanleika áhættu sem auðkennd er í reit C0060, er eingöngu gert ráð fyrir valkosti 3 sem undantekningartilviki við venjubundna auðkenningu markhópsins fyrri afurðaflokka.
C0030	Afurðarauðkenning	Auðkenning afurðaflokksins Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1) Eigið tap 2) Tap þriðja aðila 3) Kostnaður og tengd þjónusta Eigið tap nær yfir töp sem tengjast eigin gögnum vátryggingartaka eða tekjutapi, þ.m.t. sérhverjar neikvæðar afleiðingar, sem leiða af atburði, valdið geta gagnaöryggisrofi eða netárás á fyrirtæki/einkasvið vátryggingartaka. Tap þriðja aðila nær yfir töp sem tengjast ábyrgð vátryggingartaka á gagnatjóni eða tekjutapi sem aðrir verða fyrir, þ.m.t. sérhverjar neikvæðar afleiðingar, sem leiða af atburði, valdið geta gagnaöryggisrofi eða netárás á fyrirtæki/einkasvið vátryggingartaka. Kostnaður og tengd þjónusta innihalda tryggingavernd sem eingöngu tengist kostnaði eða þjónustu sem útgefandi tryggingar veitir, í því skyni að endurreisa kerfi og gögn eftir netatburð (þ.m.t. lögfræðikostnað). Að jafnaði er aðeins hægt að velja einn lið úr skránni til að lýsa afurðarauðkenninu, þó er í undantekningartilvikum og þegar um er að ræða gagnaskil frá endurtryggingafélögum heimilað að velja marga. Afurðarauðkenningin er sérstaklega skilgreind með samsetningu vátryggingagreina og lýsingu á áhættu sem fellur undir tryggingaverndina, að því tilskildu að ekki sé fært inn í hið síðarnefnda sem „Annað“ eða að margir af liðunum sem eru í skránni séu valdir. Í því tilviki geta tveir afurðaflokkar sem einkenndir eru með sömu vátryggingargrein(um) og lýsingu á áhættu, sem tekin er með í tryggingaverndina sem „Annað“, ekki verið taldir hafa sömu afurðarauðkenningu og verða að vera tilgreindir í aðskildum línum.
C0040	Nettryggingavernd í afurðarauðkenningunni	Auðkenning á nettryggingavernd í söluafurðum um sem teknar eru með í afurðarauðkenninguna. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1) Einstök nettryggingavernd 2) Viðbótarnettryggingavernd en meginháhætta vörð 3) Viðbótarnettryggingavernd en meginháhætta ekki vörð

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Einstök nettryggingavernd nær yfir alla verndina þar sem einstök nettryggingavernd er veitt (þ.e. sérstök). Viðbótarnettryggingavernd en meginháhætta vörð (> 50%) nær yfir alla vernd þar sem nettryggingavernd er viðbótarliður en stendur fyrir að meginháhættan sé vörð. Viðbótarnettryggingavernd en meginháhætta ekki vörð (< 50%) nær yfir alla vernd þar sem nettryggingavernd er viðbótarliður en stendur ekki fyrir að meginháhættan sé vörð. Einungis er hægt að velja einn lið úr skránni til að einkenna afurðarauðkennið.
C0050	Vátryggingagrein(ar)	Auðkenning á vátryggingagrein sem söluafurðirnar ná yfir. Nota skal valkostina í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging – Sjúkrakostnaðartrygging 14 – Hlutfallsleg endurtrygging – Afkomutrygging 15 – Hlutfallsleg endurtrygging – Atvinnuslysatrygging 16 – Hlutfallsleg endurtrygging – Ábyrgðartrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg endurtrygging – Önnur ökutækjatrygging 18 – Hlutfallsleg endurtrygging – Sjó-, flug- og farmtrygging 19 – Hlutfallsleg endurtrygging – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg endurtrygging – Almenn ábyrgðartrygging 21 – Hlutfallsleg endurtrygging – Greiðslu- og efndatrygging 22 – Hlutfallsleg endurtrygging – Réttaraðstoðartrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging – Ferðamannaaðstoð 24 – Hlutfallsleg endurtrygging – Ýmiss konar fjárhagstjón 25 – Óhlutfallsleg endurtrygging – Heilsa 26 – Óhlutfallsleg endurtrygging – Slys

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		27 – Hlutfallsleg endurtrygging – Sjó, flug og farmur 28 – Óhlutfallsleg endurtrygging – Fasteign
C0060	Lýsing á áhætta sem tekin er með í tryggingaverndina	Lýsing á áhættunni sem tekin er með í tryggingaverndina með því að nota valkostina í eftirfarandi tæmandi skrá: 1) Netkerfistruflanir (vísar til öryggisrofs í netkerfum sem leiðir til truflunar á viðskiptum. Dæmi þar um geta verið dreifðar álagsárásir eða „DdoS“-árásir (þ.e. yfirálag beiðna á vefsetur sem skipulagðar eru af aðilum í illum ásetningi) eða tölvuþrjótur kemst inn á netkerfið og eyðir mikilvægum skrám, eða bætir inn spillikóða sem veldur kerfisbilun) 2) Netkerfistruflanir hjá veitanda útvistunarþjónustu (e. *Outsourced Service Providers* (OSP), þ.e. aðferðarlýsing netþjóns viðskiptavinar sem stýrir aðgangi, bókhaldi, gagnanotkun og innra léni beinis til að auðvelda netþjónustuveitendum (ISP) að styðja við netsímakerfi) 3) Netkerfistruflanir: kerfisbilun sem getur tekið til „óviljandi eða óundirbúins rofs“ í netkerfinu. Bilunin gæti verið vegna mannlegra mistaka, kerfisvillu eða bæði. (t.d. félag sem er að uppfæra bókhaldskerfi sitt getur í ferlinu óvænt valdið því að allt netkerfið frýs) 4) Netfjárkúgun (tegund netglæpa þar sem vefsetur, tölvupóstur, eða tölvukerfi verður fyrir endurtekinni höfnun á þjónustu (DDoS) eða öðrum árásum tölvuþrjóta með illan ásetning, sem krefjast peninga gegn loforði um að hætta árásunum) 5) Rafræn gagnatilvik (tilvik þar sem farið er í viðkvæm gögn, trúnaðargögn eða á annan hátt vernduð gögn og/eða þau birt án leyfis. Gagnaöryggisrof getur tekið til persónulegra heilsufarsupplýsinga (PHI), persónugreinanlegra upplýsinga (PII), viðskiptaleyndarmála eða hugverkaréttinda) 6) Netþjófnaður (getur falið í sér netsvik eða aðra svipaða ólöglega starfsemi) 7) Gagnaendurheimt (vísar til ferlis við afritun öryggisafritunargagna frá varagagnageymslu og enduruppsetningu þeirra á upphaflegan stað eða nýjan. Enduruppsetning er framkvæmd í því skyni að skila gögnum sem hafa tapast, verið stolið eða skemmst, í upphaflegu ástandi eða færa gögn á nýjan stað) 8) Aukaútgjöld 9) Kostnaður við kerfishreinsun 10) Stjórnsýslurannsókn og -viðurlög 11) Efnislegur skaði 12) Gagnavernd og netábyrgð (nær einnig yfir afleiðingar af almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR) varðandi gagnavernd þriðja aðila) 13) Fjölmiðlaábyrgð (þ.e. orðsporsáhætta) 14) Óréttmæt upplýsingasöfnun 15) Brot um fjölmiðlainnihald/meiðyrði 16) Brot á tilkynningarskyldu (mælt er fyrir um tilkynningar um gagnaöryggisrof í skilgreindum tímabilum í lögum og/eða ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR))

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		17) Fyrstu viðbrögð (kostnaður sem stofnað er til þegar brugðist er skjótt við árásum til að koma aftur á þjónustu) 18) Stjórnun atburða (allar athafnir sem þörf er á til að koma eðlilegri starfsemi á aftur) 19) Boðskiptakostnaður (öryggisrof í tengslum við stórgögn getur kallað á hópboðskipti um afleiðingarnar af rofinu) 20) Lánsgagna/auðkennisvöktun (trygging fyrir endurheimt/láns- eða auðkennisgögn sem safnað er frá viðskiptavinum/starfsmönnum o.s.frv.) 21) Endurgreiðslusjóður vegna afbrota (framlag til sjóða á vegum ríkisins sem komið er á til að ná yfir netábyrgð gagnvart þriðju aðilum) 22) Óvænt truflun á viðskiptum 23) Fjármálasvik 24) Annað Tilkynna má fleiri en einn valkost.
C0070	Önnur nánari áhættulýsing	Nánari lýsing á áhættunni ef önnur áhætta er valin.
C0080	Tryggingarfjárhæð(ir)	Heildartryggingarfjárhæðin(irnar) fyrir tilgreindu afurðarauðkenninguna.
C0090	Iðgjöld	Fjárhæð aflaðra heildariðgjalda fyrir tilgreindu afurðarauðkenninguna.
C0100	Endurtryggingarfjárhæð(ir)	Heildartryggingarfjárhæðin(irnar) sem afsalað er til endurtryggingafélaga fyrir tilgreindu afurðarauðkenninguna.
C0110	Fjöldi tjóna sem gerð voru upp með greiðslu	Fjöldi tjóna, fyrir viðkomandi afurðaflokk, sem gerð hafa verið upp með greiðslu á gagnaskilaárinu.
C0120	Fjárhæð greiddra tjóna	Fjöldi tjóna, fyrir viðkomandi afurðarauðkenningu, fyrir tjón sem gerð hafa verið upp með greiðslu á gagnaskilaárinu.
C0130	Fjöldi tjóna sem gerð voru upp án greiðslu	Fjöldi tjóna, fyrir viðkomandi afurðarauðkenningu, sem gerð hafa verið upp án greiðslu á gagnaskilaárinu.
C0140	Vátryggingaskuld	Vátryggingaskuld, fyrir viðkomandi afurðarauðkenningu.

S.16.01 – Upplýsingar um lífeyri sem stafar frá skaðatryggingaskuldbindingum

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstök félög.

Ekki skal tilkynna þetta sniðmát fyrir selda endurtryggingastarfsemi.

Þetta sniðmát skal eingöngu lagt fram fyrir lífeyri, formlega afgreiddan vegna skaðatryggingasamninga og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar og tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar.

Formlega afgreidd sem lífeyrir merkir að eftir málssókn hefur verið úrskurðað að sá vátryggði eigi að fá lífeyrisgreiðslur.

Í því tilviki þegar eftir að skuldbinding hefur formlega verið afgreidd sem lífeyrir sumt af þeirri skuldbindingu endar í framhaldinu með að vera afgreidd með eingreiðslu sem ekki var í upphaflega úrskurðinum um lífeyrisgreiðsluna, ætti að tilgreina þá eingreiðslu í sniðmáti S.16.01, þ.e. kröfugögn eru ekki flutt úr sniðmáti S.16.01 og inn í S.19.01.

Félög eiga að leggja fram gögn á hverju tjónaári eða vátryggingarári, í samræmi við allar kröfur landsbundna eftirlitsyfirvaldsins. Ef landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ekki mælt fyrir um hvort heldur eigi að nota getur félagið notað tjóna- eða vátryggingaár samkvæmt því hvernig þau meðhöndla hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því tilskildu þau noti sama ár með samræmdum hætti, ár eftir ár.

Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir hverja skaðatryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem lífeyrir á uppruna frá og eftir gjaldmiðli, að teknu tilliti til eftirfarandi skilgreininga:

i. Ef besta mat á lífeyriskröfum á afvöxtuðum grunni frá skaðatryggingagrein stendur fyrir meira en 3% af besta mati samtals fyrir allar lífeyriskröfur skulu upplýsingarnar tilgreindar með eftirfarandi skiptingu eftir gjaldmiðlum í viðbót við samtöluna fyrir vátryggingagreinina:

   a) Fjárhæðum fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn,

   b) Fjárhæðum fyrir hvern gjaldmiðil sem standa fyrir meira en 25% af besta mati fyrir lífeyriskröfurnar á afvöxtuðum grunni frá þeirri skaðatryggingagrein, eða

   c) Fjárhæðum fyrir hvern gjaldmiðil sem standa fyrir minna en 25% af besta mati fyrir lífeyriskröfurnar (á afvöxtuðum grunni) frá þeirri skaðatryggingagrein, en meira en 5% af besta mati samtals fyrir allar lífeyriskröfur.

ii. Ef besta mat á lífeyriskröfunum á afvöxtuðum grunni frá einni skaðatryggingagrein stendur fyrir minna en 3% af besta mati samtals fyrir allar lífeyriskröfur er ekki krafist skiptingar eftir gjaldmiðlum, heldur skal eingöngu tilgreina samtöluna fyrir vátryggingagreinina,

iii. Upplýsingarnar skulu tilgreindar í upprunalegum gjaldmiðli samninganna, nema annað sé tekið fram.

iv. Fyrir bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fara að skilyrðunum sem tilgreind eru í 4. og 5. mgr. 5. gr., skal þetta sniðmát lagt fram án skiptingar eftir gjaldmiðli, þ.e. Z0030 er alltaf tilgreint samtals.

Eins og þegar er tilgreint að ofan, hefur þetta sniðmát innri tengsl við sniðmátið S.19.01, skaðatryggingar. Samtala vátryggingaskuldar í sniðmátum S.16.01 og S.19.01 fyrir eina skaðatryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, stendur fyrir besta matið á heildartjónaskuld sem eiga uppruna frá þessari vátryggingagrein (vísar einnig í sniðmát S.19.01). Öll eða hluti skuldbindingar flyst frá S.19.01 til S.16.01, þegar bæði skilyrðin hér að neðan eru uppfyllt:

i. Öll skuldbindingin eða hluti hennar hefur verið formlega afgreidd sem lífeyrir, og

ii. hægt er að ákvarða besta mat skuldbindingar sem formlega hefur verið afgreidd sem lífeyrir með því að nota tæknilegan grunn líftryggingar.

Ár N er gagnaskilaárið.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	Tengd skaðatryggingagrein	Heiti vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Uppruni skuldarinnar (sjúkrakostnaður, tekjuvernd, launþegabætur, ökutækja-ábyrgð, o.s.frv.). Allar tölur í sniðmátinu stafa frá tengdu vátryggingagreininni. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – 1 og 13 Sjúkrakostnaðartrygging 2 – 2 og 14 Afkomutrygging 3 – 3 og 15 Atvinnuslysatrygging 4 – 4 og 16 Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – 5 og 17 Önnur ökutækjatrygging 6 – 6 og 18 Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – 7 og 19 Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – 8 og 20 Almenn ábyrgðartrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		9 – 9 og 21 Greiðslu- og efndatrygging 10 – 10 og 22 Réttaraðstoðartrygging 11 – 11 og 23 Ferðamannaaðstoð 12 – 12 og 24 Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging
Z0020	Tjónaár / Tryggingaár	Tilgreina staðalinn sem félögin nota fyrir gagnaskil um þróun krafna. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tjónaár 2 – Vátryggingaár
Z0030	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir uppgjörsgjaldmiðil skuldbindingarinnar. Allar fjárhæðir, sem eru ekki tilgreindar eftir gjaldmiðli, eru tilgreindar í gagnaskilagjaldmiðli félagsins. Færa skal í þennan reit „Alls“ þegar samtalan fyrir vátryggingagreinina er tilgreind, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Fyrir bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fara að skilyrðunum sem tilgreind eru í 4. og 5. mgr. 5. gr., skal alltaf tilgreina þennan reit samtals.
Z0040	Umreikningur gjaldmiðils	Tilgreina hvort upplýsingarnar sem gefnar eru upp eftir gjaldmiðli séu í upprunalega gjaldmiðlinum (sjálfgefið) eða í gagnaskilagjaldmiðlinum (tekið fram sérstaklega). Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Upprunalegur gjaldmiðill 2 – Gagnaskilagjaldmiðill Á eingöngu við um gagnaskil eftir gjaldmiðli.
Upplýsingar um ár N:		
C0010/R0010	Meðalvextir	Meðalvextir í prósentum (sem tugabrot) við lok árs N
C0010/R0020	Meðallíftími skuldbindinganna	Meðallíftími í árum á grundvelli heildarskuldbindinga við lok árs N
C0010/R0030	Veginn meðalaldur vátryggðra	Vogin skal vera besta matið á lífeyriskröfum við lok árs N. Aldur hinna vátryggðu reiknaður út sem vegið meðaltal fyrir heildarskuldbindingar. Sá vátryggði er einstaklingur sem tekur við greiðslunum, í framhaldi af kröfuatburðinum (sem hefur áhrif á tryggða einstaklinginn) sem veldur þessari tegund greiðslu. Taka ætti tillit til upplýsinganna án frádráttar endurtrygginga.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um lífeyri:		
C0020/R0040 –R0190	Óafvaxtaðar lífeyriskröfur í upphafi árs N	Fjárhæð besta mats á lífeyriskröfum sem stafar frá skaðatryggingaskuldbindingum í upphafi árs N.
C0030/R0040 –R0190	Óafvaxtaðar lífeyriskröfur sem stofnað var til á ári N	Heildarfjárhæð lífeyriskrafna sem stafa frá skaðatryggingaskuldbindingum sem settar voru fram á ári N, frá þeim tímapunkti sem þær voru fyrst settar fram (þ.e. þegar forsendur sem notaðar voru í fyrsta skipti byggðu á tæknilegum grunni líftryggingar) Þetta er hluti af vátryggingaskuld sem stofnað var til á ári N (Nettóhreyfingar milli nýrra varasjóða á ári N/losun varasjóða á ári N).
C0040/R0040 –R0190	Lífeyrisgreiðslur sem greiddar voru á ári N	Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna sem stafar frá skaðatryggingaskuldbindingum á almanaksári N.
C0050/R0040 –R0190	Óafvaxtaðar lífeyriskröfur við lok árs N	Heildarfjárhæð lífeyriskrafna sem stafa frá skaðatryggingaskuldbindingum við lok árs N.
C0060/R0040 –R0190	Fjöldi lífeyrisskuldbindinga við lok árs N	Fjöldi lífeyrisskuldbindinga skaðatryggingar.
C0070/R0040 –R0190	Besta mat á lífeyriskröfum við lok árs N (á afvöxtuðum grunni)	Besta mat sem nær yfir lífeyri sem stafar frá skaðatryggingaskuldbindingum við lok almanaksárs N. Taka ætti tillit til upplýsinganna án frádráttar endurtrygginga.
C0080/R0040 –R0190	Óafvöxtuð niðurstaða þróunar	Óafvöxtuð niðurstaða þróunar reiknuð út sem óafvaxtaðar lífeyriskröfur við upphaf árs N, að frádregnum lífeyrisgreiðslum á ári N og að frádregnum óafvöxtuðum lífeyriskröfum við lok árs N.
C0020– C0080/R0200	Samtals	Heildarfjárhæð óafvaxtaðrar niðurstöðu þróunar fyrir öll tjóna-/vátryggingaár.

S.17.01 – Vátryggingaskuld skaðatryggingar

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist ársfjórðungslegri og árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, sjóði sem haldið er aðgreindum, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Félög geta beitt viðeigandi nálgunum í útreikningnum á vátryggingaskuldinni eins og um getur í 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Auk þess má beita 59. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 til að reikna út áhættuálagið innan fjárhagsársins.

Vátryggingagrein fyrir skaðatryggingaskuldbindingar: Vátryggingagreinar, sem um getur í 80. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, vísar til frumtryggingastarfsemi/seldrar hlutfallslegrar endurtryggingar og seldrar óhlutfallslegrar endurtryggingar. Lagskiptingin skal endurspegla eðli áhættunnar sem er undirliggjandi samningnum (innihald), fremur en félagsform samningsins (form).

Heilsufrumtryggingastarfsemi sem ekki er stunduð á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging skal skipt niður á skaðatryggingagrein 1 til 3.

Seld hlutfallsleg endurtrygging skal meðhöndluð saman með frumtryggingastarfsemi í C0020 til C0130.

Upplýsingarnar sem tilgreina á milli R0010 og R0280 skulu vera á eftir aðlögun vegna óstöðugleika, aðlögun vegna samræmingar og umbreytingaraðlögun á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil, ef honum er beitt, en skulu ekki innihalda umbreytingarfrádráttinn á vátryggingaskuld. Krafist er að fjárhæð umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld sé tilgreind sérstaklega á milli lína R0290 og R0310.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Sjóður sem haldið er aðgreindum/Eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild		
C0020 til C0170/R0010	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Vátryggingaskuldin reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0180/R0010	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – skaðatryggingaskuldbindingar alls	Heildarvátryggingaskuldin reiknuð út sem heild að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0020 til C0130/R0020	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – frumtryggingastarfsemi	Vátryggingaskuldin reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, fyrir frumtryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0180/R0020	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, frumtryggingastarfsemi alls	Heildarvátryggingaskuldin reiknuð út sem heild, fyrir frumtryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0020 til C0130/R0030	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – seld hlutfallsleg endurtryggingastarfsemi	Vátryggingaskuldin reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, fyrir seldu hlutfallslegu endurtryggingastarfsemina. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0180/R0030	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, seld hlutfallsleg endurtryggingastarfsemi alls	Heildarvátryggingaskuldin reiknuð út sem heild, fyrir seldu hlutfallslegu endurtryggingastarfsemina. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0140 til C0170/R0040	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild – seld óhlutfallsleg endurtryggingastarfsemi	Vátryggingaskuld reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, fyrir seldu óhlutfallslegu endurtryggingastarfsemina. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180/R0040	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, seld óhlutfallsleg endurtryggingastarfsemi alls	Heildarvátryggingaskuldin reiknuð út sem heild, fyrir seldu óhlutfallslegu endurtryggingastarfsemina. Þessi fjárhæð skal vera án frádráttar endurheimtanlegrar fjárhæðar frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu sem tengjast þessari starfsemi.
C0020 til C0170/R0050	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/ félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu (e. *Finite Re*) eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátrygg-ingaskuld sem reiknuð er út sem heild	Fjárhæð endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila á vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35
C0180/R0050	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/ félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu (e. *Finite Re*) eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátrygg-ingaskuld sem reiknuð er út sem heild	Heildarfjárhæðin, fyrir allar vátryggingagreinar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila á vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein.
Vátrygginga-skuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags – besta mat		
C0020 til C0170/R0060	Besta mat á iðgjaldaskuldum, vergt, alls	Fjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi.
C0180/R0060	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuld-um, vergt, alls	Heildarfjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi.
C0020 til C0130/R0070	Besta mat á iðgjaldaskuldum, vergt – frumtryggingastarfsemi	Fjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir frumtryggingastarfsemina, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0180/R0070	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuld-um, vergt, frumtrygginga-starfsemi alls	Heildarfjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir frumtryggingastarfsemina, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0020 til C0130/R0080	Besta mat á iðgjaldaskuldum, vergt – seld hlutfallsleg endur-tryggingastarfsemi	Fjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir selda hlutfallslega endurtrygg-ingastarfsemi, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtrygg-ingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180/R0080	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldum, vergt, seld hlutfallsleg endurtryggingastarfsemi alls	Heildarfjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir seldu hlutfallslegu endurtryggingastarfsemina, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0140 til C0170/R0090	Besta mat á iðgjaldaskuldum, vergt – seld óhlutfallsleg endurtryggingastarfsemi	Fjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir selda óhlutfallslega endurtryggingastarfsemi, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0180/R0090	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldum, vergt, seld óhlutfallsleg endurtryggingastarfsemi alls	Heildarfjárhæð besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir selda óhlutfallslega endurtryggingastarfsemi, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0020 til C0170/R0100	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0180/R0100	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum.
C0020 til C0170/R0110	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0110	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020 til C0170/R0120	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0120	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum.
C0020 til C0170/R0130	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0130	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi.	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum.
C0020 til C0170/R0140	Besta mat á iðgjaldaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0140	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á iðgjaldaskuldm, endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila.	Endurheimtanleg fjárhæð alls frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, sem varðar besta matið á iðgjaldaskuldum.
C0020 til C0170/R0150	Hreint besta mat á iðgjaldaskuldum – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Fjárhæð hreins besta mats á iðgjaldaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0180/R0150	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, hreint besta mat á iðgjaldaskuldum	Heildarfjárhæð hreins besta mats á iðgjaldaskuldum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020 til C0170/R0160	Besta mat á tjónaskuldum, vergt, alls	Fjárhæð besta mats á tjónaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi.
C0180/R0160	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, vergt, alls	Heildarfjárhæð besta mats á tjónaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0020 til C0130/R0170	Besta mat á tjónaskuldum, vergt – frumtryggingastarfsemi	Fjárhæð besta mats á tjónaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi.
C0180/R0170	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, vergt, frumtryggingastarfsemi alls	Heildarfjárhæð besta mats á tjónaskuldum, frumtryggingastarfsemi, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0020 til C0130/R0180	Besta mat á tjónaskuldum, vergt – seld hlutfallsleg endurtrygg-ingastarfsemi	Fjárhæð besta mats á tjónaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar selda hlutfallslega endurtryggingu.
C0180/R0180	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, vergt, seld hlutfallsleg endurtryggingastarfsemi alls	Heildarfjárhæð besta mats á tjónaskuldum, seld hlutfallsleg endurtrygg-ingastarfsemi, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtrygginga-samningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0140 til C0170/R0190	Besta mat á tjónaskuldum, vergt – seld óhlutfallsleg endurtrygg-ingastarfsemi	Fjárhæð besta mats á tjónaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar selda óhlutfallslega endurtryggingu.
C0180/R0190	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, vergt – seld óhlutfallsleg endur-tryggingastarfsemi	Heildarfjárhæð besta mats á tjónaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu.
C0020 til C0170/R0200	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/ félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, sem varðar besta matið á tjónaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtrygg-ingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180/R0200	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/ félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, sem varðar besta matið á tjónaskuldum.
C0020 til C0170/R0210	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endur-tryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtrygginga-starfsemi og seld endurtrygg-ingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á tjónaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0210	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum (að undanskildum félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum (að undanskildu félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu) fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á tjónaskuldum.
C0020 til C0170/R0220	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á tjónaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0220	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá félagi með sérstakan tilgang fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á tjónaskuldum.
C0020 til C0170/R0230	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á tjónaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0230	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi.	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá takmarkaðri endurtryggingu fyrir leiðréttingu fyrir væntu tapi, sem varðar besta matið á tjónaskuldum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020 til C0170/R0240	Besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0240	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat á tjónaskuldum, endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila.	Endurheimtanleg fjárhæð alls frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, sem varðar besta matið á tjónaskuldum.
C0020 til C0170/R0250	Hreint besta mat á tjónaskuldum – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Fjárhæð hreins besta mats á tjónaskuldum, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0250	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, hreint besta mat á tjónaskuldum	Heildarfjárhæð hreins besta mats á tjónaskuldum.
C0020 til C0170/R0260	Besta mat alls, verg frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Fjárhæð vergs besta mats alls, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0260	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat alls, vergt	Heildarfjárhæð vergs besta mats (samtala iðgjaldaskulda og tjónaskulda).
C0020 til C0170/R0270	Besta mat alls, – hrein frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Fjárhæð hreins besta mats alls, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0270	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, besta mat alls, hreint	Heildarfjárhæð hreins besta mats (samtala iðgjaldaskulda og tjónaskulda).
C0020 til C0170/R0280	Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags – áhættuálag	Fjárhæð áhættuálags, eins og krafist er í tilskipun 2009/138/EB (3. mgr. 77. gr.) Áhættuálagið er reiknað út á allt eignasafn vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga og síðan úthlutað á hverja einstaka vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
C0180/R0280	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, áhættuálag alls	Heildarfjárhæð áhættuálags, eins og krafist er í tilskipun 2009/138/EB (3. mgr. 77. gr.)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Fjárhæð umbreytingar-áðstöfunar á vátrygginga-skuld		
C0020 til C0170/R0290	Fjárhæð umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – vátrygg-ingaskuld, reiknuð út sem heild	Fjárhæð umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld sem úthlutað er á vátryggingaskuldina, reiknuð út sem heild fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.
C0180/R0290	Fjárhæð umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – vátrygg-ingaskuld, reiknuð út sem heild	Heildarfjárhæð, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld sem úthlutað er á vátryggingaskuldina, reiknuð út sem heild. Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.
C0020 til C0170/R0300	Fjárhæð umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – besta mat	Fjárhæð umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld sem úthlutað er á besta matið, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.
C0180/R0300	Fjárhæð umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – besta mat	Heildarfjárhæð, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld sem úthlutað er á besta matið. Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.
C0020 til C0170/R0310	Fjárhæð umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – áhættuálag	Fjárhæð umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld sem úthlutað er á áhættuálagið, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.
C0180/R0310	Fjárhæð umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – áhættuálag	Heildarfjárhæð, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld sem úthlutað er á besta matið. Tilgreina skal þetta virði sem neikvætt virði þegar það lækkar vátryggingaskuldina.
Vátrygginga-skuld – alls		
C0020 til C0170/R0320	Vátryggingaskuld, alls – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi, þ.m.t. vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild og eftir umbreytingarfrádráttinn á vátryggingaskuld.
C0180/R0320	Skaðatryggingaskuldbindingar alls, vátryggingaskuld – alls	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi, þ.m.t. vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild og eftir umbreytingarfrádráttinn á vátryggingaskuld.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020 til C0170/R0330	Vátryggingaskuld, alls – endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila – frumtryggingastarfsemi og seld endurtryggingastarfsemi	Endurheimtanleg fjárhæð alls frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda endurtryggingastarfsemi.
R0060/C0580	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem eru fjármála- og lánastofnanir, þar af ekki stefnumiðaðar (minna en 10%) – alls	Þetta er heildarvirðið á hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum (minna en 10%) sem eru fjármála- og lánastofnanir.
R0060/C0590	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem eru fjármála- og lánastofnanir, þar af ekki stefnumarkandi (minna en 10%) – hlutabréf af gerð 1	Þetta er heildarvirði hlutabréfa af gerð 1 í hlutdeildum sem ekki eru stefnumarkandi í félögum (minna en 10% – C0500) sem eru fjármála- og lánastofnanir. Merkingin fyrir hlutabréf af gerð 1 er eins og skilgreint er í 2. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0060/C0600	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem eru fjármála- og lánastofnanir, þar af ekki stefnumiðaðar (minna en 10%) – hlutafé af gerð 2	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 2 á hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum (minna en 10%) sem eru fjármála- og lánastofnanir. Merkingin fyrir hlutafé af gerð 2 er eins og skilgreint er í 3. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0060/C0610	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem eru fjármála- og lánastofnanir, þar af ekki stefnumiðaðar (minna en 10%) – víkjandi skuldir	Þetta er heildarvirðið í víkjandi skuldum á hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum (minna en 10%) sem eru fjármála- og lánastofnanir.
R0070/C0580	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – alls	Þetta er heildarvirðið á hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala reita C0470 og C0540.
R0070/C0590	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – hlutabréf af gerð 1	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 1 sem haldið er í hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Merkingin fyrir hlutabréf af gerð 1 er eins og skilgreint er í 2. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þetta er samtala reita C0480 og C550.
R0070/C0600	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – hlutafé af gerð 2	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 2 sem haldið er í hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Merkingin fyrir hlutafé af gerð 2 er eins og skilgreint er í 3. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þetta er samtala reita C0490 og C0560.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0070/C0610	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – víkjandi skuldir	Þetta er heildarvirðið í víkjandi skuldum sem haldið er í hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala reita C0500 og C0570.
R0080/C0580	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – alls – þar af stefnumiðaðar	Þetta er heildarvirðið á stefnumiðuðum hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala C0470.
R0080/C0590	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – hlutabréf af gerð 1 – þar af stefnumarkandi	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 1 sem haldið er í stefnumiðuðum hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Merkingin fyrir hlutabréf af gerð 1 er eins og skilgreint er í 2. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þetta er samtala C0480.
R0080/C0600	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – hlutafé af gerð 2 – þar af stefnumiðaðar	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 2 sem haldið er í stefnumiðuðum hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala C0490.
R0080/C0610	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – víkjandi skuldir – þar af stefnumiðaðar	Þetta er heildarvirðið í víkjandi skuldum sem haldið er í stefnumiðuðum hlutdeildum í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala C0500.
R0090/C0580	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – alls – þar af ekki stefnumiðaðar	Þetta er heildarvirðið á hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala C0540.
R0090/C0590	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – hlutabréf af gerð 1 – þar af ekki stefnumarkandi	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 1 sem haldið er í hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Merkingin fyrir hlutabréf af gerð 1 er eins og skilgreint er í 2. mgr. 168. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þetta er samtala C0550.
R0090/C0600	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – hlutafé af gerð 2 – þar af ekki stefnumiðaðar	Þetta er heildarvirðið á hlutafé af gerð 2 sem haldið er í hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala C0560.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0090/C0610	Heildarhlutdeildir í tengdum félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir – víkjandi skuldir – þar af ekki stefnumiðaðar	Þetta er heildarvirðið í víkjandi skuldum sem haldið er í hlutdeildum sem ekki eru stefnumiðaðar í félögum sem ekki eru fjármála- og lánastofnanir. Þetta er samtala C0570.
Samtals		
C0620	Samtala allra hlutdeilda	Þetta er heildarfjárhæðin á öllum hlutdeildum.

S.25.01 – Gjaldþolskrafa – fyrir félög sem nota staðalregluna

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, sjóði sem haldið er aðgreindum, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát SR.25.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu sniðmáts S.01.03.

Ef einingin er með eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða sjóð sem haldið er aðgreindum (að undanskildum þeim sem falla undir gildissvið 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) við gagnaskil á stigi félagsins alls, skal ígildi gjaldþolskröfunnar (nSCR) á áhættueiningarstigi og tapgleypni (LAC) vátryggingaskuldar og frestaðs skatts sem tilgreina á, reiknað út á eftirfarandi hátt:

— Ef félagið beitir fullri leiðréttingu vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á stigi einingarinnar, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út líkt og ekkert tap sé af fjölþættingu og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættuundireiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út að teknu tilliti beinnar samlagningaraðferðar á undireiningarstigi og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættueiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út að teknu tilliti beinnar samlagningaraðferðar á einingarstigi og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta.

Leiðréttingin vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, skal úthluta (C0050) á viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaáhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu). Fjárhæðina sem á að úthluta á hverja viðkomandi áhættueiningu skal reikna út á eftirfarandi hátt:

— $Calculation\ of\ q\ factor = \frac{adjustment}{BSCR\prime - nSCR_{int}}$, þar sem

  — *leiðrétting* = Leiðrétting reiknuð út samkvæmt einni þeirra þriggja aðferða sem getið er að ofan

  — *BSCR′* = Grunngjaldþolskrafa reiknuð út samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti (C0040/R0100)

  — $nSCR_{int}$ = Ígildi gjaldþolskröfu fyrir áhættu óefnislegra eigna samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti (C0040/R0070)

— Margföldun á þessum „q þætti“ með ígildi gjaldþolskröfu hverrar viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaráhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. tilskipunar 2009/138/EB, til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með því að nota staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/ eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
R0010–R0050/C0030	Hrein gjaldþolskrafa	Fjárhæð hreinu gjaldþolskröfunnar fyrir hverja áhættueiningu, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Mismunurinn á milli hreinu og vergu gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda í samræmi við 205. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa í samræmi við 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu.
R0010–R0050/C0040	Verg gjaldþolskrafa	Fjárhæð vergu gjaldþolskröfunnar fyrir hverja áhættueiningu, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Mismunurinn á milli hreinu og vergu gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda eins og mælt er fyrir um í 206. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa eins og mælt er fyrir um í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu.
R0010–R0050/C0050	Úthlutun á leiðréttingunni vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum og eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Hluti leiðréttingarinnar sem úthlutað er á hverja áhættueiningu samkvæmt aðferðinni sem lýst er í almennu athugasemdunum. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0060/C0030	Hrein gjaldþolskrafa – fjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli grunngjaldþolskröfu hreinna áhættueininga, þ.m.t. fjölþætting innan hverrar áhættueiningar, vegna beitingarinnar á fylgnifylkinu sem skilgreint er í IV. viðauka tilskipunar 2009/138/ESB. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0060/C0040	Verg gjaldþolskrafa – fjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli grunngjaldþolskröfu vergra áhættueininga, þ.m.t. fjölþætting innan hverrar áhættueiningar, vegna beitingarinnar á fylgnifylkinu sem skilgreint er í IV. viðauka tilskipunar 2009/138/ESB. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0070/C0030	Hrein gjaldþolskrafa – áhætta af óefnislegum eignum	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, eftir aðlögunina vegna hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi, fyrir áhættu af óefnislegum eignum, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna.
R0070/C0040	Verg gjaldþolskrafa – áhætta af óefnislegum eignum	Valkvæðar framtíðarágóðahlutdeildir í samræmi við 205. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 fyrir áhættu af óefnislegum eignum eru núll samkvæmt staðalreglu, þ.a.l. er R0070/C0040 jafnt og R0070/C0030.
R0100/C0030	Hrein gjaldþolskrafa – grunn-gjaldþolskrafa	Fjárhæð grunngjaldþolskröfunnar, eftir að tekið er tillit til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda eins og mælt er fyrir um í 206. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa sem um getur í 304. gr. tilskipunar 2009/138/ESB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu. Þessa fjárhæð á að reikna út sem samtölu hreinu gjaldþolskrafnanna fyrir hverja áhættueiningu innan staðalreglunnar, þ.m.t. leiðréttingu fyrir fjölþættingaráhrifum innan staðalreglunnar.
R0100/C0040	Verg gjaldþolskrafa – grunn-gjaldþolskrafa	Fjárhæð grunngjaldþolskröfunnar, áður en tekið er tillit til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda sem um getur í 205. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa eins og mælt er fyrir um í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu. Þessa fjárhæð á að reikna út sem samtölu vergu gjaldþolskrafnanna fyrir hverja áhættueiningu innan staðalreglunnar, þ.m.t. leiðréttingu fyrir fjölþættingaráhrifum innan staðalreglunnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Útreikningur á gjaldþolskröfu		
R0120/C0100	Leiðrétting vegna samantektar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Aðlögun til að leiðrétta bjögunina í útreikningi á gjaldþolskröfu vegna samantektar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, á áhættueiningarstigi. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð.
R0130/C0100	Rekstraráhætta	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir rekstraráhættueiningu, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna.
R0140/C0100	Tapgleypni vátryggingaskuldar	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar, reiknuð út í samræmi við staðalregluna. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði. Á stigi sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar og á einingastigi, þegar hvorki sjóður sem haldið er aðgreindum (aðrir en þeir skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) né eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, er til staðar, er hún hámarkið á milli núll og fjárhæðarinnar sem samsvarar lágmarkinu á milli vátryggingaskuldarinnar án áhættuálags í tengslum við valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni að frádreginni endurtryggingu og mismuninum á milli vergrar og hreinnar grunngjaldþolskröfu. Þegar til staðar er sjóður sem haldið er aðgreindum (aðrir en þeir skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, skal þessi fjárhæð reiknuð út sem samtalan á tapgleypni vátryggingaskuldar hvers sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, og eftirstæðs hluta, að teknu tilliti til hreinnar valkvæðrar ágóðahlutdeildar í framtíðinni sem hæstu mörk.
R0150/C0100	Tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út samkvæmt staðalreglunni. Þessi fjárhæð skal vera neikvæð.
R0160/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, reiknuð út í samræmi við reglurnar í 17. gr. tilskipunar 2003/41/EB, fyrir varða sjóði er tengjast starfrækslu lífeyris samkvæmt 4. gr. tilskipun 2003/41/EB sem umbreytingaráðstöfunum er beitt á. Þennan lið á einungis að tilgreina á umbreytingartímabilinu.
R0200/C0100	Gjaldþolskrafa að undanskildu viðbótargjaldþoli	Fjárhæð fjölþættrar gjaldþolskröfu alls, fyrir sérhvert viðbótagjaldþol.
R0210/C0100	Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0211/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund a	Fjárhæð viðbótargjaldþolskröfu sem landsbundið eftirlitsyfirvald ákveður í samræmi við a-lið 1. mgr. 37. gr., fyrir viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0212/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund b	Fjárhæð viðbótargjaldþolskröfu sem landsbundið eftirlitsyfirvald ákveður í samræmi við b-lið 1. mgr. 37. gr., fyrir viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0213/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund c	Fjárhæð viðbótargjaldþolskröfu sem landsbundið eftirlitsyfirvald ákveður í samræmi við c-lið 1. mgr. 37. gr., fyrir viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0214/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund d	Fjárhæð viðbótargjaldþolskröfu sem landsbundið eftirlitsyfirvald ákveður í samræmi við d-lið 1. mgr. 37. gr., fyrir viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0220/C0100	Gjaldþolskrafa	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar
Aðrar upplýsingar um gjaldþols-kröfu		
R0400/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma.
R0410/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjald-þolskrafna fyrir eftirstæðan hluta	Fjárhæð fyrir ígildi gjaldþolskrafnanna á eftirstæðum hluta þegar félag er með sjóð sem haldið er aðgreindum.
R0420/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjald-þolskrafna fyrir varða sjóði	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum þegar félag er með sjóð sem haldið er aðgreindum (aðra en þá sem tengjast starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB (umbreytingaráðstöfun)).
R0430/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjald-þolskrafna fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir öll eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar.
R0440/C0100	Fjölþættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum að því er varðar 304. gr.	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir fjölþættingaráhrif á milli varðra sjóða skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB og eftirstæða hlutans, eftir atvikum.
R0450/C0100	Aðferð sem notuð er til að reikna út leiðréttinguna vegna ígildis gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Aðferð sem notuð er til að reikna út leiðréttinguna vegna samantektar ígildis gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Heildstæður endurútreikningur 2 – Einföldun á áhættuundireiningarstigi 3 – Einföldun á áhættueiningarstigi 4 – Án leiðréttingar Þegar félagið er ekki með sjóð sem haldið er aðgreindum (eða eingöngu með sjóð sem haldið er aðgreindum skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) skal það velja valkost 4.
R0460/C0100	Hrein valkvæð framtíðarágóða-hlutdeild	Vátryggingaskuld án áhættuálags í tengslum við valkvæða framtíðarágóðahlutdeild að frádreginni endurtryggingu.
Aðferð við skatthlutfall		
R0590/C0109	Aðferð byggð á meðalskatt-hlutfalli	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já 2 – Nei

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		3 – Á ekki við þar sem leiðréttingin fyrir tapgleypni frestaðs skatts (LAC DT) er ekki notuð (í þessu tilviki eiga R0600 – R0690 ekki við) Sjá viðmiðunarreglur Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um tapgleypni vátryggingaskuldar og frestaðs skatts (EIOPA-BoS-14/177)

Útreikningur á leiðréttingunni fyrir tapgleypni frestaðs skatts

R0600/C0110	Frestuð skattinneign (DTA), fyrir skellinn	Heildarfjárhæð frestaðra skattinneigna á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð frestaðrar skattinneignar í þessum reit ætti að vera í samræmi við gildið í reitnum R0040/C0010 í S.02.01
R0600/C0120	Frestuð skattinneign (DTA), eftir skellinn	Heildarfjárhæð á frestuðum skattinneignum ef efnahagsreikningur sem notar matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0610/C0110	Yfirfærð frestuð skattinneign (DTA) – fyrir skellinn	Fjárhæð á frestuðum skattinneignum á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II vegna yfirfærslu á fyrri töpum eða skattfrádráttum, á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0610/C0120	Yfirfærð frestuð skattinneign (DTA) – eftir skellinn	Fjárhæð á frestuðum skattinneignum vegna yfirfærslu á fyrri töpum eða skattfrádráttum ef efnahagsreikningur sem notar matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0620/C0110	Frestuð skattinneign vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar – fyrir skellinn	Fjárhæð frestaðra skattinneigna á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II vegna mismunar á milli mats Gjaldþolsáætlunar II á eign eða skuld og skattstofns hennar, á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0620/C0120	Frestuð skattinneign vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar – eftir skellinn	Fjárhæð á frestuðum skattinneignum vegna mismunar á milli mats Gjaldþolsáætlunar II á eign eða skuld og skattstofns hennar ef efnahagsreikningur sem notar matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0630/C0110	Frestuð skattskuld (DTL) – fyrir skellinn	Fjárhæð frestaðra skattskulda á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð frestaðrar skattskuldar í þessum reit ætti að vera í samræmi við gildið í reitnum R0780/C0010 í S.02.01.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0630/C0120	Frestuð skattskuld (DTL) – eftir skellinn	Fjárhæð á frestuðum skattskuldum ef efnahagsreikningur með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður í tilviki aðferðar byggðar á meðalskatthlutfalli og ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0640/C0130	Tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð tapgleypni í þessum reit skal að vera sú sama og gildið í reitnum R0150/C0100 í S.25.01.01.
R0650/C0130	Tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga
R0660/C0130	Tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni
R0670/C0130	Tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á næsta ár.
R0680/C0130	Tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á árin eftir næsta ár.
R0690/C0130	Hámark tapgleypni frestaðs skatts	Hámarksfjárhæð tapgleypni frestaðs skatts sem gæti verið tiltæk, áður en metið er hvort hækkunin á hreinni frestaðri skattinneign geti verið notuð fyrir leiðréttinguna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 207 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35

S.25.05 – Gjaldþolskrafa – fyrir félög sem nota eigið líkan (hluta eða alhliða)

Almennar athugasemdir:

Þessi liður tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, sjóði sem haldið er aðgreindum, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta, þegar innra líkan er notað fyrir útreikninginn á gjaldþolskröfunni.

Þetta sniðmát skal lagt fram á grundvelli tiltækileika gagna samkvæmt uppbyggingu eigin líkans og áhættusniðs þegar mögulegt er með eðlilegu móti. Samkomulag um dagsetninguna sem tilgreina á skal gert á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga.

Tilgangurinn með þessu sniðmáti er að safna gögnum á samtölustigi og sýna fjölþættingarábata á milli aðskilinna áhættueininga. Tilkynna ætti um öll virði á undan sérhverjum skattalegum áhrifum nema annað sé tekið fram.

Eigin hlutalíkön:

Allar línur fyrir C0010 vísa til fjárhæðar gjaldþolskröfunnar fyrir hvern efnisþátt, án tillits til reikniaðferðarinnar (hvort heldur staðalreglu eða eigin hlutalíkans), eftir leiðréttingarnar fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar og/eða frestaðs skatts þegar þær eru felldar inn í útreikninginn á efnisþáttunum.

Þegar efnisþættirnir tapgleypni vátryggingaskuldar og/eða frestaður skattur eru tilgreindir sem sérstakur efnisþáttur ætti hann að vera fjárhæðin á tapgleypninni (þessar fjárhæðir ætti að tilgreina sem neikvætt virði)

Fyrir efnisþætti sem reiknaðir eru út með því að nota staðalregluna stendur þessi reitur fyrir vergt ígildi gjaldþolskröfunnar. Fyrir efnisþætti sem reiknaðir eru út með því að nota eigið hlutalíkan stendur þessi reitur fyrir virðið að teknu tilliti til stjórnunaraðgerða í framtíðinni sem felldar eru inn í útreikninginn, en ekki þær sem meðhöndlaðar eru í líkaninu sem sérstakir þættir.

Í þessum fjárhæðum skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa samkvæmt 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum.

Þegar við á ná þessir reitir ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi.

Tilkynna skal sniðmát SR.25.05 fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, og eftirstæðan hluta fyrir hvert félag sem fellur undir eigið líkan. Fyrir eigin hlutalíkön nær þetta til félaga þar sem eigin hlutalíkani er beitt á sjóð sem haldið er aðgreindum og/eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, í heild, á meðan aðrir sjóðir sem haldið er aðgreindum og/eða eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar falla undir staðalregluna. Þetta sniðmát ætti að leggja fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Fyrir þau félög sem falla undi eigið hlutalíkan sem leiðréttingin vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar gildir um, ef einingin er með eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða sjóð sem haldið er aðgreindum (að undanskildum þeim sem falla undir gildissvið 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) við gagnaskil á stigi félagsins alls, skal ígildi gjaldþolskröfunnar (nSCR) á áhættueiningarstigi og tapgleypni (LAC) vátryggingaskuldar og frestaðs skatts sem tilgreina á, reiknað út á eftirfarandi hátt:

— Ef félagið beitir fullri leiðréttingu vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út líkt og enginn sjóður sem haldið er aðgreindum sé til staðar og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættuundireiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar og tapgleypnin reiknuð út að teknu tilliti til beinnar samlagningaraðferðar á undireiningarstigi,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættueiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar og tapgleypnin reiknuð út að teknu tilliti til beinnar samlagningaraðferðar á einingarstigi,

Leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, skal úthluta (C0050) á viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaáhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu) þegar hún er reiknuð út samkvæmt staðalreglunni. Fjárhæðina sem á að úthluta á hverja viðkomandi áhættueiningu skal reikna út á eftirfarandi hátt:

— $Calculation\ of\ 'q\ factor' = \frac{adjustment}{BSCR\prime - nSCR_{int}}$, þar sem

  — *leiðrétting* = Leiðrétting reiknuð út samkvæmt einni þeirra þriggja aðferða sem getið er að ofan

  — *BSCR'* = Grunngjaldþolskrafa reiknuð út samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti

  — $nSCR_{int}$ = Ígildi gjaldþolskröfu fyrir áhættu óefnislegra eigna samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti

— Margföldun á þessum „q þætti“ með ígildi gjaldþolskröfu hverrar viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaráhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu)

Eigin alhliða líkön:

Færa á inn í sniðmát SR.25.05 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta, fyrir hvert félag sem fellur undir eigið alhliða líkan. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát ætti að leggja fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Samsöfnun		
Z0020	Sjóður sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum. Þegar liður Z0020 = 2, þá er „0“ tilgreint
C0010/R0020	Heildarfjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli áhættueininga. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0010/R0030	Fjölþætt áhætta alls, fyrir skatt	Fjárhæð fjölþættra gjaldþolskrafna fyrir skatt. Sama og S.26.08.01 C0010/R0030.
C0010/R0040	Fjölþætt áhætta alls, eftir skatt	Fjárhæð fjölþættra gjaldþolskrafna eftir skatt. Sama og S.26.08.01 C0010/R0040.
C0010/R0070	Heildarmarkaðs- og útlánaáhætta	Samtala á eftirfarandi röð virða frá C0020 í S.26.09.01: — Fjölþætt vaxtaáhætta (R0050) — Verðbólguáhætta (R0080) — Fjölþætt hlutabréfaáhætta (R0100) — Fasteignaáhætta (R0130) — Gjaldmiðilsáhætta (R0140) — Útlánaáhætta, samtals (R0150) Sama og S.26.08.01 C0010/R0070.
C0010/R0080	Markaðs- og útlánaáhætta – fjölþætting	Sama og S.26.08.01 C0010/R0080.
C0010/R0190	Lánaatburðaráhætta sem markaðs- og útlánaáhætta nær ekki yfir	Sama og S.26.08.01 C0010/R0190.
C0010/R0200	Lánaatburðaráhætta sem markaðs- og útlánaáhætta nær ekki yfir – fjölþætting	Sama og S.26.08.01 C0010/R0200.
C0010/R0270	Heildarviðskiptaáhætta	Sama og S.26.08.01 C0010/R0270.
C0010/R0280	Heildarviðskiptaáhætta – fjölþætting	Sama og S.26.08.01 C0010/R0280.
C0010/R0310	Hrein skaðatryggingaáhætta alls	Sama og S.26.08.01 C0010/R0310.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0320	Hrein skaðatryggingaáhætta alls – fjölþætting	Sama og S.26.08.01 C0010/R0320.
C0010/R0400	Líf- og heilsutryggingaáhætta alls	Sama og S.26.08.01 C0010/R0400.
C0010/R0410	Líf- og heilsutryggingaáhætta alls – fjölþætting	Sama og S.26.08.01 C0010/R0410.
C0010/R0480	Rekstraráhætta alls	Sama og S.26.08.01 C0010/R0480.
C0010/R0490	Rekstraráhætta alls – fjölþætting	Sama og S.26.08.01 C0010/R0490.
C0010/R0500	Önnur áhætta	Sama og S.26.08.01 C0010/R0500.
C0050/R0020-R0530	Úthlutun frá leiðréttingum vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum og eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Hluti leiðréttingarinnar sem úthlutað er á hverja áhættueiningu samkvæmt aðferðinni sem lýst er í almennu athugasemdunum, eftir atvikum. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð.
C0060/R0020-R0530	Að teknu tilliti stjórnunaraðgerða í framtíðinni að því er varðar vátryggingaskuld og/eða frestaðan skatt	Til að ákvarða hvort stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld og/eða frestuðum skatti séu felldar inn í útreikninginn skal eftirfarandi tæmandi skrá yfir valkosti notuð: 1 – Stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld sem felld er inn í efnisþáttinn 2 – Stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á frestuðum skatti sem felldur er inn í efnisþáttinn 3 – Stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld og frestuðum skatti sem felld eru inn í efnisþáttinn 4 – Engin innfelld athugun á stjórnunaraðgerðum í framtíðinni.
C0070/R0020-R0530	Fjárhæð sem meðhöndluð er í líkaninu	Fyrir hvern efnisþátt stendur þessi reitur fyrir fjárhæðina sem reiknuð er út samkvæmt eigin hlutalíkani.
R0110/C0100	Ófjölþættir efnisþættir alls	Samtala allra efnisþátta.
R0060/C0100	Dreifing	Heildarfjárhæðin á fjölþættingunni meðal efnisþáttana sem tilgreindir eru í C0030. Þessi fjárhæð inniheldur ekki fjölþættingaráhrif innan hvers efnisþáttar, sem fella skal inn í virðin sem tilgreind eru í C0030. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0120/C0100	Leiðrétting vegna samantektar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Þegar við á, aðlögun til að leiðrétta bjögunina í útreikningi á gjaldþolskröfu vegna samantektar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, á áhættueiningarstigi. Gildir einungis um hlutalíkön.
R0160/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, reiknuð út samkvæmt reglunum í 17. gr. tilskipunar 2003/41/EB, fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum er tengjast starfrækslu lífeyris skv. 4. gr. tilskipun 2003/41/EB sem umbreytingaráðstöfunum er beitt á. Þennan lið á einungis að tilgreina á umbreytingartímabilinu.
R0200/C0100	Gjaldþolskrafa að undanskildu viðbótargjaldþoli	Fjárhæð fjölþættrar gjaldþolskröfu alls, fyrir sérhvert viðbótagjaldþol.
R0210/C0100	Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0211/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund a	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0212/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund b	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0213/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund c	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0214/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund d	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0220/C0100	Gjaldþolskrafa	Gjaldþolskrafa í heild að meðtöldu viðbótargjaldþoli

Aðrar upplýsingar um gjaldþolskröfu

R0300/C0100	Fjárhæð/mat á heildartapgleypni vátryggingaskuldar	Fjárhæð/mat á heildarleiðréttingunni fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar, þ.m.t. þeim hluta sem felldur er inn í þættina og hlutann sem tilgreindur er sem einstakur efnisþáttur. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0310/C0100	Fjárhæð/mat á tapgleypni fyrir frestaðan skatt	Fjárhæð/mat á heildarleiðréttingunni fyrir frestaðan skatt, þ.m.t. þeim hluta sem felldur er inn í þættina og hlutann sem tilgreindur er sem einstakur efnisþáttur. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0400/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma. Gildir einungis um hlutalíkön.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0410/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eftirstæðan hluta	Fjárhæð fyrir ígildi gjaldþolskrafnanna á eftirstæðum hluta þegar félag er með sjóð sem haldið er aðgreindum.
R0420/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum þegar félag er með sjóð sem haldið er aðgreindum (aðra en þá sem tengjast starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB (umbreytingaráðstöfun)).
R0430/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir öll eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar. Ekki þarf að tilgreina þennan lið þegar gjaldþolskröfuútreikningur er tilgreindur á stigi sjóðs sem haldið er aðgreindum eða eignasafns, aðlagað vegna samræmingar.
R0440/C0100	Fjölþættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum að því er varðar 304. gr.	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir fjölþættingaráhrif á milli sjóða sem haldið er aðgreindum skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB og eftirstæða hlutans, eftir atvikum. Hún skal vera jöfn mismuninum á milli samtölunnar á ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP)/eftirstæðan hluta (RP) og gjaldþolskröfunnar sem tilgreind er í R0200/C0100.
R0450/C0100	Aðferð sem notuð er til að reikna út leiðréttinguna vegna samantektar ígildis gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum	Aðferð sem notuð er til að reikna út leiðréttinguna vegna samantektar ígildis gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: 1 – Heildstæður endurútreikningur 2 – Einföldun á áhættuundireiningarstigi 3 – Einföldun á áhættueiningarstigi 4 – Án leiðréttingar Þegar félagið er ekki með sjóð sem haldið er aðgreindum (eða eingöngu með sjóð sem haldið er aðgreindum skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) skal það velja valkost 4. Gildir einungis um hlutalíkön.
R0460/C0100	Hrein valkvæð framtíðarágóðahlutdeild	Vátryggingaskuld án áhættuálags í tengslum við valkvæða framtíðarágóðahlutdeild að frádreginni endurtryggingu.

Aðferð við skatthlutfall ef reiknað út samkvæmt staðalreglunni

R0590/C0109	Aðferð byggð á meðalskatthlutfalli	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já 2 – Nei 3 – Á ekki við þar sem leiðréttingin fyrir tapgleypni frestaðs skatts (LAC DT) er ekki notuð (í þessu tilviki eiga R0600 – R0690 ekki við) Sjá viðmiðunarreglur Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um tapgleypni vátryggingaskuldar og frestaðs skatts.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Útreikningur á leiðréttingu fyrir tapgleypni frestaðs skatts, ef reiknuð út samkvæmt staðalreglunni		
R0600/C0110	Frestuð skattinneign (DTA), fyrir skellinn	Heildarfjárhæð frestaðra skattinneigna á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð frestaðrar skattinneignar í þessum reit ætti að vera í samræmi við gildið í reitnum R0040/C0010 í S.02.01.
R0600/C0120	Frestuð skattinneign (DTA), eftir skellinn	Heildarfjárhæð/mat á frestuðum skattinneignum ef efnahagsreikningur með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0610/C0110	Yfirfærð frestuð skattinneign (DTA) – fyrir skellinn	Fjárhæð frestaðra skattinneigna á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II vegna yfirfærslu á fyrri töpum eða skattfrádráttum, á undan skyndilegu tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0610/C0120	Yfirfærð frestuð skattinneign (DTA) – eftir skellinn	Fjárhæð/mat á frestuðum skattinneignum vegna yfirfærslu á fyrri töpum eða skattfrádráttum ef efnahagsreikningur sem notar matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0620/C0110	Frestuð skattinneign vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar – fyrir skellinn	Fjárhæð frestaðra skattinneigna á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II vegna mismunar á milli mats Gjaldþolsáætlunar II á eign eða skuld og skattstofns hennar, á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0620/C0120	Frestuð skattinneign vegna frádráttarbærs, tímabundins mismunar – eftir skellinn	Fjárhæð/mat á frestuðum skattinneignum vegna mismunar á milli mats Gjaldþolsáætlunar II á eign eða skuld og skattstofns hennar ef efnahagsreikningur sem notar matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.
R0630/C0110	Frestuð skattskuld (DTL) – fyrir skellinn	Fjárhæð frestaðra skattskulda á efnahagsreikningi með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II á undan hinu skyndilega tapi sem lýst er í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð frestaðrar skattskuldar í þessum reit ætti að vera í samræmi við gildið í reitnum R0780/C0010 í S.02.01.
R0630/C0120	Frestuð skattskuld (DTL) – eftir skellinn	Fjárhæð/mat á frestuðum skattskuldum ef efnahagsreikningur með því að nota matsreglur Gjaldþolsáætlunar II var settur upp eftir hið skyndilega tap, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi reitur skal vera auður í tilviki aðferðar byggðar á meðalskatthlutfalli og ef „1-Já“ er fært í reit R0590/C0109.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0640/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fjárhæð tapgleypni í þessum reit skal að vera sú sama og gildið í reitnum R0310/C0100 í S.25.05.01.
R0650/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuld-bindinga	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á bakfærslu frestaðra skattskuldbindinga.
R0660/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á tilvísun til líklegs skattskylds hagnaðar í framtíðinni.
R0670/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, yfirstandandi ár	Fjárhæð tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á næsta ár.
R0680/C0130	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts sem byggir á bakfæranlegu tapi, komandi ára	Fjárhæð/mat á tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út í samræmi við 207. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem byggir á hagnaði undangenginna ára. Fjárhæð taps úthlutað á árin eftir næsta ár.
R0690/C0130	Fjárhæð/mat á hámarks tapgleypni frestaðs skatts	Hámarksfjárhæð tapgleypni frestaðs skatts sem gæti verið tiltæk, áður en metið er hvort hækkunin á hreinni frestaðri skattinneign geti verið notuð fyrir leiðréttinguna, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 207 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

S.26.01 – Gjaldþolskrafa – markaðsáhætta

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, sjóði sem haldið er aðgreindum, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát SR.26.01.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Fjárhæðir fyrir og eftir skell skulu færðar inn með fjárhæð eigna og skulda sem eru næmar fyrir þeim skell. Fyrir skuldirnar skal matið gert af sem mestri mögulegri nákvæmni á milli samnings og einsleitra áhættuflokka. Þetta merkir að ef samningur/einsleitur áhættuflokkur er næmur fyrir skell skal tilgreina fjárhæðina á skuldum sem tengist þeim samningi/einsleita áhættuflokki sem næma fjárhæð fyrir þeim skelli.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með því að nota staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/ eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
R1520/C0260	Verg gjaldþolskrafa vegna hamfaraáhættu í heilsutryggingu – heimsfaraldursáhætta	Verga gjaldþolskrafan fyrir undireininguna heimsfaraldursáhætta, reiknuð út áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar.
R1530/C0250	Fjölþætting innan hamfaraáhættu í heilsutryggingu – hrein	Þetta eru fjölþættingaráhrifin innan undireiningarinnar hamfaraáhætta í heilsutryggingu, sem afleiðing af samantektinni á gjaldþolskröfunum vegna hættunnar á hópslysa-, slysasamþjöppunar- og heimsfaraldursáhættu, reiknuð út að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar.
R1530/C0260	Fjölþætting innan hamfaraáhættu í heilsutryggingu – verg	Þetta eru fjölþættingaráhrifin innan undireiningarinnar hamfaraáhætta í heilsutryggingu, sem afleiðing af samantektinni á gjaldþolskröfunum vegna hættunnar á hópslysa-, slysasamþjöppunar- og heimsfaraldursáhættu, reiknuð út að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar.
R1540/C0250	Hrein heildargjaldþolskrafa vegna hamfaraáhættu í heilsu-tryggingu	Þetta er hreina heildargjaldþolskrafan (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar) fyrir undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R1540/C0260	Verg heildargjaldþolskrafa vegna hamfaraáhættu í heilsutryggingu	Þetta er verga heildargjaldþolskrafan fyrir undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar).
Heildartryggingaráhætta í heilsutryggingu		
R1600/C0270	Fjölþætting innan áhættueiningar heilsutrygginga – hrein	Þetta eru fjölþættingaráhrifin innan undireiningarinnar tryggingaráhætta í heilsutryggingu, sem afleiðing af samantektinni á gjaldþolskröfunum fyrir undireininguna tryggingaráhætta í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, undireininguna tryggingaráhætta í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging og undireininguna hamfaraáhætta í heilsutryggingu, sem um getur í 4. þætti V. kafla I. bálki framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, reiknuð út að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar.
R1600/C0280	Fjölþætting innan áhættueiningar heilsutrygginga – verg	Þetta eru fjölþættingaráhrifin innan undireiningarinnar tryggingaráhætta í heilsutryggingu, sem afleiðing af samantektinni á gjaldþolskröfunum fyrir undireininguna tryggingaráhætta í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, undireininguna tryggingaráhætta í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging og undireininguna hamfaraáhætta í heilsutryggingu, sem um getur í 4. þætti V. kafla I. bálki framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, reiknuð út áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar.
R1700/C0270	Hrein heildargjaldþolskrafa vegna tryggingaráhættu í heilsu-tryggingu	Þetta er hreina heildargjaldþolskrafan fyrir áhættueiningu heilsutrygginga.
R1700/C0280	Verg heildargjaldþolskrafa vegna tryggingaráhættu í heilsu-tryggingu	Þetta er verga heildargjaldþolskrafan fyrir áhættueiningu heilsutrygginga.

S.26.05 – Gjaldþolskrafa – skaðatryggingaáhætta

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát SR.26.05.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Öll virði skal tilgreina að frádreginni endurtryggingu og annarri áhættuvörn.

Fjárhæðir fyrir og eftir skell skulu færðar inn með fjárhæð eigna og skulda sem eru næmar fyrir þeim skell. Fyrir skuldirnar skal matið gert af sem mestri mögulegri nákvæmni á milli samnings og einsleitra áhættuflokka. Þetta merkir að ef samningur/einsleitur áhættuflokkur er næmur fyrir skell skal tilgreina fjárhæðina á skuldum sem tengist þeim samningi/einsleita áhættuflokki sem næma fjárhæð fyrir þeim skelli.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með því að nota staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/ eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
R0010/C0010	Einfaldanir fyrir bundin félög – iðgjalda- og sjóðsáhætta skaðatryggingar	Tilgreina hvort bundið félag hafi notað einfaldanir við útreikninginn á iðgjalda- og sjóðsáhættu í skaðatryggingu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einfaldanir eru notaðar 2 – Einfaldanir eru ekki notaðar Ef R0010/C0010 = 1, skal einungis færa inn í C0060, C0070 og C0090 fyrir R0100 til R0230.
R0011/C0010	Einfaldanir sem eru notaðar – brottfallsáhætta í skaðatryggingu	Tilgreina hvort félag hafi notað einfaldanir við útreikninginn á skaðatryggingaáhættu. Nota skal eftirfarandi valkosti: 1 – Einföldun að því er varðar 90. gr. a 9 – Einfaldanir eru ekki notaðar

Iðgjalda- og sjóðsáhætta í skaðatryggingu

R0100–R0210/C0020	Staðalfrávik fyrir iðgjaldaáhættu – staðalfrávik fyrir eigin stika vátryggingafélags	Þetta er eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins vegna iðgjaldaáhættu fyrir hvern hluta eins og reiknað er út af félaginu og eftirlitsyfirvaldið samþykkir eða mælir fyrir um. Þessi liður er ekki tilgreindur þegar eigin stiki vátryggingafélags er ekki notaður.
R0100–R0210/C0030	Eigin stiki vátryggingafélags – staðalfrávik vergt/hreint	Tilgreina hvort staðalfráviki fyrir eigin stiki vátryggingafélags var beitt á vergum eða hreinum grunni. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Eigin stiki vátryggingafélags, vergt 2 – Eigin stiki vátryggingafélags, hreint
R0100–R0210/C0040	Staðalfrávik fyrir iðgjaldaáhættu – eigin stiki vátryggingafélags – leiðréttingarstuðull fyrir óhlutfallslega endurtryggingu	Þetta er eigin leiðréttingarstuðul vátryggingafélags fyrir óhlutfallslega endurtryggingu hvers hluta, sem gerir félögum kleift að taka tillit til áhættumildunaráhrifanna af tiltekinni endurtryggingu umframtaps eftir áhættu – eins og reiknaður út af félaginu og eftirlitsyfirvaldið samþykkir eða mælir fyrir um. Þessi liður er ekki tilgreindur þegar eigin stiki vátryggingafélags er ekki notaður.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0100–R0210/C0050	Staðalfrávik fyrir sjóðsáhættu – eigin stiki vátryggingafélags	Þetta er eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins vegna sjóðsáhættu fyrir hvern hluta eins og reiknað er út af félaginu og eftirlitsyfirvaldið samþykkir eða mælir fyrir um. Þessi liður er ekki tilgreindur þegar eigin stiki vátryggingafélags er ekki notaður.
R0100–R0210/C0060	Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu – magnmæling iðgjaldaáhættu: Vprem	Magnmælingin fyrir iðgjaldaáhættu fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
R0100–R0210/C0070	Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu – magnmæling iðgjaldaáhættu: Vres	Magnmælingin fyrir sjóðsáhættu fyrir hvern hluta, jöfn besta mati á varúðarniður-færslunum á útistandandi kröfum fyrir hlutann, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.
R0100–R0210/C0080	Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu – landfræðileg fjölþætting	Landfræðileg fjölþætting sem notuð er fyrir magnmælinguna fyrir hvern hluta Ef stuðullinn fyrir landfræðilega fjölþættingu er ekki reiknaður út, þá er þessum lið gefið sjálfgefna gildið 1.
R0100–R0210/C0090	Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu – V	Magnmælingin fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga fyrir hvern hluta Ef R0010/C0010 = 1, skal þessi liður standa fyrir gjaldþolskröfuna vegna iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga tiltekins hluta, reiknuð út með því að nota einfaldanir.
R0220/C0090	Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu alls	Heildarmagnmælingin fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu er jöfn samtölu magn-mælinganna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu fyrir alla hluta.
R0230/C0020	Samþætt staðalfrávik	Þetta er samþætta staðalfrávikið vegna iðgjalda- og sjóðsáhættu fyrir alla hluta.
R0300/C0100	Heildargjaldþolskrafa vegna iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga	Þetta er heildargjaldþolskrafan fyrir undireiningu iðgjalda- og sjóðsáhættu í skaðatryggingu.

Brottfallsáhætta í skaðatryggingu

R0400/C0110	Upphafleg algildi fyrir skell – eignir – skaðatryggingaáhætta – brottfallsáhætta	Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir brottfallsáhættu í skaðatryggingu, fyrir skellinn. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0400/C0120	Upphafleg algildi fyrir skell – skuldir – skaðatryggingaáhætta – brottfallsáhætta	Þetta er algildi skuldanna sem eru næmar fyrir brottfallsáhættu í skaðatryggingu, fyrir skellinn. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0400/C0130	Algildi eftir skell – eignir – skaðatryggingaáhætta – brottfallsáhætta	Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir brottfallsáhættu í skaðatryggingu, eftir skellinn. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0400/C0140	Algildi eftir skell – skuldir – skaðatryggingaáhætta – brottfallsáhætta	Þetta er algildi skuldanna sem eru næmar fyrir brottfallsáhættu í skaðatryggingu, eftir skellinn. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0400/C0150	Gjaldþolskrafa – skaðatryggingaáhætta – brottfallsáhætta	Þetta er gjaldþolskrafan fyrir brottfallsáhættu í skaðatryggingu.

Hamfaraáhætta í skaðatryggingum

R0500/C0160	Gjaldþolskrafa vegna hamfaraáhættu í skaðatryggingum	Þetta er heildargjaldþolskrafna fyrir hamfaraáhættu í skaðatryggingum.

Skaðatryggingaáhætta alls

R0600/C0160	Fjölþætting innan áhættueiningar skaðatryggingar	Þetta eru fjölþættingaráhrifin innan undireiningarinnar tryggingaráhætta í skaðatryggingum, sem afleiðing af samantektinni á gjaldþolskröfunum fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu, hamfaraáhættu og brottfallsáhættu. Tilgreina skal fjölþættingu sem neikvætt virði ef það lækkar gjaldþolskröfuna.
R0700/C0160	Heildargjaldþolskrafa vegna skaðatryggingaáhættu	Þetta er gjaldþolskrafan fyrir áhættuundireiningu skaðatrygginga.

S.26.06 – Gjaldþolskrafa – rekstraráhætta

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát SR.26.06.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með því að nota staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/ eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
R0100/C0020	Verg vátryggingaskuld líftryggingar (að undanskildu áhættuálagi) (annarrar en söfnunarlíftryggingar)	Þetta er vátryggingaskuld fyrir líftryggingaskuldbindingar, að undanskilinni einingatengdri söfnunarlíftryggingu Í þessu samhengi skal vátryggingaskuld ekki innihalda áhættuálagið, og skal vera án frádráttar endurheimtanlegu fjárhæðanna frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.
R0110/C0020	Verg vátryggingaskuld líftryggingar fyrir einingatengda söfnunarlíftryggingu (að undanskildu áhættuálagi)	Þetta er vátryggingaskuld vegna líftryggingaskuldbindinga þar sem vátryggingartakinn ber fjárfestingaráhættuna. Í þessu samhengi skal vátryggingaskuld ekki innihalda áhættuálagið, og skal vera án frádráttar endurheimtanlegu fjárhæðanna frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.
R0120/C0020	Verg vátryggingaskuld skaðatryggingar (að undanskildu áhættuálagi)	Þetta er vátryggingaskuld vegna skaðatryggingaskuldbindinga. Í þessu samhengi skal vátryggingaskuld ekki innihalda áhættuálagið, og skal vera án frádráttar endurheimtanlegu fjárhæðanna frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.
R0130/C0020	Gjaldþolskrafa fyrir rekstraráhættu, byggð á vátryggingaskuld	Þetta er gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu, byggð á vátryggingaskuld.
R0200/C0020	Verg líftryggingaiðgjöld ársins (undangengna 12 mánuði) (annarrar en söfnunarlíftryggingar)	Iðgjöld undangengna 12 mánuði vegna líftryggingaskuldbindinga, að undanskildum einingatengdum söfnunarlíftryggingum, án frádráttar iðgjalda sem afsalað er til endurtryggingar
R0210/C0020	Verg líftryggingaiðgjöld ársins fyrir einingatengda söfnunarlíftryggingu (undangengna 12 mánuði)	Iðgjöld undangengna 12 mánuði vegna líftryggingaskuldbindinga þar sem vátryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna, án frádráttar iðgjalda sem afsalað er til endurtryggingar
R0220/C0020	Verg skaðatryggingaiðgjöld ársins (undangengna 12 mánuði)	Iðgjöld undangengna 12 mánuði vegna skaðatryggingaskuldbindinga, án frádráttar iðgjalda sem afsalað er til endurtryggingar
R0230/C0020	Verg líftryggingaiðgjöld ársins (12 mánuði fyrir undangengna 12 mánuði) (annarrar en söfnunarlíftryggingar)	Iðgjöld þá 12 mánuði fyrir undangengna 12 mánuði vegna líftryggingaskuldbindinga, að undanskildum einingatengdum söfnunarlíftryggingum, án frádráttar iðgjalda sem afsalað er til endurtryggingar

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0240/C0020	Verg líftryggingaiðgjöld ársins fyrir einingatengda söfnunarlíftryggingu (12 mánuðina fyrir undangengna 12 mánuði)	Iðgjöld þá 12 mánuði fyrir undangengna 12 mánuði vegna líftryggingaskuldbindinga þar sem vátryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna, án frádráttar iðgjalda sem afsalað er til endurtryggingar.
R0250/C0020	Verg skaðatryggingaiðgjöld ársins (12 mánuðina fyrir undangengna 12 mánuði)	Iðgjöld þá 12 mánuði fyrir undangengna 12 mánuði vegna skaðatryggingaskuldbindinga, án frádráttar iðgjalda sem afsalað er til endurtryggingar
R0260/C0020	Gjaldþolskrafa fyrir rekstraráhættu, byggð á iðgjöldum ársins	Þetta er gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu, byggð á iðgjöldum ársins.
R0300/C0020	Gjaldþolskrafa vegna rekstraráhættu áður en þaki er beitt	Þetta er gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu áður en þaki er beitt
R0310/C0020	Þak sem byggir á grunngjaldþolskröfu	Þetta er niðurstaða prósentuþaksins sem beitt er á grunngjaldþolskröfuna.
R0320/C0020	Gjaldþolskrafa vegna rekstraráhættu eftir að þaki er beitt	Þetta er gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu eftir að þaki er beitt.
R0330/C0020	Útgjöld sem stofnað er til að því er varðar einingatengda söfnunarlíftryggingastarfsemi (undangengna 12 mánuði)	Þetta eru fjárhæðin á útgjöldum sem stofnað var til undangengna 12 mánuði að því er varðar líftryggingu þar sem vátryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna.
R0340/C0020	Heildargjaldþolskrafa vegna rekstraráhættu	Þetta er verga gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu.

S.26.07 – Gjaldþolskrafa – einfaldanir

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát SR.26.07.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með því að nota staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/ eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
Z0040	Gjaldmiðill fyrir vaxtaáhættu (bundin félög)	Tilgreina ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðils útgáfunnar. Hver gjaldmiðill skal tilgreindur í sérstaka línu

Markaðsáhætta (þ.m.t. bundin félög)

R0010/C0010 –C0070	Vikáhætta (skuldabréf og lán) – markaðsvirði – eftir lánshæfisþrepi	Markaðsvirði eignanna sem falla undir gjaldþolskröfu vegna vikáhættu á skuldabréf og lán fyrir hvert lánshæfisþrep þar sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir.
R0010/C0080	Vikáhætta (skuldabréf og lán) – markaðsvirði – ekkert lánshæfismat tiltækt	Markaðsvirði eignanna sem falla undir gjaldþolskröfu vegna vikáhættu á skuldabréf og lán þar sem ekkert lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismats-fyrirtækis er tiltækt fyrir.
R0020/C0010 –C0070	Vikáhætta (skuldabréf og lán) – leiðréttur líftími – eftir lánshæfisþrepi	Leiðréttur líftími í árum á eignunum sem falla undir gjaldþolskröfu vegna vikáhættu á skuldabréf og lán fyrir hvert lánshæfisþrep þar sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir.
R0020/C0080	Vikáhætta (skuldabréf og lán) – leiðréttur líftími – ekkert lánshæfismat tiltækt	Leiðréttur líftími í árum á eignunum sem falla undir gjaldþolskröfu vegna vikáhættu á skuldabréf og lán þar sem ekkert lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir.
R0030/C0090	Vikáhætta (skuldabréf og lán) – hækkun vátryggingaskuldar söfn-unarlíftrygginga	Hækkun vátryggingaskuldarinnar að frádregnu áhættuálaginu fyrir samninga þar sem vátryggingatakar bera fjárfestingaráhættuna með innfelldum valréttum og tryggingum, sem myndi leiða af skyndilegri lækkun á virði eignanna sem falla undir gjaldþolskröfuna vegna vikáhættu á skuldabréf samkvæmt einfaldaða útreikningnum.

Vaxtaáhætta (bundin félög)

R0040/C0100	Vaxtaáhætta (bundin félög) – gjaldþolskrafa – hækkun vaxtastigs – eftir gjaldmiðli	Gjaldþolskrafa vegna áhættunnar af hækkun á vaxtaskilmálum samkvæmt einfaldaða útreikningnum fyrir bundið félag, fyrir hvern gjaldmiðil sem tilgreindur er.
R0040/C0110	Vaxtaáhætta (bundin félög) – gjaldþolskrafa – lækkun vaxtastigs – eftir gjaldmiðli	Gjaldþolskrafa vegna áhættunnar af lækkun á vaxtaskilmálum samkvæmt einfaldaða útreikningnum fyrir bundið félag, fyrir hvern gjaldmiðil sem tilgreindur er.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Líftryggingaáhætta		
R0100/C0120	Dánaráhætta – vátryggingarfjárhæð	Samtala jákvæðra vátryggingarfjárhæða, eins og skilgreint er í 91. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, fyrir allar skuldbindingar er varða dánaráhættu.
R0100/C0160	Dánaráhætta – meðaltíðni t + 1	Meðaltals dánatíðni næstu 12 (t + 1) mánuði, vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0100/C0180	Dánaráhætta – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á öllum greiðslum til greiðslu við dauðsfall, sem innifaldar eru í besta mati á samningum með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0110/C0150	Langlífisáhætta – besta mat	Besta mat á skuldbindingunum er varða langlífisáhættu.
R0110/C0160	Langlífisáhætta – meðaltíðni t + 1	Meðaltals dánatíðni næstu 12 (t + 1) mánuði, vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga þar sem lækkun dánartíðni leiðir til hækkunar vátryggingaskuldar
R0110/C0180	Langlífisáhætta – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á öllum greiðslum til vátryggðra, sem innifaldar eru í besta mati á samningum þar sem lækkun dánartíðni leiðir til hækkunar vátrygginga-skuldar.
R0120/C0120	Örorku- og sjúkdómsáhætta – vátryggingarfjárhæð	Samtala jákvæðra vátryggingarfjárhæða, eins og skilgreint er í 93. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, fyrir allar skuldbindingar er varða örorku- og sjúkdómsáhættu.
R0120/C0130	Örorku- og sjúkdómsáhætta – vátryggingarfjárhæð t + 1	Vátryggingarfjárhæð, eins og skilgreint er í R0120/C0120, eftir 12 (t + 1) mánuði.
R0120/C0150	Örorku- og sjúkdómsáhætta – besta mat	Besta mat á skuldbindingunum sem falla undir örorku- og sjúkdómsáhættu.
R0120/C0160	Örorku- og sjúkdómsáhætta – meðaltíðni t + 1	Meðaltals örorku- og sjúkdómstíðni næstu 12 mánuði (t + 1), vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0120/C0170	Örorku- og sjúkdómsáhætta – meðaltíðni t + 2	Meðaltals örorku- og sjúkdómstíðni á 12 mánuðum, eftir næstu 12 mánuði (t + 2), vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0120/C0180	Örorku- og sjúkdómsáhætta – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á öllum greiðslum vegna örorku- og sjúkdóms, sem innifaldar eru í besta mati á samningum með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0120/C0200	Örorku- og sjúkdómsáhætta – uppsagnartíðni	Vænt uppsagnartíðni næstu 12 mánuði á samningum með jákvæða vátryggingar-fjárhæð.
R0130/C0140	Brottfallsáhætta (hækkandi) – endurkaupaálag	Samtala allra jákvæðra endurkaupaálaga, eins og skilgreint er í 95. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0130/C0160	Brottfallsáhætta (hækkandi) – meðaltíðni t + 1	Meðaltals brottfallstíðni á samningum með jákvæð endurkaupaálög.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0130/C0190	Brottfallsáhætta (hækkandi) – meðaltals uppgjörstímabil	Meðaltímabil í árum sem samningarnir með jákvæðu endurkaupaálagi renna út á.
R0140/C0140	Brottfallsáhætta (lækkandi) – endurkaupaálag	Samtala allra neikvæðra endurkaupaálaga, eins og skilgreint er í 95. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0140/C0160	Brottfallsáhætta (lækkandi) – meðaltíðni t + 1	Meðaltals brottfallstíðni á samningum með neikvæð endurkaupaálög.
R0140/C0190	Brottfallsáhætta (lækkandi) – meðaltals uppgjörstímabil	Meðaltímabil í árum sem samningarnir með neikvæðu endurkaupaálagi renna út á.
R0150/C0180	Útgjaldaáhætta í líftryggingum – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á sjóðstreyminu, sem innifalið er í besta mati á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum er varða líftryggingu.
R0150/C0210	Útgjaldaáhætta í líftryggingum – greiðslur	Greidd útgjöld sem tengjast vátryggingum og endurtryggingum er varða líftryggingu síðustu 12 mánuði.
R0150/C0220	Útgjaldaáhætta í líftryggingum – meðalverðbólgustig	Vegið meðalverðbólgustig sem innifalið er í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga, þegar voganir eru byggðar á núvirði útgjalda sem innifalin eru í útreikningnum á besta mati fyrir þjónustuna við núverandi líftrygginga-skuldbindingar.
R0160/C0120	Hamfaraáhætta í líftryggingum – vátryggingarfjárhæð	Samtala allra jákvæðra vátryggingarfjárhæða, eins og skilgreint er í 96. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

Heilsutryggingaáhætta

R0200/C0120	Dánaráhætta í heilsutryggingu – vátryggingarfjárhæð	Samtala jákvæðra vátryggingarfjárhæða, eins og skilgreint er í 97. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, fyrir allar skuldbindingar er varða dánaráhættu í heilsutryggingu.
R0200/C0160	Dánaráhætta í heilsutryggingu – meðaltíðni t + 1	Meðaltals dánatíðni næstu 12 mánuði (t + 1), vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0200/C0180	Dánaráhætta í heilsutryggingu – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á öllum greiðslum til greiðslu við dauðsfall, sem innifaldar eru í besta mati á samningum með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0210/C0150	Langlífisáhætta í heilsutryggingu – besta mat	Besta mat á skuldbindingunum er varða langlífisáhættu í heilsutryggingu.
R0210/C0160	Langlífisáhætta í heilsutryggingu – meðaltíðni t + 1	Meðaltals dánatíðni næstu 12 mánuði (t + 1), vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga þar sem lækkun dánartíðni leiðir til hækkunar vátryggingaskuldar.
R0210/C0180	Langlífisáhætta í heilsutryggingu – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á öllum greiðslum til vátryggða, sem innifaldar eru í besta mati á samningum þar sem lækkun dánartíðni leiðir til hækkunar vátrygginga-skuldar.
R0220/C0180	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (sjúkrakostnaður) – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á sjóðstreyminu, sem innifalið er í besta mati á sjúkrakostnaðartryggingu og endurtryggingaskuldbindingum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0220/C0210	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (sjúkrakostnaður) – greiðslur	Greidd útgjöld sem tengjast sjúkrakostnaðartryggingu og endurtryggingu síðustu 12 mánuði.
R0220/C0220	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (sjúkrakostnaður) – meðalverðbólgustig	Vegið meðaltal verðbólgustigs á sjúkragreiðslum sem innifalið er í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga, þegar voganir eru byggðar á núvirði sjúkragreiðslnanna sem innifaldar eru í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga.
R0230/C0120	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – vátryggingarfjárhæð	Samtala jákvæðra vátryggingarfjárhæða, eins og skilgreint er í 100. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, fyrir allar skuldbindingar er varða örorku- og sjúkdómsáhættu (tekjuvernd).
R0230/C0130	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – vátryggingarfjárhæð t + 1	Vátryggingarfjárhæð, eins og skilgreint er í R0230/C0120, eftir 12 mánuði.
R0230/C0150	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – besta mat	Besta mat á skuldbindingunum sem falla undir örorku- og sjúkdómsáhættu.
R0230/C0160	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – meðaltíðni t + 1	Meðaltals örorku- og sjúkdómstíðni næstu 12 mánuði (t + 1), vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0230/C0170	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – meðaltíðni t + 2	Meðaltals örorku- og sjúkdómstíðni á 12 mánuðum, eftir næstu 12 mánuði (t + 2), vegin með tryggingafjárhæð fyrir samninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0230/C0180	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á öllum greiðslum vegna örorku- og sjúkdóms, sem innifaldar eru í besta mati á samningum með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0230/C0200	Örorku- og sjúkdómsáhætta í heilsutryggingu (tekjuvernd) – uppsagnartíðni	Vænt uppsagnartíðni næstu 12 mánuði á samningum með jákvæða vátryggingarfjárhæð.
R0240/C0140	Brottfallsáhætta (hækkandi) í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging – endurkaupaálag	Samtala allra jákvæðra endurkaupaálaga, eins og skilgreint er í 102. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0240/C0160	Brottfallsáhætta (hækkandi) í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging – meðaltíðni t + 1	Meðaltals brottfallstíðni á samningum með jákvæð endurkaupaálög.
R0240/C0190	Brottfallsáhætta (hækkandi) í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging – meðaltals uppgjörstímabil	Meðaltímabil í árum sem samningarnir með jákvæðu endurkaupaálagi renna út á.
R0250/C0140	Brottfallsáhætta (lækkandi) í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging – endurkaupaálag	Samtala allra neikvæðra endurkaupaálaga, eins og skilgreint er í 102. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0250/C0160	Brottfallsáhætta (lækkandi) í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging – meðaltíðni t + 1	Meðaltals brottfallstíðni á samningum með neikvæð endurkaupaálög.
R0250/C0190	Brottfallsáhætta (lækkandi) í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging – meðaltals uppgjörstímabil	Meðaltímabil í árum sem samningarnir með neikvæðu endurkaupaálagi renna út á.
R0260/C0180	Útgjaldaáhætta í heilsutryggingu – leiðréttur líftími	Leiðréttur líftími í árum á sjóðstreyminu, sem innifalið er í besta mati á heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingum.
R0260/C0210	Útgjaldaáhætta í heilsutryggingu – greiðslur	Greidd útgjöld sem tengjast vátryggingum og endurtryggingum er varða heilsutryggingu síðustu 12 mánuði.
R0260/C0220	Útgjaldaáhætta í heilsutryggingu – meðalverðbólgustig	Vegið meðalverðbólgustig sem innifalið er í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga, vegið með núvirði útgjalda sem innifalin eru í útreikningnum á besta mati fyrir þjónustuna við núverandi sjúkratryggingaskuldbindingar.
Markaðsáhætta – samþjöppunaráhætta markaðsáhættu		
R0300/C0300	Hlutdeild í skuldasafni	Hlutdeildin í skuldasafni sem einfölduðum útreikningi á gjaldþolskröfur var beitt á. Eingöngu skal tilgreina þennan lið ef um er að ræða undanþágu frá tilkynningu á S.06.02.
Einfaldanir við náttúruham-farir		
R0400/C0330	Stormar – samtala áhættuskuld-bindinga sem falla undir einfaldanir við náttúruhamfarir	Taka með samtölu áhættuskuldbindinga sem falla undir einfaldanir við storma
R0410/C0330	Haglél – samtala áhættuskuld-bindinga sem falla undir einfaldanir við náttúruhamfarir	Taka með samtölu áhættuskuldbindinga sem falla undir einfaldanir við haglél.
R0420/C0330	Jarðskjálfti – samtala áhættu-skuldbindinga sem falla undir einfaldanir við náttúruhamfarir	Taka með samtölu áhættuskuldbindinga sem falla undir einfaldanir við jarðskjálfta.
R0430/C0330	Flóð – samtala áhættu-skuldbindinga sem falla undir einfaldanir við náttúruhamfarir	Taka með samtölu áhættuskuldbindinga sem falla undir einfaldanir við flóð.
R0440/C0330	Landsig – samtala áhættuskuld-bindinga sem falla undir einfaldanir við náttúruhamfarir	Taka með samtölu áhættuskuldbindinga sem falla undir einfaldanir við landsig.

S.26.08 – Gjaldþolskrafa – fyrir félög sem nota eigið líkan (hluta eða alhliða)

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Þetta sniðmát skal lagt fram á grundvelli tiltækileika gagna samkvæmt uppbyggingu eigin líkans og áhættusniðs þegar mögulegt er með eðlilegu móti. Samkomulag um dagsetninguna sem tilgreina á skal gert á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga.

Tilgangurinn með þessu sniðmáti er að safna gögnum á samtölustigi og sýna fjölþættingarábata á milli aðskilinna áhættueininga. Sumar færslur eru teknar úr öðrum sniðmátum, en eru tilgreindar hér að neðan. Frá tæknilegu sjónarhorni er þetta ekki tvítalning þar sem þær eru í grunninn sömu gagnapunktar. Með því að færi gögn inn í eitt sniðmát birtast þau sjálfkrafa í öðru.

Eigin hlutalíkön:

Allar línur fyrir C0010 vísa til fjárhæðar gjaldþolskröfunnar fyrir hvern efnisþátt, án tillits til reikniaðferðarinnar (hvort heldur staðalreglu eða eigin hlutalíkans), eftir leiðréttingarnar fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar og/eða frestaðs skatts þegar þær eru felldar inn í útreikninginn á efnisþáttunum.

Þegar efnisþættirnir tapgleypni vátryggingaskuldar og/eða frestaður skattur eru tilgreind sem sérstakur efnisþáttur ætti hann að vera fjárhæðin á tapgleypninni (þessar fjárhæðir ætti að tilgreina sem neikvætt virði)

Fyrir efnisþætti sem reiknaðir eru út með því að nota staðalregluna stendur þessi reitur fyrir vergt ígildi gjaldþolskröfunnar. Fyrir efnisþætti sem reiknaðir eru út með því að nota eigið hlutalíkan stendur þessi reitur fyrir virðið að teknu tilliti til stjórnunaraðgerða í framtíðinni sem felldar eru inn í útreikninginn, en ekki þær sem meðhöndlaðar eru í líkaninu sem sérstakir þættir.

Í þessum fjárhæðum skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa samkvæmt 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum.

Þegar við á ná þessir reitir ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi.

Tilkynna skal sniðmát SR.26.08 fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, og eftirstæðan hluta fyrir hvert félag sem fellur undir eigið líkan. Fyrir eigin hlutalíkön nær þetta til félaga þar sem eigin hlutalíkani er beitt á sjóð sem haldið er aðgreindum og/eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, í heild, á meðan aðrir sjóðir sem haldið er aðgreindum og/eða eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar falla undir staðalregluna. Þetta sniðmát ætti að leggja fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Fyrir þau félög sem falla undi eigið hlutalíkan sem leiðréttingin vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar gildir um, ef einingin er með eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða sjóð sem haldið er aðgreindum (að undanskildum þeim sem falla undir gildissvið 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) við gagnaskil á stigi félagsins alls, skal ígildi gjaldþolskröfunnar (nSCR) á áhættueiningarstigi og tapgleypni (LAC) vátryggingaskuldar og frestaðs skatts sem tilgreina á, reiknað út á eftirfarandi hátt:

— Ef félagið beitir fullri leiðréttingu vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út líkt og enginn sjóður sem haldið er aðgreindum sé til staðar og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einföldununni á áhættuundireiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar og tapgleypnin reiknuð út að teknu tilliti til beinnar samlagningaraðferðar á undireiningarstigi,

— Ef félagið beitir einföldununni á áhættueiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar og tapgleypnin reiknuð út að teknu tilliti til beinnar samlagningaraðferðar á einingarstigi,

Leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, skal úthluta (C0060) á viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaáhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu) þegar hún er reiknuð út samkvæmt staðalreglunni. Fjárhæðina sem á að úthluta á hverja viðkomandi áhættueiningu skal reikna út á eftirfarandi hátt:

— $Calculation\ of\ 'q\ factor' = \frac{adjustment}{BSCR_I - nSCR_{int}}$, þar sem

  — *leiðrétting* = Leiðrétting reiknuð út samkvæmt einni þeirra þriggja aðferða sem getið er að ofan

— *BSCR′* = Grunngjaldþolskrafa reiknuð út samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti

— $nSCR_{int}$ = Ígildi gjaldþolskröfu fyrir áhættu óefnislegra eigna samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti

— Margföldun á þessum „q þætti“ með ígildi gjaldþolskröfu hverrar viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaráhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu)

Eigin alhliða líkön:

Færa á inn í sniðmát SR.26.08 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta, fyrir hvert félag sem fellur undir eigið alhliða líkan. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát ætti að leggja fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Samsöfnun		
Z0020	Sjóður sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Númer sjóðs/eignasafns	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við númer sjóðsins/eignasafnsins sem tilgreint er í öðrum sniðmátum. Þegar liður Z0020 = 2, þá er „0“ tilgreint
C0010/R0010	Stök áhætta alls	Samtala fjölþættra gjaldþolskrafna fyrir hverja áhættueiningu. Fjölþætting á milli áhættueininga er ekki tekin með. S.26.09.01 C0020/R0020 + S.26.11.01 C0110/R0210 + S.26.12.01 C0070/R0220 + S.26.13.01 C0450/R2120 + S.26.13.01 C0150/R1210 + S.26.14.01 C0320/R0630 + S.26.15.01 C0220/R0070 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á
C0010/R0020	Heildarfjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli áhættueininga. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0010/R0030	Fjölþætt áhætta alls, fyrir skatt	Fjárhæð fjölþættra gjaldþolskrafna fyrir skatt.
C0010/R0040	Fjölþætt áhætta alls, eftir skatt	Fjárhæð fjölþættra gjaldþolskrafna eftir skatt.
C0010/R0050	Tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir tapgleypni frestaðs skatts. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0060	Tapgleypni vátryggingaskuldar	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0010/R0070	Heildarmarkaðs- og útlánaáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0010 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á
C0010/R0080	Markaðs- og útlánaáhætta – fjölþætting	S.26.08.01 C0010.R0070 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, að frádregnum hluta heildarfjölþættingar sem algrím félagsins úthlutar á markaðs- og útlánaáhættu.
C0010/R0090	Vaxtaáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0060 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0100	Vaxtaáhætta vegna flökts	Sama og S.26.09.01 C0020/R0070 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0110	Verðbólguáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0080 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0120	Hlutafjáráhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0110 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0130	Hlutafjárflöktsáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0120 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0140	Fasteignaáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0130 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0150	Gjaldmiðilsáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0140 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0160	Vaxtaálagsáhætta	Sama og S.26.09.01 C0020/R0180 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0170	Lánaatburðaráhætta (tilfærsla og vanskil)	Sama og S.26.09.01 C0020/R0170 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0180	Útlánaáhætta, samtals (álag, tilfærsla og vanskil)	Sama og S.26.09.01 C0020/R0150 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0190	Lánaatburðaráhætta sem markaðs- og útlánaáhætta nær ekki yfir	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á lánaatburðaráhættu sem markaðs- og útlánaáhættueiningin nær ekki yfir.
C0010/R0200	Lánaatburðaráhætta sem markaðs- og útlánaáhætta nær ekki yfir – fjölþætting	S.26.08.01 C0010.R0190 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, að frádreginni fjölþættingu sem úthlutað er á lánaatburðaráhættu sem markaðs- og útlánaáhættueiningin nær ekki yfir.
C0010/R0210	Grunnáhætta fjármálagerninga	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á grunnáhættu fyrir fjármálagerninga (hætta á ófullkominni áhættuvörn. Samtala verðmunar á milli eignar og áhættuvarnar-gernings). Á einungis að tilkynna ef félag formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu og hefur tiltekið það í C0140/R0760.
C0010/R0220	Afleiðuáhætta	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á afleiðuáhættu (allar afleiður sem ekki eru notaðar í áhættuvarnartilgangi). Á einungis að tilkynna ef félag formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu og hefur tiltekið það í C0140/R0770.
C0010/R0230	Hlutdeildir	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á hlutdeildir. Á einungis að tilkynna ef félag formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu og hefur tiltekið það í C0140/R0720.
C0010/R0240	Lausafjáráhætta	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á lausafjáráhættu. Á einungis að tilkynna ef félag formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu og hefur tiltekið það í C0140/R0730.
C0010/R0250	Lífeyrisáhætta	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á lífeyrisáhættu. Á einungis að tilkynna ef félag formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu og hefur tiltekið það í C0140/R0740.
C0010/R0260	Samþjöppunaráhætta	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á samþjöppunaráhættu. Fyrir félög sem nota eigið alhliða líkan skal einungis tilkynna þetta ef félagið formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu og hefur tiltekið það í C0140/R0750.
C0010/R0270	Heildarviðskiptaáhætta	Gjaldþolskrafa sem úthlutað er á viðskiptaáhættu. Á einungis að tilkynna ef félag formar þetta með skýrum hætti í eigin einingu.
C0010/R0280	Heildarviðskiptaáhætta – fjölþætting	S.26.08.01 C0010/R0240 að frádregnum hluta heildarfjölþættingar sem algrím félagsins úthlutar á viðskiptaáhættu.
C0010/R0290	Heildartryggingaráhætta	S.26.08.01 C0010/R0310 + S.26.08.01 C0010/R0400 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0300	Heildartryggingaráhætta – fjölþætt	S.26.08.01 C0010.R0290 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, að frádregnum hluta heildarfjölþættingar sem algrím félagsins úthlutar á tryggingaráhættu.
C0010/R0310	Hrein skaðatryggingaáhætta alls	Samtala S.26.08.01 C0010/R0360, R0370, R0380 + R0390 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0320	Hrein skaðatryggingaáhætta alls – fjölþætting	S.26.08.01 C0010.R0310 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, að frádregnum hluta heildarfjölþættingar sem algrím félagsins úthlutar á skaðatryggingaráhættu.
C0010/R0330	Hrein náttúruhamfaraáhætta	S.26.13.01 C0430/R1690 + S.26.13.01 C0430/R1700 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0340	Hrein manngerð áhætta	S.26.13.01 C0430/R1710 + S.26.13.01 C0430/R1720 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0350	Verg sjóðsáhætta	Sama og S.26.13.01 C0050/R0090 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0360	Verg iðgjaldaáhætta	Sama og S.26.13.01 C0080/R0540 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0370	Líf- og heilsutryggingaáhætta alls	Samtala S.26.08.01 C0010/R0420-R0480 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á eða samtala S.26.08.01 C0010/R0480-R0500 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0380	Líf- og heilsutryggingaáhætta alls – fjölþætting	S.26.08.01 C0010.R0400 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, að frádregnum hluta heildarfjölþættingar sem algrím félagsins úthlutar á líf- og heilsutryggingaáhættu.
C0010/R0390	Dánaráhætta	S.26.14.01 C0070/R0010 + S.26.14.01 C0070/R0310 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0400	Áhætta vegna langlífis	S.26.14.01 C0070/R0050 + S.26.14.01 C0070/R0360 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0410	Fötlunar- eða sjúkdómaáhætta	S.26.14.01 C0070/R0110 + S.26.14.01 C0070/R0410 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0420	Brottfall	S.26.14.01 C0070/R0160 + S.26.14.01 C0070/R0470 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0430	Útgjaldaáhætta	S.26.14.01 C0070/R0240 + S.26.14.01 C0070/R0550 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0440	Endurmatsáhætta	S.26.14.01 C0070/R0260 + S.26.14.01 C0070/R0570 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0450	Hamfaraáhætta	Sama og S.26.14.01 C0070/R0250 + S.26.14.01 C0070/R0560 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, eða S.26.14.01 C0070/R0300 + S.26.14.01 C0070/R0600 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, með hliðsjón af uppbyggingu líkansins.
C0010/R0460	Áhætta vegna þróunar	Sama og S.26.14.01 C0070/R0280 + S.26.14.01 C0070/R0580.
C0010/R0470	Stigsáhætta	Sama og S.26.14.01 C0070/R0290 + S.26.14.01 C0070/R0590.
C0010/R0480	Rekstraráhætta alls	Sama og S.26.15.01 C0220/R0070 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0010/R0490	Rekstraráhætta alls – fjölþætting	S.26.08.01 C0010.R0510 + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á, að frádregnum hluta heildarfjölþættingar sem algrím félagsins úthlutar á rekstraráhættu.
C0010/R0500	Önnur áhætta	Gjaldþolskrafa sem ekki er úthlutað á flokkana sem skráðir eru hér + hlutinn sem reiknaður er út með því að nota staðalregluna fyrir félög sem nota eigið hlutalíkan, ef við á.
C0050/R0010 -R0500	Úthlutun frá leiðréttingum vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum og eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Hluti leiðréttingarinnar sem úthlutað er á hverja áhættueiningu samkvæmt aðferðinni sem lýst er í almennu athugasemdunum, eftir atvikum. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð.
C0060/R0010 -R0500	Að teknu tilliti stjórnunaraðgerða í framtíðinni að því er varðar vátryggingaskuld og/eða frest-aðan skatt	Til að ákvarða hvort stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld og/eða frestuðum skatti séu felldar inn í útreikninginn skal eftirfarandi tæmandi skrá yfir valkosti notuð: 1 – Stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld sem felld er inn í efnisþáttinn 2 – Stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á frestuðum skatti sem felldur er inn í efnisþáttinn

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070/R0210	Fjölþætting: mótaðilaáhætta	Þetta er fjárhæðin á vergum fjölþættingaráhrifum sem heimiluð er í samantekt gjaldþolskrafna vegna mótaðilaáhættu fyrir áhættuskuldbindingar af gerð 1 og gerð 2. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0070/R0220	Fjölþætt áhætta: mótaðilaáhætta	Þetta er heildarfjárhæðin á gjaldþolskröfunni fyrir mótaðilaáhættu.

S.26.13 – Eigið líkan: Tryggingaráhætta skaða- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát skal lagt fram á grundvelli tiltækileika gagna samkvæmt uppbyggingu eigin líkans og áhættusniðs þegar mögulegt er með eðlilegu móti. Samkomulag um dagsetninguna sem tilgreina á skal gert á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga.

Í þessu sniðmáti er upplýsingum safnaða saman um tryggingaráhættu af skaða- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, í eftirfarandi mismunandi sundurgreinanleika áhættu, án frádráttar endurtryggingar og að frádreginni endurtryggingu:

— Iðgjalda- og sjóðsáhætta: Gögn um iðgjalda- og sjóðsáhættu að meðtalinni hamfaraáhættu

— Hamfaraáhætta: Gögn um hamfaraáhættu.

— Iðgjalda- og sjóðsáhætta (að undanskilinni beinni hamfaraáhættu): Gögn um iðgjalda- og sjóðsáhættu að undanskilinni beinni hamfaraáhættu

— Iðgjaldaáhætta: Dreifingin á iðgjaldaáhættu ætti að vera slík að meðaltal hennar endurspegli væntan hagnað eða tap að meðtöldum breytingum á iðgjaldaskuldum yfir árið. Í niðurstöðunum ætti að undanskilja hamfaraáhættu

— Sjóðsáhætta: Dreifingin á sjóðsáhættu ætti að vera slík að meðaltal hennar sé um það bil núll, þar sem ekki er vænst neins hagnaðar í besta mati. Í niðurstöðunum ætti að undanskilja hamfaraáhættu

— Innan iðgjalda- og sjóðsáhættu er krafist eftirfarandi tveggja lagskiptinga:

  — Vátryggingagrein samkvæmt Gjaldþolsáætlun 2 (S2LoB): Eins og skilgreint er í II. viðauka framseldrar reglugerðar, byggt á vátryggingagreinum sem skilgreindar eru í I. viðauka.

  — Vátryggingagrein samkvæmt eigin líkani (IntLoB): Er álitin sem sú nákvæmasta af beinum afurðum eigin líkansins þar sem fall líkindadreifingarinnar fyrir tapi og gjaldþolskröfu er aðgengilegt. Ætlast er til að vátryggingagreinar samkvæmt eigin líkani séu notaðar fyrir innri gagnaskil sem og stjórnun félagsins á fjármagnsstöðum. Vátryggingagreinar samkvæmt eigin líkani liggja að jafnaði nálægt stikunarstiginu. Þær ættu að auðvelda skilning á sértækri virkni eigin líkansins.

Í tilviki samtryggingar fyrir frumtryggingastarfsemi er litið svo á fyrir aðalvátryggingafélög að allur hluti starfseminnar sé tilkynntur sem verg frumtryggingastarfsemi, þar sem sá hluti sem deilt er með vátryggjendum sem ekki eru leiðandi er talinn vera meðhöndlaður sem ytri endurtrygging.

Almennt gildir eftirfarandi:

— Fjárhæðir í þessu sniðmáti eru afvaxtaðar.

— Há hundraðshlutamörk standa fyrir neikvæða niðurstöðu fyrir félagið þar sem undirliggjandi dreifing er tjónadreifing (þ.e. 99,5 er notað fyrir útreikning á gjaldþolskröfunni).

— Almennt er ætlast til að tölurnar sem farið er fram á séu aðgengilegar fyrir báða sundurgreinanleika (innri eða samkvæmt vátryggingagreinum Gjaldþolsáætlunar 2) og tilkynntar með samræmdum hætti fyrir hvorn þessara tveggja sundurgreinanleika að því marki sem mögulegt er (meðaltal, samanlagt, o.s.frv.).

— Orðið „fjölþætt“ er í þessu sniðmáti notað til að aðgreina á milli mismunandi sundurgreinanleikastiga (t.d. er fjölþætt sjóðsáhætta samanlögð heildarsjóðsáhætta í samanburði við samtöluna á ófjölþættum vátryggingagreinum samkvæmt Gjaldþolsáætlun 2).

Vegna þess að mismunandi leiðir eru til að meðhöndla þessa áhættu í líkaninu, eru félög ekki krafin um að breyta eigin líkönum sínum svo mögulegt sé að fylgja uppbyggingu kóðanna. Ef félög meðhöndla hamfaraáhættu saman með iðgjalda- og/eða sjóðsáhættu í líkaninu þá ættu þau ekki að færa inn í þáttinn „Skipting taps frá hamfaraháska“. Að auki ef félög öfluðu upplýsinga um sértæka skiptingu á iðgjalda- og sjóðsáhættu fyrir tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, og aðra aðskilda fyrir tryggingaráhættu skaðatryggingar án þess að leggja þær tvær saman, verða upplýsingarnar teknar með í þættina „Samantekin heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, án frádráttar á endurtryggingu“ – „Samantekin heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, að frádreginni endurtryggingu“ og „Samantekin skaðatrygging án frádráttar á endurtryggingu“ – „Samantekin skaðatrygging að frádreginni endurtryggingu“, eftir því sem við á. Að öðrum kosti ætti ekki að tilkynna þættina „Samantekin skaðatrygging án frádráttar á endurtryggingu“ – „Samantekin skaðatrygging að frádreginni endurtryggingu“.

Líkurnar á að gerist að farið sé yfir mörkin (OEP) eru líkurnar á að farið verði yfir tengda tapið vegna einhvers atburðar á einhverju tilteknu ári. Þær eru notaðar þegar tryggingaáætlunin er gerð, á grundvelli atviks, eða þegar tapið sem tengist tilteknum atburði er verulegt.

Samanlögðu líkurnar á að farið sé yfir mörkin (AEP) eru líkurnar á að samanlagða tapið á einhverju tilteknu ári fari yfir tengda tapið og er notað þegar tryggingaáætlunin er gerð, á samanteknum grundvelli.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Gögn áhættulíkans		
C0010/R0010	Er áhættumæling á gjaldþolskröfu fyrir iðgjaldaáhættu miðjusett?	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já – gjaldþolskrafa er mæld sem frávik frá væntri niðurstöðu (miðjusett áhætta). Lýsing á að vera í kóða C0010/R0020. Nei – gjaldþolskrafa er mæld sem frávik frá núlli (ekki miðjusett áhætta). Lýsing á að vera í kóða C0010/R0020. Annað – lýsing á að vera í kóða C0010/R0020.
C0010/R0020	Stutt lýsing á áhættumælingu á gjaldþolskröfu sem notuð er fyrir iðgjaldaáhættu	Lýsa á hvernig áhættumæling á gjaldþolskröfu fyrir iðgjaldaáhættu í eigin líkani er fengin (t.d. af „efnahagslegri“ skiptingu hagnaður og taps). Nota á viðmiðunarpunkt mælistikunnar sem skilgreindur er fyrir gjaldþolskröfuna í 101. gr. tilskipunarinnar um Gjaldþolsáætlun II og fara í gegnum alla þætti þar sem nálgunin er mögulega frábrugðin (þ.e. frávik frá VaR 1/200, áhætta á 1 árs tímabili, áhætta sem frávik frá væntri niðurstöðu, o.s.frv.). Ef samþykkt áhættumæling eigin líkansins fylgir áhættumælingunni eins og hún er skilgreind í 101. gr. tilskipunarinnar um Gjaldþolsáætlun II, á að staðfest það með því að setja inn „Áhættumæling eigin líkans eins og skilgreind er í 101. gr. tilskipunarinnar um Gjaldþolsáætlun II“.
C0010/R0030	Er áhættumat gjaldþolskröfu fyrir sjóðsáhættu miðjusett?	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já – áhættufjármagn tekur með frávik frá væntri niðurstöðu (miðjusett áhætta). Lýsing á að vera í kóða C0010/R0040. Nei – áhættufjármagn tekur með frávik frá núlli (ekki miðjusett áhætta). Lýsing á að vera í kóða C0010/R0040. Annað – lýsing á að vera í kóða C0010/R0040.
C0010/R0040	Stutt lýsing á áhættumati gjaldþolskröfu sem notað er fyrir sjóðsáhættu	Lýsa á hvernig áhættumæling á gjaldþolskröfu fyrir sjóðsáhættu í eigin líkani er fengin (t.d. af „efnahagslegri“ skiptingu hagnaður og taps). Nota á viðmiðunarpunkt mælistikunnar sem notuð er fyrir gjaldþolskröfuna samkvæmt tilskipun um Gjaldþolsáætlun II í þætti 4 undirþætti 1 og 2 (einkum með áherslu á 101., 104., 105, 108. gr.) samkvæmt Gjaldþolsáætlun II og fara í gegnum alla þætti þar sem nálgunin er mögulega frábrugðin (þ.e. frávik frá VaR 1/200, áhætta á 1 árs tímabili, áhætta sem frávik frá væntri niðurstöðu, áframhaldandi rekstrarhæfi, o.s.frv.). Ef samþykkt áhættumæling eigin líkansins fylgir öllum forsendum í þætti 4 undirþætti 2 á að staðfesta það með því að setja inn „Áhættumæling eigin líkans í samræmi við skilgreiningu á áhættumælingu samkvæmt staðalreglunni“.
C0010/R0050	Er áhættumat gjaldþolskröfu fyrir hamfaraáhættu miðjusett?	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já – áhættufjármagn tekur með frávik frá væntri niðurstöðu (miðjusett áhætta). Lýsing á að vera í kóða C0010/R0060.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Nei – áhættufjármagn tekur með frávik frá núlli (ekki miðjusett áhætta). Lýsing á að vera í kóða C0010/R0060. Annað – lýsing á að vera í kóða C0010/R0060.
C0010/R0060	Stutt lýsing á áhættumati gjaldþolskröfu sem notað er fyrir hamfaraáhættu	Lýsa á hvernig áhættumæling á gjaldþolskröfu fyrir hamfaraáhættu í eigin líkani er fengin. (t.d. af „efnahagslegri“ skiptingu hagnaður og taps). Nota á viðmiðunarpunkt mælistikunnar sem notuð er fyrir gjaldþolskröfuna samkvæmt tilskipun um Gjaldþolsáætlun II í þætti 4 undirþætti 1 og 2 (einkum með áherslu á 101., 104., 105, 108. gr.) samkvæmt Gjaldþolsáætlun II og fara í gegnum alla þætti þar sem nálgunin er mögulega frábrugðin (þ.e. frávik frá VaR 1/200, áhætta á 1 árs tímabili, áhætta sem frávik frá væntri niðurstöðu, áframhaldandi rekstrarhæfi, o.s.frv.). Ef samþykkt áhættumæling eigin líkansins fylgir öllum forsendum í þætti 4 undirþætti 2 á að staðfesta það með því að setja inn „Áhættumæling eigin líkans í samræmi við skilgreiningu á áhættumælingu samkvæmt staðalreglunni“.

Vörpun innri vátryggingagreinar

C0020	Eigin vátryggingagrein	Heiti innri vátryggingagreinar sem notuð er í eigið líkanið. Það skal vera samræmt í öllu sniðmátinu.
C0030	Vátryggingagrein samkvæmt Gjaldþolsáætlun II	Auðkenning skaðatryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging Ætlast er til að vátrygginga- og endurtryggingafélög taki fram til hvaða vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II hver innri vátryggingagrein nær til. Ef ein innri vátryggingagrein nær til tveggja eða fleiri vátryggingagreina Gjaldþolsáætlunar II þá er samsvarandi hluti (sem virði á milli 0 og 1) innri vátryggingagreinar tilgreindur í C0040 fyrir hverja varpaða vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II. Þessi virði skulu samanlagt vera allt að 1 fyrir hverja innri vátryggingagrein sem nær til tveggja eða fleiri vátryggingagreina Gjaldþolsáætlunar II. Ef vörpun er frá einni til annarrar, þá skal C0040 vera 1.
C0040	Vísir iðgjaldaáhættu	Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: — Úthlutað á iðgjaldaáhættu — Ekki úthlutað á iðgjaldaáhættu
C0050	Vísir sjóðsáhættu	Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: — Úthlutað á sjóðsáhættu — Ekki úthlutað á sjóðsáhættu
C0060	Hlutfall eigin vátryggingagreinar sem úthlutað er á vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II	Hlutfall eigin vátryggingagreinar sem úthlutað er á vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II sem tugabrot, þ.e. ef það er 10% þá að nota 0,1.
Gögn líkans fyrir verga sjóðsáhættu		
Z0010	Vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II	Auðkenning skaðatryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging
Z0020	Áhættutegund	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman með óbeinni hamfaraáhættu 2 – Sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman 3 – Sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar með óbeinni hamfaraáhættu 4 – Sjóðsáhætta skaðatryggingar
C0070	Fjölþætt sjóðsáhætta að undanskildri beinni hamfara-áhættu	Samantekin sjóðsáhætta án frádráttar á/að frádreginni endurtryggingu eftir beitingu fjölþættingaráhrifa milli mismunandi áhættu. Hún inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með sjóðsáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda reiti sem lýst er í þættinum „Skipting taps frá hamfaraháska“ í þessari aðgerðaskrá.
C0080	Vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II	Sjóðsáhætta án frádráttar á/að frádreginni endurtryggingu fyrir hverja vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II. Hún inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með sjóðsáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda reiti sem lýst er í þættinum „Skipting taps frá hamfaraháska“ í þessari aðgerðaskrá.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Eigin vátryggingagreinar	Sjóðsáhætta án frádráttar á/að frádreginni endurtryggingu fyrir hverja innri vátryggingagrein. Hún inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með sjóðsáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda reiti sem lýst er í þættinum „Skipting taps frá hamfaraháska“ í þessari aðgerðaskrá.
R0070	Vátryggingarsjóður fyrir tjónaskuldir – afvaxtaðar	Besta matið á tjónaskuldum (án frádráttar á endurtryggingu) sem ekki hafa verið gerðar upp. Það inniheldur allar tjónaskuldir sem enn hafa ekki verið gerðar upp, tilkynntar og ekki tilkynntar. Á grundvelli 77. gr. tilskipunar um Gjaldþolsáætlun II, samsvarar besta matið meðaltalinu á líkindavegnu framtíðarsjóðstreymi, að teknu tilliti til tímavirðis peninga (væntu núvirði framtíðarsjóðstreymis), með því að nota viðkomandi áhættulausn vaxtaferil.
R0080	Iðgjaldaskuldir – afvaxtaðar (einungis ef iðgjaldaskuldum er úthlutað á sjóðsáhættu)	Afvaxtaða fjárhæðin á framtíðarsjóðstreymi sem samanstendur af iðgjaldaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi. Fylla ætti út í þennan reit ef iðgjaldaskuld á viðmiðunardagsetningu gagnaskila er úthlutað á sjóðsáhættu.
R0090	Gjaldþolskrafa	Þetta er fjármagnið sem vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa til að mæta áhættu sinni. Tilgreina á gjaldþolskröfuna fyrir hverja innri vátryggingagrein, vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II og samtölustig byggt á gögnum án frádráttar endurtryggingar. Þessi reitur stendur fyrir staka áhættu fyrir viðkomandi sundurgreinanleika sem samþykkt er með áhættumælingu eigin líkansins.
R0100	Meðaltal hermunar (úttak)	Þetta er meðaltal spárinnar um hagnaðar- og tapskiptingu samkvæmt samþykkta líkaninu, t.d. sem varðar útreikninginn á opinberu gjaldþolskröfunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (án frádráttar endurtryggingar og á óafvöxtuðum grunni)
R0110	Staðalfrávik hermunar (úttak)	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingu framtíðarútsteymis handbærs fjár (sameinað kostnaðarhlutfall) sem tengist tjónaatburðum á grundvelli eins árs tímabils eins og á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni)
R0120-R0330	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að félagið tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni fyrir líkindadreifingu framtíðarútstreymis handbærs fjár sem tengist tjónaatburðum á grundvelli eins árs tímabils eins og á viðmiðunardagsetningu gagnaskila, og sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni). Ef skilgreiningin á áhættumælingu er í samræmi við skilgreininguna á áhættumælingu í 101. gr. tilskipunar um Gjaldþolsáætlun II, mun 99,5 hundraðshlutamarkið vera ólíkt gjaldþolskröfunni sem nemur meðaltali hermunar-innar (úttaki).

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Gögn líkans fyrir hreina sjóðsáhættu		
R0340	Vátryggingarsjóður fyrir tjónaskuldir – afvaxtaðar	Besta matið á tjónaskuldum (að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum) sem ekki hafa verið gerðar upp. Það inniheldur allar tjónaskuldir sem enn hafa ekki verið gerðar upp, tilkynntar og ekki tilkynntar. Á grundvelli á 77. gr. tilskipunar um Gjaldþolsáætlun II, samsvarar besta matið meðaltalinu á líkindavegnu framtíðarsjóðstreymi, að teknu tilliti til tímavirðis peninga (væntu núvirði framtíðarsjóðstreymis), með því að nota viðkomandi áhættulausn vaxtaferil.
R0350	Iðgjaldaskuldir – afvaxtaðar (einungis ef iðgjaldaskuldum er úthlutað á sjóðsáhættu)	Afvaxtaðaða fjárhæðin á framtíðarsjóðstreymi sem samanstendur af iðgjaldaskuldum að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtrygg-ingasamningum. Fylla ætti út í þennan reit ef iðgjaldaskuld á viðmiðun-ardagsetningu gagnaskila er úthlutað á sjóðsáhættu.
R0360	Gjaldþolskrafa	Þetta er fjármagnið sem vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa til að mæta áhættu sinni. Tilgreina á gjaldþolskröfuna fyrir hverja innri vátryggingagrein, vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II og samtölustig byggt á gögnum að frádreginni endurtryggingu.
R0370	Meðaltal hermunar (úttak)	Þetta er meðaltalið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
R0380	Staðalfrávik hermunar (úttak)	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
R0390-R0600	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að félagið tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
Gögn líkans fyrir verga iðgjaldaáhættu		
Z0020	Áhættutegund	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Iðgjaldaáhætta vegna skaðatryggingar og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman með óbeinni hamfaraáhættu 2 – Iðgjaldaáhætta vegna skaðatryggingar og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman 3 – Iðgjaldaáhætta vegna skaðatryggingar með óbeinni hamfaraáhættu 4 – Iðgjaldaáhætta skaðatryggingar
C0100	Fjölþætt iðgjaldaáhætta að undanskildri beinni hamfara-áhættu	Samantekin iðgjaldaáhætta án frádráttar á/að frádreginni endurtryggingu eftir beitingu fjölþættingaráhrifa milli mismunandi áhættu. Hún inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með iðgjaldaáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda kóða sem lýst er í þættinum „SKIPTING TAPS FRÁ HAMFARAHÁSKA“ í þessari aðgerðaskrá.
C0110	Vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II	Iðgjaldaáhætta án frádráttar á/að frádreginni endurtryggingu fyrir hverja vátryggingagrein Gjaldþolsáætlunar II.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Hún inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með iðgjaldaáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda kóða sem lýst er í þættinum „SKIPTING TAPS FRÁ HAMFARAHÁSKA“ í þessari aðgerðaskrá.
C0120	Eigin vátryggingagreinar	Iðgjaldaáhætta án frádráttar á/að frádreginni endurtryggingu fyrir hverja innri vátryggingagrein. Hún inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með iðgjaldaáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda kóða sem lýst er í þættinum „SKIPTING TAPS FRÁ HAMFARAHÁSKA“ í þessari aðgerðaskrá.
R0610	Verg bókfærð iðgjöld	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá frumtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári.
R0620	Verg iðgjöld tímabilsins	Það er samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi.
R0630	Verg bókfærð iðgjöld sem áætluð eru í 12 mánuðina eftir viðmiðunardagsetningu gagnaskila	Vergt iðgjald sem áætlað er að bókfæra innan 12 mánaða eftir viðmiðunardagsetningu gagnaskilanna með bindandi samkomulagi sem skrifað er undir annað hvort fyrir eða eftir viðmiðunardagsetninguna.
R0640	Vergar bókfærðar iðgjaldaskuldir á viðmiðunardagsetningu (einungis ef iðgjaldaskuldum er úthlutað á iðgjaldaáhættu)	Bókfærð iðgjaldaskuld án frádráttar endurtryggingar. Fylla ætti út í þennan reit ef iðgjaldaskuld á viðmiðunardagsetningu gagnaskila er úthlutað á iðgjaldaáhættu.
R0650	Iðgjaldaskuldir – afvaxtaðar (einungis ef iðgjaldaskuldum er úthlutað á iðgjaldaáhættu)	Afvaxtaða fjárhæðin á framtíðarsjóðstreymi sem samanstendur af iðgjaldaskuldum, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum, félögum með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu, að því er varðar frumtryggingastarfsemi og selda tryggingastarfsemi. Fylla ætti út í þennan reit ef iðgjaldaskuld á viðmiðunardagsetningu gagnaskila er úthlutað á iðgjaldaáhættu.
R0660	Gjaldþolskrafa	Þetta er fjármagnið sem vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa til að mæta áhættu sinni. Tilgreina á gjaldþolskröfuna fyrir hverja innri vátryggingagrein, vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II og samtölustig byggt á gögnum án frádráttar endurtryggingar.
R0670	Meðaltal hermunar (úttak)	Þetta er meðaltaphlutfallið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni)
R0680	Staðalfrávik hermunar (úttak)	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni)
R0690-R0900	Hundraðshlutamörk frá 0.001 til 0.999	Ætlast er til að félagið tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni).

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Gögn líkans fyrir hreina iðgjaldaáhættu		
R0910	Hrein bókfærð iðgjöld	Hrein bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá frumtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári.
R0920	Hrein iðgjöld tímabilsins	Það er samtalan á hreinum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í hreina vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi.
R0930	Hrein bókfærð iðgjöld sem áætluð eru í 12 mánuðina eftir viðmiðunardagsetninguna	Hreint iðgjald sem áætlað er að bókfæra innan 12 mánaða eftir viðmiðunardagsetningu gagnaskilanna með bindandi samkomulagi sem skrifað er undir annað hvort fyrir eða eftir viðmiðunardagsetninguna.
R0940	Hreinar bókfærðar iðgjaldaskuldir á viðmiðunardagsetningu (einungis ef iðgjaldaskuldum er úthlutað á iðgjaldaáhættu)	Bókfærð iðgjaldaskuld að frádreginni endurtryggingu. Fylla ætti út í þennan reit ef iðgjaldaskuld á viðmiðunardagsetningu gagnaskila er úthlutað á iðgjaldaáhættu.
R0950	Iðgjaldaskuldir – afvaxtaðar (einungis ef iðgjaldaskuldum er úthlutað á iðgjaldaáhættu)	Afvaxtaðaða fjárhæðin á framtíðarsjóðstreymi sem samanstendur af iðgjaldaskuldum að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum. Fylla ætti út í þennan reit ef iðgjaldaskuld á viðmiðunardagsetningu gagnaskila er úthlutað á iðgjaldaáhættu.
R0960	Gjaldþolskrafa	Þetta er fjármagnið sem vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa til að mæta áhættu sinni. Tilgreina á gjaldþolskröfuna fyrir hverja innri vátryggingagrein, vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II og samtölustig byggt á gögnum að frádreginni endurtryggingu.
R0970	Meðaltal hermunar (úttak)	Þetta er meðaltalið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
R0980	Staðalfrávik hermunar	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
R0990-R1200	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að félagið tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
Samantekin skaða- og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, án frádráttar endurtryggingar		
Z0020	Áhættutegund	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman með óbeinni hamfaraáhættu 2 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		3 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar með óbeinni hamfaraáhættu 4 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta vegna skaðatryggingar 5 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta vegna heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, teknar saman aðgreindar með óbeinni hamfaraáhættu 6 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta vegna heilsutryggingar, teknar saman aðgreindar
C0130	Ófjölþætt alls	Heildarfjárhæðin á tryggingaráhættu vegna skaða- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, fyrir beitingu fjölþættingaráhrifa milli mismunandi skaðatryggingaráhættu. Þessi fjárhæð inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með iðgjalda- og sjóðsáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda kóða sem lýst er í þættinum „SKIPTING TAPS FRÁ HAMFARAHÁSKA“ í þessari aðgerðaskrá.
C0140	Dreifing	Mismunurinn á milli ófjölþættrar stakrar tryggingaráhættu alls vegna skaða- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, og fjölþættrar skaðatryggingaráhættu alls. Þessi fjárhæð sýnir fjölþættingaráhrifin og skal tilgreina sem neikvætt virði.
C0150	Fjölþætt	Heildarfjárhæðin á tryggingaráhættu vegna skaða- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, eftir beitingu fjölþættingaráhrifa milli mismunandi áhættu. Þessi fjárhæð inniheldur hamfaraáhættu ef hún er meðhöndluð sameiginlega með iðgjalda- og sjóðsáhættunni í líkaninu, að öðrum kosti er hamfaraáhætta tilgreind með því að nota aðskilda kóða sem lýst er í þættinum „SKIPTING TAPS FRÁ HAMFARAHÁSKA“ í þessari aðgerðaskrá.
R1210	Gjaldþolskrafa	Þetta er fjármagnið sem vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa til að mæta áhættu sinni. Tilgreina á gjaldþolskröfuna fyrir hverja innri vátryggingagrein, vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II og samtölustig byggt á gögnum án frádráttar endurtryggingar.
R1220	Meðaltal hermunar (úttak)	Þetta er meðaltalið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni)
R1230	Staðalfrávik hermunar (úttak)	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni)
R1240-R1450	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að félagið tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (án frádráttar endurtryggingar og á afvöxtuðum grunni).

Samantekin skaða- og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, að frádreginni endurtryggingu

R1460	Gjaldþolskrafa	Þetta er fjármagnið sem vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa til að mæta áhættu sinni. Tilgreina á gjaldþolskröfuna fyrir hverja innri vátryggingagrein, vátryggingagreinar Gjaldþolsáætlunar II og samtölustig byggt á gögnum að frádreginni endurtryggingu.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R1470	Meðaltal hermunar (úttak)	Þetta er meðaltalið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
R1480	Staðalfrávik hermunar (úttak)	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingunni. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).
R1490-R1700	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að félagið tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).

Skipting taps frá hamfaraháska

C0020	Flokkar sem verða fyrir áhrifum af hamfaraatburði	Skrá yfir alla flokkar sem verða fyrir áhrifum af hamfaraatburði vegna viðkomandi háska.
C0160	Hamfarir	Heiti náttúruhamfara eða manngerðs háska eftir landsvæði sem meðhöndlað er í líkaninu. Taka á með heiti landsvæðis og háska. Ekki á að taka með samheiti eins og landsvæði 1 eða háski 1. Mælt er með að heiti á háska og landsvæðum séu á ensku.
C0170	Sölulíkan sem notað er og fáanlegt er á almennum markaði (ef við á)	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: — Já — Nei
C0180	Heiti og útgáfa sölulíkans sem notað er og fáanlegt er á almennum markaði (ef við á)	Ef sölulíkan sem fáanlegt er á almennum markaði er notað í eigið líkan fyrir háskann ætti þessi reitur að innihalda heiti og útgáfu líkansins sem hermunin byggir á.
C0190	Upplýsingar til skýringar (ef samanlagðar líkur á að farið sé yfir mörk fyrir tap (e. *AEP loss*) er ekki tiltækt)	Veita á stuttar hnitmiðaðar upplýsingar um líkan og ástæður, ef reiturinn „Samanlagðar líkur á að farið sé yfir mörk fyrir tap“ er ekki tiltækur Ef samkomulag næst við ábyrga eftirlitsyfirvaldið getur þessi reitur einnig verið notaður til að veita upplýsingar um nálgunina við líkangerðina í öðrum flokkum.
C0200	Heildartryggingafjárhæð	Ætlast er til að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið tilgreini heildartryggingafjárhæð sína fyrir frumtryggingastarfsemi eftir háska og landsvæði.
C0210	Fjárhæð áhættuskuldbindingar	Fjárhæð áhættuskuldbindingar sem félagið notar, sem samkomulag hefur náðst um við viðkomandi eftirlitsyfirvald. Mælistikan sem notuð er getur verði mismunandi á milli háska og landsvæða.
C0220	Mælistika áhættuskuldbindingar	Stutt lýsing á mælistiku áhættuskuldbindingar sem notuð er í fyrri dálki (C6).

Skipting taps frá hamfaraháska – heildarstarfsemi (fasteignir og aðrar eignir)

Z0010	Eigin vátryggingagrein	Heiti innri vátryggingagreinar sem félagið notar.
C0230-C0400/R1710	Hermt meðaltal frá líkani fyrir heildarstarfsemi (fasteignir og aðrar eignir)	Þetta er meðaltalið á líkindadreifingunni sem samsvarar hverjum háska og samanteknum háskum. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni. Tilgreina ætti meðaltalið með eftirfarandi skiptingum: — Meðallíkur á að gerist að farið sé yfir mörk (OEP) fyrir alla starfsemi, án frádráttar endurtryggingar — Samanlagðar meðallíkur á að farið sé yfir mörk (AEP) fyrir alla starfsemi, án frádráttar endurtryggingar

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Árlegt meðaltap fyrir alla starfsemi, án frádráttar endurtryggingar — Meðallíkur á að gerist að farið sé yfir mörk (OEP) fyrir alla starfsemi, að frádreginni endurtryggingu — Samanlagðar meðallíkur á að farið sé yfir mörk (AEP) fyrir alla starfsemi, að frádreginni endurtryggingu — Árlegt meðaltap fyrir alla starfsemi, að frádreginni endurtryggingu „Árlegt tap“ er ótvírætt ekki „Árlegt meðaltap“ (e. *Average Annual Loss* (AAL)), heldur tapið sem ákvarðað er samkvæmt tölfræðilegri mælingu, þ.e. meðaltali, staðalfráviki eða hundraðshlutamarki. Árlegt meðaltap samsvarar meðaltalinu á árlegu tapi.
C0230-C0400/R1720	Hermt staðalfrávik fyrir heildarstarfsemi (fasteignir og aðrar eignir)	Þetta er staðalfrávikið á líkindadreifingunni sem samsvarar hverjum háska og samanteknum háskum. Það er úttakið sem fæst byggt á hermiaðferðinni. Tilgreina ætti staðalfrávikið með sömu skiptingu og á hermda meðaltalinu.
C0230-C0400/R1730-R1810	Hermd hundraðshlutamörk fyrir heildarstarfsemi (fasteignir og aðrar eignir)	Hundraðshlutamörk líkindadreifingar sem fæst á grundvelli hermiaðferðarinnar fyrir hvern háska og samantekna háska. Tilkynnt hundraðshlutamörk eru 0,75, 0,9, 0,96, 0,98, 0,99, 0,995, 0,996, 0,998 and 0,999. Tilgreina skal upplýsingarnar fyrir hvert aðskilið hundraðshlutamark með sömu skiptingu og á hermda meðaltalinu.

Gögn um iðgjöld og tryggingafjárhæðir

C0410/R1820-R1950	Vergt ársiðgjald – frumtryggingastarfsemi	Skipting á bókfærðu vergu ársiðgjaldi fyrir frumtryggingastarfsemi eftir landfræðilegu svæði. Landfræðileg svæði sem nota á eru Evrópa, Afríka, norðausturríki Bandaríkjanna, suðausturríki Bandaríkjanna, miðvesturríki Bandaríkjanna, vesturríki Bandaríkjanna, Norður-Ameríka (að undanskildum Bandaríkjunum), Karíbahaf og Mið-Ameríka, Suður-Ameríka, Ástralía, Japan, Asía (að undanskildu Japan) og Önnur lönd. Sérhvert óúthlutað iðgjald ætti að setja í óúthlutaða körfu. Skilgreininguna á þessum landfræðilegu svæðum er að finna í III. viðauka við FRAMSELDA REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/35. Þegar eitt af ofangreindum landfræðilegu svæðum nær yfir fleiri skilgreind landsvæði í framseldu reglugerðinni þá ætti að taka tillit til allra landanna í hlutmengjunum fyrir þetta landsvæði. Eina undantekningin hér er Japan sem er aðgreint frá restinni af Asíu.
C0420/R1820-R1950	Heildartryggingafjárhæð – frumtryggingastarfsemi	Skipting heildartryggingafjárhæðar fyrir frumtryggingastarfsemi eftir landfræðilegu svæði. Landfræðileg svæði sem nota á eru Evrópa, Afríka, norðausturríki Bandaríkjanna, suðausturríki Bandaríkjanna, miðvesturríki Bandaríkjanna, vesturríki Bandaríkjanna, Norður-Ameríka (að undanskildum Bandaríkjunum), Karíbahaf og Mið-Ameríka, Suður-Ameríka, Ástralía, Japan, Asía (að undanskildu Japan) og Önnur lönd. Sérhvert óúthlutað iðgjald ætti að setja í óúthlutaða körfu. Skilgreininguna á þessum landfræðilegu svæðum er að finna í III. viðauka við FRAMSELDA REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/35. Þegar eitt af ofangreindum landfræðilegu svæðum nær yfir fleiri skilgreind landsvæði í framseldu reglugerðinni þá ætti að taka tillit til allra landanna í hlutmengjunum fyrir þetta landsvæði. Eina undantekningin hér er Japan sem er aðgreint frá restinni af Asíu.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0410/R1960-R1990	Vergt ársiðgjald – endurtrygging	Ætlast er til að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skipti bókfærðu vergu ársiðgjaldi sínu fyrir endurtryggingu eftir landfræðilegu svæði. Landfræðileg svæði sem nota á eru Evrópa, Norður-Ameríka og Önnur lönd. Sérhvert óúthlutað iðgjald ætti að setja í óúthlutaða körfu.
C0420/R1960-R1990	Heildartryggingafjárhæð – endurtrygging	Ætlast er til að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skipti heildartryggingafjárhæð sinni fyrir endurtryggingu eftir landfræðilegu svæði. Landfræðileg svæði sem nota á eru Evrópa, Norður-Ameríka og Önnur lönd. Sérhvert óúthlutað iðgjald ætti að setja í óúthlutaða körfu.

SKIPTING IÐGJALDATEKNA

C0430/R2000	Frumtrygging	Iðgjaldatekjur (úthlutað vergt á bókfærða iðgjaldaspá fyrir næstu 12 mánuði, eins og notað er í líkaninu) fyrir frumtryggingastarfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.
C0430/R2010	Endurtrygging	Iðgjaldatekjur (úthlutað vergt á bókfærða iðgjaldaspá fyrir næstu 12 mánuði, eins og notað er í líkaninu) fyrir endurtryggingastarfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.
C0430/R2020	Endurtrygging	Iðgjaldatekjur (úthlutað vergt á bókfærða iðgjaldaspá fyrir næstu 12 mánuði, eins og notað er í líkaninu) fyrir endurtryggingu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

ÞÝÐINGAMIKLIR AÐRIR HÁSKAR

C0440/R2030	Þýðingamiklir aðrir háskar	Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið ætti að tilgreina hér hvort starfsemi þess feli í sér aðra þýðingarmikla háska sem ekki eru teknir með í ofantöldum náttúruhamförum eða manngerðum háskum, með því að setja Já, að öðrum kosti ætti í þessum reit að vera Nei.
C0440/R2040	Lýsing á öðrum háskum	Ef Já er í reitnum að ofan ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélagið að gefa textalýsingu hér á þessum öðrum þýðingarmiklu háskum.

SAMANTEKIN GJALDÞOLSKRAFA VEGNA HAMFARA – tilgreind að frádreginni endurtryggingu

C0450/R2050	Ófjölþætt náttúruhamfaraáhætta alls	Samtala aðskildrar gjaldþolskröfu fyrir allan háska af náttúruhamfaraáhættu.
C0450/R2060	Fjölþætting milli náttúruhamfaraháska	Fjölþættingaráhrif á gjaldþolskröfu á milli náttúruhamfaraháska. Reiknað út sem gjaldþolskrafa fyrir háska af náttúruhamfaraáhættu – samtala aðskildrar gjaldþolskröfu fyrir allan háska af náttúruhamfaraáhættu.
C0450/R2070	Ófjölþætt manngerð áhætta alls	Samtala gjaldþolskröfu fyrir allan háska af manngerðri áhættu.
C0450/R2080	Fjölþætting milli háska af mannavöldum	Fjölþættingaráhrif á gjaldþolskröfu á milli manngerðs háska. Reiknað út sem gjaldþolskrafa fyrir háska af manngerðri áhættu – samtala aðskildrar gjaldþolskröfu fyrir allan háska af manngerðri áhættu.
C0450/R2090	Önnur hamfaraáhætta í skaðatryggingum	Gjaldþolskrafa fyrir aðra hamfaraáhættu í skaðatryggingum.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0450/R2100	Fjölþætting milli annars hamfaraháska í skaðatryggingum	Fjölþættingaráhrif á gjaldþolskröfu á milli annars háska. Reiknað út sem gjaldþolskrafa fyrir háska af annarri áhættu – samtala aðskildrar gjaldþolskröfu fyrir allan háska af annarri áhættu.
C0450/R2110	Hamfaraáhætta í skaðatryggingum – heildarfjölþætting	Fjölþættingaráhrif á gjaldþolskröfu á milli háska af náttúruhamförum, manngerðum háska og öðrum háska. Reiknað út sem gjaldþolskrafa fyrir hamfaraáhættu – gjaldþolskrafa fyrir háska af náttúruhamfaraáhættu – gjaldþolskrafa fyrir allan háska af manngerðri áhættu – gjaldþolskrafa fyrir allan háska af annarri áhættu.
C0450/R2120	Heildarhamfaraáhætta í skaðatryggingum –- fjölþætt	Gjaldþolskrafa fyrir hamfaraáhættu.

S.26.14 – Eigið líkan: Líf- og heilsutryggingaáhætta

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát skal lagt fram á grundvelli tiltækileika gagna samkvæmt uppbyggingu eigin líkans og áhættusniðs þegar mögulegt er með eðlilegu móti. Samkomulag um dagsetninguna sem tilgreina á skal gert á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og vátrygginga- og endurtryggingafélaga.

Í þessu sniðmáti á að tilgreina niðurstöður eigin líkana fyrir tryggingaráhættu í líf- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging. Ef vátryggjendur fella einnig tryggingaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, inn í líkanuppbygginguna fyrir tryggingaráhættu í líf- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, ætti einnig að tilgreina niðurstöður líkansins fyrir heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, í þessu sniðmáti.

Með hliðsjón af uppbyggingu líkansins fyrir tryggingaráhættu í líf- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, ætti að nota aðra af þeim tveimur nálgunum fyrir langlífis- og dánaráhættu. Ef uppbygging eigin líkansins er þannig að dánar- og langlífisáhætta er meðhöndluð saman í líkaninu, þá skal einungis tilgreina þessa áhættu í R0270 þar sem þessar áhættur eru sameinaðar.

Almennt ef ekki er hægt, með góðu móti, að tilgreina reiti ætti að velja aðra kosti. Til dæmis ef félag getur ekki aðskilið þróun, stig eða flökt í meðhöndluninni innan undireiningar í líkaninu, þá ætti að veita upplýsingarnar á samsvarandi samtölustigi.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
VALKOSTUR 1 – LÍFTRYGGINGAÁHÆTTA		
C0010/R0010, R0060, R0250, R0270 C0030-C0040/R0110	Hreint besta mat skulda + vátryggingaskuld reiknuð út sem heild	Tilgreina skal besta mat að frádreginni endurtryggingu og vísa til afurða líftryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild ætti einnig að taka með. Skiptingin fyrir samantekna fötlunar- og sjúkdómaáhættu vísar til greidds lífeyris eða ekki. Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 (dánartíðni) og R0060 (langlífi).
C0050/R0010, R0060, R0110, R0250, R0270	Hrein bókfærð iðgjöld	Tilgreina skal samtöluna á bókfærðum iðgjöldum að frádreginni endurtryggingu fyrir afurðir líftryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 (dánartíðni) og R0060 (langlífi).

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060/R0010, R0060, R0110, R0250, R0270	Tryggingafjárhæð	Tilgreina skal heildartryggingafjárhæðina fyrir afurðir líftryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 (dánartíðni) og R0060 (langlífi).
C0070/R0010-R0270	Gjaldþolskröfur	Gjaldþolskrafan fyrir viðkomandi áhættuflokk, að frádreginni endurtryggingu. Eftirfarandi útskýringar gilda um C0070 – C0260: Fyrir samanlagða áhættu ætti að tilgreina gjaldþolskröfuna eftir samlagningu undirliggjandi undiráhættu. Fyrir fyrningaráhættu gildir eftirfarandi: — „Fyrning“ nær almennt yfir nýtingu samningsbundinna valrétta. — Áhætta vegna aukningar í brottfallstíðni (R0170) og minnkunar í brottfallstíðni (R0180) er önnur fyrningaráhætta en stórtæk fyrningaráhætta, þar sem R0170 (R0180) nær yfir þann hluta starfseminnar sem leiðir til taps ef brottfallstíðni eykst (minnkar) eins og skilgreint er í eigin líkaninu. — Áhætta á stórtækri fyrningu (R0190) er áhætta af uppsöfnun eða hamfaraáhættu vegna fyrningar eins og skilgreint er í eigin líkaninu. — „Skipting eftir tegund fyrningar (annarri en stórtækri fyrningu)“ nær yfir fyrningaráhættu sem ekki er stórtæk, ef skipting í aukningu/minnkun er ekki tiltæk og hægt er að skipta í þrjá grófa flokka: „fullt afsal“, þ.e. uppsögn samningsins, „afsal að hluta til“ og „önnur“ nýting samningsbundinna valrétta eða „Atferli vátryggingartaka“. Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 til R0100.
C0080/R0010-R0270	Meðaltal	Meðaltalið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 til R0100.
C0090/R0010-R0270	Staðalfrávik	Staðalfrávikið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 til R0100.
C0100-C0310/R0010-R0270	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að vátrygginga- og endurtryggingafélögin tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni). Ef R0270 er tilgreint þá skal ekki tilgreina R0010 til R0100.

VALKOSTUR 2 – LÍFTRYGGINGAÁHÆTTA

Fyllist út ef eigin líkanið hefur eingöngu skiptingu á milli áhættu vegna þróunar og stigs. Í því tilviki koma eftirfarandi sniðmát (S.26.14.01.02) í staðinn fyrir sniðmátin að ofan (S.26.14.01.01).

C0010/R0300	Hreint besta mat skulda + vátryggingaskuld reiknuð út sem heild	Tilgreina skal besta mat fyrir hamfaraáhættu að frádreginni endurtryggingu og vísa til afurða líftryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild ætti einnig að taka með.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050/R0300	Hrein bókfærð iðgjöld	Tilgreina skal samtöluna á hreinum bókfærðum iðgjöldum vegna hamfaraáhættu fyrir afurðir líftryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0060/R0300	Tryggingafjárhæð	Tilgreina skal heildartryggingafjárhæðina vegna hamfaraáhættu fyrir afurðir líftryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0070/R0280-R0300	Gjaldþolskröfur	Gjaldþolskrafan fyrir viðkomandi áhættuflokk, að frádreginni endurtryggingu. Fyrir samanlagða áhættu ætti að tilgreina hreinu gjaldþolskröfuna eftir samlagningu undirliggjandi áhættuundireiningar.
C0080/R0280-R0300	Meðaltal	Meðaltalið á líkindadreifingu gjaldþolskröfunnar
C0090/R0280-R0300	Staðalfrávik	Staðalfrávikið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0100-C0310/R0280-R0300	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að vátrygginga- og endurtryggingafélögin tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).

VALKOSTUR 1 – HEILSUTRYGGINGAÁHÆTTA

Z0010	Tegund heilsutryggingaáhættu sem meðhöndluð eru í líkaninu fyrir líf- og heilsutryggingar?	Í endanlegu skránni eru 3 valkostir: Stafrækt á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (SLT), starfrækt á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging (NSLT) og SLT + NSLT
C0010/R0310, R0360, R0560 C0030-C0040/R0410-R0460	Hreint besta mat skulda + vátryggingaskuld reiknuð út sem heild	Tilgreina skal besta mat að frádreginni endurtryggingu og vísa til afurða heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild ætti einnig að taka með. Skiptingin fyrir samantekna fötlunar- og sjúkdómaáhættu vísar til greidds lífeyris eða ekki.
C0050/R0310, R0360, R0410-R0460, R0560	Hrein bókfærð iðgjöld	Tilgreina skal samtöluna á hreinum bókfærðum iðgjöldum fyrir afurðir heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0060/R0310, R0360, R0410-R0460, R0560	Tryggingafjárhæð	Tilgreina skal heildartryggingafjárhæðina fyrir afurðir heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0070/R0310-R0570	Gjaldþolskröfur	Gjaldþolskrafan fyrir viðkomandi áhættuflokk, að frádreginni endurtryggingu. Eftirfarandi útskýringar gilda um C0070 – C0260: Fyrir samanlagða áhættu ætti að tilgreina gjaldþolskröfuna eftir samlagningu undirliggjandi áhættuundireiningar.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Fyrir fyrningaráhættu gildir eftirfarandi: — „Fyrning“ nær almennt yfir nýtingu samningsbundinna valrétta. — Áhætta vegna aukningar í brottfallstíðni (R0480) og minnkunar í brottfallstíðni (R0490) er önnur fyrningaráhætta en stórtæk fyrningaráhætta, þar sem R0480 (R0490) nær yfir þann hluta starfseminnar sem leiðir til taps ef brottfallstíðni eykst (minnkar) eins og skilgreint er í eigin líkaninu. — Áhætta á stórtækri fyrningu (R0500) er áhætta af uppsöfnun eða hamfaraáhættu vegna fyrningar eins og skilgreint er í eigin líkaninu. „Skipting eftir tegund fyrningar (annarri en stórtækri fyrningu)“ nær yfir fyrningaráhættu sem ekki er stórtæk, ef skipting í aukningu/minnkun er ekki tiltæk og hægt er að skipta í þrjá grófa flokka: „fullt afsal“, þ.e. uppsögn samningsins, „afsal að hluta til“ og „önnur“ nýting samningsbundinna valrétta eða „Atferli vátryggingartaka“.
C0080/R0310-R0570	Meðaltal	Meðaltalið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0090/R0310-R0570	Staðalfrávik	Staðalfrávikið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0100-C0310/R0310-R0570	Hundraðshlutamörk frá 0,001 til 0,999	Ætlast er til að vátrygginga- og endurtryggingafélögin tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).

VALKOSTUR 2 – HEILSUTRYGGINGAÁHÆTTA

Fyllist út ef eigin líkanið hefur eingöngu skiptingu á milli áhættu vegna þróunar og stigs. Í því tilviki koma eftirfarandi sniðmát (S.26.14.01.05) í staðinn fyrir sniðmátin að ofan (S.26.14.01.03).

C0010/R0600	Hreint besta mat skulda + vátryggingaskuld reiknuð út sem heild	Tilgreina skal besta mat að frádreginni endurtryggingu og vísa til afurða heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild ætti einnig að taka með. Skiptingin fyrir samantekna fötlunar- og sjúkdómaáhættu vísar til greidds lífeyris eða ekki.
C0050/R0600	Hrein bókfærð iðgjöld	Tilgreina skal samtöluna á hreinum bókfærðum iðgjöldum fyrir afurðir heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0060/R0600	Tryggingafjárhæð	Tilgreina skal heildartryggingafjárhæðina fyrir afurðir heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0060/R0060	Aðrar ökutækjatryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir aðrar ökutækjatryggingar og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0070	Sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna sjó-, flug- og farmtrygginga og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040/R0070	Sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0070	Sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna sjó-, flug- og farmtrygginga og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0070	Sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0080	Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin fyrir vátryggingu vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallslega endurtryggingu, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0080	Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir vátryggingu vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0080	Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin fyrir vátryggingu vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallslega endurtryggingu, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0080	Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir vátryggingu vegna bruna og annars eignatjóns og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0090	Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna almennrar ábyrgðartryggingar og hlutfallslegrar endurtryggingar, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0090	Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir almenna ábyrgðartryggingu og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0090	Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna almennrar ábyrgðartryggingar og hlutfallslegrar endurtryggingar, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0090	Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir almenna ábyrgðartryggingu og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0100	Greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna greiðslu- og efndatrygginga og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0100	Greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0100	Greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna greiðslu- og efndatrygginga og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060/R0100	Greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0110	Réttaraðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna réttaraðstoðartryggingar og hlutfallslegrar endurtryggingar, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0110	Réttaraðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir réttaraðstoðartryggingu og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0110	Réttaraðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna réttaraðstoðartryggingar og hlutfallslegrar endurtryggingar, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0110	Réttaraðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir réttaraðstoðartryggingu og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0120	Ferðamannaaðstoð og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna ferðamannaaðstoðar og hlutfallslegrar endurtryggingar, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0120	Ferðamannaaðstoð og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir ferðamannaaðstoð og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050/R0120	Ferðamannaaðstoð og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna ferðamannaaðstoðar og hlutfallslegrar endurtryggingar, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0120	Ferðamannaaðstoð og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir ferðamannaaðstoð og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0130	Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna vátrygginga vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0130	Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir vátryggingu vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0130	Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna vátrygginga vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0130	Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir vátryggingu vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0140	Óhlutfallsleg heilsuendur-trygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatrygginga-starfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslegra heilsuendurtrygginga og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0140	Óhlutfallsleg heilsuendur-trygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslega heilsuendurtryggingu og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0140	Óhlutfallsleg heilsuendur-trygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslegra heilsuendurtrygginga og hlutfallslegra endurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0140	Óhlutfallsleg heilsuendur-trygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslega heilsuendurtryggingu og hlutfallslega endurtryggingu, undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0150	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatrygginga-starfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslegra slysaendurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0150	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslega slysaendurtryggingu undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0150	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslegra slysaendurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0150	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftrygginga-starfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslega slysaendurtryggingu undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0160	Óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmendurtryggingar – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslega sjó-, flug- og farmendurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0160	Óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmendurtryggingar – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmendurtryggingar undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0160	Óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmendurtryggingar – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslega sjó-, flug- og farmendurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0160	Óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmendurtryggingar – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmendurtryggingar undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0030/R0170	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslegra eignaendurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0040/R0170	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – skaðatryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslega eignaendurtryggingu undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast skaðatryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0050/R0170	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin vegna óhlutfallslegra eignaendurtrygginga, án áhættuálags eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0060/R0170	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging – hrein bókfærð iðgjöld (að frádreginni endurtryggingu) síðustu 12 mánuði – líftryggingastarfsemi	Þetta eru bókfærðu iðgjöldin fyrir óhlutfallslega eignaendurtryggingu undangenginna 12 mánaða, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengjast líftryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070/R0200	Línulegur formúluþáttur fyrir líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar – krafa um lágmarksfjármagn, MCR(L,NL) Niðurstaða	Þetta er línulegi formúluþátturinn fyrir líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar sem tengist skaðatryggingastarfsemi, reiknaður út í samræmi við 4. og 5. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0080/R0200	Línulegur formúluþáttur fyrir líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar – krafa um lágmarksfjármagn, MCR(L,L) Niðurstaða	Þetta er línulegi formúluþátturinn fyrir líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar sem tengist líftryggingastarfsemi, reiknaður út í samræmi við 9. og 10. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0090/R0210	Skuldbindingar með ágóðahlutdeild – tryggð ágóðahlutdeild – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags fyrir tryggða ágóðahlutdeild að því er varðar líftryggingaskuldbindingar með ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi og vátryggingaskuld án áhættuálags fyrir endurtryggingaskuldbindingar þar sem undirliggjandi líftryggingaskuldbindingar ná yfir ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0110/R0210	Skuldbindingar með ágóðahlutdeild – tryggð ágóðahlutdeild – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags fyrir tryggða ágóðahlutdeild að því er varðar líftryggingaskuldbindingar með ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi og vátryggingaskuld án áhættuálags fyrir endurtryggingaskuldbindingar þar sem undirliggjandi líftryggingaskuldbindingar ná yfir ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0090/R0220	Skuldbindingar með ágóðahlutdeild – valkvæð framtíðarágóðahlutdeild – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags fyrir valkvæða framtíðarágóðahlutdeild að því er varðar líftryggingaskuldbindingar með ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0110/R0220	Skuldbindingar með ágóðahlutdeild – valkvæð framtíðarágóðahlutdeild – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags fyrir valkvæða framtíðarágóðahlutdeild að því er varðar líftryggingaskuldbindingar með ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0090/R0230	Söfnunarlíftryggingaskuldbindingar – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags vegna söfnunarlíftryggingaskuldbindinga og endurtryggingaskuldbindinga sem tengjast slíkum tryggingaskuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0110/R0230	Söfnunarlíftryggingaskuldbindingar – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags vegna söfnunarlíftryggingaskuldbindinga og endurtryggingaskuldbindinga sem tengjast slíkum tryggingaskuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0090/R0240	Aðrar líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar og sjúkratrygginga- og sjúkraendurtryggingaskuldbindingar – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – skaðatrygginga-starfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags fyrir aðrar líftryggingaskuldbindingar og endurtryggingaskuldbindingar sem tengjast slíkum tryggingaskuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0110/R0240	Aðrar líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar og sjúkratrygginga- og sjúkraendurtryggingaskuldbindingar – hreint besta mat og vátryggingaskuld (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild – líftryggingastarfsemi	Þetta er vátryggingaskuldin án áhættuálags fyrir aðrar líftryggingaskuldbindingar og endurtryggingaskuldbindingar sem tengjast slíkum tryggingaskuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0100/R0250	Heildarvátryggingafjárhæð fyrir allar líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar – hrein vátryggingafjárhæð alls (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang) – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er heildarvátryggingafjárhæðin, sem er samtala allra samninga sem stofna til hæstu fjárhæða líftrygginga- eða lífendurtryggingaskuldbindinga sem vátryggingafélagið borgar við dauðsfall eða örorku tryggða einstaklingsins samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, og vænta núvirðið á lífeyri sem greiða á við dauðsfall eða örorku að frádregnu hreinu besta mati, með lágmark jafnt og núll, sem tengist skaðatryggingastarfsemi.
C0120/R0250	Heildarvátryggingafjárhæð fyrir allar líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar – hrein vátryggingafjárhæð alls (að frádreginni endurtryggingu/félagi með sérstakan tilgang) – líftryggingastarfsemi	Þetta er heildarvátryggingafjárhæðin, sem er samtala allra samninga sem stofna til hæstu fjárhæða líftrygginga- eða lífendurtryggingaskuldbindinga sem vátryggingafélagið borgar við dauðsfall eða örorku tryggða einstaklingsins samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, og vænta núvirðið á lífeyri sem greiða á við dauðsfall eða örorku að frádregnu hreinu besta mati, með lágmark jafnt og núll, sem tengist líftryggingastarfsemi.
C0130/R0300	Útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn í heild – línuleg krafa um lágmarksfjármagn	Línulega krafan um lágmarksfjármagn skal vera jöfn samtölunni á línulegum formúluþætti kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir skaðatryggingu og skaðaendurtryggingu og línulegum formúluþætti kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar, reiknuð út í samræmi við 249. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0130/R0310	Útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn í heild – gjaldþolskrafa	Þetta er nýjasta gjaldþolskrafan sem reikna á út og tilkynna í samræmi við 103. til 127. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annað hvort sú árlega eða sú sem er nýlegri hafi gjaldþolskrafan verið endurreiknuð (t.d. vegna breytinga í áhættusniði), þ.m.t. viðbótargjaldþol. Félög sem nota eigið líkan eða eigið hlutalíkan til að reikna út gjaldþolskröfuna skulu vísa til viðkomandi gjaldþolskröfu, nema þegar, samkvæmt 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB, landsbundni eftirlitsaðilinn fer fram á að staðalreglan sé notuð.
C0130/R0320	Útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn í heild – hámark fyrir kröfu um lágmarks-fjármagn	Það er reiknað út sem 45% af gjaldþolskröfunni að meðtöldu sérhverju viðbótargjaldþoli, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0130/R0330	Útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn í heild – lágmark fyrir kröfu um lágmarksfjármagn	Það er reiknað út sem 25% af gjaldþolskröfunni að meðtöldu sérhverju viðbótargjaldþoli, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0130/R0340	Útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn í heild – samsett krafa um lágmarks-fjármagn	Þetta er niðurstaðan á línulega formúluþættinum, reiknuðum út í samræmi við 2. mgr. 248. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0130/R0350	Útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn í heild – algjört lágmark fyrir kröfu um lágmarksfjármagn	Þetta er reiknað út eins og skilgreint er í d-lið 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB og 253. gr. framseldu reglugerðarinnar (ESB) 2015/35.
C0130/R0400	Krafa um lágmarksfjármagn	Þetta er niðurstaðan á línulega formúluþættinum, reiknuðum út í samræmi við 1. mgr. 248. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0140/R0500	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – línulegt ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er reiknað út í samræmi við 3. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0150/R0500	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – línulegt ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Þetta er reiknað út í samræmi við 9. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0140/R0510	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – ígildi gjaldþolskröfu að undanskildu viðbótargjaldþoli (árlegur eða síðasti útreikningur) – skaða-tryggingastarfsemi	Þetta er nýjasta ígildi gjaldþolskröfunnar sem reikna á út og tilgreina í samræmi við 103. til 127. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annað hvort sú árlega eða sú sem er nýlegri hafi ígildi gjaldþolskröfu verið endurreiknuð (t.d. vegna breytinga í áhættusniði), að undanskildu viðbótargjaldþoli. Félög sem nota eigið líkan eða eigið hlutalíkan til að reikna út gjaldþolskröfuna skulu vísa til viðkomandi gjaldþolskröfu, nema þegar, samkvæmt 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB, landsbundni eftirlitsaðilinn fer fram á að staðalreglan sé notuð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150/R0510	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – ígildi gjaldþolskröfu að undanskildu viðbótargjaldþoli (árlegur eða síðasti útreikningur) – líftryggingastarfsemi	Þetta er nýjasta ígildi gjaldþolskröfunnar sem reikna á út og tilgreina í samræmi við 103. til 127. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annað hvort sú árlega eða sú sem er nýlegri hafi ígildi gjaldþolskröfu verið endurreiknuð (t.d. vegna breytinga í áhættusniði), að undanskildu viðbótargjaldþoli. Félög sem nota eigið líkan eða eigið hlutalíkan til að reikna út gjaldþolskröfuna skulu vísa til viðkomandi gjaldþolskröfu, nema þegar, samkvæmt 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB, landsbundni eftirlitsaðilinn fer fram á að staðalreglan sé notuð.
C0140/R0520	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – hámark fyrir ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Það er reiknað út sem 45% af ígildi gjaldþolskröfu skaðatrygginga að meðtöldu viðbótargjaldþoli skaðatryggingar, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0150/R0520	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – hámark fyrir ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Það er reiknað út sem 45% af ígildi gjaldþolskröfu líftrygginga að meðtöldu viðbótargjaldþoli líftryggingar, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0140/R0530	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – lágmark fyrir ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Það er reiknað út sem 25% af ígildi gjaldþolskröfu skaðatrygginga að meðtöldu viðbótargjaldþoli skaðatryggingar, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0150/R0530	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – lágmark fyrir ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Það er reiknað út sem 25% af ígildi gjaldþolskröfu líftrygginga að meðtöldu viðbótargjaldþoli líftryggingar, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0140/R0540	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – samsett ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er reiknað út í samræmi við 3. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150/R0540	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – samsett ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Þetta er reiknað út í samræmi við 8. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0140/R0550	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – algjört lágmark fyrir ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn – skaðatrygg-ingastarfsemi	Þetta er fjárhæðin sem skilgreind er í i-lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB, áður en tekið er tillit til 253. gr. framseldu reglugerðarinnar (ESB) 2015/35.
C0150/R0550	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – algjört lágmark fyrir ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Þetta er fjárhæðin sem skilgreind er í ii-lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB, áður en tekið er tillit til 253. gr. framseldu reglugerðarinnar (ESB) 2015/35.
C0140/R0560	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga, reiknað út í samræmi við 2. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0150/R0560	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Þetta er ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn líftrygginga, reiknað út í samræmi við 7. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

S.29.01 – Eignir umfram skuldir

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á ekki við um bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fara að skilyrðunum sem tilgreind eru í reglugerðinni.

Í þessu sniðmáti, ásamt S.29.02 til S.29.04, eru breytileikinn í eignum umfram skuldum útskýrður með því að samræma ólík upptök að hreyfingunum (sjá fimm helstu upptök í b) hér að neðan). Í þessum sniðmátum þarf verðmætasköpun að vera tilgreind (s.s. tekjur af fjárfestingum).

Innihald þessa sniðmáts nær yfir:

a) Framsetning á breytileika í kjarnagjaldþolsliðum á gagnaskilatímabilinu. Hér er breytileikinn í eignum umfram skuldum einangraður sem hluti af þessum heildarbreytileika. Þessi fyrsta greining er að öllu leyti gerð á grundvelli upplýsinga sem einnig eru tilgreindar í sniðmáti S.23.01 (ár N og N–1).

b) Samantekt á 5 helstu upptökum sem áhrif hafa á breytileikann í eignum umfram skuldum á milli fyrri gagnaskilatímabila og þess síðasta (reitir C0030/R0190 til C0030/R0250):

   — Breytileikinn sem tengist fjárfestingum og fjárskuldbindingum – tilgreint nánar í sniðmáti S.29.02

   — Breytileikinn sem tengist vátryggingaskuld – tilgreint nánar í sniðmátum S.29.03 og S.29.04

   — Breytileikinn í „hreinum“ fjármagnsliðum, sem ekki verða fyrir beinum áhrifum af starfseminni sem stunduð er (t.d. breytingar í fjölda og virði almennra hlutabréfa), þessi breytileiki er greindur í smáatriðum innan sniðmáts S.23.03

   — Annar meginbreytileiki tengdur sköttum og útgreiddum arði, s.s.:

      — Breytileiki í frestaðri skattstöðu

— Tekjuskattur á gagnaskilatímabilinu

— Útgreiðsla arðs

— Annar meginbreytileiki sem ekki er útskýrður annars staðar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010 –R0120	Kjarnagjaldþolsliðir – ár N	Þessir liðir ná ekki yfir alla kjarnagjaldþolsliði, heldur einungis þá á undan leiðréttingum/frádrætti vegna: — Gjaldþols frá reikningsskilunum sem afstemmingarvarasjóðurinn á ekki að standa fyrir og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II — Hlutdeilda í fjármála- og lánastofnunum.
C0020/R0010 – R0120	Kjarnagjaldþolsliðir – ár N–1	Þessir liðir ná ekki yfir alla kjarnagjaldþolsliði, heldur einungis þá á undan leiðréttingum/frádrætti vegna: — Gjaldþols frá reikningsskilunum sem afstemmingarvarasjóðurinn á ekki að standa fyrir og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II — Hlutdeildir í fjármála- og lánastofnunum.
C0030/R0010 –R0120	Kjarnagjaldþolsliðir – breytileiki	Breytileiki í gjaldþolsliðum á milli gagnaskilatímabils N og N–1.
C0030/R0130	Eignir umfram skuldir (breytileiki í kjarnagjaldþoli sem útskýrður er í sniðmátum fyrir breytingagreiningar)	Breytileiki í eignum umfram skuldum. Þessi liður er metinn nánar í línum R0190 til R0250 og síðan í sniðmátum S.29.02 til S.29.04. Taka skal tillit til eigna umfram skulda á undan frádrætti á hlutdeildum í fjármála- og lánastofnunum.
C0030/R0140	Eigin hlutabréf	Breytileiki í eigin hlutabréfum sem tekin eru með sem eignir í efnahagsreikningnum.
C0030/R0150	Fyrirsjáanlegar arðgreiðslur, úthlutanir og þóknanir	Breytileiki í fyrirsjáanlegum arði, útgreiðslum og þóknunum.
C0030/R0160	Aðrir kjarnagjaldþolsliðir	Breytileiki í öðrum kjarnagjaldþolsliðum.
C0030/R0170	Takmarkaðir gjaldþolsliðir vegna varðra sjóða og aðlögunar	Breytileiki í takmörkuðum gjaldþolsliðum vegna varðra sjóða og aðlögunar.
C0030/R0180	Heildarbreytileiki í afstemmingarvarasjóði	Heildarbreytileiki í afstemmingarvarasjóði.
C0030/R0190	Breytileiki vegna fjárfestinga og fjárskuldbindinga	Breytileiki í eignum umfram skuldum sem útskýrður er með breytileika í fjárfestingum og fjárskuldbindingum (t.d. breytileika í virði á tímabilinu, fjárhagstekjum, o.s.frv.) Þessi fjárhæð skal ekki innihalda eigin hlutabréf.
C0030/R0200	Breytingar vegna hreinnar vátryggingaskuldar.	Breytileiki í eignum umfram skuldum sem útskýrður er með breytileika í vátryggingaskuld (t.d. bakfærðum varúðarniðurfærslum eða iðgjöldum ársins, o.s.frv.)
C0030/R0210	Breytileiki í kjarnagjaldþolsliðum og öðrum samþykktum liðum	Með þessari fjárhæð er útskýrður sá hluti breytileikans í eignum umfram skuldum sem er vegna hreyfinga í „hreinum“ fjármagnsliðum, s.s. almennu hlutafé (án frádráttar eigin hlutafjár), forgangshlutafé, umframfjármunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0220	Breytileiki í frestaðri skattstöðu	Breytileiki í eignum umfram skuldum sem útskýrður er með breytileika í frestaðri skattinneign og frestuðum skattskuldbindingum.
C0030/R0230	Tekjuskattur á gagnaskilatímabilinu	Fyrirtækjaskattur gagnaskilatímabilsins, eins og kemur fram í gagnaskilum fyrir gagnaskilatímabilið.
C0030/R0240	Útgreiðsla arðs	Arðgreiðslur á gagnaskilatímabilinu, eins og kemur fram í gagnaskilum fyrir gagnaskilatímabilið.
C0030/R0250	Annar breytileiki í eignum umfram skuldum	Breytileiki í eignum umfram skuldum sem eftir stendur.

S.29.02 – Eignir umfram skuldir – skýrist af fjárfestingum og fjárskuldbindingum

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Í þessu sniðmáti er lögð áhersla á breytingar í eignum umfram skuldum vegna fjárfestinga og fjárskuldbindinga.

Þetta sniðmát:

i. nær til fjárfestinga,

ii. nær til skuldastaða sem eru afleiður (sem fjárfestingar),

iii. nær til eigin hlutabréfa,

iv. nær til fjárskuldbindinga (sem samanstanda af víkjandi skuldum),

v. nær til eigna sem haldið er fyrir söfnunarlíftryggingasjóði,

vi. undanskilur eign til eigin nota.

Fyrir alla þessa liði nær sniðmátið yfir fjárfestingarnar sem haldið er á lokadegi fyrra gagnaskilatímabils (N–1) og fjárfestinganna sem er aflað/útgefnar á gagnaskilatímabilinu (N).

„Sniðmát S.29.02 (síðasta tafla) er frábrugðið upplýsingum í töflu S.09.01 að því leyti að það tekur til tekna af eigin hlutabréfum, en ekki eignum, til eigin nota. Tilgangurinn með sniðmátinu er að veita ítarlegan skilning á breytingunum í Eignir umfram skuldir sem tengjast fjárfestingum, að teknu tilliti til:

i. Hreyfinga í mati sem hafa áhrif á Eignir umfram skuldir (t.d. innleystan hagnað og tap af sölu, en einnig mismun á mati),

ii. tekna af fjárfestingum,

iii. útgjalda sem tengjast fjárfestingum (þ.m.t. vaxtakostnaður af fjárskuldbindingum).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010	Verðmatshreyfingar af fjárfestingum	Verðmatshreyfingar af fjárfestingum, þ.m.t.: — Fyrir þær eignir sem haldið er í eignasafninu, mismunurinn á milli virða samkvæmt Gjaldþolsáætlun II við lok gagnaskilatímabilsins (N) og við upphaf ársins (N–1), — Fyrir þær fjárfestingar sem látnar eru af hendi á milli þessara tveggja gagnaskilatímabila (þ.m.t. þegar eignar var aflað á gagnaskilatímabilinu), mismunurinn á milli söluverðsins og virðisins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II á síðasta gagnaskilatímabili (eða, ef um er að ræða fjárfestingar sem aflað er á tímabilinu, öflunarvirðið),

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Fyrir þær eignir sem aflað er á gagnaskilatímabilinu og sem ennþá er haldið við lok gagnaskilatímabilsins, mismunurinn á milli lokavirðisins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II og öflunarkostnaðarins/virðisins. Taka skal með fjárhæðir sem varða afleiður án tilliti til þess hvort afleiðurnar eru eign eða skuld. Ekki skal taka með fjárhæðir sem tilgreindar eru í „Fjárfestingartekjur – R0040“ og „Fjárfestingarútgjöld ásamt vaxtakostnaði af víkjandi skuldum og fjárskuldbindingum – R0050“.
C0010/R0020	Verðmatshreyfingar af eigin hlutabréfum	Sama og fyrir reit C0010/R0010, en fyrir eigin hlutabréf.
C0010/R0030	Verðmatshreyfingar af fjárskuldbindingum og víkjandi skuldum	Verðmatshreyfingar af fjárskuldbindingum og víkjandi skuldum, þ.m.t.: — Fyrir þær fjárskuldbindingar og víkjandi skuldir sem gefnar eru út fyrir gagnaskilatímabilið og ekki innleystar, mismunurinn á milli virða samkvæmt Gjaldþolsáætlun II við lok gagnaskilatímabilsins (N) og við upphaf gagnaskilatímabilsins (N–1), — „Fyrir þær fjárskuldir og víkjandi skuldir sem innleystar eru á gagnaskilatímabilinu, mismunurinn á innlausnarverðinu og virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II eins og hann er við lok síðasta gagnaskilatímabils,“ — Fyrir þær fjárskuldbindingar og víkjandi skuldir sem gefnar eru út á gagnaskilatímabilinu og ekki innleystar á tímabilinu, mismunurinn á milli lokavirðisins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II og útgáfuvirðisins.
C0010/R0040	Fjárfestingartekjur	Ná yfir arð, vexti, leigu og aðrar tekjur, vegna fjárfestinga sem falla innan þessa sniðmáts.
C0010/R0050	Fjárfestingarútgjöld ásamt vaxtakostnaði af víkjandi skuldum og fjárskuldbindingum	Fjárfestingarútgjöld ásamt vaxtakostnaði af víkjandi skuldum og fjárskuldbindingum, þ.m.t.: — Útgjöld vegna fjárfestingarstýringar – sem tengjast „Fjárfestingar“ og „Eigin hlutabréf“. — Vaxtakostnaður af fjárskuldbindingum og víkjandi skuldum sem tengjast „Fjárskuldbindingar, aðrar en skuldir við lánastofnanir“ sem og „Skuldir við lánastofnanir“ og „Víkjandi skuldir“. Þessi útgjöld og kostnaður samsvarar þeim sem skráður er og færður á rekstrargrunni við lok tímabilsins.
C0010/R0060	Breytileiki í eignum umfram skuldum, sem skýrist af stýringu fjárfestinga og fjárskuldbindinga	Heildarbreytileiki í eignum umfram skuldum, sem skýrist af stýringu fjárfestinga og fjárskuldbindinga.
C0010/R0070	Arðgreiðslur	Fjárhæð arðgreiðslna yfir gagnaskilatímabilið, að undanskildum arði af eign til eigin nota. Sama skilgreiningin og í S.09.01 skal gilda (nema um þær fjárfestingar sem taka á tilliti til).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0080	Vextir	Fjárhæð áunninna vaxta yfir gagnaskilatímabilið, að undanskildum vöxtum af eign til eigin nota. Sama skilgreiningin og í S.09.01 skal gilda (nema um þær fjárfestingar sem taka á tilliti til).
C0010/R0090	Leiga	Fjárhæð leigutekna yfir gagnaskilatímabilið, að undanskilinni leigu af eign til eigin nota. Sama skilgreiningin og í S.09.01 skal gilda (nema um þær fjárfestingar sem taka á tilliti til).
C0010/R0100	Annað	Fjárhæð annarra fjárfestingartekna, móttekinna og áfallinna við lok gagnaskilaársins. Gildir um aðrar fjárfestingartekjur sem ekki er tekið tillit til í reitum C0010/R0070, C0010/R0080 og C0010/R0090, svo sem gjalda vegna verðbréfalánveitinga, skuldbindingargjalda o.s.frv., að undanskildum tekjum af eign til eigin nota.

S.29.03 – Eignir umfram skuldir – skýrist af vátryggingaskuld

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Í þessu sniðmáti er lögð áhersla á breytingar í eignum umfram skuldum vegna vátryggingaskuldar. Vátryggingaskuld tekur til áhættu sem besta mat og áhættuálag ná yfir, og áhættu sem vátryggingaskuld reiknuð út sem heild nær yfir.

Að því er varðar niðurröðunina á útreikningnum í töflunni „sundurliðun breytileika í besta mati“, er framsetningin á niðurröðuninni ekki talin vera forskrift um niðurröðunina fyrir útreikningnum sem framkvæmdur, svo fremi innihald mismunandi reita endurspegli í raun tilganginn og skilgreininguna á þessum reitum.

Félög eiga að leggja fram gögn á hverju tjónaári eða vátryggingarári, í samræmi við allar kröfur landsbundna eftirlitsyfirvaldsins. Ef landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ekki mælt fyrir um hvort heldur eigi að nota getur félagið notað tjóna- eða vátryggingaár samkvæmt því hvernig þau meðhöndla hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, að því tilskildu þau noti sama ár með samræmdum hætti, ár eftir ár.

Tilgangurinn með sniðmátinu er að veita ítarlegan skilning á breytingunum í Eignir umfram skuldir sem tengjast vátryggingaskuld, að teknu tilliti til:

— Breytingar á titli fyrir vátryggingaskuld,

— Breytingar í vátryggingastreymi á tímabilinu,

— Ýtarleg sundurliðun á breytileika í besta mati – án frádráttar á endurtryggingu eftir upptökum breytinga (s.s. ný starfsemi, breyttar forsendur, reynsla, o.s.frv.)

Samþykkta endurtryggingin á söfnunarlíftryggingastarfsemi skal tekin með í sniðmátinu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Þar af, eftirfarandi sundurliðun breytileika í besta mati – greining eftir tryggingarári, ef við á – án frádráttar á endurtryggingu		
C0010–C0020/R0010	Upphafsstaða besta mats	Fjárhæð besta mats – án frádráttar á endurtryggingu – eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N–1, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er vátryggingaársaðferð (UWY) við útreikning á besta mati.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010–C0020/R0020	Óvenjulegir þættir sem hrinda af stað endurgerð á upphafsstöðu besta mats	Fjárhæð fyrir leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats sem ræðst af öðrum þáttum en breytingum á afmörkun, sem leiða til aðlögunar á upphafsstöðu besta mats. Þetta varðar í meginatriðum breytingar á líkönum (í þeim tilvikum sem líkön eru notuð) til leiðréttingar á líkaninu og aðrar lagfæringar. Þetta varðar ekki breytingar á forsendum. Gert er ráð fyrir að þessir reitir eigi aðallega við um líftryggingastarfsemi.
C0010–C0020/R0030	Breytingar á afmörkun	Fjárhæð fyrir leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats sem tengist breytingum á afmörkun á eignasafninu, eins og sölu á (hluta af) eignasafninu og kaupum. Þetta getur einnig varðað breytingar á afmörkun vegna skulda sem umbreytast í lífeyri sem stafar frá skaðatryggingaskuldbindingum (sem virkjar vissar breytingar frá skaða- til líftrygginga).
C0010–C0020/R0040	Breytileiki í gengi	Fjárhæð fyrir leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats sem tengist breytileika í gengi á tímabilinu. Í þessu tilviki er í raun ætlast til að beita breytileika í gengi á samninga þar sem úttekt er í öðrum gjaldeyri en þeim á efnahagsreikningnum. Við útreikninginn er sjóðstreymi þessara samninga sem tekið er með í upphafsstöðu besta mats einfaldlega umbreytt í framhaldi af þessum breytileika í genginu. Í þessum lið er ekki tekið á áhrifunum á sjóðstreymi vátryggingaeignasafnsins sem orsakast af endurverðmati eigna árs N–1 vegna breytileika í gengi á ári N.
C0010–C0020/R0050	Besta mat á áhættu sem samþykkt er á tímabilinu	Það stendur fyrir vænt framtíðarsjóðstreymi (án frádráttar á endurtryggingu) sem tekið er með í besta mat og tengist áhættu sem samþykkt er á tímabilinu. Taka skal tillit til þessa á lokadagsetningunni (og ekki á raunverulegum upphafsdegi áhættunnar), þ.e. þetta skal mynda hluta besta matsins á lokadagsetningu. Með umfangi sjóðstreymis er vísað til 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0010–C0020/R0060	Breytileiki í besta mati vegna breytingar á afvöxtunarstuðli – áhætta sem samþykkt er á undan tímabilinu	Breytileikinn í besta mati sem næst yfir hér skal eingöngu vísa til breytinga á afvöxtunarstuðlum, og tekur ekki tillit til annarra stika, s.s. breytinga á forsendum eða afvöxtunarstuðlum, reynsluleiðréttingar, o.s.frv. Hugtakið breyting er hægt að útskýra með eftirfarandi hætti: Reikna út besta mat árs N–1 aftur en nota breyttan vaxtaferil Til að einangra nákvæmlega þessa afmörkun á breytileika, getur útreikningurinn verið sem hér segir: — Taka tillit til upphafsstöðu besta mats að meðtalinni leiðréttingunni á upphafsstöðu besta mats (reitir C0010/R0010 til R0040), — Á grundvelli þessarar tölu, framkvæma útreikninginn á breytingunni á afvöxtunarstuðlum.
C0010–C0020/R0070	Breytileiki í besta mati vegna spár um inn- og útstreymi árs N – áhætta sem samþykkt er á undan tímabilinu	Iðgjöld, kröfur og endurkaup sem gert er ráð fyrir í upphafsstöðu besta mats að verði greidd á árinu, verða ekki lengur í lokastöðu besta mats þar sem þau hafa verið greidd/móttekin á árinu. Jöfnunarleiðrétting skal gerð. Til að einangra þessa leiðréttingu, getur útreikningurinn verið sem hér segir:

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Taka tillit til upphafsstöðu besta mats (reitur C0010/R0010) að meðtalinni leiðréttingunni á upphafsstöðu besta mats (reitir C0010/R0020 til R0040) — Því næst er fjárhæð sjóðstreymis sem spáð var einangruð (reiðufé inn mínus reiðufé út) innan þessarar upphafsstöðu besta mats fyrir viðkomandi tímabil. — Loks kemur þessi einangraða fjárhæð sjóðstreymis til viðbótar við upphafsstöðu besta mats (til jöfnunar) – og færð inn í reiti C0010/R0070 og C0020/R0070.
C0010–C0020/R0080	Breytileiki í besta mati á grundvelli reynslu – áhætta sem samþykkt er á undan tímabilinu	Breytileikinn í besta mati sem næst hér skal eingöngu tengjast sjóðstreymisspánni við lok tímabilsins þegar hún er borin saman við sjóðstreymisspána við upphaf tímabilsins fyrir tímabilin N + 1 og síðar. Hann skal eingöngu ná yfir breytingar vegna raunverulega sjóðstreymisins á ári N og ekki tengjast breytingum á forsendum.
C0010–C0020/R0090	Breytileiki í besta mati vegna breytinga í óefnahagslegum forsendum – áhætta sem samþykkt er á undan tímabilinu	Þar er einkum vísað til breytinga á besta mati sem stjórnast ekki af raunverulegu vátryggingastreymi og breytingum á forsendum sem tengjast beint tryggingaáhættu (þ.e. brottfallstíðni), sem vísa má til sem óefnahagslegra forsenda. Til að einangra nákvæma afmörkun á breytileika vegna breytinga á forsendum, getur útreikningurinn verið sem hér segir: — Tekið er tillit til upphafsstöðu besta mats (reitur C0010/R0010), að meðtalinni leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats (reitir C0010/R0010 til R0040) og áhrifa af breytingu á sjóðstreymispá árs N (annars vegar C0010/R0060 til R0080 og hins vegar C0020/R0060 til R0080), — Á grundvelli þessarar tölu, framkvæma útreikninga með nýjum forsendum sem tengjast ekki afvöxtunarstuðlum – sem giltu við lok árs N (ef einhverjir eru) Þannig fæst breytileikinn í besta mati sem eingöngu tengist breytingum á þessum forsendum. Hugsanlega nær þetta ekki yfir breytileikann vegna endurskoðunar á hverjum tilkynntum en óuppgerðum kröfum (RBNS), sem af þeim sökum þarf að bæta við. Fyrir skaðatryggingar er hægt að búast við tilvikum þar sem ekki er hægt að aðgreina þessar breytingar sérstaklega frá breytingum á grundvelli reynslu (C0020/R0080). Í slíkum tilvikum á að tilgreina heildartöluna undir C0020/R0080.
C0010–C0020/R0100	Breytileiki í besta mati vegna breytinga í efnahagsumhverfi – áhætta sem samþykkt er á undan tímabilinu	Þar er aðallega vísað til forsendna sem tengjast ekki beint tryggingaáhættu, t.d. aðalega áhrifanna af breytingunum í efnahagsumhverfi á sjóðstreymið (að teknu tilliti til aðgerða stjórnar, t.d. lækkunar á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni (FDB)) og breytinga á afvöxtunarstuðlum. Fyrir skaðatryggingar (C0020/R0100), í því tilviki að ekki sé hægt að aðgreina breytileika vegna verðbólgu frá breytingum á grundvelli reynslu, væri öll fjárhæðin tilgreind samkvæmt C0020/R0080. Til að einangra nákvæmlega þessa afmörkun á breytileika, getur útreikningurinn verið sem hér segir:

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Tekið er tillit til upphafsstöðu besta mats, að meðtalinni leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats (reitir C0010/R0010 til R0040) og áhrifa af breytingu á sjóðstreymispá árs N og reynslu (annars vegar C0010/R0060 til R0080 og hins vegar C0020/R0060 til R0080, eða að öðrum kosti, annars vegar C0010/R0060 til R0090 og hins vegar C0020/R0060 til R0090) — Á grundvelli þessarar tölu, framkvæma útreikninga með nýjum afvöxtunarstuðlum sem giltu á ári N, ásamt með tengdum fjárhagslegum forsendum (ef einhverjar). Þannig fæst breytileikinn í besta mati sem eingöngu tengist breytingum á afvöxtunarstuðlum og tengdum fjárhagslegum forsendum.
C0010–C0020/R0110	Aðrar breytingar, ekki útskýrðar annars staðar	Samsvarar öðrum breytileika í besta mati, sem næst ekki yfir í reitum C0010/R0010 til R0100 (fyrir líftryggingar) eða C0020/R0010 til R0100 (skaðatryggingar).
C0010–C0020/R0120	Lokastaða besta mats – án frádráttar á endurtryggingu	Fjárhæð besta mats eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er vátryggingaársaðferð við útreikning á besta mati. Þessir reitir samanlagt gætu verið núll (ef aðferð byggð á vátryggingaári er ekki notuð), eða svarað til tölunnar fyrir lokastöðu besta mats í efnahagsreikningnum, ef aðferð byggð á tjónaári er ekki notuð.
Þar af, eftirfarandi sundurliðun breytileika í besta mati – greining eftir vátryggingarári, ef við á – endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtrygginga-samningum		
C0030–C0040/R0130	Upphafsstaða besta mats	Fjárhæð besta mats á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtrygg-ingasamningum eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N–1, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er vátryggingaársaðferð við útreikning á besta mati.
C0030–C0040/R0140	Lokastaða besta mats	Fjárhæð besta mats á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtrygg-ingasamningum eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er vátryggingaársaðferð við útreikning á besta mati.
Þar af, eftirfarandi sundurliðun breytileika í besta mati – greining eftir tjónaári, ef við á – án frádráttar á endurtryggingu		
C0050–C0060/R0150	Upphafsstaða besta mats	Fjárhæð besta mats – án frádráttar á endurtryggingu – eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N–1, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er tjónaársaðferð (AY) við útreikning á besta mati.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050–C0060/R0160	Óvenjulegir þættir sem hrinda af stað endurgerð á upphafsstöðu besta mats	Sama og fyrir C0010 og C0020/R0020
C0050–C0060/R0170	Breytingar á afmörkun	Sama og fyrir C0010 og C0020/R0030
C0050–C0060/R0180	Breytileiki í gengi	Sama og fyrir C0010 og C0020/R0040
C0050–C0060/R0190	Breytileiki í besta mati á áhættu sem varin er eftir tímabilið	Gert er ráð fyrir að þessir reitir eigi aðallega við um skaðatryggingar og vísi til breytinga á (hluta af) iðgjaldaskuld (þ.e. í tengslum við allar viðurkenndar skuldbindingar innan marka samningsins á verðmatsdeginum þegar krafan hefur ekki enn komið fram) sem hér segir: — Tilgreinið þann hluta iðgjaldaskuldar við lok árs (N) sem tengist tryggingaverndartímabili sem hefst eftir að ári N lýkur, — Tilgreinið þann hluta iðgjaldaskuldar við lok árs (N – 1) sem tengjast tryggingaverndartímabili sem hefst eftir að ári N lýkur, Leiða út breytileikann af þessum tveim tölum.
C0050–C0060/R0200	Breytileiki í besta mati á áhættu sem varin er á tímabilinu	Gert er ráð fyrir að þessir reitir eigi aðallega við um skaðatryggingar, og vísi til eftirfarandi tilvika: a) (hluta) iðgjaldaskuldar við lok árs N – 1 sem breyttist í tjónaskuldir við lok árs N vegna þess að krafa hafði komið fram á því tímabili b) tjónaskuldir sem tengjast kröfum sem komu fram á tímabilinu (sem engin iðgjaldaskuld var fyrir við lok árs N – 1) Útreikningurinn getur verið sem hér segir: — Tilgreina þann hluta tjónaskuldar við lok árs (N) sem tengist áhættu sem varin er á tímabillinu, — Tilgreinið þann hluta iðgjaldaskuldar við lok árs (N – 1) sem tengist áhættu sem tryggingavernd nær yfir á tímabillinu, Leiða út breytileikann af þessum tveim tölum.
C0050–C0060/R0210	Breytileiki í besta mati vegna breytingar á afvöxtunarstuðli – áhætta sem varin er á undan tímabilinu	Hugtakið breyting er hægt að útskýra með eftirfarandi hætti: Reikna út besta mat árs N–1 aftur en nota breyttan vaxtaferil Til að einangra nákvæmlega þessa afmörkun á breytileika, getur útreikningurinn verið sem hér segir: — Taka til athugunar upphafsstöðu besta mats sem tengist áhættu sem varin er á undan tímabilinu, þ.e. upphafsstaða besta mats að undanskilinni iðgjaldaskuld, en að meðtöldum leiðréttingum á upphafsstöðu, ef einhverjar (sjá reiti C0050/R0160 til R0180 og C0060/R0160 til R0180), — Á grundvelli þessarar tölu, framkvæma útreikninginn á breytingunni á afvöxtunarstuðlum sem giltu á nári N.
C0050–C0060/R0220	Breytileiki í besta mati vegna spár um inn- og útstreymi árs N – áhætta sem varin er á undan tímabilinu	Iðgjöld, kröfur og endurkaup sem gert er ráð fyrir í upphafsstöðu besta mats (sem tengist áhættu sem varin er á undan tímabilinu) að verði greidd á árinu, verða ekki lengur í lokastöðu besta mats þar sem þau hafa verið greidd/móttekin á árinu. Jöfnunarleiðrétting skal þ.a.l. gerð. Til að einangra þessa leiðréttingu, getur útreikningurinn verið sem hér segir:

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Fyrst er reiknaður sá hluti upphafsstöðu besta mats sem tengist áhættu sem varin er á undan tímabilinu, þ.e. upphafsstaða besta mats að undanskilinni iðgjaldaskuld, — Því næst er vænt fjárhæð sjóðstreymis einangruð (reiðufé inn mínus reiðufé út) innan þessarar upphafsstöðu besta mats fyrir viðkomandi tímabil. — Loks kemur þessi einangraða fjárhæð sjóðstreymis til viðbótar við upphafsstöðu besta mats (til jöfnunar) – og færð inn í reiti C0050 og C0060/R0220.
C0050–C0060/R0230	Breytileiki í besta mati á grundvelli reynslu – áhætta sem varin er á undan tímabilinu	Breytileikinn í besta mati sem næst hér skal eingöngu tengjast sjóðstreymisspánni við lok tímabilsins þegar hún er borin saman við sjóðstreymisspána við upphaf tímabilsins fyrir tímabilin N + 1 og síðar. Hann skal eingöngu ná yfir breytingar vegna raunverulega sjóðstreymisins á ári N og ekki tengjast breytingum á forsendum.
C0050–C0060/R0240	Breytileiki í besta mati vegna breytinga í óefnahagslegum forsendum – áhætta sem varin er á undan tímabilinu	Þar er einkum vísað til breytinga á besta mati sem stjórnast ekki af raunverulegu vátryggingastreymi og breytingum á forsendum sem tengjast beint tryggingaáhættu (þ.e. brottfallstíðni), sem vísa má til sem óefnahagslegra forsenda. Til að einangra nákvæma afmörkun á breytileika vegna breytinga á forsendum, getur útreikningurinn verið sem hér segir: Tekin er upphafsstaða besta mats (reitir C0050-C0060/R0150), að meðtalinni leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats (reitir C0050-C0060/R0160 til R0180) og áhrifa af breytingu á sjóðstreymisspá árs N (C0050-C0060/R0210 til R0230). Á grundvelli þessarar tölu eru gerðir útreikningar með nýjum forsendum sem tengjast ekki afvöxtunarstuðlum – sem giltu við lok árs N (ef einhverjir eru). Þannig fæst breytileikinn í besta mati sem eingöngu tengist breytingum á þessum forsendum. Hugsanlega nær þetta ekki yfir breytileikann vegna endurskoðunar á hverjum tilkynntum en óuppgerðum kröfum (RBNS), sem af þeim sökum þarf að bæta við. Að því er varðar skaðatryggingar, í tilvikum þar sem ekki er hægt að aðgreina þessar breytingar hverja fyrir sig frá breytingum á grundvelli reynslu, tilgreinið heildartöluna undir C0060/R0230.
C0050–C0060/R0250	Breytileiki í besta mati vegna breytinga í efnahagsumhverfi – áhætta sem varin er á undan tímabilinu	Þar er aðallega vísað til forsendna sem tengjast ekki beint tryggingaáhættu, þ.e. aðalega áhrifanna af breytingunum í efnahagsumhverfi á sjóðstreymið (að teknu tilliti til aðgerða stjórnar, þ.e. lækkunar á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni) og breytinga á afvöxtunarstuðlum. Fyrir skaðatryggingar (C0060/R0250), í því tilviki að ekki sé hægt að aðgreina breytileika vegna verðbólgu frá breytingum á grundvelli reynslu, væri öll fjárhæðin tilgreind samkvæmt C0060/R0230. Til að einangra nákvæmlega þessa afmörkun á breytileika, getur útreikningurinn verið sem hér segir: — Tekið er tillit til upphafsstöðu besta mats, að meðtalinni leiðréttingu á upphafsstöðu besta mats (reitir C0050/R0160 til R0180) og áhrifa af breytingu á sjóðstreymispá árs N og reynslu (annars vegar C0050/R0210 til R0230 og hins vegar C0060/R0210 til R0230, eða að öðrum kosti, annars vegar C0050/R0210 til R0240 og hins vegar C0060/R0210 til R0240),

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Á grundvelli þessarar tölu, framkvæma útreikninga með nýjum afvöxtunarstuðlum sem giltu á ári N, ásamt með tengdum fjárhagslegum forsendum (ef einhverjar). Þannig fæst breytileikinn í besta mati sem eingöngu tengist breytingum á afvöxtunarstuðlum og tengdum fjárhagslegum forsendum.
C0050–C0060/R0260	Aðrar breytingar, ekki útskýrðar annars staðar	Samsvarar öðrum breytileika í besta mati, sem næst ekki yfir í reitum C0050/R0150 til R0250 (fyrir líftryggingar) eða C0060/R0150 til R0250 (skaðatryggingar).
C0050–C0060/R0270	Lokastaða besta mats	Fjárhæð besta mats eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er tjónaársaðferð við útreikning á besta mati.
Þar af, eftirfarandi sundurliðun breytileika í besta mati – greining eftir tjónaári, ef við á – endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum		
C0070–C0080/R0280	Upphafsstaða besta mats	Fjárhæð besta mats á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N–1, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er tjónaársaðferð við útreikning á besta mati.
C0070–C0080/R0290	Lokastaða besta mats	Fjárhæð besta mats á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum eins og kemur fram í efnahagsreikningnum við lok árs N, sem tengist þeim vátryggingagreinum, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, þar sem notuð er tjónaársaðferð við útreikning á besta mati.
Þar af, leiðréttingar á vátryggingaskuld sem tengjast mati á samningum um einingatengdar söfnunarlíftryggingar, sem fræðilega séð jafna út áhrifin á eignir umfram skuldir		
C0090/R0300	Hreinn breytileiki fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	Fjárhæð skal standa fyrir hreinan breytileika, í efnahagsreikningi, eignanna sem haldið er fyrir söfnunarlíftryggingasjóði og vátryggingaskuld – söfnunarlíftryggingar (reiknað út sem besta mat og áhættuálag eða reiknað út sem heild).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Vátryggingastreymi sem hefur áhrif á vátryggingaskuld		
C0100–C0110/R0310	Bókfærð iðgjöld á tímabilinu	Fjárhæð fyrir bókfærð iðgjöld samkvæmt Gjaldþolsáætlun II, fyrir líf- og skaðatryggingar, eftir því sem við á.
C0100–C0110/R0320	Kröfur og bætur á tímabilinu, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum	Fjárhæð krafna og bóta á tímabilinu, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum, fyrir líf- og skaða tryggingar, eftir því sem við á. Ef lokastaða besta mats nær þegar yfir fjárhæðirnar, skulu þær ekki vera hluti af þessum lið.
C0100–C0110/R0330	Útgjöld (að undanskildum fjárfestingarútgjöldum)	Fjárhæðin fyrir útgjöld (að undanskildum fjárfestingarútgjöldum – sem tilgreind eru samkvæmt S.29.02), fyrir líf- og skaðatryggingar, eftir því sem við á. Ef lokastaða besta mats nær þegar yfir fjárhæðirnar, skulu þær ekki vera hluti af þessum lið.
C0100–C0110/R0340	Vátryggingarstreymi alls á vergri vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vátryggingastreymis sem áhrif hefur á verga vátryggingaskuld.
C0100–C0110/R0350	Vátryggingarstreymi sem tengjast endurtryggingu á tímabilinu (mótteknar endurheimtanlegar fjárhæðir að frádregnum greiddum iðgjöldum)	Heildarfjárhæð vátryggingastreymis sem tengist endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum á tímabilinu, þ.e. mótteknar endurheimtanlegar fjárhæðir að frádregnum iðgjöldum, fyrir líf- og skaðatryggingar, eftir því sem við á.
Breytileiki í eignum umfram skuldum sem skýrist af vátryggingaskuld		
C0120–C0130/R0360	Breytileiki í eignum umfram skuldum sem skýrist af stjórnun vátrygg-ingaskuldar – verg vátryggingaskuld	Þessi útreikningur er í samræmi við eftirfarandi meginreglu: — takið breytileikann (upphafsstaða mínus lokastaða) í besta mati (BE), áhættuálagi (RM), vátryggingaskuld (TP), reiknað út sem heild, og í umbreytingarákvæði fyrir vátryggingaskuld, — bætið við fjárhæð vátryggingastreymis, þ.e.: innstreymi mínus útstreymi á heildarvátryggingaskuld (C0100/R0340 fyrir líftryggingar og C0110/R0340 fyrir skaðatryggingar).
C0120–C0130/R0370	Breytileiki í eignum umfram skuldum sem skýrist af stjórnun vátryggingaskuldar – endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtrygg-ingasamningum	Þessi útreikningur er í samræmi við eftirfarandi meginreglu: — tekið er tillit til breytileikans í endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum, — bætið við heildarfjárhæð vátryggingastreymis, þ.e.: innstreymi mínus útstreymi, sem tengist endurtryggingu á tímabillinu. Ef fjárhæðin hefur jákvæð áhrif á eignir umfram skuldir skal þetta vera jákvæð fjárhæð.

S.29.04 – Ítarleg greining eftir tímabili – vátryggingastreymi á móti vátryggingaskuld

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Fylla skal út þetta sniðmát á grunni matsreglu Gjaldþolsáætlunar II, þ.e. bókfærð iðgjöld eru skilgreind sem gjaldfallin iðgjöld sem félagið móttekur á tímabilinu. Með því að beita þessari skilgreiningu merkir það að bókfærð iðgjöld á tilteknu ári eru raunverulega gjaldfallin og til móttöku á því ári, án tillits til tryggingaverndartímabilsins. Skilgreiningin á bókfærðum iðgjöldum er í samræmi við skilgreininguna á „iðgjaldakröfum“.

Félög eiga að leggja fram gögn á hverju tjónaári eða vátryggingarári, í samræmi við allar kröfur landsbundna eftirlitsyfirvaldsins. Ef landsbundna eftirlitsyfirvaldið hefur ekki mælt fyrir um hvort heldur eigi að nota getur félagið notað tjóna- eða vátryggingaár samkvæmt því hvernig þau meðhöndla hverja vátryggingagrein, að því tilskildu þau noti sama ár með samræmdum hætti, ár eftir ár.

Að því er varðar skiptinguna eftir vátryggingagreinum fyrir greininguna eftir tímabili skal vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, vísa til frumtryggingastarfsemi og seldrar hlutfallslegrar endurtryggingar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	Vátryggingagreinar	Vátryggingagreinar þar sem krafist er að greiningu verði skipt eftir tímabilum. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – 1 og 13 Sjúkrakostnaðartrygging 2 – 2 og 14 Afkomutrygging 3 – 3 og 15 Atvinnuslysatrygging 4 – 4 og 16 Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – 5 og 17 Önnur ökutækjatrygging 6 – 6 og 18 Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – 7 og 19 Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – 8 og 20 Almenn ábyrgðartrygging 9 – 9 og 21 Greiðslu- og efndatrygging 10 – 10 og 22 Réttaraðstoðartrygging 11 – 11 og 23 Ferðamannaaðstoð 12 – 12 og 24 Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging 37 – Líftrygging (þ.m.t. vátryggingagreinar 30, 31, 32, 34 og 36, eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35) 38 – Heilsutrygging sem er starfrækt á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (þ.m.t. vátryggingagreinar 29, 33 og 35)
Ítarleg greining eftir tímabili – vátrygginga-streymi á móti vátrygginga-skuld – vátryggingaár		
Áhætta sem samþykkt er á tímabilinu		
C0010/R0010	Bókfærð iðgjöld af samningum sem gerðir eru á tímabilinu	Hluti bókfærðu iðgjaldanna á tímabilinu sem samsvara gerðum samningum á árinu. Nota má úthlutunarlykla til að auðkenna þennan hluta af bókfærðu iðgjöldunum alls samkvæmt Gjaldþolsáætlun II, sem verða fyrir áhrifum af gerðum samningum á árinu.
C0010/R0020	Kröfur og bætur – að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem fást aftur	Hluti krafnanna og bótanna, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum á tímabilinu, sem samsvara áhættu sem samþykkt er á tímabilinu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Úthlutunarlykla má nota til að auðkenna þennan hluta heildarkrafnanna, svo fremi þetta samræmist að lokum heildarkröfum og bótum, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum, eins og tilgreint er í C0100/R0320 í S.29.03 og C0110/R0320 í S.29.03.
C0010/R0030	Útgjöld (tengd vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum)	Hluti útgjaldanna á tímabilinu sem samsvara áhættu sem samþykkt er á tímabilinu. Úthlutunarlykla má nota til að auðkenna þennan hluta heildarútgjaldanna, svo fremi þetta samræmist að lokum heildarútgjöldunum, eins og tilgreint er í C0100/R0330 í sniðmáti S.29.03 auk C0110/R0330 í sniðmáti S.29.03.
C0010/R0040	Breytileiki í besta mati	Samsvarar breytileikanum í besta mati fyrir samþykkta áhættu á tímabilinu.
C0010/R0050	Breytileiki í vátryggingaskuld sem heild	Hluti af vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, sem samsvarar áhættu sem samþykkt er á tímabilinu. Úthlutunarlykla má nota til að auðkenna þennan hluta af heildarbreytileikanum á vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, svo fremi þetta samræmist heildarbreytileikanum að lokum.
C0010/R0060	Hreinn breytileiki fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	Fjárhæð skal standa fyrir hreinan breytileika, í efnahagsreikningi, eignanna sem haldið er fyrir söfnunarlíftryggingasjóði og vátryggingaskuld – söfnunarlíftryggingar (reiknað út sem besta mat og áhættuálag eða reiknað út sem heild).
C0010/R0070	Samtals	Heildaráhrif af áhættu sem samþykkt er á tímabilinu – án frádráttar á endurtryggingu
Áhætta sem samþykkt er á undan tímabilinu		
C0020/R0010	Bókfærð iðgjöld af samningum sem gerðir eru á tímabilinu	Hluti bókfærðra iðgjalda á tímabilinu sem samsvara gerðum samningum á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0010.
C0020/R0020	Kröfur og bætur – að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem fást aftur	Hluti krafnanna og bótanna, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum á tímabilinu, sem samsvara áhættu sem samþykkt er á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0020.
C0020/R0030	Útgjöld (tengd vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum)	Hluti útgjaldanna á tímabilinu sem samsvara áhættu sem samþykkt er á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0030.
C0020/R0040	Breytileiki besta mats	Breytileiki besta mats vegna árs N í tengslum við inn- og útstreymisspár – áhætta sem er samþykkt fyrir tímabilið (vergt, fyrir endurtryggingu) Heildartalan fyrir allar tilgreindar vátryggingagreinar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, skal samsvara samtölu reita C0010/R0060 til C0010/R0100 frá sniðmáti S.29.03 og C0020/R0060 til C0020/R0100 frá sniðmáti S.29.03.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0050	Breytileiki í vátryggingaskuld sem heild	Hluti vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild, sem samsvarar áhættu sem samþykkt er á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0050.
C0020/R0060	Hreinn breytileiki fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	Sjá leiðbeiningar við C0010/R0060.
C0020/R0070	Samtals	Breytingar alls sem tengjast áhættu sem samþykkt er fyrirfram, án frádráttar á endurtryggingu.
Ítarleg greining eftir tímabili – vátrygginga-streymi á móti vátrygginga-skuld – tjónaár		
Áhætta sem varin er eftir tímabilið		
C0030/R0080	Bókfærð iðgjöld	Samsvarar hluta bókfærðra iðgjalda sem tengjast áhættu sem tryggingarvend nær yfir eftir tímabilið, þ.e. iðgjöld sem verður aflað eftir tímabilið. Að auki má nota úthlutunarlykla til að auðkenna þennan hluta af iðgjöldunum sem verða fyrir áhrifum af áhættu sem varin er eftir tímabilið.
C0030/R0090	Kröfur og bætur – að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem fást aftur	Samsvarar hluta af kröfum og bótum, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem tengjast áhættu sem varin er eftir tímabilið (fræðilega sett á núll). Sjá leiðbeiningar við C0010/R0020.
C0030/R0100	Útgjöld (tengd vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum)	Hluti útgjaldanna á tímabilinu sem samsvara áhættu sem varin er eftir tímabilið. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0030.
C0030/R0110	Breytileiki í besta mati	Þessi breytileiki besta mats skal samsvara samtölu reita C0050/R0190 frá sniðmáti S.29.03 og C0060/R0190 frá sniðmáti S.29.03, ef greiningin í S.29.03 er gerð á grundvelli vátryggingagreina. Þessi fjárhæð vísar til breytinga á (hluta af) iðgjaldaskuld (þ.e. í tengslum við allar viðurkenndar skuldbindingar innan marka samningsins á verðmatsdeginum þegar krafan hefur ekki enn komið fram) sem hér segir: — Tilgreinið þann hluta iðgjaldaskuldar við lok árs (N) sem tengist tryggingaverndartímabili sem hefst eftir síðasta dag árs N. — Tilgreinið þann hluta iðgjaldaskuldar við lok árs (N – 1) sem tengist tryggingaverndartímabili sem hefst eftir síðasta dag árs N (þ.e. þegar um er að ræða iðgjaldaskuld í tengslum við skuldbindingar fyrir meira en eitt gagnaskilatímabil í framtíðinni).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Ef iðgjaldaskuld við lok árs (N – 1) inniheldur fjárhæð fyrir kröfum sem komu fram á ári N, skal þessi fjárhæð ekki tekin til greina í breytileika besta mats fyrir áhættu sem tryggingavernd nær yfir eftir tímabilið, heldur í breytileika besta mats fyrir áhættu sem tryggingavernd nær yfir á tímabilinu, þar sem þessari skuldbindingu var breytt í tjónaskuldir.
C0030/R0120	Breytileiki í vátryggingaskuld sem heild	Hluti af vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, sem samsvarar áhættu sem varin er eftir tímabilið. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0050.
C0030/R0130	Hreinn breytileiki fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	Þessi reitur telst ekki eiga við um skaðatryggingar Sjá leiðbeiningar við C0010/R0060.
C0030/R0140	Samtals	Breytingar alls sem tengjast áhættu sem varin er eftir tímabilið, án frádráttar á endurtryggingu.
Áhætta sem varin er á tímabilinu		
C0040/R0080	Bókfærð iðgjöld	Samsvarar hluta bókfærðra iðgjalda sem tengjast áhættu sem tryggingarvend nær yfir á tímabilinu, þ.e. iðgjaldatekjur samkvæmt meginreglum gjaldþolsáætlunar II. Að auki má nota úthlutunarlykla til að auðkenna þennan hluta af iðgjöldunum sem verða fyrir áhrifum af áhættu sem varin er eftir tímabilið.
C0040/R0090	Kröfur og bætur – að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem fást aftur	Samsvarar hluta af kröfum og bótum, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem tengjast áhættu sem varin er á tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0020.
C0040/R0100	Útgjöld (tengd vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum)	Hluti útgjaldanna á tímabilinu sem samsvara áhættu sem varin er á tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0030.
C0040/R0110	Breytileiki í besta mati	Fjárhæð fyrir breytileikann í besta mati vegna áhættunnar sem varin á tímabilinu. Fyrir áhættu sem tryggingarvernd nær yfir á tímabilinu: þessi breytileiki besta mats skal samsvara samtölu reita C0050/R0200 frá sniðmáti S.29.03 og C0060/R0200 frá sniðmáti S.29.03, ef greiningin í S.29.03 er gerð á grundvelli vátryggingagreina. Fjárhæðin vísar til eftirfarandi tilvika: a) Iðgjaldaskuld við lok árs N–1 sem breyttist í tjónaskuldir við lok árs N, vegna þess að krafa hafði komið fram á tímabilinu b) Tjónaskuldar sem tengist kröfum sem komu fram á tímabilinu (sem engin iðgjaldaskuld var fyrir við lok árs N – 1)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Útreikningurinn getur verið sem hér segir: — Tilgreinið þann hluta tjónaskuldar við lok árs (N) sem tengist áhættu sem tryggingavernd nær yfir á tímabillinu. — Tilgreinið þann hluta iðgjaldaskuldar við lok árs (N – 1) sem tengist áhættu sem tryggingavernd nær yfir á tímabillinu. Leiða út breytileikann af þessum tveim tölum.
C0040/R0120	Breytileiki í vátryggingaskuld sem heild	Hluti af vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild, sem samsvarar áhættu sem varin er á tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0050.
C0040/R0130	Hreinn breytileiki fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	Þessi reitur telst ekki eiga við um skaðatryggingar Sjá leiðbeiningar við C0010/R0060.
C0040/R0140	Samtals	Breytingar alls sem tengjast áhættu sem varin er á tímabilinu, án frádráttar á endurtryggingu.
Áhætta sem varin er á undan tímabilinu		
C0050/R0080	Bókfærð iðgjöld	Samsvarar hluta bókfærðra iðgjalda sem tengjast áhættu sem tryggingarvend nær yfir á undan tímabilinu, þ.e. iðgjaldatekjur samkvæmt meginreglum gjaldþolsáætlunar II (þegar iðgjöldin koma eingöngu til greiðslu eftir tryggingaverndartímabilið). Til viðbótar má nota úthlutunarlykla til að auðkenna þennan hluta iðgjaldanna.
C0050/R0090	Kröfur og bætur – að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem fást aftur	Samsvarar hluta af kröfum og bótum, að frádregnum endurheimtum og endurkröfum sem tengjast áhættu sem varin er á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0020.
C0050/R0100	Útgjöld (tengd vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum)	Hluti útgjaldanna á tímabilinu sem samsvara áhættu sem varin er á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0030.
C0050/R0110	Breytileiki í besta mati	Samsvarar spá um vátrygginga- inn og útstreymi árs N vegna áhættu sem samþykkt er á undan tímabilinu, fyrir áhættu sem varin er á undan tímabilinu Fyrir áhættu sem tryggingarvernd nær yfir á undan tímabilinu skal þessi breytileiki besta mats samsvara samtölu reita R0210/C0050-C0060 til R0250/C0050–C0060 frá sniðmáti S.29.03, ef greiningin í S.29.03 er gerð á grundvelli vátryggingagreina.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Útreikninginn má gera á eftirfarandi hátt: — Fyrst er reiknaður sá hluti upphafsstöðu besta mats sem tengist áhættu sem varin er á undan tímabilinu, þ.e. upphafsstaða besta mats að undanskilinni iðgjaldaskuld, — Því næst er vænt fjárhæð sjóðstreymis einangruð (reiðufé inn mínus reiðufé út) innan þessarar upphafsstöðu besta mats fyrir viðkomandi tímabil. — Loks kemur þessi einangraða fjárhæð sjóðstreymis til viðbótar við upphafsstöðu besta mats (til jöfnunar).
C0050/R0120	Breytileiki í vátryggingaskuld sem heild	Hluti af vátryggingaskuld sem heild, sem samsvarar áhættu sem varin er á undan tímabilinu. Sjá leiðbeiningar við C0010/R0050.
C0050/R0130	Hreinn breytileiki fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	Þessi reitur telst ekki eiga við um skaðatryggingar Sjá leiðbeiningar við C0010/R0060.
C0050/R0140	Samtals	Breytingar alls sem tengjast áhættu sem varin er á undan tímabilinu, án frádráttar á endurtryggingu.

S.30.01 – Grunngögn um kjörfrjálsa tryggingarvernd fyrir skaða- og líftryggingastarfsemi

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á við um vátrygginga- og endurtryggingafélög sem annast endurtryggingu og/eða yfirfærslu áhættu á kjörfrjálsum grunni.

Skaða- og líftryggingafélög skulu fylla það út með upplýsingum um kjörfrjálsa tryggingarvernd á næsta gagnaskilaári, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um 20 hæstu heildaráhættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar (hluta tryggingafjárhæðar sem yfirfærð er á alla endurtryggjendur) að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu. Hver og ein kjörfrjáls áhætta er lögð fram til endurtryggjandans og samið er sérstaklega um skilmála og skilyrði kjörfrjálsu endurtryggingarinnar fyrir hvern tryggingasamning. Samningar sem sjálfkrafa verja áhættu eru utan gildissviðs þessa sniðmáts og verður að tilgreina í S.30.03.

Hver tryggingaáhætta skal vera með einkvæman kóða tilgreindan af „áhættuauðkenniskóðanum“.

Þetta sniðmát er væntanlegt (til að vera í samræmi við S.30.03) og skal sem slíkt endurspegla endurtryggingarsamningana sem eru virkir og gilda á næsta gagnaskilaári fyrir 20 hæstu heildaráhættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu. Félög skulu tilgreina mikilvægustu áhættur næsta gagnaskilatímabils sem endurtryggingarsamningar ná yfir og eru í gildi á næsta gagnaskilatímabili. Ef endurtryggingaráætlun breytist umtalsvert eftir gildistökudaginn eða ef endurtryggingarsamningarnir eru endurnýjaðir eftir gagnaskiladaginn og fyrir næsta 1. janúar, skulu upplýsingarnar í þessu sniðmáti lagðar fram að nýju, þegar þær eru fullnægjandi.

Kjörfrjáls útboð, sem ná yfir ólíkar vátryggingagreinar, skulu einnig koma fram í hinum mismunandi vátryggingagreinum sem eiga við, ef þær flokkast á meðal 20 hæstu áhættuskuldbindinga kjörfrjálsrar endurtryggingar að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu áhættur sömu vátryggingagreinar.

Þetta sniðmát ætti einungis að tilkynna ef endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum eru hærri en 10% af besta mati, reiknað út aðgreint fyrir líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Kjörfrjáls skaðatryggingavernd		
C0020	Kóði fyrir endurtryggingaráætlun	Sértækur endurtryggingarkóði félagsins sem tengir saman ráðandi samning um endurtryggingaráætlun, og ver einnig áhættuna sem varin er af kjörfrjálsu endurtryggingunni. Kóði endurtryggingaráætlunarinnar skal vera í samræmi við kóða endurtryggingaráætlunarinnar í S.30.03 – útgefin endurtryggingaráætlun á næsta gagnaskilaári.
C0030	Áhættuauðkenniskóði	Fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, innan skaðatrygginga, skal velja 20 hæstu heildaráhættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar (hluta tryggingafjárhæðar sem yfirfærð er á alla endurtryggjendur) að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu sem falla undir kjörfrjálsa endurtryggingu sem er í gildi á næsta gagnaskilatímabili (einnig þótt uppruni þeirra sé frá undangengnum árum). Kóðinn er einkvæmt auðkennisnúmer sem vátryggjandinn úthlutar, sem auðkennir áhættuna og skal haldast óbreyttur fyrir ársskýrslur sem á eftir koma. Þegar þessum kóða hefur verið úthlutað má ekki endurnota hann fyrir aðra áhættu, jafnvel þótt áhættan sem kóðanum var upphaflega úthlutað á sé ekki lengur til staðar. Þegar áhætta hefur áhrif á fleiri en eina vátryggingagrein, getur sami kóði verið notaður fyrir allar vátryggingagreinar sem verða fyrir áhrifum.
C0040	Auðkenniskóði kjörfrjáls endurtryggingarútboðs	Úthluta verður hverju kjörfrjálsu endurtryggingarútboði raðnúmeri sem er einkvæmt fyrir áhættuna. Auðkenniskóði kjörfrjálsa endurtryggingarútboðsins er einingarsértækur.
C0041	Vátryggingagrein fyrir skaðatryggingar	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging
C0042	Vísbending um að tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingunum	Taka á fram hvort áhættuskuldbindingin tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingum félagsins. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tilheyrir 20 hæstu 2 – Vátryggingagrein tilheyrir ekki 20 hæstu
C0050	Takmörkuð endurtrygging eða svipað fyrirkomulag	Auðkenning á endurtryggingasamningnum. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Óhefðbundin eða takmörkuð endurtrygging (ef einhver endurtryggingasamningur eða fjármálagerningur sem ekki er beint byggður á meginreglunni um skaðleysisbætur eða byggir á orðalagi samnings sem er með takmarkað eða ekkert sannanlegt fyrirkomulag um yfirfærsla áhættu) 2 – Annað en óhefðbundin eða takmörkuð endurtrygging Í tilviki takmarkaðrar endurtryggingar eða svipaðs fyrirkomulags, skal eingöngu færa inn í þá liði sem hægt er.
C0060	Hlutfallsleg	Gefa upp hvort endurtryggingaráætlunin er hlutfallsleg endurtrygging, þ.e. taki til endurtryggjanda sem tekur tiltekinn hundraðshluta af hverjum tryggingasamningi sem endurtryggjandi gerir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Hlutfallsleg endurtrygging 2 – Óhlutfallsleg endurtrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070	Auðkenning fyrirtækisins/aðilans sem áhættan tengist	Ef áhættan tengist fyrirtæki, tilgreina nafn fyrirtækisins sem áhættan tengist. Ef áhættan tengist einstaklingi, dulkóða upphaflega samningsnúmerið og tilgreina dulkóðaðar upplýsingar. Að gögn séu dulkóðuð á við um gögn sem ekki er hægt að heimfæra á tiltekinn einstakling án notkunar viðbótarupplýsinga, svo fremi sem slíkum viðbótarupplýsingum er haldið aðgreindum. Tryggja skal samkvæmni til lengri tíma. Það felur í sér að ef einstök tryggingaáhætta sem kemur fyrir ár frá ári, skal hún fá sama dulkóðunarsnið.
C0080	Lýsing á áhættu	Lýsing á áhættunni. Með hliðsjón af vátryggingagreininni, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, tilgreina tegund fyrirtækis, byggingar eða atvinnu fyrir þá sértæku áhættu sem er tryggð.
C0090	Lýsingin á tryggingarvörðum áhættuflokkum	Lýsing á meginumfangi tryggingarvarnarinnar fyrir kjörfrjálsa áhættu. Hún er venjulega hluti af lýsingunni sem notuð er við að auðkenna útboðið Lýsingin á tryggingarvörðum áhættuflokkum er sértæk fyrir einingu og er ekki skyldubundin. Hugtakið „áhættuflokkur“ byggir ekki á hugtakanotkun tilskipunar 2009/138/EB eða framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, en taka má tilliti til hennar sem auka möguleika til að gefa viðbótarupplýsingar um tryggingaáhættuna.
C0100	Gildistímabil (upphafsdagsetning)	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir upphafsdagsetningu sérstöku tryggingarverndarinnar, þ.e. daginn sem verndin tók gildi.
C0110	Gildistímabil (lokadagsetning)	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir endanlega lokadagsetningu sérstöku tryggingarvarnarinnar. Ef skilyrði tryggingarvarnarinnar eru áfram óbreytt þegar fært er inn í sniðmátið og félagið nýtir sér ekki uppsagnarákvæðið, verður lokadagsetningin næsta mögulega lokadagsetning gildistíma.
C0120	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem notaður er við útboð kjörfrjálsu tryggingarverndarinnar. Allar fjárhæðir verða að vera gefnar upp í þessum gjaldmiðli fyrir þá tilteknu kjörfrjálsu tryggingarvernd, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið fari fram á annað. Ef kjörfrjálsa tryggingarverndin er boðin út í tveimur mismunandi gjaldmiðlum, skal færa inn megingjaldmiðilinn.
C0130	Tryggingafjárhæð	Hæsta fjárhæðin sem hægt er að skylda vátryggjandann til að greiða út samkvæmt samningnum. Tryggingafjárhæðin tengist tryggingaáhættunni. Ef kjörfrjálsa tryggingarverndin nær yfir fjölda áhættuskuldbindinga/fleiri en eina áhættu í landinu skal tilgreina viðmiðunarmörkin fyrir tryggingasamninga samanlagt. Ef áhættan hefur verið samþykkt á samtryggingargrunni, svarar tryggingafjárhæðin til hámarksskuldbindingar vátryggjandans á sviði skaðatrygginga sem skilar inn gögnum. Ef um er að ræða ótakmarkaða tryggingarfjárhæð skal „Tryggingarfjárhæðin“ vera mat á væntu hugsanlegu tapi (reiknuðu út með því að nota sömu aðferðir og notaðar eru fyrir útreikninginn á iðgjaldinu, sem skulu endurspegla raunverulega áhættuskuldbindingu).
C0140	Tegund tryggingarlíkans	Tegund tryggingarlíkans sem notað er til að meta áhættuskuldbindingu tryggingaáhættunnar og þörfina fyrir endurtryggingavernd. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tryggingafjárhæð Hæsta fjárhæðin sem hægt er að skylda vátryggjandann til að greiða út samkvæmt upphaflega samningnum. Tryggingafjárhæðina verður einnig að færa inn þegar tegund tryggingarlíkansins á ekki við.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – Mesta mögulega tjón Tjón sem orðið getur þegar óhagstæðustu aðstæður tvinnast meira eða minni saman í sérstökum undantekningartilvikum, bruninn hættir eingöngu vegna útbreiðslutálma eða skorts á eldsmat. 3 – Mögulegt hámarkstjón Skilgreint sem mat á mesta tjóni frá einstökum eldsvoða eða háska sem vænta má, að gefinni alverstu bilun í innra meginbrunavarnarkerfi, en með aukavarnarkerfi eða -skipulag (eins og neyðarbjörgunarsveitir eða einka- og/eða opinbert slökkvilið) sem virkar eins og til var ætlast. Hamfaraaðstæður eins og sprengingar sem stafa af gríðarlegri losun eldfimra lofttegunda, sem gæti náð til stórs hluta verksmiðjunnar, sprenging á gríðarlegu magni sprengiefnis, skjálftavirkni, sjávarföll eða flóð, flugslys, og íkveikja af ásetningi á fleiri en einu svæði eru undanskilin í þessu mati. Þessi skilgreining er blanda af mögulegu hámarkstjóni og áætluðu hámarkstjóni sem almennt er viðurkennt og oft notað af vátryggjendum, endurtryggjendum og miðlurum endurtrygginga. 4 – Áætlað hámarkstjón Tjón sem reikna má með að verði vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem eru til athugunar, vegna einstaks tilviks sem talið er vera innan líkindamarka að teknu tilliti til allra þátta sem líklegir eru til auka eða draga úr umfangi tjónsins, en að undanskildum þeim hendingum og hamförum sem geta verið möguleg en eru ólíkleg. 5 – Annað Önnur möguleg tryggingarlíkön sem notuð eru. Tegundin „annað“ tryggingarlíkan sem notað er skal útskýrt í reglubundnu eftirlitsskýrslunni. Þótt framangreindar skilgreiningar séu notaðar fyrir vátryggingagreinina, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, „Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns“, geta svipaðar skilgreiningar verið að finna fyrir aðrar vátryggingagreinar.
C0150	Fjárhæð tryggingarlíkans	Hámarkstjónsfjárhæð tryggingaáhættu sem afleiðing af tryggingarlíkaninu sem notað er.
C0160	Endurtryggingafjárhæð á kjörfrjálsum grunni, við alla endurtryggjendur	Endurtryggingafjárhæðin á kjörfrjálsum grunni er sá hluti af tryggingafjárhæðinni sem er endurtryggð á kjörfrjálsum grunni. Fjárhæðin skal vera í samræmi við tryggingafjárhæðina eins og tilgreint er í C0130 og endurspegla hámarks-skuldbindingu (100%) kjörfrjálsu endurtryggjendanna.
C0170	Kjörfrjáls endurtryggingariðgjöld sem afsalað er til allra endurtryggjenda fyrir 100% af endurtryggingarútboðinu	Áætluð verg árleg eða bókfærð endurtryggingariðgjöld, án frádráttar umboðslauna vegna endurtyggingar, sem afsalað er til endurtryggjenda fyrir þeirra hlut.

Kjörfrjáls líftryggingarvernd

C0190	Kóði fyrir endurtryggingaráætlun	Sértækur endurtryggingarkóði félagsins sem tengir saman ráðandi samning um endurtryggingaráætlun, og ver einnig áhættuna sem varin er af kjörfrjálsu endurtryggingunni. Kóði endurtryggingaráætlunarinnar skal vera í samræmi við kóða endurtryggingaráætlunarinnar í S.30.03 – útgefin endurtryggingaráætlun á næsta gagnaskilaári.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0200	Áhættuauðkenniskóði	Fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, innan líftrygginga, skal velja 20 hæstu heildará-hættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar (hluta tryggingafjárhæðar sem yfirfærð er á alla endurtryggjendur) að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu með hliðsjón af áhættuskuldbindingu sem fellur undir kjörfrjálsa endurtryggingu sem er í gildi á gagnaskilatímabilinu (einnig þótt uppruni þeirra sé frá undangengnum árum). Kóðinn er einkvæmt auðkennisnúmer sem vátryggjandinn úthlutar, sem auðkennir áhættuna innan útibúsins, og ekki er hægt að endurnýta þennan kóða fyrir aðra áhættu í sama útibúi og skal haldast óbreyttur fyrir ársskýrslur sem á eftir koma. Þegar þessum kóða hefur verið úthlutað má ekki endurnota hann fyrir aðra áhættu, jafnvel þótt áhættan sem kóðanum var upphaflega úthlutað á sé ekki lengur til staðar. Þegar áhætta hefur áhrif á fleiri en eina vátryggingagrein, getur sami kóði verið notaður fyrir allar vátryggingagreinar sem verða fyrir áhrifum.
C0210	Auðkenniskóði kjörfrjáls endurtryggingarútboðs	Úthluta verður hverju kjörfrjálsu endurtryggingarútboði raðnúmeri sem er einkvæmt fyrir áhættuna. Auðkenniskóði kjörfrjálsa endurtryggingarútboðsins er einingarsértækur.
C0211	Vátryggingagrein fyrir líftryggingar	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 29 – Heilsutrygging 30 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 31 – Söfnunarlíftrygging 32 – Aðrar líftryggingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar 35 – Heilsuendurtrygging 36 – Lífendurtrygging
C0212	Vísbending um að tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingunum	Taka á fram hvort áhættuskuldbindingin tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingum félagsins. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tilheyrir 20 hæstu 2 – Vátryggingagrein tilheyrir ekki 20 hæstu
C0220	Takmörkuð endurtrygging eða svipað fyrirkomulag	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Óhefðbundin eða takmörkuð endurtrygging (ef einhver endurtryggingasamningur eða fjármálagerningur sem ekki er beint byggður á meginreglunni um skaðleysisbætur eða byggir á orðalagi samnings sem er með takmarkað eða ekkert sannanlegt fyrirkomulag um yfirfærsla áhættu) 2 – Annað en óhefðbundin eða takmörkuð endurtrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0230	Hlutfallsleg	Gefa upp hvort endurtryggingaráætlunin er hlutfallsleg endurtrygging, þ.e. taki til endurtryggjanda sem tekur tiltekinn hundraðshluta af hverjum tryggingasamningi sem endurtryggjandi gerir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Hlutfallsleg endurtrygging 2 – Óhlutfallsleg endurtrygging
C0240	Auðkenning fyrirtækisins/aðilans sem áhættan tengist	Ef áhættan tengist fyrirtæki, tilgreina nafn fyrirtækisins sem áhættan tengist Ef áhættan tengist einstaklingi, dulkóða upphaflega samningsnúmerið og tilgreina dulkóðaðar upplýsingar. Að gögn séu dulkóðuð á við um gögn sem ekki er hægt að heimfæra á tiltekinn einstakling án notkunar viðbótarupplýsinga, svo fremi sem slíkum viðbótarupplýsingum er haldið aðgreindum. Tryggja skal samkvæmni til lengri tíma. Það felur í sér að ef einstök tryggingaáhætta sem kemur fyrir ár frá ári, skal hún fá sama dulkóðunarsnið.
C0250	Lýsingin á tryggingarvörðum áhættuflokkum	Lýsing á meginumfangi tryggingarvarnarinnar fyrir kjörfrjálsa áhættu. Hún er venjulega hluti af lýsingunni sem notuð er við að auðkenna útboðið Lýsingin á tryggingarvörðum áhættuflokkum er sértæk fyrir einingu og er ekki skyldubundin. Hugtakið „áhættuflokkur“ byggist ekki á hugtakanotkun tilskipunar um Gjaldþolsáætlun II, en taka má tillit til hennar sem auka möguleika til að gefa viðbótarupplýsingar um tryggingaáhættuna.
C0260	Gildistímabil (upphafsdagsetning)	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir upphafsdagsetningu sérstöku tryggingarverndarinnar, þ.e. daginn sem verndin tók gildi.
C0270	Gildistímabil (lokadagsetning)	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir endanlega lokadagsetningu sérstöku tryggingarvarnarinnar.
C0280	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem notaður er við útboð kjörfrjálsu tryggingarverndarinnar. Allar fjárhæðir í þessari færslu verða að vera gefnar upp í þessum gjaldmiðli fyrir þá tilteknu kjörfrjálsu tryggingarvernd, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið fari fram á annað. Ef kjörfrjálsa tryggingarverndin er boðin út í tveimur mismunandi gjaldmiðlum, skal færa inn megingjaldmiðilinn.
C0290	Tryggingafjárhæð	Fjárhæðin sem vátryggjandinn á svið líftrygginga greiðir út til þess vátryggða. Ef áhættan er samtryggð með öðrum vátryggjanda á sviði líftrygginga, á hér að tilgreina tryggðu fjárhæðina sem vátryggjandinn á sviði líftrygginga sem skilar inn gögnum á að greiða.
C0300	Vátryggingarfjárhæð	Vátryggingarfjárhæðin, eins og skilgreint er í framseldri reglugerð (ESB) 2015/35. Ef áhættan er samtryggð með öðrum vátryggjanda á sviði líftrygginga, á hér að tilgreina áhættufjármagnið sem varðar hlut vátryggjandans á sviði líftrygginga í tryggðu fjárhæðinni.
C0310	Endurtryggingafjárhæð á kjörfrjálsum grunni, við alla endurtryggjendur	Endurtryggingafjárhæðin á kjörfrjálsum grunni er sá hluti af tryggingafjárhæðinni sem er endurtryggð á kjörfrjálsum grunni. Fjárhæðin skal vera í samræmi við tryggingafjárhæðina eins og tilgreint er í C0290 og endurspegla hámarksskuldbindingu (100%) kjörfrjálsu endurtryggjendanna.
C0320	Kjörfrjáls endurtryggingariðgjöld sem afsalað er til allra endurtryggjenda fyrir 100% af endurtryggingarútboðinu	Áætluð verg árleg eða bókfærð endurtryggingariðgjöld, án frádráttar umboðslauna vegna endurtyggingar, sem afsalað er til endurtryggjendanna fyrir þeirra hlut.

S.30.02 – Gögn um hlutdeildir fyrir kjörfrjálsa tryggingarvernd skaða- og líftryggingastarfsemi

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á við um vátrygginga- og endurtryggingafélög sem annast endurtryggingu og/eða yfirfærslu áhættu á kjörfrjálsum grunni.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög í skaða- og líftryggingastarfsemi skulu færa inn í það upplýsingar um hlutdeild endurtryggjenda í kjörfrjálsri tryggingavernd á næsta reikningskilaári, sem ná yfir upplýsingar um 20 hæstu heildaráhættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar (hluta tryggingafjárhæðar sem yfirfærð er á alla endurtryggjendur) að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu (t.d. í tilvikum þegar áhætta sem samþykkt er fellur ekki að venjulegri stefnu um samþykki og getur einungis verið samþykkt ef hluti áhættunnar er endurtryggður á kjörfrjálsum grunni). Hver og ein kjörfrjáls áhætta er lögð fram til endurtryggjandans og samið er sérstaklega um skilmála og skilyrði kjörfrjálsu endurtryggingarinnar fyrir hvern tryggingasamning. Samningar sem sjálfkrafa verja áhættu eru utan gildissviðs þessa sniðmáts og verður að tilgreina í S.30.03.

Enn fremur skal hver tryggingaáhætta vera með einkvæman kóða tilgreindan af „áhættuauðkenniskóðanum“. Hver valin áhætta skal vera aðgreind til að hin sérstöku skilyrði fyrir samningi séu sett fram í einni röð. Þegar kjörfrjáls vernd sem tilkynnt er í sniðmáti S.30.01 er tengd fleiri en einu endurtryggingafélagi skal fyllt inn í þetta sniðmát með eins mörgum línum og fjölda endurtryggingafélaga sem viðriðin eru þessari sértæku kjörfrjálsu vernd.

Þetta sniðmát er væntanlegt (til að vera í samræmi við S.30.03) og skal sem slíkt endurspegla endurtryggingarsamningana sem eru virkir og gilda á næsta gagnaskilaári fyrir þær völdu 20 hæstu heildaráhættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu. Félög skulu tilgreina mikilvægustu áhættur næsta gagnaskilatímabils sem endurtryggingarsamningar ná yfir og eru í gildi á næsta gagnaskilatímabili. Ef endurtryggingaráætlun breytist umtalsvert eftir gildistökudaginn eða ef endurtryggingarsamningarnir eru endurnýjaðir eftir gagnaskiladaginn og fyrir næsta 1. janúar, skulu upplýsingarnar í þessu sniðmáti lagðar fram að nýju, þegar þær eru fullnægjandi.

Kjörfrjáls útboð, sem ná yfir ólíkar vátryggingagreinar, skulu einnig koma fram í hinum mismunandi línum, ef þær flokkast á meðal 20 hæstu áhættuskuldbindingum kjörfrjálsrar endurtryggingar að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu áhættur sömu vátryggingagreinar.

Færa skal inn í þetta sniðmát fyrir hvern endurtryggjanda sem samþykkti kjörfrjálsu tryggingaverndina.

Þetta sniðmát ætti einungis að tilkynna ef endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum eru hærri en 10% af besta mati, reiknað út aðgreint fyrir líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Kjörfrjáls skaðatryggingavernd		
C0020	Kóði fyrir endurtryggingaráætlun	Sértækur endurtryggingarkóði félagsins sem tengir saman ráðandi samning um endurtryggingaráætlun, og ver einnig áhættuna sem varin er af kjörfrjálsu endurtryggingunni. Kóði endurtryggingaráætlunarinnar skal vera í samræmi við kóða endurtryggingaráætlunarinnar í S.30.03 – útgefin endurtryggingaráætlun á næsta gagnaskilaári.
C0030	Áhættuauðkenniskóði	Fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, innan skaðatrygginga, skal velja 20 hæstu heildará-hættuskuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar (hluta tryggingafjárhæðar sem yfirfærð er á alla endurtryggjendur) að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu með hliðsjón af áhættuskuldbindingu sem fellur undir kjörfrjálsa endurtryggingu sem er í gildi á gagnaskilatímabilinu (einnig þótt uppruni þeirra sé frá undangengnum árum). Kóðinn er einkvæmt auðkennisnúmer sem vátryggjandinn úthlutar, sem auðkennir áhættuna og skal haldast óbreyttur fyrir ársskýrslur sem á eftir koma.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Þegar þessum kóða hefur verið úthlutað má ekki endurnota hann fyrir aðra áhættu, jafnvel þótt áhættan sem kóðanum var upphaflega úthlutað á sé ekki lengur til staðar. Þegar áhætta hefur áhrif á fleiri en eina vátryggingagrein, getur sami kóði verið notaður fyrir allar vátryggingagreinar sem verða fyrir áhrifum.
C0040	Auðkenniskóði kjörfrjáls endurtryggingarútboðs	Úthluta verður hverju kjörfrjálsu endurtryggingarútboði raðnúmeri sem er einkvæmt fyrir áhættuna. Auðkenniskóði kjörfrjálsa endurtryggingarútboðsins er einingarsértækur.
C0050	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu Ef sérstökum kóða er úthlutað af félaginu skal kóðinn vera sértækur fyrir tiltekinn endurtryggjanda eða miðlara og ekki skarast við neinn annan kóða sem félagið úthlutar eða auðkenni lögaðila (LEI-kóða). Í þeim tilvikum þegar kóði er til staðar (t.d. landsbundið auðkenni) er sami kóði notaður sem þetta auðkenni og skal vera samkvæmur til lengri tíma þar til LEI-kóði liggur fyrir.
C0051	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0061	Vátryggingagrein fyrir skaðatryggingar	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging
C0065	Vísbending um að tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingunum	Taka á fram hvort áhættuskuldbindingin tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingum félagsins. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tilheyrir 20 hæstu 2 – Vátryggingagrein tilheyrir ekki 20 hæstu
C0100	Hlutur endurtryggjanda (%)	Hlutfall kjörfrjáls útboðs sem endurtryggjandinn samþykkir, gefið upp sem algilt hlutfall endurtryggðu fjárhæðarinnar á kjörfrjálsum grunni, við alla endurtryggjendur, eins og tilgreint er í dálki C0160 í S.30.01 – kjörfrjáls tryggingarvernd (með tilliti til endurtryggðrar áhættuskuldbindingar) – grundvallarupplýsingar Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot.
C0110	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem notaður er við útboð kjörfrjálsu tryggingarverndarinnar. Allar fjárhæðir verða að vera gefnar upp í þessum gjaldmiðli fyrir þá tilteknu kjörfrjálsu tryggingarvernd, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið fari fram á annað. Ef kjörfrjálsa tryggingarverndin er boðin út í tveimur mismunandi gjaldmiðlum, skal færa inn megingjaldmiðilinn.
C0120	Endurtryggingafjárhæð til kjörfrjáls endurtryggjanda	Endurtryggingafjárhæð á kjörfrjálsum grunni, við endurtryggjandann.
C0130	Kjörfrjáls endurtryggingariðgjöld sem afsalað er	Áætluð verg árleg eða bókfærð endurtryggingariðgjöld, sem afsalað er til endurtryggjanda fyrir þeirra hlut.
C0140	Skýringar	Lýsing á tilvikum þar sem annað hvort þátttaka endurtryggjandans er með skilyrðum sem eru ólík þeim fyrir stöðluð kjörfrjáls útboð eða samningsútboð, eða til að veita sérhverjar aðrar upplýsingar sem félagið á að vekja athygli eftirlitsaðilans á.

Kjörfrjáls líftryggingarvernd

C0150	Kóði fyrir endurtryggingaráætlun	Sértækur endurtryggingarkóði félagsins sem tengir saman ráðandi samning um endurtryggingaráætlun, og ver einnig áhættuna sem varin er af kjörfrjálsu endurtryggingunni. Kóði endurtryggingaráætlunarinnar skal vera í samræmi við kóða endurtryggingaráætlunarinnar í S.30.03 – útgefin endurtryggingaráætlun á næsta gagnaskilaári.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0160	Áhættuauðkenniskóði	Fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, innan líftrygginga, skal velja 20 hæstu heildaráhættu-skuldbindingar kjörfrjálsrar endurtryggingar (hluta tryggingafjárhæðar sem yfirfærð er á alla endurtryggjendur) að viðbættum tveimur hæstu í hverri vátryggingagrein, ef þær falla ekki undir þær 20 hæstu með hliðsjón af áhættuskuldbindingu sem fellur undir kjörfrjálsa endurtryggingu sem er í gildi á gagnaskilatímabilinu (einnig þótt uppruni þeirra sé frá undangengnum árum). Kóðinn er einkvæmt auðkennisnúmer sem vátryggjandinn úthlutar, sem auðkennir áhættuna innan útibúsins, og ekki er hægt að endurnýta þennan kóða fyrir aðra áhættu í sama útibúi og skal haldast óbreyttur fyrir ársskýrslur sem á eftir koma. Þegar þessum kóða hefur verið úthlutað má ekki endurnota hann fyrir aðra áhættu, jafnvel þótt áhættan sem kóðanum var upphaflega úthlutað á sé ekki lengur til staðar. Þegar áhætta hefur áhrif á fleiri en eina vátryggingagrein, getur sami kóði verið notaður fyrir allar vátryggingagreinar sem verða fyrir áhrifum.
C0170	Auðkenniskóði kjörfrjáls endurtryggingarútboðs	Raðtala sem er einkvæm fyrir áhættuna, sem er úthlutað til hvers kjörfrjáls endurtryggingarútboð félagsins.
C0180	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu Ef sérstökum kóða er úthlutað af félaginu skal kóðinn vera sértækur fyrir tiltekinn endurtryggjanda og ekki skarast við neinn annan kóða sem félagið úthlutar eða auðkenni lögaðila (LEI-kóða). Í þeim tilvikum þegar kóði er til staðar (t.d. landsbundið auðkenni) er sami kóði notaður sem þetta auðkenni og skal vera samkvæmur til lengri tíma þar til LEI-kóði liggur fyrir.
C0181	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0191	Vátryggingagrein fyrir líftryggingar	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 29 – Heilsutrygging 30 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 31 – Söfnunarlíftrygging 32 – Aðrar líftryggingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar 35 – Heilsuendurtrygging 36 – Lífendurtrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0195	Vísbending um að tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingunum	Taka á fram hvort áhættuskuldbindingin tilheyri 20 hæstu áhættuskuldbindingum félagsins. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tilheyrir 20 hæstu 2 – Vátryggingagrein tilheyrir ekki 20 hæstu
C0230	Hlutur endurtryggjanda (%)	Hlutfall kjörfrjáls útboðs sem endurtryggjandinn samþykkir, gefið upp sem algilt hlutfall endurtryggðu fjárhæðarinnar á kjörfrjálsum grunni, við alla endurtryggjendur, eins og tilgreint er í dálki C0310 í S.30.01 – kjörfrjáls tryggingarvernd (með tilliti til endurtryggðrar áhættuskuldbindingar) – grundvallarupplýsingar Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot.
C0240	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem notaður er við útboð kjörfrjálsu tryggingarverndarinnar. Allar fjárhæðir verða að vera gefnar upp í þessum gjaldmiðli fyrir þá tilteknu kjörfrjálsu tryggingarvernd, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið fari fram á annað. Ef kjörfrjálsa tryggingarverndin er boðin út í tveimur mismunandi gjaldmiðlum, skal færa inn megingjaldmiðilinn.
C0250	Endurtryggingafjárhæð til kjörfrjáls endurtryggjanda	Endurtryggingafjárhæð á kjörfrjálsum grunni, við endurtryggjandann.
C0260	Kjörfrjáls endurtryggingariðgjöld sem afsalað er	Áætluð verg árleg eða bókfærð endurtryggingariðgjöld, sem afsalað er til endurtryggjanda fyrir þeirra hlut.
C0270	Skýringar	Lýsing á tilvikum þar sem annað hvort þátttaka endurtryggjandans er með skilyrðum sem eru ólík þeim fyrir stöðluð kjörfrjáls útboð eða samningsútboð, eða til að veita sérhverjar aðrar upplýsingar sem félagið á að vekja athygli eftirlitsaðilans á.
Upplýsingar um endurtryggjendur og miðlara		
C0280	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu Ef sérstökum kóða er úthlutað af félaginu skal kóðinn vera sértækur fyrir tiltekinn endurtryggjanda og ekki skarast við neinn annan kóða sem félagið úthlutar eða auðkenni lögaðila (LEI-kóða). Í þeim tilvikum þegar kóði er til staðar (t.d. landsbundið auðkenni) er sami kóði notaður sem þetta auðkenni og skal vera samkvæmur til lengri tíma þar til LEI-kóði liggur fyrir.
C0290	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0300	Lögheiti endurtryggjanda	Lögheiti endurtryggjandans sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til. Opinbert heiti endurtryggjandans sem ber áhættuna er sett fram í endurtryggingasamningnum. Ekki er heimilt að færa inn heitið á endurtryggingarmiðlara. Ekki er heldur heimilt að setja fram alhliða eða ófullkomið heiti þar sem alþjóðlegir endurtryggjendur eru með fleiri rekstrarfélög, sem geta verið staðsett í mismunandi löndum. Ef um er að ræða samnýtingarfyrirkomulag er eingöngu hægt að setja inn samnýtingarheitið (eða samnýtingarstjóra) ef samnýtingin er lögaðili.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0310	Tegund endurtryggjanda	Tegund endurtryggjanda sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Frumtryggjandi á sviði líftrygginga 2 – Frumtryggjandi á sviði skaðatrygginga 3 – Frumtryggjandi á sviði samsettra trygginga 4 – Bundið vátryggingafélag 5 – Innri endurtryggjandi (endurtryggingafélag sem fyrst og fremst leggur áherslu á að yfirtaka áhættu frá öðrum vátryggingafélögum innan samstæðunnar) 6 – Ytri endurtryggjandi (endurtryggingafélag sem yfirtekur áhættu frá félögum, öðrum en frá vátryggingafélögum innan samstæðunnar) 7 – Bundið endurtryggingafélag 8 – Félag með sérstakan tilgang 9 – Samnýtingareining (þar sem fleiri en eitt vátrygginga- eða endurtryggingafélög taka þátt) 10 –Opinber samnýting
C0320	Aðsetursland	Tilgreina kóðann ISO 3166–1 alpha–2 fyrir landið þar sem endurtryggjandinn hefur löggilt starfsleyfi/er leyfisskyldur.
C0330	Ytra mat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis	Lánshæfismat á endurtryggjanda á viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem veitt er af tilnefndri lánshæfismatsstofnun (utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki). Ef lánshæfismat er ekki tiltækt skal liðurinn látinn óútfylltur.
C0340	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0330, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á að tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki). Þessi liður skal tilgreindur þegar „Ytra mat“ (C0330) er gefið upp.
C0350	Lánshæfisþrep	Tilgreina lánshæfisþrepið sem endurtryggjandanum er úthlutað. Lánshæfisþrepið skal endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem félögin sem nota staðalregluna gera innanhúss. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1 2 – Lánshæfisþrep 2 3 – Lánshæfisþrep 3 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0360	Innra mat	Innra mat á endurtryggjandanum fyrir félög sem nota eigið líkan, að því marki sem innra mat er notað í innri líkangerð þeirra. Ef félag notar eingöngu ytri möt í eigin líkani skal ekki tilgreina þennan lið.

S.30.03 – Grunngögn um útgefna endurtryggingaráætlun

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á við um vátrygginga- og endurtryggingafélög með útgefna endurtryggingu og/eða endurtryggingaráætlun sem nær yfir sérhverja tryggingavernd sem veitt er með ríkistryggðu samnýtingarfyrirkomulagi fyrir endurtryggingu, að undanskildri kjörfrjálsri tryggingarvernd.

Fært skal inn í þetta sniðmát af vátrygginga- og endurtryggingafélagi sem yfirfærir tryggingaráhættu til endurtryggjenda í gegnum endurtryggingasamning sem er með gildistíma sem nær yfir eða skarast við næsta gagnaskilaár og er þekkt þegar fært er inn í sniðmátið. Ef endurtryggingaáætlun breytist umtalsvert eftir þá dagsetningu eða ef endurnýjun endurtrygginga-samninganna fer fram seinna en gagnaskiladagurinn og fyrir næsta 1. janúar, skulu upplýsingarnar í þessu sniðmáti lagðar fram aftur þegar orðnar fullnægjandi.

Þetta sniðmát ætti einungis að tilkynna ef endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum eru hærri en 10% af besta mati, reiknað út aðgreint fyrir líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Kóði fyrir endurtryggingaráætlun	Einkvæmur kóði (sértækur fyrir félag) sem nær yfir öll einstök endurtryggingarútboð og/eða -samninga sem tilheyra sömu endurtrygg-ingaráætluninni.
C0020	Auðkenniskóði samnings	Auðkenniskóði samnings sem einvörðungu auðkennir samninginn og viðhalda verður í skýrslunum sem á eftir koma, venjulega upphaflega samningsnúmerið sem skráð er í bækur fyrirtækisins.
C0030	Raðnúmer þáttar í samningi	Raðnúmer þáttar sem félagið úthlutar á ýmsa þætti samningsins, í þeim tilvikum þegar samningurinn nær t.d. yfir fleiri en eina vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framseldri reglugerð (ESB) 2015/35, eða nær yfir mismunandi svið starfsemi með ólík mörk. Samningar með mismunandi skilyrði eru taldir ólíkir samningar fyrir framlagningu upplýsinganna og skulu tilgreindir í öðrum þáttum. Fyrir mismunandi vátryggingagreinar sem sami samningur nær yfir á að gefa upplýsingar um skilyrðin hver fyrir sig sem varða hverja vátryggingagrein, undir hverju númeri þáttar. Samninga sem ná yfir mismunandi tegundir endurtryggingar (t.d. einn þáttur um kvótahlutdeild og annar um umframtap (XL)) í sama samningi skal tilgreina í ólíkum þáttum. Samninga sem ná yfir mismunandi lög í sömu áætlun skal tilgreina í ólíkum þáttum.
C0040	Raðnúmer fyrir umframfjármagn (e. *surplus*)/lagskiptingu (e. *layer*) í áætlun	Raðnúmerið fyrir umframfjármagn/lagskiptingu, þegar samningurinn er hluti af stærri áætlun.
C0050	Umframfjármagn/lagskiptingar í áætlun	Heildarnúmeraröð umframfjármagns eða lagskiptinga í sömu áætlun sem inniheldur samninginn sem tilgreindur er.
C0060	Takmörkuð endurtrygging eða svipað fyrirkomulag	Auðkenning á endurtryggingasamningnum. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Óhefðbundin eða takmörkuð endurtrygging (ef einhver endurtryggingasamningur eða fjármálagerningur sem ekki er beint byggður á meginreglunni um skaðleysisbætur eða byggir á orðalagi samnings sem er með takmarkað eða ekkert sannanlegt fyrirkomulag um yfirfærsla áhættu)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – Annað en óhefðbundin eða takmörkuð endurtrygging Í tilviki takmarkaðrar endurtryggingar eða svipaðs fyrirkomulags, skal eingöngu færa inn í þá liði sem hægt er.
C0070	Vátryggingagrein	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndatrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging 29 – Heilsutrygging 30 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 31 – Söfnunarlíftrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		32 – Aðrar líftryggingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar 35 – Heilsuendurtrygging 36 – Lífendurtrygging 37 – Fleiri greinar (eins og skilgreint er hér að neðan) Aðrar athugasemdir: 1) Ef endurtryggingasamningur veitir vernd fyrir fleiri en eina vátryggingagrein og skilmálar fyrir vernd eru mismunandi á milli vátryggingagreina, þarf að tilgreina samninginn í fleiri línum. Færsluna í fyrstu línu fyrir samninginn þarf að færa inn sem „Fleiri greinar“ og veita upplýsingar um almenna skilmála samningsins (s.s. frádráttarbærar fjárhæðir og endurheimtur), meðan í eftirfarandi línum veittar eru upplýsingar um einstaka skilmála endurtryggingasamningsins fyrir hverja viðkomandi vátryggingagrein. 2) Ef skilmálar fyrir vernd eru ekki mismunandi eftir vátryggingagrein er eingöngu krafist hinar ráðandi (byggt á áætluðum vergum iðgjaldatekjum af samningi) vátryggingagreinar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II. 3) Marglaga samningar með föst skilyrði er hægt að sýna í dálkunum sem notaðir eru fyrir gildistímabilið.
C0080	Lýsingin á tryggingarvörðum áhættuflokkum	Lýsing á meginumfangi tryggingarverndar samningsins. Þetta varðar megineigna-safnið, sem samningurinn nær yfir og er venjulega hluti af lýsingunni á samningnum (t.d. „Atvinnuhúsnæði“ eða „Ábyrgðartrygging vegna framkvæmdastjóra og stjórnenda“). Félög geta einnig látið fylgja lýsingu þar sem vísað er til þeirrar rekstrareiningar sem áhættan var samþykkt fyrir, ef þetta hefur leitt til ólíkra samningsskilyrða (t.d. „Úthlutun merkt A“). Lýsingin á tryggingarvörðum áhættuflokkum er sértæk fyrir einingu og er ekki skyldubundin. Hugtakið „áhættuflokkur“ byggir ekki á hugtakanotkun 1. og 2. stigs, en taka má tillit til hennar sem auka möguleika til að gefa viðbótar-upplýsingar um tryggingaáhættuna.
C0090	Tegund endurtryggingasamnings	Kóði tegundar endurtryggingasamnings. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi skrá: 1 – kvótahlutdeild 2 – breytileg kvótahlutdeild 3 – umframfjármagn 4 – umframtap (á atburð og á áhættu) 5 – umframtap (á áhættu) 6 – umframtap (á atburð) 7 – umframtap „back–up“ (vörn gegn eftirfylgjandi atburðum sem vissar hamfarir geta valdið, eins og flóði eða bruna) 8 – umframtap með grunnáhættu 9 – endurheimtuvernd

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		10 – samanlagt umframtap 11 – ótakmarkað umframtap 12 – umframtapshlutfall á samningstímanum (e. *stop loss*) 13 – aðrir hlutfallslegir samningar 14 – aðrir óhlutfallslegir samningar Aðra hlutfallslega samninga (kóði 13) og aðra óhlutfallslega samninga (kóði 14) er hægt að nota fyrir blandaðar tegundir af endurtryggingasamningum.
C0100	Innfelling á endurtryggingar-vernd fyrir hamfaraáhættu	Auðkenning á innfelldri hamfaratryggingu Með hliðsjón af því hvort skráða hamfaraáhættan er varin samkvæmt endurtryggingarvernd, á að nota einn eða samsetningu (aðgreint með „ ,“) af eftirfarandi kóðum: 1 – vernd undanskilur allar hamfaratryggingar 2 – vernd nær yfir jarðskjálfta, eldgos, flóðbylgjur o.s.frv. 3 – vernd nær yfir flóð 4 – vernd nær yfir fellibylji, storma o.s.frv. 5 – vernd nær yfir aðra áhættu eins og frost, haglél, vindofsa 6 – vernd nær yfir hryðjuverk 7 – vernd nær yfir verkföll, óeirðir, borgaraleg uppþot, skemmdarverk, almenna uppreisn 8 – vernd nær yfir alla framangreinda áhættu 9 – vernd nær yfir áhættu sem ekki er að öðru leyti tekin með í alla skráða liði
C0110	Gildistímabil (upphafsdagsetning)	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir upphafsdagsetningu sértæka endurtryggingasamningsins.
C0120	Gildistímabil (lokadagsetning)	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir endanlega lokadagsetningu sérstaka endurtryggingasamninginn. Ef skilyrði samningsins eru áfram óbreytt þegar fært er inn í sniðmátið og félagið nýtir sér ekki uppsagnarákvæðið, verður lokadagsetningin næsta mögulega lokadagsetning gildistíma.
C0130	Gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem notaður er við útboð endurtryggingasamningsins. Allar fjárhæðir verða að vera gefnar upp í þessum gjaldmiðli fyrir þá sérstöku tryggingarvernd, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið fari fram á annað. Ef samningurinn er boðin út í tveimur mismunandi gjaldmiðlum, skal færa inn megingjaldmiðilinn.
C0140	Tegund tryggingarlíkans	Tegund tryggingarlíkans sem notað er til að meta áhættuskuldbindingu trygg-ingaáhættunnar og þörfina fyrir endurtryggingavernd. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Tryggingafjárhæð Hæsta fjárhæðin sem hægt er að skylda vátryggjandann til að greiða út samkvæmt upphaflega samningnum. Tryggingafjárhæðina verður einnig að færa inn þegar tegund tryggingarlíkansins á ekki við.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – Mesta mögulega tjón Tjón sem orðið getur þegar óhagstæðustu aðstæður tvinnast meira eða minni saman í sérstökum undantekningartilvikum, bruninn hættir eingöngu vegna útbreiðslutálma eða skorts á eldsmat. 3 – Mögulegt hámarkstjón Skilgreint sem mat á mesta tjóni frá einstökum eldsvoða eða háska sem vænta má, að gefinni alverstu bilun í innra meginbrunavarnarkerfi, en með aukavarnarkerfi eða -skipulag (eins og neyðarbjörgunarsveitir eða einka- og/eða opinbert slökkvilið) sem virkar eins og til var ætlast. Hamfaraaðstæður eins og sprengingar sem stafa af gríðarlegri losun eldfimra lofttegunda, sem gæti náð til stórs hluta verksmiðjunnar, sprenging á gríðarlegu magni sprengiefnis, skjálftavirkni, sjávarföll eða flóð, flugslys, og íkveikja af ásetningi á fleiri en einu svæði eru undanskilin í þessu mati. Þessi skilgreining er blanda af mögulegu hámarkstjóni og áætluðu hámarkstjóni sem almennt er viðurkennt og oft notað af vátryggjendum, endurtryggjendum og miðlurum endurtrygginga. 4 – Áætlað hámarkstjón Tjón sem reikna má með að verði vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem eru til athugunar, vegna einstaks tilviks sem talið er vera innan líkindamarka að teknu tilliti til allra þátta sem líklegir eru til auka eða draga úr umfangi tjónsins, en að undanskildum þeim hendingum og hamförum sem geta verið möguleg en eru ólíkleg. 5 – Annað Önnur möguleg tryggingarlíkön sem notuð eru. Tegundin „annað“ tryggingarlíkan sem notað er skal útskýrt í reglubundnu eftirlitsskýrslunni. Þótt framangreindar skilgreiningar séu notaðar fyrir vátryggingagreinina, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, „Vátrygging og endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns“, geta svipaðar skilgreiningar verið að finna fyrir aðrar vátryggingagreinar.
C0150	Áætlaðar grunniðgjaldatekjur (XL – ESPI)	Fjárhæðin fyrir áætluðu grunniðgjaldatekjurnar (ESPI) að því er varðar samningstímann. Venjulega er um að ræða iðgjaldafjárhæðina er varðar eignasafnið, sem varið er samkvæmt samningum vegna umframtaps, þ.e.a.s. þetta er fjárhæðin sem endurtryggingariðgjöldin eru reiknuð út eftir með að beita taxtanum. Þessi liður er eingöngu tilgreindur fyrir samninga vegna umframtaps.
C0160	Áætlaðar vergar iðgjaldatekjur af samningi (hlutfallslegar og óhlutfallslegar)	Iðgjaldafjárhæðin fyrir 100% af samningnum að því er varðar samningstímann. Þessi fjárhæð jafngildir 100% af endurtryggingariðgjaldinu sem greiða á öllum endurtryggjendum á samningstímanum, þ.m.t. iðgjaldinu fyrir þá hluti sem ekki voru boðnir út.
C0170	Samanlagðir frádrættir (fjárhæð)	Fjárhæðin vegna sérleyfis, þ.e.a.s. viðbótareftirhald ef töp eru eingöngu tryggð af endurtryggjandanum þegar uppsafnað tap hefur náð upp að tiltekinni fjárhæð. Þessi liður er tilgreindur, þegar við á, eingöngu ef liður C0180 er ekki tilgreindur.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180	Samanlagðir frádrættir (%)	Prósentan vegna sérleyfis, þ.e.a.s. viðbótareftirhaldsprósenta ef töp eru eingöngu tryggð af endurtryggjandanum þegar uppsafnað tap hefur náð upp að tiltekinni fjárhæð. Þessi liður er tilgreindur, þegar við á, eingöngu ef liður C0170 er ekki tilgreindur. Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot.
C0190	Eftirhald eða forgangur (fjárhæð)	Fjárhæðin, fyrir samning um umframfjármagn, einstakt umframtap (e. *Working XL*) og samsteypt umframtap (e. *Catastrophe XL*), sem sett er fram sem eftirhald eða forgangur í endurtryggingasamningnum. Gefin upp með sérstakri tilvísun fyrir hinar mismunandi vátryggingagreinar, eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0200	Eftirhald eða forgangur (%)	Prósentan, fyrir samninga vegna kvótahlutdeildar og umframtapshlutfalls á samningstímanum, sem sett er fram sem eftirhald eða forgangur í endurtryggingasamningnum. Gefin upp með sérstakri tilvísun fyrir hinar mismunandi vátryggingagreinar, eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot.
C0210	Viðmiðunarmörk (fjárhæð)	Fjárhæðin sem gefin er upp sem viðmiðunarmörk í endurtryggingasamningnum. Gefin upp með sérstakri tilvísun fyrir hinar mismunandi vátryggingagreinar, eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Ef um er að ræða ótakmarkaða vernd á að tilgreina „– 1“.
C0220	Viðmiðunarmörk (%)	Prósentan, fyrir samninga vegna umframtapshlutfalls á samningstímanum, sem sett er fram sem viðmiðunarmörk í endurtryggingasamningnum. Gefin upp með sérstakri tilvísun fyrir hinar mismunandi vátryggingagreinar, eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Ef um er að ræða ótakmarkaða vernd á að tilgreina „– 1“. Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot.
C0230	Hámarkstryggingarvernd á áhættu eða atburð	Fjárhæðin fyrir hámarkstryggingarvernd á áhættu eða atburð Ef fyrir samning um kvótahlutdeild eða umframfjármagn samþykkt hefur verið hámarksfjárhæð vegna atburðar (t.d. – stormar), á að tilgreina 100% fjárhæðarinnar. Í öllum öðrum tilvikum er fjárhæðin jöfn og viðmiðunarmörkin að frádregnum forgangi. Ef um er að ræða ótakmarkaða vernd á að tilgreina „– 1“.
C0240	Hámarkstryggingarvernd á samning	Fjárhæðin fyrir hámarkstryggingarvernd á samning Ef fyrir samning um kvótahlutdeild eða umframfjármagn ákvörðuð hefur verið hámarksfjárhæð fyrir allan samninginn, á að tilgreina 100% fjárhæðarinnar. Ef um er að ræða ótakmarkaða vernd á að tilgreina „– 1“. Fyrir samninga vegna umframtaps eða umframtapshlutfalls á samningstímanum á að gefa upp upphaflega getu (t.d. árleg samanlögð viðmiðunarmörk). Tryggingarverndin samtals gæti einnig verið niðurstaðan af upplýsingunum sem veittar eru í C0250.
C0245	Tryggingavernd lags sem fellur undir endurtryggingu	Fjárhæðin á hámarksvernd fyrir lag í samningi. Ef um er að ræða ótakmarkaða vernd á að tilgreina „– 1“. Fyrir samninga vegna umframtaps (e. *excess loss* (XL)) eða umframtapshlutfalls á samningstímanum (e. *stop loss* (SL)) á að gefa upp upphaflega getu (t.d. árleg samanlögð viðmiðunarmörk). Ef samningurinn inniheldur einungis eitt lag, verður þessi reitur jafn C0250.
C0250	Fjöldi endurheimta	Fjöldi möguleika til að endurheimta endurtryggingarverndina.
C0260	Lýsing á endurheimtum	Lýsing á endurheimtunum til að endurheimta endurtryggingarverndina. Dæmi um mögulegt innihald þessa liðar er „2 á 100% plús 1 á 150%“ eða „án útreiknings“

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0360	XL vextir 1	Tilgreina föstu vextina eða upphafsvextina í hlaupandi vaxtakerfi. Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot. Þessi liður er eingöngu tilgreindur fyrir samninga vegna umframtaps.
C0370	XL vextir 2	Tilgreina efsti hluta vaxtanna í hlaupandi vaxtakerfi. Þetta hlutfall skal tilgreina sem tugabrot. Þessi liður er eingöngu tilgreindur fyrir samninga vegna umframtaps.
C0380	XL fast iðgjald	Tilgreina hvort XL iðgjald er byggt á föstu iðgjaldi eða ekki. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi skrá: 1 – XL iðgjald er byggt á föstu iðgjaldi 2 – XL iðgjald er ekki byggt á föstu iðgjaldi Þessi liður er eingöngu tilgreindur fyrir samninga vegna umframtaps.
C0390	Hlutfallskvarði umboðslauna	Taka á fram hvort hlutfallskvarði umboðslauna er notaður: Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já, 2 – Nei.
C0400	Lágmarkskröfuhlutfall sem fjárhæðin í hlutfallskvarða umboðslauna er háð	Taka á með lágmarkskröfuhlutfall sem prósentu sem fjárhæðin í hlutfallskvarða umboðslauna er háð.
C0410	Hámarkskröfuhlutfall sem fjárhæðin í hlutfallskvarða umboðslauna er háð	Taka á með hámarkskröfuhlutfall sem prósentu sem fjárhæðin í hlutfallskvarða umboðslauna er háð.
C0420	Lágmark umboðslauna	Taka á með lágmark umboðslauna sem prósentu.
C0430	Hámark umboðslauna	Taka á með hámark umboðslauna sem prósentu.
C0440	Áætluð umboðslaun	Taka á með áætluð umboðslauna sem prósentu.

S.30.04 – Gögn um hlutdeildir fyrir útgefna endurtryggingaráætlun

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Þetta sniðmát á við um vátrygginga- og endurtryggingafélög með útgefna endurtryggingu og/eða endurtryggingaráætlun sem nær yfir sérhverja tryggingavernd sem veitt er með ríkistryggðu samnýtingarfyrirkomulagi fyrir endurtryggingu, að undanskildri kjörfrjálsri tryggingarvernd.

Fært skal inn í þetta sniðmát af vátrygginga- og endurtryggingafélagi sem yfirfærir tryggingaráhættu til endurtryggjenda í gegnum endurtryggingasamning sem er með gildistíma sem nær yfir eða skarast við næsta gagnaskilaár og er þekkt þegar fært er inn í sniðmátið. Ef endurtryggingaáætlun breytist umtalsvert eftir þá dagsetningu eða ef endurnýjun endurtrygginga-samninganna fer fram seinna en gagnaskiladagurinn og fyrir næsta 1. janúar, skulu upplýsingarnar í þessu sniðmáti lagðar fram aftur þegar orðnar fullnægjandi.

Þetta sniðmát ætti einungis að tilkynna ef endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum eru hærri en 10% af besta mati, reiknað út aðgreint fyrir líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Kóði fyrir endurtryggingaráætlun	Einkvæmur kóði (sértækur fyrir félag) sem nær yfir öll einstök endurtryggingarútboð og/eða -samninga sem tilheyra sömu endurtrygg-ingaráætluninni.
C0020	Auðkenniskóði samnings	Auðkenniskóði samnings sem einvörðungu auðkennir samninginn og viðhalda verður í skýrslunum sem á eftir koma, venjulega upphaflega samningsnúmerið sem skráð er í bækur fyrirtækisins.
C0030	Raðnúmer þáttar í samningi	Raðnúmer þáttar sem félagið úthlutar á ýmsa þætti samningsins, í þeim tilvikum þegar samningurinn nær t.d. yfir fleiri en eina vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framseldri reglugerð (ESB) 2015/35, eða nær yfir mismunandi svið starfsemi með ólík mörk. Samningar með mismunandi skilyrði eru taldir ólíkir samningar fyrir framlagningu upplýsinganna og skulu tilgreindir í öðrum þáttum. Fyrir mismunandi vátryggingagreinar sem sami samningur nær yfir á að gefa upplýsingar um skilyrðin hver fyrir sig sem varða hverja vátryggingagrein, undir hverju númeri þáttar. Samninga sem ná yfir mismunandi tegundir endurtryggingar (t.d. einn þáttur um kvótahlutdeild og annar um umframtap (XL)) í sama samningi skal tilgreina í ólíkum þáttum. Samninga sem ná yfir mismunandi lög í sömu áætlun skal tilgreina í ólíkum þáttum.
C0040	Raðnúmer fyrir umframfjármagn (e. *surplus*)/lagskiptingu (e. *layer*) í áætlun	Raðnúmerið fyrir umframfjármagn/lagskiptingu, þegar samningurinn er hluti af stærri áætlun.
C0050	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu Ef sérstökum kóða er úthlutað af félaginu skal kóðinn vera sértækur fyrir tiltekinn endurtryggjanda og ekki skarast við neinn annan kóða sem félagið úthlutar eða auðkenni lögaðila (LEI-kóða).
C0060	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0100	Hlutur endurtryggjanda (%)	Hlutfall endurtryggingasamningsins sem endurtryggjandi samþykkir og tilgreindur er í lið C0050, gefið upp sem algilt hlutfall samningsútboðsins. Hlutföllin skal tilgreina sem tugabrot.
C0110	Áhættuskuldbinding sem afsalað er fyrir hlut endurtryggjanda	Fjárhæðin fyrir áhættuskuldbindinguna sem endurtryggð er hjá endurtryggj-andanum. Þessi fjárhæð byggir á hámarkstryggingarvernd á áhættu/atburð og er reiknuð út með formúlunni: Liður: Hámarkstryggingarvernd á áhættu eða atburð (tilgreint í lið C0230 í S.30.03) x Liður: Hlutur endurtryggjanda (%) (tilgreint í lið C0100 í S.30.04). Ef C0230 úr S.30.03 er ótakmarkað er „– 1“ fært inn í þennan reit.
C0120	Tegund veðtryggingar (ef við á)	Tegund tryggingar sem haldið er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Reiðufé eða jafngilt í fjárvörslusjóði 2 – Reiðufé eða fjármunir sem haldið er eftir

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		3 – Bankaábyrgð 4 – Annað 5 – Enginn
C0130	Lýsing á viðmiðunarmörkum veðtryggingar endurtryggjenda	Lýsing á viðmiðunarmörkum veðtryggingar endurtryggjandans að því er varðar liðinn sem tilgreindur er í samningnum (t.d. 90% af vátryggingaskuldinni eða 90% af iðgjöldunum), ef við á.
C0140	Kóði veitanda veðtryggingar (ef við á)	Auðkenniskóði með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið.
C0150	Tegund kóða veitanda veðtryggingar	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði tryggingarveitanda (ef við á)“: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn
C0160	Áætluð endurtryggingariðgjöld fyrir hlut endurtryggjanda	Áætluð verg endurtryggingariðgjöld samningsins, sem félagið á að greiða, samkvæmt næsta gagnaskilaári (N + 1) fyrir hlut hvers endurtryggjanda. Þessi fjárhæð er reiknuð út samkvæmt eftirfarandi dæmi: Tilvik 1: Fyrir samning um kvótahlutdeild og umframfjármagn, hlutdeildin sem tilgreind er í liðnum „Hlutdeild endurtryggjanda“ (C0100), margfölduð með liðnum „Áætlaðar vergar iðgjaldatekjur af samningi“ (C0160), tilgreindir í S.30.03, Tilvik 2: Fyrir samninga vegna umframtaps, ef samningurinn fellur undir fasta vexti, vextirnir sem tilgreindir eru í liðnum „XL vextir 1“ (C0360) eins og tilgreint í S.30.03, margfaldaðir með liðnum „Áætlaðar grunniðgjaldatekjur“ (C0150) í S.30.03, margfaldað með hlutdeildinni sem tilgreind er í liðnum „Hlutdeild endurtryggjanda“ (C0100). Tilvik 3: Fyrir samninga vegna umframtaps, ef samningurinn fellur undir hlaupandi vexti, vextirnir sem tilgreindir eru í liðnum „XL vextir 2“ (C0370) eins og tilgreint í S.30.03, margfaldaðir með liðnum „Áætlaðar grunniðgjaldatekjur“ (C0150) í S.30.03, margfaldað með hlutdeildinni sem tilgreind er í liðnum „Hlutdeild endurtryggjanda“ (C0100).
C0170	Skýringar	Lýsing á tilvikum þar sem annað hvort þátttaka endurtryggjandans er með skilyrðum sem eru ólík þeim fyrir stöðluð kjörfrjáls útboð eða samningsútboð, eða til að veita sérhverjar aðrar upplýsingar sem félagið á að vekja athygli eftirlitsyfirvaldsins á.
Upplýsingar um endurtryggj-endur og miðlara		
C0180	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu Ef sérstökum kóða er úthlutað af félaginu skal kóðinn vera sértækur fyrir tiltekinn endurtryggjanda og ekki skarast við neinn annan kóða sem félagið úthlutar eða auðkenni lögaðila (LEI-kóða).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0190	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði
C0200	Lögheiti endurtryggjanda	Lögheiti endurtryggjandans sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til. Opinbert heiti endurtryggjandans sem ber áhættuna er sett fram í endurtryggingasamningnum. Ekki er heimilt að færa inn heitið á endurtryggingarmiðlara. Ekki er heldur heimilt að setja fram alhliða eða ófullkomið heiti þar sem alþjóðlegir endurtryggjendur eru með fleiri rekstrarfélög, sem geta verið staðsett í mismunandi löndum. Ef um er að ræða samnýtingarfyrirkomulag er eingöngu hægt að setja inn samnýtingarheitið (eða samnýtingarstjóra) ef samnýtingin er lögaðili.
C0210	Tegund endurtryggjanda	Tegund endurtryggjanda sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Frumtryggjandi á sviði líftrygginga 2 – Frumtryggjandi á sviði skaðatrygginga 3 – Frumtryggjandi á sviði samsettra trygginga 4 – Bundið vátryggingafélag 5 – Innri endurtryggjandi (endurtryggingafélag sem fyrst og fremst leggur áherslu á að yfirtaka áhættu frá öðrum vátryggingafélögum innan samstæðunnar) 6 – Ytri endurtryggjandi (endurtryggingafélag sem yfirtekur áhættu frá félögum, öðrum en frá vátryggingafélögum innan samstæðunnar) 7 – Bundið endurtryggingafélag 8 – Félag með sérstakan tilgang 9 – Samnýtingareining (þar sem fleiri en eitt vátrygginga- eða endurtryggingafélög taka þátt) 10 –Opinber samnýting
C0220	Aðsetursland	Tilgreina kóðann ISO 3166–1 alpha–2 fyrir landið þar sem endurtryggjandinn hefur löggilt starfsleyfi/er leyfisskyldur.
C0230	Ytra mat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis	Lánshæfismat á endurtryggjanda á viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem veitt er af tilnefndri lánshæfismatsstofnun (utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki). Ef lánshæfismat er ekki tiltækt skal liðurinn látinn óútfylltur. Þessi liður á ekki við um endurtryggjendur sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur.
C0240	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0230, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á að tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki).
C0250	Lánshæfisþrep	Tilgreina lánshæfisþrepið sem endurtryggjandanum er úthlutað. Lánshæfisþrepið skal endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem félögin sem nota staðalregluna gera innanhúss.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Þessi liður á ekki við um endurtryggjendur sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1 2 – Lánshæfisþrep 2 3 – Lánshæfisþrep 3 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt
C0260	Innra mat	Innra mat á endurtryggjendum fyrir félög sem nota eigið líkan, að því marki sem innri möt séu notuð í innri líkangerð þeirra. Ef félag notar eingöngu ytri möt í eigin líkani skal ekki tilgreina þennan lið.
C0320	Heiti veitanda veðtryggingar	Heiti tryggingarveitandans er fer eftir tegund tryggingar sem tilgreind er í C0120. — Ef tryggingu er haldið í fjárvörslusjóði er tryggingarveitandinn fjárvörslusjóðsveitandinn. — Ef tryggingin er á grundvelli reiðufjár eða fjármuna sem haldið er eftir getur þessi reitur verið tómur. — Ef tryggingin er bankaábyrgð er tryggingarveitandinn undirliggjandi fjármálastofnun sem veitir þessa þjónustu. — Ef annað, þá tilgreina eingöngu ef við á.

S.31.01 – Hlutdeild endurtryggjenda (þ.m.t. takmörkuð endurtrygging og félög með sérstakan tilgang)

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir einstakar einingar.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu fylla út í þetta sniðmát ef endurheimtanleg fjárhæð er bókfærð í tengslum við endurtryggjandann (jafnvel þótt allir samningar við þann endurtryggjanda séu útrunnir).

Í sniðmátinu er upplýsingum safnað um endurtryggjendur en ekki um einstaka samninga. Færa verður inn sérhverja afsalaða vátryggingaskuld, þ.m.t. sem afsalað er samkvæmt takmarkaðri endurtryggingu (eins og skilgreint er í dálki C0060 í S.30.03). Þetta þýðir einnig að ef félag með sérstakan tilgang eða samtök vátryggjenda sem starfa undir merkjum Lloyd‘s koma fram sem endurtryggjandi, verður að skrá félagið með sérstakan tilgang eða samtökin.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu
C0050	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækur kóði

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum – iðgjaldaskuld skaðatryggingar, þ.m.t. heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Fjárhæðin fyrir hlutdeild endurtryggjandans í endurheimtanlegu fjárhæðunum fá endurtryggingu (þ.m.t. takmarkaðri endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang) fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, í besta mati á iðgjaldaskuldunum, reiknað út sem vænt núvirði framtíðarsjóðstreymis inn- og út.
C0070	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum – tjónaskuld skaðatryggingar, þ.m.t. heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Fjárhæðin fyrir hlutdeild endurtryggjandans í endurheimtanlegu fjárhæðunum fá endurtryggingu (þ.m.t. takmarkaðri endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang) fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, í besta mati á tjónaskuldunum.
C0010/R0590	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging). Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010–C0020/R0600	Vátryggingaskuld – líftrygging (án söfnunarlíftrygginga)	Samtala vátryggingaskuldarinnar vegna líftrygginga (án söfnunarlíftrygginga). Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR). Að því er varðar dálkinn (C0020) „Lögboðið bókfært virði“, ef skiptingin á vátryggingaskuld líftrygginga (án söfnunarlíftrygginga) á milli heilsutrygginga (sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) og líftrygginga (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) er ekki möguleg, skal þessi liður sýna samtöluna.
C0010–C0020/R0610	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging)	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0620	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) fyrir heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0630	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Tilgreina skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0640	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010–C0020/R0650	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga)	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0660	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) fyrir líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0670	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga). Tilgreina skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0680	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga). Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010–C0020/R0690	Vátryggingaskuld – söfnunarlíftrygging	Þetta er heildarvátryggingaskuldin vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0700	Vátryggingaskuld – söfnunarlíftrygging – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarvátryggingaskuldin reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0710	Vátryggingaskuld – söfnunarlíftrygging – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi. Tilgreina skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0720	Vátryggingaskuld – söfnunarlíftrygging – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð skal innihalda úthlutunina frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggist á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0020/R0730	Önnur vátryggingaskuld	Önnur vátryggingaskuld, eins og færð er af samstæðunni í lögboðnum reikningsskilum þeirra, í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla.
C0010/R0740	Skilyrtar skuldir	Skilyrtar skuldir eru skilgreindar sem: a) möguleg skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum og sem eingöngu verður staðfest að sé til staðar ef einn eða fleiri óvissir framtíðar atburðir, sem ekki eru að fullu á valdi einingarinnar, eiga sér stað eða eiga sér ekki stað, eða b) núverandi skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum jafnvel þótt: i. ekki sé líklegt að krafist verði útstreymis verðmæta sem fela í sér efnahagslegan ávinning til að gera upp skuldbindinguna eða ii. fjárhæð skuldbindingarinnar verður ekki mæld með nægjanlegri vissu. Fjárhæð skilyrtra skulda sem færð er í efnahagsreikninginn skal fylgja viðmiðuninni sem sett er fram í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0010–C0020/R0750	Aðrar skuldir en vátryggingaskuld	Skuldbindingar með óvissan greiðslutíma eða óvissa fjárhæð, að undanskildum þeim sem tilgreindar eru undir „Lífeyrisskuldbindingar“. Vátryggingaskuldin er viðurkennd sem skuldir (að því gefnu hægt sé að meta þær með áreiðanlegum hætti) þegar þær standa fyrir skuldbindingar og líklegt er að krafist verði útstreymis efnahagslegs ávinnings til að gera upp skuldbindingarnar.
C0010–C0020/R0760	Lífeyrisskuldbindingar	Þetta eru hreinar heildarskuldbindingar sem tengist starfsmannalífeyriskerfi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010–C0020/R0770	Innstæður frá endurtryggjendum	Fjárhæðir (t.d. reiðufé) sem mótteknar eru frá endurtryggjanda eða endurtryggjandinn dregur frá samkvæmt endurtryggingasamningnum.
C0010–C0020/R0780	Frestaðar skattskuldbindingar	Frestaðar skattskuldbindingar eru fjárhæðir tekjuskatts sem greiðast á síðari tímabilum að því er varðar tímabundinn mismun á skattskyldu.
C0010–C0020/R0790	Afleiður	Fjármálagerningur eða annar samningur sem ber öll þrjú eftirfarandi einkenni: a) Virði hans í ljósi breytinga á tilgreindum vöxtum, verði fjármálagernings, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum (stundum kallað „undirliggjandi breyta“). b) Hann krefst engrar hreinnar upphafsfjárfestingar eða hreinnar upphafsfjárfestingar sem er minni en krafa væri gerð um fyrir aðrar tegundir samninga sem gera mætti ráð fyrir að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum. c) Uppgjörsdagsetning hans er í framtíðinni. Eingöngu skal tilgreina afleiðuskuldir í þessari línu (þ.e. afleiður með neikvætt virði á gagnaskiladeginum). Afleiðueignir skal tilgreina undir C0010– C0020/R0190. Samstæður sem verðsetja ekki afleiður samkvæmt landsbundnum góðum reikningsskilavenjum þeirra þurfa ekki að setja fram lögboðið bókfært virði.
C0010–C0020/R0800	Skuldir til lánastofnana	Skuldir, eins og veðlán og lán, til lánastofnana, að undanskildum skuldabréfum í eigu lánastofnana (þar sem ekki er mögulegt fyrir samstæðuna að auðkenna alla eigendur skuldabréfanna sem það gefur út) og víkjandi skuldir. Þetta skal einnig ná yfir yfirdráttarlán í banka.
C0010–C0020/R0810	Fjárskuldbindingar, aðrar en skuldir til lánastofnana	Fjárskuldbindingar að meðtöldum skuldabréfum, útgefnum af samstæðunni (hvort heldur í eigu lánastofnana eða ekki), samsettar skuldaviðurkenningar sem samstæðan gefur sjálft út og veðlán og lán til annarra eininga en lánastofnana. Ekki skal taka með víkjandi skuldir hér.
C0010–C0020/R0820	Tryggingaskuldir og skuldir vegna miðlara	Fjárhæðir til greiðslu til vátryggingataka, vátryggjenda og annarrar starfsemi sem tengd er vátryggingum en eru ekki innifaldar í vátryggingaskuld. Þar með taldar eru fjárhæðir til greiðslu til vátrygginga- og endurtryggingamiðlara (t.d. umboðslaun sem félagið hefur enn ekki greitt miðlurum). Að undanskildum veðlánum og öðrum lánum til annarra vátryggingafélaga, tengist þau eingöngu fjármögnun og eru ekki tengd vátryggingastarfsemi (slík veðlán og önnur lán skulu tilgreind sem fjárskuldbindingar). Þau skulu ná yfir skuldir vegna seldrar endurtryggingar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010–C0020/R0830	Endurtryggingaskuldir	Fjárhæðir til greiðslu til endurtryggjenda (einkum hlaupareikningar) aðrar en innstæður tengdar endurtryggingarstarfsemi sem ekki eru teknar með í endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum, þ.m.t. til greiðslu frá félaginu til endurtryggjenda í tengslum við annað en vátryggingaatburði. Að meðtöldum skuldum til endurtryggjenda sem tengjast afsöluðum iðgjöldum. Fyrir dálkinn „Virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II“ (C0010) skal þessi reitur innihalda allar væntar greiðslur (á gjalddaga og komnar fram yfir gjalddaga) frá félaginu til endurtryggjenda, sem ekki eru teknar með í endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum. Ekki ætti að taka þær með í liðinn „Aðrar skuldir, sem ekki eru færðar annars staðar“. Í þessum reit skal sérstaklega taka tillit til væntra greiðslna frá félaginu til endurtryggjenda sem samsvara greiðslum vátryggingartakanna til félagsins. Hann skal einnig innihalda allar væntar greiðslur (á gjalddaga og komnar fram yfir gjalddaga) til endurtryggjenda í tengslum við annað en tryggingaatburði eða þá sem samkomulag er um á milli endurtryggingataka og endurtryggjanda og þegar fjárhæðin á væntu greiðslunni er þekkt.
C0010–C0020/R0840	Skuldir (vegna viðskipta, ekki trygginga)	Þetta er heildarfjárhæðin í viðskiptaskuldum, þ.m.t. fjárhæðum til starfsmanna, birgja o.s.frv. sem ekki er tryggingatengd, hliðstæð viðskiptakröfum (vegna viðskipta, ekki trygginga) á eignahlið, auk opinberra aðila.
C0010–C0020/R0850	Víkjandi skuldbindingar	Víkjandi skuldir eru skuldir sem skipað á eftir öðrum tilteknum skuldum þegar félag er gert upp. Þetta eru víkjandi skuldir alls, flokkaðar sem kjarnagjaldþol og þær sem ekki eru teknar með í kjarnagjaldþol. Að því er varðar dálkinn (C0020) „Lögboðið bókfært virði“, ef skiptingin á milli víkjandi skulda sem ekki eru í kjarnagjaldþoli og víkjandi skulda í kjarnagjaldþoli er ekki tiltæk, skal þessi liður sýna samtöluna.
C0010–C0020/R0860	Víkjandi skuldir sem ekki eru í kjarnagjaldþoli	Víkjandi skuldir eru skuldir sem skipað á eftir öðrum tilteknum skuldum þegar félag er gert upp. Aðrar skuldir geta verið jafnvel enn meira víkjandi. Eingöngu skal setja fram hér víkjandi skuldir sem ekki eru flokkaðar í kjarnagjaldþol. Að því er varðar dálkinn (C0020) „Lögboðið bókfært virði“, ef skiptingin á milli víkjandi skulda sem ekki eru í kjarnagjaldþoli og víkjandi skulda í kjarnagjaldþoli er ekki tiltæk, skal ekki tilgreina þennan lið.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010–C0020/R0870	Víkjandi skuldir í kjarnagjaldþoli	Víkjandi skuldir flokkaðar í kjarnagjaldþol Að því er varðar dálkinn (C0020) „Lögboðið bókfært virði“, ef skiptingin á milli víkjandi skulda sem ekki eru í kjarnagjaldþoli og víkjandi skulda í kjarnagjaldþoli er ekki tiltæk, skal ekki tilgreina þennan lið.
C0010–C0020/R0880	Sérhverjar aðrar skuldir, sem ekki eru færðar annars staðar	Þetta er heildarfjárhæðin á öllum öðrum skuldum, sem ekki eru þegar teknar með öðrum liðum efnahagsreikningsins.
C0010–C0020/R0900	Skuldir samtals	Þetta er samanlögð heildarfjárhæð allra skulda.
C0010/R1000	Eignir umfram skuldir	Þetta er heildarfjárhæðin á eignum umfram skuldum samstæðunnar, verðsettar í samræmi við matsgrundvöll Gjaldþolsáætlunar II. Virði eigna að frádregnum skuldum.
C0020/R1000	Eignir umfram skuldir (lögboðið bókfært virði)	Þetta er heildarfjárhæðin í eignum umfram skuldum fyrir dálkinn „Lögboðið bókfært virði“.

S.02.02 – Skuldir eftir gjaldmiðli

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á að fylla út í samræmi við efnahagsreikninginn (S.02.01). Mælt er fyrir um matsreglur í tilskipun 2009/138/EB, framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 og tæknilegum stöðlum og viðmiðunarreglum Gjaldþolsáætlunar II.

Ekki er krafist að þetta sniðmát sé lagt fram ef einn einstakur gjaldmiðill stendur fyrir meira en 80% af skuldum. Ef virði vátryggingaskuldar, eins og hún er tilgreind í R0030 og R0120 í S.12.01 og R0060 og R0160 í S.17.01, er neikvætt, ætti að því er varðar útreikning á viðmiðunarmörkum yfir algildinu á þessum grundvallarfjárhæðum að taka tillit til vátryggingaskuldar án jöfnunar á milli mismunandi vátryggingagreina.

Ef það er lagt fram skal alltaf tilgreina upplýsingar um gagnaskilagjaldmiðilinn án tillits til virðis skulda. Upplýsingar sem tilgreindar eru eftir gjaldmiðli skulu a.m.k. standa fyrir 80% af skuldum samtals. Þau 20% sem eftir eru skulu lögð saman. Ef tilgreina þarf tiltekinn gjaldmiðil til að fara að 80% viðmiðunarmörkum, þá skal sá gjaldmiðill tilgreindur fyrir allar skuldir.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0010	Mikilvægur gjaldmiðill	Tilgreina bókstafakóðann ISO 4217 fyrir hvern gjaldmiðil sem tilkynna á.
C0020/R0110	Heildarvirði allra gjaldmiðla – vátryggingaskuld (án söfnunarlíftryggingasamninga)	Tilgreina heildarvirði vátryggingaskuldarinnar (án söfnunarlíftryggingasamninga) fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0110	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – vátryggingaskuld (án söfnunarlíftryggingasamninga)	Tilgreina virði vátryggingaskuldarinnar (án söfnunarlíftryggingasamninga) fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0110	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – vátryggingaskuld (án söfnunarlíftryggingasamninga)	Tilgreina heildarvirði vátryggingaskuldarinnar (án söfnunarlíftryggingasamninga) fyrir gjaldmiðlana sem eftir eru og ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0110) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0110).
C0050/R0110	Virði veigamikilla gjaldmiðla – vátryggingaskuld (án söfnunarlíftryggingasamninga)	Tilgreina virði vátryggingaskuldarinnar (án söfnunarlíftryggingasamninga) fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0120	Heildarvirði allra gjaldmiðla – vátryggingaskuld – söfnunarlíftryggingasamningar	Tilgreina heildarvirði vátryggingaskuldarinnar – söfnunarlíftryggingasamningar fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0120	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – vátryggingaskuld – söfnunarlíftryggingasamningar	Tilgreina virði vátryggingaskuldarinnar – söfnunarlíftryggingasamningar fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0120	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – vátryggingaskuld – söfnunarlíftryggingasamningar	Tilgreina virði vátryggingaskuldarinnar – söfnunarlíftryggingasamningar fyrir eftirstæðu gjaldmiðlana sem ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0120) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0120).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050/R0120	Virði mikilvægra gjaldmiðla – vátryggingaskuld – söfnunarlíftryggingasamningar	Tilgreina virði vátryggingaskuldarinnar – söfnunarlíftryggingasamningar fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0130	Heildarvirði allra gjaldmiðla – innlán frá endurtryggjendum og skuldir tengdar vátryggingu, miðlurum og endurtryggingu	Tilgreina heildarvirði innstæðna frá endurtryggjendum og skulda vegna trygginga og miðlara og skulda vegna endurtrygginga fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0130	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – innlán frá endurtryggjendum og skuldir tengdar vátryggingu, miðlurum og endurtryggingu	Tilgreina virði innstæðna frá endurtryggjendum og skulda vegna trygginga og miðlara og skulda vegna endurtrygginga fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0130	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – innlán frá endurtryggjendum og skuldir tengdar vátryggingu, miðlurum og endurtryggingu	Tilgreina virði innstæðna frá endurtryggjendum og skulda vegna trygginga og miðlara og skulda vegna endurtrygginga fyrir eftirstæðu gjaldmiðlana sem ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0130) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0130).
C0050/R0130	Virði mikilvægra gjaldmiðla – Innlán frá endurtryggjendum og skuldir tengdar vátryggingu, miðlurum og endurtryggingu	Tilgreina virði innstæðna frá endurtryggjendum og skulda vegna trygginga og miðlara og skulda vegna endurtrygginga fyrir hvern þann gjaldmiðil sem krafa er um að tilgreindur sé sérstaklega.
C0020/R0140	Heildarvirði allra gjaldmiðla – afleiður	Tilgreina heildarvirði afleiðnanna fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0140	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – afleiður	Tilgreina virði afleiðnanna fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0140	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – afleiður	Tilgreina heildarvirði afleiðnanna fyrir gjaldmiðlana sem eftir eru og ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0140) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0140).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050/R0140	Virði mikilvægra gjaldmiðla – afleiður	Tilgreina virði afleiðnanna fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0150	Heildarvirði allra gjaldmiðla – fjárskuldbindingar	Tilgreina heildarvirði fjárskuldbindinganna fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0150	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – fjárskuldbindingar	Tilgreina virði fjárskuldbindinganna fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0150	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – fjárskuld-bindingar	Tilgreina heildarvirði fjárskuldbindinganna fyrir gjaldmiðlana sem eftir eru og ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0150) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0150).
C0050/R0150	Virði mikilvægra gjaldmiðla – fjárskuldbindingar	Tilgreina virði fjárskuldbindinganna fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0160	Heildarvirði allra gjaldmiðla – skilyrtar skuldir	Tilgreina heildarvirði skilyrtu skuldanna fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0160	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – skilyrtar skuldir	Tilgreina virði skilyrtu skuldanna fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0160	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – skilyrtar skuldir	Tilgreina heildarvirði skilyrtu skuldanna fyrir gjaldmiðlana sem eftir eru og ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0160) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0160).
C0050/R0160	Virði mikilvægra gjaldmiðla – skilyrtar skuldir	Tilgreina virði skilyrtu skuldanna fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0170	Heildarvirði allra gjaldmiðla – sérhverjar aðrar skuldir	Tilgreina heildarvirði sérhverra annarra skulda fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0170	Virði gagnaskilagjald-miðilsins – sérhverjar aðrar skuldir	Tilgreina virði sérhverra annarra skulda fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040/R0170	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – sérhverjar aðrar skuldir	Tilgreina heildarvirði sérhverra annarra skulda fyrir gjaldmiðlana sem eftir eru og ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0170) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0170).
C0050/R0170	Virði mikilvægra gjaldmiðla – sérhverjar aðrar skuldir	Tilgreina virði sérhverra annarra skulda fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.
C0020/R0200	Heildarvirði allra gjaldmiðla – skuldir samtals	Tilgreina heildarvirði skulda samtals fyrir alla gjaldmiðla.
C0030/R0200	Virði gagnaskilagjaldmiðilsins – skuldir samtals	Tilgreina virði skulda samtals fyrir gagnaskilagjaldmiðilinn.
C0040/R0200	Virði annarra eftirstæðra gjaldmiðla – skuldir samtals	Tilgreina heildarvirði skulda samtals fyrir gjaldmiðlana sem eftir eru og ekki eru tilgreindir sérstaklega. Þetta felur í sér að í þennan reit er ekki færð fjárhæðin sem er tilgreind í gagnaskilagjaldmiðlinum (C0030/R0200) og í gjaldmiðlunum sem eru tilgreindir sérstaklega (C0050/R0200).
C0050/R0200	Virði mikilvægra gjaldmiðla – skuldir samtals	Tilgreina virði skulda samtals fyrir hvern af gjaldmiðlunum sem krafist er að tilgreindir séu sérstaklega.

S.03.01 – Liðir utan efnahagsreiknings – almennt

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát skal innihalda upplýsingarnar sem varða liði utan efnahagsreiknings og hámarksvirðið á skilyrtum skuldum og einnig virðið samkvæmt Gjaldþolsáætlun II í efnahagsreikningi Gjaldþolsáætlunar II. Að því er varðar virðið samkvæmt Gjaldþolsáætlun II er í leiðbeiningunum skilgreining á liðunum út frá sjónarmiði bókhalds. Mælt er fyrir um matsreglur í tilskipun 2009/138/EB, framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 og tæknilegum stöðlum og viðmiðunarreglum Gjaldþolsáætlunar II.

Ekki skal tilgreina safn eigna sem er til tryggingar fjárfestingu (þ.e. safn eigna sem veðsett er fyrir sértryggð skuldabréf) í þessu sniðmáti.

Vegna ábyrgða er þess krafist að útgefandinn inni tilteknar greiðslur af hendi til að endurgreiða handhafa vegna taps sem hann verður fyrir, ef tilteknum skuldara tekst ekki að inna af hendi greiðslu þegar hún fellur í gjalddaga samkvæmt upphaflegum eða breyttum skilmálum skuldagernings. Þessar ábyrgðir geta verið á mismunandi lagalegu formi, s.s. fjárhagslegar tryggingar, bankaábyrgðir, skuldatryggingarsamningar. Þessir liðir skulu ekki ná yfir ábyrgðir sem stafa frá vátryggingarsamningum, sem færðir eru í vátryggingaskuld.

Skilyrtar skuldir eru skilgreindar sem:

a) möguleg skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum og sem eingöngu verður staðfest að sé til staðar ef einn eða fleiri óvissir framtíðar atburðir, sem ekki eru að fullu á valdi einingarinnar, eiga sér stað eða eiga sér ekki stað, eða

b) núverandi skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum jafnvel þótt:

   i. ekki sé líklegt að krafist verði útstreymis verðmæta sem fela í sér efnahagslegan ávinning til að gera upp skuldbindinguna eða

   ii. fjárhæð skuldbindingarinnar verður ekki mæld með nægjanlegri vissu.

Veðtrygging er eign sem hefur peningalegt virði eða skuldbindingu sem tryggir lánveitandann fyrir vanskilum lántakans. Tilgreina ætti virði veðtryggingarinnar sem fjárhagslegt virði hennar á viðmiðunardagsetningu (virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II), ekki sem virði veðtryggingar að teknu tilliti til áhættu samkvæmt 197. gr. framseldu reglugerðarinnar.

Einungis eru settar fram takmarkaðar ábyrgðir í þessu sniðmáti. Innri tryggingar, innan ramma samstæðueftirlits, eru ekki tilgreindar í þessu sniðmáti, að undanskildum upplýsingum um ótakmarkaða ábyrgð sem er veitt eða móttekin.

Á samstæðustigi á þetta sniðmát við um allar einingar, innan ramma samstæðueftirlits – þ.m.t. aðra fjármálageira og hlutdeildir í óeftirlitsskyldum félögum – fyrir aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum), aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð) og samsetningu af aðferðum 1 og 2.

Fyrir hlutdeildir í óeftirlitsskyldum félögum eru veittar tryggingar og mótteknar tryggingar teknar með í réttu hlutfalli þegar aðferð 1 er beitt. Þegar aðferð 2 er beitt er heildarfjárhæðin fyrir þessar tryggingar tilgreind.

Tilkynna skal þetta sniðmát með hliðsjón af eftirfarandi forskriftum sem snerta leiðbeiningarnar í töflunni hér að neðan:

a) fjárhæðin á hverri eftirfarandi samtölu er hærri en 2% heildareigna:

   i. (C0020/R0010) Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – ábyrgðir sem félagið veitir, þ.m.t. bankaábyrgð + (C0020/R0300) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – heildarveð sem sett er sem trygging + (C0020/R0400) hámarksvirði – skilyrtar skuldir samtals,

   ii. (C0020/R0030) Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – ábyrgðir sem félagið móttekur, þ.m.t. bankaábyrgð + (C0020/R0200) virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – heildarveð sem haldið er sem tryggingu, eða

b) félagið hefur veitt eða móttekið ótakmarkaða ábyrgð.

Félög á samstæðustigi, í samræmi við d-, e- og f-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, eru undanskilin frá útreikningi á viðmiðunarmörkunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010	Hámarksvirði – ábyrgðir sem samstæðan veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir	Samtala alls mögulegs útstreymis handbærs fjár sem tengist ábyrgðum, ef atburðir sem virkja ábyrgðir gerast allir í tengslum við tryggingar sem samstæðan hefur veitt öðrum aðila. Hún inniheldur sjóðstreymi sem tengist bankaábyrgð. Ef einhver ábyrgð er einnig tilgreind sem skilyrt skuld í R0310, skal hámarks-fjárhæðin einnig tekin með í þessa línu.
C0020/R0010	Virði ábyrgðar/tryggingar/ skilyrtrar skuldar – ábyrgðir sem samstæðan veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir	Virði ábyrgða samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem samstæðan veitir, þ.m.t. bankaábyrgðir.
C0010/R0030	Hámarksvirði – ábyrgðir sem samstæðan móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir	Samtala alls mögulegs innstreymis handbærs fjár sem tengist ábyrgðum, ef atburðir sem virkja ábyrgðir gerast allir í tengslum við tryggingar sem samstæðan hefur móttekið frá öðrum aðila til tryggingar á greiðslu gjaldfallinna skulda samstæðunnar (þ.m.t. bankaábyrgð, ónotaðar bindandi lántökuheimildir).
C0020/R0030	Virði ábyrgðar/tryggingar/ skilyrtrar skuldar – ábyrgðir sem samstæðan móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir	Virði ábyrgða samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem samstæðan móttekur, þ.m.t. bankaábyrgðir.
C0020/R0100	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veð sem haldið er fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0110	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veð sem haldið er fyrir afleiður	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er fyrir afleiður. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0120	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – eignir sem endur-tryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0130	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – annað veð sem haldið er	Virði annarra veða samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0200	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – veð samtals sem haldið er	Heildarvirði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem haldið er. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0030/R0100	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – veð sem haldið er fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðinu fyrir veitt lán eða keypt skuldabréf er haldið fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0030/R0110	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – veð sem haldið er fyrir afleiður	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðinu fyrir afleiður er haldið fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0030/R0120	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – eignir sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðinu fyrir eignir sem endurtryggjendur veðsetja fyrir afsalaðri vátryggingaskuld er haldið fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0030/R0130	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – annað veð sem haldið er	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem öðru veði er haldið fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0030/R0200	Virði eigna sem veðtryggingu er haldið fyrir – veðsett trygging samtals	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veði samtals er haldið fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0210	Virði tryggingar/veðs/skilyrtra skulda – veðsett trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem sett er sem trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0220	Virði tryggingar/veðs/ skilyrtra skulda – veðsett trygging fyrir afleiður	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem sett er sem trygging fyrir afleiður. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0230	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – eignir sem veðsettar eru vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging)	Virði eignanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðsettar eru vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging) Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0240	Virði tryggingar/veðs/ skilyrtra skulda – önnur veðsett trygging	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem sett er sem trygging fyrir öðru veði. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0020/R0300	Virði tryggingar/veðs/ skilyrtra skulda – veðsett trygging samtals	Virði veðsins samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem sett er sem trygging. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0040/R0210	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – veðsett trygging fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf	Gjaldþolsáætlun II - virði skuldanna sem veðið fyrir móttekin lán eða útgefin skuldabréf er sett sem trygging fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0040/R0220	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – veðsett trygging fyrir afleiður	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðið fyrir afleiður er sett sem trygging fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0040/R0230	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – eignir sem veðsettar eru vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging)	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem eignirnar eru veðsettar fyrir vegna endurtryggingataka fyrir vátryggingaskuld (seld endurtrygging). Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040/R0240	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – önnur veðsett trygging	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem annað veð er sett sem trygging fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0040/R0300	Virði skulda sem trygging er sett fyrir – veðsett trygging samtals	Virði skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem veðið er sett sem trygging fyrir. Aðrar landsbundnar/geiratengdar verðmatsreglur en þær fyrir Gjaldþolsáætlun II geta skipt máli í þessu tilviki.
C0010/R0310	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir sem ekki eru færðar í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II	Mögulegt hámarksvirði, án tillits til líkinda (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli) á skilyrtum skuldum sem ekki eru færðar með þeim sem verðmetnar eru í efnahagsreikningi Gjaldþolsáætlunar II (liður C0010/R0740 í S.02.01). Innri skilyrtar skuldir, innan ramma samstæðueftirlits, eru ekki tilgreindar í þessu sniðmáti. Þetta skal tengjast skilyrtum skuldum sem ekki teljast verulegar. Þessi fjárhæð skal innihalda ábyrgðir sem tilgreindar eru í R0010 ef þær teljast til skilyrtra skulda.
C0010/R0330	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir sem færðar eru í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II	Mögulegt hámarksvirði, án tillits til líkinda (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli) á skilyrtum skuldum sem verðmetnar eru í efnahagsreikningi Gjaldþolsáætlunar II, eins og skilgreint er í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0010/R0400	Hámarksvirði – skilyrtar skuldir samtals	Mögulegt hámarksvirði alls, án tillits til líkinda (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli) á skilyrtum skuldum.
C0020/R0310	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – skilyrtar skuldir sem ekki eru færðar í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II	Virði skilyrtu skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem ekki eru færðar í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020/R0330	Virði ábyrgðar/veðs/skilyrtra skulda – skilyrtar skuldir sem færðar eru í efnahagsreikning Gjald-þolsáætlunar II	Virði skilyrtu skuldanna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II sem færðar eru í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II. Þetta virði skal eingöngu tilgreina í tengslum við skilyrtar skuldir sem virði var tilgreint fyrir í lið C0010/R0330 í S.03.01. Ef þetta virði er lægra en C0010/R0740 í S.02.01 skal gefa skýring á því í frásagnarhluta skýrslugjafarinnar.
C0050/R0510	Ótakmarkaðar ábyrgðir – mótteknar	Vísbending um að ótakmarkaðar mótteknar ábyrgðir séu til staðar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Engar ótakmarkaðar ábyrgðir mótteknar, 1 – Ótakmarkaðar ábyrgðir mótteknar eingöngu frá samstæðunni, 2 – Ótakmarkaðar ábyrgðir eingöngu mótteknar frá aðilum utan samstæðunnar, 3 – Ótakmarkaðar ábyrgðir mótteknar frá aðilum innan eða utan samstæðunnar.
C0050/R0520	Ótakmarkaðar ábyrgðir – veittar	Vísbending um að ótakmarkaðar veittar ábyrgðir séu til staðar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Engar ótakmarkaðar tryggingar veittar, 1 – Ótakmarkaðar ábyrgðir eingöngu veittar frá samstæðunni, 2 – Ótakmarkaðar ábyrgðir eingöngu veittar frá einingu utan samstæðunnar, 3 – Ótakmarkaðar ábyrgðir veittar frá aðilum utan samstæðunnar.

S.05.01 — Iðgjöld, tjón og rekstrarkostnaður eftir vátryggingagrein

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar ársfjórðungslega og árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát skal lagt fram út frá sjónarhóli samstæðureikningsskila, þ.e.: Landsbundinna góðra reikningsskilavenja (GAAP) eða alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) ef samþykktir sem landsbundnar góðar reikningsskilavenjur, en með því að nota vátryggingagreinar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II. Samstæður skulu nota greininga- og matsgrundvöllinn sem notaður er fyrir birtu reikningsskilin, engra nýrra færslna eða endurmats er krafist nema annað sé tekið fram í þessum leiðbeiningum, að undanskilinni flokkuninni á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga eða mismunandi gagnaskilakrafna þegar það á við í reikningsskilunum. Þetta sniðmát skal ná yfir allan vátryggingarekstur án tillits til mögulegrar ólíkrar flokkunar á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga í reikningsskilunum.

Tilgreina skal bókfærð iðgjöld tímabilsins eins og skilgreint er í 11. og 12. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 án tillits til þess hvort landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru notaðir.

Sniðmátið byggir á því sem af er (fjárhags)árinu.

Þetta sniðmát nær eingöngu yfir vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi innan gildissviðs samstæðureikningsskila.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Skaðatrygginga- og skaðaendurtryggingaskuldbindingar		
C0010 til C0120/R0110	Bókfærð iðgjöld – verg – frumtryggingastarfsemi	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá frumtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0120/R0120	Bókfærð iðgjöld – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá hlutfallslegri endurtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0130 til C0160/R0130	Bókfærð iðgjöld – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá óhlutfallslegri endurtryggingastarfsemi, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0160/R0140	Bókfærð iðgjöld – hlutdeild endurtryggjenda	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum fjárhæðum sem afsalað er til endurtryggjenda innan gagnaskilatímabilsins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þess að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna gagnaskilatímabili. Fjárhæð skatta eða gjalda sem lögð er á ásamt iðgjöldum ætti að undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0160/R0200	Bókfærð iðgjöld – hrein	Hrein bókfærð iðgjöld endurspegla samtölunni á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0010 til C0120/R0210	Iðgjöld tímabilsins – verg – frumtryggingastarfsemi	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð er á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðum iðgjöldum tímabilsins.
C0010 til C0120/R0220	Iðgjöld tímabilsins – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast seldri hlutfallslegri endurtryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá iðgjöldunum tímabilsins.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0130 til C0160/R0230	Iðgjöld tímabilsins – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast seldri óhlutfallslegri endurtryggingastarfsemi. Skatta eða gjöld sem lögð er á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðum iðgjöldum tímabilsins.
C0010 til C0160/R0240	Iðgjöld tímabilsins – hlutdeild endurtryggjenda	Samtalan á hlutdeild endurtryggjanda í vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í hlutdeild endurtryggjandans í vátryggingarsjóði fyrir iðgjaldaskuldir. Skatta eða gjöld sem lögð er á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðum iðgjöldum tímabilsins.
C0010 til C0160/R0300	Iðgjöld tímabilsins – hrein	Samtalan á vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingasjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast samtölunni á frumtryggingastafsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0010 til C0120/R0310	Gjaldfærð tjón, verg – frumtryggingastarfsemi	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og þau eru skilgreind í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan gagnaskilatímabilsins (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reiknings-skilastöðlum sem notuð eru) innan skýrslugjafartímabilsins sem tengjast vátryggingarsamningum er verða til vegna frumtryggingastarfsemi. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0120/R0320	Gjaldfærð tjón, verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) innan gagnaskilatímabilsins sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá vergri seldri hlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0130 til C0160/R0330	Gjaldfærð tjón – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) innan gagnaskilatímabilsins sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá vergri seldri óhlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0340	Gjaldfærð tjón – hlutdeild endurtryggjenda	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: hlutdeild endurtryggjanda í samtölunni á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) innan gagnaskilatímabilsins. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010 til C0160/R0400	Gjaldfærð tjón – hrein	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE, eftir atvikum: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur (samkvæmt landsbundnum góðum gagnaskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) innan gagnaskilatímabilsins sem tengjast samtölu frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endur-tryggingafélaga. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0550	Útgjöld sem stofnað er til	Öll vátryggingatengd útgjöld sem samstæðan stofnar til innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni.
C0010 til C0120/R0610	Stjórnunarkostnaður – vergur – frumtryggingastarfsemi	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af samstæðunni innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beit vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist vergu frumtryggingastarfseminni.
C0010 til C0120/R0620	Stjórnunarkostnaður – vergur – seld hlutfallsleg endurtrygging	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af samstæðunni innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beit vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist vergu seldu hlutfallslegu endurtryggingunni.
C0130 til C0160/R0630	Stjórnunarkostnaður – vergt – seld óhlutfallsleg endur-trygging	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af samstæðunni innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beit vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist vergu seldu óhlutfallslegu endurtryggingunni.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010 til C0160/R0640	Stjórnunarkostnaður – hlutdeild endurtryggjenda	Stjórnunarkostnaður sem stofnað er til af samstæðunni innan gagnaskilatímabilsins, á rekstrargrunni eru það útgjöld sem tengjast stjórnsýslu við tryggingarsamninga, þ.m.t. útgjöld að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang. Nokkur stjórnunarkostnaður tengist beint starfsemi varðandi sérstaka tryggingarsamninga (t.d. viðhaldskostnaði), s.s. kostnaði við reikningagerð fyrir iðgjöld, kostnaði við reglulegar sendingar upplýsinga til vátryggingartaka og kostnaði við vinnslu breytinga á tryggingarsamningum (t.d. breytingar og endurskipun). Annar stjórnunarkostnaður tengist beit vátryggingastarfsemi, en er afleiðing af starfsemi sem nær yfir fleiri en einn tryggingarsamning, s.s. laun starfsfólks sem ábyrgt er fyrir stjórnsýslu við tryggingarsamninga. Fjárhæðin tengist hlutdeild endurtryggjenda. Hlutdeild endurtryggjenda skal að jafnaði úthlutað eftir tegund útgjalda, en ef það er ekki mögulegt skal tilkynna hana sem öflunarkostnað.
— Eignirnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignirnar í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Hlutdeildir í félögum á samstæðustigi, í samræmi við d-, e- og f-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar í einni línu og auðkenndar með því að nota tiltæka valkosti í reit C0310.

Þegar aðferð 2 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin innihalda nákvæma skrá yfir eignirnar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og dótturfélaga, og eina röð fyrir hverja hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum. Með tilgreindu eignunum skal ekki taka tillit til hlutfallslegs eignarhluta sem notaður fyrir útreikning á gjaldþolsstöðu samstæðu. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignirnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignirnar í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Hlutdeildir í vátrygginga- og endurtryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, félögum í hliðarstarfsemi og félagi með sérstakan tilgang sem ekki eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar í einni línu fyrir hverja hlutdeild,

— Eignirnar í eigu félaga frá öðrum fjármálageirum skulu ekki teknar með.

Þegar samsetning af aðferðum 1 og 2 er notuð verður annar hluti gagnaskilanna að endurspegla samstæðustöðu eignanna, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem tilgreina á og hinn hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir eignirnar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og dótturfélaga, og eina röð fyrir hverja hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, og óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er.

Fyrsti hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignirnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignirnar í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Hlutdeildir í félögum á samstæðustigi, í samræmi við d-, e- og f-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar í einni röð og auðkenndar með því að nota tiltæka valkosti í reit C0310,

— Hlutdeildir í félögum samkvæmt aðferð 2 skulu tilgreindar í einni línu fyrir hvert dótturfélag og hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum og auðkennt með því að nota tiltæka valkosti í reit C0310.

Annar hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir eignirnar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og dótturfélaga, og eina röð fyrir hverja hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignirnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi samkvæmt aðferð 2, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignirnar í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög samkvæmt aðferð 2 (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Hlutdeildir í vátrygginga- og endurtryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, félögum í hliðarstarfsemi og félagi með sérstakan tilgang sem ekki eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar í einni línu fyrir hverja hlutdeild,

— Eignirnar í eigu félaga frá öðrum fjármálageirum skulu ekki teknar með.

Upplýsingarnar varðandi „Ytra mat“ (C0320) og „Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI)“ (C0330) geta verið takmarkaðar (ekki tilgreindar) í eftirfarandi aðstæðum:

a) eftir ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins (NSA) samkvæmt 2. mgr. 254. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða

b) eftir ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins í þeim tilvikum þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög eru með útvistunarsamninga á sviði fjárfestinga, sem leiðir til þess að þessar tilteknu upplýsingar eru ekki með beinum hætti tiltækar félaginu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
	Upplýsingar um stöður sem haldið er	
C0010	Lögheiti félagsins	Tilgreina lögheiti félagsins innan ramma samstæðueftirlits og sem á eignina. Færa skal inn í þennan lið eingöngu þegar varðar eignir í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálasviði og dótturfélaga samkvæmt frádráttar- og samlagningaraðferð.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir. Þessi kóði verður að vera einkvæmur og haldið samkvæmum til lengri tíma. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að tilgreina eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050	Tegund eignaauðkenni-skóða	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.
C0060	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, annarra innri sjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Undirliggjandi eignum vátryggingaskuldar líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og undirliggjandi eignum vátryggingaskuldar skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatrygginga-eignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggingar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070	Sjóðsnúmer	Gildir fyrir eignir sem haldið er í vörðum sjóðum eða öðrum innri sjóðum sem skilgreindir eru á landsvísu, einkum varðandi sjóði (eignasöfn) sem styðja við líftryggingaafurðir. Númer eða kóði sem úthlutað er af félaginu, sem samsvarar einkvæma númerinu eða kóðanum sem hverjum sjóði er úthlutað. Þetta númer eða kóði verður að vera samkvæmt til lengri tíma og skal notað til að auðkenna sömu sjóði í öðrum sniðmátum (t.d. í S.08.01). Það skal ekki endurnotað fyrir annan sjóð. Sjóðsnúmerið er ekki skyldubundið, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað.
C0080	Númer samræmds eignasafns	Númer eða kóði sem er úthlutað af félaginu, sem samsvarar einkvæma númerinu eða kóðanum sem hverju eignasafni, aðlöguðu vegna samræmingar er úthlutað, eins og mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB. Þetta númer eða kóði verður að vera samkvæmt til lengri tíma og skal notað til að auðkenna eignasafnið, aðlagað vegna samræmingar, í öðrum sniðmátum. Það skal ekki endurnotað fyrir annað eignasafn, aðlagað vegna samræmingar.
C0090	Eignir sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum	Tilgreina eignirnar sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg
C0100	Eign sett að veði sem trygging	Tilgreina eignir sem haldið er á efnahagsreikningi félagsins sem settar eru að veði sem trygging. Fyrir eignir sem veðsettar eru að hluta til skal tilgreina tvær línur fyrir hverja eign, eina fyrir veðsettu fjárhæðina og aðra fyrir eftirstæða hlutann. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá fyrir eignina: 1 – Eignir á efnahagsreikningi sem er veðsettar eru sem trygging 2 – Trygging fyrri seldri endurtryggingu 3 – Trygging fyrir verðbréfalántöku 4 – Endurhverf verðbréfakaup 9 – Ekki trygging
C0110	Vörsluland	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem eignir félags eru í vörslu. Til að tilgreina alþjóðlega vörsluaðila, eins og Euroclear, er vörslulandið það land þar sem fjárvörsluþjónustan var skilgreind samkvæmt samningi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Ef sama eignin er í vörslu í fleiri en einu landi skal tilgreina hverja eign sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að öll vörslulönd séu tilgreind á tilhlýðilegan hátt. Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75 og CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir. Varðandi CIC-flokk 9, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), samsvarar vörslulandið landi útgefandans, sem ákvarðast af heimilisfangi fasteignarinnar.
C0120	Vörsluaðili	Heiti fjármálastofnunarinnar sem er vörsluaðili. Ef sama eignin er í vörslu fleiri en eins vörsluaðila skal tilgreina hverja eign sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að allir vörsluaðilar séu tilgreindir á tilhlýðilegan hátt. Fyrir eignir í geymslu innanhúss skal vátryggingafélagið tilgreint sem vörsluaðilinn. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75, CIC 09 og um CIC-flokk 9 – Fasteign og neina aðra eign sem, vegna eðlis þeirra, er ekki haldið í vörslu. Fyrir eignir sem ekki er vörsluaðili fyrir eða þegar þessi liður á ekki við, skal tilgreina „Enginn vörsluaðili“.
C0121	Kóði vörsluaðila	Tilgreining á kóða vörsluaðilans með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið.
C0122	Tegund kóða vörsluaðila	Tilgreining á tegund kóðans sem er notaður fyrir liðinn „Kóði vörsluaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn
C0130	Magn	Fjöldi eigna, fyrir viðkomandi eignir. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Nafnverð“ (C0140) er gefinn upp. Þessi liður á ekki við um CIC 71 og 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0140	Nafnverð	Útistandandi fjárhæð mæld sem fjárhæð á gjalddaga, fyrir allar eignir þar sem þessi liður á við, og á nafnverði fyrir CIC = 72, 73, 74, 75, 79 og CIC-flokk 8 – Veðlán og lán. Þessi liður á ekki við um CIC 71, 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Magn“ (C0130) er gefinn upp.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0145	Langtíma hlutafjárframlag	Á eingöngu við um CIC-flokka 3 – Hlutafé og 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Auðkenna hvort hlutafé eða sjóður um sameiginlega fjárfestingu er flokkað samkvæmt ákvæðum 171. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já 2 – Nei 9 – Á ekki við
C0150	Virðismatsaðferð	Tilgreina virðismatsaðferðina sem notuð er þegar eignir eru verðmetnar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir sömu eignir 2 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir svipaðar eignir 3 – fráviksaðferðir fyrir virðismat 4 – leiðréttar hlutdeildaraðferðir (eiga við um verðmat á hlutdeildum) 5 – hlutdeildaraðferðir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (eiga við um verðmat á hlutdeildum) 6 – Markaðsvirði samkvæmt 4. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35
C0160	Yfirtökuvirði	Heildaryfirtökuvirði eignanna sem haldið er, hreint virði án áfallinna vaxta. Á ekki við CIC-flokka 7 – Reiðufé og innlán og 8 – Veðlán og lán.
C0170	Heildarfjárhæð Gjaldþolsáætlunar II	Virði reiknað út samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem samsvarar: — margfölduninni á „Nafnverð (e. *par amount*)“ (útstandandi höfuðstóll mældur á nafnverði) með „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ plús „Áfallnir vextir“, fyrir eignir þar sem fyrstu tveir liðirnir eiga við, — margfölduninni á „Magn“ með „Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II“, fyrir eignir þar sem þessir tveir liðir eiga við (plús „áfallnir vextir“ ef við á), — virði eigna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II fyrir eignir sem hægt er að flokka undir CIC 71 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0180	Áfallnir vextir	Gefa upp fjárhæð uppsafnaðra vaxta eftir síðasta arðmiðadagsetningu fyrir vaxtaberandi eignir. Athuga að þetta virði er einnig hluti af liðnum heildarfjárhæð Gjaldþolsáætlunar II.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um eignir		
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir. Þessi kóði verður að vera einkvæmur og haldið samkvæmum til lengri tíma. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að tilgreina eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“
C0050	Tegund eignaauðkenni-skóða	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.
C0190	Heiti liðs	Tilgreina tilkynnta liðinn með því að færa inn heiti eignarinnar (eða heimilisfangið ef um er að ræða fasteign) ásamt upplýsingunum sem félagið ákvarðar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC 87 og CIC 88, skal þessi liður innihalda „Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar“, þ.e. lán til stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar („AMSB“) eða „Lán til annarra einstaklinga“, samkvæmt eðli þeirra, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir. Lán til annarra en einstaklinga skal tilgreina línu fyrir línu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Þessi liður á ekki við um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, eða um CIC 71 og CIC 75 (nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um það). — Fyrir fasteign skal tilgreina landskóða ISO Alpha-2 + póstnúmer + borg + götuheiti + götunúmer fasteignarinnar sem haldið er, eða breiddar- og lengdargráðu, eða CRESTA/ NUTS-flokkun landsvæðis fjárfestingareignarinnar: Stjórnsýsluleg mörk (t.d. fylkis- eða sýslumörk, t.d. 3. stig NUTS) eða samsteypt póstnúmerasvæði (t.d. tvo fyrstu tölustafi póstnúmerasvæða, svipað og CRESTA 2019[2] svæði í lítilli upplausn).
C0200	Heiti útgefanda	Heiti útgefandans, skilgreint sem einingin sem gefur út eignir til fjárfesta. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er heiti útgefandans heitið á rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar). Tilgreina á löggilta rekstrarfélagið sem getur borið ábyrgð og er ábyrgt fyrir rekstri sjóðsins án tillit til þess hvort einhverri starfsemi hafi verið útvistað, þ.m.t. beinni stjórnun á eignasafninu, þ.e. ákvörðunum um kaup/sölu, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er heiti útgefandans heitið á vörsluaðilanum, — Varðandi CIC 87 og CIC 88, skal þessi liður innihalda „Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar“ eða „Lán til annarra einstaklinga“, samkvæmt eðli þeirra, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0210	Kóði útgefanda	Tilgreining á kóða útgefandans með notkun kennimerkis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er kóði útgefandans kóðinn fyrir rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar). Tilgreina á löggilta rekstrarfélagið sem getur borið ábyrgð og er ábyrgt fyrir rekstri sjóðsins án tillit til þess hvort einhverri starfsemi hafi verið útvistað, þ.m.t. beinni stjórnun á eignasafninu, þ.e. ákvörðunum um kaup/sölu, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er kóði útgefandans kóðinn fyrir vörsluaðilann,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign, Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88.
C0220	Tegund kóða útgefanda	Tilgreining á tegund kóðans sem er notaður fyrir liðinn „Kóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88. Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0230	Geiri útgefanda	Tilgreina atvinnuveg útgefandans, byggt á kóða nýjustu útgáfu atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE) (eins og birt er í EB-reglugerð). Fyrir þætti A til N í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) er krafist að allir fjórir tölustafir kóða atvinnugreinaflokkunarinnar séu tilgreindir, þ.e. nota skal bókstafinn sem auðkennir þáttinn og þar á eftir 4 tölustafa kóðann fyrir flokkinn (t.d. „K6411“). Fyrir þættina sem eftir eru skal að lágmarki nota bókstafatilvísun kóða atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) sem auðkennir þáttinn, til að auðkenna þættina (t.d. væri „P“ eða „P8501“ ásættanlegt). Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er atvinnuvegur útgefandans atvinnuvegurinn sem rekstraraðili sjóðsins tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er atvinnuvegur útgefandans sá atvinnuvegur sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88.
C0240	Samstæða útgefanda	Heiti á endanlegu móðurfélagi útgefanda. Fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal tilgreina endanlegt móðurfélag rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar). Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, skal tilgreina endanlegt móðurfélag rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar),

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um skuldabréf útgefin af: — ríkisstjórn, — sveitarfélagi, — ríkisstofnun, — seðlabanka, — samstæðunni/einingunni sjálfri, — yfirþjóðlegri stofnun (svo fremi að ekki sé til staðar samstæða útgefanda).
C0250	Kóði samstæðu útgefanda	Auðkenniskóði samstæðu útgefanda með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, skal tilgreina endanlegt móðurfélag rekstraraðila sjóðsins (einingarinnar), — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um skuldabréf útgefin af: — ríkisstjórn, — sveitarfélagi, — ríkisstofnun, — seðlabanka, — samstæðunni/einingunni sjálfri, — yfirþjóðlegri stofnun (svo fremi að ekki sé til staðar samstæða útgefanda).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0260	Tegund kóða samstæðu útgefanda	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Samstæðukóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn
C0270	Land útgefanda	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem útgefandinn er staðsettur. Staðfang útgefandans ákvarðast af heimilisfangi einingarinnar sem gefur út eignina. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er land útgefandans landið sem rekstraraðili sjóðsins (einingarinnar) tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er land útgefandans landið sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign. Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: — ISO 3166-1-alpha-2 kóði, — XA: Yfirþjóðlegir útgefendur (opinberar stofnanir sem komið er á fót með skuldbindingu milli þjóðríkja, t.d. verðbréfa sem gefin eru út af fjölþjóðlegum þróunarbanka eins og um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða verðbréfa gefnum út af alþjóðastofnun sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum stofnunum Evrópusambandsins), — EU: Stofnanir Evrópusambandsins (eins og skilgreindar í 13. gr. sáttmálans um Evrópusambandið).
C0280	Gjaldmiðill	Tilgreina ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðils útgáfunnar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Þessi liður á ekki við um CIC 87 og CIC 88, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, CIC 75, CIC 09 og um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), af sömu ástæðu, — Varðandi CIC-flokk 9 – Fasteign, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), samsvarar gjaldmiðillinn gjaldmiðli fjárfestingarinnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0290	Uppbótarauðkenniskóði (CIC)	Uppbótarauðkenniskóði sem notaður er til að flokka eignir, eins og sett er fram í VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þegar eign er flokkuð með því að nota CIC-töfluna skulu félög taka tillit til dæmigerðustu áhættunnar sem eignin er óvarinn fyrir. Móðurfélagið skal athuga og sjá til þess að CIC kóðinn sem notaður er fyrir sama verðbréfið frá mismunandi félögum sé það sama og í gagnaskilunum á samstæðustigi.
C0293	Reglur um eftirgjöf	Tilgreina hvort eignin falli undir reglur um eftirgjöf, í samræmi við 43. og 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (tilskipun um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja – BRRD-tilskipunin). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Já, 2 – Nei, 9 – Á ekki við.
C0294	Héraðsstjórnir og staðaryfirvöld	Tilgreina eignir sem útgefnar eru eða tryggðar af héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum (RGLA) sem skráð eru og ekki skráð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011, að því er varðar eignir sem flokkanlegar eru með CIC 13 og 14. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Skráð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011, 2 – Ekki skráð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2011, 9 – Á ekki við.
C0295	Sýndareignir	Tilgreina eignir sem tengjast sýndareignum. Sýndareignir merkja stafræna framsetningu á virði eða réttindum sem hægt er að yfirfæra og vista rafrænt, með því að nota dreifða færsluskrártækni eða sambærilega tækni. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Rafeyristóki – tegund sýndareignar sem hefur að megintilgangi að vera notuð sem greiðslumiðill og sem viðheldur stöðugu virði með tilvísun til virðisins á gjaldmiðli sem er löglegur gjaldmiðill, 2 – Eignatengdur tóki – tegund sýndareignar sem viðheldur stöðugu virði með tilvísun til virðisins á nokkrum gjaldmiðlum sem eru löglegur gjaldmiðill, einnar eða fleiri hrávara eða einnar eða fleiri sýndareigna, eða samsetningar slíkra eigna, 3 – Nytjatóki – tegund sýndareignar sem ætlað er að veita rafrænan aðgang að vöru eða þjónustu, sem tiltæk er með dreifðri færsluskrártækni og er eingöngu samþykkt af útgefanda þess tóka, 4 – Aðrar sýndareignir 5 – Nei.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0296	Tegund fasteignar	Tilgreina tegund fasteignar, samkvæmt tilmælum Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) frá 21. mars 2019, um breytingu á tilmælum ESRB/2016/14 um að fylla í gagnaeyður varðandi fasteignir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Íbúðarhúsnæði, t.d. fjölbýlishús, 2 – Verslunarhúsnæði, t.d. hótel, veitingahús, verslunarmiðstöðvar, 3 – Skrifstofuhúsnæði, t.d. fasteign sem aðallega er notuð undir skrifstofur í atvinnu- eða rekstrarskyni, 4 – Atvinnuhúsnæði, t.d. fasteign sem notuð er í tengslum við framleiðslu, dreifingu og vörustjórnun, 5 – Aðrar tegundir viðskiptahúsnæðis, 9 – Á ekki við. Ef blönduð notkun er á fasteign skal hún talin til ólíkra eigna (t.d. byggt á flatarmálinu fyrir hverja notkun) hvenær sem slík sundurliðun er möguleg, að öðru kosti er hægt að flokka fasteignina samkvæmt þeirri notkun sem er ráðandi. Þessi liður á einungis við um CIC-flokk 9 – Fasteign
C0297	Staðsetning fasteignar	Tilgreina staðsetningu fasteignar, samkvæmt tilmælum Evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) frá 21. mars 2019, um breytingu á tilmælum ESRB/2016/14 um að fylla í gagnaeyður varðandi fasteignir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Aðalstaðsetning, 2 – Ekki aðalstaðsetning, 9 – Á ekki við. Þessi liður á einungis við um CIC-flokk 9 – Fasteign
C0300	Innviðafjárfesting	Tilgreina hvort eignin er innviðafjárfesting eins og skilgreint er í málsgreinum 55a og 55b í 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ekki innviðafjárfesting, 2 – Ófullgildir innviðir: Opinber ábyrgð (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald) 3 – Ófullgildir innviðir: Frumkvæði með opinberum stuðningi, þ.m.t. opinber fjárveiting (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald) 4 – Ófullgildir innviðir: Yfirþjóðleg ábyrgð/stuðningur (seðlabanki Evrópu, fjölþjóðlegur þróunarbanki, alþjóðastofnun)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		9 – Ófullgildir innviðir: Önnur ófullgild innviðalán eða fjárfestingar, ekki flokkaðar samkvæmt flokkunum að ofan 12 – Fullgildir innviðir: Opinber ábyrgð (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald) 13 – Fullgildir innviðir: Frumkvæði með opinberum stuðningi, þ.m.t. opinber fjárveiting (ríkisstjórn, seðlabanki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald) 14 – Fullgildir innviðir: Yfirþjóðleg ábyrgð/stuðningur (seðlabanki Evrópu, fjölþjóðlegur þróunarbanki, alþjóðastofnun) 19 – Fullgildir innviðir: Aðrar fullgildar innviðafjárfestingar, ekki flokkaðar í flokkana að ofan. 20 – Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður (e. ELTIF, sem fjárfestir í innviðaeignum og í öðrum eignum en innviðum)
C0310	Eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir	Á eingöngu við um CIC-flokka 3 – Hlutafé og 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Tilgreina hvort hlutabréf og annar hlutur sé hlutdeild. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ekki hlutdeild 2 – Hlutdeild í tengdu óeftirlitsskyldu vátrygginga- og endurtryggingafélagi samkvæmt aðferð 1 3 – Hlutdeild í tengdu óeftirlitsskyldu vátrygginga- og endurtryggingafélagi samkvæmt aðferð 2 4 – Hlutdeild í öðrum fjármálageira 5 – Dótturfélag samkvæmt aðferð 2 6 – Hlutdeild í öðru stefnumarkandi tengdu félagi samkvæmt aðferð 1 7 – Hlutdeild í öðru óstefnumarkandi tengdu félagi samkvæmt aðferð 1 8 – Aðrar hlutdeildir (t.d. hlutdeild í öðrum félögum samkvæmt aðferð 2)
C0320	Ytra mat	Gildir a.m.k. um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf, CIC 87 og CIC 88, ef tiltækir. Þetta er lánshæfismat eignarinnar við útgáfu, á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafarinnar, sem veitt er af tilnefndri lánshæfismatsstofnun (utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki). Ef lánshæfismat við útgáfu er ekki tiltækt skal liðurinn látinn óútfylltur. Ef „Mörg utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“ eru tilgreind í C0330 á að tilgreina dæmigerðasta ytra lánshæfismatið.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0330	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0320, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á að tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki). Gildir a.m.k. um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf og 8 – Veðlán og lán, (aðra en CIC 87 og CIC 88), ef tiltækir. Þessi liður skal tilgreindur ef „Ytra mat“ (C0320) er gefið upp. Í því tilviki þegar „Engin utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafa verið tilnefnd og einföldun er notuð til að reikna út gjaldþolskröfuna“, skal reiturinn „Ytra mat“ (C0320) vera auður og í reitinn „Lánshæfisþrep“ (C0340) skal nota einn af eftirfarandi valkostum: 2a, 3a eða 3b.
C0340	Lánshæfisþrep	Gildir um sérhverja eign sem úthluta þarf útlánagæðaþrepi á fyrir útreikning á gjaldþolskröfu. Tilgreina lánshæfisþrepið sem eigninni er úthlutað, eins og skilgreint er í 1. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, með því að beita vörpunartöflunni sem mælt fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800. Lánshæfisþrepið skal einkum endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem félögin sem nota staðalregluna gera innanhúss. Þessi liður á ekki við um eignir sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1 2 – Lánshæfisþrep 2 2a – Lánshæfisþrep 2 vegna beitingar á 176. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 fyrir ómetin skuldabréf og lán 3 – Lánshæfisþrep 3 3a – Lánshæfisþrep 3 vegna beitingar á einfaldaða útreikningnum skv. 105. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 3b – Lánshæfisþrep 3 vegna beitingar á 176. gr. a framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 fyrir ómetin skuldabréf og lán 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0350	Innra mat	Gildir a.m.k. um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf og 8 – Veðlán og lán (aðra flokka en CIC 87 og CIC 88), ef tiltækir. Innra mat á eignum fyrir félög sem nota innri möt. Fyrir félög sem beita aðlögun vegna samræmingar skal liðurinn tilgreindur að því marki sem innri möt eru notuð til að reikna út grundvallaráhættuálagið sem um getur í 2. mgr. 77. gr. c.
C0360	Líftími	Á eingöngu við um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu (þegar við á, t.d. fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu, með fjárfestingar aðallega í skuldabréfum), 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar og 6 – Veðtryggð verðbréf. Líftími eignar, skilgreint sem „eftirstæður leiðréttur líftími“ (leiðréttur líftími byggir á útreikningi á tímanum sem eftir er af binditíma verðbréfsins, talið frá viðmiðunardagsetningu gagnaskila). Fyrir eignir án fasts binditíma skal nota fyrsta innlausnardag, en taka tillit til líkindanna á að kauprétturinn verði nýttur. Reikna skal út líftímann á grundvelli fjárhagslegs virðis.
C0370	Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II	Fjárhæð í gagnaskilagjaldmiðli fyrir eignina, ef við á. Þessi liður skal tilgreindur ef „magn“ (C0130) hefur verið gefið upp í fyrsta hluta sniðmátsins („Upplýsingar um stöður sem haldið er“). Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ (C0380) er gefinn upp.
C0380	Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II	Fjárhæð í prósentum af bókfærðu verði, hreint verð án áfallinna vaxta, fyrir eignina, ef við á. Þessi liður skal tilgreindur ef upplýsingar hafa verið veittar um „nafnverð“ (C0140) í fyrsta hluta sniðmátsins („Upplýsingar um stöður sem haldið er“) nema fyrir CIC 71 og CIC-flokk 9 – Fasteign. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II“ (C0370) er gefinn upp.
C0390	Lokagjalddagi	Gildir einungis um CIC-flokka 1 – Ríkisskuldabréf, 2 – Fyrirtækjaskuldabréf, 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar, 6 – Veðtryggð verðbréf og 8 – Veðlán og lán, CIC 74 og CIC 79. Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd–mm–áááá) fyrir gjalddagann. Hann samsvarar alltaf gjalddaganum, jafnvel fyrir innkallanleg verðbréf. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Fyrir skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma skal tilgreina „31-12-9999“, — Fyrir CIC 87 og CIC 88, á að tilgreina vegna (á grundvelli fjárhæðar láns) líftímann sem eftir er.

S.06.03 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu – gegnsæisaðferð

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar ársfjórðungslega og árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát inniheldur upplýsingar um gegnsæisaðferð fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir og svipuð félög, þ.m.t. þegar þær eru hlutdeildir, eftir undirliggjandi eignaflokki, útgáfulandi og gjaldmiðli. Að teknu tilliti til meðalhófs og sérstakra leiðbeininga í sniðmátinu skal nota gegnsæisaðferðina þar til eignaflokkarnir, löndin og gjaldmiðlarnir eru auðkenndir. Ef um er að ræða sjóðasjóði skal gegnsæisaðferðin fylgja sömu nálgun.

Sniðmátið skal innihalda upplýsingar sem samsvara 100% af fjárfestingarvirðinu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Fyrir auðkenningu á löndum skal gegnsæisaðferðinni þó beitt til að greina áhættuskuldbindingar fyrir 90% af heildarvirði sjóðanna að frádregnum fjárhæðum sem tengjast CIC 8 og CIC 9, og fyrir auðkenningu á gjaldmiðlum skal gegnsæisaðferðinni beitt til að greina áhættuskuldbindingar fyrir 90% af heildarvirði sjóðanna. Samstæður skulu tryggja að þeim 10% sem ekki eru greind eftir löndum sé skipt niður á fjölda landfræðilegra svæða, t.d. að ekki séu meira en 5% í einu landi. Samstæður skulu beita gegnsæisaðferðinni með því að byrja á þeim stærsta, að teknu tilliti til fjárfestingarfjárhæðarinnar, til minnsta einstaka sjóðsins og skal aðferðinni beitt með samræmdum hætti yfir tíma.

Ársfjórðungslegar upplýsingar skulu eingöngu tilgreindar þegar hlutfall sjóða um sameiginlega fjárfestingu í eigu samstæðunnar af heildarfjárfestingu, mælt sem hlutfallið á milli liðar C0010/R0180 í sniðmáti S.02.01, að viðbættum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem teknir eru með í lið C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01, að viðbættum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem teknir eru með í lið C0010/R0090 og samtölu liða C0010/R0070 og C0010/RC0220 í sniðmáti S.02.01, er hærra en 30% þegar aðferð 1, eins og skilgreint er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er einvörðungu notuð. Þegar aðferð 1 er notuð ásamt aðferð 2, eins og skilgreint er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða aðferð 2 er einvörðungu notuð, þarf að aðlaga hlutfallið til að ná yfir liðina fyrir allar einingar sem teknar eru með innan sniðmáts S.06.02.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-töflu þessarar reglugerðar.

Í þessu sniðmáti skal taka með gegnsæisaðferð fyrir alla sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir og svipuð félög, þ.m.t. þegar þær eru hlutdeildir, eftir undirliggjandi eignaflokki, tilgreint lið fyrir lið í S.06.02. Ef einn sjóður um sameiginlega fjárfestingu, eða fjárfesting sem pökkuð er sem sjóður og svipuð félög er í eigu margra félaga, skal í þessu sniðmáti einungis tilgreina það í eitt skipti.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði sjóðs um sameiginlega fjárfestingu	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem samstæðan úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020	Tegund auðkenniskóða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af samstæðunni
C0030	Undirliggjandi eignaflokkur	Tilgreina eignaflokkana, viðskiptakröfur og afleiður innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ríkisskuldabréf 2 – Fyrirtækjaskuldabréf 3L – Skráð hlutabréf 3X – Óskráð hlutabréf 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar 6 – Veðtryggð verðbréf 7 – Reiðufé og innlán 8 – Veðlán og lán 9 – Fasteignir 0 – Aðrar fjárfestingar (þ.m.t. viðskiptakröfur) A – Framtíðarsamningar B – Kaupréttir C – Söluréttir D – Skiptasamningar E – Framvirkir samningar F – Lánaafleiður L – Skuldir Flokkur „4 – Einingar um sameiginlega fjárfestingu“ skulu notaðar eingöngu fyrir óveruleg hrakvirði fyrir bæði „sjóðasjóði“ og sérhverja aðra sjóði.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0040	Útgáfuland	Sundurliðun hvers eignaflokks sem tilgreindur er í C0030 eftir landi útgefanda. Tilgreina landið þar sem útgefandinn er staðsettur. Staðfang útgefandans ákvarðast af heimilisfangi einingarinnar sem gefur út eignina. Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: — ISO 3166-1-alpha-2 kóða — XA: Yfirþjóðlegir útgefendur — EU: Stofnanir Evrópusambandsins — AA: Samantekin lönd, vegna beitingar viðmiðunarmarka Þessi liður á ekki við um flokka 7, 8 og 9, eins og tilgreint er í C0030.
C0050	Gjaldmiðill	Tilgreina hvort gjaldmiðill eignaflokksins sé gagnaskilagjaldmiðillinn eða erlendur gjaldmiðill. Vísað er til allra annarra gjaldmiðla en gagnaskilagjaldmiðilsins sem erlends gjaldmiðils. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskilagjaldmiðill 2 – Erlendur gjaldmiðill 3 – Samtölu gjaldmiðla vegna beitingar viðmiðunarmarks
C0060	Heildarfjárhæð	Heildarfjárhæðin sem fjárfest er eftir eignaflokki, landi og gjaldmiðli í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Fyrir skuldir skal tilkynna jákvæða fjárhæð, nema liðurinn sé afleiðuskuld. Fyrir afleiður getur heildarfjárhæðin verið jákvæði (ef um er að ræða eign) eða neikvæð (ef um er að ræða skuld).

S.07.01 – Samsettar fjármálaafurðir

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-töflu þessarar reglugerðar.

Samsettar fjármálaafurðir eru skilgreindar sem eignir er falla í eignaflokkana 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf).

Eingöngu skal tilkynna þetta sniðmát þegar fjárhæð samsettra fjármálaafurða, mæld sem hlutfallið á milli eigna sem flokkaðar eru sem eignaflokkur 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf) eins og skilgreint er í VI. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og samtölunnar á lið C0010/R0070 og C0010/R0220 í sniðmáti S.02.01, er hærra en 5% þegar aðferð 1, eins og hún er skilgreind í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er einvörðungu notuð. Þegar aðferð 1 er notuð ásamt aðferð 2, eins og skilgreint er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða aðferð 2 er einvörðungu notuð, þarf að aðlaga hlutfallið til að ná yfir liðina fyrir allar einingar sem teknar eru með innan sniðmáts S.06.02.

Í sumum tilvikum, fyrir tegundir af samsettum fjármálaafurðum (C007), tilgreindar afleiður sem felldar eru inn í samsettu fjármálaafurðina. Í því tilviki skal þessi flokkun notuð þegar samsetta fjármálaafurðin er með viðkomandi afleiðu fellda inn.

Sniðmátið á við um aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum), aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð) og samsetningu af aðferðum 1 og 2.

Þegar aðferð 1 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin endurspegla samstæðustöðu samsettu skuldaviðurkenninganna og veðtryggðu verðbréfanna, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem stunduð eru innan ramma samstæðueftirlits í eignasafni hennar. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í beinni eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknar með.

Þegar aðferð 2 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin innihalda nákvæma skrá yfir samsettu skuldaviðurkenningarnar og veðtryggðu verðbréfin í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og dótturfélaga, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í beinni eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknar með.

Þegar samsetning af aðferðum 1 og 2 er notuð verður annar hluti gagnaskilanna að endurspegla samstæðustöðu samsettu skuldaviðurkenninganna og veðtryggðu verðbréfanna, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem stunduð eru innan ramma samstæðueftirlits, og tilgreina á og hinn hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir samsettu skuldaviðurkenningarnar og veðtryggðu verðbréfin í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og dótturfélaga, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er.

Fyrsti hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í beinni eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknar með.

Annar hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í beinni eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi samkvæmt aðferð 2 skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög samkvæmt aðferð 2 (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Samsettu fjármálaafurðirnar í eigu annarra tengdra félaga samkvæmt aðferð 2 skulu ekki teknar með.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti félagsins	Tilgreina lögheiti félagsins innan ramma samstæðueftirlits og sem á samsettu fjármálaafurðina. Færa skal inn í þennan lið eingöngu þegar varðar samsettar fjármálaafurðir í eigu hluteignar-félaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálasviði og dótturfélaga samkvæmt frádráttar- og samlagningaraðferð.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endur tryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma sam stæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði samsettu fjármálaafurðarinnar, eins og tilgreindur í S.06.02. með því að nota eftirfarandi forgang: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir. Kóðanum sem notaður er skal haldið samkvæmum til lengri tíma og skal ekki endurnýttur fyrir aðra afurð. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að tilgreina eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“
C0050	Tegund auðkenniskóða eignar	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060	Tegund veðtryggingar	Tilgreina tegund veðtryggingar, með því að nota eignaflokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ríkisskuldabréf 2 – Fyrirtækjaskuldabréf 3 – Hlutabréf 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar 6 – Veðtryggð verðbréf 7 – Reiðufé og innlán 8 – Veðlán og lán 9 – Fasteignir 0 – Aðrar fjárfestingar 10 – Engin veðtrygging Þegar fleiri en einn veðtryggingaflokkur er til staðar fyrir eina og sömu samsettu fjármálaafurðina skal tilgreina þann dæmigerðasta.
C0070	Tegund samsettrar fjármálaafurðar	Tilgreina tegund samsettrar fjármálaafurðar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Lánshæfistengd skuldabréf Verðbréf eða innstæða sem lánaafleiða gengur inn í (t.d. skuldatrygging eða skuldatryggingarvalréttur) 2 – Skiptasamningar með fastan líftíma (verðbréf sem vaxtaskiptasamningur (IRS) gengur inn í, þar sem hlutinn með fljótandi vöxtum er endurstilltur reglulega samkvæmt markaðsvöxtum fyrir fastan binditíma.) 3 – Eignavarin verðbréf (verðbréf með eign sem veðtryggingu.) 4 – Verðbréf tryggð með fasteignaveði (verðbréf með fasteign sem veðtryggingu.) 5 – Verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (verðbréf með fasteign sem veðtryggingu, t.d. verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði, atvinnuhúsnæði, fjölbýlishús og hótel.) 6 – Skuldavafningar

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		(samsett verðbréf tryggð með eignasafni sem samanstendur af tryggðum eða ótryggðum skuldabréfum útgefnum af fyrirtæki eða opinberum skuldurum, eða tryggð eða ótryggð bankalán sem veitt eru til verslunar- og iðnaðarfyrirtækja sem eru lánaviðskiptavinir útlánabanka. 7 – Lánavafningar (verðbréf sem er með undirliggjandi fjárvörslusjóður með lánaeignasafni þar sem sjóðstreymið frá verðbréfinu leiðir af eignasafninu.) 8 – Fasteignaveðsvafningar (verðbréf í fjárfestingarflokki sem tryggður eru með safni skuldabréfa, lána og annarra eigna.) 9 – Vaxtatengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 10 – Hlutafjártengdar og hlutabréfavísitölutengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 11 – Gjaldeyris- og hrávörutengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 12 – Skuldaviðurkenningar og innstæður tengdar blönduðum gerningum (það tekur til fasteigna og hlutabréfatengdra verðbréfa) 13 – Markaðstengdar skuldaviðurkenningar og innstæður 14 – Vátryggingatengdar skuldaviðurkenningar og innstæður, þ.m.t. skuldaviðurkenningar sem ná yfir hamfara- og veðurfarsáhættu, sem og dánaráhættu 99 – Annað sem ofangreindir valkostir ná ekki yfir
C0080	Höfuðstólsvernd	Tilgreina hvort afurðin sé með höfuðstólsvernd. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Fjármagnsvernd að fullu 2 – Fjármagnsvernd að hluta 3 – Engin fjármagnsvernd
C0090	Undirliggjandi verðbréf/ vísitala/eignasafn	Lýsa tegund undirliggjandi breytu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Hlutafé og sjóðir (valinn flokkur eða hlutabréfakarfa) 2 – Gjaldmiðill (valinn flokkur eða gjaldmiðlakarfa) 3 – Vextir og ávöxtun (skuldabréfavísitölur, ávöxtunarferlar, mismunur á gildandi vöxtum af skemmri og lengri binditími, skuldatryggingarálög, verðbólgustig og önnur viðmiðunargildi vaxta og ávöxtunar) 4 – Hrávörur (valin grunnvara eða vöruflokkur)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		5 – Vísitala (árangur af valinni vísitölu) 6 – Margar (heimild fyrir samsetningu þeirra mögulegu tegunda sem skráðar eru hér að ofan) 9 – Annað sem ofangreindir valkostir ná ekki yfir (t.d. aðrir hagvísar)
C0100	Innkallanleg eða seljanleg	Tilgreina hvort afurðin sé með kaup- og/eða sölurétti, eða bæði, ef við á. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Kaupréttur kaupanda 2 – Kaupréttur seljanda 3 – Söluréttur kaupanda 4 – Söluréttur seljanda 5 – Sérhver samsetning ofangreindra valkosta 6 – Á ekki við
C0110	Tilbúin samsett fjármálaafurð	Tilgreina hvort um sé að ræða samsettar fjármálaafurðir án nokkurrar yfirfærslu eigna (t.d. afurðir sem ekki munu gefa tilefni til afhendingar á eignum, að undanskildu reiðufé, ef andstæður/hagstæður atburður á sér stað). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Samsett fjármálaafurð án nokkurrar yfirfærslu eigna 2 – Samsett fjármálaafurð með yfirfærslu eigna
C0120	Samsett fjármálaafurð með fyrirframgreiðslu	Tilgreina hvort eru samsettar fjármálaafurðir með möguleika á fyrirframgreiðslu, sem telst snemmbær og ekki áætluð endurgreiðsla höfuðstóls. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Samsett fjármálaafurð með fyrirframgreiðslu 2 – Samsett fjármálaafurð ekki með fyrirframgreiðslu
C0130	Virði veðtryggingar	Heildarfjárhæð veðtryggingar sem tengd er samsett fjármálaafurðinni, óháð eðli veðtryggingarinnar. Ef um er að ræða veðtryggingu á eignasafnsgrunni, á eingöngu að tilgreina virðið sem varðar einstaka samninginn og ekki heildarvirðið.
C0140	Veðtryggingasafn	Þessi liður veiti upplýsingar um hvort veðtryggingin vegna samsettu fjármálaafurðarinnar nær eingöngu yfir eina samsetta fjármálaafurð eða fleiri en eina samsetta fjármálaafurð sem er í eigu félagsins. Hreinar stöður vísa til staðanna sem haldið er í samsettum fjármálaafurðum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Veðtrygging reiknuð á grundvelli hreinna staðna sem leiða af safni samninga 2 – Veðtrygging reiknuð á grundvelli einstaks samnings 10 – Engin veðtrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150	Föst árleg arðsemi	Tilgreina arðmiðann (sem tugabrot), ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf).
C0160	Breytileg árleg arðsemi	Tilgreina breytilega arðsemi, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Hún er venjulega tilgreind sem viðmiðunargildi markaðsvaxta plús áhættuálag, eða er háð árangri eignasafns eða vísitölu (háð undirliggjandi breytu) eða flóknari arðsemi sem m.a. ákvarðast af verðþróun undirliggjandi eignar (háð verðþróun). Þegar þörf er á má tilkynna þennan lið sem streng til að endurspegla hvernig ávöxtunin er reiknuð út.
C0170	Tap að gefnum vanefndum	Prósentan (tilgreind sem tugabrot af fjárhæðinni sem fjárfest hefur verið og ekki mun endurheimtast í framhaldi af vanskilum, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Ef upplýsingarnar eru ekki skilgreindar í samningnum skal ekki tilgreina þennan lið. Þessi liður á ekki við um samsettar afurðir sem ekki eru fjármálaafurðir.
C0180	Tengipunktur	Samningsbundna skilgreinda tapprósentan (tilgreind sem tugabrot) sem, ef farið er yfir, töpin hafa áhrif á samsettu fjármálaafurðina, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Þessi liður á ekki við um samsettar afurðir sem ekki eru fjármálaafurðir.
C0190	Aftengipunktur	Samningsbundna skilgreinda tapprósentan (tilgreind sem tugabrot) sem, ef farið er yfir, töpin hætta að hafa áhrif á samsettu fjármálaafurðina, ef við á, fyrir CIC-flokka 5 (Samsettar skuldaviðurkenningar) og 6 (Veðtryggð verðbréf). Þessi liður á ekki við um samsettar afurðir sem ekki eru fjármálaafurðir.

S.08.01 – Opnar afleiður

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar ársfjórðungslega og árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Afleiðuflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þetta sniðmát inniheldur skrá, lið fyrir lið, yfir afleiður í beinni eigu samstæðunnar (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar), sem flokkanlegar eru í eignaflokka A til F.

Þetta sniðmát nær yfir afleiður sem viðskipti eru með í kauphöll eða jafngildum miðlægum markaði, sem og afleiður sem viðskipti eru með utan markaðar.

Þegar viðskipti eru með afleiðu í kauphöll eða jafngildum miðlægum markaði, þá er mótaðilinn sú kauphöll eða jafngildi miðlægi markaðurinn og ekki endanlegi mótaðilinn, eins og á við um viðskipti með afleiður utan markaðar.

Afleiður eru taldar til eigna ef virði þeirra samkvæmt Gjaldþolsáætlun II er jákvætt eða núll. Þær eru taldar til skulda ef virði þeirra samkvæmt Gjaldþolsáætlun II er neikvætt. Bæði afleiður sem taldar eru til eigna eða skulda skulu teknar með.

Upplýsingar skulu ná yfir alla afleiðusamninga sem til staðar voru á gagnaskilatímabilinu og ekki voru gerðir upp fyrir viðmiðunardagsetningu gagnaskila.

Ef tíð viðskipti eru með sömu afleiðu, sem leiðir til margra opinna staðna, er hægt að tilgreina afleiðuna á samanteknum eða hreinum grunni, svo framarlega sem öll viðkomandi einkenni séu sameiginleg og með því að fylgja sértæku leiðbeiningunum fyrir hvern viðkomandi lið.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

Afleiða er fjármálagerningur eða annar samningur sem ber öll þrjú eftirfarandi einkenni:

a) Virði hans í ljósi breytinga á tilgreindum vöxtum, verði fjármálagernings, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum (stundum kallað „undirliggjandi breyta“).

b) Hann krefst engrar hreinnar upphafsfjárfestingar eða hreinnar upphafsfjárfestingar sem er minni en krafa væri gerð um fyrir aðrar tegundir samninga sem gera mætti ráð fyrir að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum.

c) Uppgjörsdagsetning hans er í framtíðinni.

Þetta sniðmát samanstendur af tveim töflum: Upplýsingar um stöður sem haldið er og upplýsingar um afleiður.

Í töflunni „Upplýsingar um stöður sem haldið er“ skal hver afleiða tilgreind sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að færa á tilhlýðilegan hátt inn allar óþeningalegar breytur sem krafist er í þeirri töflu. Ef fyrir sömu afleiðu hægt er að gefa upp tvö virði á eina breytu þarf að tilgreina þessa afleiðu í fleiri en einni línu.

Einkum, fyrir afleiður sem eru með fleiri en tvo gjaldmiðla, skal skipta hverri upp í þættina fyrir hvert par og tilgreina í mismunandi línum.

Í töflunni „Upplýsingar um afleiður“ skal hver afleiða tilgreind sérstaklega, með einni línu fyrir hverja afleiðu og færa inn allar viðeigandi breytur sem krafist er í þeirri töflu.

Þegar aðferð 1 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin endurspegla samstæðustöðu afleiðnanna að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem stunduð eru innan ramma samstæðueftirlits. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Afleiðurnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknar með.

Þegar aðferð 2 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin innihalda nákvæma skrá yfir afleiðurnar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og dótturfélaga, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Afleiðurnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknar með.

Þegar samsetning af aðferðum 1 og 2 er notuð verður annar hluti gagnaskilanna að endurspegla samstæðustöðu afleiðnanna, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem stunduð eru innan ramma samstæðueftirlits, og tilgreina á og hinn hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir afleiðurnar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og dótturfélaga, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er.

Fyrsti hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Afleiðurnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknar með.

Annar hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Afleiðurnar í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi samkvæmt aðferð 2, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög samkvæmt aðferð 2 (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Afleiðurnar í eigu annarra tengdra félaga samkvæmt aðferð 2 skulu ekki teknar með.

Upplýsingarnar varðandi „Ytra mat“ (C0290) og „Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“ (C0300) geta verið takmarkaðar (ekki tilgreindar) í eftirfarandi aðstæðum:

a) eftir ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins samkvæmt 2. mgr. 254. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða

b) eftir ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins í þeim tilvikum þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög eru með útvistunarsamninga á sviði fjárfestinga, sem leiðir til þess að þessar tilteknu upplýsingar eru ekki með beinum hætti tiltækar félaginu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um stöður sem haldið er		
C0010	Lögheiti félagsins	Tilgreina lögheiti félagsins innan ramma samstæðueftirlits og sem á afleiðuna. Færa skal inn í þennan lið eingöngu þegar varðar afleiður í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálasviði og dótturfélaga samkvæmt frádráttar- og samlagningaraðferð.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Auðkenniskóði afleiðu	Auðkenniskóði afleiðu með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0041	Einkvæmt viðskiptaauðkenni	Tilgreina auðkennisnúmer (ID) viðskipta sem notuð eru í viðskiptaskýrslum í viðskiptaskrám samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og viðskiptaskrár. Tilgreina ætti eins mörg auðkennisnúmer viðskipta og þörf er á fyrir uppbyggingu á stöðunni sem tilkynnt er. Tilgreina skal aukennisnúmer viðskipta aðgreind með kommu. Þessi liður skal tilgreindur með „Ekkert auðkennisnúmer“ þegar afleiðan fellur ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
C0050	Tegund auðkenniskóða afleiðu	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði afleiðu“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu
C0060	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Undirliggjandi afleiðum vátryggingaskuldar líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og undirliggjandi afleiðum vátryggingaskuldar skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatryggingaeignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggingar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070	Sjóðsnúmer	Gildir fyrir afleiður sem haldið er í vörðum sjóðum eða öðrum innri sjóðum sem skilgreindir eru á landsvísu, einkum varðandi sjóði (eignasöfn) sem styðja við líftryggingaafurðir. Númer eða kóði sem úthlutað er af félaginu, sem samsvarar einkvæma númerinu eða kóðanum sem hverjum sjóði er úthlutað. Þetta númer eða kóði verður að vera samkvæmt til lengri tíma og skal notað til að auðkenna sömu sjóði í öðrum sniðmátum (t.d. í S.06.02). Það skal ekki endurnotað fyrir annan sjóð.
C0080	Afleiður sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum	Tilgreina afleiðurnar sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg
C0090	Undirliggjandi gerningur afleiðunnar	Auðkenniskóði gerningsins (eign eða skuld) sem er undirliggjandi afleiðusamningnum. Gefa á upp þennan lið eingöngu fyrir afleiður sem eru með einn eða fleiri undirliggjandi gerninga í eignasafni félagsins. Vísitala er talin einn gerningur og skal tilgreind. Auðkenniskóði gerningsins sem undirliggjandi er afleiðunni með því að nota eftirfarandi forgang: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar fyrir undirliggjandi gerning þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir og verður að vera einkvæmur og samkvæmur yfir tíma fyrir þann gerning. — „Margar eignir/skuldbindingar“, ef undirliggjandi eignir eða skuldbindingar eru fleiri en ein. Ef undirliggjandi gerningur er vísitala skal tilgreina kóða vísitölunnar.
C0100	Tegund kóða eignar eða skuldar sem er undirliggjandi afleiðunni	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Undirliggjandi gerningur fyrir afleiðuna“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem félagið úthlutar í því tilviki að enginn ofangreindra valkosta sé tiltækur. Þennan valkost skal einnig nota fyrir tilvikin „Margar eignir/skuldbindingar“ og vísitölur.
C0110	Notkun afleiðu	Lýsa notkun afleiðnanna (eindar-/heildaráhættuvörn, skilvirkri stýringu eignasafns). Með eindaráhættuvörn er vísað til afleiða sem ná yfir einstakan fjármálagerning (eign eða skuld), áætluð viðskipti eða aðra fjárskuldbindingu. Með heildaráhættuvörn er vísað til afleiða sem ná yfir safn fjármálagerninga (eignir eða skuldir), áætluð viðskipti eða aðrar fjárskuldbindingar. Með skilvirkri stýringu eignasafns er venjulega vísað til starfsemi þar sem stjórnandinn reynir að auka tekjur af eignasafni með því að skipta út (lægra) sjóðstreymimynstri fyrir annað sem hefur hærra virði, með því að nota afleiðu eða safn afleiða, án þess að breyta samsetningu eignasafnsins, sem hafa lægri fjárfestingarfjárhæð og minni viðskiptakostnað. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Eindaráhættuvörn 2 – Heildaráhættuvörn 3 – Jöfnun sjóðstreymis fyrir eignir og skuldir sem notað er í tengslum við eignasafn, aðlagað vegna samræmingar 4 – Skilvirk stýring eignasafns, önnur en „Jöfnun sjóðstreymis fyrir eignir og skuldir sem notað er í tengslum við eignasafn, aðlagað vegna samræmingar“
C0131	Grundvallarfjárhæð afleiðunnar	Fjárhæðin sem er varin eða óvarin gagnvart afleiðunni, tilgreind í upphaflega gjaldmiðlinum. Fyrir framtíðarsamninga og valrétti samsvarar það stærð samnings margfaldaðri með virði kveikjuatburðarins og með fjölda samninga sem tilgreindir eru í þeirri línu. Fyrir skiptasamninga og framvirka samninga samsvarar það samningsfjárhæð samninganna sem tilgreindir eru í þeirri línu. Þegar virði kveikjuatburðarins samsvarar verðbili skal nota meðalvirði verðbilsins. Grundvallarfjárhæðin vísar til fjárhæðarinnar sem er áhættuvarin/fjárfest (þegar engin áhætta er varin). Ef fleiri viðskipti eiga sér stað skal hún vera hreina fjárhæðin á gagnaskiladeginum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0140	Kaupandi/Seljandi	Eingöngu fyrir framtíðarsamninga og valrétti, skiptasamninga og lánaafleiðusamninga. Tilgreina hvort afleiðusamningurinn var keyptur eða seldur. Fyrir skiptasamninga er staða kaupandans og seljandans skilgreind í tengslum við verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina og sjóðstreymi skiptasamningsins. Seljandi skiptasamnings á verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina við upphaf samningsins og samþykkir meðan samningsskilmálarnir eru í gildi að afhenda það verðbréf eða grundvallarfjárhæð, þ.m.t. sérhvert annað útstreymi sem tengist samningnum, þegar við á. Kaupandi skiptasamnings skal eignast verðbréfið eða grundvallarfjárhæðina við lok afleiðusamningsins og skal fá afhent það verðbréf eða grundvallarfjárhæð, þ.m.t. sérhvert annað innstreymi sem tengist samningnum, þegar við á. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá, að undanteknum vaxtaskipta-samningum: 1 – Kaupandi 2 – Seljandi Fyrir vaxtaskiptasamninga skal nota einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá skal notaður: 3 – FX–FL: Afhent með föstum fyrir fljótandi vexti 4 – FX–FX: Afhent með föstum fyrir fasta vexti 5 – FL–FX: Afhent með fljótandi fyrir fasta vexti 6 – FL–FL: Afhent með fljótandi fyrir fljótandi vexti
C0150	Greidd iðgjöld hingað til	Greiðslan sem reidd er af hendi (við kaup), fyrir valrétti og einnig fyrirframgreiddar og reglubundnar iðgjaldagreiðslur sem reiddar eru fram fyrir skiptasamninga, frá þeirri stundu sem félagið gerði afleiðusamninginn.
C0160	Móttekin iðgjöld hingað til	Móttekin greiðsla (við sölu), fyrir valrétti og fyrirframgreiddar og reglubundnar iðgjalda-greiðslur sem mótteknar eru fyrir skiptasamninga, frá þeirri stundu þegar félagið gerði afleiðusamninginn.
C0170	Fjöldi samninga	Fjöldi svipaðra afleiðusamninga sem tilgreindir eru í línuna. Það skal vera fjöldi samninganna sem gerðir hafa verið. Fyrir OTC-afleiður, t.d. einn skiptasamning, skal tilgreina „1“ og ef um er að ræða tíu skiptasamninga með sömu einkenni, skal tilgreina „10“. Fjöldinn á samningum getur verið brotatala, þegar þarf að skipta samningunum. Fjöldinn á samningum skal vera ná yfir þá sem eru útistandandi á gagnaskiladeginum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180	Umfang samnings	Fjöldi undirliggjandi eigna í samningnum (t.d. fyrir hlutabréfatengda framtíðarsamninga er það fjöldi hlutabréfa sem afhenda á fyrir hvern afleiðusamning á gjalddaga, fyrir framtíðarsamninga um skuldabréf er það viðmiðunarfjárhæðin sem undirliggjandi er hverjum samningi). Það hvernig stærð samningsins er ákvörðuð er breytilegt eftir tegund gerningsins. Fyrir hlutabréfatengda framtíðarsamninga er algengt að stærð samningsins sé ákvörðuð sem fall af fjölda hlutabréfa sem undirliggjandi eru samningnum. Fyrir framtíðarsamninga um skuldabréf er það nafnverð skuldabréfsins sem undirliggjandi er samningnum. Á eingöngu við um framtíðarsamninga og valrétti.
C0190	Hámarkstap við slita-atburð	Hámarksfjárhæð taps ef slitaatburður á sér stað. Á við um CIC-flokk F. Ef lánaafleiða er 100% veðtryggð, er hámarkstap við slitaatburð núll.
C0200	Útstreymisfjárhæð vegna skiptasamnings	Fjárhæð sem afhent er samkvæmt skiptasamningi (önnur en iðgjöld), innan gagnaskila-tímabilsins. Samsvarar greiddum vöxtum fyrir vaxtaskiptasamning og fjárhæðir sem afhentar eru fyrir gjaldeyrisskiptasamninga, skuldatryggingar, heildarskiptasamninga og aðra skiptasamninga. Í þeim tilvikum þegar uppgjörið á sér stað á hreinum grunni skal eingöngu tilgreina annan af liðunum C0200 og C0210.
C0210	Innstreymisfjárhæð vegna skiptasamnings	Fjárhæð sem móttekin er samkvæmt skiptasamningi (önnur en iðgjöld), innan gagnaskila-tímabilsins. Samsvarar mótteknum vöxtum fyrir vaxtaskiptasamning og fjárhæðir sem mótteknar eru fyrir gjaldeyrisskiptasamninga, skuldatryggingar, heildarskiptasamninga og aðra skiptasamninga. Í þeim tilvikum þegar uppgjörið á sér stað á hreinum grunni skal eingöngu tilgreina annan af liðunum C0200 og C0210.
C0220	Upphafsdagsetning	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd–mm–áááá) fyrir dagsetninguna þegar skuldbindingar samkvæmt samningnum verða virkar. Tilgreina skal þegar mismunandi dagsetningar eiga við um sömu afleiðu skal eingöngu tilgreina þá einu sem varðar fyrsta viðskiptadag með afleiðuna og eingöngu eina línu fyrir hverja afleiðu (ekki mismunandi línur fyrir hver viðskipti) sem endurspegla heildarfjárhæðina sem fjárfest er í þeirri afleiðu, að teknu tilliti til ólíkra dagsetninga viðskiptanna. Ef um er að ræða skuldskeytingu verður dagsetning skuldskeytingarinnar viðskiptadagurinn fyrir þá afleiðu.
C0230	Líftími	Líftími afleiðu, skilgreint sem eftirstæður leiðréttur líftími, fyrir afleiður sem mæling á líftíma á við um. Reiknaður út sem hreinn líftími á milli inn- og útstreymis frá afleiðunni, þegar við á.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0240	Gjaldþolsáætlun II - virði	Virði afleiðunnar frá og með gagnaskiladeginum, reiknað út eins og skilgreint er í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Það getur verið jákvætt, neikvætt eða núll.
C0250	Virðismatsaðferð	Tilgreina virðismatsaðferðina sem notuð er þegar afleiður eru verðmetnar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir sömu eignir eða skuldir 2 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir svipaðar eignir eða skuldir 3 – fráviksaðferðir fyrir virðismat 6 – markaðsvirði skv. 4. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35

		Upplýsingar um afleiður
C0040	Auðkenniskóði afleiðu	Auðkenniskóði afleiðu með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.
C0050	Tegund auðkenniskóða afleiðu	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði afleiðu“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu

		Upplýsingar um afleiður
C0260	Heiti mótaðila	Heiti mótaðilans að afleiðunni. Þegar tiltækt, skal þessi liður samsvara heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt skal það samsvara lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Heiti gjaldeyrismarkaðarins fyrir afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða — Heiti miðlægs mótaðila (CCP) fyrir OTC-afleiður, þar sem þær eru stöðustofnaðar í gegnum miðlægan mótaðila, eða — Heiti samningsbundna mótaðilans fyrir aðrar OTC-afleiður.
C0270	Kóði mótaðila	Auðkenniskóði mótaðilans, samkvæmt eftirfarandi forgangsröð: — LEI-auðkenni, þegar tiltækt, — Kóða sem félagið úthlutar og skal vera samkvæmur til lengri tíma þegar LEI-auðkenni er ekki tiltækt. Þessi liður á við um alla mótaðila, þ.m.t. fyrir afleiður sem stöðustofnaðar eru í gegnum miðlægan mótaðila, og vísar þá kóði mótaðila til þess miðlæga mótaðila.
C0280	Tegund kóða mótaðila	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0290	Ytra mat	Á eingöngu við um OTC-afleiður. Lánshæfismatið á mótaðila afleiðunnar á viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem veitt er af tilnefndri lánshæfismatsstofnun (utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki). Þessi liður á ekki við um afleiður sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Ef lánshæfismat á útgefanda er ekki tiltækt skal liðurinn látinn óútfylltur. Ef „Mörg utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“ eru tilgreind í C0300 á að tilgreina dæmigerðasta ytra lánshæfismatið.
C0300	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0290, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis skal tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki). — Þessi liður skal tilgreindur þegar „Ytra mat“ (C0290) er gefið upp.

	Upplýsingar um afleiður	
C0310	Lánshæfisþrep	Tilgreina lánshæfisþrepið sem mótaðilanum að afleiðunni er úthlutað, eins og skilgreint er í 1. mgr. 109. gr. a tilskipun 2009/138/EB. Lánshæfisþrepið skal endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem félögin sem nota staðalregluna gera innanhúss. Þessi liður á ekki við um afleiður sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1 2 – Lánshæfisþrep 2 3 – Lánshæfisþrep 3 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt
C0320	Innra mat	Innra mat á afleiðum fyrir félög sem nota innri möt. Fyrir félög sem beita aðlögun vegna samræmingar skal tilgreina innra matið að því marki sem innri möt eru notuð til að reikna út grundvallaráhættuálagið sem um getur í 2. mgr. 77. gr. c.
C0330	Samstæða mótaðila	Á eingöngu við um OTC-afleiður, varðandi samningsbundna mótaðila, aðra en gjaldeyrismarkað og miðlægan mótaðila. Heiti á endanlegu móðurfélagi mótaðila. Þegar tiltækt, skal þessi liður samsvara heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt skal það samsvara lögheitinu.
C0340	Kóði samstæðu mótaðila	Á eingöngu við um OTC-afleiður, varðandi samningsbundna mótaðila, aðra en gjaldeyrismarkað og miðlægan mótaðila. Auðkenniskóði mótaðilans, samkvæmt eftirfarandi forgangsröð: — LEI-auðkenni þegar tiltækt — Kóða sem félagið úthlutar, þegar LEI-auðkenni er ekki tiltækt, sem skal vera samkvæmur til lengri tíma. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið.

	Upplýsingar um afleiður	
C0350	Tegund kóða samstæðu mótaðila	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði samstæðu mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0360	Heiti samnings	Heiti afleiðusamningsins.
C0370	Gjaldmiðill	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðil afleiðunnar, þ.e. gjaldmiðil fyrir grundvallarfjárhæð afleiðunnar (t.d. valrétt sem er með undirliggjandi fjárhæð í bandaríkjadölum, gjaldmiðil þar sem grundvallarfjárhæðin er gefin upp sem samningsbundin vegna skiptasamnings í erlendum gjaldeyri).
C0371	Gjaldmiðill verðs	ISO-staðall 4217 bókstafakóði fyrir gjaldmiðil verðs afleiðunnar skal tilgreindur, þ.e. gjaldmiðill fjárhæðarinnar sem skipst er á fyrir grundvallarfjárhæð afleiðunnar. Til dæmis ef félagið greiðir (eða móttekur) gjaldmiðil A fyrir grundvallarfjárhæðina (gjaldmiðil B), er verðgjaldmiðillinn A. Gjaldmiðillinn fyrir grundvallarfjárhæðina er B, tilgreint í (C0370).
C0380	Uppbótarauðkenniskóði (CIC)	Uppbótarauðkenniskóði sem notaður er til að flokka eignir, eins og sett er fram í VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þegar afleiður eru flokkaðar með því að nota CIC-töfluna skulu félög taka tillit til dæmigerðustu áhættunnar sem afleiðan er óvarinn fyrir.
C0390	Virði kveikjuatburðar	Viðmiðunarverð fyrir framtíðarsamninga, lausnarverð fyrir valrétti (fyrir skuldabréf skal verðið vera prósenta af nafnverðinu), gengi gjaldmiðils eða vextir fyrir framvirka samninga, o.s.frv. Á ekki við um CIC D3 – Vextir og gjaldeyrisskiptasamningar. Skal ekki gefið upp fyrir CIC F1 – Skuldatryggingar, ef það er ekki mögulegt. Ef til lengri tíma um er að ræða fleiri en einn kveikjuatburð, skal tilgreina næsta kveikjuatburð, sem verður. Þegar afleiðan hefur bil kveikjuvirða skal tilgreina hvert þeirra aðgreint með kommu „ ,“ ef bilið er ekki samfellt og tilgreina bilið aðgreint með „–“ ef það er samfellt.
C0400	Kveikjuatburður sem leiðir til slita samnings	Atburðurinn sem veldur slitum samningsins, fyrir utan að renna út með venjulegum hætti eða vegna samningsskilyrða, skal tilgreindur. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gjaldþrot undirliggjandi aðila eða viðmiðunaraðila 2 – Óhagstætt verðfall á undirliggjandi viðmiðunareign 3 – Óhagstæð breyting í lánshæfismati undirliggjandi eignar eða aðila 4 – Skuldskeyting, þ.e. útskipti á afleiðuskuldbindingu fyrir nýja skuldbindingu, eða útskipti á aðila að afleiðunni fyrir nýjan aðila. 5 – Margir atburðir eða samsetning atburða 6 – Aðrir atburðir sem ofangreindir valkostir ná ekki yfir 9 – Enginn kveikjuatburður sem leiðir til slita

	Upplýsingar um afleiður	
C0430	Lokagjalddagi	Tilgreina samningsbundna skilgreinda kóðann ISO 8601 (dd–mm–áááá) fyrir lokadagsetningu afleiðusamningsins, hvort sem það er á gjalddaga eða deginum sem (evrópskir eða amerískir) valréttir renna út, o.s.frv.
C0440	Afhentur skiptasamningur	Tilgreina hvað félagið veitir samkvæmt skiptasamningnum (t.d. Euribor-vextir + 0,5%, 2,3%, EUR).
C0450	Móttekinn skiptasamningur	Tilgreina hvað félagið veitir samkvæmt skiptasamningnum (t.d. Euribor-vextir + 0,5%, 2,3%, EUR).

S.09.01 – Upplýsingar um ágóða/tekjur og tap á tímabilinu

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát inniheldur upplýsingar um ágóða/tekjur og tap eftir eignaflokki (þ.m.t. afleiðum), þ.e.a.s. ekki er krafist lið fyrir lið gagnaskila. Eignaflokkarnir sem fjallað er um í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar.

Á samstæðustigi á sniðmátið við um aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum), aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð) og samsetningu af aðferðum 1 og 2.

Þegar aðferð 1 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin endurspegla samstæðustöðu eignasafnanna (þ.e. að frádregnum viðskiptum innan samstæðu), innan ramma samstæðueftirlits. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu annarra tengdra félaga skal ekki tekið með,

Þegar aðferð 2 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin innihalda nákvæma skrá yfir eignasöfnin í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og dótturfélaga þeirra, ásamt arðsemi þeirra eftir eignaflokki. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu dótturfélaga (í EES, jafngildum löndum utan EES, löndum utan EES sem ekki eru jafngild) skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu annarra tengdra félaga skal ekki tekið með,

Þegar samsetning af aðferðum 1 og 2 er notuð verður annar hluti gagnaskilanna að endurspegla samstæðustöðu eignasafnanna (þ.e. að frádregnum viðskiptum innan samstæðu), innan ramma samstæðueftirlits og tilgreina á og hinn hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir eignasöfnin í eigu dótturfélaga, ásamt arðsemi þeirra eftir eignaflokki.

Fyrsti hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu annarra tengdra félaga skal ekki tekið með,

Annar hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu dótturfélaga (í EES, jafngildum löndum utan EES, löndum utan EES sem ekki eru jafngild) skulu tilgreind fyrir hvert eignasafn fyrir sig, eftir eignaflokki,

— Ágóði/tekjur og töp af eignasöfnum í eigu annarra tengdra félaga skal ekki tekið með,

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti félagsins	Tilgreina lögheiti félagsins innan ramma samstæðueftirlits og sem arðsemi fjárfestinganna tengist. Eingöngu skal færa inn í þennan lið þegar varðar arðsemi fjárfestinga eftir eignaflokki, fyrir eignir í eigu dótturfélaga á samstæðustigi samkvæmt frádráttar- og samlagningaraðferð. Eingöngu skal fylla í reitinn þegar varðar skránna yfir hvert eignasafn fyrir sig, tilgreint eftir eignaflokki, í eigu dótturfélaga samkvæmt aðferð 2. Þegar fyllt er í reitinn er ekki hægt að samrýma eignasöfnin í eigu dótturfélaga, samkvæmt aðferð 2, við sniðmát S.06.02. Þegar reiturinn er auður er hægt að samrýma eignasöfnin í eigu samstæðunnar við sniðmát S.06.02.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endur tryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Eignaflokkur	Tilgreina eignaflokkana sem eru í eignasafninu. Nota flokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar.
C0050	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Hagnaði/tekjum að því er varðar eignir sem undirliggjandi eru vátryggingaskuld líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og hagnaði/tekjum og tapi að því er varðar eignir sem undirliggjandi eru vátryggingaskuld skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatryggingaeignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggingar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060	Eignir sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum	Tilgreina eignirnar sem haldið er í söfnunarlíftryggingasamningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg
C0070	Arðgreiðslur	Fjárhæð arðgreiðslna yfir gagnaskilatímabilið, þ.e. mótteknar arðgreiðslur að frádregnum réttinum til að taka við arðgreiðslu sem þegar hefur verið færð við upphaf gagnaskilatímabilsins, að viðbættum réttinum til að fá arðgreiðslu sem færð er við lok gagnaskilatímabilsins. Á við um eignir með arðgreiðslum eins og hlutabréf, forgangsverðbréf og sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Nær einnig yfir arð af eignum sem hafa verið seldar eða fallið í gjalddaga.
C0080	Vextir.	Fjárhæð áunninna vaxta, þ.e. móttekinna vaxta að frádregnum áföllnum vöxtum við upphafa tímabilsins, að viðbættum áföllnum vöxtum við lok gagnaskilatímabilsins. Nær yfir móttekna vexti þegar eignin er seld/fellur í gjalddaga eða þegar arðmiðinn er móttekin. Á við um eignir með arðmiða- og vaxtagreiðslum eins og skuldabréf, lán og innstæður.
C0090	Leiga	Fjárhæð leigutekna, þ.e. móttekinnar leigu að frádreginni áfallinni leigu við upphafa tímabilsins, að viðbættri áfallinni leigu við lok gagnaskilatímabilsins. Nær einnig yfir móttekna leigu þegar eignin er seld eða fellur í gjalddaga. Á eingöngu við um fasteignir, án tillit til hlutverks þeirra.
C0100	Hreinn ágóði og tap	Hreinn ágóði og tap af eignum sem seldar hafa verið eða fallið í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu. Ágóðinn og tapið eru reiknuð út sem mismunurinn á milli söluvirðis eða virðis á gjalddaga og virðisins samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB við lok undangengins gagnaskilaárs (eða, í tilviki eigna sem keyptar eru á gagnaskilatímabilinu, yfirtökuvirðið). Hreina virðið getur verið jákvætt, neikvætt eða núll. Þennan útreikning skal gera án áfallinna vaxta.
C0110	Óinnleystur ágóði og tap	Óinnleystur ágóði og tap af eignum sem seldar hafa verið eða fallið í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu. Óinnleysti ágóðinn og tapið eru reiknuð út sem mismunurinn á milli virðisins samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB við lok gagnaskilaársins og virðisins samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB við lok undangengins gagnaskilaárs (eða, í tilviki eigna sem keyptar eru á gagnaskilatímabilinu, yfirtökuvirðisins). Hreina virðið getur verið jákvætt, neikvætt eða núll. Þennan útreikning skal gera án áfallinna vaxta.

S.10.01 – Verðbréfalánveiting og endurhverf verðbréfakaup

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát inniheldur skrá, lið fyrir lið, yfir samninga um verðbréfalánveitingar og endurhverf verðbréfakaup (kaupandi og seljandi), sem nær einnig yfir lausafjárskiptasamningana sem um getur í f-lið 2. mgr. 309. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

Þær skulu eingöngu tilgreindar þegar virði undirliggjandi verðbréfa innan og utan efnahagsreiknings sem ganga inn í lánveitinguna eða endurhverfu verðbréfakaupin, með gjalddaga eftir viðmiðunardagsetningu gagnaskila, stendur fyrir meira en 5% af heildarfjárfestingunum eins og tilgreint er í C0010/R0070 og C0010/R0220 sniðmáts S.02.01 þegar aðferð 1, eins og skilgreint er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þegar aðferð 1 er notuð ásamt aðferð 2, eins og skilgreint er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða aðferð 2 er einvörðungu notuð, þarf að aðlaga hlutfallið til að ná yfir liðina fyrir allar einingar sem teknar eru með innan sniðmáts S.06.02.

Tilgreina skal alla samninga sem eru á efnahagsreikningnum eða utan efnahagsreikningsins. Upplýsingarnar skulu ná yfir alla samninga á gagnaskilatímabilinu, án tillit til þess hvort þeir voru opnir eða lokaðir á gagnaskiladeginum. Fyrir samninga sem eru hluti af framlengingaráætlun, þar sem þeir að verulegu leyti tilheyra sömu viðskiptum, skal eingöngu tilgreina um opnar stöður.

Endurhverf verðbréfakaup (e. repo) eru skilgreind sem sala á verðbréfum að meðfylgjandi samkomulagi um að seljandinn kaupi verðbréfin til baka síðar. Verðbréfalánveiting er skilgreind sem lán eins aðila á verðbréfum til annars aðila, sem kallar á að lántakinn leggi fram veðtryggingu til lánveitandans.

Liði skal tilgreina með jákvæðu virði, nema annað sé tekið fram í hlutaðeigandi leiðbeiningum.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-töflu þessarar reglugerðar.

Hver og einn samningur um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingu skal tilgreindur í eins mörgum línum og þörf er á til að veita upplýsingarnar sem krafist er. Ef fyrir einn lið, einn valkostur passar einum hluta gerningsins sem tilgreindur er og annar valkostur öðrum hluta, þá þarf að sundurgreina samninginn nema annað sé tekið fram í leiðbeiningunum.

Sniðmátið á við um aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum), aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð) og samsetningu af aðferðum 1 og 2.

Þegar aðferð 1 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin endurspegla samstæðustöðu samninganna um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingu, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem stunduð eru innan ramma samstæðueftirlits. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknir með.

Þegar aðferð 2 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin innihalda nákvæma skrá yfir samninga um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og dótturfélaga þeirra, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknir með.

Þegar samsetning af aðferðum 1 og 2 er notuð verður annar hluti gagnaskilanna að endurspegla samstæðustöðu samninganna um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem stunduð eru innan ramma samstæðueftirlits, og tilgreina á og hinn hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir samningana um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og dótturfélaga þeirra, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er.

Fyrsti hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) félaga á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu annarra tengdra félaga skulu ekki teknir með.

Annar hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi samkvæmt aðferð 2, skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í beinni eigu (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, félaga í hliðarstarfsemi og félags með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög samkvæmt aðferð 2 (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildum löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki eru jafngild), skulu tilgreindir lið fyrir lið,

— Samningarnir um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu annarra tengdra félaga samkvæmt aðferð 2, skulu ekki teknir með.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti félagsins	Tilgreina lögheiti félagsins innan ramma samstæðueftirlits og sem á samningana um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar. Færa skal inn í þennan lið eingöngu þegar varðar samningana um endurhverf verðbréfakaup og verðbréfalánveitingar í eigu hluteignarfélaga, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálasviði og dótturfélaga samkvæmt frádráttar- og samlagningaraðferð.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Eignasafn	Aðgreining á milli líftrygginga, skaðatrygginga, hluthafasjóða, almennra (engin sundurliðun) og sjóða sem haldið er aðgreindum. Undirliggjandi eignum vátryggingaskuldar líftrygginga skal úthlutað á líftryggingaeignasafn og undirliggjandi eignum vátryggingaskuldar skaðatrygginga skal úthlutað á skaðatryggingaeignasafn (með því að nota nákvæmustu sundurliðun sem tiltæk er). Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingar 2 – Skaðatryggingar 3 – Varðir sjóðir 4 – Aðrir innri sjóðir 5 – Hluthafasjóðir 6 – Almennir Sundurliðunin er ekki skyldubundin, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, að undanskildri tilgreiningu á vörðum sjóðum, en skal tilgreind ef félagið notar sundurliðun innanhúss. Þegar félag beitir ekki sundurliðun skal nota „almennir“. Fyrir eignir sem haldið er utan efnahagsreiknings skal ekki tilgreina þennan lið.
C0050	Sjóðsnúmer	Gildir fyrir eignir sem haldið er í vörðum sjóðum eða öðrum innri sjóðum sem skilgreindir eru samkvæmt landsbundnum mörkuðum, einkum varðandi sjóði (eignasöfn) sem styðja við líftryggingaafurðir. Númer eða kóði sem úthlutað er af félaginu, sem samsvarar einkvæma númerinu eða kóðanum sem hverjum sjóði er úthlutað. Þetta númer eða kóði verður að vera samkvæmt til lengri tíma og skal notað til að auðkenna sömu sjóði í öðrum sniðmátum (t.d. í S.06.02). Það skal ekki endurnotað fyrir annan sjóð. Sjóðsnúmerið er ekki skyldubundið, nema landsbundna eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað.
C0060	Eignaflokkur	Tilgreina eignaflokka undirliggjandi eignar sem lánuð/veitt er sem hluti af verðbréfalánveitingum eða endurhverfum verðbréfakaupum. Nota flokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070	Heiti mótaðila	Heiti mótaðilans að samningnum. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu.
C0080	Kóði mótaðila	Auðkenniskóði mótaðilans með notkun kennimerkis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið.
C0090	Tegund kóða mótaðila	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn
C0100	Eignaflokkur mótaðila	Tilgreina veigamesta eignaflokkinn sem fengin er að láni/móttekin sem hluti af verðbréfalán-veitingum eða endurhverfum verðbréfakaupum. Nota eignaflokkana sem skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar.
C0110	Eignir sem haldið er í söfnunarlíftrygginga-samningum	Tilgreina hvort undirliggjandi eign, sem gefin er upp í C0060, er haldið í söfnunarlíftrygginga-samningum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingatengd eða vísitölutengd söfnunarlíftrygg 2 – Hvorki einingatengd né vísitölutengd söfnunarlíftrygg
C0120	Staða innan samningsins	Tilgreina hvort félagið er kaupandi eða seljandi í endurhverfu verðbréfakaupunum eða lánveitandi eða lántaki í verðbréfalánveitingunni. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Kaupandi í endurhverfum verðbréfakaupum 2 – Seljandi í endurhverfum verðbréfakaupum 3 – Lánveitandi í verðbréfalánveitingu 4 – Lántaki í verðbréfalánveitingu
C0130	Fjárhæð upphafsleggs	Stendur fyrir eftirfarandi fjárhæð: — Kaupandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Móttekin fjárhæð við upphaf samningsins — Seljandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Afsöluð fjárhæð við upphaf samningsins — Lánveitandi í verðbréfalánveitingu: Móttekin fjárhæð sem trygging við upphaf samningsins — Lántaki í verðbréfalánveitingu: Fjárhæð eða markaðsvirði móttekinna verðbréfa við upphaf samningsins

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0140	Fjárhæð lokaleggs	Þessi liður á eingöngu við um endurhverf verðbréfakaup og stendur fyrir eftirfarandi fjárhæðir: — Kaupandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Afsöluð fjárhæð á gjalddaga samningsins — Seljandi í endurhverfum verðbréfakaupum: Móttekin fjárhæð á gjalddaga samningsins
C0150	Upphafsdagur	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd–mm–áááá) fyrir upphafsdag samningsins. Upphafsdagur samningsins vísar til dagsetningarinnar þegar skuldbindingar samkvæmt samningnum verða virkar.
C0160	Lokagjalddagi	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd–mm–áááá) fyrir lokadagsetningu samningsins. Jafnvel þótt samningurinn sé án fasts líftíma, rennur hann venjulega út á tilteknum degi. Í þeim tilvikum verður að tilgreina þessa dagsetningu, ef engin innlausn á sér stað fyrir þann tíma. Samningi telst slitið þegar hann hefur fallið í gjalddaga, innlausn á sér stað eða samningnum er sagt upp. Fyrir samninga með engan skilgreindan gjalddaga skal tilgreina „31–12–9999“.
C0170	Virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II	Þessi liður á eingöngu við um samninga sem enn eru opnir á gagnaskiladeginum. Virði samninga um endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalánveitingu, samkvæmt reglum 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB um verðmat á samningum. Þetta virði getur verið jákvætt, neikvætt eða núll.

S.11.01 – Eignum haldið sem veði

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát skal lagt fram árlega þegar hlutfallið á virði eignanna sem haldið er sem veði af heildarefnahagsreikningi fer yfir 10%.

Ekki skal tilgreina safn eigna sem er til tryggingar fjárfestingu (þ.e. safn eigna sem veðsett er fyrir sértryggð skuldabréf) í þessu sniðmáti. Veðtryggingin sem ver endurtryggingarkröfur skal tilgreind í sniðmáti S.11.01.

Þetta sniðmát inniheldur skrá, lið fyrir lið, yfir eignir utan efnahagsreiknings sem haldið er sem veði til að tryggja eignir á efnahagsreikningi við lok skýrslutímabilsins. Veðtryggingar „sem haldið er“ teljast vera það þegar félögunum, sem er lýst hér að neðan eða eitt af félögunum sem eru hluti af samstæðunni, eiga „rétt á beinum aðgangi að veðtryggingunni“, þannig að veðtryggingin hefur verið falin einingunni og er auðgreinanleg út af fyrir sig.

Það samanstendur af ítarlegum upplýsingum að því er varðar eignirnar sem haldið er sem veði, en ekki hvað varðar veðsetningarfyrirkomulagið.

Ef um er að ræða veðtryggingasafn eða veðsetningarfyrirkomulag sem samanstendur að mörgum eignum, skal tilgreina eins margar línur og eignirnar eru í safninu eða fyrirkomulaginu.

Þetta sniðmát samanstendur af tveim töflum: Upplýsingar um stöður sem haldið er og upplýsingar um eignir.

Í töflunni „Upplýsingar um stöður sem haldið er“ skal hver eign sem haldið er sem veði tilgreind sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að færa á tilhlýðilegan hátt inn allar breytur sem krafist er í þeirri töflu. Ef hægt er að færa tvö virði á eina breytu fyrir sömu eign þarf að tilgreina þessa eign í fleiri en einni línu. Fasteign sem haldið er sem tryggingu fyrir veðlánum til einstaklinga skal tilgreind í einni línu.

Í töflunni „Upplýsingar um eignir“ skal hver eign sem haldið er sem veði tilgreind sérstaklega, með einni línu fyrir hverja eign og færa inn allar viðeigandi breytur sem krafist er í þeirri töflu.

Allir liðir nema liðirnir „Tegund eignar sem veðtryggingu er haldið fyrir“ (C0140), „Heiti mótaðilans sem setur veðtrygginguna“ (C0060) og „Heiti samstæðu mótaðilans sem setur veðtrygginguna“ (C0070), tengjast upplýsingum um eignirnar sem haldið er sem veði. Liður C0140 tengist eigninni á efnahagsreikningnum sem veðtryggingu er haldið fyrir, en liðir C0060 og C0070 tengjast mótaðilanum sem setur veðtrygginguna.

Eignaflokkarnir sem um getur í þessu sniðmáti eru þeir sömu og skilgreindir eru í IV. viðauka – Eignaflokkar þessarar reglugerðar og tilvísanir í uppbótarauðkenniskóða (CIC) vísa til VI. viðauka – CIC-töflu þessarar reglugerðar.

Sniðmát S.11.01 inniheldur eignir utan efnahagsreiknings sem haldið er sem veði til að verja eignir á efnahagsreikningi sem eru í beinni eigu félagsins og skal einnig tilgreina þessar fjárhæðir í S.03.01 í C0020/R0100 til R0130.

Sniðmátið á við um aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum), aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð) og samsetningu af aðferðum 1 og 2.

Þegar aðferð 1 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin endurspegla samstæðustöðu eignanna sem haldið er sem veði, innan ramma samstæðueftirlits, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignir sem hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar lið fyrir lið.

— Eignir sem félög í samstæðunni halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignirnar sem haldið er sem veði af öðrum tengdum félögum skulu ekki teknar með.

Þegar aðferð 2 er einvörðungu notuð skulu gagnaskilin innihalda nákvæma skrá yfir eignirnar sem haldið er sem veði af hluteignarfélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og dótturfélögum, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er. Gagnaskilin skulu fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignir sem hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði samkvæmt aðferð 2, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignir sem vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, félög í hliðarstarfsemi og félag með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildu svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins og á svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er ekki jafngilt) halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar af félagi lið fyrir lið,

— Eignirnar sem haldið er sem veði af öðrum tengdum félögum skulu ekki teknar með.

Þegar samsetning af aðferðum 1 og 2 er notuð verður annar hluti gagnaskilanna að endurspegla samstæðustöðu eignanna sem haldið er sem veði, innan ramma samstæðueftirlits, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, sem á að tilgreina og hinn hluti gagnaskilanna skal innihalda nákvæma skrá yfir eignirnar sem haldið er sem veði af hluteignarfélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og dótturfélögum, óháð hlutfallslega eignarhlutanum sem notaður er.

Fyrsti hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Ekki skal tilgreina liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignir sem hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar lið fyrir lið.

— Eignir sem félög í samstæðunni halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, skulu tilgreindar lið fyrir lið,

— Eignirnar sem haldið er sem veði af öðrum tengdum félögum skulu ekki teknar með.

Annar hluti gagnaskilanna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

— Tilgreina skal liðina „Lögheiti félagsins – C0010“ og „Auðkenniskóði félagsins – C0020“,

— Eignir sem hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar lið fyrir lið.

— Eignir sem vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, félög í hliðarstarfsemi og félag með sérstakan tilgang sem eru dótturfélög samkvæmt aðferð 2 (á Evrópska efnahagssvæðinu, jafngildu svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins og svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er ekki jafngilt) halda beint (þ.e. ekki á grundvelli gegnsæisaðferðar) sem veði, skulu tilgreindar af félaginu lið fyrir lið,

— Eignirnar sem haldið er sem veði af öðrum tengdum félögum samkvæmt aðferð 2 skulu ekki teknar með.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um stöður sem haldið er		
C0010	Lögheiti félagsins	Tilgreina lögheiti félagsins innan ramma samstæðueftirlits og sem á eignina sem veð. Færa skal inn í þennan lið eingöngu þegar varðar eignir sem haldið er sem veði af hluteignarfélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálasviði og dótturfélögum samkvæmt frádráttar- og samlagningaraðferð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að tilgreina eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“
C0050	Tegund eignaauðkenniskóða	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.
C0060	Heiti mótaðila sem setur veðtrygginguna	Heitið á mótaðilanum sem setur veðtrygginguna. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Þegar eignirnar á efnahagsreikningnum sem veðtryggingunni er haldið fyrir eru lán gegn tryggingum, skal tilgreina „Vátryggingartaka“.
C0070	Heiti samstæðu mótaðilans sem setur veðtrygginguna	Tilgreina efnahagslega samstæðu mótaðilans sem setur veðtrygginguna. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar hann lögheitinu. Þessi liður á ekki við þegar eignirnar á efnahagsreikningnum sem veðtryggingu er haldið fyrir eru lán gegn tryggingum.
C0080	Vörsluland	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem eignir félags eru í vörslu. Til að tilgreina alþjóðlega vörsluaðila, eins og Euroclear, er vörslulandið það land þar sem fjárvörslu-þjónustan var skilgreind samkvæmt samningi. Ef sama eignin er í vörslu í fleiri en einu landi skal tilgreina hverja eign sérstaklega í eins mörgum línum og þörf er á til að öll vörslulönd séu tilgreind á tilhlýðilegan hátt. Þessi liður á ekki við um veðtryggingar í CIC-flokki 8 – Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75 og um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir. Varðandi CIC-flokk 9, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), ákvarðast land útgefanda af heimilisfangi fasteignarinnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Magn	Fjöldi eigna, fyrir allar eignir, ef við á. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Nafnverð“ (C0100) er gefinn upp.
C0100	Nafnverð	Útistandandi fjárhæð mæld sem fjárhæð á gjalddaga, fyrir allar eignir þar sem þessi liður á við, og sem nafnverð fyrir CIC = 72, 73, 74, 75, 79 og 8. Þessi liður á ekki við um CIC-flokka 71 og 9. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Magn“ (C0090) er gefinn upp.
C0110	Virðismatsaðferð	Tilgreina virðismatsaðferðina sem notuð er þegar eignir eru verðmetnar. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir sömu eignir 2 – skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir svipaðar eignir 3 – fráviksaðferðir fyrir virðismat 4 – leiðréttar hlutdeildaraðferðir (eiga við um verðmat á hlutdeildum) 5 – hlutdeildaraðferðir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (eiga við um verðmat á hlutdeildum) 6 – Markaðsvirði samkvæmt 4. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35
C0120	Heildarfjárhæð	Virði reiknað út eins og skilgreint er í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem samsvarar: — margfölduninni á „Nafnverð (e. *par amount*)“ (útstandandi höfuðstóll mældur á nafnverði) með „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ plús „Áfallnir vextir“, fyrir eignir þar sem fyrstu tveir liðirnir eiga við, — „magni“ margfölduðu með „Einingarverði Gjaldþolsáætlunar II“, fyrir eignir þar sem þessir tveir liðir eiga við, — virði eigna samkvæmt Gjaldþolsáætlun II fyrir eignir sem hægt er að flokka undir eignaflokka 71 og 9.
C0130	Áfallnir vextir	Gefa upp fjárhæð uppsafnaðra vaxta eftir síðasta arðmiðadagsetningu fyrir vaxtaberandi verðbréf. Athuga að þetta virði er einnig hluti af liðnum „Heildarfjárhæð“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0140	Tegund eignar sem veðtryggingu er haldið fyrir	Tilgreina tegund eignar sem veðtryggingunni er haldið fyrir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ríkisskuldabréf 2 – Fyrirtækjaskuldabréf 3 – Hlutafé 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 5 – Samsettar skuldaviðurkenningar 6 – Veðtryggð verðbréf 7 – Reiðufé og innlán 8 – Veðlán og lán 9 – Fasteignir 0 – Aðrar fjárfestingar (þ.m.t. viðskiptakröfur) X – Afleiður Til dæmis skal valkostur „0 – Aðrar fjárfestingar“ valinn fyrir veðtrygginguna sem ver endurtryggingarkröfur

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Upplýsingar um eignir		
C0040	Auðkenniskóði eignar	Auðkenniskóði eignar með notkun eftirfarandi forgangsröðunar: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóða sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma. Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eign sem gefin er út í 2 eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum, er nauðsynlegt að tilgreina eignaauðkenniskóðann og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, eins og í eftirfarandi dæmi: „kóði + EUR“
C0050	Tegund eignaauðkenniskóða	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið)

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þegar tilgreina þarf sama auðkenniskóða eignar fyrir eina eign sem gefin er út í tveimur eða fleiri mismunandi gjaldmiðlum og kóðinn í C0040 er skilgreindur með eignaauðkenniskóða og ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðilsins, skal tegund eignaauðkenniskóðans vísa til valkostar 99 og valkostar upphaflega eignaauðkenniskóðans, eins og í eftirfarandi dæmi þar sem tilgreindi kóðinn var ISIN-númerakóði + gjaldmiðill: „99/1“.
C0150	Heiti liðs	Tilgreina tilkynnta liðinn með því að færa inn heiti eignarinnar (eða heimilisfangið ef um er að ræða fasteign) ásamt upplýsingunum sem félagið ákvarðar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga, skal þessi liður innihalda „Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar“ eða „Lán til annarra einstaklinga“, samkvæmt eðli þeirra, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir. Lán til annarra en einstaklinga skal tilgreina línu fyrir línu. — Þessi liður á ekki við um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, eða um CIC 71 og CIC 75. — Þegar veðtryggingin samanstendur af vátryggingarsamningum (varðandi lán sem veðtryggð eru með vátryggingarsamningum) þarf ekki að einstaklingssníða þessa samninga og þessi liður á ekki við. — Fyrir fasteign skal tilgreina landskóða ISO Alpha-2 + póstnúmer + borg + götuheiti + götunúmer fasteignarinnar sem haldið er, eða breiddar- og lengdargráðu, eða CRESTA/NUTS-flokkun landsvæðis fjárfestingareignarinnar: Stjórnsýsluleg mörk (t.d. fylkis- eða sýslumörk, t.d. 3. stig NUTS) eða samsteypt póstnúmerasvæði (t.d. tvo fyrstu tölustafi póstnúmerasvæða, svipað og CRESTA 2019[2] svæði í lítilli upplausn).
C0160	Heiti útgefanda	Heiti útgefandans, skilgreint sem eining sem gefur út eignir til fjárfesta, sem standa fyrir hluta af fjármagni hennar, hluta af skuld hennar, afleiðum, o.s.frv. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er heiti útgefandans heitið á rekstraraðila sjóðsins,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er heiti útgefandans heitið á vörsluaðilanum, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga, skal þessi liður innihalda „Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar“ eða „Lán til annarra einstaklinga“, samkvæmt eðli þeirra, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir, — Varðandi CIC 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0170	Kóði útgefanda	Tilgreining á kóða útgefandans með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er kóði útgefandans kóðinn fyrir rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er kóði útgefandans kóðinn fyrir vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign, Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga.
C0180	Tegund kóða útgefanda	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Kóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga. Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0190	Geiri útgefanda	Tilgreina atvinnuveg útgefandans, byggt á kóða nýjustu útgáfu atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE) (eins og birt er í EB-reglugerð). Fyrir þætti A til N í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) er krafist að allir fjórir tölustafir kóða atvinnugreinaflokkunarinnar séu tilgreindir, þ.e. nota skal bókstafinn sem auðkennir þáttinn og þar á eftir 4 tölustafa kóðann fyrir flokkinn (t.d. „K6411“). Fyrir þættina sem eftir eru skal að lágmarki nota bókstafatilvísun kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, sem auðkennir þáttinn, til að auðkenna þættina (t.d. væri „P“ eða „P8501“ ásættanlegt).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er atvinnuvegur útgefandans atvinnuvegurinn sem rekstraraðili sjóðsins tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er atvinnuvegur útgefandans sá atvinnuvegur sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga.
C0200	Heiti samstæðu útgefanda	Heiti á endanlegu móðurfélagi útgefanda. Þegar tiltækt, samsvarar þessi liður heiti einingarinnar í gagnasafninu yfir LEI-auðkenni. Þegar það er ekki tiltækt samsvarar það lögheitinu. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, eiga tengsl samstæðunnar við um rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán (fyrir veðlán og lán til einstaklinga) Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0210	Kóði samstæðu útgefanda	Auðkenniskóði samstæðu útgefanda með notkun auðkennis lögaðila (LEI), ef tiltækt. Ef ekki tiltækt skal ekki tilgreina þennan lið. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, eiga tengsl samstæðunnar við um rekstraraðila sjóðsins, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), eiga tengsl samstæðunnar við um vörsluaðilann,

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Varðandi CIC 8 – Veðlán og lán, önnur en veðlán og lán til einstaklinga, eiga tengsl samstæðunnar við um lántakann, — Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán (fyrir veðlán og lán til einstaklinga) Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0220	Tegund kóða samstæðu útgefanda	Tilgreining á kóðanum sem er notaður fyrir liðinn „Samstæðukóði útgefanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 9 – Enginn Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, þegar tengist veðlánum og lánum til einstaklinga. Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75 og CIC-flokk 9 – Fasteign.
C0230	Land útgefanda	ISO 3166–1 alpha–2 kóði landsins þar sem útgefandinn er staðsettur. Staðfang útgefandans ákvarðast af heimilisfangi einingarinnar sem gefur út eignina. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Varðandi CIC-flokk 4 – Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, er land útgefandans landið sem rekstraraðili sjóðsins tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 7 – Reiðufé og innlán (að undanskildum CIC 71 og CIC 75), er land útgefandans landið sem vörsluaðilann tilheyrir, — Varðandi CIC-flokk 8 – Veðlán og lán, önnur en CIC 87 og CIC 88, skulu upplýsingarnar tengjast lántakanum, — Þessi liður á ekki við um CIC 71, CIC 75, CIC 09 og CIC-flokk 9 – Fasteign, Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: — ISO 3166-1-alpha-2 kóða — XA: Yfirþjóðlegir útgefendur — EU: Stofnanir Evrópusambandsins
C0240	Gjaldmiðill	Tilgreina ISO 4217 bókstafakóða gjaldmiðils útgáfunnar. Eftirfarandi skal tekið til athugunar:

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Þessi liður á ekki við um CIC-flokk 8 – Veðlán og lán (fyrir veðlán og lán til einstaklinga, þar sem ekki þarf að einstaklingssníða þessar eignir), CIC 75 og um CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), af sömu ástæðu. — Varðandi CIC-flokk 9, að undanskildum CIC 95 – Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota), samsvarar gjaldmiðillinn gjaldmiðli fjárfestingarinnar.
C0250	Uppbótarauðkenniskóði (CIC)	Uppbótarauðkenniskóði sem notaður er til að flokka eignir, eins og sett er fram í VI. viðauka – CIC-tafla þessarar reglugerðar. Þegar eign er flokkuð með því að nota CIC-töfluna skulu félög taka tillit til dæmigerðustu áhættunnar sem eignin er óvarinn fyrir.
C0260	Einingarverð	Einingarverð eignarinnar, ef við á. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II“ (C0270) er gefinn upp.
C0270	Prósenta af nafnverði einingarverðs Gjaldþolsáætlunar II	Fjárhæð í prósentum af bókfærðu verði, hreint verð án áfallinna vaxta, fyrir eignina, ef við á. Þessi liður skal tilgreindur ef upplýsingar hafa verið veittar um „nafnverð“ (C0100) í fyrsta hluta sniðmátsins („Upplýsingar um stöður sem haldið er“) nema fyrir CIC-flokka 71 og 9. Þessi liður skal ekki tilgreindur ef liðurinn „Einingarverð Gjaldþolsáætlunar II“ (C0260) er gefinn upp.
C0280	Lokagjalddagi	Á eingöngu við um CIC-flokka 1, 2, 5, 6 og 8, CIC 74 og CIC 79. Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd–mm–áááá) fyrir gjalddagann. Hann samsvarar alltaf gjalddaganum, jafnvel fyrir innkallanleg verðbréf. Eftirfarandi skal tekið til athugunar: — Fyrir skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma skal tilgreina „31–12–9999“ — Fyrir CIC-flokk 8, varðandi lán og veðlán til einstaklinga, skal tilgreina vegna (á grundvelli fjárhæðar láns) líftímann sem eftir er.

S.22.01 – Áhrifin af langtímaábyrgðum og umbreytingaráðstöfunum

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við þegar félag, innan ramma samstæðueftirlits, notar a.m.k. eina aðlögun vegna langtímaábyrgða eða umbreytingaráðstafana.

Þetta sniðmát skal endurspegla áhrifin á fjárhagsstöðuna þegar umbreytingaráðstöfun er ekki notuð og hver aðlögun vegna langtímaábyrgða eða umbreytingaráðstafana er núll. Í þeim tilgangi ætti að fylgja áfangaskiptri aðferð með því að undanskilja hverja umbreytingaráðstöfun og langtímaábyrgð fyrir sig og án þess að endurreikna áhrifin af eftirstandandi ráðstöfunum eftir hvern áfanga. Þar sem mögulegt er innan samstæðu að beita báðum gerðum af umbreytingarráðstöfun fylgir sniðmátið stighækkandi áfangaskiptri aðferð.

Áhrifin þurfa að vera tilgreind með jákvæðu gildi ef þau hækka fjárhæðina á liðnum sem tilgreindur er og með neikvæðu gildi ef þau lækka fjárhæðina á liðnum (t.d. ef fjárhæð gjaldþolskröfunnar hækkar eða ef fjárhæð gjaldþolsins hækkar þá ætti að birta jákvæð gildi).

Fjárhæðirnar sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti skulu vera að frádregnum viðskiptum innan samstæðu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010	Fjárhæð með langtíma-ábyrgðum og umbreytingaráðstöfun-um – vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar að meðtalinni langtímaábyrgð og umbreytingar-ráðstöfunum.
C0020/R0010	Án umbreytingaráðstöf-unar á vátryggingaskuld – vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar án leiðréttingarinnar vegna umbreytingar-frádráttarins á vátryggingaskuld, en með leiðréttingum vegna aðlögunar vegna óstöðugleika og aðlögunar vegna samræmingar. Ef umbreytingarfrádráttur á vátryggingaskuld á ekki við skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0010.
C0030/R0010	Áhrifin af umbreytingaráðstöfun á vátryggingaskuld – vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vergu vátryggingaskuldinni vegna beitingar umbreytingar-frádráttarins á vátryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld og vátryggingaskuldarinnar með langtímaábyrgðum og umbreytingaráð-stöfunum.
C0040/R0010	Án umbreytingaráð-stöfunar á vexti – vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar án leiðréttingarinnar vegna umbreytingaráð-lögunar á viðeigandi áhættulausum vaxtaferli, en með leiðréttingum vegna aðlögunar vegna óstöðugleika og aðlögunar vegna samræmingar. Ef umbreytingaraðlögun á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil á ekki við, skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0020.
C0050/R0010	Áhrifin af umbreytingaráðstöfun á vexti – vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vergu vátryggingaskuldinni vegna beitingar umbreytingaráð-lögunarinnar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausum vaxtaferli og vátryggingaskuldarinnar með langtímaábyrgðum og umbreytingaráðstöfunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060/R0010	Án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana – vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar án leiðréttinganna vegna umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld, umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og aðlögunar vegna óstöðugleika, en með leiðréttingum vegna aðlögunarinnar vegna samræmingar, ef einhver. Ef aðlögun vegna óstöðugleika á ekki við, skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0040.
C0070/R0010	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll – vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vergu vátryggingaskuldinni vegna beitingar aðlögunarinnar vegna óstöðugleika. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana og hæstu vátryggingaskuldarinnar sem tilgreind er samkvæmt C0010, C0020 og C0040.
C0080/R0010	Án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra – vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vergrar vátryggingaskuldar án nokkurrar langtímaábyrgðar. Ef aðlögun vegna samræmingar á ekki við, skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0060.
C0090/R0010	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll – vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vergu vátryggingaskuldinni vegna beitingar aðlögunarinnar vegna samræmingar. Hún skal ná yfir áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika og aðlögunina vegna samræmingar á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra umbreytingarráðstafana og hæstu vátryggingaskuldarinnar sem tilgreind er samkvæmt C0010, C0020, C0040 og C0060.
C0100/R0010	Áhrifin af öllum langtímaábyrgðum og umbreytingaráðstöfunum – vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vergu vátryggingaskuldinni vegna beitingar langtímaábyrgða og umbreytingarráðstafana.
C0010/R0020	Fjárhæð með langtímaábyrgðum og umbreytingaráðstöfunum – kjarnagjaldþol	Heildarfjárhæð kjarnagjaldþols, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar að meðtöldum aðlögununum vegna langtímaábyrgða og umbreytingaráðstafana.
C0020/R0020	Án umbreytingaráðstöfunar á vátryggingaskuld – kjarnagjaldþol	Heildarfjárhæð kjarnagjaldþols, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar án leiðréttingarinnar vegna umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld, en með leiðréttingunum vegna aðlögunar vegna óstöðugleika og aðlögunar vegna samræmingar. Ef umbreytingarfrádráttur á vátryggingaskuld á ekki við skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0010.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030/R0020	Áhrifin af umbreytingaráðstöfun á vátryggingaskuld – kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins, reiknað út að teknu tilliti til vátryggingaskuldarinnar án umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþolsins, reiknað út með vátryggingaskuldinni með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0040/R0020	Án umbreytingaráðstöfunar á vexti – kjarnagjaldþol	Heildarfjárhæð kjarnagjaldþols, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar án leiðréttingarinnar vegna umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausum vaxtaferli, en með leiðréttingunum vegna aðlögunar vegna óstöðugleika og aðlögunar vegna samræmingar. Ef umbreytingaraðlögun á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil á ekki við, skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0020.
C0050/R0020	Áhrifin af umbreytingaráðstöfun á vexti – kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausum vaxtaferli. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins, reiknað út að teknu tilliti til vátryggingaskuldarinnar án umbreytingarfrádráttar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og kjarnagjaldþolsins, reiknað út með vátryggingaskuldinni sem tilgreind er samkvæmt C0020.
C0060/R0020	Án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana – kjarnagjaldþol	Heildarfjárhæð kjarnagjaldþols, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar án leiðréttinganna vegna umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld, umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausum vaxtaferli og aðlögunar vegna óstöðugleika, en með leiðréttingunum vegna aðlögunar vegna samræmingar. Ef aðlögun vegna óstöðugleika á ekki við, skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0040.
C0070/R0020	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll – kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar á aðlögun vegna óstöðugleika. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins, reiknað út að teknu tilliti til vátryggingaskuldarinnar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafanna og kjarnagjaldþolsins, reiknað út með vátryggingaskuldinni sem tilgreind er samkvæmt C0040.
C0080/R0020	Án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra – kjarnagjaldþol	Heildarfjárhæð kjarnagjaldþols, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar án allra langtímaábyrgða. Ef aðlögun vegna samræmingar á ekki við, skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0060.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090/R0020	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll – kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar á aðlögun vegna samræmingar. Hún skal ná yfir áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika og aðlögunina vegna samræmingar á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins, reiknað út að teknu tilliti til vátryggingaskuldarinnar án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra umbreytingarráðstafanna og kjarnagjaldþolsins, reiknað út með vátryggingaskuldinni sem tilgreind er samkvæmt C0060.
C0100/R0020	Áhrifin af langtíma-ábyrgðum og umbreytingaráðstöf-unum – kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar langtímaábyrgða og umbreytingarráðstafana.
C0010/R0030	Fjárhæð með langtíma-ábyrgðum og umbreytingaráðstöfun-um – kjarnagjaldþol – eignir umfram skuldir	Heildarfjárhæð eigna umfram skulda, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar að meðtöldum aðlögununum vegna langtímaábyrgða og umbreytingaráðstafana.
C0020/R0030	Án umbreytingaráð-stöfunar á vátrygginga-skuld – kjarnagjaldþol – eignir umfram skuldir	Heildarfjárhæð eigna umfram skulda, reiknuð út að teknu tilliti til vátryggingaskuldar án leiðréttingarinnar vegna umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld, en með leiðrétt-ingunum vegna aðlögunar vegna óstöðugleika og aðlögunar vegna samræmingar. Ef umbreytingarfrádráttur á vátryggingaskuld á ekki við skal tilgreina sömu fjárhæð og í C0010.
C0030/R0030	Áhrifin af umbreytingaráðstöfun-um á vátryggingaskuld – kjarnagjaldþol – eignir umfram skuldir	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á eignum umfram skuldum vegna beitingar umbreytingarfrá-dráttarins á vátryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli eigna umfram skuldir, reiknað út að teknu tilliti til vátryggingaskuldarinnar án umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld og eigna umfram skuldir, reiknað út með vátryggingaskuldinni með langtímaábyrgðum og umbreytingar-ráðstöfunum.
— Ef félagið beitir fullri aðlögun vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á stigi einingarinnar, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út líkt og ekkert tap sé af fjölþættingu og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einfölduninni á stigi áhættuundireininga fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út að teknu tilliti beinu samtölunnar á undireiningarstigi og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættueiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út að teknu tilliti beinu samtölunnar á einingarstigi og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta.

Aðlöguninni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, skal úthluta (C0050) á viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaáhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu). Fjárhæðina sem á að úthluta á hverja viðkomandi áhættueiningu skal reikna út á eftirfarandi hátt:

$$\text{Calculation of q factor} = \frac{\text{adjustment}}{\text{BSCR}' - \text{nSCR}_{\text{int}}}$$

þar sem

—	*leiðrétting*	=	Leiðrétting reiknuð út samkvæmt einni þeirra þriggja aðferða sem getið er að ofan
—	*BSCR'*	=	Grunngjaldþolskrafa reiknuð út samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti (C0040/R0100)
—	$nSCR_{int}$	=	Ígildi gjaldþolskröfu fyrir áhættu óefnislegra eigna samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti (C0040/R0070)

— Margföldun á þessum „q þætti“ með ígildi gjaldþolskröfu hverrar viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaráhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu)

Fyrir gagnaskil samstæðu skulu eftirfarandi sértækar kröfur uppfylltar:

a) Upplýsingarnar fram til R0460 eiga við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

b) Þegar samsetning aðferða er notuð á eingöngu að leggja fram upplýsingarnar fram til R0460 fyrir þann hluta samstæðunnar sem reiknaður er út með aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. tilskipunar um Gjaldþolsáætlun II, til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með notkun á staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Sjóðs-/eignasafnsnúmer	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu, innan ramma samstæðueftirlits, og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við sjóðsnúmerið/eignasafnsnúmerið sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
R0010–R0050/ C0030	Hrein gjaldþolskrafa	Fjárhæð hreinu gjaldþolskröfunnar fyrir hverja áhættueiningu, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Mismunurinn á milli hreinu og vergu gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda í samræmi við 205. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa í samræmi við 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á aðlöguninni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu.
R0010–R0050/ C0040	Verg gjaldþolskrafa	Fjárhæð vergu gjaldþolskröfunnar fyrir hverja áhættueiningu, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Mismunurinn á milli hreinu og vergu gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda eins og mælt er fyrir um í 206. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa eins og mælt er fyrir um í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á aðlöguninni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0010–R0050/ C0050	Úthlutun frá aðlöguninni vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum og eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Hluti aðlögunarinnar sem úthlutað er á hverja áhættueiningu samkvæmt aðferðinni sem lýst er í almennu athugasemdunum. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð.
R0060/C0030	Hrein gjaldþolskrafa – fjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli grunngjaldþolskröfu hreinna áhættueininga, þ.m.t. fjölþætting innan hverrar áhættueiningar, vegna beitingarinnar á fylgnifylkinu sem skilgreint er í IV. viðauka tilskipunar 2009/138/ESB. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0060/C0040	Verg gjaldþolskrafa – fjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli grunngjaldþolskröfu vergra áhættueininga, þ.m.t. fjölþætting innan hverrar áhættueiningar, vegna beitingarinnar á fylgnifylkinu sem skilgreint er í IV. viðauka tilskipunar 2009/138/ESB. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0070/C0030	Hrein gjaldþolskrafa – áhætta af óefnislegum eignum	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, eftir aðlögunina vegna hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi, fyrir áhættu af óefnislegum eignum, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna.
R0070/C0040	Verg gjaldþolskrafa – áhætta af óefnislegum eignum	Valkvæðar framtíðarágóðahlutdeildir í samræmi við 205. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 fyrir áhættu af óefnislegum eignum eru núll samkvæmt staðalreglu, þ.a.l. er R0070/C0040 jafnt og R0070/C0030.
R0100/C0030	Hrein gjaldþolskrafa – grunngjaldþolskrafa	Fjárhæð grunngjaldþolskröfunnar, eftir að tekið er tillit til valkvæðra framtíðarágóðahlutdeilda eins og mælt er fyrir um í 206. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa sem um getur í 304. gr. tilskipunar 2009/138/ESB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu. Þessa fjárhæð á að reikna út sem samtölu hreinu gjaldþolskrafnanna fyrir hverja áhættueiningu innan staðalreglunnar, þ.m.t. leiðréttingu fyrir fjölþættingaráhrifum innan staðalreglunnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0100/C0040	Verg gjaldþolskrafa – grunngjaldþolskrafa	Fjárhæð grunngjaldþolskröfunnar, áður en tekið er tillit til valkvæðra framtíðarágóða-hlutdeilda sem um getur í 205. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna. Í þessari fjárhæð skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa eins og mælt er fyrir um í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum. Þessir reitir ná ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi. Þessar tölur sýna gjaldþolskröfuna líkt og ekkert tap hafi orðið af fjölþættingu. Þessa fjárhæð á að reikna út sem samtölu vergu gjaldþolskrafnanna fyrir hverja áhættueiningu innan staðalreglunnar, þ.m.t. leiðréttingu fyrir fjölþættingaráhrifum innan staðalreglunnar.
Útreikningur á gjaldþolskröfu		
R0120/C0100	Aðlögun fyrir samantekt ígildis gjaldþolskröfu vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Aðlögun til að leiðrétta bjögunina í útreikningi á gjaldþolskröfu vegna samantektar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, á áhættueiningarstigi. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð.
R0130/C0100	Rekstraráhætta	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir rekstraráhættueiningu, eins og reiknuð er út með því að nota staðalregluna.
R0140/C0100	Tapgleypni vátryggingaskuldar	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar, reiknuð út í samræmi við staðalregluna. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði. Á stigi sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar og á einingastigi, þegar hvorki sjóður sem haldið er aðgreindum (annarra en skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) né eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, er til staðar, er hún hámarkið á milli núll og fjárhæðarinnar sem samsvarar lágmarkinu á milli vátryggingaskuldarinnar án áhættuálags í tengslum við valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni að frádreginni endurtryggingu og mismuninum á milli vergrar og hreinnar grunngjaldþolskröfu. Þegar til staðar er sjóður sem haldið er aðgreindum (annar en skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, skal þessi fjárhæð reiknuð út sem samtalan á tapgleypni vátryggingaskuldar hvers sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, og eftirstæðs hluta, að teknu tilliti til hreinnar valkvæðrar ágóðahlutdeildar í framtíðinni sem hæstu mörk.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0150/C0100	Tapgleypni frestaðs skatts	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir tapgleypni frestaðs skatts, reiknuð út samkvæmt staðalreglunni. Þessi fjárhæð skal vera neikvæð.
R0160/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, reiknuð út í samræmi við reglurnar í 17. gr. tilskipunar 2003/41/EB, fyrir varða sjóði er tengjast starfrækslu lífeyris samkvæmt 4. gr. tilskipun 2003/41/EB sem umbreytingaráðstöfunum er beitt á. Þennan lið á eingöngu að tilgreina á umbreytingartímabilinu.
R0200/C0100	Gjaldþolskrafa reiknuð út á grundvelli a-liðar 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, að undanskildu viðbótar-gjaldþoli	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, á undan sérhverju viðbótagjaldþoli, reiknuð út í samræmi við a-lið 336. gr., þ.e. á grundvelli samstæðugagna eins og um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þ.m.t. gagna frá sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem lúta stjórn og fjárfestingum sem pakkaðar eru sem sjóðir.
R0210/C0100	Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem hefur verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0211/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund a	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem hefur verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.
R0212/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund b	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem hefur verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.
R0213/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund c	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem hefur verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.
R0214/C0100	þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund d	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem hefur verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0220/C0100	Gjaldþolskrafa á samstæðugrundvelli	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir félög samkvæmt aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Í henni skal taka með alla þætti gjaldþolskröfu á samstæðugrundvelli, gjaldþolskröfu sem reiknuð er út á grundvelli samstæðugagna (R0200), þ.m.t viðbótargjaldþol (R0210) og gjaldþolskröfur félaga í öðrum fjármálageirum (R0500), gjaldþolskröfu fyrir hlutdeildir í óeftirlitsskyldum félögum (R0540), gjaldþolskröfu fyrir eftirstæð félög (R0550) og gjaldþolskröfur fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir (R0555).
Aðrar upplýsingar um gjaldþolskröfu		
R0400/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir undireiningu hlutabréfa-áhættu sem byggir á líftíma	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma.
R0410/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eftirstæðan hluta	Fjárhæð fyrir ígildi gjaldþolskrafnanna á eftirstæðum hluta þegar samstæða er með sjóð sem haldið er aðgreindum.
R0420/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir varða sjóði	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum þegar samstæða er með sjóð sem haldið er aðgreindum (aðra en þá sem tengjast starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB (umbreytingaráðstöfun)).
R0430/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir öll eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar.
R0440/C0100	Fjölþættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum að því er varðar 304. gr.	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir fjölþættingaráhrif á milli varðra sjóða skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB og eftirstæða hlutans, eftir atvikum.
R0450/C0100	Aðferð sem notuð er til að reikna út aðlögunina fyrir samantekt ígildis gjaldþolskröfu vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum/ eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Aðferð sem notuð er til að reikna út aðlögunina fyrir samantekt ígildis gjaldþolskröfu vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Heildstæður endurútreikningur 2 – Einföldun á áhættuundireiningarstigi 3 – Einföldun á áhættueiningarstigi 4 – Án leiðréttingar Þegar samstæðan er ekki með sjóð sem haldið er aðgreindum (eða eingöngu með sjóð sem haldið er aðgreindum skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) skal það velja valkost 4.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0460/C0100	Hrein valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni	Fjárhæð fyrir vátryggingaskuld án áhættuálags í tengslum við valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni að frádreginni endurtryggingu.
R0470/C0100	Lágmarksgjaldþolskrafa á samstæðugrundvelli	Fjárhæð lágmarksgjaldþolskröfu á samstæðugrundvelli eins og tekið er fram í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0500/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum)	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir aðra fjármálageira. Gert er ráð fyrir að R0500 sé jafnt og samtalan á R0510, R0520 og R0530. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan inniheldur félag sem fellur undir gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum, s.s. banka, og er þá gjaldþolskrafan reiknuð út í samræmi við gildandi kröfur.
R0510/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) – lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða.	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan tekur með félög sem eru lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða og rekstrarfélög verðbréfasjóða sem falla undir gjaldþolskröfur, reiknaðar út í samræmi við viðkomandi sérreglur.
R0520/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) – stofnanir um starfstengdan lífeyri	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir stofnanir um starfstengdan lífeyri. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan tekur með félög sem eru stofnanir um starfstengdan lífeyri sem falla undir gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum, reiknaðar út í samræmi við viðkomandi sérreglur.
R0530/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) – gjaldþolskrafa fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi. Þessi tala stendur fyrir ígildi gjaldþolskröfu, sem reiknuð er út ef beita á viðkomandi sérreglum. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan tekur með félög sem eru óeftirlitsskyld og leggja stund á fjármálastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0540/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir hlutdeildir í óeftirlitsskyldum félögum	Fjárhæð á hlutfallslegum hluta gjaldþolskröfunnar fyrir tengd vátrygginga- og endurtryggingafélög og eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem ekki eru dótturfélög, í samræmi við b-lið 1. mgr. 336. gr. framseld reglugerðar (ESB) 2015/35. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu og samsvarar, fyrir þau félög sem ekki eru dótturfélög, gjaldþolskröfunni reiknaðri út í samræmi við Gjaldþolsáætlun 2.
R0550/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir eftirstæð félög	Fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við d-lið 1. mgr. 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0555/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir	Fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við e-lið 1. mgr. 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0560/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir félög sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðina	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir félög sem aðferð 2 nær yfir, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar samsetning aðferða er notuð.
R0570/C0100	Heildargjaldþolskrafa samstæðu	Gjaldþolskrafa í heild fyrir öll félög án tillits til aðferðarinnar sem notuð er. Gert er ráð fyrir að heildargjaldþolskrafa samstæðunnar sé jöfn samtölunni á R0220 og R0560. Ef lágmarksgjaldþolskrafan á samstæðugrundvelli (R0470) er hærri en gjaldþolskrafan á samstæðugrundvelli (R0220), er gert ráð fyrir að heildargjaldþolskrafa samstæðunnar sé jöfn samtölunni á R0470 og R0560.

S.25.05 – Gjaldþolskrafa – fyrir samstæður sem nota eigið líkan (hluta eða alhliða)

Almennar athugasemdir:

Þessi viðauki inniheldur viðbótarleiðbeiningar í tengslum við sniðmátin í I. viðauka við þessa reglugerð. Í fyrsta dálki næstu töflu eru tilgreindir liðirnir sem tilkynna á með því að auðkenna dálkana og línurnar eins og sýnt er í sniðmátinu í I. viðauka.

Þessi viðauki tengist upphaflegri og árlegri framlagningu upplýsinga um samstæður, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Þetta sniðmát skal lagt fram á grundvelli tiltækileika gagna samkvæmt uppbyggingu eigin líkans og áhættusniðs þegar mögulegt er með eðlilegu móti. Samkomulag um gögnin sem tilgreina á skal gert á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og samstæðna.

Tilgangurinn með þessu sniðmáti er að safna gögnum á samtölustigi og sýna fjölþættingarábata á milli aðskilinna áhættueininga. Tilkynna ætti um öll virði á undan sérhverjum skattalegum áhrifum nema annað sé tekið fram.

Fyrir gagnaskil samstæðu skulu eftirfarandi sértækar kröfur uppfylltar:

a) Upplýsingarnar fram til R0470 (S.25.05.04.02) eiga við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og hún er skilgreind í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

b) Þegar samsetning aðferða er notuð á eingöngu að leggja fram upplýsingarnar fram til R0470 (S.25.05.04.02) fyrir þann hluta samstæðunnar sem reiknaður er út með aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Sniðmát SR.25.05 á eingöngu við í tengslum við sjóð sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar frá félögum á samstæðustigi, í samræmi við a- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þegar aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum) er notuð, annað hvort einvörðungu eða saman með aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð).

Eigið hlutalíkan:

Allar línur fyrir C0010 vísa til fjárhæðar gjaldþolskröfunnar fyrir hvern efnisþátt, án tillits til reikniaðferðarinnar (hvort heldur staðalreglu eða eigin hlutalíkans), eftir leiðréttingarnar fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar og/eða frestaðs skatts þegar þær eru felldar inn í útreikninginn á efnisþáttunum.

Þegar efnisþættirnir tapgleypni vátryggingaskuldar og/eða frestaður skattur eru tilgreind sem sérstakur efnisþáttur ætti hann að vera fjárhæðin á tapgleypninni (þessar fjárhæðir ætti að tilgreina sem neikvætt virði)

Fyrir efnisþætti sem reiknaðir eru út með því að nota staðalregluna stendur þessi reitur fyrir vergt ígildi gjaldþolskröfunnar. Fyrir efnisþætti sem reiknaðir eru út með því að nota eigið hlutalíkan stendur þessi reitur fyrir virðið að teknu tilliti til stjórnunaraðgerða í framtíðinni sem felldar eru inn í útreikninginn, en ekki þær sem meðhöndlaðar eru í líkaninu sem sérstakir þættir.

Í þessum fjárhæðum skal að fullu tekið tillit til fjölþættingaráhrifa samkvæmt 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir atvikum.

Þegar við á ná þessir reitir ekki yfir úthlutunina á leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingastigi.

Tilgreina skal sniðmát SR.25.05 fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, og eftirstæðan hluta fyrir hverja samstæðu sem fellur undir eigið hlutalíkan. Þetta nær til félaga þar sem eigin hlutalíkani er beitt á sjóð sem haldið er aðgreindum og/eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, í heild, á meðan aðrir sjóðir sem haldið er aðgreindum og/eða eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar falla undir staðalregluna. Þetta sniðmát ætti að leggja fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Fyrir þau félög sem falla undir eigið hlutalíkan sem aðlöguninni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar gildir um, ef einingin er með eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða sjóð sem haldið er aðgreindum (að undanskildum þeim sem falla undir gildissvið 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) við gagnaskil á stigi félagsins í heild, skal ígildi gjaldþolskröfunnar (nSCR) á áhættueiningarstigi og tapgleypni (LAC) vátryggingaskuldar og frestaðs skatts sem tilgreina á, reiknað út á eftirfarandi hátt:

— Ef félagið beitir fullri aðlögun vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á stigi einingarinnar, er ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út líkt og enginn sjóður sem haldið er aðgreindum sé til staðar og tapgleypnina skal reikna út sem samtöluna á tapgleypni fyrir alla sjóði sem haldið er aðgreindum/eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar, og eftirstæðum hluta,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættuundireiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar og tapgleypnin reiknuð út að teknu tilliti til beinnar samlagningaraðferðar á undireiningarstigi,

— Ef félagið beitir einfölduninni á áhættueiningarstigi fyrir samantekt á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, á einingarstigi, er ígildi gjaldþolskröfunnar og tapgleypnin reiknuð út að teknu tilliti til beinu samtölunnar á einingarstigi.

Leiðréttingunni vegna samantektarinnar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðsins sem haldið er aðgreindum/eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, skal úthluta (C0050) á viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaáhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu) þegar hún er reiknuð út samkvæmt staðalreglunni. Fjárhæðina sem á að úthluta á hverja viðkomandi áhættueiningu skal reikna út á eftirfarandi hátt:

— Calculation of 'q factor' $= \frac{adjustment}{BSCR\prime - nSCR_{int}}$, þar sem

  — leiðrétting = Leiðrétting reiknuð út samkvæmt einni þeirra þriggja aðferða sem getið er að ofan

  — BSCR' = Grunngjaldþolskrafa reiknuð út samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti

  — $nSCR_{int}$ = Ígildi gjaldþolskröfu fyrir áhættu óefnislegra eigna samkvæmt upplýsingum sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti

— Margföldun á þessum „q þætti" með ígildi gjaldþolskröfu hverrar viðkomandi áhættueiningar (þ.e. markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, líftryggingaráhættu, heilsutryggingaráhættu og skaðatryggingaráhættu)

Eigið alhliða líkan:

Færa á inn í sniðmát SR.25.05 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta, fyrir hverja samstæðu sem fellur undir eigið alhliða líkan. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát ætti að leggja fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0020	Sjóður sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Sjóðs-/eignasafnsnúmer	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við sjóðsnúmerið/eignasafnsnúmerið sem tilgreint er í öðrum sniðmátum. Þegar liður Z0020 = 2, þá er „0" tilgreint

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0020	Heildarfjölþætting	Fjárhæð fjölþættingaráhrifanna á milli áhættueininga. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0010/R0030	Fjölþætt áhætta alls, fyrir skatt	Fjárhæð fjölþættra gjaldþolskrafna fyrir skatt. Sama og S.26.08.04 C0010/R0030.
C0010/R0040	Fjölþætt áhætta alls, eftir skatt	Fjárhæð fjölþættra gjaldþolskrafna eftir skatt. Sama og S.26.08.04 C0010/R0040.
C0010/R0070	Heildarmarkaðs- og útlánaáhætta	Sama og S.26.08.04 C0010/R0070.
C0010/R0080	Markaðs- og útlánaáhætta – fjölþætting	Sama og S.26.08.04 C0010/R0080.
C0010/R0190	Lánaatburðaráhætta sem markaðs- og útlánaáhætta nær ekki yfir	Sama og S.26.08.04 C0010/R0190.
C0010/R0200	Lánaatburðaráhætta sem markaðs- og útlánaáhætta nær ekki yfir – fjölþætting	Sama og S.26.08.04 C0010/R0200.
C0010/R0270	Heildarviðskiptaáhætta	Sama og S.26.08.04 C0010/R0270.
C0010/R0280	Heildarviðskiptaáhætta – fjölþætting	Sama og S.26.08.04 C0010/R0280.
C0010/R0310	Hrein skaðatryggingaáhætta alls	Sama og S.26.08.04 C0010/R0310.
C0010/R0320	Hrein skaðatryggingaáhætta alls – fjölþætting	Sama og S.26.08.04 C0010/R0320.
C0010/R0400	Líf- og heilsutryggingaáhætta alls	Sama og S.26.08.04 C0010/R0400.
C0010/R0410	Líf- og heilsutryggingaáhætta alls – fjölþætting	Sama og S.26.08.04 C0010/R0410.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0480	Rekstraráhætta alls	Sama og S.26.08.04 C0010/R0480.
C0010/R0490	Rekstraráhætta alls – fjölþætting	Sama og S.26.08.04 C0010/R0490.
C0010/R0500	Önnur áhætta	Sama og S.26.08.04 C0010/R0500.
C0050/R0020-R0530	Úthlutun frá aðlögunum vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum og eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Hluti leiðréttingarinnar sem úthlutað er á hverja áhættueiningu og -undireiningu samkvæmt aðferðinni sem lýst er í almennu athugasemdunum, eftir atvikum. Þessi fjárhæð skal vera jákvæð. Gildir einungis um eigin hlutalíkön.
C0060/R0020-R0530	Að teknu tilliti framtíðar stjórnunaraðgerða að því er varðar vátryggingaskuld og/eða frestaðan skatt	Til að sanngreina hvort stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld og/eða frestaðan skatt séu felldar inn í útreikninginn. Eftirfarandi tæmandi skrá yfir valkosti skal notuð: 1 – Framtíðar stjórnunaraðgerðir sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld sem felld er inn í efnisþáttinn 2 – Framtíðar stjórnunaraðgerðir sem varða tapgleypnina á frestuðum skatti sem felldur er inn í efnisþáttinn 3 – Framtíðar stjórnunaraðgerðir sem varða tapgleypnina á vátryggingaskuld og frestuðum skatti sem felld eru inn í efnisþáttinn 4 – Engin innfelld athugun á stjórnunaraðgerðum í framtíðinni.
C0070/R0020-R0530	Fjárhæð sem meðhöndluð er í líkaninu	Fyrir hvern efnisþátt stendur þessi reitur fyrir fjárhæðina sem reiknuð er út samkvæmt eigin hlutalíkaninu. Gildir einungis um eigin hlutalíkön.
R0110/C0100	Ófjölþættir efnisþættir alls	Samtala allra efnisþátta.
R0060/C0100	Dreifing	Heildarfjárhæðin á fjölþættingunni meðal efnisþáttana sem tilgreindir eru í C0030. Þessi fjárhæð inniheldur ekki fjölþættingaráhrif innan hvers efnisþáttar, sem fella skal inn í virðin sem tilgreind eru í C0030. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
R0120/C0100	Aðlögun fyrir samantekt ígildis gjaldþolskröfu vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar	Þegar við á, aðlögun til að leiðrétta bjögunina í útreikningi á gjaldþolskröfu vegna samantektar á ígildi gjaldþolskröfu sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, á áhættueiningarstigi. Gildir einungis um eigin hlutalíkön.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0160/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, reiknuð út í samræmi við reglurnar í 17. gr. tilskipunar 2003/41/EB, fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum er tengjast starfrækslu lífeyris skv. 4. gr. tilskipun 2003/41/EB sem umbreytingaráðstöfunum er beitt á. Þennan lið á eingöngu að tilgreina á umbreytingartímabilinu.
R0200/C0100	Gjaldþolskrafa reiknuð út á grundvelli a-liðar 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, að undanskildu viðbótargjaldþoli	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar, á undan sérhverju viðbótagjaldþoli, reiknuð út í samræmi við a-lið 336. gr., þ.e. á grundvelli samstæðugagna eins og um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þ.m.t. gagna frá sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem lúta stjórn og fjárfestingum sem pakkaðar eru sem sjóðir.
R0210/C0100	Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið	Fjárhæð viðbótargjaldþols sem hefur verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur ekki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins.
R0211/C0100	Þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund a	Fjárhæð fyrir viðbótargjaldþol tegundar a í samræmi við 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB (2014/51/ESB) sem hafði verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.
R0212/C0100	Þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund b	Fjárhæð fyrir viðbótargjaldþol tegundar b í samræmi við 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB (2014/51/ESB) sem hafði verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.
R0213/C0100	Þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund c	Fjárhæð fyrir viðbótargjaldþol tegundar c í samræmi við 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB (2014/51/ESB) sem hafði verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.
R0214/C0100	Þar af, viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið – 1. mgr. 37. gr. tegund d	Fjárhæð fyrir viðbótargjaldþol tegundar d í samræmi við 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB (2014/51/ESB) sem hafði verið ákveðið á viðmiðunardagsetningu gagnaskila. Hún inniheldur hvorki viðbótargjaldþol sem ákveðið er á milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar framlagningarinnar til eftirlitsyfirvaldsins, né nokkuð það sem ákveðið er eftir dagsetningu þeirrar framlagningar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0220/C0100	Gjaldþolskrafa á samstæðugrundvelli	Gjaldþolskrafa í heild að meðtöldu viðbótargjaldþoli fyrir félög samkvæmt aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Í henni skal taka með alla þætti gjaldþolskröfu samstæðunnar, þ.m.t. gjaldþolskröfur félaga í öðrum fjármálageirum, gjaldþolskröfu fyrir óeftirlitsskyld félög, gjaldþolskröfu fyrir önnur félög og gjaldþolskröfu fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir.

Aðrar upplýsingar um gjaldþolskröfu

R0300/C0100	Fjárhæð/mat á heildartapgleypni vátryggingaskuldar	Fjárhæð/mat á heildarleiðréttingunni fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar, þ.m.t. þeim hluta sem felldur er inn í þættina og hlutann sem tilgreindur er sem einstakur efnisþáttur. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0310/C0100	Fjárhæð/mat á tapgleypni fyrir frestaðan skatt	Fjárhæð/mat á heildarleiðréttingunni fyrir frestaðan skatt, þ.m.t. þeim hluta sem felldur er inn í þættina og hlutann sem tilgreindur er sem einstakur efnisþáttur. Þessa fjárhæð skal tilgreina sem neikvætt virði.
R0400/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma. Gildir einungis um eigin hlutalíkön.
R0410/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eftirstæðan hluta	Fjárhæð fyrir ígildi gjaldþolskrafnanna á eftirstæðum hluta þegar félag er með sjóð sem haldið er aðgreindum.
R0420/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum þegar félag er með sjóð sem haldið er aðgreindum (aðra en þá sem tengjast starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB (umbreytingaráðstöfun)).
R0430/C0100	Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar	Fjárhæð samtölunnar á ígildi gjaldþolskrafna fyrir öll eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar. Ekki þarf að tilgreina þennan lið þegar gjaldþolskröfuútreikningur er tilgreindur á stigi sjóðs sem haldið er aðgreindum eða eignasafns, aðlagað vegna samræmingar.
R0440/C0100	Fjölþættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum að því er varðar 304. gr.	Fjárhæð leiðréttingarinnar fyrir fjölþættingaráhrif á milli varðra sjóða samkvæmt 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB og eftirstæða hlutans, eftir atvikum. Hún skal vera jöfn mismuninum á milli samtölunnar á ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP)/eftirstæðan hluta (RP) og gjaldþolskröfunnar sem tilgreind er í R0200/C0100.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0450/C0100	Aðferð sem notuð er til að reikna út aðlögunina fyrir samantekt ígildis gjaldþolskröfu vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum	Aðferð sem notuð er til að reikna út aðlögunina fyrir samantekt ígildis gjaldþolskröfu vegna sjóðs sem haldið er aðgreindum. Nota skal einn af eftirfarandi valkostum: 1 – Heildstæður endurútreikningur 2 – Einföldun á áhættuundireiningarstigi 3 – Einföldun á áhættueiningarstigi 4 – Án leiðréttingar Þegar félagið er ekki með sjóð sem haldið er aðgreindum (eða eingöngu með sjóð sem haldið er aðgreindum skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB) skal það velja valkost 4. Gildir einungis um eigin hlutalíkön.
R0460/C0100	Hrein valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni	Fjárhæð fyrir vátryggingaskuld án áhættuálags í tengslum við valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni að frádreginni endurtryggingu.
R0470/C0100	Lágmarksgjaldþolskrafa á samstæðugrundvelli	Fjárhæð lágmarksgjaldþolskröfu á samstæðugrundvelli eins og tekið er fram í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu.
R0500/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum)	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir aðra fjármálageira. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan inniheldur félag sem fellur undir gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum, s.s. banka, og er þá gjaldþolskrafan reiknuð út í samræmi við gildandi kröfur.
R0510/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) – lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan tekur með félög sem eru lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða og rekstrarfélög verðbréfasjóða sem falla undir gjaldþolskröfur, reiknaðar út í samræmi við viðkomandi sérreglur.
R0520/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) – stofnanir um starfstengdan lífeyri	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir stofnanir um starfstengdan lífeyri. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan tekur með félög sem eru stofnanir um starfstengdan lífeyri sem falla undir gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum, reiknaðar út í samræmi við viðkomandi sérreglur.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0530/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) – gjaldþolskrafa fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi	Fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi. Þessi tala stendur fyrir ígildi gjaldþolskröfu, sem reiknuð er út ef beita á viðkomandi sérreglum. Þessi liður gildir eingöngu um gagnaskil samstæðu þegar samstæðan tekur með félög sem eru óeftirlitsskyld og leggja stund á fjármálastarfsemi.
R0540/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum	Fjárhæð hlutfallslega eignarhlutans af gjaldþolskröfunni í tengdum vátrygginga- og endurtryggingafélögum og eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi sem ekki eru dótturfélög.
R0550/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir eftirstæð félög	Fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við d-lið 1. mgr. 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0555/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir	Fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við e-lið 1. mgr. 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
R0560/C0100	Gjaldþolskrafa fyrir félög sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðina	Fjárhæð gjaldþolskröfunnar fyrir félög sem aðferð 2 nær yfir, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar samsetning aðferða er notuð.
R0570/C0100	Heildargjaldþolskrafa samstæðu	Gjaldþolskrafa í heild fyrir öll félög án tillits til aðferðarinnar sem notuð er. Gert er ráð fyrir að heildargjaldþolskrafa samstæðunnar sé jöfn samtölunni á R0220 og R0560. Ef lágmarksgjaldþolskrafan á samstæðugrundvelli (R0470) er hærri en gjaldþolskrafan á samstæðugrundvelli (R0220), er gert ráð fyrir að heildargjaldþolskrafa samstæðunnar sé jöfn samtölunni á R0470 og R0560.

S.26.01 – Gjaldþolskrafa – markaðsáhætta

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir samstæður, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát S.26.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Sniðmát S.26.01 á eingöngu við í tengslum við sjóð sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar frá félögum á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þegar aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum) er notuð, annað hvort einvörðungu eða saman með aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð).

Fjárhæðir fyrir og eftir skell skulu færðar inn með fjárhæð eigna og skulda sem eru næmar fyrir þeim skell. Fyrir skuldirnar skal matið gert af sem mestri mögulegri nákvæmni á milli samnings og einsleitra áhættuflokka. Þetta merkir að ef samningur/einsleitur áhættuflokkur er næmur fyrir skell skal tilgreina fjárhæðina á skuldum sem tengist þeim samningi/einsleita áhættuflokki sem næma fjárhæð fyrir þeim skelli.

Fyrir gagnaskil samstæðu skulu eftirfarandi sértækar kröfur uppfylltar:

a) Upplýsingarnar eiga við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

b) Þegar samsetning aðferða er notuð á eingöngu að leggja fram þessar upplýsingarnar fyrir þann hluta samstæðunnar sem reiknaður er út með aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og

c) Þessar upplýsingar eiga ekki við um samstæður þegar aðferð 2, eins og skilgreint er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er einvörðungu notuð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Z0010	112. gr.	Tilgreina hvort tilkynntu talnanna hafi verið krafist skv. 7. mgr. 112. gr. til að setja fram mat á gjaldþolskröfunni með notkun á staðalreglu. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnaskil skv. 7. mgr. 112. gr. 2 – Reglubundin gagnaskil
Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Sjóðs-/eignasafnsnúmer	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu, innan ramma samstæðueftirlits, og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við sjóðsnúmerið/eignasafnsnúmerið sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0012/C0010	Einfaldanir – vikáhætta – skuldabréf og lán	Nota skal valkostina í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einföldun að því er varðar 104. gr. 2 – Einföldun að því er varðar 105. gr. a 9 – Einfaldanir eru ekki notaðar Valkosti 1 og 2 er hægt að nota samtímis. Ef R0012/C0010 = 1, skal einungis færa inn í C0060 og C0080 fyrir R0410
R0014/C0010	Einfaldanir – samþjöppunaráhætta markaðsáhættu – einfaldanir sem eru notaðar	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einföldun að því er varðar 105. gr. a 9 – Einfaldanir eru ekki notaðar
R0020/C0010	Einfaldanir fyrir bundin félög – vaxtaáhætta	Tilgreina hvort bundið félag, innan ramma samstæðueftirlits, hafi notað einfaldanir við útreikninginn á vaxtaáhættu. Nota skal eftirfarandi valkosti: 1 – Einfaldanir eru notaðar 2 – Einfaldanir eru ekki notaðar Ef R0020/C0010 = 1, skal einungis færa inn í C0060 og C0080 fyrir R0100–R0120
R0030/C0010	Einfaldanir fyrir bundin félög – vikáhætta á skuldabréf og lán	Tilgreina hvort bundið félag, innan ramma samstæðueftirlits, hafi notað einfaldanir við útreikninginn á vikáhættu, að því er varðar skuldabréf og lán. Nota skal eftirfarandi valkosti: 1 – Einfaldanir eru notaðar 2 – Einfaldanir eru ekki notaðar
R0040/C0010	Einfaldanir fyrir bundin félög – samþjöppunaráhætta markaðsáhættu	Tilgreina hvort bundið félag, innan ramma samstæðueftirlits, hafi notað einfaldanir við útreikninginn á markaðsáhættusamþjöppun. Nota skal eftirfarandi valkosti: 1 – Einfaldanir eru notaðar 2 – Einfaldanir eru ekki notaðar

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Vaxtaáhætta		
R0100/C0060	Algildi eftir skell – hrein gjaldþolskrafa – vaxtaáhætta	Þetta er hreina gjaldþolskrafan vegna vaxtaáhættu, þ.e. eftir leiðréttingu fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar. Ef R0020/C0010 = 1, stendur þessi liður fyrir hreina gjaldþolskröfu vegna vaxtaáhættu, reiknuð út með því að nota einfaldaða útreikninga fyrir bundin félög, innan ramma samstæðueftirlits.
R0100/C0080	Algildi eftir skell – verg gjaldþolskrafa – vaxtaáhætta	Þetta er verga gjaldþolskrafan vegna vaxtaáhættu, t.d. áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar. Ef R0020/C0010 = 1, stendur þessi liður fyrir verga gjaldþolskröfu vegna vaxtaáhættu, reiknuð út með því að nota einfaldaða útreikninga fyrir bundin félög, innan ramma samstæðueftirlits.
R0110–R0120/C0020	Upphafleg algildi fyrir skell – eignir – vaxtaáhætta – vaxtaskellur til lækkunar/hækkunar	Þetta er heildarvirði eignanna sem eru næmar fyrir vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, fyrir skell. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0110–R0120/C0030	Upphafleg algildi fyrir skell – skuldir – vaxtaáhætta – vaxtaskellur til lækkunar/hækkunar	Þetta er heildarvirði skuldanna sem eru næmar fyrir vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, fyrir skell. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0110–R0120/C0040	Algildi eftir skell – eignir – vaxtaáhætta – vaxtaskellur til lækkunar/hækkunar	Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, eftir skellinn. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0110–R0120/C0050	Algildi eftir skell – skuldir (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar) – vaxtaáhætta – vaxtaskellur til lækkunar/hækkunar	Þetta er algildi skuldanna (að teknu tilliti til tapgleypni vátryggingaskuldar) sem eru næmar fyrir vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, eftir skellinn. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
R0110–R0120/ C0060	Algildi eftir skell – hrein gjaldþolskrafa – vaxta-áhætta – vaxtaskellur til lækkunar/hækkunar	Þetta er hreina gjaldþolskrafan vegna vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, eftir leiðréttingu fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar. Ef R0020/C0010 = 1, stendur þessi liður fyrir hreina gjaldþolskröfu vegna vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, reiknaða út með því að nota einfaldanir.
R0110–R0120/ C0070	Algildi eftir skell – skuldir (fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar) – vaxtaáhætta – vaxta-skellur til lækkunar/ hækkunar	Þetta er algildi skuldanna (áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar) sem eru næmar fyrir vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, eftir skellinn. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0110–R0120/ C0080	Algildi eftir skell – verg gjaldþolskrafa – vaxta-áhætta – vaxtaskellur til lækkunar/hækkunar	Þetta er verga gjaldþolskrafan vegna vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, t.d. áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar. Ef R0020/C0010 = 1, stendur þessi liður fyrir verga gjaldþolskröfu vegna vaxtaáhættu til lækkunar/hækkunar, reiknaða út með því að nota einfaldanir.
Hlutabréfaáhætta		
R0200/C0060	Algildi eftir skell – hrein gjaldþolskrafa – hlutabréfaáhætta	Þetta er hreina gjaldþolskrafan vegna hlutabréfaáhættu, þ.e. eftir leiðréttingu fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar.
R0200/C0080	Algildi eftir skell – verg gjaldþolskrafa – hlutabréfaáhætta	Þetta er verga gjaldþolskrafan vegna hlutabréfaáhættu, t.d. áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar.
C0070/R0310-R0570	Gjaldþolskröfur	Gjaldþolskrafan fyrir viðkomandi áhættuflokk, að frádreginni endurtryggingu. Eftirfarandi útskýringar gilda um C0070 – C0260: Fyrir samanlagða áhættu ætti að tilgreina gjaldþolskröfuna eftir samlagningu undirliggjandi áhættuundireiningar. Fyrir fyrningaráhættu gildir eftirfarandi: — „Fyrning“ nær almennt yfir nýtingu samningsbundinna valrétta. — Áhætta vegna aukningar í brottfallstíðni (R0480) og minnkunar í brottfallstíðni (R0490) er önnur fyrningaráhætta en stórtæk fyrningaráhætta, þar sem R0480 (R0490) nær yfir þann hluta starfseminnar sem leiðir til taps ef brottfallstíðni eykst (minnkar) eins og skilgreint er í eigin líkaninu. — Áhætta á stórtækri fyrningu (R0500) er áhætta af uppsöfnun eða hamfaraáhættu vegna fyrningar eins og skilgreint er í eigin líkaninu. „Skipting eftir tegund fyrningar (annarri en stórtækri fyrningu)“ nær yfir fyrningaráhættu sem ekki er stórtæk, ef skipting í aukningu/minnkun er ekki tiltæk og hægt er að skipta í þrjá grófa flokka: „fullt afsal“, þ.e. uppsögn samningsins, „afsal að hluta til“ og „önnur“ nýting samningsbundinna valrétta eða „Atferli vátryggingartaka“.

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0080/R0310-R0570	Meðaltal	Meðaltalið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0090/R0310-R0570	Staðalfrávik	Staðalfrávikið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0100-C0310/R0310-R0570	Hundraðshlutamörk frá 0.001 til 0.999	Ætlast er til að vátrygginga- og endurtryggingafélögin tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).

VALKOSTUR 2 – HEILSUTRYGGINGAÁHÆTTA

Fyllist út ef eigin líkanið hefur eingöngu skiptingu á milli áhættu vegna þróunar og stigs. Í því tilviki koma eftirfarandi sniðmát (S.26.14.01.05) í staðinn fyrir sniðmátin að ofan (S.26.14.01.03).

C0010/R0600	Hreint besta mat skulda + vátryggingaskuld reiknuð út sem heild	Tilgreina skal besta mat að frádreginni endurtryggingu og vísa til afurða heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki. Vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild ætti einnig að taka með. Skiptingin fyrir samantekna fötlunar- og sjúkdómaáhættu vísar til greidds lífeyris eða ekki.
C0050/R0600	Hrein bókfærð iðgjöld	Tilgreina skal samtöluna á hreinum bókfærðum iðgjöldum fyrir afurðir heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0060/R0600	Tryggingafjárhæð	Tilgreina skal heildartryggingafjárhæðina fyrir afurðir heilsutryggingaeignasafnsins sem næmar eru fyrir viðkomandi áhættuflokki.
C0070/R0580-R0600	Gjaldþolskröfur	Gjaldþolskrafan fyrir viðkomandi áhættuflokk, að frádreginni endurtryggingu. Fyrir samanlagða áhættu ætti að tilgreina hreinu gjaldþolskröfuna eftir samlagningu undirliggjandi áhættuundireiningar.
C0080/R0580-R0600	Meðaltal	Meðaltalið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0090/R0580-R0600	Staðalfrávik	Staðalfrávikið á líkindadreifingu hreinu gjaldþolskröfunnar
C0100-C0310/R0580-R0600	Hundraðshlutamörk frá 0.001 til 0.999	Ætlast er til að vátrygginga- og endurtryggingafélögin tilgreini fjárhæðirnar á hundraðshlutamörkunum sem krafist er í töflunni sem tengist líkindadreifingunni sem næst á grundvelli hermiaðferðarinnar (að frádreginni endurtryggingu og á afvöxtuðum grunni).

GJALDÞOLSKRÖFUR

KÓÐI	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0320/R0610	Ófjölþætt áhætta alls: Líftrygging Heilsutrygging, líf- og heilsutrygging	Samtalan á öllum (undir-) gjaldþolskröfum. Fyrir fyrningu á að velja samtöluna eins og við á fyrir skiptinguna sem sett er fram af mestri nákvæmni. Dæmi: (1) Ef fyrning eykst og fyrning minnkar og stórtæk fyrning er tiltæk, á að leggja þær saman. Án tillits til þess hvort uppskipting á fyrningunni sé einnig tiltæk. (2) Ef stórtæk fyrning og uppskipting á fyrningu eru tiltækar og einnig undirstig uppskiptingar á fyrningu, á að leggja saman stórtæka fyrningu og uppskipta fyrningu. Ef eingöngu undirstig uppskiptingar á fyrningu eru tiltæk, á að velja þau.
C0320/R0620	Fjölþætting: Líftrygging Heilsutrygging, líf- og heilsutrygging	Fjölþættingin milli undiráhættu. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0320/R0630	Fjölþætt áhætta: Líftrygging Heilsutrygging, líf- og heilsutrygging	Samanlagða gjaldþolskrafan fyrir líf- og heilsutryggingaáhætta eftir samlagningu á allri undiráhættu.

S.26.15 – Eigið líkan: Rekstraráhætta

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát skal lagt fram á grundvelli tiltækileika gagna samkvæmt uppbyggingu eigin líkans og áhættusniðs þegar mögulegt er með eðlilegu móti. Samkomulag um gögnin sem tilgreina á skal gert á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda og samstæðna.

Hvert félag getur notað eigin flokkun á rekstraráhættu.

Dálkar C0020-C0060 innihalda upplýsingar um sviðsmyndirnar sem félagið hefur skilgreint. Ef um er að ræða flokkun margra þátta ætti að veita gögn um a.m.k. tvö hæstu stig rekstraráhættu (skilgreina L1 sem hæsta stig og L2 sem það næsthæsta, ef til staðar). Allar upplýsingarnar sem veita á eru tengdar eins árs spá um líkindadreifingu á tapi.

Fyrir flokk tegundar atburðar sem skilgreindur er sem Stig 1 (L1) atburður ættu allar tölulegar upplýsingar (gjaldþolskrafa, hlutfallsmörk) að vísa til samantektarinnar á áhættunni á því stigi. Hver flokkur sem auðkenndur er Stig 2 (L2) atburður gæti komið frá samantekt á tjónadreifingu á lægri stigum.

Flokkun innri sviðsmyndar [frjáls texti]	Einkvæmt kenninúmer [fjöldi]	Einkvæmt kenninúmer á móðurfélagsstigi. [fjöldi]	
L2 A	201	101	Athuga skal að kenninúmer (ID) á viðkomandi stigi er ekki virðismetið fyrir L1 stig, þar sem stigið fyrir endanlegt móðurfélag er sjálft rekstraráhættan.
L2 B	202	101	
L2 C	203	101	
L2 D	204	102	
L2 E	205	102	
L1 A	101		
L1 B	102		

Rekstraráhætta

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010	Er Basel L1 flokkunin notuð?	Auðkenna hvort sjö hástigsflokkar (L1) sem tilgreindir eru í Basel II séu notaðir. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0010/R0020	Er Basel L1 og L2 flokkunin notuð?	Auðkenna hvort Basel stig 1 og flokkarnir 2 og stigskipting þeirra (þar sem L2 eru teknir með í hvern L1) sem tilgreind er í Basel II [viðauka 7] sé notað. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0020	Sviðsmyndaheiti	Öll félög ættu að fylla út í þessa töflu, einnig í tilvikum þegar félagið svarar „Nei“ við „C0010/R0010“ og/eða „C0010/R0020“, með heitunum á innri sviðsmyndunum sem notaðar eru í eigin líkaninu fyrir útreikning á rekstraráhættu.
C0030	Einkvæmt kenninúmer	Þetta er einkvæmt kenninúmer innri sviðsmyndarinnar. Það ætti að vera samræmt yfir mismunandi gagnaskilatímabil. Þetta er tölureitur.
C0040	Einkvæmt kenninúmer á móðurfélagsstigi.	Þetta er einkvæmt kenninúmer fyrir innri sviðsmynd næsta móðurfélags. Það ætti að vera samræmt yfir mismunandi gagnaskilatímabil. Þetta er tölureitur.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0050	Vörpun í Basel L1 flokkun	Fyrir félög sem svara „Já“ í C0010/R0010 til að fylla út eða til staðar er vörpun í Basel L1. Reitur ætti að vera tómur ef sviðsmyndin er hærri en stig 2 í flokkuninni. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1. Innri svik 2. Ytri svik 3. Starfsmannamál og öryggi á vinnustað 4. Eignatjón 5. Röskun á viðskiptum og kerfisbilanir 6. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir 7. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar
C0060	Vörpun í Basel L2 flokkun	Fyrir félög sem svara „Já“ í C0010/R0020 til að fylla út eða til staðar er vörpun í Basel L2. Reitur ætti að vera tómur ef sviðsmyndin er hærri en stig 2 í flokkuninni. Hægt er að nota atburðinn „Annar“ ef mögulegt er að flokka áhættuna í Basel stig 1 flokk en ekki er neitt stig 2. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1. Innri svik – óleyfileg starfsemi 2. Innri svik – þjófnaður og svik 3. Innri svik – annað 4. Ytri svik – þjófnaður og svik 5. Ytri svik – kerfisöryggi 6. Ytri svik – annað 7. Starfsmannamál og öryggi á vinnustað – tengsl starfsmanna 8. Starfsmannamál og öryggi á vinnustað – öruggt umhverfi 9. Starfsmannamál og öryggi á vinnustað – fjölbreytni og mismunun 10. Starfsmannamál og öryggi á vinnustað – annað 11. Eignatjón – stóráföll og aðrir viðburðir 12. Eignatjón – annað

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		13. Röskun á viðskiptum og kerfisbilanir – kerfi 14. Röskun á viðskiptum og kerfisbilanir – annað 15. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir – hæfi, birting upplýsinga og fjárvarsla 16. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir – óviðeigandi viðskiptahættir eða markaðsvenjur 17. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir – afurðagallar 18. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir – val, kostun og útsetning 19. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir – ráðgjafastarfsemi 20. Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir – annað 21. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – viðskiptaskráning, framkvæmd og viðhald 22. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – vöktun og skýrslugjöf 23. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – færsla viðskiptavina og skjalahald 24. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – stjórnun reikninga viðskiptavina/skjólstæðinga 25. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – mótaðilar viðskipta 26. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – seljendur og birgjar 27. Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar – annað
C0070	Líkindadreifing	Tilgreina líkindadreifinguna Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1. Poisson-log-normaldreifing 2. Log-normaldreifing 3. Poisson-Pareto 4. Empirical 5. Pareto 6. Öðru, vinsamlegast tilgreinið 7. Fengið með samantekt lægri stiga Liður 1 til 6 sem nota á ef líkindadreifingin er magngreind, lið 7 skal nota ef líkindadreifingin er fengin með samantekt á lægri stigum.
C0080	Gjaldþolskrafa	Gjaldþolskrafa að frádregnum áhættuvarnarsamningum eftir sviðsmynd.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090-C0210	Hundraðshlutamörk	Hundraðshlutamörk tjónadreifingar (tjón samsvara hægri hlutanum) að frádregnum áhættuvarnarsamningum eftir sviðsmynd.
C0220/R0030	Ófjölþætt stig 2 alls	Samtala á framlagi stakra gjaldþolskrafna fyrir stig 2 flokkun á rekstraráhættu. Þegar ætti að hafa verið tekið tilliti til sérhvers lægra samtölustigs.
C0220/R0040	Samtala fjölþættingar innan liða stigs 2	Mismunur á milli samtölunnar á ófjölþættri hlutaáhættu gjaldþolskröfu og C0220/R0030. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði. Til dæmis ef lægra stig er L3 (þau sem magngreind erum með líkindadreifingu), á að færa inn mismuninn á milli samtölunnar á stigi 3 og samtölunnar á stigi 2 (stakrar).
C0220/R0050	Ófjölþætt stig 1 alls	Samtala á framlagi stakra gjaldþolskrafna fyrir stig 1 flokkun á rekstraráhættu. Þegar ætti að vera tekið til lægra samtölustigs.
C0220/R0060	Rekstraráhætta – fjölþætting milli liða stigs 1	Mismunur á C0220/R0050 og C0220/R0070. Þessa fjárhæð ætti að tilgreina sem neikvætt virði.
C0220/R0070	Rekstraráhætta – fjölþætt	Gjaldþolskrafa fyrir fjölþætta rekstraráhættu, að frádregnum áhættuvarnarsamningum.

S.26.16 – Eigið líkan – breytingar á líkani

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Tilgangur þessa sniðmáts er að safna upplýsingum um einkenni breytinga á líkaninu samkvæmt samþykktri stefnu fyrir breytingu á líkani og um hvernig gjaldþolskrafan hefur hreyfst á árlegu gagnaskilatímabili vegna þessara breytinga, sem gerðar voru á því tímabili. Þetta tímabil getur verið frábrugðið því sem ákvarðað er samkvæmt stefnunni um breytingu á líkani um uppsöfnun minni háttar breytinga, til dæmis.

Minni háttar breytingar á líkaninu ætti ekki að tvítelja innan eða yfir gagnaskilatímabil. Því ætti, ef í meiri háttar breytingu teknar eru með minni háttar breytingar eða uppsöfnun á minni háttar breytingum, annað hvort:

— að fjarlægja áhrif þessara minni háttar breytinga í breytingunni sem er meiri háttar, ef þessar minni háttar breytingar voru gerðar á fyrra gagnaskilatímabili, eða

— taka þær með í „allar minni háttar breytingar“ og fjarlægja áhrif þeirra úr hinni meiri háttar breytingu vegna uppsafnaðra áhrifa minni háttar breytinga.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Tegund breytingar		
C0010	Meiri háttar	Upplýsingarnar í þessari línu ættu að vísa til meiri háttar breytingar (á tilteknu gagnaskilatímabili). Þar sem hægt er að taka saman nokkrar meiri háttar breytingar fyrir eina *samþykkt*, ætti að aðskilja þær þegar um er að ræða greinilegar meiri háttar breytingar. Viðtekin regla fyrir heiti: Meiri háttar breyting 1_þáttur 1.
Breyting kenninúmers		
C0020	Breyting kenninúmers	Þessi breyting á kenninúmeri ætti að vera samræmd á milli framlagningar einstaka félagsins og samstæðunnar. Hún er notuð til að samræma breytingar hjá einstöku félagi sem samsvara breytingum hjá samstæðu fyrir gagnaskilatímabilið.
Lýsing á breytingu		
C0030	Dagsetning samþykkis	Tilgreina kóðann ISO 8601 (áááá-mm-dd) fyrir dagsetninguna þegar samþykki er veitt, samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi lögbærs landsyfirvalds.
C0040	Dagsetning framlagningar	Tilgreina kóðann ISO 8601 (áááá-mm-dd) fyrir dagsetninguna þegar skrifleg umsókn um samþykki var send til hlutaðeigandi lögbærs landsyfirvalds (fyrir samþykktum breytingum).
C0050	Lýsing á breytingu á stefnunni	Lýsa á stuttlega eðli breytingarinnar og hvaða þáttum líkansins hefur verið breytt.
C0060	Breyting sem leiðir af	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Breyting á áhættusniði 2 – Breyting á inntaksgögnum og forsendum 3 – Breyting á aðferðafræði 4 – Annað
C0070	Aðrar flokkanir og útskýringar	Lýsa á flokkuninni ef hún er ólík dálki C0060. Ef fyllt út, þá á að nota valkostinn „Annað“ í dálki C0060.
C0080	Áhrif markaðsáhættu	Ef gjaldþolskrafan vegna markaðsáhættu verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Áhrif útlánaáhættu af fjármálagerningum	Ef gjaldþolskrafan vegna útlánaáhættu á fjármálagerninga verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0100	Áhrif útlánaáhættu af ófjárhagslegum gerningum	Ef gjaldþolskrafan vegna útlánaáhættu á ófjárhagslega gerninga verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0110	Áhrif áhættu í skaða- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaða-trygging	Ef gjaldþolskrafan vegna áhættu í skaða- og heilsutryggingu, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0120	Áhrif áhættu í líf- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Ef gjaldþolskrafan vegna áhættu í skaða- og heilsutryggingu verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0130	Áhrif rekstraráhættu	Ef gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0140	Áhrif lífeyrisáhættu	Ef gjaldþolskrafan vegna lífeyrisáhættu verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei
C0150	Áhrif af uppbyggingu hæðis og fylgni	Ef fjölþættingarábatinn vegna breytinga á uppbyggingu hæðis og/eða fylgni verður fyrir áhrifum af meiri háttar breytingu á líkani á að tilgreina það hér. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: Já Nei

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0160	Annað (frjáls texti)	Lýsa á hvernig önnur framlög (ef einhver) til gjaldþolskröfunnar sem meðhöndluð eru í líkaninu, urðu fyrir áhrifum af breytingunni á líkaninu.
C0170	Forsenda breytingar	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Eigindlegur 2 – Megindlegur 3 – Samsetning á megindlegum/eigindlegum

Áhrif breytingar

C0180	Heildarvirði gjaldþolskröfu fyrir breytingu (fjárhæð)	Fjárhæð fyrir heildargjaldþolskröfu (alhliða líkanútreikningur að meðtöldum hluta staðalreglunnar fyrir eigin hlutalíkön og fjölþættingarábata) fyrir breytinguna á líkani í einingar gagnaskilagjaldmiðilsins. Eingöngu tilgreint fyrir meiri háttar breytingar. Vænta virðið eins og í S.23.01.01.01 R0580/C0010 fyrir einstök félög og S.23.01.04.01 R0680/C0010 fyrir samstæður.
C0190	Viðmiðunardagsetning áhrifa á gjaldþolskröfu	Tilgreina kóðann ISO 8601 (áááá-mm-dd) fyrir viðmiðunardagsetninguna fyrir áhrifin á gjaldþolskröfuna vegna breytingarinnar á líkani (meiri háttar breytingar eingöngu). Tiltekin dagsetning, sem lögbær landsyfirvöld gefa upp í bréfinu þar sem umsóknin um meiri háttar breytingu er samþykkt, sem hægt er að fara að nota samþykkta líkanið til að reikna út gjaldþolskröfuna.
C0200	Heildarvirði gjaldþolskröfu eftir breytingu (fjárhæð)	Fjárhæð fyrir heildargjaldþolskröfu (alhliða líkanútreikningur, ef nauðsyn er á, að meðtöldum hluta staðalreglunnar fyrir eigin hlutalíkön og fjölþættingarábata) eftir breytinguna á líkani, eins og tilgreint er í umsókninni um breytingu á líkani, í einingar gagnaskilagjaldmiðilsins. Eingöngu tilgreint fyrir meiri háttar breytingar. Vænta virðið eins og í S.23.01.01.01 R0580/C0010 fyrir einstök félög og S.23.01.04.01 R0680/C0010 fyrir samstæður.
C0210	Breyting á heildargjaldþolskröfu %	Hlutfallslega breytingin á heildargjaldþolskröfunni í prósentum (eingöngu meiri háttar breytingar)
C0220	Gjaldþol án breytingar (fjárhæð)	Hæft heildargjaldþol án breytingarinnar á líkani í einingar gagnaskilagjaldmiðilsins. Eingöngu tilgreint fyrir meiri háttar breytingar. Vænta virðið eins og í S.23.01.01.01 R0540/C0010 fyrir einstök félög og S.23.01.04.01 R0660/C0010 fyrir samstæður.
C0230	Gjaldþol með breytingu (fjárhæð)	Hæft heildargjaldþol með breytingunni á líkani í einingar gagnaskilagjaldmiðilsins. Eingöngu tilgreint fyrir meiri háttar breytingar. Vænta virðið eins og í S.23.01.01.01 R0540/C0010 fyrir einstök félög og S.23.01.04.01 R0660/C0010 fyrir samstæður.
C0260	Annar kveikjuatburður	Ef stig breytingar á gjaldþolskröfu er ekki kveikjuatburður fyrir flokkun í meiri háttar breytingu, á að lýsa hvaða viðmiðanir eru fyrir flokkun á breytingu sem meiri háttar (eingöngu viðkomandi kveikjuatburður sem leiddi til breytingarinnar).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0270	Áhrif annars kveikjuatburðar (fjárhæð)	Fjárhæð fyrir áhrifin í tengslum við kveikjuatburðinn í C0260 (fyrir utan gjaldþolskröfu).
C0280	Áhrif annars kveikjuatburðar %	Prósenta fyrir áhrifin í tengslum við kveikjuatburðinn í C0260 (fyrir utan gjaldþolskröfu).

Minni háttar breytingar

C0220	Gjaldþol án breytingar (fjárhæð)	Hæft heildargjaldþol án minni háttar breytinga á líkani.
C0230	Gjaldþol með breytingu (fjárhæð)	Hæft heildargjaldþol án minni háttar breytinga á líkani að viðbættri samtölu áhrifanna af minni háttar breytingum á líkani á hæfa heildargjaldþolið fyrir þetta gagnaskilatímabil.
C0240	Samtala gjaldþolskröfu fyrir minni háttar breytingar sem hækka gjaldþolskröfu	Samtala áhrifa af eingöngu minni háttar breytingum á líkani á heildargjaldþolskröfuna sem hækka gjaldþolskröfuna fyrir þetta gagnaskilatímabil. Viðmiðunarvirði gjaldþolskröfunnar sem notað er ætti að vera eins og í S.23.01.01.01 R0580/C0010 fyrir einstök félög og S.23.01.04.01 R0680/C0010 fyrir samstæður.
C0250	Samtala gjaldþolskröfu fyrir minni háttar breytingar sem lækka gjaldþolskröfu	Samtala áhrifa af eingöngu minni háttar breytingum á líkani á heildargjaldþolskröfuna sem lækka gjaldþolskröfuna, í einingum gagnaskilagjaldmiðilsins, fyrir þetta gagnaskilatímabil. Viðmiðunarvirði gjaldþolskröfunnar sem notað er ætti að vera eins og í S.23.01.01.01 R0580/C0010 fyrir einstök félög og S.23.01.04.01 R0680/C0010 fyrir samstæður.
C0290	Fjöldi minni háttar breytinga sem gerðar voru á gagnaskilatímabilinu	Fjöldi minni háttar breytinga sem gerðar voru á gagnaskilatímabilinu
C0300	Viðmiðunarmörk fyrir uppsöfnun	Viðmiðunarmörk fyrir uppsöfnun eins og tilgreint er í stefnunni fyrir breytingu á líkani.
C0310	Reset	Taka á fram hvort endurstilling á uppsöfnuðum minni háttar breytingum hafi verið gerð á gagnaskilatímabilinu: — Endurstilling minni háttar breytinga á eigin líkani var gerð á gagnaskilatímabilinu — Endurstilling minni háttar breytinga á eigin líkani var ekki gerð á gagnaskilatímabilinu.
C0320	Ástæða fyrir endurstillingu	Stuttlega á að gera grein fyrir rökstuðningnum fyrir hvers vegna endurstilling á uppsöfnuðum minni háttar breytingum hafi verið gerð á gagnaskilatímabilinu.

S.27.01 – Gjaldþolskrafa – hamfaraáhætta í skaða- og heilsutryggingum

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur tengist árlegri framlagningu upplýsinga fyrir samstæður, varða sjóði, eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og eftirstæðan hluta.

Færa á inn í sniðmát S.27.01 fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum (RFF), hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) og fyrir eftirstæðan hluta. Ef sjóður sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, inniheldur eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/sjóð sem haldið er aðgreindum ætti þó að meðhöndla sjóðinn sem aðra sjóði. Þetta sniðmát skal lagt fram fyrir alla undirsjóði mikilvægs sjóðs sem haldið er aðgreindum/eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í annarri töflu S.01.03.

Sniðmát SR.27.01 á eingöngu við í tengslum við sjóð sem haldið er aðgreindum/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar frá félögum á samstæðustigi, í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þegar aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum) er notuð, annað hvort einvörðungu eða saman með aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð).

Þetta sniðmát er til þess ætlað að veita skilning á hvernig eining hamfaraáhættu í gjaldþolskröfunni hefur verið reiknuð út og hverjir meginþættirnir eru.

Fyrir hverja tegund hamfaraáhættu verða að ákvarða áhættumildunaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum félagsins og félögum með sérstakan tilgang. Í þessum útreikningi felst framtíðarmat sem verður að byggja á endurtryggingaráætlun næsta gagnaskilaárs, eins og lýst er í endurtryggingasniðmátunum fyrir kjörfrjálsa tryggingavernd (S.30.01 og S.30.02 í II. viðauka) og útgefna endurtryggingaráætlun á næsta gagnaskilaári (S.30.03 and S.30.04 í II. viðauka).

Félög þurfa að meta endurheimtur sínar af áhættuvörn í samræmi við tilskipun 2009/138/EB, framselda reglugerð (ESB) 2015/35 og sérhvern tæknistaðal sem á við. Félög skulu eingöngu færa inn í sniðmátið fyrir hamfaraskýrslugjöf að þeirri nákvæmni sem þörf er á til að framkvæma þennan útreikning.

Í áhættueiningunum fyrir skaða- og heilsutryggingar er hamfaraáhætta skilgreind sem áhættan af tapi eða neikvæð breyting á virði vátryggingaskuldbindinga, sem leiða af verulegri óvissu um verðlagningu og varúðarniðurfærslu og tengist öfgakenndum eða óvæntum viðburðum, eins og sett er fram í b-lið 2. mgr. og c-lið 4. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Tilgreinda gjaldþolskrafan endurspeglar gjaldþolskröfurnar, fyrir og eftir áhættuvörn, sem eru áhættumildunaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum félagsins og félögum með sérstakan tilgang. Tilgreinda gjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn kemur áður en tekið er tillit til tapgleypni vátryggingaskuldar. Staðalgildi áhættuvarnarinnar skal tilgreint sem jákvætt virði til að koma til frádráttar.

Í því tilviki að fjölþættingaráhrifin lækki gjaldþolskröfuna skal tilgreina staðalgildi fjölþættingarinnar sem neikvætt virði.

Fyrir gagnaskil samstæðu skulu eftirfarandi sértækar kröfur uppfylltar:

a) Upplýsingarnar eiga við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

b) Þegar samsetning aðferða er notuð á eingöngu að leggja fram þessar upplýsingarnar fyrir þann hluta samstæðunnar sem reiknaður er út með aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og

c) Þessar upplýsingar eiga ekki við um samstæður þegar aðferð 2, eins og skilgreint er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er einvörðungu notuð.

Z0020	Varinn sjóður, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar eða eftirstæður hluti	Tilgreina hvort tilkynntu tölurnar eigi við um sjóð sem haldið er aðgreindum, eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eða eftirstæðan hluta. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjóður sem haldið er aðgreindum (RFF)/eignasafn, aðlagað vegna samræmingar (MAP) 2 – Eftirstæður hluti
Z0030	Sjóðs-/eignasafnsnúmer	Þegar liður Z0020 = 1, auðkennisnúmer fyrir varinn sjóð eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar. Þessu númeri er úthlutað af félaginu, innan ramma samstæðueftirlits, og verður að vera samkvæmt til lengri tíma og stemma við sjóðsnúmerið/eignasafnsnúmerið sem tilgreint er í öðrum sniðmátum.
R0001/C0001	Einfaldanir sem eru notaðar – brunaáhætta	Tilgreina hvort félag, innan ramma samstæðu fyrir útreikning á gjaldþolskröfunni, hafi notað einfaldanir við útreikninginn á brunaáhættu. Nota skal eftirfarandi valkosti: 1 – Einfaldanir að því er varðar 90. gr. c 9 – Einfaldanir eru ekki notaðar Ef R0001/C0001 = 1, skal einungis færa inn í C0880 fyrir R2600.
R0002/C0001	Einfaldanir sem eru notaðar – náttúruhamfaraáhætta	Tilgreina hvort félag, innan ramma samstæðu fyrir útreikning á gjaldþolskröfunni, hafi notað einfaldanir við útreikninginn á náttúruhamfaraáhættu. Nota skal eftirfarandi valkosti: 1 – Einföldun að því er varðar 90. gr. b, stormar 2 – Einföldun að því er varðar 90. gr. b, jarðskjálfta 3 – Einföldun að því er varðar 90. gr. b, flóð 4 – Einföldun að því er varðar 90. gr. b, haglél 5 – Einföldun að því er varðar 90. gr. b, landsig 9 – Einfaldanir eru ekki notaðar Valkosti 1–5 er hægt að nota samtímis.
Hamfaraáhætta í skaðatryggingum – samantekt		
C0010/R0010	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – náttúruhamfaraáhætta	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af háska tengdum náttúruhamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0010/R0070.

C0010/R0020–R0060	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – háski tengdur náttúruhamfaraáhættu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, á háska tengdan náttúruhamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli landsvæða. Þessi fjárhæð er jöfn hamfaraáhættukröfunni, eftir náttúruháska, fyrir áhættuvörn.
C0010/R0070	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, sem varða mismunandi háska tengdum náttúruhamförum.
C0020/R0010	Heildaráhættuvörn – náttúruhamfaraáhætta	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af sérhverjum háska tengdum náttúruhamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0020/R0070.
C0020/R0020–R0060	Heildaráhættuvörn – háski tengdur náttúruhamfaraáhættu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, eftir háska tengdum náttúruhamförum.
C0020/R0070	Heildaráhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrifin sem stafa af samantekinni á áhættuvarnaráhrifunum af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem varða mismunandi háska tengdum náttúruhamförum.
C0030/R0010	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – náttúruhamfaraáhætta	Þetta er hamfaraáhættan alls, eftir áhættuvörn, sem stafar af háska tengdum náttúruhamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0030/R0070.
C0030/R0020–R0060	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – háski tengdur náttúruhamfaraáhættu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, á háska tengdan náttúruhamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli landsvæða. Þessi fjárhæð er jöfn hamfaraáhættukröfunni, eftir náttúruháska, eftir áhættuvörn.
C0030/R0070	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, eftir áhættuvörn, sem varða mismunandi háska tengdum náttúruhamförum.
C0010/R0080	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – hamfaraáhætta tengd óhlutfallslegri eignaendurtryggingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af óhlutfallslegri eignaendurtryggingu.
C0020/R0080	Heildaráhættuvörn – hamfaraáhætta tengd óhlutfallslegri eignaendurtryggingu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang fyrir óhlutfallslega eignaendurtryggingu.

C0030/R0080	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – hamfaraáhætta tengd óhlutfallslegri eignaendurtryggingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, eftir áhættuvörn sem stafar af óhlutfallslegri eignaendurtryggingu.
C0010/R0090	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – manngerð hamfaraáhætta	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af sérhverjum manngerðum háska og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0010/R0160.
C0010/R0100–R0150	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – manngerður háski tengdur hamfara-áhættu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, á manngerðan háska og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli einstakra háska. Þessi fjárhæð er jöfn hamfaraáhættukröfunni, eftir manngerðum háska, fyrir áhættuvörn.
C0010/R0160	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, sem varða mismunandi manngerða háska.
C0020/R0090	Heildaráhættuvörn – manngerð hamfaraáhætta	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af sérhverjum manngerðum háska og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0020/R0160.
C0020/R0100–R0150	Heildaráhættuvörn – manngerður háski tengdur hamfaraáhættu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, eftir manngerðum háska tengdum hamförum.
C0020/R0160	Heildaráhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrifin sem stafa af samantekinni á áhættuvarnaráhrifunum af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem varða mismunandi manngerða háska.
C0030/R0090	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – manngerð hamfaraáhætta	Þetta er hamfaraáhættan alls, eftir áhættuvörn, sem stafar af sérhverjum manngerðum háska tengdum hamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0030/R0160.
C0030/R0100–R0150	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – manngerður háski tengdur hamfara-áhættu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, á manngerðan háska og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli einstakra háska. Þessi fjárhæð er jöfn hamfaraáhættukröfunni, eftir manngerðum háska, eftir áhættuvörn.
C0030/R0160	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, eftir áhættuvörn, sem varða mismunandi manngerða háska tengda hamförum.

C0010/R0170	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – önnur manngerð hamfaraáhætta í skaðatryggingum	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af sérhverjum „öðrum skaðatryggingar“ háska og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0010/R0180.
C0010/R0180	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, sem varða mismunandi „aðra skaðatryggingar“ háska.
C0020/R0170	Heildaráhættuvörn – önnur hamfaraáhætta í skaðatryggingum	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af sérhverjum „öðrum skaðatryggingar“ háska og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0020/R0180.
C0020/R0180	Heildaráhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrifin sem stafa af samantekinni á áhættuvarnaráhrifunum af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem varða mismunandi „aðra skaðatryggingar“ háska.
C0030/R0170	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – önnur hamfaraáhætta í skaðatryggingum	Þetta er hamfaraáhættan alls, eftir áhættuvörn, sem stafar af sérhverjum „öðrum skaðatryggingar“ háska tengdum hamförum og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna milli háskanna sem getið er í C0030/R0180.
C0030/R0180	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – fjölþætting milli háska	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, eftir áhættuvörn, sem varða mismunandi „aðra skaðatryggingar“ háska tengda hamförum.
C0010/R0190	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – hamfaraáhætta í skaðatryggingum alls, fyrir fjölþættingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af öllum undireiningunum (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta), fyrir fjölþættingaráhrifin á milli undireininganna.
C0010/R0200	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþætting á milli undireininga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, sem varða mismunandi undireiningar (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta).
C0010/R0210	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – hamfaraáhætta í skaðatryggingum alls, eftir fjölþættingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af öllum undireiningunum (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta), að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli undireininganna sem getið er í C0010/R0200.
C0020/R0190	Heildaráhættuvörn – heildarhamfaraáhætta í skaðatryggingum, fyrir fjölþættingu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af öllum undireiningunum (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta), fyrir fjölþættingu á milli undireininganna.

C0020/R0200	Heildaráhættuvörn – fjölþætting á milli undireininga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á áhættuvarnaráhrifunum af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang sem varða mismunandi undireiningar (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta).
C0020/R0210	Heildaráhættuvörn – heildarhamfaraáhætta í skaðatryggingum, eftir fjölþættingu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af öllum undireiningunum (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta), að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli undireininganna sem getið er í C0020/R0200.
C0030/R0190	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – hamfaraáhætta í skaðatryggingum alls, fyrir fjölþættingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, eftir áhættuvörn, sem stafar af öllum undireiningunum (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta), fyrir fjölþættingaráhrifin á milli undireininganna.
C0030/R0200	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – fjölþætting á milli undireininga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, eftir áhættuvörn, sem varða mismunandi undireiningar (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta).
C0030/R0210	Gjaldþolskrafa eftir áhættuvörn – hamfaraáhætta í skaðatryggingum alls, eftir fjölþættingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, eftir áhættuvörn, sem stafar af öllum undireiningunum (náttúruhamfarir, óhlutfallsleg eignaendurtrygging, manngerð og „önnur skaðatrygginga“ hamfaraáhætta), að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli undireininganna sem getið er í lið C0030/R0200.
Hamfaraáhætta í heilsutryggingu – samantekt		
C0010/R0300	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – hamfaraáhætta í heilsutryggingu	Þetta er hamfaraáhættan alls, fyrir áhættuvörn, sem stafar af öllum undireiningum hamfaraáhættu í heilsutryggingu og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli undireininganna sem getið er í C0010/R0340.
C0010/R0310–R0330	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – undireiningar hamfaraáhættu í heilsutryggingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, á undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli landanna. Þessi fjárhæð er jöfn hamfaraáhættukröfunni, fyrir hverja undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu, fyrir áhættuvörn.

C0010/R0340	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþætting á milli undireininga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, sem varða mismunandi undireiningar hamfaraáhættu í heilsutryggingu.
C0020/R0300	Heildaráhættuvörn – hamfaraáhætta í heilsutryggingu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af öllum undireiningum hamfaraáhættu í heilsutryggingu og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli undireininganna sem getið er í C0020/R0340.
C0020/R0310–R0330	Heildaráhættuvörn – undireiningar hamfaraáhættu í heilsutryggingu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, eftir undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu.
C0020/R0340	Heildaráhættuvörn – fjölþætting á milli undireininga	Fjölþættingaráhrifin sem stafa af samantekinni á áhættuvarnaráhrifunum af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem varða mismunandi undireiningar hamfaraáhættu í heilsutryggingu.
C0030/R0300	Gjaldþolskrafa eftir áhættuvörn – hamfaraáhætta í heilsutryggingu	Þetta er hamfaraáhættan alls eftir áhættuvörn, sem stafar af öllum undireiningum hamfaraáhættu í heilsutryggingu og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli undireininganna sem getið er í C0030/R0340.
C0030/R0310–R0330	Gjaldþolskrafa eftir áhættuvörn – undireiningar hamfaraáhættu í heilsutryggingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, á undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu og að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna á milli landanna. Þessi fjárhæð er jöfn hamfaraáhættukröfunni, fyrir hverja undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingu, eftir áhættuvörn.
C0030/R0340	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn – fjölþætting á milli undireininga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum eftir áhættuvörn, sem varða mismunandi undireiningar hamfaraáhættu í heilsutryggingu.
Hamfaraáhætta í skaðatryggingum		
Náttúruhamfaraáhætta – stormar		

C0040/R0610–R0780	Áætlun um verg iðgjöld tímabilsins – önnur landsvæði	Áætlun vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðunnar um iðgjöld tímabilsins á næsta ári í tengslum við landsvæðin 14, önnur en tilgreindu landsvæðin (þ.m.t. landsvæði eins og tilgreind eru í III. viðauka, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í V. viðauka eða í XIII. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35), fyrir samninginn í tengslum við skuldbindingarnar er varða atvinnugreinar vegna bruna og annars tjóns sem nær yfir stormáhættu, þ.m.t. hlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar og sjó-, flug- og farmtryggingu sem nær yfir tjón á fasteignum á landi vegna stormviðris, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar. Iðgjöld skulu vera verg, án frádráttar iðgjalda fyrir endurtryggingasamninga.
C0040/R0790	Áætlun um verg iðgjöld tímabilsins – stormar alls – önnur landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildaráætlun vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðunnar um iðgjöld tímabilsins, fyrir fjölþættingu, á næsta ári fyrir landsvæðin 14, önnur en tilgreindu landsvæðin.
C0050/R0400–R0590	Áhættuskuldbinding – tilgreind landsvæði	Samanlagða heildartryggingarfjárhæðin fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum fyrir vátryggingagreinar: Bruni og annað tjón, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar, í tengslum við samninga sem ná yfir stormáhættu og þar sem áhættan er staðsett á þessu tiltekna tilgreinda landsvæði, og Sjó-, flug- og farmtrygging, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar, í tengslum við samninga sem ná yfir tjón á fasteignum á landi vegna storma og þar sem áhættan er staðsett á þessu tiltekna tilgreinda landsvæði.
C0050/R0600	Áhættuskuldbinding – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildaráhættuskuldbindingin, fyrir fjölþættingu fyrir 23 tilgreindu landsvæðin.
C0060/R0400–R0590	Tilgreint vergt tap – tilgreind landsvæði	Tilgreint vergt tap vegna storma fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum, að teknu tillit til fjölþættingaráhrifa milli svæða.
C0060/R0600	Tilgreint vergt tap – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Tilgreint vergt tap alls, fyrir fjölþættingu fyrir 23 tilgreindu landsvæðin.
C0070/R0400–R0590	Hamfaraáhættukröfustuðull, fyrir áhættuvörn – tilgreind landsvæði	Áhættukröfustuðullinn fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum vegna storma, að teknu tillit til fjölþættingaráhrifa milli svæða.
C0070/R0600	Hamfaraáhættukröfustuðull, fyrir áhættuvörn – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Hlutfall á milli tilgreinds vergs taps alls og heildar áhættuskuldbindingar.
C0080/R0400–R0590	Sviðsmynd A eða B – tilgreind landsvæði	Sú hærri af gjaldþolskröfunum vegna stormáhættu fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum samkvæmt sviðsmynd A eða sviðsmynd B. Þegar hæsta fjárhæðin á sviðsmynd A og B er ákvörðuð skal taka tillit til áhættuvarnaráhrifanna af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska.

C0090/R0400–R0590	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – tilgreind landsvæði	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn, sem stafar af stormum fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum, sem samsvarar þeirri hærri af sviðsmynd A eða B.
C0090/R0600	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, sem stafar af stormum fyrir 23 tilgreindu landsvæðin.
C0090/R0790	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – stormar alls – önnur landsvæði, fyrir fjölþættingu	Gjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, vegna stormáhættu á öðrum landsvæðum en tilgreindu landsvæðunum. Fjárhæðin sem tapast skyndilega, án frádráttar endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.
C0090/R0800	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – stormar alls – öll landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, sem stafar af stormviðri fyrir öll landsvæði.
C0090/R0810	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþættingaráhrif á milli landsvæða	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantekt stormáhættunnar og varða mismunandi landsvæði (bæði tilgreind landsvæði og „önnur landsvæði“)
C0090/R0820	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – stormar alls, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, vegna stormáhættu, að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna sem tilgreind eru í lið C0090/R0810.

C0100/R0400–R0590	Áætluð áhættuvörn – tilgreint landsvæði	Fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum, áætluðu áhættuvarnaráhrifin sem samsvara völdu sviðsmyndinni, af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska, að undanskildum áætluðu endurheimtu iðgjöldunum.
C0100/R0600	Áætluð áhættuvörn – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Áætlaða áhættuvörnin alls sem stafar af stormum fyrir 23 tilgreindu landsvæðin.
C0100/R0790	Áætluð áhættuvörn – stormar alls – önnur landsvæði, fyrir fjölþættingu	Fyrir öll landsvæðin, önnur en tilgreindu landsvæðin, áætluðu áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska, að undanskildum áætluðu endurheimtu iðgjöldunum.
C0100/R0800	Áætluð áhættuvörn – stormar alls – öll landsvæði, fyrir fjölþættingu	Áætlaða áhættuvörnin alls sem stafar af stormviðri fyrir öll landsvæði.
C0110/R0400–R0590	Áætluð endurheimt iðgjöld – tilgreint landsvæði	Fyrir hvert af 23 tilgreindu landsvæðunum, áætluðu endurheimtu iðgjöldin sem samsvara völdu sviðsmyndinni, sem afleiðing af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska.
C0110/R0600	Áætluð endurheimt iðgjöld – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Áætluðu endurheimtu iðgjöldin alls fyrir 23 tilgreindu landsvæðin.
C0110/R0790	Áætluð endurheimt iðgjöld – stormar alls – önnur landsvæði, fyrir fjölþættingu	Fyrir öll landsvæðin, önnur en tilgreindu landsvæðin, áætluðu endurheimtu iðgjöldin, sem afleiðing af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska.
C0110/R0800	Áætluð endurheimt iðgjöld – stormar alls – öll landsvæði, fyrir fjölþættingu	Áætluðu endurheimtu iðgjöldin alls fyrir öll landsvæði.
C0120/R0400–R0590	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – tilgreind landsvæði	Gjaldþolskrafa, eftir að áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska, hafa verið dregin frá, sem stafar af stormviðri á hverju af tilgreindu landsvæðunum, sem samsvarar völdu sviðsmyndinni.

C0120/R0600	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – stormar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildargjaldþolskrafan, eftir að áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregin frá, fyrir 23 tilgreindu landsvæðin.
C0120/R0790	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – stormar alls – önnur landsvæði, fyrir fjölþættingu	Gjaldþolskrafa, eftir áhættuvörn, vegna stormáhættu á öðrum landsvæðum en tilgreindu landsvæðunum. Fjárhæðin sem tapast skyndilega, þ.m.t. frádráttarins á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.
C0120/R0800	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – stormar alls – öll landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildargjaldþolskrafan, eftir að áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregin frá, fyrir öll landsvæði.
C0120/R0810	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – fjölþættingaráhrif á milli landsvæða	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantekt gjaldþolskröfunnar, eftir áhættuvörn, vegna stormáhættu og varða mismunandi landsvæði (bæði tilgreind landsvæði og „önnur landsvæði“)
C0120/R0820	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – stormar alls, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, vegna stormáhættu, að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna sem tilgreind eru í lið C0120/R0810.
Náttúruhamfaraáhætta – jarðskjálftar		
C0130/R1040–R1210	Áætlun um verg iðgjöld tímabilsins – önnur landsvæði	Áætlun vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðunnar um iðgjöld tímabilsins á næsta ári í tengslum við hvert af landsvæðunum 14, öðrum en tilgreindu landsvæðunum (þ.m.t. landsvæði eins og tilgreind eru í III. viðauka, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í V. viðauka eða í XIII. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35), fyrir samninginn í tengslum við skuldbindingarnar er varða atvinnugreinar: Bruna og annars tjóns sem nær yfir jarðskjálftaáhættu, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar, og Sjó-, flug- og farmtryggingu sem nær yfir tjón á fasteignum á landi vegna jarðskjálfta, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar. Iðgjöld skulu vera verg, án frádráttar iðgjalda fyrir endurtryggingasamninga.

C0130/R1220	Áætlun um verg iðgjöld tímabilsins – jarðskjálftar alls – önnur landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildaráætlun vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðunnar um iðgjöld tímabilsins á næsta ári fyrir önnur landsvæði.
C0140/R0830–R1020	Áhættuskuldbinding – tilgreind landsvæði	Samanlagða heildartryggingarfjárhæðin fyrir hvert af 20 tilgreindu landsvæðunum fyrir vátryggingagreinar: Bruni og annað tjón, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar, í tengslum við samninga sem ná yfir jarðskjálftaáhættu og þar sem áhættan er staðsett á þessu tiltekna tilgreinda landsvæði, og Fyrir vátryggingagreinar sjó-, flug- og farmtryggingu, þ.m.t. hlutfallslegu endurtryggingaskuldbindingarnar, í tengslum við samninga sem ná yfir tjón á fasteignum á landi vegna jarðskjálfta og þar sem áhættan er staðsett á þessu tiltekna tilgreinda landsvæði.
C0140/R1030	Áhættuskuldbinding – jarðskjálftar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Heildaráhættuskuldbindingin fyrir 20 tilgreindu landsvæðin.
C0150/R0830–R1020	Tilgreint vergt tap – tilgreind landsvæði	Tilgreint vergt tap vegna jarðskjálfta fyrir hvert af 20 tilgreindu landsvæðunum, að teknu tillit til fjölþættingaráhrifa milli svæða.
C0150/R1030	Tilgreint vergt tap – jarðskjálftar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Tilgreint vergt tap alls vegna jarðskjálfta fyrir 20 tilgreindu landsvæðin.
C0160/R0830–R1020	Hamfaraáhættukröfustuðull, fyrir áhættuvörn – tilgreind landsvæði	Áhættukröfustuðullinn fyrir hvert af 20 tilgreindu landsvæðunum vegna jarðskjálfta samkvæmt staðalreglunni, að teknu tillit til fjölþættingaráhrifa milli svæða.
C0160/R1030	Hamfaraáhættukröfustuðull, fyrir áhættuvörn – jarðskjálftar alls – tilgreind landsvæði, fyrir fjölþættingu	Hlutfall á milli tilgreinds vergs taps alls og heildar áhættuskuldbindingar.
C0170/R0830–R1020	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – tilgreind landsvæði	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn, sem stafar af jarðskjálftum á hverju af 20 tilgreindu landsvæðunum.

C1100/R3110	Hamfaraáhættukrafa tengd greiðslu og efndum, fyrir áhættuvörn – fjölþætting á milli tegunda af viðburðum	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, að því er varðar mismunandi tegundir af viðburðum, vegna greiðslu- og efndaáhættu.
C1100/R3120	Hamfaraáhættukrafa tengd greiðslu og efndum, fyrir áhættuvörn – alls, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, eftir fjölþættingaráhrif á milli tegunda af viðburðum, vegna greiðslu- og efndaáhættu.
C1110/R3100	Áætluð heildaráhættuvörn – alls, fyrir fjölþættingu	Þetta eru áhættuvarnaráhrifin alls, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli tegunda af atburðum, af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, sem stafa af greiðslu- og efndaáhættu.
C1120/R3100	Hamfaraáhættukrafa tengd greiðslu og efndum, eftir áhættuvörn – alls, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli tegunda af viðburðum, vegna greiðslu- og efndaáhættu.
C1120/R3110	Hamfaraáhættukrafa tengd greiðslu og efndum, eftir áhættuvörn – fjölþætting á milli tegunda af viðburðum	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, eftir áhættuvörn, að því er varðar mismunandi tegundir af viðburðum, vegna greiðslu- og efndaáhættu.
C1120/R3120	Hamfaraáhættukrafa tengd greiðslu og efndum, eftir áhættuvörn – alls, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, eftir fjölþættingaráhrif á milli tegunda af viðburðum, vegna greiðslu- og efndaáhættu.
Hamfaraáhætta af mannavöldum – önnur hamfaraáhætta í skaðatryggingum		
C1130/R3200–R3240	Áætlun um verg iðgjöld tímabilsins – flokkur skuldbindinga	Áætlun vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðunnar um iðgjöld tímabilsins á næsta ári, fyrir samningana í tengslum við eftirfarandi flokk skuldbindinga: Vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugrein, sjó-, flug- og farmtrygging, þ.m.t. hlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar, aðrar en sjótryggingar og -endurtryggingar og flugtryggingar og -endurtryggingar. Endurtryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í vátryggingagrein, óhlutfallsleg sjó-, flug- og farmendurtrygging, aðrar en sjósendurtrygging og flugendurtrygging, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, Vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í vátryggingagrein, ýmiss konar fjárhagstjón, þ.m.t. hlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar, aðrar en framlengdar ábyrgðatrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar að því tilskildu að eignasafn þessara skuldbindinga sé með mikilli fjölþættingu og þessar skuldbindingar nái ekki yfir kostnaðinn vegna innköllunar á vörum. Endurtryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í vátryggingagrein, óhlutfallsleg slysaendurtrygging, önnur en almenn ábyrgðarendurtrygging, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, Óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í vátryggingagrein, greiðslu- og efndavátrygging, þ.m.t. hlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar. Iðgjöld skulu vera verg, án frádráttar iðgjalda fyrir endurtryggingasamninga.

C1140/R3200–R3240	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, fyrir áhættuvörn – flokkur skuldbindinga	Þetta er gjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, fyrir hvern flokk skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1140/R3250	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, fyrir áhættuvörn – alls, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1140/R3260	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, fyrir áhættuvörn – fjölþætting á milli flokka skuldbindinga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, fyrir áhættuvörn, að því er varðar mismunandi flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1140/R3270	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, fyrir áhættuvörn – alls, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, eftir fjölþættingaráhrif á milli flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1150/R3250	Áætluð heildaráhættuvörn – alls, fyrir fjölþættingu	Þetta er áætlaða heildaráhættuvörnin, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1160/R3250	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, eftir áhættuvörn – alls, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1160/R3260	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, eftir áhættuvörn – fjölþætting á milli flokka skuldbindinga	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á heildargjaldþolskröfunum, eftir áhættuvörn, að því er varðar mismunandi flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.
C1160/R3270	Hamfaraáhættukrafa tengd annarri hamfaraáhættu í skaðatryggingum, eftir áhættuvörn – alls, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, eftir fjölþættingaráhrif á milli flokka skuldbindinga, vegna annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum.

Hamfaraáhætta í heilsutryggingu		
Hamfaraáhætta í heilsutryggingu – hópslys		
C1170/R3300–R3600, C1190/R3300–R3600, C1230/R3300–R3600, C1250/R3300–R3600	Vátryggingartaki – fyrir hverja tegund af viðburðum	Allir tryggðir einstaklingar hjá vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðunni sem eru íbúar í hverju og einu af löndunum og eru tryggðir gegn eftirfarandi tegund af viðburðum: Dauða af völdum slyss, Varanlegri fötlun af völdum slyss, Fötlun sem varir í 12 mánuði af völdum slyss, Læknismeðferð vegna slyss.
C1180/R3300–R3600, C1200/R3300–R3600, C1240/R3300–R3600, C1260/R3300–R3600	Virði greiddra bóta – fyrir hverja tegund af viðburðum	Virðið á bótunum skal vera tryggingarfjárhæðin eða, ef vátryggingarsamningurinn kveður á um endurteknar bótagreiðslur, besta mat á bótagreiðslunum, með því að nota spár um sjóðstreymi, fyrir hverja tegund viðburðar. Ef bæturnar samkvæmt vátryggingarsamningi ráðast af eðli eða stærð sérhvers áverka sem leiðir af tegund viðburðar, skal útreikningurinn á virði bótanna byggja á hámarksbótum sem völ er á samkvæmt samningnum, sem eru í samræmi við viðburðinn. Fyrir vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar, skal virðið á bótunum byggja á áætlun um meðaltalsfjárhæðirnar sem greiðast í tilviki hverrar tegundar af viðburði, að teknu tilliti til sértæku ábyrgðanna sem skuldbindingarnar taka til.
C1270/R3300–R3600	Hamfaraáhættukrafa fyrir áhættuvörn	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn, fyrir hvert og eitt landanna, sem stafar af undireiningunni hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar.
C1270/R3610	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – hópslys alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli landa, vegna undireiningarinnar hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar.
C1270/R3620	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþættingaráhrif á milli landa	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á undireiningunni hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar, að því er varðar mismunandi lönd.
C1270/R3630	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – hópslys alls, allra landa, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, eftir fjölþættingaráhrif á milli landa, vegna undireiningarinnar hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar.

C1280/R3300–R3600	Áætluð áhættuvörn	Fyrir hvert land, áætluðu áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska, að undanskildum áætluðu endurheimtu iðgjöldunum.
C1280/R3610	Áætluð áhættuvörn – hópslys alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Áætluð áhættuvarnaráhrif alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, fyrir öll lönd.
C1290/R3300–R3600	Áætluð endurheimt iðgjöld	Fyrir hvert land, áætluðu endurheimtu iðgjöldin sem afleiðing af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska.
C1290/R3610	Áætluð endurheimt iðgjöld – alls	Áætluðu endurheimtu iðgjöldin alls sem afleiðing af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, fyrir öll lönd.
C1300/R3300–R3600	Hamfaraáhættukrafa eftir áhættuvörn	Gjaldþolskrafa, eftir að áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang að því er varðar þennan háska hafa verið dregin frá, sem stafar af undireiningunni hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar, fyrir hvert land.
C1300/R3610	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – hópslys alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli landa, vegna undireiningarinnar hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar.
C1300/R3620	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – fjölþættingaráhrif á milli landa	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á gjaldþolskröfunni, eftir áhættuvörn, vegna undireiningarinnar hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar, að því er varðar mismunandi lönd.
C1300/R3630	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – hópslys alls, allra landa, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, vegna undireiningarinnar hópslysaáhætta í tengslum við heilsutrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar, að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna sem tilgreind eru í C1300/R3620.
Hamfaraáhætta í heilsutryggingu – samþjöppun slysa		

C1310/R3700–R4010	Mesta þekkta áhættusamþjöppun slysa – lönd	Stærsta áhættusamþjöppun slysa fyrir vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðu, fyrir hvert land, skal vera jöfn mestum fjölda einstaklinga sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: Vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðan er með vátryggingar- eða endurtryggingarskuldbindingu vegna launþegabóta eða vátryggingar- eða endurtryggingarskuldbindingu vegna hóptekjuverndar í tengslum við hvern og einn þessara einstaklinga, Skuldbindingarnar í tengslum við hvern og einn af einstaklingunum nær yfir a.m.k. einn af viðburðunum sem settir eru fram í næsta lið, Einstaklingarnir vinna í sömu byggingu sem er staðsett í þessu tiltekna landi. Þessir einstaklingar eru tryggðir gegna eftirfarandi tegund viðburða: Dauða af völdum slyss, Varanlegri fötlun af völdum slyss, Fötlun sem varir í 10 ár af völdum slyss, Fötlun sem varir í 12 mánuði af völdum slyss, Læknismeðferð vegna slyss.
C1320/R3700–R4010, C1330/R3700–R4010, C1350/R3700–R4010, C1360/R3700–R4010	Meðaltryggingafjárhæð fyrir hverja tegund viðburðar	Meðalvirði bóta sem vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu greiða fyrir stærstu slysaáhættusamþjöppunina.
C1370/R3700–R4010	Hamfaraáhættukrafa fyrir áhættuvörn	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn, fyrir hvert land, sem stafar af undireiningunni slysasamþjöppun í heilsutryggingu.
C1410	Önnur lönd sem taka á tilliti til í samþjöppun slysa	Tilgreina ISO-kóða annarra landa sem taka á tilliti til í slysasamþjöppuninni.
C1370/R4020	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – slysasamþjöppun alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli landa, vegna undireiningarinnar slysasamþjöppun í heilsutryggingu.

C1370/R4030	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – fjölþættingaráhrif á milli landa	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á undireiningunni slysasamþjöppun í heilsutryggingu að því er varðar mismunandi lönd.
C1370/R4040	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – slysasamþjöppun alls, allra landa, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, eftir fjölþættingaráhrif á milli landa, vegna undireiningarinnar slysasamþjöppun í heilsutryggingu.
C1380/R3700–R4010	Áætluð áhættuvörn – lönd	Fyrir hvert og eitt af löndunum sem tilgreind eru, áætluðu áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska, að undanskildum áætluðu endurheimtu iðgjöldunum.
C1380/R4020	Áætluð áhættuvörn – slysasamþjöppun alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Áætluð áhættuvarnaráhrif alls af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, fyrir öll lönd.
C1390/R3700–R4010	Áætluð endurheimt iðgjöld – lönd	Fyrir hvert og eitt af löndunum sem tilgreind eru, áætluðu endurheimtu iðgjöldin sem afleiðing af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, að því er varðar þennan háska.
C1390/R4020	Áætluð endurheimt iðgjöld – slysasamþjöppun alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Áætluðu endurheimtu iðgjöldin alls sem afleiðing af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang, fyrir öll lönd.
C1400/R3700–R4010	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – lönd	Gjaldþolskrafa, eftir að áhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang að því er varðar þennan háska hafa verið dregin frá, sem stafar af undireiningunni slysasamþjöppun í heilsutryggingum, fyrir hvert og eitt af löndunum sem eru tilgreind.
C1400/R4020	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – slysasamþjöppun alls, allra landa, fyrir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, fyrir fjölþættingaráhrifin á milli landa, vegna undireiningarinnar slysasamþjöppun í heilsutryggingu.

C1400/R4030	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – fjölþættingaráhrif á milli landa	Fjölþættingaráhrif sem stafa af samantektinni á gjaldþolskröfunni, eftir áhættuvörn, vegna undireiningarinnar slysasamþjöppunaráhætta í heilsutryggingu, að því er varðar mismunandi lönd.
C1400/R4040	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – slysasamþjöppun alls, allra landa, eftir fjölþættingu	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, vegna undireiningarinnar slysasamþjöppunaráhætta í heilsutryggingu, að teknu tilliti til fjölþættingaráhrifanna sem tilgreind eru í lið C1400/R4020.
Hamfaraáhætta í heilsutryggingu – heimsfaraldur		
C1440/R4100–R4410	Sjúkrakostnaður – fjöldi tryggðra einstaklinga – lönd	Fjöldi tryggðra einstaklinga vátrygginga- og endurtryggingasamstæðna, fyrir hvert og eitt landanna sem eru tilgreind, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: Tryggðu einstaklingarnir eru íbúar þessa tiltekna lands. Tryggðu einstaklingarnir falla undir vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar, aðrar en vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta, sem ná yfir sjúkrakostnað sem leiðir af smitsjúkdómi. Þessir tryggðu einstaklingar geta krafist bóta fyrir eftirfarandi notkun heilbrigðisþjónustu: Sjúkrahúsvist. Ráðgjafaviðtal við starfandi lækni. Engrar formlegrar læknishjálpar leitað.
C1450/R4100–R4410, C1470/R4100–R4410, C1490/R4100–R4410	Sjúkrakostnaður – einingakostnaður fyrir hverja tegund heilbrigðisþjónustu – lönd	Besta mat á fjárhæðunum, með notkun sjóðstreymispár, sem vátrygginga- og endurtryggingasamstæður greiða fyrir tryggðan einstakling í tengslum við vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar, aðrar en vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta, fyrir hverja tegund heilbrigðisþjónustu sem notuð er, í tilviki heimsfaraldurs, fyrir hvert og eitt af löndunum sem eru tilgreind.
C1460/R4100–R4410, C1480/R4100–R4410, C1500/R4100–R4410	Sjúkrakostnaður – hlutfall tryggðra einstaklinga eftir tegund heilbrigðisþjónustu – lönd	Hlutfall tryggðra einstaklinga með klínísk sjúkdómseinkenni sem nota hverja tegund heilbrigðisþjónustu, fyrir hvert og eitt af löndunum sem eru tilgreind.

C1510/R4100–R4410	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – lönd	Gjaldþolskrafa, fyrir áhættuvörn, fyrir hvert og eitt af löndunum sem eru tilgreind, sem stafar af undireiningunni heimsfaraldur í heilsutryggingu.
C1550	Önnur lönd sem taka á tilliti til í heimsfaraldri	Tilgreina ISO-kóða annarra landa sem taka á tilliti til í heimsfaraldri.
C1420/R4420	Tekjuvernd – fjöldi tryggðra einstaklinga – heimsfaraldur alls, allra landa	Heildarfjöldi tryggðra einstaklinga fyrir öll lönd sem eru tilgreind, sem falla undir vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingarnar vegna tekjuverndar, aðrar en vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta.
C1430/R4420	Tekjuvernd – heildaráhættu-skuldbinding vegna heims-faraldurs – heimsfaraldur alls, allra landa	Samtalan á áhættuskuldbindingu vátrygginga- og endurtryggingasamstæðna fyrir tekjuvernd alls vegna heimsfaraldurs, fyrir öll lönd sem eru tilgreind. Virðið á bótunum sem eru til greiðslu fyrir tryggða einstaklinginn skal vera tryggingarfjárhæðin eða, ef vátryggingasamningurinn kveður á um endurteknar bótagreiðslur, besta mat á bótagreiðslunum að því gefnu að tryggði einstaklingurinn sé varanlega fatlaður og muni ekki ná bata.
C1510/R4420	Hamfaraáhættukrafa, fyrir áhættuvörn – heimsfaraldur alls, allra landa	Þetta er heildargjaldþolskrafan, fyrir áhættuvörn, vegna undireiningarinnar heimsfaraldur í heilsutryggingu, fyrir öll lönd sem eru tilgreind.
C1520/R4420	Áætluð áhættuvörn – heims-faraldur alls, allra landa	Áætluðu heildaráhættuvarnaráhrifin af sértækum endurtryggingasamningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang að því er varðar þennan háska, að undanskildum áætluðu endurheimtu iðgjöldunum, fyrir öll lönd sem eru tilgreind.
C1530/R4420	Áætluð endurheimt iðgjöld – heimsfaraldur alls, allra landa	Áætluðu endurheimtu iðgjöldin alls sem afleiðing af sértækum endurtrygginga-samningum samstæðunnar og félögum með sérstakan tilgang að því er varðar þennan háska, fyrir öll lönd sem eru tilgreind.
C1540/R4420	Hamfaraáhættukrafa, eftir áhættuvörn – heimsfaraldur alls, allra landa	Þetta er heildargjaldþolskrafan, eftir áhættuvörn, vegna undireiningarinnar heims-faraldur í heilsutryggingu, fyrir öll lönd sem eru tilgreind.

S.31.01 – Hlutdeild endurtryggjenda (þ.m.t. takmörkuð endurtrygging og félög með sérstakan tilgang)

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Vátrygginga- og endurtryggingasamstæður skulu fylla út í þetta sniðmát ef endurheimtanleg fjárhæð er bókfærð af tengdum vátryggingafélögum í tengslum við endurtryggjandann í EES landi eða landi utan EES sem ekki er innan samstæðunnar (jafnvel þótt allir samningar við þann endurtryggjanda séu útrunnir).

Í sniðmátinu er upplýsingum safnað um endurtryggjendur en ekki um einstaka samninga. Færa verður inn sérhverja afsalaða vátryggingaskuld, þ.m.t. sem afsalað er samkvæmt takmarkaðri endurtryggingu (eins og skilgreint er í S.30.03 dálki C0060 í II. viðauka). Þetta þýðir einnig að ef félag með sérstakan tilgang eða samtök vátryggjenda sem starfa undir merkjum Lloyd's koma fram sem endurtryggjandi, verður að skrá félagið með sérstakan tilgang eða samtökin.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti á endurtryggðu félagi	Heiti endurtryggðrar einingar, sem auðkennir vátrygginga- og endurtryggingafélagið sem endurtryggir. Þessi liður á eingöngu við samstæður.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði félagsins, samkvæmt eftirfarandi forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Þegar félagið notar valkostinn „Sértækur kóði“ skal tekið tilliti til eftirfarandi: — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Við úthlutun auðkenniskóða til hvers og eins félags sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins eða sem fellur ekki undir eftirlit ætti að fara að eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði félagsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu
C0050	Tegund kóða endurtryggjanda	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0060	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum – iðgjaldaskuld skaðatryggingar, þ.m.t. heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Fjárhæðin fyrir hlutdeild endurtryggjandans í endurheimtanlegu fjárhæðunum fá endurtryggingu (þ.m.t. takmarkaðri endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang) fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, í besta mati á iðgjaldaskuldunum, reiknað út sem vænt núvirði framtíðarsjóðstreymis inn- og út.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum – tjónaskuld skaðatryggingar, þ.m.t. heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Fjárhæðin fyrir hlutdeild endurtryggjandans í endurheimtanlegu fjárhæðunum fá endurtryggingu (þ.m.t. takmarkaðri endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang) fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, í besta mati á tjónaskuldunum.
C0080	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum – vátryggingaskuld líftryggingar, þ.m.t. heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging	Fjárhæðin fyrir hlutdeild endurtryggjandans í endurheimtanlegu fjárhæðunum fá endurtryggingu (þ.m.t. takmarkaðri endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang) fyrir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila, í besta mati á vátryggingaskuld.
C0090	Leiðrétting fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila	Leiðrétting fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila á endurtryggjanda. Leiðréttinguna skal reikna út hverja fyrir sig og í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Þetta virði skal tilgreina sem neikvætt virði.
C0100	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum: Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum	Niðurstaðan af afsalaðri vátryggingaskuld (þ.e. kröfum + vátryggingaskuld), þ.m.t. leiðréttingunni fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila.
C0110	Hreinar viðskiptakröfur	Fjárhæðirnar sem komnar eru fram yfir gjalddaga sem leiða af: tjónum sem vátryggjandinn greiðir, en endurtryggjandinn hefur ekki ennþá endurgreitt, að viðbættum umboðslaunum sem endurtryggjandinn á að greiða og öðrum viðskiptakröfum, að frádregnum skuldum gagnvart endurtryggjandanum. Geymslufé er undanskilið og talið sem mótteknar ábyrgðir.
C0120	Eignir sem endurtryggjandi setur að veði	Eignir sem settar eru að veði af endurtryggjandanum til að draga úr mótaðilaáhættu endurtryggjandans.
C0130	Fjárhagslegar tryggingar	Fjárhæðin fyrir ábyrgðir sem félagið móttekur frá endurtryggjandanum til tryggingar á greiðslu gjaldfallinna skulda félagsins (þ.m.t. bankaábyrgð, ónotaðar bindandi lántökuheimildir).
C0140	Geymslufé	Fjárhæð innstæðna í reiðufé sem félagið hefur móttekið frá endurtryggjendum.
C0150	Mótteknar ábyrgðir alls	Heildarfjárhæð mismunandi tegunda ábyrgða. Samsvarar samtölu fjárhæðanna sem tilkynntar eru í C0120, C0130 og C0140.
C0155	Gjaldmiðill	Eftir atvikum, tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðil endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum. Einungis er krafist að sundurliðunin eftir gjaldmiðli ná yfir 90% endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingasamningum. Hægt er að flokka hin 10% sem eftir eru undir „aðrir gjaldmiðlar“.
Upplýsingar um endurtryggjendur		

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0160	Kóði endurtryggjanda	Auðkenniskóði endurtryggjandans eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði sem úthlutað er af félaginu
C0170	Tegund kóða Auðkenning á kóðanum sem notaður er undir liðnum „Kóði endurtryggjanda“.	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Kóði endurtryggjanda“. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0180	Lögheiti endurtryggjanda	Lögheiti endurtryggjandans sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til. Opinbert heiti endurtryggjandans sem ber áhættuna er sett fram í endurtryggingasamningnum. Ekki er heimilt að færa inn heitið á endurtryggingarmiðlara. Ekki er heldur heimilt að setja fram alhliða eða ófullkomið heiti þar sem alþjóðlegir endurtryggjendur eru með fleiri rekstrarfélög, sem geta verið staðsett í mismunandi löndum. Ef um er að ræða samnýtingarfyrirkomulag er eingöngu hægt að setja inn samnýtingarheitið (eða samnýtingarstjóra) ef samnýtingin er lögaðili.
C0190	Tegund endurtryggjanda	Tegund endurtryggjanda sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Frumtryggjandi á sviði líftrygginga 2 – Frumtryggjandi á sviði skaðatrygginga 3 – Frumtryggjandi á sviði samsettra trygginga 4 – Bundið vátryggingafélag 5 – Innri endurtryggjandi (endurtryggingafélag sem fyrst og fremst leggur áherslu á að yfirtaka áhættu frá öðrum vátryggingafélögum, innan ramma samstæðueftirlits) 6 – Ytri endurtryggjandi (endurtryggingafélag sem yfirtekur áhættu frá félögum, öðrum en frá vátryggingafélögum, innan ramma samstæðueftirlits) 7 – Bundið endurtryggingafélag 8 – Félag með sérstakan tilgang 9 – Samnýtingareining (þar sem fleiri en eitt vátrygginga- eða endurtryggingafélög taka þátt) 10 –Opinber samnýting

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0200	Aðsetursland	Tilgreina kóðann ISO 3166–1 alpha–2 fyrir landið þar sem endurtryggjandinn hefur löggilt starfsleyfi/er leyfisskyldur.
C0210	Ytra lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis	Raunverulegt/núverandi lánshæfismat sem samstæðan tekur tillit til. Ef lánshæfismatið er ekki tiltækt skal liðurinn óútfylltur og endurtryggjandinn auðkenndur sem „9 – ekkert lánshæfismat tiltækt“ í dálki C0230 (útlánagæðaþrep). Þessi liður á ekki við um endurtryggjendur sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Ef „Mörg utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“ eru tilgreind í C0220 á að tilgreina dæmigerðasta ytra lánshæfismatið.
C0220	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0210, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis vinsamlega tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki). —
C0230	Lánshæfisþrep	Tilgreina lánshæfisþrepið sem endurtryggjandanum er úthlutað. Lánshæfisþrepið skal endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem samstæðan sem notar staðalregluna gerir innanhúss. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1 2 – Lánshæfisþrep 2 3 – Lánshæfisþrep 3 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt
C0240	Innra mat	Innra mat á endurtryggjandanum fyrir samstæður sem nota eigið líkan, að því marki sem innra mat er notað í innra líkani þeirra. Ef félag notar eingöngu ytri möt í eigin líkani skal ekki tilgreina þennan lið.

S.31.02 – Félög með sérstakan tilgang

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við um hverja samstæðu sem yfirfærir áhættu til félags með sérstakan tilgang, til að tryggja nægjanlega upplýsingagjöf þegar félög með sérstakan tilgang eru notuð sem önnur aðferð fyrir yfirfærslu áhættu en hinir hefðbundnu endurtryggingasamningar.

Sniðmátið á við um notkun:

a) Félaga með sérstakan tilgang sem skilgreind eru samkvæmt 26. mgr. 13. gr. og með starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) Félaga með sérstakan tilgang sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) Félaga með sérstakan tilgang sem lúta eftirliti eftirlitsyfirvalda þriðja lands, þegar þau uppfylla kröfur sem eru jafngildar skilyrðunum sem sett eru fram í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) Annarra félaga með sérstakan tilgang, sem ekki uppfylla ofangreindar skilgreiningar, þegar áhætta er yfirfærð samkvæmt fyrirkomulagi sem hefur sama efnahagslega inntak og endurtryggingasamningur.

Sniðmátið nær yfir áhættuvarnaðferðir (bókfærðar eða ekki) sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið, innan ramma samstæðueftirlits, beitir og sem felur í sér að félag með sérstakan tilgang yfirtekur áhættu frá félaginu, innan ramma samstæðueftirlits, fyrir tilstilli endurtryggingasamnings, eða yfirtekur tryggingaáhættu frá félaginu, innan ramma samstæðueftirlits, sem yfirfærð er í gegnum svipað fyrirkomulag er „líkist endurtryggingu“.

Í þessu sniðmáti skal taka með gögn um félög með sérstakan tilgang sem hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði eða eitt af vátrygginga- eða endurtryggingadótturfélögum þess hefur yfirfært áhættu til.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Heiti á endurtryggðu félagi	Tilgreina lögheiti endurtryggða félagsins, sem auðkennir vátrygginga- og endurtryggingarfélagið sem endurtryggir, innan ramma samstæðueftirlits.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0030	Innri kóði félags með sérstakan tilgang	Innri kóði sem félagið úthlutar félagi með sérstakan tilgang eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði Þessi kóði skal vera einkvæmur fyrir hvert félag með sérstakan tilgang og haldast óbreyttur í síðari skýrslum.
C0040	Auðkenniskóði útgefinna skuldaviðurkenninga eða annars fjármögnunar-fyrirkomulags félags með sérstakan tilgang	Fyrir skuldaviðurkenningar eða annað fjármögnunarfyrirkomulag sem félagið með sérstakan tilgang gefur út og er í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélagsins, innan ramma samstæðueftirlits, skal tilgreina auðkenniskóðann eftir þessari forgangsröð, ef til staðar: — ISO 6166 þegar hann er tiltækur, — Aðra „viðurkennda“ kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC), — Kóða sem félagið, innan ramma samstæðueftirlits, úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir, og sem verður að vera samkvæmur til lengri tíma.
C0050	Gerð auðkenniskóða útgefinna skuldaviður-kenninga eða annars fjármögnunarfyrirkomula gs félags með sérstakan tilgang	Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu, innan ramma samstæðueftirlits
C0060	Vátryggingagreinar tengdar verðbréfun félags með sérstakan tilgang	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem tilgreind er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		9 – Greiðslu- og efndavátrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa 16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging 29 – Heilsutrygging 30 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 31 – Söfnunarlíftrygging 32 – Aðrar líftryggingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		35 – Heilsuendurtrygging 36 – Lífendurtrygging 37 – Fleiri greinar (eins og skilgreint er hér að neðan) Ef endurtryggingasamningur eða svipað fyrirkomulag veitir vernd fyrir fleiri en eina vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, og skilmálar fyrir vernd eru mismunandi á milli vátryggingagreina, þarf að tilgreina samninginn í fleiri línum. Færsluna í fyrstu línu fyrir samninginn þarf að færa inn sem „Fleiri greinar“ og veita upplýsingar um almenna skilmála samningsins, meðan í eftirfarandi línum veittar eru upplýsingar um einstaka skilmála endurtryggingasamningsins fyrir hverja viðkomandi vátryggingagrein. Ef skilmálar fyrir vernd eru ekki mismunandi eftir vátryggingagrein er eingöngu krafist hinar ráðandi vátryggingagreinar.
C0070	Gerð kveikjuatburðar/-atburða í félaginu með sérstakan tilgang	Tilgreina kveikjuviðbúnaðinn sem félagið með sérstakan tilgang notar sem kveikjuatburð og mun skylda félagið með sérstakan tilgang til að framkvæma greiðslu til vátrygginga- og endurtryggingafélagsins sem endurtryggir, innan ramma samstæðueftirlits. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Skaðabætur 2 – Tap frá líkani 3 – Vísitala eða stiki 4 – Samsetningar (þ.m.t. þátta ofangreindra aðferða) 5 – Annað
C0080	Samningsbundinn kveikjuatburður	Lýsing á sérstaka kveikjuatburðinum sem mun skylda félagið með sérstakan tilgang að framkvæma greiðslu til vátrygginga- og endurtryggingafélagsins sem endurtryggir, innan ramma samstæðueftirlits. Þessar upplýsingar ættu að vera til fyllingar upplýsingunum um „Gerð kveikjuatburðar/-atburða í félaginu með sérstakan tilgang“ og ættu að vera nægjanlega lýsandi til að gera eftirlitsyfirvöldum kleift að auðkenna raunverulega kveikjuatburðinn, t.d. sérstakar veður/stormvístölur fyrir hamfaráhættu eða töflur yfir almenn dánartíðnihlutföll vegna langlífisáhættu.
C0090	Sami kveikjuatburður og í undirliggjandi eignasafni endurtryggingataka	Auðkenna hvort kveikjuatburðinn sem skilgreindur er í undirliggjandi vátrygginga- og endurtryggingarsamningi með kveikjuatburðinum sem leiðir til útgreiðslu, sem skilgreindur er í samningnum, sé sá sami og sá sem skilgreindur er í félaginu með sérstakan tilgang. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sami kveikjuatburður 2 – Annar kveikjuatburður
C0100	Grunnáhætta sem leiðir af fyrirkomulagi áhættuyfirfærslu	Tilgreina ástæður grunnáhætta (þ.e. að áhættuskuldbindingin sem áhættuvarnaðferðin nær yfir samsvarar ekki áhættustigi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, innan ramma samstæðueftirlits). Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Engin grunnáhætta 2 – Ófullnægjandi undirskipun fyrir handhafa skuldaviðurkenningar 3 – Viðbótar endurkröfuréttur fjárfesta gagnvart endurtryggingataka

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		4 – Viðbótaráhætta sem verðbréfuð var eftir heimild 5 – Endurtryggingataki heldur áhættuskuldbindingu móti útgefnum skuldaviðurkenningum 9 – Annað
C0110	Grunnáhætta sem leiðir af samningsskilmálum	Tilgreina grunnáhættuna sem leiðir af samningsskilmálum. 1 – Engin grunnáhætta 2 – Verulegur hluti tryggðar áhættu sem ekki er yfirfærð 3 – Kveikjuatburður ekki nægjanlegur til að mæta áhættuskuldbindingu endurtryggingataka
C0120	Eignir félags með sérstakan tilgang sem haldið er aðgreindum til að gera upp sértækar skuldbindingar endurtryggingataka	Fjárhæðin fyrir eignir félags með sérstakan tilgang sem haldið er aðgreindum fyrir skýrslugefandi endurtryggingatakann, sem eru tiltækar til að gera upp skaðabótaábyrgð innan samninga sem félagið með sérstakan tilgang endurtryggir fyrir þann tiltekna endurtryggingataka eingöngu (eignir sem lagðar eru fram sem trygging og sérstaklega færðar í efnahagsreikning félagsins með sérstakan tilgang í tengslum við skuldbindinguna sem tekið er á sig).
C0130	Aðrar eignir félags með sérstakan tilgang sem ekki eru vegna sértækra skuldbindinga endurtryggingataka og eru með möguleika á endurkröfurétt	Fjárhæðin fyrir eignir félags með sérstakan tilgang (færðar í efnahagsreikning félagsins með sérstakan tilgang), sem ekki tengjast beint skýrslugefandi endurtryggingatakanum, en sem endurkröfuréttur er til staðar fyrir. Þetta nær til sérhverra „lausra eigna“ félagsins með sérstakan tilgang, sem geta verið tiltækar til að gera upp skuldbindingar endurtryggingatakans sem gefur skýrslu.
C0140	Annar endurkröfuréttur sem stafar af verðbréfun	Fjárhæðin fyrir skilyrtar eignir félagsins með sérstakan tilgang (sem haldið er utan efnahagsreiknings), sem ekki tengjast beint skýrslugefandi endurtryggingatakanum, en sem endurkröfuréttur er til staðar fyrir. Þetta nær til endurkröfuréttar gagnvart öðrum mótaðilum félagsins með sérstakan tilgang, þ.m.t. ábyrgðir, endurtryggingasamninga og afleiðuskuldbindingar vegna félags með sérstakan tilgang sem bakhjarl, handhafi skuldaviðurkenningar eða aðrir þriðju aðilar félags með sérstakan tilgang veita.
C0150	Samtals mestu mögulegu skuldbindingar frá félagi með sérstakan tilgang samkvæmt endurtryggingasamningi	Fjárhæð fyrir samtals mestu mögulegu skuldbindingar frá endurtryggingasamningi (sértækar skuldbindingar endurtryggingataka).
C0160	Að fullu fjármagnað félag með sérstakan tilgang í tengslum við skuldbindingar endurtryggingataka yfir gagnaskilatímabilið	Tilgreina hvort vörnin sem áhættuvarnaðferðin býður sé eingöngu bókfærð að hluta til, þegar mótaðili endurtryggingasamnings hættir að geta veitt skilvirka og samfellda áhættuyfirfærslu. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Félag með sérstakan tilgang, fjármagnað að fullu í tengslum við skuldbindingar endurtryggingataka 2 – Félag með sérstakan tilgang, ekki fjármagnað að fullu í tengslum við skuldbindingar endurtryggingataka
C0170	Núverandi endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang	Endurheimtanleg fjárhæðir félags með sérstakan tilgang sem færðar eru í efnahagsreikning Gjaldþolsáætlunar II félagsins, innan ramma samstæðueftirlits (áður en leiðréttingar eru gerðar fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila). Þetta ætti að reikna út í samræmi við kröfurnar í 41. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180	Auðkenning á umtalsverðum fjárfestingum sem endurtryggingataki á í félagi með sérstakan tilgang	Tilgreina hvort til staðar séu umtalsverðar fjárfestingar sem endurtryggingataki á í félaginu með sérstakan tilgang, samkvæmt 210. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. 1 – Á ekki við 2 – Fjárfestingar félags með sérstakan tilgang sem er undir stjórn endurtryggingartaka og/eða bakhjarls (þegar annar en endurtryggingataki), 3 – Fjárfestingar félags með sérstakan tilgang í eigu endurtryggingataka (hlutafé, skuldaviðurkenningar eða önnur víkjandi lán félagsins með sérstakan tilgang), 4 – Endurtryggingataki selur endurtryggingu eða aðra áhættuvörn til félagsins með sérstakan tilgang, 5 – Endurtryggingataki hefur sett tryggingu eða aðra lánshæfisstyrkingu fyrir félag með sérstakan tilgang eða handhafa skuldaviðurkenningar, 6 – Endurtryggingataki heldur eftir nægjanlegri grunnáhættu, 9 – Annað. Ef þetta er tilkynnt þá þarf í reitum C0030 og C0040 að tilgreina gerninginn.
C0190	Verðbréfaðar eignir sem tengjast endurtryggingataka sem geymdar eru í fjárvörslusjóð með öðrum þriðja aðila en endurtryggingataka/umsýsluaðila	Tilgreina hvort séu verðbréfaðar eignir sem tengjast endurtryggingataka sem haldið er í fjárvörslusjóði með öðrum þriðja aðila en endurtryggingataka/umsýsluaðila, að teknu tilliti til ákvæða 2. mgr. 214. gr. og 326. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Haldið í fjárvörslusjóði með öðrum þriðja aðila en endurtryggingataka/umsýsluaðila 2 – Ekki haldið í fjárvörslusjóði með öðrum þriðja aðila en endurtryggingataka/umsýsluaðila
Upplýsingar um félag með sérstakan tilgang		
C0200	Innri kóði félags með sérstakan tilgang	Innri kóði sem félagið, innan ramma samstæðueftirlits, úthlutar félagi með sérstakan tilgang eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði Sértækur kóði: — Fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög á Evrópska efnahagssvæðinu og önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu, innan ramma samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		— Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir Þessi kóði skal vera einkvæmur fyrir hvert félag með sérstakan tilgang og haldast óbreyttur í síðari skýrslum.
C0210	Gerð kóða félags með sérstakan tilgang	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „innri kóði félags með sérstakan tilgang“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0220	Lagalegt eðli félags með sérstakan tilgang	Tilgreina lagalegt eðli fyrir verðbréfun félagsins með sérstakan tilgang, samkvæmt 26. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Tæmandi skrá: 1 – Fjárvörslusjóðir 2 – Sameignarfélög 3 – Félög með takmarkaðri ábyrgð 4 – Annað form lögaðila en getið er að ofan 5 – Ekki stofnað sem lögaðili
C0230	Heiti SPV	Tilgreina heitið á félaginu með sérstakan tilgang
C0240	Kenninúmer í fyrirtækjaskrá félags með sérstakan tilgang	Skráningarnúmer sem móttekið er við stofnun félagsins með sérstakan tilgang sem lögaðili. Fyrir félög með sérstakan tilgang, sem ekki eru stofnuð sem lögaðili, skal samstæðan tilgreina lögbundna kenninúmerið eða jafngilt númer sem það fékk frá eftirlitsyfirvaldinu á þeim tíma sem það fékk starfsleyfi.
C0250	Land sem veitt hefur félagi með sérstakan tilgang starfsleyfi	Tilgreina kóðann ISO 3166–1 alpha–2 fyrir landið þar sem félagið með sérstakan tilgang er með staðfestu og hefur fengið starfsleyfi, eftir atvikum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0260	Skilyrði fyrir starfsleyfisveitingu félags með sérstakan tilgang	Tilgreina skilyrði fyrir leyfisveitingu félagsins með sérstakan tilgang samkvæmt 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða jafngildan lagagerning. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Félag með sérstakan tilgang með starfsleyfi skv. 1. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB 2 – Félag með sérstakan tilgang með starfsleyfi skv. 3. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB (fellur undir eldri reglur) 3 – Félag með sérstakan tilgang heyrir undir eftirlitsyfirvald þriðja lands þar sem kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB eru uppfylltar af félaginu með sérstakan tilgang 4 – Félag með sérstakan tilgang sem ekki fellur undir ofangreint
C0270	Ytra lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis	Lánshæfismat félags með sérstakan tilgang (ef eitthvert) sem félagið tekur tillit til og veitt er af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki. Ef lánshæfismatið er ekki tiltækt skal liðurinn óútfylltur og félagið með sérstakan tilgang auðkennt sem „9 – ekkert lánshæfismat tiltækt“ í dálki C0290 (útlánagæðaþrep). Þessi liður á ekki við um félög með sérstakan tilgang sem félög, sem nota eigið líkan, nota innri möt fyrir. Ef félög, sem nota eigið líkan, nota ekki innra mat skal þessi liður tilgreindur. Ef „Mörg utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“ eru tilgreind í C0280 á að tilgreina dæmigerðasta ytra lánshæfismatið.
C0280	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem veitir ytra matið í C0270, með því að nota heiti þeirrar utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar eins og það er birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef möt eru gefin út af útibúum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis vinsamlega tilgreina móðurfélag þess (tilvísunin er í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir skráð eða vottuð lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki).
C0290	Lánshæfisþrep	Tilgreina lánshæfisþrepið sem félaginu með sérstakan tilgang er úthlutað. Lánshæfisþrepið skal endurspegla hverja endurstillingu á lánshæfinu sem samstæðan gerir innanhúss. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 0 – Lánshæfisþrep 0 1 – Lánshæfisþrep 1

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		2 – Lánshæfisþrep 2 3 – Lánshæfisþrep 3 4 – Lánshæfisþrep 4 5 – Lánshæfisþrep 5 6 – Lánshæfisþrep 6 9 – Ekkert lánshæfismat tiltækt
C0300	Innra mat	Innra mat á félagi með sérstakan tilgang fyrir samstæður sem nota eigið líkan, að því marki sem innra mat er notað í innra líkani þeirra. Ef samstæða notar eingöngu ytri möt í eigin líkani skal ekki tilgreina þennan lið.

S.32.01 – Félög innan samstæðunnar

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar upphaflega og árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og samsetning aðferða eru notuð. Það inniheldur skrá yfir öll félög sem eru innan samstæðunnar í skilning c-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem falla undir heildstætt samstæðueftirlit í samræmi við a-, b- og c-lið 2. mgr. 213. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þ.m.t. hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði í efsta lagi samstæðunnar.

— Reitir C0010 til C0080 tengjast auðkenningunni á félaginu.

— Reitir C0090 til C0170 varða forgangsröðun (í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar),

— Reitir C0180 til C0230 tengjast viðmiðununum fyrir áhrifum.

— Reitir C0240 til C0250 tengjast innfellingu í gildissvið samstæðueftirlits.

— Reitur C0260 tengist útreikningi á gjaldþolsstöðu samstæðu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Land	Tilgreina ISO 3166–1 alpha–2 kóða landsins þar sem skráð aðalskrifstofa hvers félags innan samstæðunnar, í skilningi c-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipun 2009/138/EB, er staðsett.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu, önnur en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar, í skilningi c-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins. — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, í skilningi c-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Auðkenniskóði félagsins“: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Lögheiti félagsins	Lögheiti félagsins
C0050	Tegund félags	Tilgreina tegund félags með því að gefa upplýsingar um tegund starfsemi félagsins. Þetta gildir um félög bæði í EES-landi og þriðja landi. Tegund félaganna tengist því hvernig félögin eru tekin inn í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu, eins og tilgreint er í C0260 í þessu sniðmáti. Eftirfarandi tæmandi skrá yfir valkosti skal notuð: 1 – Líftryggingafélag 2 – Skaðatryggingafélag 3 – Endurtryggingafélag 4 – Tryggingafélag með blandaða starfsemi 5 – Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, eins og skilgreint er í f-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB 6 – Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði í blandaðri starfsemi, eins og skilgreint er í g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB 7 – Blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eins og skilgreint er í h-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		8 – Lánastofnun, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnun 9 – Stofnanir um starfstengdan lífeyri 10 – Félag í hliðarstarfsemi, eins og skilgreint er í 53. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 11 – Óeftirlitsskylt félag sem leggur stund á fjármálastarfsemi, eins og skilgreint er í 52. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 12 – Félag með sérstakan tilgang sem er með starfsleyfi í samræmi við 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB 13 – Félag með sérstakan tilgang, annað en félag með sérstakan tilgang sem er með starfsleyfi í samræmi við 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB 14 – Rekstrarfélag verðbréfasjóðs, eins og skilgreint er í 54. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 15 – Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, eins og skilgreindir eru í 55. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 99 – Annað
C0060	Félagsform	Tilgreina félagsform félagsins. Fyrir flokkana 1 til 4 í reitnum „Tegund félags“ skal félagsformið vera í samræmi við III. viðauka tilskipunar 2009/138/EB.
C0070	Flokkur (gagnkvæmt/ ekki gagnkvæmt félag)	Gefa ýtarlegar upplýsingar um félagsformið, þ.e. hvort félagið sé gagnkvæmt félag eða ekki. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gagnkvæm félög 2 – Ekki gagnkvæm félög
C0080	Eftirlitsyfirvald	Heiti eftirlitsyfirvaldsins sem ábyrgt er fyrir eftirlitinu með einstökum félögum, eftir atvikum. Nota skal fullt heiti yfirvaldsins.
Forgangsröðun (í gagnaskila-gjaldmiðli samstæðunnar)		

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0090	Samanlagður efnahagsreikningur (fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög)	Fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög á Evrópska efnahagssvæðinu, heildarfjárhæð efnahagsreiknings Gjaldþolsáætlun II eins og tilgreind er í lið C0010/R0500 í S.02.01. Fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög utan Evrópska efnahagssvæðisins, heildarfjárhæð efnahagsreiknings samkvæmt viðkomandi sérreglum. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar.
C0100	Samanlagður efnahagsreikningur (fyrir önnur eftirlitsskyld félög)	Fyrir önnur eftirlitsskyld félög, heildarfjárhæð efnahagsreiknings samkvæmt viðkomandi sérreglum. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar.
C0110	Samanlagður efnahagsreikningur (óeftirlitsskyld félög)	Fyrir óeftirlitsskyld félög, heildarfjárhæð efnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar.
C0120	Bókfærð iðgjöld að frádreginni endurtryggingu sem afsalað er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög	Fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög, bókfærð iðgjöld að frádreginni endurtryggingu sem afsalað er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera reikningsskilagjaldmiðill samstæðunnar.
C0130	Velta skilgreind sem vergar tekjur samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum fyrir aðrar tegundir félaga, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi	Fyrir aðrar tegundir félaga, velta skilgreind sem vergu tekjurnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum. Fyrir eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, þar sem við á, verður velta, skilgreind sem vergu tekjurnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum, notuð sem forgangsröðun. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar.
C0140	Árangur af tryggingum	Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tilgreina árangurinn af vátryggingastarfsemi sinni í samræmi við reikningsskil sín. Tilgreina skal fjárhæð. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar.
C0150	Árangur af fjárfestingum	Vátryggingafélög skulu tilgreina árangurinn af fjárfestingum sínum í samræmi við reikningsskil sín. Tilgreina skal fjárhæð. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar. Þetta virði skal ekki innihalda neitt virði sem þegar hefur verið tilgreint í C0140.
C0160	Heildarárangur	Öll tengd félög, innan ramma samstæðueftirlits, í skilningi c-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu tilgreina heildarframmistöðu sína í samræmi við reikningsskil sín. Tilgreina skal fjárhæð. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera gagnaskilagjaldmiðill samstæðunnar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0170	Reikningsskilastaðall	Tilgreining á reikningsskilastöðlunum sem notaðir eru til að tilkynna liðina í C0100 til C0160. Allir liðir skulu tilgreindir með samræmdum hætti samkvæmt sama reikningsskilastaðli. Eftirfarandi tæmandi skrá yfir valkosti skal notuð: 1 – Auðkenni lögaðila (IFRS) 2 – Landsbundnar góðar reikningsskilavenjur
Viðmiðanir fyrir áhrifum		
C0180	% hlutafjár	Hlutfall hlutafjár, sem áskrift hefur fengist fyrir, sem hluteignarfélagið á, beint eða óbeint, í tengda félaginu (eins og um getur í 221. gr. tilskipunar 2009/138/EB). Þessi reitur á ekki við endanlega móðurfélagið.
C0190	% notuð við uppsetningu á samstæðureiknings-skilum	Prósenta eins og skilgreind er í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða landsbundnum góðum reikningsskilavenjum fyrir samþættingu samstæðufélaga inn í samstæðu-reikningsskilin, sem getur verið önnur en liður C0180. Fyrir fulla samþættingu skal hlutdeild minnihluta einnig tilgreind í þessum lið. Þessi reitur á ekki við endanlega móðurfélagið.
C0200	% atkvæðisréttar	Hlutfall atkvæðisréttar sem hluteignarfélagið hefur, beint eða óbeint, í tengda félaginu Þessi reitur á ekki við endanlega móðurfélagið.
C0210	Aðrar viðmiðanir	Aðrar viðmiðanir sem gagnlegar eru til að meta áhrifavaldið sem hluteignarfélagið hefur, t.d. tengsl sem um getur í 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, miðstýrð áhættustjórnun. Þessi reitur á ekki við endanlega móðurfélagið.
C0220	Áhrifavald	Áhrif geta annað hvort verið ráðandi eða umtalsverð, með hliðsjón af ofangreindum viðmiðunum. Samstæðan er ábyrg fyrir að meta áhrifavaldið sem hluteignarfélagið hefur yfir einhverju félagi en, svo sem tekið er fram í 2. mgr. 212. gr. í tilskipun 2009/138/EB, getur sjónarmið eftirlitsstjórnvalds samstæðunnar verið annað en mat samstæðunnar og ef svo er skal samstæðan taka tillit til sérhverrar ákvörðunar sem tekin er af eftirlitsstjórnvaldi samstæðunnar. Þessi reitur á ekki við endanlega móðurfélagið. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ráðandi 2 – Umtalsverð

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0230	Hlutfallslegur eignarhluti notaður fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu	Hlutfallslegur eignarhluti er hlutfallið sem notað verður til að reikna út gjaldþolsstöðu samstæðunnar. Þessi reitur á ekki við endanlega móðurfélagið.
Innfelling í gildissvið samstæðueftirlits		
C0240	Innfelling í gildissvið samstæðueftirlits – Já/Nei	Gefa upp hvort félagið er tekið með, eða ekki, í gildissvið samstæðueftirlits eins og um getur í 214. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Ef félag er ekki tekið með í gildissviði samstæðueftirlits eins og mælt er fyrir um í 214. gr., þá skal tilgreina hvaða efnisliður 2. mgr. 214. gr. veldur því. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Fellt inn í gildissviðið 2 – Ekki fellt inn í gildissviðið (a-liður 214. gr.) 3 – Ekki fellt inn í gildissviðið (b-liður 214. gr.) 4 – Ekki fellt inn í gildissviðið (c-liður 214. gr.)
C0250	Innfelling í gildissvið samstæðueftirlits – ákvörðunardagsetning, ef 214. gr. er beitt	Tilgreina ISO 8601 (dd–mm–áááá) kóða dagsetningarinnar þegar ákvörðunin, um að fella ekki inn í gildissvið, var tekin.
Útreikningur á gjaldþolsstöðu samstæðu		
C0260	Meðferð sem notuð er og samkvæmt aðferð 1, meðhöndlun á félaginu	Í þessum lið eru gefnar upplýsingar um aðferðina sem notuð er fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu og hvernig hvert félag er meðhöndlað. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Aðferð 1: Samstæðuskil að fullu 2 – Aðferð 1: Hlutfallsleg samstæðuskil 3 — Aðferð 1: Aðlöguð hlutdeildaraðferð 4 — Aðferð 1: Sérreglur 5 – Aðferð 2: Gjaldþolsáætlun II 6 – Aðferð 2: Sérreglur 7 – Aðferð 2: Landsbundnar reglur 8 – Frádráttur hlutdeildar í tengslum við 229. gr. tilskipunar 2009/138/EB 9 – Engin innfelling í gildissvið samstæðueftirlits, eins og skilgreint er í 214. gr. tilskipunar 2009/138/EB 10 – Önnur aðferð

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0270	Fellur undir útreikninga eigin líkans fyrir gjaldþolskröfu samstæðu	1 – Já 2 – Nei
C0280	Tegund aðlögunar vegna óstöðugleika (VA) sem notuð er í eigin samstæðulíkani	Tegund aðlögunar vegna óstöðugleika sem notuð er fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar, af félögum innan eigin samstæðulíkans. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Engin 2 – Viðvarandi aðlögun vegna óstöðugleika (VA) 3 – Virk aðlögun vegna óstöðugleika (VA) Ef eigið líkan er notað án aðlögunar vegna óstöðugleika eða staðalreglan er notuð fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu, þá ætti að velja „Engin“.

S.33.01 – Einstakar kröfur fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar upphaflega og árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og samsetning aðferða eru notuð, á eftirfarandi hátt:

— Í fyrsta hluta þess (reitir C0060 til C0230) er safnað saman upplýsingum um öll vátrygginga- og endurtryggingafélög samstæðunnar í EES landi og utan EES sem beita tilskipun 2009/138/EB, tilgreindar í samræmi við reglurnar þar í, án tillits til aðferðarinnar sem notuð er fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar.

— Í öðrum hluta þess (reitum C0240 til C0260) er safnað saman upplýsingum um landsbundnar gjaldþolskröfur, kröfur um lágmarksfjármagn og hæft gjaldþol allra vátrygginga- og endurtryggingafélaga samstæðunnar í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem tilgreina skal í samræmi við landsbundnar reglur, án tillits til aðferðarinnar sem notuð er fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar.

— Í síðasta reitnum er safnað upplýsingum um stök framlög til gjaldþolskröfu samstæðu allra vátrygginga- og endurtryggingafélaga í EES landi og utan EES.

— Tilgangurinn með gögnunum í þessu sniðmáti er að veita upplýsingar til eftirlitsyfirvalda sem bæta matið á tiltækileika gjaldþols, sem og til að auðvelda að meta fjárhæðina á fjölþættingaráhrifunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti félagsins	Lögheiti hvers félags
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Auðkenniskóði félagsins“: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Einingastig/sjóður sem haldið er aðgreindum eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar/eftirstæður hluti	Tilgreina til hvors upplýsingarnar vísa. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Einingastig 2 – Mikilvægur varinn sjóður eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar 3 – Eftirstæður hluti
C0050	Sjóðsnúmer	Þegar C0040 = 2, er þetta einkvæmt númer fyrir hvern mikilvægan varinn sjóð eða eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, eins og samstæðan úthlutar. Það skal haldast óbreytt til lengri tíma. Það skal ekki endurnotað fyrir aðra sjóði eða eignasöfn. Númerið skal notað með samræmdum hætti í öllum sniðmátum, þar sem við á, til að tilgreina sjóðinn/eignasafnið. Þegar C0040 = 1 eða 3, skal tilgreina „0“.
Vátrygginga- og endurtryggingafélög í EES landi og utan EES (sem nota reglur Gjaldþolsáætlunar II)		

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060	Gjaldþolskrafa vegna markaðsáhættu	Gjaldþolskrafa (verg) einstakra félaga vegna markaðsáhættu fyrir hvert félag.
C0070	Gjaldþolskrafa vegna mótaðilaáhættu	Gjaldþolskrafa (verg) einstakra félaga vegna mótaðilaáhættu fyrir hvert félag.
C0080	Gjaldþolskrafa vegna líftryggingaáhættu	Gjaldþolskrafa (verg) einstakra félaga vegna líftryggingaáhættu fyrir hvert félag.
C0090	Gjaldþolskrafa vegna heilsutryggingaáhættu	Gjaldþolskrafa (verg) einstakra félaga vegna heilsutryggingaáhættu fyrir hvert félag.
C0100	Gjaldþolskrafa vegna skaðatryggingaáhættu	Gjaldþolskrafa (verg) einstakra félaga vegna skaðatryggingaáhættu fyrir hvert félag.
C0110	Gjaldþolskrafa vegna rekstraráhættu	Gjaldþolskrafa einstakra félaga vegna rekstraráhættu fyrir hvert félag.
C0120	Gjaldþolskrafa einstakra félaga	Gjaldþolskrafa einstakra félaga fyrir hvert félag (þ.m.t. sérhvert viðbótargjaldþol).
C0130	Krafa um lágmarks-fjármagn einstakra félaga	Krafa um lágmarksfjármagn einstakra félaga fyrir hvert félag.
C0140	Hæft gjaldþol einstakra félaga til að mæta gjald-þolskröfunni	Hæft gjaldþol einstakra félaga til að mæta gjaldþolskröfunni. Heildargjaldþol á að tilgreina í þessum lið. Engar takmarkanir á tiltækileika fyrir samstæðuna.
C0150	Notkun eigin stika vátryggingafélags	Þegar félag notar eigin stika vátryggingafélags fyrir útreikning á gjaldþolskröfu einstakra félaga, á að tilgreina sviðin sem þessir stikar eru notaðir fyrir. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Líftryggingaáhætta/endurmatsáhætta 2 – Tryggingaráhætta heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging/endurmatsáhætta 3 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging 4 – Iðgjalda- og sjóðsáhætta skaðatryggingar Taka á með eins marga valkosti og þörf er á, aðgreinda með „ ,“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0160	Notkun einfaldana	Þegar félag notar einfaldanir fyrir útreikning á gjaldþolskröfu einstakra félaga, á að tilgreina sviðin sem þessar einfaldanir eru notaðar fyrir. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Markaðsáhætta/vikáhætta (skuldabréf og lán) 2 – Markaðsáhætta/vaxtaáhætta (bundin félög) 3 – Markaðsáhætta/vikáhætta (skuldabréf og lán) (bundin félög) 4 – Markaðsáhætta/samþjöppunaráhætta markaðsáhættu (bundin félög) 5 – Mótaðilaáhætta 6 – Líftryggingaáhætta/dánaráhætta 7 – Líftryggingaáhætta/langlífisáhætta 8 – Líftryggingaáhætta/örorku- og sjúkdómsáhætta 9 – Líftryggingaáhætta/fyrningaráhætta 10 – Líftryggingaáhætta/útgjaldaáhætta í líftryggingum 11 – Líftryggingaáhætta/hamfaraáhætta líftrygginga 12 – Heilsutryggingaáhætta/dánaráhætta 13 – Heilsutryggingaáhætta/langlífisáhætta 14 – Heilsutryggingaáhætta/örorku- og sjúkdómsáhætta (sjúkrakostnaður) 15 – Heilsutryggingaáhætta/örorku- og sjúkdómsáhætta (tekjuvernd) 16 – Tryggingaráhætta heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging/fyrningaráhætta 17 – Heilsutryggingaáhætta/útgjaldaáhætta í líftryggingum 18 – Skaðatryggingaáhætta/iðgjalda- og sjóðsáhætta (bundin félög) Taka á með eins marga valkosti og þörf er á, aðgreinda með „ ,“.
C0170	Notkun á eigin hlutalíkani	Þegar félag notar eigin hlutalíkan/líkön fyrir útreikning á gjaldþolskröfu einstakra félaga, á að tilgreina sviðin sem það/þau eru notuð fyrir.
C0180	Eigið samstæðulíkan eða eigin líkön einstakra félaga	Þegar félag notar eigið alhliða líkan fyrir útreikning á gjaldþolskröfu einstakra félaga, verður að taka fram hvort um er að ræða eigin líkön einstakra félaga eða eigið samstæðulíkan. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Eigin líkön einstakra félaga 2 – Eigið samstæðulíkan

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0190	Dagsetning upphafslegs samþykkis á innra líkani	Ef eftirlitsaðili einstakra ríkja samþykkir innra líkan samstæðu eða einstakra félaga, á að tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetningu þessa samþykkis.
C0200	Dagsetning samþykkis á nýjustu meiri háttar breytingu á innra líkani	Ef eftirlitsaðili einstakra ríkja (115. gr.) samþykkir meiri háttar breytingu á innra líkani samstæðu eða einstakra félaga, á að tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetningu þessa samþykkis.
C0210	Dagsetningu ákvörðunar um viðbótargjaldþolskröfu	Ef viðbótargjaldþolskrafa á við um eitthvert af félögunum hér (37. gr. tilskipunar 2009/138/EB), á að tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetningu ákvörðunarinnar.
C0220	Fjárhæð viðbótargjaldþolskröfu	Ef viðbótargjaldþolskrafa á við um einhverja af einingunum sem skráðar eru hér (37. gr. tilskipunar 2009/138/EB), á að tilgreina nákvæma fjárhæð.
C0230	Ástæða viðbótargjaldþolskröfu	Ef viðbótargjaldþolskrafa á við um eitthvert af félögunum sem skráð eru hér (37. gr. tilskipunar 2009/138/EB), á að tilgreina ástæðuna(urnar) sem eftirlitsaðilinn gefur upp fyrir ákvörðuninni.
Vátrygginga- og endurtrygginga-félög utan EES (sem nota eða nota ekki Gjaldþolsáætlun II) óháð því hvaða aðferð er notuð		
C0240	Landsbundin gjaldþolskrafa	Landsbundin gjaldþolskrafa einstakra félaga sem virkjar fyrstu íhlutun landsbundins eftirlitsaðila.
C0250	Landsbundin krafa um lágmarksfjármagn	Landsbundin krafa um lágmarksfjármagn einstakra félaga sem virkjar lokaíhlutun – afturköllun á starfsleyfinu – af hálfu landsbundins eftirlitsaðila. Þörf er á þessari tölu til að reikna út lágmarksgjaldþolskröfu á samstæðugrundvelli.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0260	Hæft gjaldþol í samræmi við landsbundnar reglur	Hæft gjaldþol einstakra félaga til að ná yfir landsbundnu gjaldþolskröfuna, eins og reiknað er út samkvæmt landsbundnum reglum, á þess að beita takmörkunum á tiltækileika fyrir samstæðuna.
C0270	Framlag einstakrar gjaldþolskröfu til gjaldþolskröfu samstæðu	Framlag einstakrar gjaldþolskröfu til gjaldþolskröfu samstæðu Ef aðferð 1 er beitt, skal reikna út framlag dótturfélags til gjaldþolskröfu (SCR) samstæðunnar samkvæmt formúlunni: Contrj = SCRj × SCRdiversified/Σi SCRisolo Þar sem: — SCRj er gjaldþolskrafan á stigi einstakrar einingar félagsins j, — SCRdiversified = gjaldþolskrafa er reiknuð út í samræmi við a-lið 336. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, — SCRisolo er gjaldþolskrafan á stigi einstakrar einingar hluteignarfélagsins og hvers tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags og vátrygginga- og endurtryggingafélags þriðja lands sem tekið er með í útreikninginn á SCRdiversified, — hlutfallið er hlutfallslega leiðréttingin vegna færslu á fjölþættingaráhrifum á samstæðustigi. Fyrir tengd vátrygginga- og endurtryggingafélög sem ekki eru dótturfélög (d-liður 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar) sem tekin eru með í aðferð 1, er framlag tengda félagsins til gjaldþolskröfu samstæðunnar hlutfallslegur hluti hverrar einstakrar gjaldþolskröfu. Fyrir aðferð 2 er framlag tengda félagsins til gjaldþolskröfu samstæðunnar hlutfallslegur hluti hverrar einstakrar gjaldþolskröfu.

S.34.01 – Einstakar kröfur vegna annarra eftirlitsskyldra og óeftirlitsskyldra félaga á fjármálamarkaði, þ.m.t. eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar upphaflega og árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og samsetning aðferða er notuð og nær yfir einstakar kröfur fyrirtækja á fjármálamarkaði, annarra en vátrygginga- og endurtryggingafélaga, og óeftirlitsskyldra félaga sem annast fjármálastarfsemi, eins og skilgreint er í 52. mgr. 1 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, s.s. lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða, stofnanir um starfstengdan lífeyri, óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti félagsins	Lögheiti hvers félags.
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Auðkenniskóði félagsins“: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Samanlagt eða ekki	Þegar einingar í öðrum fjármálageirum mynda samstæðu með tiltekinni gjaldþolskröfu, er hægt að samþykkja þessa samstæðugjaldþolskröfu í staðin fyrir skrá yfir hverja einstaka kröfu. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Samanlagt 2 – Ekki samanlagt
C0050	Tegund gjaldþolskröfu	Tilgreina tegund gjaldþolskröfu. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Geirabundin (fyrir lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða, stofnanir um starfstengdan lífeyri) 2 – Ígildis (fyrir óeftirlitsskyld félög) 3 – Engin gjaldþolskrafa
C0060	Ígildi gjaldþolskröfu eða geirabundin gjaldþolskrafa	Gjaldþolskrafan, annað hvort geirabundin eða ígildis, sem virkjar fyrstu íhlutun einstaks eftirlitsaðila, að gefnum svokölluðum íhlutunarskala.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0070	Ígildi kröfu um lágmarksfjármagn eða geirabundin krafa um lágmarksfjármagn	Krafa um lágmarksfjármagn, annað hvort geirabundin eða ígildis, sem virkjar lokaíhlutun, að gefnum svokölluðum íhlutunarskala, ef tiltækur. Þessi liður á ekki við um einingar sem lokaviðbragðsstig er ekki sett fyrir.
C0080	Ígildi hæfs gjaldþols eða geirabundið hæft gjaldþol	Heildargjaldþol til að ná yfir (ígildis eða geirabundnu) gjaldþolskröfuna. Engar takmarkanir á tiltækileika fyrir samstæðuna.
C0085	Framlag (ígildis) gjaldþolskröfu á einingastigi til gjaldþolskröfu samstæðu	Framlag til ígildis gjaldþolskröfu á einingastigi til gjaldþolskröfu samstæðunnar að því er varðar eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi Framlag einstakrar gjaldþolskröfu til gjaldþolskröfu samstæðu Ef aðferð 1 er beitt, skal reikna út framlag dótturfélags til samstæðunnar samkvæmt formúlunni: Contrj = SCRj × SCRdiversified/Σi SCRisolo Þar sem: — SCRj er gjaldþolskrafan á stigi einstakrar einingar félagsins j, — SCRdiversified = gjaldþolskrafa er reiknuð út í samræmi við a-lið 336. gr. framseldra reglugerðra framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35, — SCRisolo er gjaldþolskrafan á stigi einstakrar einingar hluteignarfélagsins og hvers tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags og vátrygginga- og endurtryggingafélags þriðja lands sem tekið er með í útreikninginn á SCRdiversified, — hlutfallið er hlutfallslega leiðréttingin vegna færslu á fjölþættingaráhrifum á samstæðustigi. Fyrir tengd félög sem ekki eru dótturfélög (d-liður 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar) sem tekin eru með í aðferð 1, er framlag tengda félagsins til gjaldþolskröfu samstæðunnar hlutfallslegur hluti hverrar einstakrar gjaldþolskröfu. Fyrir aðferð 2 er framlag tengda félagsins til gjaldþolskröfu samstæðunnar hlutfallslegur hluti hverrar einstakrar gjaldþolskröfu.

S.35.01 – Framlag til vátryggingaskuldar samstæðu

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Upplýsingarnar sem tilgreina á milli C0050 til C0210 skulu settar fram eftir aðlögun vegna óstöðugleika, aðlögun vegna samræmingar og umbreytingaráðstöfunar fyrir vexti. Umbreytingarfrádrátturinn á vátryggingaskuld er tilgreindur sérstaklega í C0220 og C0230.

Þetta sniðmát á við þegar aðferð 1, eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðferð 2, eins og skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og samsetning aðferða eru notuð.

Tengd vátrygginga- og endurtryggingafélög sem ekki eru dótturfélög eru undanskilin þessu sniðmáti, þar sem þau eru metin samkvæmt aðlöguðu hlutdeildaraðferðinni.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Lögheiti félagsins	Lögheiti hvers félags
C0020	Auðkenniskóði félagsins	Auðkenniskóði eftir þessari forgangsröðun: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0030	Tegund auðkenniskóða félagsins	Tilgreining á kóðanum sem notaður er í liðnum „Auðkenniskóði félagsins“: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Reikniaðferð fyrir gjaldþolsstöðu samstæðu	Tilgreina aðferðina sem notuð er til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar. Eftirfarandi tæmandi skrá yfir valkosti skal notuð: 1 – Aðferð 1 2 – Aðferð 2
C0050	Heildarfjárhæð vátryggingaskuldar – fjárhæð vátryggingaskuldar án frádráttar viðskipta innan samstæðu	Heildarfjárhæð vátryggingaskuldar án frádráttar viðskipta innan samstæðu. Þessi liður er jafn summu liðanna C0070, C0100, C0130, C0160, C0190 og C0220, fyrir utan vátrygginga- og endurtryggingafélög sem staðsett eru í jafngildum löndum utan EES samkvæmt aðferð 2. Fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem staðsett eru í jafngildum löndum utan EES samkvæmt aðferð 2 er eingöngu liður C0050 skyldubundinn. Fylla skal út í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar og viðskipta innan samstæðu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Þegar aðferð 1, eins og skilgreint er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélag, stendur heildarfjárhæðin á vátryggingaskuld í reit C0050 fyrir framlag þess, án frádráttar endurtryggingar sem afsalað er, innan ramma samstæðueftirlits, til vátryggingaskuldar samstæðunnar. Þegar aðferð 2 er notuð fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélag, er ekki hægt að samræma heildarfjárhæðina á vátryggingaskuld í reit C0050 við fjárhæðina á vátryggingaskuld samstæðunnar í efnahagsreikningi samstæðunnar.
C0060	Heildarfjárhæð vátryggingaskuldar – fjárhæð vátryggingaskuldar að frádregnum viðskiptum innan samstæðu	Heildarfjárhæð vátryggingaskuldar að frádregnum viðskiptum innan samstæðu. Þessi liður er jafn summu liðanna C0080, C0110, C0140, C0170, C0200 og C0230, fyrir utan vátrygginga- og endurtryggingafélög sem staðsett eru í jafngildum löndum utan EES samkvæmt aðferð 2. Fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem staðsett eru í jafngildum löndum utan EES og heimilt er að nota landsbundnar reglur samkvæmt aðferð 2, er eingöngu liður C0060 skyldubundinn, og skal fært inn í reitinn á grundvelli landsbundnu gjaldþolsreglnanna. Færa skal inn í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar, en að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingu innan samstæðu (ekki ætti að draga viðskipti innan samstæðu frá áhættuálaginu). Þegar aðferð 1, eins og skilgreint er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélag, stendur heildarfjárhæðin á vátryggingaskuld í reit C0060 fyrir framlag þess, án frádráttar endurtryggingar sem afsalað er, innan ramma samstæðueftirlits, til vátryggingaskuldar samstæðunnar. Heildarfjárhæðin á vátryggingaskuld í reit C0060 fyrir öll vátrygginga- og endurtryggingafélög samkvæmt aðferð 1, er hægt að samræma við fjárhæðina á vátryggingaskuld samstæðunnar í efnahagsreikningi samstæðunnar. Þegar aðferð 2 er notuð fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélag, er ekki hægt að samræma heildarfjárhæðina á vátryggingaskuld í reit C0060 við fjárhæðina á vátryggingaskuld samstæðunnar í efnahagsreikningi samstæðunnar.
C0070, C0100, C0130, C0160, C0190	Fjárhæð vátryggingaskuldar án frádráttar viðskipta innan samstæðu	Fjárhæð vátryggingaskuldar (vátryggingaskuld reiknuð út sem heild eða samtalan á besta mati og áhættuálagi), skipt eftir viðkomandi meginflokkum (líftrygging án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga, söfnunarlíftryggingar, heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skaðatrygging án heilsutrygginga) félaga í EES landi eða landi utan EES, reiknuð út samkvæmt reglum Gjaldþolsáætlunar II. Fylla skal út í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar og viðskipta innan samstæðu. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera reikningsskilagjaldmiðill samstæðunnar. Þessi liður er tilgreindur fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög samkvæmt aðferð 1 og aðferð 2, nema fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög samkvæmt aðferð 2 í jafngildum löndum utan EES.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0080, C0110, C0140, C0170, C0200	Fjárhæð vátryggingaskuldar að frádregnum viðskiptum innan samstæðu	Fjárhæð vátryggingaskuldar (vátryggingaskuld reiknuð út sem heild eða samtalan á besta mati og áhættuálagi), skipt eftir viðkomandi meginflokkum (líftrygging án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga, söfnunarlíftryggingar, heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skaðatrygging án heilsutrygginga) félaga í EES landi eða landi utan EES, reiknuð út samkvæmt reglum Gjaldþolsáætlunar II. Fylla skal út í reitinn með fjárhæðum að frádregnum endurtryggingu og viðskiptum innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingu innan samstæðu. Gjaldmiðillinn sem er notaður skal vera reikningsskilagjaldmiðill samstæðunnar. Þessi liður er tilgreindur fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög samkvæmt aðferð 1 og aðferð 2, nema fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög samkvæmt aðferð 2 í jafngildum löndum utan EES.
C0090, C0120, C0150, C0180, C0210	Hreint framlag til vátryggingaskuldar samstæðu (%)	Hundraðshluti vátryggingaskuldar (vátryggingaskuld reiknuð út sem heild eða samtalan á besta mati og áhættuálagi) vátrygginga- og endurtryggingafélagsins til vátryggingaskuldar samstæðunnar samkvæmt aðferð 1 að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, en án frádráttar endurtryggingar sem afsalað er utan samstæðunnar, skipt eftir viðkomandi meginflokkum (líftrygging án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga, söfnunarlíftryggingar, heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skaðatrygging án heilsutrygginga). Þessi liður er ekki tilgreindur fyrir félög samkvæmt aðferð 2.
C0220	Umbreytingaráðstöfun á vátryggingaskuld – fjárhæð vátryggingaskuldar án frádráttar viðskipta innan samstæðu	Fjárhæð umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld. Þetta virði er ekki tekið með í fyrri liðum. Fylla skal út í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar og viðskipta innan samstæðu. Þetta virði skal tilgreina sem neikvætt virði.
C0230	Umbreytingaráðstöfun á vátryggingaskuld – fjárhæð vátryggingaskuldar að frádregnum viðskiptum innan samstæðu	Fjárhæð umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld. Þetta virði er ekki tekið með í fyrri liðum. Fylla skal út í reitinn með fjárhæðum að frádregnum endurtryggingu og viðskiptum innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingu innan samstæðu. Þetta virði skal tilgreina sem neikvætt virði.
C0240	Langtímaábyrgðir – vátryggingaskuld sem fellur undir umbreytingaráðstöfun á áhættulausa vexti – fjárhæð vátryggingaskuldar án frádráttar viðskipta innan samstæðu	Gefa upp heildarfjárhæðina á vátryggingaskuld án frádráttar viðskipta innan samstæðu (C0050) sem fellur undir umbreytingaraðlögun á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil. Fylla skal út í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar og viðskipta innan samstæðu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0250	Langtímaábyrgðir – vátryggingaskuld sem fellur undir aðlögun vegna óstöðugleika – fjárhæð vátrygginga-skuldar án frádráttar viðskipta innan sam-stæðu	Gefa upp heildarfjárhæðina á vátryggingaskuld án frádráttar viðskipta innan samstæðu (C0050) sem falla undir aðlögun vegna óstöðugleika. Vátryggingaskuldin er tilgreind eftir umbreytingarákvæði og með áhættuálagi. Færa skal inn í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar og viðskipta innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingu innan samstæðu.
C0260	Langtímaábyrgðir – vátryggingaskuld sem fellur undir aðlögun vegna samræmingar – fjárhæð vátrygginga-skuldar án frádráttar viðskipta innan sam-stæðu	Gefa upp heildarfjárhæðina á vátryggingaskuld án frádráttar viðskipta innan samstæðu (C0050) sem falla undir aðlögun vegna samræmingar. Færa skal inn í reitinn með fjárhæðum án frádráttar endurtryggingar og viðskipta innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingu innan samstæðu.

S.36.01 – Viðskipti innan samstæðu – hlutafjártengd viðskipti, yfirfærsla skulda og eigna

Almennar athugasemdir:

Þetta sniðmát tengist upplýsingum sem samstæður eiga að veita a.m.k. árlega.

Í þessu sniðmáti skal tilgreina öll viðskipti (umtalsverð, veruleg og viðskipti sem tilgreina á við allar aðstæður) innan samstæðu á milli eininga samstæðu sem tengjast hlutafé, skuld, gagnkvæmri fjármögnun ([5]) og eignayfirfærslum.

Þau ná yfir, en einskorðast ekki við:

— hlutafé og aðra fjármagnsliði, þ.m.t. hlutdeildir í tengdum aðilum og yfirfærslu hlutabréfa frá tengdum aðilum í samstæðunni,

— skuldir, þ.m.t. skuldabréf, lán, skuldavafninga og önnur svipuð viðskipti, t.d. með reglubundnum fyrirframákveðnum vöxtum eða arðmiða eða iðgjaldagreiðslum í fyrirframákveðin tíma,

— aðra eignayfirfærslu, s.s. yfirfærslu á fasteign og yfirfærslu hlutabréfa annarra fyrirtækja sem ótengd eru (þ.e. fyrir utan) samstæðunni.

Þetta sniðmát skal innihalda viðskipti innan samstæðu sem voru:

— í gildi við upphaf gagnaskilatímabilsins,

— hófust á gagnaskilatímabilinu og ólokið á gagnaskiladeginum,

— hófust og runnu út/féllu í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu.

Þegar tvær eða fleiri viðskiptafærslur milli eininga í samstæðunni sem frá efnahagslegu sjónarmiði stuðla að sömu áhættu, eða þjóna sama tilgangi/markmiði, eða eru tímabundið tengdar í áætlun, skulu þær teljast stök efnahagsleg aðgerð.

([5]) Eins og sett er fram í 223. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga.

Þar sem hver slík viðskipti sem eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð skulu tilkynntar þegar þær eru samanlagt við eða yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum fyrir umtalsverð viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt einstök viðskipti séu undir viðmiðunarmörkunum.

Sérhver þáttur sem bætt er við umtalsverð viðskipti innan samstæðu skal tilgreindur sem aðgreind viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt þátturinn einn og sér sé undir umtalsverðu viðmiðunarmörkunum. Til dæmis, ef félag eykur upphaflegu lánsfjárhæðina til annars tengds félags skal skrá viðbótina við lánið sem sérstakan lið með útgáfudag sem er dagsetning viðbótarinnar.

Ef viðskiptaverðið er ólíkt fyrir tvo viðskipaaðila (t.d. viðskipti upp á 10 milljón evrur á milli A og B þar sem A skráir 10 milljón evrur en B móttekur einungis 9,5 milljón evrur vegna viðskiptakostnaðar, þ.e. 0,5 milljón evrur fara í gjöld) skal skrá í sniðmátið hámarksfjárhæðina sem viðskiptafjárhæðina, í þessu tilviki 10 milljón evrur.

Skilgreina skal óbein viðskipti sem öll viðskipti sem færa áhættuskuldbindingar annaðhvort á milli eininga innan samstæðunnar, en takmarkast ekki við viðskipti við félög með sérstakan tilgang, sjóði um sameiginlega fjárfestingu, stoðeiningar eða óeftirlitsskyldar einingar, eða einingar utan samstæðunnar, en áhættuskuldbindingin er að lokum færð aftur eða er áfram innan samstæðunnar. Ef um er að ræða keðju tengdra viðskipta innan samstæðu (t.d. ef A fjárfestir í B og B fjárfestir í C) skal tilkynna þessi viðskipti sem óbein viðskipti. Því skal tilkynna viðskiptafærslur A til C og geta um millistigin í athugasemdunum. Ef um er að ræða forgangsröðun viðskipta, t.d. ef „A“ -> „B“ -> „C“ -> „D“, þar sem bæði „B“ og „C“ eru innan samstæðunnar en eru óeftirlitsskyldar einingar, skal einnig tilkynna um þessi viðskipti.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu	Einkvæmur innri auðkenniskóði fyrir hver viðskipti innan samstæðu. Hann skal vera samkvæmur til lengri tíma.
C0020	Heiti fjárfestis/lánveitanda	Heiti aðilans sem kaupir hlutaféið eða lánar tengdu fyrirtæki innan samstæðunnar, þ.e. aðilinn sem færir viðskiptin sem eign í efnahagsreikning sinn (debet - efnahagsreikningur).
C0030	Auðkenniskóði fyrir fjárfesti/lánveitanda	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskyldu félagi skal samstæðan með samræmdum hætti hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0031	Tegund fjárfestis/lánveitanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði fyrir fjárfesti/lánveitanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
NC0040	Geiri fjárfestis/lánveitanda	Ef fjárfestirinn/lánveitandinn er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef fjárfestirinn/lánveitandinn er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0050	Heiti útgefanda/lántaka	Heiti einingar sem gefur út hlutafé/fjármagnslið eða fær peninga að láni (gefur út skuldagerning), þ.e. einingin sem bókfærir viðskiptin sem skuld eða fjármagn í efnahagsreikning sinn (kredit - efnahagsreikningur).
C0060	Auðkenniskóði fyrir útgefanda/lántaka	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal fjármálasamsteypan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.
C0061	Tegund kóða fyrir útgefanda/lántaka	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði fyrir útgefanda/lántaka“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0070	Geiri útgefanda/lántaka	Ef útgefandinn/lántakinn er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef útgefandinn/lántakinn er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina „annað félag í samstæðunni“.
NC0080	Óbein viðskipti	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti óbeinna viðskipta (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af óbeinum viðskiptum, skal tilgreina „Nei“.
NC0090	Stök efnahagsleg aðgerð	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af stakri efnahagslegri aðgerð, skal tilgreina „Nei“.
NC0100	Auðkenniskóði gernings	Þetta er auðkenniskóði gerningsins (fjármagn, skuld, o.s.frv.) á milli mótaðilanna tveggja sem tilgreindir eru, þar sem notuð er eftirfarandi forgangsröð: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir. Þessi kóði skal vera samkvæmur til lengri tíma. Hann getur verið ólíkur kóðanum fyrir viðskipti innan samstæðu sem gefinn er í reit C0010.
NC0101	Tegund auðkenniskóða gerningsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði gerningsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0110	Tegund gernings	Tilgreina skal tegund gernings. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Skuldabréf/skuld 2 – Tegund hlutafjár 3 – Önnur eignayfirfærsla
NC0120	Gerningur	Tilgreina skal gerninginn. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Skuldabréf/skuld – veðtryggð 2 – Skuldabréf/skuld – óveðtryggð 3 – Tegund hlutafjár – hlutabréf/hlutdeildir 4 – Tegund hlutafjár – aðrar 5 – Önnur eignayfirfærsla – fasteignir 6 – Önnur eignayfirfærsla – aðrar
NC0130	Útgáfudagur	Þetta er sá fyrri af útgáfudegi viðskipta/skuldar eða deginum sem viðskipti innan samstæðu taka gildi, ef annar en útgáfudagurinn. Dagsetningin skal fylgja ISO 8601 (dd-mm-áááá) sniði.
NC0140	Lokagjalddagi	Tilgreina skal kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetninguna þegar viðskiptin renna út/koma á gjalddaga, ef við á. — Fyrir viðskipti innan samstæðu án lokagjalddaga er „31-12-9999“ notað. — Fyrir verðbréf með ótakmarkaðan gildistíma er „31-12-9999“ notað.
NC0150	Gjaldmiðill viðskipta	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem viðskiptin áttu sér stað í.
NC0160	Fjárhæð á viðskiptadegi	Fjárhæð viðskipta á viðskiptadegi gefin upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.
NC0170	Fjárhæð á skýrslugjafardegi	Fjárhæð sem útistandandi er af viðskiptunum á gagnaskiladeginum, ef við á, t.d. fyrir skuldaútgáfu, gefin upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar. Ef snemmbúið uppgjör/fyrirframgreiðsla hefur farið fram að fullu, skal reikningsjöfnuður samningsbundinnar fjárhæðar vera núll.
NC0180	Virði veðtryggingar	Virði veðtryggingar fyrir veðtryggða skuld eða eign vegna viðskipta innan samstæðu þar sem eignayfirfærsla á í hlut, gefið upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0190	Arðgreiðslur/vextir/arðmiðar og aðrar greiðslur á skýrslutímabili	Í þessum reit á að ná yfir sérhverjar greiðslur í tengslum við viðskipti innan samstæðu sem skráðar eru í þessu sniðmáti fyrir gagnaskilatímabilið (6 mánuðina fram að gagnaskiladegi). Í þessu felst, en einskorðast ekki við: — Arðgreiðslur fyrir yfirstandandi ár, þ.m.t. greiddar eða tilkynntar en ógreiddar arðgreiðslur. — Sérhverjar frestaðar arðgreiðslur frá undangengnum árum sem greiddar voru á gagnaskilatímabilinu (þ.e. sérhverjar frestaðar arðgreiðslur sem greiddar voru og höfðu áhrif á rekstrarreikninginn fyrir gagnaskilatímabilið). — Vaxtagreiðslur í tengslum við skuldagerninga. — Sérhverra annarra greiðslna í tengslum við viðskipti innan samstæðu sem tilgreindar eru í þessu sniðmáti, t.d. gjalda fyrir eignayfirfærslur. — Samanlagðar viðbótarfjárhæðir, ef við á, þ.e. viðbótarfé alls sem fjárfest er á gagnaskilatímabilinu, s.s. viðbótargreiðslur fyrir hlutabréf sem greidd eru að hluta eða aukning lánsfjárhæðar á tímabilinu (þegar viðbæturnar eru tilgreindar sem sérstakur liður). Þessi fjárhæð skal gefin upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.
C0200	Arðmiðar/vextir	Vextirnir eða arðmiðavextir sem prósenta, ef við á. Fyrir breytilega vexti skal taka með viðmiðunarvextina og vexti fyrir ofan þá.
C0210	Athugasemdir	Athugasemdir skulu ná yfir: — tilkynningu ef viðskiptin fóru ekki fram samkvæmt armslengdarreglu, — hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli og varða efnahagslegt eðli rekstursins.

S.36.02 - Viðskipti innan samstæðu – afleiður

Almennar athugasemdir:

Þetta sniðmát tengist upplýsingum sem samstæður eiga að veita a.m.k. árlega.

Í þessu sniðmáti skal tilgreina öll viðskipti (umtalsverð, veruleg og viðskipti sem tilgreina á við allar aðstæður) innan samstæðu á milli eininga sem falla undir samstæðueftirlit sem tengjast afleiðum. Tilgreina skal mikilvæg viðskipti innan samstæðu sem tengjast afleiðum ef bókfært verð afleiðunnar fer yfir viðmiðunarmörkin. Þau ná yfir, en einskorðast ekki við:

— Vaxtasamninga, þ.m.t. skiptasamninga, framvirka samninga, framtíðarsamninga og valrétti,

— Gjaldeyrissamninga, þ.m.t. skiptasamninga, framvirka samninga, framtíðarsamninga og valrétti,

— Samninga sem eru svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið 1. liðar og a- til d-lið 2. liðar í þessum viðauka en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur.

Þetta sniðmát skal innihalda viðskipti innan samstæðu sem voru:

— í gildi við upphaf gagnaskilatímabilsins,

— hófust á gagnaskilatímabilinu og ólokið á gagnaskiladeginum,

— hófust og runnu út/féllu í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu.

Þegar tvær eða fleiri viðskiptafærslur milli eininga í samstæðunni sem frá efnahagslegu sjónarmiði stuðla að sömu áhættu, eða þjóna sama tilgangi/markmiði, eða eru tímabundið tengdar í áætlun, skulu þær teljast stök efnahagsleg aðgerð.

Þar sem hver slík viðskipti sem eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð skulu tilkynntar þegar þær eru samanlagt við eða yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum fyrir umtalsverð viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt einstök viðskipti séu undir viðmiðunarmörkunum.

Sérhver þáttur sem bætt er við umtalsverð viðskipti innan samstæðu skal tilgreindur sem aðgreind viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt þátturinn einn og sér sé undir umtalsverðu viðmiðunarmörkunum. Til dæmis, ef félag eykur upphaflegu lánsfjárhæðina til annars tengds félags skal skrá viðbótina við lánið sem sérstakan lið með útgáfudag sem er dagsetning viðbótarinnar.

Ef viðskiptaverðið er ólíkt fyrir tvo viðskipaaðila (t.d. viðskipti upp á 10 milljón evrur á milli A og B þar sem A skráir 10 milljón evrur en B móttekur einungis 9,5 milljón evrur vegna viðskiptakostnaðar, þ.e. 0,5 milljón evrur fara í gjöld) skal skrá í sniðmátið hámarksfjárhæðina sem viðskiptafjárhæðina, í þessu tilviki 10 milljón evrur.

Skilgreina skal óbein viðskipti sem öll viðskipti sem færa áhættuskuldbindingar annaðhvort á milli eininga innan samstæðunnar, en takmarkast ekki við viðskipti við félög með sérstakan tilgang, sjóði um sameiginlega fjárfestingu, stoðeiningar eða óeftirlitsskyldar einingar, eða einingar utan samstæðunnar, en áhættuskuldbindingin er að lokum færð aftur eða er áfram innan samstæðunnar. Ef um er að ræða keðju tengdra viðskipta innan samstæðu (t.d. ef A fjárfestir í B og B fjárfestir í C) skal tilkynna þessi viðskipti sem óbein viðskipti. Því skal tilkynna viðskiptafærslur A til C og geta um millistigin í athugasemdunum. Ef um er að ræða forgangsröðun viðskipta, t.d. ef „A“ -> „B“ -> „C“ -> „D“, þar sem bæði „B“ og „C“ eru innan samstæðunnar en eru óeftirlitsskyldar einingar, skal einnig tilkynna um þessi viðskipti.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði við-skipta innan samstæðu	Einkvæmur innri auðkenniskóði fyrir hver viðskipti innan samstæðu. Hann skal vera samkvæmur til lengri tíma.
C0020	Heiti fjárfestis/kaup-anda	Heiti einingarinnar sem fjárfestir/kaupir afleiðuna, eða mótaðilans með gnóttstöðuna. Fyrir skiptasamninga er greiðandinn sá sem greiðir fasta vexti og fær breytilega vexti.
C0030	Auðkenniskóði fjárfestisins/ kaupandans	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtrygg-ingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0031	Tegund kóða fjárfestis/kaupanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði fjárfestis/kaupanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
NC0040	Geiri fjárfestis/kaupanda	Ef fjárfestir/kaupandi er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef fjárfestirinn/kaupandinn er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0050	Heiti útgefanda/seljanda	Heiti einingarinnar sem gefur út/selur afleiðuna, eða mótaðilans með skortstöðuna. Fyrir skiptasamninga er móttakandinn sá sem fær fasta vexti og greiðir breytilega vexti.
C0060	Auðkenniskóði útgefanda/seljanda	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.
C0061	Tegund kóða útgefanda/seljanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði útgefanda/seljanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
NC0070	Fjármálageiri útgefanda/seljanda	Ef útgefandinn/seljandinn er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef útgefandinn/seljandinn er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0080	Óbein viðskipti	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti óbeinna viðskipta (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í reitnum. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af óbeinum viðskiptum, skal tilgreina „Nei“.
NC0090	Stök efnahagsleg aðgerð	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í reitnum. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af stakri efnahagslegri aðgerð, skal tilgreina „Nei“.
NC0100	Auðkenniskóði gernings	Þetta er auðkenniskóði gerningsins (fjármagn, skuld, o.s.frv.) á milli mótaðilanna tveggja sem tilgreindir eru, þar sem notuð er eftirfarandi forgangsröð: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar, þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir. Þessi kóði skal vera samkvæmur til lengri tíma. Hann getur verið ólíkur kóðanum fyrir viðskipti innan samstæðu sem gefinn er í reit C0010.
NC0101	Tegund auðkenniskóða gerningsins	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði gerningsins“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0110	Tegund gernings	Tilgreina skal tegund viðskipta. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Afleiður – framtíðarsamningar 2 – Afleiður – framvirkir samningar 3 – Afleiður – valréttir 4 – Afleiður – annað 5 – Tryggingar – útlánavörn 6 – Tryggingar – annað 7 – Skiptasamningar 8 – Annað Endurhverf verðbréfakaup skulu talin sem peningagreiðsla að viðbættum framvirkum samningi.
NC0120	Varnartilhögun	Tilgreina skal tegund viðskipta. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – greiðsluvanskil 2 – vextir 3 – gjaldmiðill 4 – annað
NC0130	Tilgangur gernings	Lýsa notkun afleiðna (eindar-/heildaráhættuvörn, skilvirkri stýringu eignasafns). Með eindaráhættuvörn er vísað til afleiða sem ná yfir einstakan fjármálagerning, áætluð viðskipti eða fjárskuldbindingu. Með heildaráhættuvörn er vísað til afleiða sem ná yfir safn fjármálagerninga, áætluð viðskipti eða fjárskuldbindingar. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Eindaráhættuvörn 2 – Heildaráhættuvörn 3 – Jöfnun sjóðstreymis eigna og skulda 4 – Skilvirk stýring eignasafns, önnur en „Jöfnun sjóðstreymis eigna og skulda“. 5 – Annað
NC0140	Upphafsdagur	Tilgreina skal kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetningu færslu/viðskipta með afleiðusamninginn. Fyrir framlengda samninga á að nota upphaflega viðskiptadaginn.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0150	Lokagjalddagi	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir samningsbundna skilgreinda lokadagsetningu afleiðusamningsins, hvort sem það er á gjalddaga eða degi sem valréttir (evrópskir eða ameríska) renna út, o.s.frv.
NC0160	Gjaldmiðill viðskipta	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem viðskiptin áttu sér stað í.
NC0170	Grundvallarfjárhæð	Fjárhæðin sem er varin eða óvarin gagnvart afleiðunni á gagnaskiladeginum, þ.e. lokastaða, gefin upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar. Fyrir framtíðarsamninga og valrétti, samsvarar stærð samnings margfaldað með fjölda samninga. Fyrir skiptasamninga og framvirka samninga, samsvarar samningsfjárhæðinni. Ef viðskipti eru komin á gjalddaga/hafa runnið út á gagnaskilatímabilinu fyrir gagnaskiladaginn, skal grundvallarfjárhæðin vera núll á gagnaskiladeginum.
NC0180	Bókfært verð	Virði afleiðu á gagnaskiladegi eins og tilgreint er í efnahagsreikningi viðkomandi aðila. Ef viðskipti eru komin á gjalddaga/hafa runnið út á gagnaskilatímabilinu fyrir gagnaskiladaginn, skal bókfært verð vera hámarks bókfært verð afleiðna á undan gjalddaga viðskiptanna á gagnaskiladeginum.
NC0190	Virði veðtryggingar	Virði veðsins sem sett er sem trygging á gagnaskiladegi (núll ef afleiðu hefur verið lokað), ef við á, gefið upp í gagnaskilagjaldmiðli fjármálasamsteypunnar.
NC0200	Auðkenniskóði eignar/skuldar sem er undirliggjandi afleiðunni	Auðkenniskóði eignarinnar eða skuldbindingarinnar sem er undirliggjandi afleiðusamningnum. Gefa á upp þennan lið fyrir afleiður sem eru með einn undirliggjandi gerning eða vísitölu í eignasafni félagsins. Vísitala er talin einn gerningur og skal tilgreind. Auðkenniskóði gerningsins sem undirliggjandi er afleiðunni með því að nota eftirfarandi forgang: — ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 þegar hann er tiltækur — Aðra viðurkennda kóða (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC) — Kóði sem félagið úthlutar þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir og sem skal vera samkvæmur til lengri tíma — „Margar eignir/skuldir“, ef undirliggjandi eignir eða skuldir eru fleiri en ein Ef undirliggjandi breyta er vísitala skal tilgreina kóða vísitölunnar.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
NC0201	Tegund kóða eignar/skuldar sem er undirliggjandi afleiðunni	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði eignar/skuldar sem er undirliggjandi afleiðunni.“ Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166 2 – CUSIP-númer (Nefndin um samræmdar auðkennisaðferðir öryggisþáttanúmers sem úthlutað er af CUSIP þjónustuskrifstofunni fyrir bandarísk og kanadísk fyrirtæki) 3 – SEDOL-númer (Dagleg opinber kauphallarskrá fyrir kauphöllina í London) 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn–Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið) 5 – Bloomberg Ticker (Bloomberg-stafakóði sem tilgreinir verðbréf fyrirtækis) 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloombergs) 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga) 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga) 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir 99 – Kóða sem úthlutað er af félaginu Þennan valkost skal einnig nota fyrir tilvikin „Margar eignir/skuldbindingar“ og vísitölur.
NC0210	Heiti mótaðila sem útlánavörn er keypt fyrir	Heiti mótaðilans sem vörn er keypt fyrir vegna áhættu af vanskilum hans.
NC0220	Afhentir vextir af skiptasamningi (fyrir kaupanda)	Afhentir vextir samkvæmt skiptasamningnum (eingöngu fyrir vaxtaskiptasamninga).
NC0230	Mótteknir vextir af skiptasamningi (fyrir kaupanda)	Mótteknir vextir samkvæmt skiptasamningnum (eingöngu fyrir vaxtaskiptasamninga).
NC0240	Afhentur gjaldmiðill af skiptasamningi (fyrir kaupanda)	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðil skiptasamningsverðsins (eingöngu fyrir gjaldeyrisskiptasamninga).
C0250	Móttekinn gjaldmiðill af skiptasamningi (fyrir kaupanda)	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðil grundvallarfjárhæðarinnar á skiptasamningnum (eingöngu fyrir gjaldeyrisskiptasamninga).
C0260	Tekjur af afleiðum	Hreinar tekjur af fjárfestingu eða kaupum á afleiðum. Í samræmi við hagnað og tap samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS) er ætlast til bæði innleystra og óinnleystra niðurstaðna hér. Fjárhæðirnar ættu að vera færðar inn á hreinu virði (í samanburði við QRT S. 09.01. SII). Vextir verða tilgreindir í S.36.05 – hagnaður og tap.
C0270	Athugasemdir	Athugasemdir skulu ná yfir: — tilkynningu ef viðskiptin fóru ekki fram samkvæmt armslengdarreglu, — hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli og varða efnahagslegt eðli rekstursins.

S.36.03 – Viðskipti innan samstæðu – skuldir utan efnahagsreiknings og skilyrtar skuldir

Almennar athugasemdir:

Þetta sniðmát tengist upplýsingum sem samstæður skulu veita a.m.k. árlega.

Í þessu sniðmáti skal tilgreina öll viðskipti (umtalsverð, veruleg og viðskipti sem tilgreina á við allar aðstæður) innan samstæðu á milli eininga sem falla undir samstæðueftirlit sem tengjast ábyrgðum utan efnahagsreiknings.

Þau ná yfir, en einskorðast ekki við:

— Ábyrgðir utan efnahagsreiknings,

— ónotaðar lánsheimildir

— eignir keyptar samkvæmt beinum framvirkum kaupsamningum (gjaldmiðill eða annað),

— samninga um eignasölu og endurhverf verðbréfakaup eins og um getur í 3. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

— Skilyrtar skuldir

Þetta sniðmát skal innihalda viðskipti innan samstæðu sem voru:

— í gildi við upphaf gagnaskilatímabilsins,

— hófust á gagnaskilatímabilinu og ólokið á gagnaskiladeginum,

— hófust og runnu út/féllu í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu.

Þegar tvær eða fleiri viðskiptafærslur milli eininga í samstæðunni sem frá efnahagslegu sjónarmiði stuðla að sömu áhættu, eða þjóna sama tilgangi/markmiði, eða eru tímabundið tengdar í áætlun, skulu þær teljast stök efnahagsleg aðgerð.

Þar sem hver slík viðskipti sem eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð skulu tilkynntar þegar þær eru samanlagt við eða yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum fyrir umtalsverð viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt einstök viðskipti séu undir viðmiðunarmörkunum.

Sérhver þáttur sem bætt er við umtalsverð viðskipti innan samstæðu skal tilgreindur sem aðgreind viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt þátturinn einn og sér sé undir umtalsverðu viðmiðunarmörkunum. Til dæmis, ef félag eykur upphaflegu lánsfjárhæðina til annars tengds félags skal skrá viðbótina við lánið sem sérstakan lið með útgáfudag sem er dagsetning viðbótarinnar.

Ef viðskiptaverðið er ólíkt fyrir tvo viðskipaaðila (t.d. viðskipti upp á 10 milljón evrur á milli A og B þar sem A skráir 10 milljón evrur en B móttekur einungis 9,5 milljón evrur vegna viðskiptakostnaðar, þ.e. 0,5 milljón evrur fara í gjöld) skal skrá í sniðmátið hámarksfjárhæðina sem viðskiptafjárhæðina, í þessu tilviki 10 milljón evrur.

Skilgreina skal óbein viðskipti sem öll viðskipti sem færa áhættuskuldbindingar annaðhvort á milli eininga innan samstæðunnar, en takmarkast ekki við viðskipti við félög með sérstakan tilgang, sjóði um sameiginlega fjárfestingu, stoðeiningar eða óeftirlitsskyldar einingar, eða einingar utan samstæðunnar, en áhættuskuldbindingin er að lokum færð aftur eða er áfram innan samstæðunnar. Ef um er að ræða keðju tengdra viðskipta innan samstæðu (t.d. ef A fjárfestir í B og B fjárfestir í C) skal tilkynna þessi viðskipti sem óbein viðskipti. Því skal tilkynna viðskiptafærslur A til C og geta um millistigin í athugasemdunum. Ef um er að ræða forgangsröðun viðskipta, t.d. ef „A“ -> „B“ -> „C“ -> „D“, þar sem bæði „B“ og „C“ eru innan samstæðunnar en eru óeftirlitsskyldar einingar, skal einnig tilkynna um þessi viðskipti.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði við-skipta innan samstæðu	Einkvæmur innri auðkenniskóði fyrir hver viðskipti innan samstæðu. Hann skal vera samkvæmur til lengri tíma.
C0020	Heiti veitanda	Heiti þess aðila sem veitir ábyrgð utan efnahagsreiknings.
C0030	Auðkenniskóði veitanda	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við veitandann, eftir þessari forgangsröð, ef hann er tiltækur: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir fyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, mun fjármálasamsteypan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.
C0031	Tegund kóða veitanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði veitanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Fjármálageiri veitanda	Ef veitandinn er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjón-ustugeirann“. Ef veitandinn er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0050	Heiti viðtakanda	Heiti einingar sem ábyrgð utan efnahagsreiknings nær yfir.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0060	Auðkenniskóði viðtakanda	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við þeim vátryggða, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.
C0061	Tegund kóða viðtakanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði þess vátryggða“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0070	Fjármálageiri viðtakanda	Ef viðtakandinn er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef viðtakandinn er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0080	Óbein viðskipti	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti óbeinna viðskipta (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af óbeinum viðskiptum, skal tilgreina „Nei“.
C0090	Stök efnahagsleg aðgerð	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af stakri efnahagslegri aðgerð, skal tilgreina „Nei“.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0100	Tegund viðskipta	Tilgreina skal tegund viðskipta. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Ábyrgðir 2 – Skuldbinding 3 – Bankaábyrgð 4 – Ónotaðar lánsheimildir 5 – Eignir keyptar samkvæmt beinum framvirkum kaupsamningum (gjaldmiðill eða annað), 6 – Samningar um eignasölu og endurhverf verðbréfakaup eins og um getur í 3. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 86/635/EBE, 7 – Skilyrtar skuldir 8 – Annað.
C0110	Útgáfudagur viðskipta	Tilgreina skal kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetninguna þegar viðskiptin/útgáfan taka gildi.
C0120	Lokadagsetning samkomulags/samnings sem er undirliggjandi viðskiptunum	Eftir atvikum, tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir dagsetninguna þegar samkomulagið/samningurinn fellur úr gildi. Ef lokadagsetning er ótakmörkuð skal tilgreina „31-12-9999“.
C0130	Gjaldmiðill viðskipta	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðilinn sem viðskiptin áttu sér stað í. Ef um tvo gjaldmiðla er að ræða skal tilgreina þá báða í athugasemdum reits C0200.
C0140	Kveikjuatburður	Eftir atvikum, stutt lýsing á atburði sem virkjar viðskiptin/greiðsluna/skuldbindinguna/ekkert, t.d. atburður sem myndi leiða til skilyrtrar skuldar.
C0150	Verðmæti viðskipta á upphafsdegi	Virði viðskipta eða veðtryggingar sem er sett til tryggingar. Gefa á upp þennan lið í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.
C0160	Verðmæti viðskipta á skýrslugjafardegi	Virði viðskiptanna, veðsett trygging. Þessi liður skal gefinn upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.
C0170	Mögulegt hámarksvirði skilyrtra skulda	Mögulegt hámarksvirði, ef kostur er, án tillits til líkinda þess (þ.e. framtíðarútstreymi handbærs fjár sem krafist er til að gera upp skilyrtu skuldina á líftíma þeirrar skilyrtu skuldar, afvaxtað samkvæmt viðeigandi áhættulausum vaxtaferli), á skilyrtum skuldum sem færðar eru í efnahagsreikning samstæðunnar. Samtala alls mögulegs sjóðstreymis, ef atburðir sem virkja ábyrgðir gerast allir í tengslum við tryggingar sem „veitandinn“ (reitur C0020) hefur veitt þeim „vátryggða“ (reitur C0050) til tryggingar á greiðslu gjaldfallinna skulda félagsins (þ.m.t. bankaábyrgð, ónotaðar bindandi lántökuheimildir). Þessi liður skal ekki innihalda fjárhæðir sem þegar hafa verið tilgreindar samkvæmt C0150 og C0160.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0180	Virði tryggðra eigna	Virði tryggðu eignanna sem tryggingarnar eru mótteknar fyrir. Matsreglur á einstökum sérsviðum geta átt við í þessu tilviki.
C0190	Tekjur af liðum utan efnahagsreiknings	Tekjur í tengslum við viðskipti utan efnahagsreiknings.
C0200	Athugasemdir	Athugasemdir skulu ná yfir: — tilkynningu ef viðskiptin fóru ekki fram samkvæmt armslengdarreglu, — hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli og varða efnahagslegt eðli rekstursins.

S.36.04 – Viðskipti innan samstæðu – vátryggingar og endurtryggingar

Almennar athugasemdir:

Þetta sniðmát tengist upplýsingum sem samstæður eiga að veita árlega.

Í þessu sniðmáti skal tilgreina öll viðskipti (umtalsverð, veruleg og viðskipti sem tilgreina á við allar aðstæður) innan samstæðu á milli aðila sem falla undir samstæðueftirlit, sem tengjast innri vátryggingu og endurtryggingu innan samstæðunnar.

Þau ná yfir, en einskorðast ekki við:

— Vátryggingasamninga aðila sem falla innan gildissviðs samstæðu við vátryggingafélög sem falla innan gildissviðs samstæðunnar

— endurtryggingasamninga á milli tengdra fyrirtækja í samstæðu,

— kjörfrjálsa endurtryggingu á milli tengdra félaga í samstæðu, og

— öll önnur viðskipti sem leiða til yfirfærslu tryggingaráhættu (vátryggingaráhættu) á milli tengdra félaga í samstæðu.

Þetta sniðmát skal innihalda viðskipti innan samstæðu sem voru:

— í gildi við upphaf gagnaskilatímabilsins,

— hófust á gagnaskilatímabilinu og ólokið á gagnaskiladeginum,

— hófust og runnu út/féllu í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu.

Þegar tvær eða fleiri viðskiptafærslur milli eininga í samstæðunni sem frá efnahagslegu sjónarmiði stuðla að sömu áhættu, eða þjóna sama tilgangi/markmiði, eða eru tímabundið tengdar í áætlun, skulu þær teljast stök efnahagsleg aðgerð.

Þar sem hver slík viðskipti sem eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð skulu tilkynntar þegar þær eru samanlagt við eða yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum fyrir umtalsverð viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt einstök viðskipti séu undir viðmiðunarmörkunum.

Sérhver þáttur sem bætt er við umtalsverð viðskipti innan samstæðu skal tilgreindur sem aðgreind viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt þátturinn einn og sér sé undir umtalsverðu viðmiðunarmörkunum. Til dæmis, ef félag eykur upphaflegu lánsfjárhæðina til annars tengds félags skal skrá viðbótina við lánið sem sérstakan lið með útgáfudag sem er dagsetning viðbótarinnar.

Ef viðskiptaverðið er ólíkt fyrir tvo viðskipaaðila (t.d. viðskipti upp á 10 milljón evrur á milli A og B þar sem A skráir 10 milljón evrur en B móttekur einungis 9,5 milljón evrur vegna viðskiptakostnaðar, þ.e. 0,5 milljón evrur fara í gjöld) skal skrá í sniðmátið hámarksfjárhæðina sem viðskiptafjárhæðina, í þessu tilviki 10 milljón evrur.

Skilgreina skal óbein viðskipti sem öll viðskipti sem færa áhættuskuldbindingar annaðhvort á milli eininga innan samstæðunnar, en takmarkast ekki við viðskipti við félög með sérstakan tilgang, sjóði um sameiginlega fjárfestingu, stoðeiningar eða óeftirlitsskyldar einingar, eða einingar utan samstæðunnar, en áhættuskuldbindingin er að lokum færð aftur eða er áfram innan samstæðunnar. Ef um er að ræða keðju tengdra viðskipta innan samstæðu (t.d. ef A fjárfestir í B og B fjárfestir í C) skal tilkynna þessi viðskipti sem óbein viðskipti. Því skal tilkynna viðskiptafærslur A til C og geta um millistigin í athugasemdunum. Ef um er að ræða forgangsröðun viðskipta, t.d. ef „A“ -> „B“ -> „C“ -> „D“, þar sem bæði „B“ og „C“ eru innan samstæðunnar en eru óeftirlitsskyldar einingar, skal einnig tilkynna um þessi viðskipti.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði við-skipta innan samstæðu	Einkvæmur innri auðkenniskóði fyrir hver viðskipti innan samstæðu. Hann skal vera samkvæmur til lengri tíma.
C0020	Heiti tryggðs aðila/ endurtryggingataka	Lögheiti einingarinnar sem yfirfært hefur tryggingaráhættuna til annars vátryggjanda eða endurtryggjanda innan samstæðunnar.
C0030	Auðkenniskóði fyrir tryggðan aðila/afsalanda	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0031	Tegund kóða fyrir tryggðan aðila/afsalanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði fyrir fjárfesti/lánveitanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Geiri tryggðs aðila/ afsalanda	Ef tryggður aðili eða endurtryggingataki er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef tryggður aðili/endurtryggingataki er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0050	Heiti vátryggjanda/ endurtryggjanda	Lögheiti vátryggjanda eða endurtryggjanda sem tryggingaráhættan hefur verið yfirfærð til.
C0060	Auðkenniskóði vátryggjanda/endur-tryggjanda	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers fyrirtækis utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds fyrirtækis skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land fyrirtækisins +5 tölustafir.
C0061	Tegund kóða vátryggj-anda/endurtryggjanda	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði vátryggjanda/ endurtryggjanda“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0070	Geiri vátryggjanda/ endurtryggjanda	Fjármálageiri þjónustuveitanda í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, þ.e. „vátrygginga- og endurtryggingageirinn“. Þessum dálki hefur verið haldið í því skyni að vera samræmdur við sniðmátin sem notuð eru á stigi fjármálasamsteypa.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0080	Óbein viðskipti	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti óbeinna viðskipta (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af óbeinum viðskiptum, skal tilgreina „Nei“.
C0090	Stök efnahagsleg aðgerð	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af stakri efnahagslegri aðgerð, skal tilgreina „Nei“.
C0100	Tegund viðskipta	Tilgreina skal tegund samnings/samkomulags. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Vátrygging 2 – Endurtrygging
C0110	Viðskipti	Ef C0100 = endurtrygging, skal tilgreina þá tegund endurtryggingarsamnings/samkomulags. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – kvótahlutdeild 2 – breytileg kvótahlutdeild 3 – umframfjármagn 4 – umframtap (á atburð og á áhættu) 5 – umframtap (á áhættu) 6 – umframtap (á atburð) 7 – umframtap „back–up“ (vörn gegn eftirfylgjandi atburðum sem vissar hamfarir geta valdið, eins og flóði eða bruna) 8 – umframtap með grunnáhættu 9 – endurheimtuvernd 10 – samanlagt umframtap 11 – ótakmarkað umframtap 12 – umframtaphlutfall á samningstímanum (stop loss) 13 – aðrir hlutfallslegir samningar

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
		14 – aðrir óhlutfallslegir samningar 15 – Takmörkuð endurtrygging 16 – Kjörfrjáls hlutfallsleg endurtrygging 17 – Kjörfrjáls óhlutfallsleg endurtrygging Aðra hlutfallslega samninga (kóði 13) og aðra óhlutfallslega samninga (kóði 14) er hægt að nota fyrir blandaðar tegundir af endurtryggingasamningum.
C0120	Upphafsdagur	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir upphafsdagsetningu sértæka endurtryggingasamningsins.
C0130	Lokadagsetning	Tilgreina kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir lokadagsetningu sértæka endurtryggingarsamningsins (þ.e. síðasta daginn sem sértæki endurtryggingarsamningurinn er í gildi). Þessi liður er ekki tilgreindur ef það er engin lokadagsetning (t.d. samningur er samfelldur og lýkur með því að einn aðilanna segir honum upp).
C0140	Gjaldmiðill viðskipta	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir greiðslugjaldmiðil sértæka endurtryggingasamningsins.
C0150	Hámarkstryggingarvernd eftir viðskiptum	Fyrir samning um kvótahlutdeild eða umframfjármagn, er 100% hámarksfjárhæðinnar sem ákvörðuð hefur verið fyrir samninginn í heild sett fram hér (t.d. 10 milljón evrur). Í tilviki ótakmarkaðrar verndar skal færa „-1“ inn hér. Tilgreina á þennan lið í gjaldmiðlinum fyrir viðskiptin.
C0160	Hreinar viðskiptakröfur	Fjárhæðin sem leiðir af tjónum sem (endur)vátryggjandinn greiðir, en (endur)vátryggjandinn hefur ekki ennþá endurgreitt + umboðslaun sem (endur)vátryggjandinn á að greiða + aðrar viðskiptakröfur, að frádregnum skuldum gagnvart (endur)vátryggjandanum. Geymslufé er undanskilið og talið sem mótteknar ábyrgðir. Gefa á upp þennan lið í reikningsskilagjaldmiðli samstæðunnar.
C0170	Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum	Gjaldfallin fjárhæð frá endurtryggjandanum á gagnaskiladeginum sem nær yfir: Iðgjaldaskuld fyrir hluta af framtíðariðgjöldum frá endurtryggingum sem þegar hafa verið greidd endurtryggjandanum, Tjónaskuld vegna útistandandi krafna á vátryggjanda sem vátryggjandinn á að greiða, og/eða Vátryggingaskuld fyrir fjárhæðinni sem endurspeglar hlutdeild endurtryggjandans í vergu vátryggingaskuldinni. Gefa á upp þennan lið í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0180	Tæknileg niðurstaða endurtryggingar (vegna endurtryggingar)	Niðurstaða endurtryggingar (fyrir endurtryggða einingu): Heildarumboðslaun vegna endurtryggingar sem endurtryggður aðili móttekur, mínus verg endurtryggingariðgjöld sem endurtryggði aðilinn greiðir, plús kröfur sem endurtryggjandi greiðir á gagnaskilatímabilinu, plús endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum við lok gagnaskilatímabilsins, mínus endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum við upphaf gagnaskila-tímabilsins. Gefa á upp þennan lið í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.
C0190	Iðgjald (vegna vátrygg-ingar)	Heildarfjárhæð vergra bókfærðra iðgjalda eins og skilgreint er í 11. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Fyrir lífeyri sem stafar frá skaðatryggingasamningum á þessi reitur ekki við.
C0200	Kröfur (vegna vátrygg-ingar)	Heildarfjárhæð vergra greiddra tjóna á árinu, þ.m.t. kostnaður vegna tjónauppgjörs.
C0210	Vátryggingagrein	Auðkenning vátryggingagreinarinnar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, sem endurtryggð er. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Sjúkrakostnaðartrygging 2 – Afkomutrygging 3 – Atvinnuslysatrygging 4 – Ábyrgðartrygging ökutækja 5 – Aðrar ökutækjatryggingar 6 – Sjó-, flug- og farmtrygging 7 – Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns 8 – Almenn ábyrgðartrygging 9 – Greiðslu- og efndavátrygging 10 – Réttaraðstoðartrygging 11 – Ferðamannaaðstoð 12 – Ýmiss konar fjárhagstjón 13 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjúkrakostnaðar 14 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna tekjuverndar 15 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna atvinnuslysa

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
		16 – Hlutfallsleg ábyrgðarendurtrygging ökutækja 17 – Hlutfallsleg önnur endurtrygging ökutækja 18 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 19 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna bruna og annars eignatjóns 20 – Hlutfallsleg almenn ábyrgðarendurtrygging 21 – Hlutfallsleg greiðslu- og efndaendurtrygging 22 – Hlutfallsleg réttaraðstoðarendurtrygging 23 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ferðamannaaðstoðar 24 – Hlutfallsleg endurtrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns 25 – Óhlutfallsleg heilsuendurtrygging 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging 27 – Óhlutfallsleg endurtrygging vegna sjó-, flug- og farmtrygginga 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging 29 – Vátrygging með ágóðahlutdeild 30 – Söfnunarlíftrygging 31 – Aðrar líftryggingar 32 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar heilsutryggingaskuldbindingar 33 – Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og sem varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en heilsutryggingaskuldbindingar 34 – Lífendurtrygging 35 – Heilsutrygging 36 – Heilsuendurtrygging. Ef endurtryggingarfyrirkomulag nær yfir fleiri en eina vátryggingagrein, þá skal velja mikilvægustu vátryggingagreinina í skránni hér að ofan.
C0220	Athugasemdir	Athugasemdir skulu ná yfir: — tilkynningu ef viðskiptin fóru ekki fram samkvæmt armslengdarreglu, — hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli og varða efnahagslegt eðli rekstursins.

S.36.05 – Viðskipti innan samstæðu – hagnaður og tap

Almennar athugasemdir:

Þessi viðauki tengist upplýsingum sem samstæðurnar eiga að veita árlega.

Í þessu sniðmáti skal tilgreina hagnað og tap sem tengist öllum viðskiptum (umtalsverðum, verulegum og viðskiptum sem tilgreina á við allar aðstæður) innan samstæðu á milli aðila sem falla undir samstæðueftirlit, eða hagnaðar- og tapsviðskiptum sem talin eru umtalsverð eða veruleg viðskipti innan samstæðu, eða viðskiptum sem tilgreina á við allar aðstæður. Þau ná yfir, en einskorðast ekki við:

— Gjöld,

— Umboðslaun,

— Vexti,

— Arðgreiðslur,

— Kostnað eða tekjur af útvistun innan samstæðu, innri kostnaðarskiptingu eða leigusamninga.

Tilkynna skal um útvistun innan samstæðu eða innri kostnaðarskiptingu sem leiðir til umtalsverðra viðskipta innan samstæðunnar.

Þó að vextir og arðgreiðslur séu tilgreind í S.36.01, S.36.02, skal einnig tilgreina þau í S.36.05 – hagnaður og tap.

Þetta sniðmát skal innihalda viðskipti innan samstæðu sem voru:

— í gildi við upphaf gagnaskilatímabilsins,

— hófust á gagnaskilatímabilinu og ólokið á gagnaskiladeginum,

— hófust og runnu út/féllu í gjalddaga á gagnaskilatímabilinu.

Þegar tvær eða fleiri viðskiptafærslur milli eininga í samstæðunni sem frá efnahagslegu sjónarmiði stuðla að sömu áhættu, eða þjóna sama tilgangi/markmiði, eða eru tímabundið tengdar í áætlun, skulu þær teljast stök efnahagsleg aðgerð.

Þar sem hver slík viðskipti sem eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð skulu tilkynntar þegar þær eru samanlagt við eða yfir samsvarandi viðmiðunarmörkum fyrir umtalsverð viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt einstök viðskipti séu undir viðmiðunarmörkunum.

Sérhver þáttur sem bætt er við umtalsverð viðskipti innan samstæðu skal tilgreindur sem aðgreind viðskipti innan samstæðu, jafnvel þótt þátturinn einn og sér sé undir umtalsverðu viðmiðunarmörkunum. Til dæmis, ef félag eykur upphaflegu lánsfjárhæðina til annars tengds félags skal skrá viðbótina við lánið sem sérstakan lið með útgáfudag sem er dagsetning viðbótarinnar.

Ef viðskiptaverðið er ólíkt fyrir tvo viðskipaaðila (t.d. viðskipti upp á 10 milljón evrur á milli A og B þar sem A skráir 10 milljón evrur en B móttekur einungis 9,5 milljón evrur vegna viðskiptakostnaðar, þ.e. 0,5 milljón evrur fara í gjöld) skal skrá í sniðmátið hámarksfjárhæðina sem viðskiptafjárhæðina, í þessu tilviki 10 milljón evrur.

Skilgreina skal óbein viðskipti sem öll viðskipti sem færa áhættuskuldbindingar annaðhvort á milli eininga innan samstæðunnar, en takmarkast ekki við viðskipti við félög með sérstakan tilgang, sjóði um sameiginlega fjárfestingu, stoðeiningar eða óeftirlitsskyldar einingar, eða einingar utan samstæðunnar, en áhættuskuldbindingin er að lokum færð aftur eða er áfram innan samstæðunnar. Ef um er að ræða keðju tengdra viðskipta innan samstæðu (t.d. ef A fjárfestir í B og B fjárfestir í C) skal tilkynna þessi viðskipti sem óbein viðskipti. Því skal tilkynna viðskiptafærslur A til C og geta um millistigin í athugasemdunum. Ef um er að ræða forgangsröðun viðskipta, t.d. ef „A“ -> „B“ -> „C“ -> „D“, þar sem bæði „B“ og „C“ eru innan samstæðunnar en eru óeftirlitsskyldar einingar, skal einnig tilkynna um þessi viðskipti.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0010	Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu	Einkvæmur innri auðkenniskóði fyrir hver viðskipti innan samstæðu. Hann skal vera samkvæmur til lengri tíma. Nota skal sama auðkenni ef það tengist viðskiptum sem þegar hafa verið nefnd.
C0020	Heiti á tekjuhlið	Lögheiti einingar sem fékk tekjur frá annarri einingu innan samstæðunnar.
C0030	Auðkenniskóði fyrir tekjuhlið	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við aðilann sem fékk tekjurnar, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.
C0031	Tegund kóða fyrir tekjuhlið	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði fyrir tekjuhlið“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0040	Geiri tekjuhliðar	Ef aðilinn sem fékk tekjur frá öðrum aðila innan samstæðunnar er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga/endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef aðilinn sem fékk tekjur frá öðrum aðila innan samstæðunnar er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0050	Heiti á útgjaldahlið	Lögheiti einingar sem skapaði tekjur fyrir aðra einingu innan samstæðunnar.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0060	Auðkenniskóði fyrir útgjaldahlið	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við aðilann sem aflaði teknanna, eftir þessari forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Sértækur kóði: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan samstæðunnar: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum, sem úthlutað er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög innan samstæðunnar, skal samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til sérhvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags skal samstæðan fylgja eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: Auðkenniskóði móðurfélags + ISO 3166-1 alpha-2-kóði fyrir land félagsins + 5 tölustafir.
C0061	Tegund kóða fyrir útgjaldahlið	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði fyrir útgjaldahlið“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða
C0070	Geiri útgjaldahliðar	Ef aðilinn sem aflaði teknanna fyrir annan aðila innan samstæðunnar er hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, skal tilgreina: „bankageirann“, „vátrygginga- og endurtryggingageirann“, „fjárfestingarþjónustugeirann“. Ef aðilinn sem skapaði tekjur fyrir annan aðila innan samstæðunnar er ekki hluti fjármálageirans í skilningi 8. mgr. 2. gr. skal tilgreina: „annað félag í samstæðunni“.
C0080	Óbein viðskipti	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti óbeinna viðskipta (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af óbeinum viðskiptum, skal tilgreina „Nei“.
C0090	Stök efnahagsleg aðgerð	Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru hluti af stakri efnahagslegri aðgerð (sbr. almennar athugasemdir hér að framan), skal tilgreina „Auðkenniskóði viðskipta innan samstæðu“ (C0010) í tengdum viðskiptum í þessum reit. Ef fleiri en tvenn viðskipti eru tengd, þarf auðkenniskóði fyrstu tengdu viðskiptanna að vera tilgreindur sem tilvísun í tengil á öll samtengd viðskipti. Ef tilkynnt viðskipti innan samstæðu eru ekki hluti af stakri efnahagslegri aðgerð, skal tilgreina „Nei“.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0100	Tegund viðskipta	Tilgreina skal tegund hagnaðar- og tapsviðskipta. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Gjöld, 2 – Umboðslaun, 3 – Vextir, 4 – Arðgreiðslur, 5 – Kostnaður eða tekjur, 6 – Annað
C0110	Viðskipti	Þegar við á, gerningur sem tekjur eða gjöld tengjast. Nota skal eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Skuldabréf/skuld, 2 – Tegund hlutafjár, 3 – Aðrar eignayfirfærslur, 4 – Afleiður, 5 – Liðir utan efnahagsreiknings, 6 – Útvistun innan samstæðu, innri kostnaðarskipting eða leigusamningur, 7 – Annað
C0120	Gjaldmiðill viðskipta	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir greiðslugjaldmiðil sértæk hagnaðar- og tapsviðskipti.
C0130	Dagsetning viðskipta	Tilgreina skal kóðann ISO 8601 (dd-mm-áááá) fyrir upphafsdagsetningu hagnaðar- og tapsviðskipta.
C0140	Fjárhæð	Fjárhæð fyrir viðskiptin eða verðið eftir hverjum samningi, gefin upp í gagnaskilagjaldmiðli samstæðunnar.
C0150	Athugasemdir	Athugasemdir skulu ná yfir: — tilkynningu ef viðskiptin fóru ekki fram samkvæmt armslengdarreglu, — hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli og varða efnahagslegt eðli rekstursins.

S.37.01 – Samþjöppun áhættu – áhættuskuldbinding vegna mótaðila

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar a.m.k. árlega framlagningu upplýsinga fyrir samstæður.

Í þessu sniðmáti skal koma fram sérhver áhættusamþjöppun á milli eininga innan ramma samstæðueftirlits og þriðju aðila sem lagst geta við áhættuskuldbindingarnar sem getið er í sniðmátinu, án tillits til valsins á reikniaðferð eða hvort sérreglur um gjaldþol hafi verið notaðar að því er varðar útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu.

Markmiðið er að skrá mikilvægar áhættuskuldbindingar (virði áhættuskuldbindinga í sérhverri tegund gernings sem talin er upp í sniðmátinu) eftir einstökum mótaðila sem er utan samstæðunnar. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu.

Þetta er stærsta mögulega áhættuskuldbindingin á samningsbundnum grunni og sem ekki nauðsynlega er endurspegluð í efnahagsreikningnum, bæði á vergum grunni og hreinum grunni, að teknu tilliti til sérhverra áhættuvarnargerninga eða -aðferða. Eftirlitsstjórnvald samstæðu kemur á föstum viðmiðunarmörkum að höfðu samráði við samstæðuna sjálfa og fagráðið.

Lögaðili ætti að greina frá gögnunum.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0010	Heiti utanaðkomandi mótaðila	Þetta er heiti utanaðkomandi mótaðila samstæðunnar.
C0020	Auðkenniskóði utanaðkomandi mótaðila samstæðunnar	Einkvæmi auðkenniskóðinn sem tengdur er við fjárfestinn/kaupandann/framsalshafann, eftir þessari forgangsröð: — Kennimerki lögaðila (e. LEI) — Sértækur kóði Sértækur kóði: — Fyrir utanaðkomandi mótaðila á Evrópska efnahagssvæðinu: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundnum markaði, ef utanaðkomandi mótaðili er eftirlitsskyldur – sá sem lögbæra eftirlitsyfirvaldið úthlutar utanaðkomandi mótaðila, — Fyrir utanaðkomandi mótaðila utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal samstæðan leggja fram auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskyldur mótaðili, skal samstæðan með samræmdum hætti hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði samstæðu hins utanaðkomandi mótaðila + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands hins utanaðkomandi mótaðila + 5 tölustafir
C0030	Tegund aukenniskóða utanaðkomandi mótaðila samstæðunnar	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði utanaðkomandi mótaðila“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0045	Heiti samstæðu (ef um er að ræða samstæðu mótaðila)	Heiti samstæðu, ef fleiri en einn af utanaðkomandi mótaðilum tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu
C0080	Flokkun	Ytra mat á mótaðila á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar, útgefið af tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun (ECAI). Ef tvö eða fleiri lánshæfismöt eru tiltæk frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum og þau samsvara ólíkum stikum fyrir metinn lið, skal matið sem gefur hærri gjaldþolskröfuna notað.
C0090	Tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki	Tilgreina skal lánshæfismatsstofnunina (ECAI) sem gefur ytra matið í C0050.
C0100	Geiri	Tilgreina skal atvinnuveg utanaðkomandi mótaðila á grundvelli nýjustu útgáfu á kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (fyrsta stig í stigskiptingu - bókstafurinn).
C0040	Land	Tilgreina kóðann ISO 3166–1 alpha–2 fyrir landið þaðan sem áhættuskuldbindingin kemur frá. Fyrir útgefanda t.d. einingar, er þetta landið þar sem höfuðstöðvar útgefanda aðilans eru staðsettar.
C0110	Eining samstæðunnar	Heiti einingar samstæðunnar, sem tengist áhættuskuldbindingunum. Tilgreina á allar hlutaðeigandi einingar og sérstaka færslu fyrir hverja einingu. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu.
C0120	Auðkenniskóði einingar samstæðunnar	Auðkenniskóði félagsins, samkvæmt eftirfarandi forgangsröð: — Auðkenni lögaðila (LEI), skyldubundið ef til staðar, — Sértækur kóði, ef auðkenni lögaðila er ekki til staðar. Þegar félagið notar valkostinn „Sértækur kóði“ skal tekið tilliti til eftirfarandi: — Fyrir önnur eftirlitsskyld félög á Evrópska efnahagssvæðinu en vátrygginga- og endurtryggingafélög innan gildissviðs samstæðueftirlits: Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundna markaðnum og úthlutaður er af lögbæru eftirlitsyfirvaldi félagsins, — Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og óeftirlitsskyld félög, innan ramma samstæðueftirlits, mun samstæðan úthluta auðkenniskóða. Þegar auðkenniskóða er úthlutað til hvers félags utan Evrópska efnahagssvæðisins eða óeftirlitsskylds félags ætti samstæðan með samræmdum hætti að hlíta eftirfarandi framsetningu: auðkenniskóði móðurfélagsins + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
C0125	Tegund aukenniskóða einingar samstæðunnar	Tegund auðkenniskóða sem er notaður fyrir liðinn „Auðkenniskóði einingar samstæðunnar“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Auðkenni lögaðila (LEI) 2 – Sértækan kóða

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0180	Hlutafé	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í eiginfjárgerningum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu.
C0190	Skuldabréf	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í skuldabréfagerningum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu. Í þennan reit ætti að taka með áhættuskuldbindingar sem undanþágurnar gilda um (C0260).
C0200	Eignir þar sem áhætta hvílir aðallega á vátryggingatökum	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í eignum þar sem áhætta hvílir aðallega á vátryggingatökum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu. Nota ætti gegnsæisaðferðina ef hún er tiltæk.
C0210	Afleiður	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í afleiðum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu. Afleiðurnar skulu tilgreindar á endurstofnverði. Ef möguleiki er á jöfnunargreiðslum milli hinna mismunandi áhættuskuldbindinga, má setja fram gögnin sem hrein virði (þ.e. gnóttstöðu-áhættuskuldbinding + skortstöðuáhættuskuldbinding).
C0220	Aðrar fjárfestingar	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í öðrum fjárfestingum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu.
C0230	Lán og veðlán	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í lánum og veðlánum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu.
C0240	Ábyrgðir og skuldbindingar	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga (þ.e. hámark raunverulegrar áhættuskuldbindingar með hliðsjón af skuldum aðilans) í ábyrgðum og skuldbindingum (þ.m.t. ógreidd áhættulög lána) gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu. Ábyrgðir sem aðilar í samstæðunni gefa út ætti að tilgreina í þessum dálki, en ábyrgðir þar sem einingar samstæðunnar eru vátryggðar ætti að tilgreina sem frádrátt fyrir greiðslu- eða vátryggingaáhættuvörn (C0260) og sem óbeinar áhættuskuldbindingar (C0220).
C0250	Vátryggingarsamningar	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar í vátryggingasamningum (takmörkun á bótaábyrgð eða tryggingarfjárhæð, eftir því hvor þeirra myndar mestu hugsanlegu áhættuskuldbindingu).
C0260	Ytri endurtrygging	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í ytri endurtryggingum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Í samræmi við sérreglur ætti tilgreinda fjárhæðin að vera endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningum. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu.
C0270	Aðrar beinar áhættuskuldbindingar	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga í öðrum gerningum gagnvart utanaðkomandi mótaðila. Ef um er að ræða fleiri en eina einingu samstæðunnar, er sérstök lína nauðsynleg fyrir hverja einingu. Ef möguleiki er á jöfnunargreiðslu má setja fram hreina virðið.

LIÐUR		LEIÐBEININGAR
C0280	Lýsing á öðru	Lýsing á öðrum gerningum sem tilgreindir eru í C0200
C0290	Óbeinar áhættuskuldbindingar	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar eru þær áhættuskuldbindingar sem úthlutað er á ábyrgðaraðila eða útgefanda tryggingar frekar en á beinan lántaka. Hin tryggða upphaflega viðmiðunaráhættuskuldbinding (bein áhættuskuldbinding) skal dregin frá áhættuskuldbindingu gagnvart upphaflega lántakanum í dálkunum „Hæfar aðferðir við mildun útlánaáhættu“. Óbeina áhættuskuldbindingin hækkar áhættuskuldbindingu gagnvart ábyrgðaraðilanum eða útgefandanum með staðgönguáhrifum.
C0300	Viðskipti þar sem áhættuskuldbinding er gagnvart undirliggjandi eignum	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar vegna viðskipta s.s. verðbréfaðra staðna eða áhættuskuldbindinga í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða vegna annarra viðskipta þar sem um er að ræða áhættu gagnvart undirliggjandi eignum.
C0160	Gjaldmiðill	Tilgreina skal bókstafakóðann ISO 4217 fyrir gjaldmiðil áhættuskuldbindingarinnar
C0150	Heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar	Heildaráhættuskuldbinding gagnvart einum mótaðila, þar sem gjaldfallnar eignir og skuldir frá og til eins mótaðila eru jafnaðar út til að skilgreina hreina hámarksheildaráhættu, ef unnt er. Með heildaráhættuskuldbindingunni er markaðsstefnan gagnvart einum mótaðila metin og er skilgreind sem: Gnóttstöðuáhættuskuldbinding + skortstöðuáhættuskuldbinding (andstætt við verga hámarksáhættuskuldbindingu sem ekki er krafist hér (= gnóttstöðuáhættuskuldbindingu + algildi á skortstöðuáhættuskuldbindingu)). Ekki skal taka neitt tillit til áhættumildunargerninga eða -aðferða við ákvörðun á þessum lið.
C0310	Greiðslu- eða vátryggingaáhættuvörn	Sérhver frádráttur sem kemur af beitingu vátrygginga- eða áhættuvarnaraðferða sem heimilaðar eru, s.s. endurtryggingu og notkun afleiða. Að því er varðar vátryggingaáhættuskuldbindingar, ef um er að ræða óhlutfallslega endurtryggingu sem nær yfir fleiri en einn mótaðila, ætti að úthluta frádrættinum hlutfallslega eða, að öðrum kosti, samkvæmt viðeigandi sundurliðun sem eftirlitsstjórnvald samstæðunnar samþykkir.
C0320	Undanþágur	Sérhver frádráttur sem kemur af beitingu undanþága í samræmi við 187. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35
C0330	Fjárhæð fyrir áhættuskuldbindingarnar eftir greiðslu- eða vátryggingaáhættuvörn og undanþágur	Fjárhæð fyrir áhættuskuldbindingarnar eftir greiðslu- eða vátryggingaáhættuvörn og undanþágur (hrein fjárhæð).

S.37.02 – Samþjöppun áhættu – áhættuskuldbinding eftir gjaldmiðli, geira, landi

Almennar athugasemdir:

Töflurnar skulu innihalda áhættusamþjöppunina á milli eininga innan gildissviðs samstæðueftirlits og þriðju aðila. Áhættuskuldbindingar ættu að vera settar fram eftir gjaldmiðli, geira og landi frá hámarksáhættu til þeirrar minnstu. Ef land, geiri eða gjaldmiðill eiga ekki við má tilgreina fjárhæðina undir flokknum „Annað“.

Geirann ætti að gefa upp samkvæmt skiptingunni fyrir 1. sundurliðunarstig kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (bókstafa). Töflurnar skulu byggjast á öllum áhættuskuldbindingunum (heildarefnahagsreikningi) eftir greiðslu- eða vátryggingaáhættuvörn og undanþágur (hrein fjárhæð).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010	Gjaldmiðilssvæði	Gjaldmiðill áhættuskuldbindingar. Tilgreina ætti áhættuskuldbindingar eftir röðun í mikilvægi.
C0030	Hrein áhættuskuld-binding	Áhættuskuldbinding eftir vátryggingaáhættuvörn og undanþágur (hrein fjárhæð).
C0040	%	Hlutur áhættuskuldbindingar af heildareignum.
C0050	Geiri	Geiri áhættuskuldbindingar. Tilgreina ætti áhættuskuldbindingar eftir röðun í mikilvægi.
C0060	Land	Land áhættuskuldbindingar. Tilgreina ætti áhættuskuldbindingar eftir röðun í mikilvægi.
C0070/R0010	Hrein heildaráhættu-skuldbinding eftir gjaldmiðli.	Samtala hreinna áhættuskuldbindinga, tilgreint eftir gjaldmiðli.
C0070/R0020	Hrein heildaráhættu-skuldbinding eftir geira.	Samtala hreinna áhættuskuldbindinga, tilgreint eftir geira.
C0070/R0030	Hrein heildaráhættu-skuldbinding eftir landi.	Samtala hreinna áhættuskuldbindinga, tilgreint eftir landi.

S.37.03 – Samþjöppun áhættu – áhættuskuldbinding eftir eignaflokki og lánshæfi

Almennar athugasemdir:

Töflurnar skulu innihalda alla áhættusamþjöppunina á milli aðila innan ramma samstæðueftirlits og þriðju aðila, sett fram sem samsetning á helstu eignaflokkum og lánshæfismati. Að því er skuldabréf varðar er í töflunum sett fram samsetning eignaflokks og lánshæfismats verðbréfsins. Að því er varðar áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa skal tilgreina heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar og hlutdeild áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa í heildareignum (heildarefnahagsreikningur).

Taflan skal byggjast á öllum áhættuskuldbindingum innan tilgreindra eignaflokka, eftir greiðslu- eða vátryggingaáhættuvörn og undanþágur (hrein fjárhæð).

Ef tvö eða fleiri lánshæfismöt eru tiltæk frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum og þau samsvara ólíkum stikum fyrir metinn lið, skal matið sem gefur hærri gjaldþolskröfuna notað.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0010	Samtala – hrein heildaráhættuskuld-binding	Heildaráhættuskuldbinding vegna hlutabréfa eftir vátryggingaáhættuvörn og undanþágur (hrein fjárhæð).
Z0010	Tegundir skuldabréfa	Skipting á milli eftirfarandi skuldabréfaflokka: 1 – Skuldabréf gefin út af ríkisstjórn, alþjóðlegri fjármálastofnun og seðlabönkum 2 – Skuldabréf gefin út af héraðsstjórnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum 3 – Fyrirtækjaskuldabréf
C0010/R0020-R0070	Hrein áhættuskuld-binding	Áhættuskuldbinding eftir vátryggingaáhættuvörn og undanþágur (hrein fjárhæð).
C0020/R0020-R0070	%	Hlutur áhættuskuldbindingar af heildareignum.

IV. VIÐAUKI

Eignaflokkar

Flokkur		Skilgreining
1	Ríkisskuldabréf	Skuldabréf útgefin af opinberum yfirvöldum, hvort heldur ríkisstjórnum, yfirþjóðlegum ríkisstofnunum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af Seðlabanka Evrópu, ríkisstjórnum og seðlabönkum aðildarríkja, fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum sem skráð eru í 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar (ESB) 2015/2011, þegar tryggingin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 215. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
2	Fyrirtækjaskuldabréf	Skuldabréf útgefin af fyrirtækjum
3	Hlutafé	Hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum, sem standa fyrir fjármagn fyrirtækis, t.d. eignarhald í fyrirtæki.
4	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	Sjóður um sameiginlega fjárfestingu: Verðbréfasjóður (UCITS), eins og skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB eða sérhæfður sjóður (AIF), eins og skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB.
5	Samsettar skuldaviður-kenningar	Blönduð verðbréf, samsetning gerninga með fasta ávöxtun (ávöxtun í formi fastra greiðslna) við röð afleiðuþátta. Undanskilið frá þessum flokki eru verðbréf með fastri ávöxtun sem gefin eru út af stjórnvöldum. Á við um verðbréf sem hafa innfelldan einn flokk eða samsetningu af flokkum afleiða, þ.m.t. skuldatryggingar (CDS), skiptasamninga með fastan líftíma (CMS), skuldatryggingavalrétti (CDOp). Eignir í þessum flokki eru ekki sundurgreinanlegar.
6	Veðtryggð verðbréf	Verðbréf þar sem virði og greiðslur er leitt út frá undirliggjandi eignasafni. Nær yfir eignavarin verðbréf (ABS), verðbréf tryggð með fasteignaveði (MBS), verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (CMBS), skuldavafninga (CDO), lánavafninga (CLO), fasteignaveðsvafninga (CMO). Eignir í þessum flokki eru ekki sundurgreinanlegar.
7	Reiðufé og innlán	Peningar á efnislegu formi, ígildi handbærs fjár, bankainnstæður og aðrar peningainn-stæður
8	Veðlán og lán	Fjáreignir sem verða til þegar lánveitendur lána fjármuni til lántaka, gegn veði eða ekki, þ.m.t. reiðufjársöfn.

Flokkur		Skilgreining
9	Fasteign	Byggingar, land, önnur mannvirki sem eru fasteignir, og tækjakostur.
0	Aðrar fjárfestingar	Aðrar eignir tilgreindar í „Aðrar fjárfestingar“
A	Framtíðarsamningur	Staðlaður samningur á milli tveggja aðila um að kaupa eða selja tiltekna eign af stöðluðu magni og gæðum á tilteknum degi í framtíðinni á verði sem samið er um í dag
B	Kaupréttir	Samningur á milli tveggja aðila varðandi kaup á eign á viðmiðunarverði innan tiltekinna tímamarka, þar sem kaupandinn á kaupréttinum öðlast rétt til, en er ekki skuldbundinn, að kaupa undirliggjandi eign
C	Söluréttir	Samningur á milli tveggja aðila varðandi sölu á eign á viðmiðunarverði innan tiltekinna tímamarka, þar sem kaupandinn á söluréttinum öðlast rétt til, en er ekki skuldbundinn, að selja undirliggjandi eign
D	Skiptasamningar	Samningur þar sem mótaðilar skipta á tilteknum ávinningi af fjármálagerningi eins aðila fyrir ávinning af fjármálagerningi annars aðila, og ávinningurinn sem um ræðir ræðst af tegund viðkomandi fjármálagernings
E	Framvirkir samningar	Óstaðlaður samningur á milli tveggja aðila um að kaupa eða selja eign á tilteknum tímapunkti í framtíðinni á verði sem samið er um í dag
F	Lánaafleiður	Afleiður þar sem verðgildið ræðst af útlánaáhættu undirliggjandi skuldabréfs, láns eða annarrar fjáreignar

V. VIÐAUKI

Uppbótarauðkenniskóði (CIC), tafla

Fyrstu 2 stöður	Eignir skráðar í	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði, XV, XL eða XT									
Þriðja staða	Flokkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	0
		Ríkisskuldabréf	Fyrirtækjaskuldabréf	Hlutafé	Fjárfestingarsjóðir, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	Samsettar skuldaviðurkenningar	Veðtryggð verðbréf	Reiðufé og innlán	Veðlán og lán	Fasteign	Aðrar fjárfestingar
Fjórða staða	Undirflokkur eða meginhætta	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
		Skuldabréf ríkissjóðs	Fyrirtækjaskuldabréf	Almenn hlutabréf	Hlutabréfasjóðir	Hlutabréfaáhætta	Hlutabréfaáhætta	Reiðufé	Veitt óveðtryggð lán	Fasteign (skrifstofu- og viðskiptahúsnæði)	
		2	2	2	2	2	2	2	2	2	
		Yfirþjóðleg skuldabréf	Breytanleg skuldabréf	Hlutabréf fasteignatengds fyrirtækis	Skuldasjóðir	Vaxtaáhætta	Vaxtaáhætta	Yfirfæranlegar innstæður (ígildi handbærs fjár)	Veitt lán veðtryggð með verðbréfum	Fasteign (íbúðarhúsnæði)	
		3	3	3	3	3	3	3		3	
		Skuldabréf héraðsstjórnar	Viðskiptabréf	Hlutabréfaréttir	Peningamarkaðssjóðir	Gjaldmiðilsáhætta	Gjaldmiðilsáhætta	Aðrar innstæður til skamms tíma (skemur en eða til allt að eins árs)		Fasteign (til eigin nota)	

Fyrstu 2 stöður	Eignir skráðar í	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði, XV, XL eða XT									
		4	4	4	4	4	4	4	4	4	
		Skuldabréf staðaryfirvalda	Peningamarkaðsgerningar	Forgangshlutabréf	Eignaskiptasjóðir	Útlánaáhætta	Útlánaáhætta	Aðrar innstæður til lengri tíma en eins árs	Veðlán og lán	Fasteign (í byggingu til fjárfestinga)	
		5	5		5	5	5	5	5	5	
		Ríkisskuldabréf	Blönduð skuldabréf		Fasteignasjóðir	Fasteignaáhætta	Fasteignaáhætta	Innlán tengd endurtryggingatökum	Önnur veitt veðtryggð lán	Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota)	
		6	6		6	6	6		6	6	
		Sértryggt skuldabréf	Almenn sértryggð skuldabréf		Sérhæfðir sjóðir	Hrávöruáhætta	Hrávöruáhætta		Lán gegn tryggingum	Fasteign (í byggingu til eigin nota)	
		7	7		7	7	7		7		
		Skuldabréf seðlabanka aðildarríkjanna	Sértryggð skuldabréf sem falla undir sérstök lög		Sjóðir fyrir óskráð hlutabréf	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Hamfara- og veðurfarsáhætta		Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar		
		8	8		8	8	8		8		
		Ríkisskuldabréf sem ekki eru gefin upp í innlendum gjaldmiðli	Undirskipuð skuldabréf		Innviðasjóðir	Dánaráhætta	Dánaráhætta		Lán til annarra einstaklinga		
		9	9	9	9	9	9	9	9	9	9
		Annað	Annað	Annað	Annað	Annað	Annað	Annað	Annað	Annað	Annað

Þriðja staða	Flokkur	A	B	C	D	E	F
		Framtíðarsamningur	Kauprétttir	Söluréttir	Skiptasamningar	Framvirkir samningar	Lánaafleiður
Fjórða staða	Undirflokkur eða megináhætta	1	1	1	1	1	1
		Hlutabréf og vísitölubundnir framtíðarsamningar	Hlutabréf og vísitölubundnir valréttir	Hlutabréf og vísitölubundnir valréttir	Vaxtaskiptasamningar	Framvirkur vaxtasamningur	Skuldatryggingar
		2	2	2	2	2	2
		Framtíðarsamningur um vexti	Valréttir á skuldabréf	Valréttir á skuldabréf	Gjaldeyrisskipta-samningar	Framvirkur gjaldeyrissamningur	Valréttur á skuldatryggingu
		3	3	3	3		3
		Framtíðarsamningur um gjaldeyri	Gjaldeyrisvalréttir	Gjaldeyrisvalréttir	Vaxta- og gjaldeyrisskipta-samningar		Skiptasamningur um skuldatryggingarálag
			4	4	4		4
			Áskriftarréttindi	Áskriftarréttindi	Heildarskipta-samningur		Heildarskiptasamningur
		5	5	5	5		
		Framtíðarsamningur um hrávöru	Hrávöruvalréttir	Hrávöruvalréttir	Verðbréfaskipta-samningar		
			6	6			
			Skiptiréttir	Skiptiréttir			
		7	7	7	7	7	
		Hamfara- og veðurfarsáhætta	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Hamfara- og veðurfarsáhætta	
		8	8	8	8	8	
		Dánaráhætta	Dánaráhætta	Dánaráhætta	Dánaráhætta	Dánaráhætta	
		9	9	9	9	9	9
		Annað	Annað	Annað	Annað	Annað	Annað

VI. VIÐAUKI

Skilgreiningar á CIC-töflunni

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
Land	ISO 3166-1-alpha-2 landskóði	Gefa upp ISO 3166-1-alpha-2 landskóðann þar sem eignin er skráð. Eign er álitin skráð ef viðskipti eru með hana á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga, eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB. Ef eignin er skráð í fleiri en einu landi eða ef félagið notar, við virðismat, verð sem fæst hjá einum hinna skipulegu verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga þar sem eignin er skráð, skal landið vera land hins skipulega verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga sem notað er sem viðmiðun við verðmatið.
XV	Eignir skráðar í einu eða fleiri en einu landi	Greina eignir sem eru skráðar í einu eða fleiri löndum en þegar félagið notar, við virðismat, verð sem fæst ekki hjá einum hinna skipulegu verðbréfamarkaða eða markaðstorgi fjármálagerninga þar sem eignin er skráð.
XL	Eignir sem eru ekki skráðar í kauphöll	Greina eignir sem viðskipti eru ekki með á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB.
XT	Eignir sem eru ekki seljanlegar í kauphöll	Tilgreina eignir sem, eðli sínu samkvæmt, ekki er hægt að stunda viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB.
1	*Ríkisskuldabréf*	*Skuldabréf útgefin af opinberum yfirvöldum, hvort heldur ríkisstjórnum, yfirþjóðlegum ríkisstofnunum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af Seðlabanka Evrópu, ríkisstjórnum og seðlabönkum aðildarríkja, fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum sem skráð eru í 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2011, þegar tryggingin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 215. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.* *Að því er varðar skuldabréf með fullgildri tryggingu, skal þriðja og fjórða staðan auðkennd með tilvísun til einingarinnar sem veitir tryggingunа.*
11	Skuldabréf ríkissjóðs	Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af ríkisstjórn aðildarríkisins, að undanskildum skuldabréfum sem gefin eru upp og fjármögnuð í öðrum gjaldmiðli en innlendum gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar.
12	Yfirþjóðleg skuldabréf	Skuldabréf sem eru gefin út af opinberum stofnunum sem komið er á fót með skuldbindingu milli þjóðríkja, t.d. gefin út af fjölþjóðlega þróunarbankanum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða gefin út af alþjóðastofnuninni sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
13	Skuldabréf héraðsstjórnar	Skuldagerningar héraðsstjórnar eða sjálfstjórnarhéraðs sem boðnir eru út á almennum markaði í almennu útboði á fjármagnsmarkaði og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af héraðsstjórnum sem skráðar eru í 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2011.
14	Skuldabréf staðaryfirvalda	Skuldabréf sem staðaryfirvöld gefa út, þ.m.t. borgir, fylki, héruð og önnur stjórnvöld sveitarfélaga og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af staðaryfirvöldum sem skráð eru í 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2011.
15	Ríkisskuldabréf	Skammtíma ríkisskuldabréf, sem ríkisstjórn gefur út (útgefin með líftíma allt að 1 ári) og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af Seðlabanka Evrópu, ríkisstjórnum aðildarríkja og seðlabönkum (útgefin með líftíma allt að 1 ári).
16	Sértryggð skuldabréf	Ríkisskuldabréf og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af Seðlabanka Evrópu, ríkisstjórnum aðildarríkja og seðlabönkum, sem hafa safn eigna sem tryggir eða „sértryggir“ skuldabréfið. Þessar eignir eru áfram á efnahagsreikningi útgefandans.
17	Seðlabankar aðildarríkjanna	Skuldabréf sem seðlabankar aðildarríkjanna gefa út og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum, að undanskildum skuldabréfum sem gefin eru upp og fjármögnuð í öðrum gjaldmiðli en innlendum gjaldmiðli þess seðlabanka.
18	Ríkisskuldabréf sem ekki eru gefin upp í innlendum gjaldmiðli	Skuldabréf sem ríkisstjórnir og seðlabankar gefa út, sem gefin eru upp og fjármögnuð í öðrum gjaldmiðli en innlendum gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar og þess seðlabanka.
19	Annað	Önnur ríkisskuldabréf og skuldabréf sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega tryggð af Seðlabanka Evrópu, ríkisstjórnum aðildarríkja og seðlabönkum, sem ekki flokkast samkvæmt flokkunum hér að ofan.
2	*Fyrirtækjaskuldabréf*	*Skuldabréf útgefin af fyrirtækjum*
21	Fyrirtækjaskuldabréf	Skuldabréf sem fyrirtæki gefa út, með einföld einkenni, sem venjulega ná yfir þau sem vísað er til sem „plain vanilla“, og eru ekki með neina af þeim sérstöku eiginleikum sem lýst er í flokkum 22 til 28.
22	Breytanleg skuldabréf	Fyrirtækjaskuldabréf þar sem annaðhvort eigandi skuldabréfsins eða útgefandi skuldabréfsins getur umbreytt þeim í almenn hlutabréf í fyrirtækinu sem gefur þau út, eða í reiðufé að jafngildu virði, þar sem þau eru með skulda- og hlutafjárlíka eiginleika.

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
23	Viðskiptabréf	Ótryggður, skammtíma skuldagerningur sem fyrirtæki gefur út, alla jafnan til að fjármagna viðskiptakröfur, birgðir og skammtímaskuldir, venjulega með upphaflegan líftíma skemmri en 270 dagar.
24	Peningamarkaðsgerningar	Skuldabréf til mjög skamms tíma (venjulega með líftíma frá 1 degi að 1 ári), sem samanstanda aðallega af framseljanlegum innlánsskírteinum (CD), víxlum og öðrum auðseljanlegum gerningum. Viðskiptabréf eru undanskilin þessum flokki
25	Blönduð skuldabréf	Fyrirtækjaskuldabréf sem eru með skulda- og hlutafjárlíka eiginleika, en eru ekki umbreytanleg.
26	Almenn sértryggð skuldabréf	Fyrirtækjaskuldabréf sem eru með safn eigna, sem tryggir eða „sértryggir“ skuldabréfið. Þessar eignir eru áfram á efnahagsreikningi útgefandans. Sértryggð skuldabréf sem falla undir sérstök lög eru undanskilin þessum flokki.
27	Sértryggð skuldabréf sem falla undir sérstök lög	Fyrirtækjaskuldabréf sem eru með safn eigna, sem tryggir eða „sértryggir“ skuldabréfið ef upphafsaðilinn verður ógjaldfær, og að lögum falla undir sérstakt opinbert eftirlit sem miðar að því að verja skuldabréfaeigendur, eins og skilgreint er í 4. mgr. 52. gr. í tilskipun 2009/65/EB. Dæmi um þennan flokk eru „Pfandbrief“: „Sértryggt skuldabréf sem gefin eru út á grundvelli þýskra laga um Pfandbrief (Pfandbriefgesetz). Þau eru notuð til að endurfjármagna lán sem veðtrygging hefur verið sett fyrir í formi lána sem tryggð eru með veði í fasteign (fasteignaveðs-Pfandbriefe), lána hins opinbera (opinber-Pfandbriefe), skipaveðlána (skipaveðs-Pfandbriefe) eða flugvélaveðlána (flugvélaveðs-Pfandbriefe). Þannig að aðgreiningin sem gerð er á milli þessara tegunda Pfandbriefe vísar til tryggingasafnsins fyrir hverja tegund af Pfandbrief.“
28	Undirskipuð skuldabréf	Fyrirtækjaskuldabréf með lægri forgangsstöðu en önnur skuldabréf útgefandans, komi til skiptameðferðar.
29	Annað	Önnur fyrirtækjaskuldabréf, með önnur einkenni en þau sem tilgreind eru í flokkunum hér að ofan.
3	*Hlutafé*	*Hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum sem standa fyrir fjármagn fyrirtækis, t.d. eignarhald í fyrirtæki.*
31	Almenn hlutabréf	Hlutabréf sem standa fyrir grundvallar eignarrétt í fyrirtækjum
32	Hlutabréf fasteignatengds fyrirtækis	Hlutabréf sem standa fyrir fjármagn frá fasteignatengdu fyrirtæki
33	Hlutabréfaréttir	Réttur til áskriftar að viðbótahlutabréfum á föstu verði

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
34	Forgangshlutabréf	Hlutabréfatengd verðbréf sem hafa forgang á almenn hlutabréf, hafa sterkari kröfu á eignir og tekjur en almenn hlutabréf, en eru undirskipuð skuldabréfum.
39	Annað	Önnur hlutabréf, sem ekki eru flokkuð undir flokkunum hér að ofan.
4	*Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu*	*Sjóður um sameiginlega fjárfestingu: Verðbréfasjóður (UCITS), eins og skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða sérhæfður sjóður (AIF), eins og skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.*
41	Hlutabréfasjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, með fjárfestingar aðallega í hlutabréfum.
42	Skuldasjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, með fjárfestingar aðallega í skuldabréfum.
43	Peningamarkaðssjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, samkvæmt skilgreiningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (CESR/10-049).
44	Eignaskiptasjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta eignir sínar til að ná fram tilteknu markmiði um eignaskiptingu, t.d. með því að fjárfesta aðallega í verðbréfum fyrirtækja í löndum með hlutabréfamarkaði sem enn eru í mótun eða með lítil hagkerfi, í sérstökum geirum eða geiraflokkum, sérstökum löndum eða eftir öðru tilteknu fjárfestingarmarkmiði.
45	Fasteignasjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, með fjárfestingar aðallega í fasteignum
46	Sérhæfðir sjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, sem eru með fjárfestingaráætlanir sem ná yfir m.a. áhættuvarnir, eru atburðatengdar, hafa viðmið um fasta ávöxtun og hlutfallslegt verðmæti, framtíðarsamninga undir stýringu, hrávörur o.s.frv.
47	Sjóðir fyrir óskráð hlutabréf	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem notaðir eru til fjárfesta í hlutabréfatengdum verðbréfum til að fylgja áætlunum tengdum óskráðum hlutabréfum.
48	Innviðasjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í innviðaeignum eins og skilgreint er í liðum 55a eða 55b í 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
49	Annað	Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, sem ekki eru flokkaðir undir flokkunum hér að ofan.
5	*Samsettar skuldaviðurkenningar*	*Blönduð verðbréf, samsetning gerninga með fasta ávöxtun (ávöxtun í formi fastra greiðslna) við röð afleiðuþátta. Undanskilið frá þessum flokki eru verðbréf með fastri ávöxtun sem gefin eru út af stjórnvöldum. Á við um verðbréf sem hafa innfelldan einn flokk eða samsetningu af flokkum afleiða, þ.m.t. skuldatryggingar (CDS), skiptasamninga með fastan líftíma (CMS), skuldatryggingavalrétti (CDOp). Eignir í þessum flokki eru ekki sundurgreinanlegar.*
51	Hlutabréfaáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir hlutabréfaáhættu

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
52	Vaxtaáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir vaxtaáhættu
53	Gjaldmiðilsáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir gjaldmiðilsáhættu
54	Útlánaáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir útlánaáhættu
55	Fasteignaáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir fasteignaáhættu
56	Hrávöruáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir hrávöruáhættu
57	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu
58	Dánaráhætta	Samsettar skuldaviðurkenningar sem aðallega eru óvarðar fyrir dánaráhættu
59	Annað	Aðrar samsettar skuldaviðurkenningar, sem ekki eru flokkaðar undir flokkunum hér að ofan
6	*Veðtryggð verðbréf*	*Verðbréf þar sem virði og greiðslur er leitt út frá undirliggjandi eignasafni. Nær yfir eignavarin verðbréf (ABS), verðbréf tryggð með fasteignaveði (MBS), verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (CMBS), skuldavafninga (CDO), lánavafninga (CLO), fasteignaveðsvafninga (CMO). Eignir í þessum flokki eru ekki sundurgreinanlegar.*
61	Hlutabréfaáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir hlutabréfaáhættu
62	Vaxtaáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir vaxtaáhættu
63	Gjaldmiðilsáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir gjaldmiðilsáhættu
64	Útlánaáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir útlánaáhættu
65	Fasteignaáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir fasteignaáhættu
66	Hrávöruáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir hrávöruáhættu
67	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
68	Dánaráhætta	Veðtryggð verðbréf sem aðallega eru óvarin fyrir dánaráhættu
69	Annað	Önnur veðtryggð verðbréf, sem ekki eru flokkuð undir flokkunum hér að ofan.
7	*Reiðufé og innlán*	*Peningar á efnislegu formi, ígildi handbærs fjár, bankainnstæður og aðrar peningainnstæður*
71	Reiðufé	Seðlar og mynt í umferð sem eru almennt notuð til greiðslna.
72	Yfirfæranlegar innstæður (ígildi handbærs fjár)	Innstæður sem skiptanlegar eru fyrir gjaldeyri á nafnverði þegar krafist er og sem hægt er að nota beint til að greiða með ávísun, víxli, gíró, beinni greiðslu/skuldfærslu, eða öðru formi beingreiðslu, án viðurlaga eða takmarkana.
73	Aðrar innstæður til skamms tíma (skemur en eða til allt að eins árs)	Innstæður, aðrar en yfirfæranlegar innstæður, með eftirstæðan líftíma styttri eða jafnan einu ári, sem ekki er hægt að nota til greiðslna á hvað tíma sem er og sem ekki eru skiptanlegar fyrri gjaldeyri eða yfirfæranlegar innstæður án verulegra takmarkana eða viðurlaga.
74	Aðrar innstæður til lengri tíma en eins árs	Innstæður, aðrar en yfirfæranlegar innstæður, með eftirstæðan líftíma lengri en eitt ár, sem ekki er hægt að nota til greiðslna á hvað tíma sem er og sem ekki eru skiptanlegar fyrri gjaldeyri eða yfirfæranlegar innstæður án verulegra takmarkana eða viðurlaga.
75	Innlán tengd endurtryggingatökum	Innstæður sem tengjast seldri endurtryggingu
79	Annað	Annað reiðufé og innstæður, sem ekki eru flokkuð undir flokkunum hér að ofan.
8	*Veðlán og lán*	*Fjáreignir sem verða til þegar lánveitendur lána fjármuni til lántaka, gegn veði eða ekki, þ.m.t. reiðufjársöfn.*
81	Óveðtryggð veitt lán	Lán veitt án veðtryggingar.
82	Veitt lán veðtryggð með verðbréfum	Lán veitt með veðtryggingu í formi verðbréfa
84	Veðlán og lán	Veðlán og lán veitt með veðtryggingu í formi fasteignar.
85	Önnur veitt veðtryggð lán	Lán veitt með veðtryggingu á hvað öðru formi sem er.
86	Lán gegn tryggingum	Lán veitt með vátryggingarsamninga sem veðtryggingu.

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
87	Lán til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar	Lán sem veitt eru til aðila félagsstjórnar, stjórnar og eftirlitsstjórnar. Þessi flokkur skal ganga framar en þeir hér að ofan.
88	Lán til annarra einstaklinga	Lán sem veitt eru til annarra einstaklinga. Þessi flokkur skal ganga framar en þeir hér að ofan.
89	Annað	Önnur fasteignaveð og lán, sem ekki eru flokkuð undir flokkunum hér að ofan.
9	*Fasteign*	*Byggingar, land, önnur mannvirki sem eru fasteignir, og tækjakostur.*
91	Fasteign (skrifstofu- og viðskipta-húsnæði)	Skrifstofu- og viðskiptahúsnæði notuð til fjárfestinga
92	Fasteign (íbúðarhúsnæði)	Íbúðarhúsnæði notað til fjárfestinga
93	Fasteign (til eigin nota)	Fasteign til eigin nota félagsins
94	Fasteign (í byggingu til fjár-festinga)	Fasteign í byggingu, til framtíðarnotkunar sem fjárfestinga
95	Varanlegir rekstrarfjármunir (til eigin nota)	Varanlegir rekstrarfjármunir til eigin nota félagsins
96	Fasteign (í byggingu til eigin nota)	Fasteign í byggingu, til eigin notkunar í framtíðinni.
99	Annað	Önnur eign, sem ekki er flokkuð undir flokkunum hér að ofan.
0	Aðrar fjárfestingar	Aðrar eignir tilgreindar í „Aðrar fjárfestingar“.
09	Aðrar fjárfestingar	Aðrar eignir tilgreindar í „Aðrar fjárfestingar“.
A	*Framtíðarsamningur*	*Staðlaður samningur á milli tveggja aðila um að kaupa eða selja tiltekna eign af stöðluðu magni og gæðum á tilteknum degi í framtíðinni á verði sem samið er um í dag.*
A1	Hlutabréf og vísitölubundnir framtíðarsamningar	Framtíðarsamningar með hlutabréf eða kauphallarvísitölur sem undirliggjandi
A2	Framtíðarsamningur um vexti	Framtíðarsamningar með skuldabréf eða önnur vaxtaháð verðbréf sem undirliggjandi
A3	Framtíðarsamningur um gjaldeyri	Framtíðarsamningar með gjaldeyri eða önnur gjaldmiðilsháð verðbréf sem undirliggjandi

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
A5	Framtíðarsamningur um hrávöru	Framtíðarsamningar með hrávörur eða önnur hrávöruháð verðbréf sem undirliggjandi
A7	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Framtíðarsamningar sem aðallega eru óvarðir fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu
A8	Dánaráhætta	Framtíðarsamningar sem aðallega eru óvarðir fyrir dánaráhættu
A9	Annað	Aðrir framtíðarsamningar, sem ekki eru flokkaðir undir flokkunum hér að ofan
B	*Kaupréttir*	*Samningur á milli tveggja aðila varðandi kaup á eign á viðmiðunarverði innan tiltekinna tímamarka, þar sem kaupandinn á kaupréttinum öðlast rétt til, en er ekki skuldbundinn, að kaupa undirliggjandi eign*
B1	Hlutabréf og vísitölubundnir valréttir	Kaupréttir með hlutabréf eða kauphallarvísitölur sem undirliggjandi
B2	Valréttir á skuldabréf	Kaupréttir með skuldabréf eða önnur vaxtaháð verðbréf sem undirliggjandi
B3	Gjaldeyrisvalréttir	Kaupréttir með gjaldeyri eða önnur gjaldmiðilsháð verðbréf sem undirliggjandi
B4	Áskriftarréttindi	Kaupréttir sem veita handhafanum rétt til að kaupa hlutabréf af fyrirtækinu sem gefur þau út á tilteknu verði
B5	Hrávöruvalréttir	Kaupréttir með hrávörur eða önnur hrávöruháð verðbréf sem undirliggjandi
B6	Skiptiréttir	Kaupréttir sem veita eiganda þeirra rétt, en án skuldbindingar, til að gerast aðili að gnóttstöðu í undirliggjandi skiptasamningi, þ.e. gerast aðili að skiptasamningi þar sem eigandinn greiðir legginn með föstum vöxtum, og fá legginn með fljótandi vöxtum
B7	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Kaupréttir sem aðallega eru óvarðir fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu
B8	Dánaráhætta	Kaupréttir sem aðallega eru óvarðir fyrir dánaráhættu
B9	Annað	Aðrir kaupréttir, sem ekki eru flokkaðir undir flokkunum hér að ofan
C	*Söluréttir*	*Samningur á milli tveggja aðila varðandi sölu á eign á viðmiðunarverði innan tiltekinna tímamarka, þar sem kaupandinn á söluréttinum öðlast rétt til, en er ekki skuldbundinn, að selja undirliggjandi eign*
C1	Hlutabréf og vísitölubundnir valréttir	Söluréttir með hlutabréf eða kauphallarvísitölur sem undirliggjandi
C2	Valréttir á skuldabréf	Söluréttir með skuldabréf eða önnur vaxtaháð verðbréf sem undirliggjandi
C3	Gjaldeyrisvalréttir	Söluréttir með gjaldeyri eða önnur gjaldmiðilsháð verðbréf sem undirliggjandi

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
C4	Áskriftarréttindi	Söluréttir sem veita handhafanum rétt til að selja hlutabréf af fyrirtækinu sem gefur þau út á tilteknu verði
C5	Hrávöruvalréttir	Söluréttir með hrávörur eða önnur hrávöruháð verðbréf sem undirliggjandi
C6	Skiptiréttir	Söluréttir sem veita eiganda þeirra rétt, en án skuldbindingar, til að gerast aðili að skortstöðu í undirliggjandi skiptasamningi, þ.e. gerast aðili að skiptasamningi þar sem eigandinn mun fá legginn með föstum vöxtum, og greiða legginn með fljótandi vöxtum
C7	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Söluréttir sem aðallega eru óvarðir fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu
C8	Dánaráhætta	Söluréttir sem aðallega eru óvarðir fyrir dánaráhættu
C9	Annað	Aðrir söluréttir, sem ekki eru flokkaðir undir flokkunum hér að ofan
D	*Skiptasamningar*	*Samningur þar sem mótaðilar skipta á tilteknum ávinningi af fjármálagerningi eins aðila fyrir ávinning af fjármálagerningi annars aðila, og ávinningurinn sem um ræðir ræðst af tegund viðkomandi fjármálagernings*
D1	Vaxtaskiptasamningar	Skiptasamningur sem skiptir út vaxtastreymi
D2	Gjaldeyrisskiptasamningar	Skiptasamningur sem skiptir út gjaldmiðli
D3	Vaxta- og gjaldeyrisskipta-samningar	Skiptasamningur sem skiptir út vaxta- og gjaldeyrisstreymi
D4	Heildarskiptasamningur	Skiptasamningur þar sem hliðin með vexti sem ekki eru breytilegir byggir á heildarávöxtun af hlutabréfi eða gerningi með fastri ávöxtun, með líftíma lengri en skiptasamningurinn
D5	Verðbréfaskiptasamningar	Skiptasamningur sem skiptir út verðbréfum
D7	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Skiptasamningar sem aðallega eru óvarðir fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu
D8	Dánaráhætta	Skiptasamningar sem aðallega eru óvarðir fyrir dánaráhættu
D9	Annað	Aðrir skiptasamningar, sem ekki eru flokkaðir undir flokkunum hér að ofan

Fyrstu tvær stöður – Eignir skráðar í		Skilgreining
Þriðja og fjórða staða – flokkur		Skilgreining
E	*Framvirkir samningar*	*Óstaðlaður samningur á milli tveggja aðila um að kaupa eða selja eign á tilteknum tímapunkti í framtíðinni á verði sem samið er um í dag*
E1	Framvirkur vaxtasamningur	Framvirkur samningur þar sem að jafnaði einn aðili greiðir fasta vexti, og fær breytilega vexti sem venjulega byggja á undirliggjandi vísitölustigi, á fyrirframskilgreindum degi
E2	Framvirkur gjaldeyrissamningur	Framvirkur samningur þar sem einn aðili greiðir fjárhæð í einum gjaldmiðli, og fær jafngilda fjárhæð í öðrum gjaldmiðli, sem fæst með því að umreikna samningsbundna gengið, á fyrirframskilgreindum degi
E7	Hamfara- og veðurfarsáhætta	Framvirkir samningar sem aðallega eru óvarðir fyrir hamfara- og veðurfarsáhættu
E8	Dánaráhætta	Framvirkir samningar sem aðallega eru óvarðir fyrir dánaráhættu
E9	Annað	Aðrir framvirkir samningar, sem ekki eru flokkaðir undir flokkunum hér að ofan
F	*Lánaafleiður*	*Afleiður þar sem verðgildið ræðst af útlánaáhættu undirliggjandi skuldabréfs, láns eða annarrar fjáreignar*
F1	Skuldatryggingar	Lánaafleiðuviðskipti þar sem tveir aðilar gera samning þar sem annar aðili greiðir hinum fasta reglubundna arðmiðavexti yfir tiltekinn líftíma samningsins og hinn aðilinn greiðir ekkert nema lánaatburður sem varðar fyrirframákveðna viðmiðunareign eigi sér stað
F2	Valréttur á skuldatryggingu	Lánaafleiða sem mun skila sjóðstreymi ef visst skuldatryggingarálag á milli tveggja tiltekinna eigna eða viðmiðunargilda breytist frá núverandi stigi
F3	Skiptasamningur um skuldatrygg-ingarálag	Skiptasamningur þar sem einn aðili greiðir fasta greiðslu til annars á uppgjörsdegi skiptasamningsins og síðarnefndi aðilinn greiðir þeim fyrri fjárhæð sem byggir á raunverulega skuldatryggingarálaginu
F4	Heildarskiptasamningur	Skiptasamningur þar sem hliðin með vexti sem ekki eru breytilegir byggir á heildarávöxtun af hlutabréfi eða gerningi með fastri ávöxtun, með líftíma lengri en skiptasamningurinn
F9	Annað	Aðrar lánaafleiður, sem ekki eru flokkaðar undir flokkunum hér að ofan

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/895 **2024/EES/93/02**

frá 4. apríl 2023

um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir birtingu upplýsinga frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum um skýrslu þeirra um eigið gjaldþol og fjárhagsstöðu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum fjórðu málsgrein 56. gr. og 5. mgr. 256. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 ([2]) eru tilgreind verklag, framsetning og sniðmát fyrir opinbera birtingu vátrygginga- og endurtryggingafélaga á skýrslu þeirra um eigið gjaldþol og fjárhagsstöðu, eins og um getur í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2) Birting upplýsinga er mikilvæg forsenda fyrir vernd vátryggingartaka. Samræming gagnaskila og krafna um upplýsingagjöf ætti að efla vernd vátryggingartaka sem og eftirlit sem byggir á áhættumati. Í því skyni ættu breytingar á upplýsingum yfir landamæri og öðrum sviðum í tengslum við uppfærslur á kröfunum um gagnaskil einnig að endurspeglast í kröfunum um upplýsingagjöf.

3) Til að bæta gæði, samanburðarhæfi og læsileika birtra upplýsinga ætti að uppfæra sniðmátin sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 sem varða gjaldþolskröfuna. Fyrir félög sem nota hlutalíkan eða eigið alhliða líkan til að reikna út gjaldþolskröfur sínar ætti í þessum uppfærðu sniðmátum að birta með ítarlegri hætti fjölþættingarábatann á milli aðgreindra áhættueininga.

4) Kröfur um upplýsingagjöf ættu ekki að vera óþarflega íþyngjandi fyrir félög. Í því skyni er nauðsynlegt að tilgreina hvernig kröfum um upplýsingagjöf skuli beitt á höflegan hátt án þess að tefla gæðum gagnanna sem félagið skal leggja fram í tvísýnu.

5) Til að tryggja að kröfurnar um upplýsingagjöf eigi áfram við og komið sé á framfæri upplýsingum af miklum gæðum til vátryggingartaka og annarra hagsmunaaðila er nauðsynlegt að endurskoða að verulegu leyti sniðmátin fyrir birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452. Í ljósi umfangs breytinga þykir rétt að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 úr gildi.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót með 37.gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 5.5.2023, bls. 1597. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 56.

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1285).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

8) Félög ættu að fá nægan tíma til að hrinda uppfærðu kröfunum um upplýsingagjöf í framkvæmd. Því ætti að fresta deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Snið fyrir opinbera birtingu

Þegar birtar eru upplýsingar í samræmi við þessa reglugerð skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög gefa upp tölur sem endurspegla fjárhæðir í þúsundum eininga.

2. gr.

Gagnaskilagjaldmiðill

1. Nema hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald geri kröfu um annað skal „gagnaskilagjaldmiðill“, að því er varðar þessa reglugerð, merkja eitthvert af eftirfarandi:

a) fyrir birtingu upplýsinga einstakra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga, gjaldmiðillinn sem notaður er við gerð reikningsskila þeirra,

b) fyrir birtingu upplýsinga samstæðu, gjaldmiðillinn sem notaður er við gerð samstæðureikningsskila.

2. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög skulu birta tölur sem endurspegla fjárhæðir í gagnaskilagjaldmiðlinum. Þau skulu umreikna alla aðra gjaldmiðla en gagnaskilagjaldmiðilinn yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn.

3. Þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélög gefa upp virðið á einhverri eign eða skuld sem gefin er upp í öðrum gjaldmiðli en gagnaskilagjaldmiðlinum skulu þau umreikna það virði yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn eins og umreikningurinn hafi átt sér stað við lokagengi síðasta dags sem viðkomandi gengi er tiltækt á reikningsskilatímabilinu sem eignin eða skuldin tengist.

4. Þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélög gefa upp virðið á einhverjum tekjum eða gjöldum í öðrum gjaldmiðli en gagnaskilagjaldmiðlinum skulu þau umreikna það virði yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn með því að nota sama grunn fyrir umreikning og þann sem notaður er vegna reikningsskila.

5. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög skulu framkvæma umreikninginn yfir í gagnaskilagjaldmiðilinn með því að beita genginu í sömu heimild og þeirri sem notuð er:

a) fyrir reikningsskil vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins þegar um er að ræða gagnaskil einstaks félags,

b) fyrir samstæðureikningsskil þegar um er að ræða gagnaskil samstæðu, nema eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað.

3. gr.

Sniðmát og leiðbeiningar fyrir birtingu skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu einstakra félaga

Einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, sem hluta af birtingu skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, birta opinberlega a.m.k. eftirfarandi upplýsingar með því að nota sniðmátin hér að neðan og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) sniðmát S.02.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar efnahagsreiknings með því að nota virðismatið í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

b) sniðmát S.04.05.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað eftir löndum, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.04.05 í II. viðauka við þessa reglugerð,

c) sniðmát S.05.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja vátryggingagrein eins og þær eru tilgreindar í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,

d) sniðmát S.12.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um vátryggingaskuld í líf- og heilsutryggingum sem stafræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (e. *health SLT*) fyrir hverja vátryggingagrein sem tilgreind er í I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.12.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

e) sniðmát S.17.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um vátryggingaskuld skaðatrygginga, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.17.01 í II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja vátryggingagrein eins og skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,

f) sniðmát S.19.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um skaðatryggingakröfur í formi þróunarþríhyrninga, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.19.01 í II. viðauka við þessa reglugerð fyrir skaðatryggingastarfsemina í heild,

g) sniðmát S.22.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um áhrifin af langtímaábyrgðum og umbreytingaráðstöfunum, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

h) sniðmát S.23.01.01 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþol, þ.m.t. kjarnagjaldþol og stuðningsgjaldþol, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

i) sniðmát S.25.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfuna sem reiknuð er út með því að nota staðalregluna, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

j) sniðmát S.25.05.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfuna sem reiknuð er út með því að nota hlutalíkan eða eigið alhliða líkan, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.05 í II. viðauka við þessa reglugerð,

k) sniðmát S.28.01.01 í I. viðauka, sem tilgreinir kröfuna um lágmarksfjármagn fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem leggja eingöngu stund á líftryggingar eða eingöngu skaðatryggingar eða skaðaendurtryggingastarfsemi, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,

l) sniðmát S.28.02.01 í I. viðauka, sem tilgreinir kröfuna um lágmarksfjármagn fyrir vátryggingafélög sem leggja stund á bæði líf- og skaðatryggingastarfsemi, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.02 í II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Sniðmát og leiðbeiningar fyrir birtingu skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðna

Hluteignarfélög sem eru vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu, sem hluta af birtingu skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar, birta opinberlega a.m.k. eftirfarandi upplýsingar með því að nota sniðmátin hér að neðan og fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

a) þegar samstæðan, fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar, notar aðferð 1 eins og skilgreind er í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annaðhvort einvörðungu eða ásamt með aðferð 2 eins og skilgreind er í 233. gr. þeirrar tilskipunar, sniðmát S.02.01.02 í I. viðauka við þessa reglugerð, sem tilgreinir upplýsingar um efnahagsreikning með því að nota virðismatsaðferðina sem um getur í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í III. viðauka við þessa reglugerð,

C0150/R0530	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – lágmark fyrir ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Það er reiknað út sem 25% af ígildi gjaldþolskröfu líftrygginga að meðtöldu viðbótargjaldþoli líftryggingar, í samræmi við 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0140/R0540	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – samsett ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Það er reiknað út í samræmi við 3. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0150/R0540	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – samsett ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftryggingastarfsemi	Það er reiknað út í samræmi við 8. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0140/R0550	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – algjört lágmark fyrir ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaðatryggingastarfsemi	Þetta er fjárhæðin sem skilgreind er í i. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0150/R0560	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – algjört lágmark fyrir ígildi kröfu um lágmarks-fjármagn – líftryggingastarfsemi	Þetta er fjárhæðin sem skilgreind er í ii. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
C0140/R0560	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – skaða-tryggingastarfsemi	Þetta er ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaðatrygginga, reiknað út í samræmi við 2. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0150/R0560	Útreikningur á ígildi kröfu um lágmarksfjármagn skaða- og líftrygginga – ígildi kröfu um lágmarksfjármagn – líftrygg-ingastarfsemi	Þetta er ígildi kröfu um lágmarksfjármagn líftrygginga, reiknað út í samræmi við 7. mgr. 252. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

III. VIÐAUKI

Leiðbeiningar fyrir sniðmátin fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðna

Í þessum viðauka er leiðbeiningar í tengslum við sniðmátin í I. viðauka. Fyrsti dálkur taflanna tilgreinir liðina sem birta á með því að tilgreina dálkana og línurnar eins og sýnt er í sniðmátinu í I. viðauka.

Vísað er til sniðmáta sem fylla á út, í samræmi við leiðbeiningarnar í mismunandi þáttum þessa viðauka, sem „þetta sniðmát“ í texta sniðmátsins.

S.02.01 – Efnahagsreikningur

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega birtingu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við þegar aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum) er notuð, annað hvort einvörðungu eða saman með aðferð 2 (frádráttar- og samlagningaraðferð). Eignarhluti í tengdum félögum, sem ekki er steypt saman röð fyrir röð í samræmi við a-, b- eða c-lið 1. mgr. 335. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þ.m.t. eignarhlutina í tengdum félögum sem teknir eru með í aðferð 2 þegar samsetning aðferða er notuð, skal taka með í liðnum „Eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir“.

Fylla skal út í dálkinn „Virði samkvæmt Gjaldþolsáætlun II“ (C0010) með því að nota matsregluna sem sett er fram í tilskipun 2009/138/EB, framseldri reglugerð (ESB) 2015/35, og tæknilegum stöðlum og viðmiðunarreglum Gjaldþolsáætlunar II.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Eignir		
C0010/R0030	Óefnislegar eignir	Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild. Auðgreinanleg óþeningaleg eign án efnislegs forms.
C0010/R0040	Frestuð skattinneign	Frestuð skattinneign er fjárhæðin á tekjuskatti sem endurheimtanlegur er á síðari tímabilum, að því er varðar: a) frádráttarbæran, tímabundinn mismun, b) yfirfærslu á ónotuðu skattalegu tapi, eða c) yfirfærslu á ónotuðum skattaafslætti.
C0010/R0050	Umframlífeyrir	Þetta er hreinn heildarumframlífeyrir sem tengist starfsmanna-lífeyriskerfi.
C0010/R0060	Varanlegir rekstrarfjármunir til eigin nota	Efnislegar eignir sem ætlaðar eru til varanlegrar notkunar og fasteign í eigu samstæðunnar til eigin nota. Þar með talið fasteign í byggingu til eigin nota.
C0010/R0070	Fjárfestingar (aðrar en eignir sem haldið er fyrir söfnunarlíftrygg-ingasamninga)	Þetta eru heildarfjárfestingarnar, án eigna sem haldið er fyrir söfnunar-líftryggingasamninga.
C0010/R0080	Fasteign (aðrar en til eigin nota)	Fjárhæð fyrir fasteignina, aðra en til eigin nota. Þar með talið fasteign í byggingu, önnur en til eigin nota.
C0010/R0090	Eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir	Hlutdeildir eins og skilgreindar eru í 20. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og hlutdeildir í tengdum félögum eins og skilgreindar í b-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
		Þegar hlutar eignanna er varða hlutdeild og tengd félög vísa til söfnunarlíftryggingasamninga, skulu þessir hlutar birtir í „Eignir sem haldið er fyrir söfnunarlíftryggingasamninga“ í C0010/R0220. Hlutdeildir og eignarhlutir í tengdum félögum á samstæðustigi ná yfir: — eignarhluti í tengdum, þó ekki dótturfélögum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði eins og lýst er í d-lið 1. mgr. 335. gr. framseld reglugerðar (ESB) 2015/35 — eignarhluti í tengdum félögum í öðrum fjármálageira eins og lýst er í e-lið 1. mgr. 335. gr. framseld reglugerðar (ESB) 2015/35 — öðrum tengdum félögum eins og lýst er í f-lið 1. mgr. 335. gr. framseld reglugerðar (ESB) 2015/35 — vátrygginga- eða endurtryggingafélögum, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði sem tekin eru með frádráttar- og samlagningaraðferðinni (þegar samsetning aðferða er notuð).
C0010/R0100	Hlutabréf	Þetta er heildarfjárhæðin í hlutabréfum, skráðum og óskráðum.
C0010/R0110	Hlutabréf – skráð	Hlutabréf sem standa fyrir fjármagn fyrirtækis, t.d. eignarhald í fyrirtæki, sem viðskipti eru með á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eins og tilgreint er í tilskipun 2010/65/ESB. Undanskilið skráðum hlutabréfum skulu vera eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir.
C0010/R0120	Hlutabréf – óskráð	Hlutabréf sem standa fyrir fjármagn fyrirtækis, t.d. eignarhald í fyrirtæki, sem viðskipti eru ekki með skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eins og tilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB. Undanskilið óskráðum hlutabréfum skulu vera eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir.
C0010/R0130	Skuldabréf	Þetta er heildarfjárhæðin í ríkisskuldabréfum, fyrirtækjaskuldabréfum, samsettum skuldaviðurkenningum og veðtryggðum verðbréfum.
C0010/R0140	Ríkisskuldabréf	Skuldabréf útgefin af opinberum yfirvöldum, hvort heldur ríkisstjórnum, yfirþjóðlegum ríkisstofnunum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum og skuldabréf sem að fullu, óskilyrt og óafturkallanlega eru tryggð af Seðlabanka Evrópu, ríkisstjórnum og seðlabönkum aðildarríkja, fjölþjóðlegum þróunarbönkum eins og um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]), eða alþjóðastofnunum eins og um getur í 118. gr. þeirrar reglugerðar, héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum sem skráð eru í 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 ([2]), þegar tryggingin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 215. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0150	Fyrirtækjaskuldabréf	Skuldabréf útgefin af fyrirtækjum.
C0010/R0160	Samsettar skuldaviðurkenningar	Blönduð verðbréf, samsetning gerninga með fasta ávöxtun (ávöxtun í formi fastra greiðslna) við röð afleiðuþátta. Undanskilið frá þessum flokki eru verðbréf með fastri ávöxtun sem gefin eru út af ríkisstjórnum. Á við um verðbréf sem einhverjir flokkar afleiða eru hluti af, þ.m.t. skuldatryggingar (CDS), skiptasamningar með fastan líftíma (CMS), skuldatryggingavalréttir (CDOp).
C0010/R0170	Veðtryggð verðbréf	Verðbréf þar sem virði og greiðslur eru leidd út frá undirliggjandi eignasafni, þ.m.t. eignatryggð verðbréf (ABS), verðbréf tryggð með fasteignaveði (MBS), verðbréf tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (CMBS), skuldavafningar (CDO), lánavafningar (CLO), fasteignaveðsvafningar (CMO)
C0010/R0180	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	Sjóður um sameiginlega fjárfestingu: Verðbréfasjóður (UCITS), eins og skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([3]) eða sérhæfður sjóður (AIF), eins og skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([4]).
C0010/R0190	Afleiður	Fjármálagerningur eða annar samningur sem ber öll þrjú eftirfarandi einkenni: a) virði hans í ljósi breytinga á tilgreindum vöxtum, verði fjármálagernings, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum (stundum kallað „undirliggjandi breyta“). b) hann krefst ekki hreinnar upphafsfjárfestingar eða hreinnar upphafsfjárfestingar sem er minni en krafa væri gerð um vegna annarra samningstegunda sem gera mætti ráð fyrir að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum, c) uppgjörsdagsetning hans er í framtíðinni. Gjaldþolsáætlun II - virði afleiðunnar á reikningsskiladeginum, eingöngu ef það er jákvætt, er birt hér (í tilviki neikvæðs virðis, sjá C0010/R0790).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0200	Innstæður, aðrar en ígildi handbærs fjár	Innstæður, aðrar en ígildi handbærs fjár, sem ekki er hægt að nota til greiðslu fyrir tiltekinn gjalddaga og ekki eru skiptanlegar fyrir gjaldeyri eða framseljanlegar innstæður án neinna verulegra takmarkana eða sekta.
C0010/R0210	Aðrar fjárfestingar	Aðrar fjárfestingar sem ekki er þegar fjallað um innan fjárfestinga hér að ofan á milli R0070 og R0200.
C0010/R0220	Eignir sem haldið er fyrir söfnunarlíftryggingasamninga	Eignir sem haldið er fyrir söfnunarlíftryggingasamninga (flokkaðar á vátryggingagrein 31, eins og tilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35).
C0010/R0230	Lán og veðlán	Þetta er heildarfjárhæðin í lánum og veðlánum, þ.e. fjáreignir sem verða til þegar félög lána fjármuni, annað hvort með eða án tryggingar, þ.m.t. reiðufjársöfn.
C0010/R0240	Lán gegn tryggingum	Lán sem veitt eru til vátryggingataka, veðsett gegn tryggingum (undirliggjandi vátryggingaskuld).
C0010/R0250	Lán og veðlán til einstaklinga	Fjáreignir sem verða til þegar lánveitendur lána fjármuni til lántaka – einstaklinga, gegn veði eða ekki, þ.m.t. reiðufjársöfn.
C0010/R0260	Önnur lán og veðlán	Fjáreignir sem verða til þegar lánveitendur lána fjármuni til lántaka – annarra, sem ekki flokkast í lið R0240 eða R0250, gegn veði eða ekki, þ.m.t. reiðufjársöfn.
C0010/R0270	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum frá:	Þetta er heildarfjárhæðin í endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum. Hún samsvarar fjárhæðinni á hlutdeild endurtryggjanda í vátryggingaskuld (þ.m.t. takmörkuð endurtrygging og félag með sérstakan tilgang). Þessi reitur inniheldur sérstaklega allar væntar greiðslur frá endurtryggjendum til félagsins (eða öfugt) sem samsvara greiðslum sem félagið hefur enn ekki greitt vátryggingartökum (eða vátryggingartakar félaginu). Allar væntar tekjur frá endurtryggjendum til félagsins (eða öfugt) sem samsvara greiðslum sem félagið hefur þegar innt af hendi til vátryggingartaka (eða vátryggingartakar til félagsins) ættu að vera teknar með í endurtryggingakröfur (eða endurtryggingaskuldir).
C0010/R0280	Skaðatrygging og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna skaðatrygginga og heilsutrygginga, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.
C0010/R0290	Skaðatrygging, án heilsutrygginga	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna skaðatryggingastarfsemi, að undanskilinni vátryggingaskuld vegna heilsutrygginga, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.
C0010/R0300	Heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna heilsutrygginga, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.
C0010/R0310	Líftrygging og heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna líftrygginga og heilsutrygginga, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0320	Heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna heilsutrygginga, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.
C0010/R0330	Líftrygging, án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna líftryggingastarfsemi, án vátryggingaskuldar vegna heilsutrygginga, sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, og vátryggingaskuld vegna söfnunarlíftrygginga.
C0010/R0340	Líftrygging, söfnunarlíftrygging	Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum að því er varðar vátryggingaskuld vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi.
C0010/R0350	Innlán tengd endurtryggingatökum	Innstæður sem tengjast seldri endurtryggingu.
C0010/R0360	Viðskiptakröfur vegna trygginga og miðlara	Fjárhæðir sem vátryggingatakar, vátryggjendur og aðrir aðilar tengdir vátryggingastarfsemi greiða, sem ekki eru innifaldar í vátryggingaskuld. Þær skulu ná yfir viðskiptakröfur vegna seldra endurtrygginga.
C0010/R0370	Viðskiptakröfur vegna endurtrygginga	Þessi reitur inniheldur allar væntar greiðslur (á gjalddaga og komnar fram yfir gjalddaga) frá endurtryggjendum, sem tengjast endurtryggingastarfsemi, til félagsins, sem ekki eru teknar með í endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum. Ekki ætti að taka þessar væntu greiðslur með í liðinn „Aðrar eignir, sem ekki eru færðar annars staðar“. Í þessum reit ætti sérstaklega að taka tillit til allra væntra greiðslna frá endurtryggjendum til félagsins sem samsvara greiðslum félagsins til vátryggingartakanna. Hann inniheldur einnig allar væntar greiðslur (á gjalddaga og komnar fram yfir gjalddaga) frá endurtryggjendum í tengslum við annað en tryggingaatburði eða þá sem samkomulag er um á milli félags endurtryggingatakans og endurtryggjandans og þegar fjárhæðin á væntu greiðslunni er þekkt.
C0010/R0380	Viðskiptakröfur (vegna viðskipta, ekki trygginga)	Ná yfir fjárhæðir viðskiptakrafna vegna starfsmanna eða ýmsra viðskiptafélaga (ekki tryggingatengdra), þ.m.t. opinberra aðila.
C0010/R0390	Eigin hlutabréf (í beinni eigu)	Þetta er heildarfjárhæðin á eigin hlutabréfum í beinni eigu samstæðunnar.
C0010/R0400	Gjaldfallnar fjárhæðir að því er varðar gjaldþolsliði eða stofnfé, innkallaðar en ekki enn þá greiddar	Virði gjaldfallinnar fjárhæðar að því er varðar gjaldþolsliði eða stofnfé, innkallaðrar en ekki enn þá greiddrar.
C0010/R0410	Handbært fé og ígildi þess	Seðlar og mynt í umferð sem eru almennt notuð til greiðslna, og innstæður sem skiptanlegar eru fyrir gjaldeyri á nafnverði þegar krafist er og sem hægt er að nota beint til að greiða með ávísun, víxli, gíró, beinni greiðslu/skuldfærslu, eða öðru formi beingreiðslu, án viðurlaga eða takmarkana. Ekki skal skuldajafna bankareikninga, þannig að eingöngu skal viðurkenna jákvæða reikninga í þessum lið og sýna yfirdráttarlán í banka á skuldahlið, nema til staðar séu bæði lagalegur réttur til jöfnunar og hægt að sýna fram á áform um uppgjör.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0420	Aðrar eignir, sem ekki eru færðar annars staðar	Þetta er fjárhæð sérhverra annarra eigna sem ekki eru þegar teknar með öðrum liðum efnahagsreikningsins.
C0010/R0500	Heildareignir	Þetta er heildarfjárhæðin á öllum eignum.
Skuldbindingar		
C0010/R0510	Vátryggingaskuld – skaðatrygging	Samtala vátryggingaskuldarinnar vegna skaðatryggingar. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0520	Vátryggingaskuld – skaðatryggingar (án heilsutrygginga)	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna skaðatryggingastarfsemi (án heilsutrygginga). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0530	Vátryggingaskuld – skaðatrygging (án heilsutrygginga) – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) fyrir skaðatryggingastarfsemi (án heilsutrygginga). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0540	Vátryggingaskuld – skaðatrygging (án heilsutrygginga) – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna skaðatryggingastarfsemi (án heilsutrygginga). Birta skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0550	Vátryggingaskuld – skaðatrygging (án heilsutrygginga) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna skaðatryggingastarfsemi (án heilsutrygginga). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0560	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging)	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna heilsutrygginga (sem starfræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0570	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging) – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) fyrir heilsutryggingu (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0580	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging) – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging). Birta skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0590	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0600	Vátryggingaskuld – líftrygging (án söfnunarlíftrygginga)	Samtala vátryggingaskuldarinnar vegna líftrygginga (án söfnunarlíftrygginga). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0610	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging)	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0620	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) fyrir heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0630	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Birta skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0640	Vátryggingaskuld – heilsutrygging (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna heilsutryggingastarfsemi (sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0650	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunar-líftrygginga)	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga) Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0660	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunar-líftrygginga) – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) fyrir líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0670	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunar-líftrygginga) – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga). Birta skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0680	Vátryggingaskuld – líftrygging (án heilsutrygginga og söfnunar-líftrygginga) – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna líftryggingastarfsemi (án heilsutrygginga og söfnunarlíftrygginga). Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0690	Vátryggingaskuld – söfnunar-líftrygging	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar vegna söfnunarlíftrygginga-starfsemi. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0700	Vátryggingaskuld – söfnunar-líftrygging – vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	Þetta er heildarfjárhæð vátryggingaskuldar, reiknuð út sem heild (eignasafn sem hægt er að endurgera/verja) vegna söfnunarlíftrygginga-starfsemi. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0710	Vátryggingaskuld – söfnunar-líftrygging – besta mat	Þetta er heildarfjárhæðin á besta mati vátryggingaskuldar vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi. Birta skal besta mat án frádráttar endurtryggingar. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0720	Vátryggingaskuld – söfnunar-líftrygging – áhættuálag	Þetta er heildarfjárhæðin á áhættuálagi vátryggingaskuldar vegna söfnunarlíftryggingastarfsemi. Þessi fjárhæð inniheldur skiptinguna frá umbreytingarfrádrættinum á vátryggingaskuld í samræmi við aðferðafræðina sem byggir á framlögum sem notuð er í þeim tilgangi að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn (MCR).
C0010/R0740	Skilyrtar skuldir	Skilyrt skuld er: a) möguleg skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum og sem eingöngu verður staðfest að sé til staðar ef einn eða fleiri óvissir framtíðar atburðir, sem ekki eru að fullu á valdi einingarinnar, eiga sér stað eða eiga sér ekki stað, eða b) núverandi skuldbinding sem stafar frá liðnum atburðum jafnvel þótt: i. ekki sé líklegt að krafist verði útstreymis efnahagslegs ávinnings til að gera upp skuldbindinguna, eða ii. fjárhæð skuldbindingarinnar verður ekki mæld með nægjanlegri vissu. Fjárhæð skilyrtar skuldir sem færð er í efnahagsreikninginn ætti að fylgja viðmiðuninni sem sett er fram í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
C0010/R0750	Aðrar skuldir en vátrygginga-skuld	Skuldbindingar með óvissan greiðslutíma eða óvissa fjárhæð, að undanskildum þeim sem gefnar eru upp undir „Lífeyrisskuldbindingar“. Vátryggingaskuldin er viðurkennd sem skuldir (að því gefnu hægt sé að meta þær með áreiðanlegum hætti) þegar þær standa fyrir skuldbindingar og líklegt er að krafist verði útstreymis efnahagslegs ávinnings til að gera upp skuldbindingarnar.
C0010/R0760	Lífeyrisskuldbindingar	Þetta eru hreinar heildarskuldbindingar sem tengist starfsmanna-lífeyriskerfi.
C0010/R0770	Innstæður frá endurtryggjendum	Fjárhæðir (t.d. reiðufé) sem mótteknar eru frá endurtryggjanda eða endurtryggjandinn dregur frá í samræmi við endurtryggingasamninginn.
C0010/R0780	Frestaðar skattskuldbindingar	Frestaðar skattskuldbindingar eru fjárhæðir tekjuskatts sem greiðast á síðari tímabilum að því er varðar tímabundinn mismun á skattskyldu.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0790	Afleiður	Fjármálagerningur eða annar samningur sem ber öll þrjú eftirfarandi einkenni: a) virði hans í ljósi breytinga á tilgreindum vöxtum, verði fjármálagernings, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, verð- eða vaxtavísitölu, lánshæfismati eða lánskjaravísitölu eða annarri breytu, að því tilskildu, ef um ófjárhagslega breytu er að ræða, að breytan eigi ekki sérstaklega við um aðila að samningnum (stundum kallað „undirliggjandi breyta“). b) hann krefst ekki hreinnar upphafsfjárfestingar eða hreinnar upphafsfjárfestingar sem er minni en krafa væri gerð um vegna annarra samningstegunda sem gera mætti ráð fyrir að hefðu sambærilega svörun gagnvart breytingum á markaðsþáttum, c) uppgjörsdagsetning hans er í framtíðinni. Eingöngu skal birta afleiðuskuldir í þessari línu (þ.e. afleiður með neikvætt virði á reikningsskiladeginum). Afleiðueignir skulu birtar undir C0010/R0190. Félög sem verðsetja ekki afleiður samkvæmt landsbundnum góðum reikningsskilavenjum (GAAP) þeirra þurfa ekki að setja fram virði í reikningsskilum sínum.
C0010/R0800	Skuldir til lánastofnana	Skuldir, þ.m.t. veðlán og lán, til lánastofnana, að undanskildum skuldabréfum í eigu lánastofnana (þar sem ekki er mögulegt fyrir samstæðuna að auðkenna alla eigendur skuldabréfanna sem hún gefur út) og víkjandi skuldir. Þetta nær einnig yfir yfirdráttarlán í banka.
C0010/R0810	Fjárskuldbindingar, aðrar en skuldir til lánastofnana	Fjárskuldbindingar að meðtöldum skuldabréfum, útgefnum af samstæðunni (hvort heldur í eigu lánastofnana eða ekki), samsettar skuldaviðurkenningar sem samstæðan gefur sjálft út og veðlán og lán til annarra eininga en lánastofnana. Ekki skal taka með víkjandi skuldir hér.
C0010/R0820	Tryggingaskuldir og skuldir vegna miðlara	Fjárhæðir til greiðslu til vátryggingataka, vátryggjenda og annarrar starfsemi sem tengd er vátryggingum, sem ekki eru innifaldar í vátryggingaskuld. Þar með taldar eru fjárhæðir til greiðslu til (endur)vátryggingamiðlara (t.d. umboðslaun sem samstæðan hefur enn ekki greitt miðlurum). Undanskilin eru lán og veðlán til annarra vátryggingafélaga, ef þessi lán og veðlán tengjast eingöngu fjármögnun og eru ekki tengd tryggingastarfsemi (slík lán og veðlán skal birta sem fjárskuldbindingar). Þau skulu ná yfir skuldir vegna seldrar endurtryggingar.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0830	Endurtryggingaskuldir	Fjárhæðir til greiðslu til endurtryggjenda (einkum hlaupareikningar) aðrar en innstæður tengdar endurtryggingarstarfsemi sem ekki eru teknar með í endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum, þ.m.t. til greiðslu frá félaginu til endurtryggjenda í tengslum við annað en vátryggingaatburði. Að meðtöldum skuldum til endurtryggjenda sem tengjast afsöluðum iðgjöldum. Þessi reitur inniheldur allar væntar greiðslur (á gjalddaga og komnar fram yfir gjalddaga) frá félaginu til endurtryggjenda sem ekki eru teknar með í endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum. Ekki ætti að taka þær með í liðinn „Aðrar skuldir, sem ekki eru færðar annars staðar“. Í þessum reit skal sérstaklega taka tillit til væntra greiðslna frá félaginu til endurtryggjenda sem samsvara greiðslum vátryggingartakanna til félagsins. Hann inniheldur einnig allar væntar greiðslur (á gjalddaga og komnar fram yfir gjalddaga) til endurtryggjenda í tengslum við annað en tryggingaatburði eða þá sem samkomulag er um á milli endur-tryggingataka og endurtryggjanda og þegar fjárhæðin á væntu greiðsl-unni er þekkt.
C0010/R0840	Skuldir (vegna viðskipta, ekki trygginga)	Þetta er heildarfjárhæðin í viðskiptaskuldum, þ.m.t. fjárhæðum til starfsmanna, birgja o.s.frv. sem ekki er tryggingatengd, hliðstæð viðskiptakröfum (vegna viðskipta, ekki trygginga) á eignahlið, auk opinberra aðila.
C0010/R0850	Víkjandi skuldbindingar	Víkjandi skuldir eru skuldir sem skipað á eftir öðrum tilteknum skuldum þegar útgefandinn er gerður upp. Þetta eru víkjandi skuldir alls, flokkaðar sem kjarnagjaldþol og þær sem ekki eru teknar með í kjarnagjaldþol.
C0010/R0860	Víkjandi skuldir sem ekki eru í kjarnagjaldþoli	Víkjandi skuldir eru skuldir sem skipað á eftir öðrum tilteknum skuldum þegar útgefandinn er gerður upp. Aðrar skuldir geta verið jafnvel enn meira víkjandi. Eingöngu ætti að setja fram hér víkjandi skuldir sem ekki eru flokkaðar í kjarnagjaldþol.
C0010/R0870	Víkjandi skuldir í kjarnagjaldþoli	Víkjandi skuldir flokkaðar í kjarnagjaldþol
C0010/R0880	Sérhverjar aðrar skuldir, sem ekki eru færðar annars staðar	Þetta er heildarfjárhæðin á öllum öðrum skuldum, sem ekki eru þegar teknar með öðrum liðum efnahagsreikningsins.
C0010/R0900	Skuldir samtals	Þetta er samanlögð heildarfjárhæð allra skulda.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R1000	Eignir umfram skuldir	Þetta er heildarfjárhæðin á eignum umfram skuldum samstæðunnar, verðsettar í samræmi við matsgrundvöll Gjaldþolsáætlunar II. Virði eigna að frádregnum skuldum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).
([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2011 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórninni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 3).
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).
([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

S.05.01 – Iðgjöld, tjón og rekstrarkostnaður eftir vátryggingagrein

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega birtingu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát skal lagt fram út frá sjónarhóli reikningsskila, þ.e.: Landsbundinna góðra reikningsskilavenja (GAAP) eða alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS), ef þeir eru samþykktir sem landsbundnar góðar reikningsskilavenjur, en með því að nota atvinnugreinar samkvæmt Gjaldþolsáætlun II. Félög skulu nota greininga- og matsgrundvöllinn sem notaður er fyrir birtu reikningsskilin, engra nýrra færslna eða endurmats er krafist nema annað sé tekið fram í þessum leiðbeiningum, að undanskilinni flokkuninni á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga eða mismunandi gagnaskilakrafna þegar það á við í reikningsskilunum. Þetta sniðmát skal ná yfir allan vátryggingarekstur án tillits til mögulegrar ólíkrar flokkunar á milli fjárfestingasamninga og vátryggingasamninga í reikningsskilunum.

Þetta sniðmát nær eingöngu yfir vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi innan gildissviðs samstæðureikningsskila.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu birta bókfærð iðgjöld tímabilsins eins og skilgreint er í 11. og 12. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 án tillits til þess hvort landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru notuð.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
Skaðatrygginga- og skaðaendur-tryggingaskuld-bindingar		
C0010 til C0120/R0110	Bókfærð iðgjöld – verg – frum-tryggingastarfsemi	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjár-hæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá frumtryggingastarfsemi, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á með iðgjöldum ætti að undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0120/R0120	Bókfærð iðgjöld – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjár-hæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá seldri hlutfallslegri endurtryggingastarfsemi, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á með iðgjöldum ætti að undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0130 til C0160/R0130	Bókfærð iðgjöld – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá seldri óhlutfallslegri endurtryggingastarfsemi, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0160/R0140	Bókfærð iðgjöld – hlutdeild endurtryggjenda	Skilgreining á bókfærðum iðgjöldum sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um við beitingu tilskipunar 91/674/EBE: Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum fjárhæðum sem afsalað er til endurtryggjenda innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0010 til C0160/R0200	Bókfærð iðgjöld – hrein	Hrein bókfærð iðgjöld endurspegla samtölunni á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0010 til C0120/R0210	Iðgjöld tímabilsins – verg – frumtryggingastarfsemi	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi.
C0010 til C0120/R0220	Iðgjöld tímabilsins – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast seldri hlutfallslegri endurtryggingastarfsemi.
C0130 til C0160/R0230	Iðgjöld tímabilsins – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast seldri óhlutfallslegri endurtryggingastarfsemi.
C0010 til C0160/R0240	Iðgjöld tímabilsins – hlutdeild endurtryggjenda	Samtalan á hlutdeild endurtryggjanda í vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í hlutdeild endurtryggjandans í vátryggingar-sjóði fyrir iðgjaldaskuldir.
C0010 til C0160/R0300	Iðgjöld tímabilsins – hrein	Samtalan á vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingasjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast samtölunni á frumtryggingastafsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0010 til C0120/R0310	Gjaldfærð tjón – verg – frumtryggingastarfsemi	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, um getur í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjár-hagsársins (í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem notuð eru) sem tengjast vátrygginga-samningum sem stafa frá frumtryggingastarfsemi. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0010 til C0120/R0320	Gjaldfærð tjón – verg – seld hlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, um getur í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem notuð eru) sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá vergri seldri hlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0130 til C0160/R0330	Gjaldfærð tjón – verg – seld óhlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, um getur í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem notuð eru) sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá vergri seldri óhlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0340	Gjaldfærð tjón – hlutdeild endurtryggjenda	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Hlutdeild endurtryggjanda í samtölunni á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (samkvæmt landsbundnum góðum reikningsskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru). Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0400	Gjaldfærð tjón – hrein	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (samkvæmt landsbundnum góðum reikningsskilavenjum eða alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem notuð eru) sem tengjast samtölu frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0010 til C0160/R0550	Útgjöld sem stofnað er til	Öll vátryggingatengd útgjöld sem samstæðan stofnar til innan reikningsskilatímabilsins, á rekstrargrunni.
C0200/R0110–R0550	Samtals	Samtala fyrir mismunandi liði fyrir allar vátryggingagreinar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0200/R1200	Reikningsstaða – önnur vátryggingatengd útgjöld/tekjur	Hrein vátryggingatengd útgjöld/tekjur sem framangreind útgjöld/tekjur ná ekki yfir og lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga. Öðrum vátryggingatengdum útgjöldum/tekjum er ekki skipt eftir vátryggingagreinum. Ættu ekki að innihalda breytingar á annarri vátryggingaskuld og útgjöld/tekjur sem ekki eru vátryggingatengd, eins og skatt, vaxtakostnað, sölutap, o.s.frv. Fjárhæðina fyrir hrein vátryggingatengd útgjöld/tekjur skal tilgreina sem neikvæða ef fjárhæðin fyrir vátryggingatengdar tekjur er hærri en fjárhæðin fyrir vátryggingatengd útgjöld.
C0200/R1300	Heildarútgjöld	Fjárhæð allra vátryggingatengdra útgjalda
Líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar		
C0210 til C0280/R1410	Bókfærð iðgjöld – verg	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, sem stafa frá vergri tryggingastarfsemi, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum. Innihalda bæði frumtryggingastafsemi og endurtryggingastarfsemi.
C0210 til C0280/R1420	Bókfærð iðgjöld – hlutdeild endurtryggjenda	Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllnum fjárhæðum sem afsalað er til endurtryggjenda innan fjárhagsársins að því er varðar vátryggingasamninga, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári. Skatta eða gjöld sem lögð eru á ásamt með iðgjöldum skal undanskilja frá bókfærðu iðgjöldunum.
C0210 til C0280/R1500	Bókfærð iðgjöld – hrein	Hrein bókfærð iðgjöld endurspegla samtölunni á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0210 til C0280/R1510	Iðgjöld tímabilsins – verg – frumtryggingastarfsemi og seld endurtrygging	Samtalan á vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingarsjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi.
C0210 til C0280/R1520	Iðgjöld tímabilsins – hlutdeild endurtryggjenda	Hlutdeild endurtryggjandans í vergum bókfærðum iðgjöldum að frádreginni breytingunni í hlutdeild endurtryggjandans í vátryggingarsjóði fyrir iðgjaldaskuldir.
C0210 til C0280/R1600	Iðgjöld tímabilsins – hrein	Samtalan á vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í verga vátryggingasjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast samtölunni á frumtryggingastafsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0210 til C0280/R1610	Gjaldfærð tjón – verg – frumtryggingastarfsemi og seld endurtrygging	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og um getur í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem notuð eru) sem tengjast vátryggingasamningum sem stafa frá frumtrygginga- og endurtryggingastarfsemi. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0210 til C0280/R1620	Gjaldfærð tjón – hlutdeild endurtryggjenda	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og um getur í tilskipun 91/674/EBE: Hlutdeild endurtryggjanda í samtölunni á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem notuð eru). Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0210 til C0280/R1700	Gjaldfærð tjón – hrein	Gjaldfærð tjón á gagnaskilatímabilinu eins og um getur í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur innan fjárhagsársins (í samræmi við landsbundnar góðar reikningsskilavenjur eða alþjóðlega reikningsskilastaðla sem notuð eru) sem tengjast samtölu frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga. Undanskilja skal kostnað við tjónauppgjör og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við tjónauppgjör.
C0210 til C0280/R1900	Útgjöld sem stofnað er til	Öll vátryggingatengd útgjöld sem samstæðan stofnar til á reikningsskilatímabilinu, á rekstrargrunni.
C0300/ R1410–R1900	Samtals	Samtala fyrir mismunandi liði fyrir allar vátryggingagreinar, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35.
C0300/R2500	Reikningsstaða – önnur vátryggingatengd útgjöld/tekjur	Hrein vátryggingatengd útgjöld/tekjur sem framangreind útgjöld/tekjur ná ekki yfir og lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga. Öðrum vátryggingatengdum útgjöldum/tekjum er ekki skipt eftir vátryggingagreinum. Ættu ekki að innihalda breytingar á annarri vátryggingaskuld og útgjöld/tekjur sem ekki eru vátryggingatengd, eins og skatt, vaxtakostnað, sölutap, o.s.frv. Fjárhæðina fyrir hrein vátryggingatengd útgjöld/tekjur skal tilgreina sem neikvæða ef fjárhæðin fyrir vátryggingatengdar tekjur er hærri en fjárhæðin fyrir vátryggingatengd útgjöld.
C0300/R2600	Heildarútgjöld	Fjárhæð allra vátryggingatengdra útgjalda

	LIÐUR	LEIÐBEININGAR
C0210 til C0280/R2700	Heildarfjárhæð endurkaupa	Þessi fjárhæð stendur fyrir heildarfjárhæðina á endurkaupum á árinu. Þessi fjárhæð er einnig birt undir gjaldfærð tjón (liður R1610).

S.05.02 – Iðgjöld, tjón og rekstrarkostnaður eftir löndum

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega birtingu upplýsinga fyrir samstæður. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði eru ekki krafin um að birta sniðmát S.05.02.01 í I. viðauka, ef heimaríkið stendur fyrir 90% eða meira af vergum bókfærðum heildariðgjöldum.

